Alþingi 1927.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1927, miðvikudaginn 9. febrúar, var þrítugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta aðalþing í röðinni, en fimtugasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Sjera Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur steig í stólinn og lagði út af Sálm. 118,26.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Magnús Kristjánsson, 4. landsk. þm.
5. Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm.
6. Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakosnir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
4. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Björn Líndal, þm. Ak.
7. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
8. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
9. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
10. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
11. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
12. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
13. Hjeðinn Valdimarsson, 4. þm. Reykv.

14. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
15. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
16. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
17. Jón Guðnason, þm. Dal.
18. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
19. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
22. Klemens Jónsson, 1. þm. Rang.
23. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
24. Magnús Jónsson, 2. þm. Reykv.
25. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
26. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
27. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
28. Pjetur Þórðarson, þm. Mýr.
29. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
30. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
31. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf. var fjarstaddur vegna sjúkleika.

Ókomnir voru til þings:

1. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
2. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
3. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
4. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
5. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Þorláksson, og las upp opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 9. febr. 1927, dags. 20. des. 1926. (Sjá Stjtíð. 1926, A. bls. 206).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, gefið út sama dag. (Sjá Stjtíð. 1926, A. bls. 207).

Ennfremur flutti forsætisráðherra kveðju frá konungi og drotningu, með þakklæti fyrir móttökurnar síðastl. sumar og fyrir auðsýnda hluttekningu út af láti ekkjudrotningarinnar, móður konungs.

Síðan lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að Alþingi væri sett.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson,** þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (BK): Samkvæmt venju vil jeg leyfa mjer að geta stuttlega þeirra þingmanna og fyrverandi þingmanna, sem látist hafa síðan síðasta þingi sleit.

Fyrst ljest *Jón Þórarinsson* fræðslumálastjóri; ljest hann 12. júní f. á.

Hann var fæddur á Mel í Miðfirði 24. febrúar 1854. Hann tók stúdentspróf 1877 og heimspekipróf 1878. Las síðan guðfræði við Hafnarháskóla 1877—1880, las síðan uppeldisfræði til ársins 1882 og ferðaðist til Þýskalands og Englands í þeim erindum 1881—1882.

1882—1907 var hann skólastjóri í Flensborg. Þá ferðaðist hann um Norðurlönd og dvaldi þar við ýmsa skóla árið 1907—1908 og var síðan skipað-

ur „umsjónarmaður með fræðslumálum landsins“ frá 1. júní 1908, og hjelt því embætti til dauðadags.

Í hreppsnefnd Garðahrepps var hann um hríð, og kosinn var hann fulltrúi á Þingvallafund fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1886.

Í milliþinganefnd var hann kosinn árið 1886—'87 til að undirbúa lög um alþýðufræðslu.

Þingmaður var hann fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árin 1886—1900.

Jón Þórarinsson naut jafnan mikillar virðingar og vinsælda, bæði sem þingmaður og embættismaður.

Þar næst ljest *Jón Magnússon* forsætisráðherra 23. júní f. á.

Hann var fæddur á Múla í Aðaldal 16. janúar 1859. Árið 1875 gekk hann í latínuskólann og tók stúdentspróf 1881 með I. einkunn. Las hann lög um 3 ára skeið við Hafnarháskóla, en hvarf frá því námi um tíma, og varð 1884 ritari hjá Júlíusi amtmanni Havsteen á Akureyri til ársins 1889. En það ár fór hann aftur til Hafnar og lauk lögfræðinámi við Hafnarháskóla á tveim árum. Tók hann próf með hárri I. einkunn 1891. Sama ár var honum veitt sýslumannsembættið í Vestmannaeyjum, og gegndi hann því embætti í 5 ár.

1896 varð Jón Magnússon landshöfðingaritari, og gegndi hann því embætti til ársbyrjunar 1904, er landshöfðingjaembættið var lagt niður.

Skrifstofustjóri í stjórnarráðinu varð hann þar næst til ársbyrjunar 1909, en tók við bæjarfógetaembættinu í Reykjavík sama ár og gegndi því til ársbyrjunar 1917.

Í milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálum var hann kosinn 1901 og varð formaður hennar eftir fráfall Páls amtmanns Briems. Og 1907 var hann kosinn í sambandslaganefndina.

Þingmaður var Jón Magnússon fyrir Vestmannaeyjasýslu árin 1902—1913, en 1914 var hann kosinn þingmaður í Reykjavík. Og loks hlaut hann kosningu við landskjörið 1922.

Forsætisráðherra var hann 1917—1922, og aftur 1924 til dauðadags.

Jón Magnússon var jafnan talinn gáfaður maður og hygginn, sjerstaklega geðfeldur í umgengni, og einn af best mentuðu mönnum samtíðar sinnar á stjórnmála- og lögfræðisviðinu.

Næstur honum ljest *Kristján Jónsson* dómstjóri hæstarjettar. Hann ljest 2. júlí f. á.

Kristján Jónsson var fæddur 4. mars 1852 að Gautlöndum við Mývatn. Hann gekk í latínuskólann árið 1865 og útskrifaðist þaðan 1870, 18 ára gamall, með hárri I. einkunn. Fór hann síðan til Hafnarháskóla og lauk þar embættisprófi í lögfræði 1. júní 1875, einnig með hárri I. einkunn. Varð hann þá í bili starfsmaður hjá landfógeta, en 16. ágúst 1878 var honum veitt Gullbringu- og Kjósarsýsla. Gegndi hann því embætti í 8 ár, eða til 28. júlí 1886, en þá var hann skipaður 2. meðdómari og dómsmálaritari í yfirdóminum. 16. apríl 1889 varð hann 1. meðdómari í yfirdóminum, og dómstjóri varð hann 30. mars 1908. Var hann dómstjóri til 1911, er hann varð ráðherra, og síðan frá 1912, er hann ljet af ráðherrastörfum, og til þess er yfirdómurinn var lagður niður í árslok 1919.

1. desember 1919 var hann skipað-

ur dómstjóri í hæstarjetti, og gegndi hann því embætti til dauðadags.

Settur har hann amtmaður sunnan og vestan frá 1. okt. 1891 til 30. júní 1894.

Endurskoðandi landsreikninganna var hann kosinn af efri deild 1889, 1891 og 1893.

Gæslustjóri við Landsbankann var hann frá 1898 til 1909, og ennfremur kosinn til þess sama starfa 1911, en sagði því af sjer skömmu síðar, er hann varð ráðherra.

Bankastjóri í Íslandsbanka var hann árin 1912 til 1914. Í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur sat hann frá 1896—1902, og var formaður hennar. Í bæjarstjórn sat hann frá 1903—1910 og hafði stjórn fátækramálanna á hendi árin 1905—1908. Kennari var hann í kirkjurjetti við prestaskólann árin 1889—1908, mörg ár í stjórnarnefnd Landsbókasafnsins og forseti Reykjavíkurdeildar Bókmentafjelagsins frá 1904—1909. Skipaður var hann í milliþinganefnd í kirkjumálum 22. apríl 1904.

Frá 1893 til 1903 sat hann á Alþingi sem konungkjörinn þingmaður. 1908 var hann kosinn á þing fyrir Borgarfjarðarsýslu, endurkosinn var hann árið 1911 og sat á þingi til 1913. Eftir það bauð hann sig ekki fram til þings. Ráðherra varð hann 14. mars 1911 og gegndi því embætti til 1. júlí 1912. Forseti efri deildar var hann á þinginu 1909.

Kristján Jónsson var sjerlega vel gefinn maður bæði að gáfum og mannkostum, enda naut hann almennra vinsælda og virðingar, og reynsla mín var sú af honum, að jeg hefi sjaldan setið á þingi með jafnskírum og rjettsýnum þingmanni og honum.

Þá ljest *Bjarni Jónsson* frá Vogi 18. júlí f. á.

Hann var fæddur á Miðmörk undir Eyjafjöllum 13. okt. 1863. Gekk hann í latínuskólann, í 3. bekk, og útskrifaðist þaðan árið 1888 með hæstu I. einkunn. Sama ár gekk hann á Hafnarháskóla og las þar grísku, latínu og þýsku, og tók embættispróf í þeim málum 1894. Þá fluttist hann heim og gegndi kenslustörfum við latínuskólann árin 1895—1905. Varð viðskiftaráðunautur landsins frá 1909—1912, og kennari við háskóla Íslands í grísku og latínu frá 1915 til dauðadags. Hann átti sæti í bankaráði Íslandsbanka um margra ára skeið og var síðast kosinn til þess starfa 1924, og þá til 12 ára. Hann var fyrst kosinn á þing í Dalasýslu haustið 1908 og hjelt því þingsæti óslitið til dauðadags.

Í dansk-íslensku ráðgjafarnefndina var hann kosinn 1918, er dansk-íslensku sambandslögin voru samþykt, og hjelt því sæti til dauðadags.

Bjarni Jónsson var frábær gáfu- og mælskumaður og fylginn sjer, og fór í enga launkofa með skoðanir sínar á stjórnmálum. Hann var ótrauður vörður sjálfstæðis Íslands og sterk stoð lista og vísinda.

Og loks ljest prófastur *Eggert Pálsson* 6. ágúst f. á.

Hann var fæddur 6. okt. 1864 að Meðalfelli í Kjós. Hann gekk í latínuskólann haustið 1880 og útskrifaðist þaðan vorið 1886. Gekk í prestaskólann sama ár og útskrifaðist þaðan árið 1888 með I. einkunn. Hann vígðist

að Breiðabólsstað í Fljótshlíð árið 1889 og var þar prestur til dauðadags.

Prófastur var hann skipaður árið 1918.

Hann sat í hreppsnefnd 6 fyrstu árin, þar af 3 ár sem oddviti. Sýslunefndarmaður varð hann 1910 og hjelt því starfi til dauðadags. Auk þess hafði hann ýmsum fleiri störfum að gegna í þarfir hjeraðs síns. Hann var þingmaður Rangárvallasýslu óslitið frá 1902—1918 og svo aftur frá 1923 til dauðadags. Eggert Pálsson hafði mjög notasælar gáfur, vel starfhæfur og atorkusamur. Mátti því telja hann meðal nýtustu þingmanna.

(Þingmenn vottuðu virðing minningu þessara manna með því að standa upp).

Að þessu loknu skýrði aldursforseti frá, að vegna fjarvistar þeirra 5 þingmanna, sem ókomnir voru til þings, væri þessum fundi frestað til kl. 5 síðdegis, í vændum þess, að þeir yrðu þá komnir.

Kl. 5 síðd. var fundinum fram haldið. Voru þá til þings komnir þeir þingmenn, sem ókomnir voru við þingsetningu, og voru þingmenn allir á fundi, aðrir en Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., en hann kom á fundinn eftir að lokið var rannsókn kjörbrjefa.

Aldursforseti kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefa.

Þingmenn skiftust nú í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

BK, BL, EJ, IHB, IP, JóhJóh, J-Bald, JS, JÞ, JJ, JKr, KlJ, MT, TrÞ.

2. kjördeild:

ÁJ, ÁÁ, GÓ, HjV, IngB, JakM, J-Jós, JK, JörB, MJ, MK, PO, PÞ, SvÓ.

3. kjördeild:

BSv, BSt, EÁ, HStef, HSteins, HK, JAJ, JG, JÓl, ÓTh, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbrjef fjögurra landskjörinna þingmanna, þeirra Jóns Þorlákssonar, 3. landsk. þm., Magnúsar Kristjánssonar, 4. landsk. þm., Jóns Baldvinssonar, 5. landsk. þm., og Jónasar Kristjánssonar, 6. landsk. þm., og jafnmargra þingmanna kjördæmakosinna, þeirra Einars Jónssonar, 2. þm. Rang., Hjeðins Valdimarssonar, 4. þm. Reykv., Jóns Guðnasonar, þm. Dal., og Jóns Ólafssonar, 3. þm. Reykv.

Kjördeildir skiftu með sjer verkum eins og lög mæla fyrir, og hlaut því 1. kjördeild til rannsóknar kjörbrjef Jóns Guðnasonar og Jóns Ólafssonar, 2. kjördeild kjörbrjef Einars Jónssonar, Jóns Baldvinssonar, Jóns Þorlákssonar og Jónasar Kristjánssonar, og 3. kjördeild kjörbrjef Hjeðins Valdimarssonar og Magnúsar Kristjánssonar.

Kjördeildirnar gengu nú út úr fundarsalnum til þess að sinna störfum sínum, og varð því fundarhlje í stundarfjórðung. Að lokinni rannsókn var fram haldið fundinum.

Frsm. 1. kjördeildar (KlJ): Fyrsta kjördeild hefir haft til meðferðar

kjörbrjef þeirra Jóns Ólafssonar, 3. þm. Reykv., og Jóns Guðnasonar, þm. Dal. Kjördeildin álítur kosningu beggja þessara þingmanna fullkomlega löglega og leggur einróma til, að hún verði samþykt, enda hafa engar kærur komið fram.

ATKVGR.
Kosningarnar samþ. í e. hlj.

Frsm. 2. kjördeildar (Þþ): Önnur kjördeild hefir fengið til meðferðar kjörbrjef þeirra Einars Jónssonar, Jóns Baldvinssonar, Jóns Þorlákssonar og Jónasar Kristjánssonar. Finnur hún ekkert athugavert við kjörbrjef þessara manna og telur sjálfsagt að samþykkja kosningu þeirra allra.

ATKVGR.
Kosningarnar samþ. í e. hlj.

Frsm. 3. kjördeildar (BSv): Þriðja kjördeild hefir athugað kjörbrjef þeirra Hjeðins Valdimarssonar og Magnúsar Kristjánssonar. Engar kærur hafa komið fram út af þessum kosningum, og leggur kjördeildin til, að þær sjeu báðar teknar gildar.

ATKVGR.
Kosningarnar samþ. í e. hlj.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti vinna eið að stjórnarskránni þá þingmenn, er ekki höfðu áður setið á þingi, en þeir voru þessir:

Hjeðinn Valdimarsson,
Jón Guðnason,
Jón Ólafsson og
Jónas Kristjánsson.

Kosning forseta.

Þessu næst ljet aldursforseti fara fram kosningu á forseta sameinaðs þings. Kosningin fór á þessa leið:

Við fyrstu atkvgr. hlaut Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., 21 atkv., Magnús Torfason, 1. þm. Árn., 20 atkv., og Jónas Jónsson, 1. landsk. þm., 1 atkv. Kosningin var því endurtekin, og hlaut Jóhannes Jóhannesson þá 21 atkv. og Magnús Torfason 21 atkv. Í þriðja sinn var kosið bundinni kosningu um Jóhannes Jóhannesson og Magnús Torfason, og fór enn svo, að 21 atkv. hlaut hvor. Var nú hlutkesti látið skera úr um kosninguna, og kom upp hlutur Magnúsar Torfasonar. Lýsti aldursforseti þá yfir því, að kosinn væri forseti sameinaðs þings

Magnús Torfason, 1. þm. Árn.

Gekk hinn nýkjörni forseti þá til forsetastóls og tók við fundarstjórninni. Ljet hann fyrst fara fram kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut:

Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., með 21 atkv. — Þórarinn Jónsson fjekk 20 atkv., en einn seðill var auður.

Kosning skrifara.

Því næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar. Á A-lista stóð Ingólfur Bjarnarson, en á B-lista Jón Auðunn Jónsson. Forseti lýsti því yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbrjefanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbrjefanefndar. Hlutfallskosning var við-

höfð, og bárust forseta tveir listar. Á A-lista voru Björn Líndal, Jón Sigurðsson, Sigurjón Jónsson, en á B-lista: Sveinn Ólafsson, Einar Árnason. Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbrjefanefnd án atkvæðagreiðslu:

Björn Líndal,
Sveinn Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Einar Árnason,
Sigurjón Jónsson.

Kosning eins þm. til Ed.

Loks skyldi kjósa einn þm. til að taka sæti í efri deild. Kosningu hlaut:

Einar Jónsson, 2. þm. Rang.,

með 22 atkv. — Pjetur Þórðarson fjekk 18 atkv., Jón Ólafsson 1 atkv., en 1 seðill var auður.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Magnús Kristjánsson, 4. landsk. þm.
5. Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm.
6. Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
3. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
8. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Elsti þingmaður deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., tók forsæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til kosningar um forseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Halldór Steinsson, þm. Snæf., með 8 atkv. — Guðmundur Ólafsson fjekk 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Sagði hann nýja deildarmenn velkomna. Mintist einnig tveggja látinna deildarmanna, og vottaði deildin virðing minningu þeirra með því að standa upp.

Þessu næst var kosinn fyrri vara-forseti. Kosningu hlaut

Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm., með 7 atkv. — Jóhann Jósefsson fjekk 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars vara-forseta. Kosningu hlaut

Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm., með 7 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum, eða jafnmörgum og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti þá rjettkjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og
Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Að tillögu forseta var ákveðið án atkvgr. að hluta ekki um sæti deildarmanna, en láta sætaskipun haldast eins og menn hefðu tekið sjer sæti í fundarbyrjun, eða á þessa leið:

4. sæti Ingibjörg H. Bjarnason,
5. — Jón Baldvinsson,

6. sæti Jóhannes Jóhannesson,
7. — Einar Jónsson,
8. — Björn Kristjánsson,
9. — Jónas Kristjánsson,
11. — Ingvar Pálmason,
12. — Magnús Kristjánsson,
13. — Jónas Jónsson,
14. — Guðmundur Ólafsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 10. febr., voru kosnar fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B.

Fóru kosningar á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Á A-lista voru BK, JJós og JKr, en á B-lista JJ og JBald. Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Björn Kristjánsson,
Jónas Jónsson,
Jóhann Jósefsson,
Jón Baldvinsson,
Jónas Kristjánsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista voru JóhJóh, IHB, EJ, en á B-lista EÁ, GÓ. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jóhannes Jóhannesson,
Einar Árnason,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Guðmundur Ólafsson,
Einar Jónsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Á A-lista voru BK, EJ, JKr, en á B-lista MK, EÁ. Kosnir voru því án atkvgr.:

Björn Kristjánsson,
Magnús Kristjánsson,
Einar Jónsson,
Einar Árnason,
Jónas Kristjánsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Á A-lista voru JKr, EJ, en á B-lista IP. Kosnir voru því án atkvgr.:

Jónas Kristjánsson,
Ingvar Pálmason,
Einar Jónsson.

Jón Baldvinsson: Er ekki Jónas Kristjánsson með þessu kosinn í 3 fastanefndir?

Forseti (HSteins): Jú, en það hefir viðgengist hjer í deildinni í mörg ár, að einn og sami maður ætti sæti í þremur fastanefndum.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda hæstv. forseta á, að með þessu er andi og form þingskapanna algerlega brotið. Vil jeg beina því til hans, hvort honum virðist ekki rjettara að fara hjer eftir beinum fyrirmælum þingskapanna.

Jón Baldvinsson: Mjer skilst, að það sje skýlaust tekið fram í 16. gr. þingskapanna, að sami maður megi ekki vera í fleiri en tveimur fastanefndum. Þetta hefir áður komið fyrir, á þinginu 1917, og þá fjell úrskurður forseta á þá leið, að enginn maður mætti sitja í nema tveimur fastanefndum. Hjer er því farið í

bága við bæði forsetaúrskurð og bein fyrirmæli þingskapanna.

Forseti (HSteins): Eins og jeg tók fram áðan, hefir þetta verið venja hjer mörg undanfarin þing; deildin hefir oft svo fám mönnum á að skipa, þar sem ráðherrarnir, einn eða fleiri, geta átt sæti hjer, að hjá þessu verður ekki komist. Og þegar búið er að skipa fjhn., samgmn. og fjvn. fimm mönnum, eins og gert hefir verið, þá verður ekki hjá því komist, að sumir þingmenn verði í fleirum en 2 nefndum. Jeg sje því ekki ástæðu til þess að breyta til nú, en mun haga þessu eins og að undanförnu.

Jónas Jónsson: Það er hart, að hæstv. forseti ætlar að berja höfðinu við steininn. Hann veit, að hjer er um lögbrot að ræða og farið í bága við áður feldan forsetaúrskurð. Nú er lögleysunum eindregið mótmælt. Það er slæmt fordæmi, ef meiri hluti deildarinnar leikur sjer að því að brjóta stjórnarskrá þingsins í byrjun og enda hvers þings. Jeg mótmæli þessu athæfi sem fullkominni lagaleysu og algerðri óhæfu.

Forseti (HSteins): Það er ekki rjett hjá hv. 1. landsk. (JJ), að þessu hafi ekki verið mótmælt áður. Því var mótmælt á síðasta þingi og var ekki tekið til greina þá, og verður ekki heldur gert nú, og er útrætt um þetta. **(JBald:** Á ekki að bera þennan úrskurð hæstv. forseta undir deildina?). Nei. **(JJ:** Hæstv. forseti treystir sjer betur til að fremja ranglæti en hv. deildarmönnum).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins benda hv. þm. á, að þeir eru hjer að fara fram á nokkuð, sem ekki er framkvæmanlegt eins og nú er komið. Hjer er búið að kjósa 5 menn í 3 fastanefndir og eftir er að kjósa 3 menn í 4 nefndir, en það gerir 27 nefndarsæti. Nú er hjer ekki nema 12 mönnum á að skipa, því að 2 eru undanþegnir, forseti og ráðherra, og með því að skipa hvern þeirra í 2 nefndir er ekki unt að fylla nema 24 nefndarsæti af þessum 27. Þetta er því samkvæmt hlutarins eðli óframkvæmanlegt, og þýðir ekki um það að deila.

Þá var kosningum haldið áfram.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Á A-lista voru BK, JJós, en á B-lista JBald, MK. A-listi fjekk 8 atkv., en B-listi 6 atkv. Kosningu hlutu því:

Björn Kristjánsson,
Jón Baldvinsson,
Jóhann Jósefsson.

6. Mentamálanefnd.

Á A-lista voru IHB, JóhJóh, en á B-lista JJ. Kosningu hlutu án atkvgr.:

Ingibjörg H. Bjarnason,
Jónas Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson.

7. Allsherjarnefnd.

Á A-lista voru JóhJóh, JJós, en á B-lista GÓ, IP. A-listi fjekk 8 atkv., en B-listi 6 atkv. Kosningu hlutu því:

Jóhannes Jóhannesson,
Guðmundur Ólafsson,
Jóhann Jósefsson,

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir háttv. deild eftirtalin lagafrumvörp:

A. Af hálfu forsætisráðherra:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

B. Af hálfu fjármálaráðuneytisins:

1. Frv. til l. um Landsbanka Íslands.
2. — til l. um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Ennfremur skal jeg leyfa mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild, fyrir hönd hæstv. atv.- og dómsmrh. (M-G), sem er fjarstaddur, þessi lagafrumvörp:

A. Af hálfu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins:

1. Frv. til l. um iðnað og iðju.
2. — til l. um iðnaðarnám.
3. — til sveitarstjórnarlaga.
4. — til l. um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.
5. — til l. um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

B. Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins:

1. Frv. til l. um uppkvaðningu dóma og úrskurða.
2. — til l. um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.
3. — til l. um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
4. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
5. Björn Líndal, þm. Ak.
6. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
7. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
8. Hjeðinn Valdimarsson, 4. þm. Reykv.
9. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
10. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
11. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
12. Jón Guðnason, þm. Dal.
13. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
14. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
15. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
16. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
17. Klemens Jónsson, 1. þm. Rang.
18. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
19. Magnús Jónsson, 2. þm. Reykv.
20. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýr.
24. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
28. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Voru deildarmenn allir á fundi.

Elsti þm. deildarinnar, Klemens Jónsson, 1. þm. Rang., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara þá Magnús Jónsson, 2. þm. Reykv., og Tryggva Þórhallsson, þm. Str.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,

með 14 atkv. — Þórarinn Jónsson fjekk 13 atkv., en einn seðill var auður.

Aldursforseti vjek þá forsætið, en hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.,

með 14 atkv. — Pjetur Ottesen hlaut 13 atkv., en einn seðill var auður.

Þessu næst fór fram kosning 2. varaforseta, og fjellu atkvæði þannig, að Sigurjón Jónsson og Pjetur Þórðarson fengu sín 13 atkv. hvor, en 2 seðlar voru auðir. Var því gengið til atkvæða að nýju, og fór sú kosning þannig, að Sigurjón Jónsson fjekk 13 atkv., Pjetur Þórðarson 12 atkv., en 3 seðlar voru auðir. Lýsti þá forseti

Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf., rjett kjörinn 2. varaforseta deildarinnar.

Þá var gengið til kosningar á skrifurum deildarinnar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 2 listar, A og B. Á A-lista var Tryggvi Þórhallsson, en á B-lista Magnús Jónsson. Kosnir voru því án atkvgr.:

Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., og *Magnús Jónsson*, 2. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 10. febr., áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Þingsköp mæla svo fyrir, að hluta skuli um sæti þingmanna á fyrsta deildarfundi. Nú var það eigi gert í gær, og vil jeg því leita álits hv. þdm. um, hvort það megi ekki gerast á þessum fundi. **(SigurjJ:** Nú er fyrsti fundur hjá liðinn, og þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að gera þetta). Fordæmi eru fyrir því, að hlutað hafi verið um sæti á 2. fundi deildarinnar, er það hefir gleymst á hinum fyrsta. Nú sitja 3 nýir þingmenn í þessari deild, og hafa þeir enn ekki hlotið föst sæti. Þætti mjer þá ráð, að farinn væri sá meðalvegur, að þeir hluti um hin auðu sæti, en aðrir hv. þm. sitji í sætum þeim, er þeir hafa haft. **(MT:** Jeg styð þessa tillögu. — **ÓTh:** Þarf eigi afbrigða frá þingsköpum til þess að þetta verði gert á þessum fundi?).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil láta þess getið, að á fundi í gær kom fram ósk um, að hlutað væri um sætin, en hæstv. forseti (BSv) hefir ef til vill ekki heyrt hana. **(HjV:** Forseti vissi um þessa ósk, en hefir gleymt henni).

Forseti (BSv): Það er rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að hann bar þessa ósk fram í gær, en mjer láðist að verða við henni. Nú hefir komið fram tillaga um, að allir háttv. þdm. sitji kyrrir í sætum sínum, nema hinir 3 nýju hv. þm.; þeir hluti um hin auðu sæti. Vil jeg spyrja hæstv. stjórn og hv. deild, hvort heimild fáist fyrir þessum afbrigðum frá þingsköpum. **(BL:** Þarf ekki fyrst afbrigði frá þingsköpum til að taka málið fyrir?). Þau afbrigði felast í hinum, ef veitt verða.

Björn Líndal: Þetta mál hefir alls ekki verið tekið á dagskrá í dag og ekki leyft að taka það fyrir. Auk þess er það of seint fram komið. Mun jeg því sitja í mínu gamla sæti á þessu þingi, þótt önnur ákvörðun verði tekin hjer í deildinni í dag, því allar slíkar ákvarðanir verð jeg að telja ólöglegar.

Forseti (BSv): Jeg hefi fyrir mjer álit engu ómerkari lögfræðings en hv. þm. Ak. (BL) um þetta mál, þar sem er Jón heitinn Magnússon forsætisráðherra. Fyrir nokkrum árum hafði gleymst að hluta um sæti á fyrsta fundi, og sagði Jón forsætisráðherra Magnússon þá, að ekki þyrfti nema ein afbrigði frá þingsköpum, til þess að það yrði gert á 2. fundi. En ef hæstv. stjórn vill hafa afbrigðin í tvennu lagi, get jeg fallist á það. **(Atvrh. MG:** Jeg hefi ekkert á móti því, þótt aðeins sjeu ein afbrigði). Þá

vil jeg bera undir háttv. deild, hvort hún heimili þessi afbrigði.

ATKVGR. varð óglögg.

Magnús Jónsson: Jeg vil gera það að tillögu minni, að afbrigða sje leitað í tvennu lagi, svo að háttv. þdm. átti sig betur á því, um hvað verið er að greiða atkvæði.

Forseti (BSv): Svo er að sjá, sem hv. þdm. viti eigi vel, um hvað atkvæða er leitað. Get jeg því fallist á till. hv. 2. þm. Reykv. (MJ). Vil jeg því leyfa mjer að bera það undir hv. deild, hvort málið megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigða synjað með 12:10 atkv.

Forseti (BSv): Þar sem afbrigða er synjað um það, að málið megi koma fyrir, verð jeg að biðja alla hv. þm. að sitja í þeim sætum, er þeir hafa fengið.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg hafði í fyrstu tekið annað sæti, og vil beiðast úrskurðar um það, hvar jeg eigi nú að vera.

Forseti (BSv): Jeg vona, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) geti jafnað það mál sjálfur við þann hv. þm., sem tekið hefir það sæti, er hann hafði í gær.

Kosning fastanefnda.

Á sama fundi fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B.

Kosningarnar fóru svo:

1. Fjárhagsnefnd.

Forseti (BSv): Það hefir verið venja um mörg ár að kjósa 7 menn í þessa nefnd. (**BL** og **ÓTh:** Þarf ekki afbrigði frá þingsköpum til þess?). Að undanförnu hafa deildarmenn allir samþykt þetta, en eg er fús að leita afbrigða, ef menn vilja það heldur.

Stjórnin heimilaði afbrigði en deildin synjaði þeirra með 10: 14 atkv.

Forseti (BSv): Þá fer fram kosning á 5 mönnum í fjárhagsnefnd.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi biðja hæstv. forseta (BSv) að veita nokkurt fundarhlje, þar sem mjer er kunnugt, að sá flokkur, sem jeg er í, hafði búist við, að haldið yrði gamalli venju og kosnir 7 menn í fjárhagsnefnd. Vildi jeg því, að við fengjum tóm til að ráðgast um, hvaða mönnum við ættum að stinga upp á, þegar aðstaðan hefir breyst.

Forseti veitti fundarhlje í 10 mínútur. Að því loknu var kosningum haldið áfram.

Á A-lista voru KlJ, HStef og JakM, en á B-lista BL, JAJ og MJ. —A-listi fjekk 15 atkv., en B-listi 13 atkv.

Lýsti forseti þessa þm. því rjett kjörna í nefndina:

Klemens Jónsson,
Björn Líndal,
Halldór Stefánsson,
Jón A. Jónsson og
Jakob Möller.

2. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista voru TrÞ, IngB, MT og ÞorlJ, en á B-lista ÞórJ, JS, PO og ÁJ. — A-listi fjekk 15 atkv., en B-listi 13 atkv. — Forseti lýsti yfir, að rjett kjörnir væru í nefndina:

Tryggvi Þórhallsson,
Þórarinn Jónsson,
Ingólfur Bjarnarson,
Jón Sigurðsson,
Magnús Torfason,
Pjetur Ottesen og
Þorleifur Jónsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Á A-lista voru KlJ, SvÓ og PÞ, en á B-lista HK, JÓl og JAJ. A-listi fjekk 14 atkv., B-listi 13 atkv., en 1 seðill var auður. — Lýsti forseti rjett kjörna í nefndina:

Klemens Jónsson,
Hákon Kristófersson,
Svein Ólafsson,
Jón Ólafsson og
Pjetur Þórðarson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Á A-lista voru HStef, PÞ og JörB, en á B-lista HK, ÁJ og JS. A-listi fjekk 14 atkv., B-listi 13 atkv., en 1 seðill var auður. Forseti lýsti rjett kosna í nefndina:

Halldór Stefánsson,
Hákon Kristófersson,
Pjetur Þórðarson,
Árna Jónsson og
Jörund Brynjólfsson.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Á A-lista voru SvÓ, BSt og HjV, en á B-lista ÓTh, SigurjJ og BL. A-listi fjekk 14 atkv., B-listi 13 atkv., en 1 seðill var auður. Lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir í nefndina:

Sveinn Ólafsson,
Ólafur Thors,
Bernharð Stefánsson,
Sigurjón Jónsson og
Hjeðinn Valdimarsson.

6. Mentamálanefnd.

Á A-lista voru ÁÁ, JG og BSt, en á B-lista MJ, JK og SigurjJ. A-listi fjekk 14 atkv., B-listi 13 atkv., en 1 seðill var auður. Lýsti forseti rjett kjörna í nefndina:

Ásgeir Ásgeirsson,
Magnús Jónsson,
Jón Guðnason,
Jón Kjartansson og
Bernharð Stefánsson.

7. Allsherjarnefnd.

Á A-lista voru JörB, JG og HjV, en á B-lista JK, ÁJ og PO. A-listi fjekk 14 atkv., B-listi 13 atkv., en 1 seðill var auður. Forseti lýsti yfir, að rjett væru kjörnir í nefndina:

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Kjartansson,
Jón Guðnason,
Árni Jónsson og
Hjeðinn Valdimarsson.

Á 9. fundi deildarinnar, föstudaginn 18. febr., að lokinni dagskrá, mælti

Klemens Jónsson: Jeg leyfi mjer að fara fram á fyrir hönd fjhn., að bætt sje við 2 mönnum í nefndina, þar sem telja má fulla þörf á, að í þeirri nefnd sitji 7 menn eins og að undanförnu. Jeg legg til, að 2 menn sjeu kosnir í nefndina á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um að bæta 2 mönnum í fjhn. leyfð og samþ. með 15:2 atkv.

Kosningu frestað til næsta fundar samkv. tilmælum nokkurra deildarmanna.

Á 10. fundi deildarinnar, næsta dag, áður en gengið var til dagskrár, ljet forseti fram fara kosningu á tveimur mönnum í fjhn., að viðhafðri hlutfallskosningu. Tveir listar komu fram. Á A-lista var ÁÁ, en á B-lista MJ. Forseti lýsti rjett kjörna án atkvgr.:

Ásgeir Ásgeirsson og
Magnús Jónsson.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 10. febr., mælti

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir hv. deild þessi lagafrumvörp:

A. Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins:

1. Frv. til l. um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.
2. — til l. um samskóla Reykjavíkur.
3. — til l. um veiting ríkisborgararjettar.

B. Af hálfu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins:

1. Frv. til l. um breyting á l. nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
2. — til fátækralaga.
3. — til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.
4. Frv. til l. um útrýming fjárkláða.
5. — til l. um viðauka við l. nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Þessi 8 frv. vænti jeg, að forseti taki á dagskrá eftir þingsköpum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg leyfi mjer að leggja þessi frv. fyrir hv. deild af hálfu fjármálaráðuneytisins:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.
2. — til l. um samþykt á landsreikningnum 1925.
3. — til fjáraukalaga fyrir árið 1925.
4. — til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vil jeg biðja hæstv. forseta að taka þessi frv. fyrir í hv. deild, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Á 13. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 23. febr., mælti

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hjer með leyfi jeg mjer að leggja fyrir hv. deild:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Á 48. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 6. apríl, mælti

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hjer með leyfi jeg mjer að leggja fyrir þessa hv. deild:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Sveitarstjórnarlög.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til sveitarstjórnarlaga (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, skal jeg aðeins leyfa mjer að leggja til, að frv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 1, n. 53).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það, sem um það er að segja, er tekið fram í nál. á þskj. 53. Breytingarnar, sem farið er fram á, að gerðar verði á núgildandi ákvæðum í sveitarstjórnarlögunum, eru fáar og skifta ekki miklu máli, en þó hefir allshn. viljað koma með nokkrar brtt. við frv. Það má segja það sama um þær breytingar. Þær eru fáar og skifta ekki miklu máli.

1. brtt. er við 23. gr., að fyrir 4 kr. komi 5 kr. Nefndin var sammála um, að það myndi borga sig vel að hafa oddvitalaunin ekki mjög lág. Þá mundi fást betri maður til starfans og yfir lengri tíma í einu. Ef launin eru svo lág, að það sje beinn skaði að gegna starfinu, fá hrepparnir miklu síður góðan oddvita til lengdar. Þá kemur það einnig til álita, að vegna þess, hvað oddvitalaunin eru lítil, hefir það sumstaðar orðið til þess, að farið var að taka sjerstök innheimtulaun, og sú regla er sjáanlega miklu kostnaðarsamari fyrir sveitarsjóðina.

30. gr. er sú grein, sem gerir aðalbreytinguna á frv. Hún er um það, hvernig fara skuli að, ef hreppsnefnd sýni vanrækslu í að inna af hendi lögboðnar greiðslur og svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda.

Við þá gr. hefir nefndin gert 2 brtt.,

sem eingöngu miða að því að gera ákvæðin skýrari. Í 30. gr. stendur, að sektir megi tiltaka í brjefi til oddvita, en nefndin álítur betra að hafa í ábyrgðarbrjefi. Þá er frekar hægt að sanna, ef á þarf að halda, hvenær oddviti hefir fengið brjefið. Ennfremur vill nefndin bæta aftan við fyrri málsgrein greinarinnar: „ef hann á sök á drættinum". Sýslumaður getur ekki um það vitað, þó að vanrækslan stafi frá öðrum nefndarmanni. Hann verður að eigna oddvita það. Oddviti einn getur um þetta vitað, og verður að gera viðkomanda aðvart strax. Þessar tvær brtt., 2. a og b, held jeg að hv. deild hljóti að fallast á, að geri greinina skýrari.

Þá leggur nefndin til, að bætt verði inn í 36. gr. í enda fyrri málsgreinar: „Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita". Þetta stóð fyrst í sveitarstjórnarlögunum frá 1905, en var felt úr þeim 1914. Jeg hefi kynt mjer ástæðurnar fyrir því, en get ekki fallist á þær. Flm. segir, að þetta hafi verið misskilið svo, að oddviti mætti ekki greiða atkvæði, nema atkvæðatala væri jöfn. Auðvitað má hann altaf greiða atkvæði, en atkvæði hans er tvígilt, ef atkvæðatala er jöfn. Það má líka gjarnan vera svo. Hann er sá, sem fyrst og fremst ber ábyrgð á gerðum nefndarinnar.

Í síðari málsgrin 38. gr. vill nefndin í staðinn fyrir „einhverja aðra ráðstöfun" hafa: „einhverja ráðstöfun." Jeg býst við, að hv. dm. hafi flestir frv. fyrir sjer og geti fylgst með brtt. nefndarinnar og fallist á, að þessi brtt. sje nauðsynleg.

Næsta brtt. er við 44. gr., um að fyrir orðið „hvert" komi „yfirstandandi". Það er ekki ætlunin að semja áætlun nema fyrir eitt reikningsár á hverjum fundi, nefnilega það, sem þegar er byrjað, yfirstandandi ár.

Síðasta brtt. er við 53. gr. Þar hafa í upptalningunni fallið úr ein lög: Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905. Þar af kemur máske villan í aths. um, að oddvitalaun sjeu hækkuð um helming. Þau hafa verið 3 kr., en eru samkvæmt frv. 4 kr.

Þá hefi jeg ekki meira um frv. að segja, en legg til, fyrir nefndarinnar hönd, að það verði samþ. svo breytt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg er þakklátur hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. Jeg get tekið það fram viðvíkjandi brtt. nefndarinnar, að jeg sje ekki ástæðu til að vera á móti þeim. En mjer finst álitamál, hvort laun oddvita eiga að vera 4 kr. eða 5 kr. fyrir hvern tug hreppsbúa. Það er ekki hægt að gera ágreining um það atriði, en hver verður að gera upp við sig, hvað honum þykir hæfilegt. Í fjölmennum hrepp verður 5 kr. á hvern tug töluverð upphæð, og jeg býst við, að ósamræmi yrði þá talið milli launa oddvita og hreppstjóra. En oddvitastarfið er vanþakklátt og talsvert fyrirferðarmikið, svo að vel má vera, að 5 kr. þyki ekki of mikið. Við 2. brtt. a. hefi jeg ekkert að athuga, en fyrir mjer vakti, þegar jeg samdi frv., að ábyrgðarbrjef eru oft lengi á leiðinni. Hinsvegar eru þau auðvitað tryggari.

Um brtt. undir b-liðnum ætla jeg aðeins að segja það, að það má ganga út frá því, að þessum sektum sje ekki

oft beitt. Og jeg lít svo á, að jafnan þegar það upplýstist, að hlutaðeigandi, sem sektaður hefir verið, ætti ekki sök á drættinum, myndi sýslumaður fella burt sektina.

Þriðja brtt. er um það, að láta sýslunefndaroddvita hafa tvöfalt atkvæði, þegar atkvæði eru jöfn, og hefi jeg heldur ekkert við það að athuga, því að jeg get vel gengið inn á, að rjett sje að láta sömu reglu gilda fyrir sýslunefndaroddvita og hreppsnefndaroddvita, og jeg verð að játa, að jeg skildi aldrei í því, hvers vegna farið var að breyta þessu ákvæði, eftir að það hafði verið sjö ár í lögum.

Fimta brtt. er um það að setja orðið „yfirstandandi" í staðinn fyrir „hvert" í 44 gr., en þar var tekið upp orðalag, sem er í lögunum frá 1921, um tekjur sýslusjóða, en jeg get vel viðurkent, að orðalag hv. nefndar sje betra.

6. brtt. er rjettmæt.

Ingvar Pálmason: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla þeim litlu brtt., sem háttv. nefnd hefir gert við þetta frv. Þó get jeg tekið það fram strax, að jeg tel brtt. hennar við 36. gr. óþarfa. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um brtt. háttv. nefndar, því að jeg get að mestu fallist á þær. En það var annað, sem kom mjer til þess að standa upp, það er það, að jeg tel, að það sjeu ákvæði í þessu frv., sem gjarnan hefði mátt breyta til bóta, þó að jeg ekki komi með brtt. við þau að þessu sinni, en hafði aðeins hugsað mjer að skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún vildi ekki taka til yfirvegunar það, sem jeg nú hefi að athuga við frv.

Þá er fyrst að athuga 11. gr. Þar stendur, að ef atkvæði sjeu jöfn, skuli atkvæði oddvita ráða; jeg tel þetta óþarft, vegna þess að tala hreppsnefndarmanna er ákveðin stök, og ef hún er fullskipuð, þá getur hún ekki verið jöfn, en á hinn bóginn verður að líta svo á, að þetta geti orðið varhugavert, að oddviti eigi tvö atkvæði. Nú er það svo, að hreppsnefnd er ýmist skipuð 3, 5 eða 7 mönnum, og þar sem þrír menn eru í nefnd, er fundurinn lögmætur, ef mættir eru tveir menn, og þá getur atkvæði oddvita ráðið úrslitum. Þetta tel jeg, að geti haft í för með sjer töluvert víðtæk áhrif, og sýnt það í verkinu, að þarna er galli á lögunum. Sama er að segja, ef hreppsnefnd er skipuð 5 mönnum, þá getur farið svo, að aðeins tveir menn geti ráðið úrslitum mála, og þannig getur oft staðið á. Jeg sje heldur ekki, hver hætta væri á ferðum, þótt þetta ákvæði stæði ekki í lögunum, vegna þess mætti vel setja í lögin, að ef atkvæði verða jöfn, þá falli ágreiningsatriðið niður um sinn, þar til fleiri nefndarmenn eru mættir. — Jeg vil skjóta þessu fram og mælast til þess, að háttv. allshn. vildi athuga þetta atriði til 3. umr., því að jeg lít svo á, að það sje rjett, og jafnvel nauðsynlegt, að fella þetta ákvæði úr lögunum, því að það gæti undir sumum kringumstæðum orðið til mikils ógagns.

Þá er það 25. gr. frv., sem jeg vildi athuga. Þar stendur, að hreppsnefnd skuli í hvert skifti kjósa einhvern

innansveitarmann, annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða reikninga hreppsins. Við þetta hefi jeg ekkert að athuga, en það lítur út fyrir, eftir orðalagi greinarinnar, að þessi maður eigi að starfa endurgjaldslaust. Vil jeg ekki segja, að það sje með öllu ósanngjarnt, en þegar litið er til þeirra fresta, sem ákveðnir eru síðar í þessari grein, t. d. þess, að endurskoðandi hefir aðeins tímann frá 20. janúar til 1. febrúar yfir að ráða, þá er það alveg auðsjeð, að hjer getur ekki verið um aukavinnu að ræða, þá verður hann að taka tímann til þessarar endurskoðunar, og þá hygg jeg, að það sje dálítið athugavert, þegar á að fara að skylda manninn til að leysa þetta verk af höndum á ákveðnum tíma, sem ekki er lengri en þetta, því að það vita menn, að í sumum hreppum á landinu eru reikningarnir orðnir svo yfirgripsmiklir, að endurskoðun þeirra verður ekki höfð sem aukastarf á stuttum tíma, ef hún á að vera sæmilega af hendi leyst. Þá veitir ekki af að gera það að aðalstarfi, meðan á því stendur. Þess vegna væri rjettara að bæta inn í greinina heimild fyrir hreppana til að launa þetta starf. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa grein, þó að jeg viðurkenni, að mjer þyki þessi frestur frekar stuttur, eða öllu heldur, að hann geti orðið of stuttur í sumum hreppum landsins. En hitt er rjett, að lögin herði á um það, að reikningunum sje skilað reglulega. Segi jeg þetta ekki af því, að jeg ætli að fara að gera ágreiningsatriði um það, að fresturinn sje of stuttur, en læt mjer aðeins nægja að benda á þetta atriði um laun endurskoðenda.

Þá er 39. gr. frv. Sú gr. hefir inni að halda ákvæði um það, að þá endurskoðun, er sýslunefndir láta fram fara, megi greiða þóknun fyrir. En það, sem jeg hefi aðallega við þessa gr. að athuga, er, að þeir frestir, sem gefnir eru til endurskoðunar og andsvara fyrir oddvita, eru of stuttir. Eins og háttv. þdm. munu hafa tekið eftir, eiga hreppsnefndaroddvitar að senda reikninginn frá sjer fyrir 15. febrúar, en endurskoðari skal samkvæmt 39. gr. hafa endurskoðað hann fyrir 10. mars. Nú vitum vjer það, eftir þeim samgöngum, sem hjer eru víðast hvar á landinu, og hefi jeg þá einkum fyrir augum kjördæmi mitt, Suður-Múlasýslu, sem jeg þekki best til, og með þeim póstferðum, sem nú eru, verður þetta óframkvæmanlegt, t. d. hygg jeg það rjett, að póstur muni vera á ferð um Suður-Múlasýslu í síðari hluta febrúar, og myndi þá vera hægt að senda reikningana úr suðurhluta sýslunnar, og aukapóstur gengur þá til Seyðisfjarðar, og mætti með honum senda eitthvað af reikningum til Seyðisfjarðar og Eskifjarðar. En svo verða þeir reikningar að liggja þar, þangað til að póstur fer næst, sem ekki mun vera fyr en eftir miðjan mars, og nú er hugsanlegt, að endurskoðari eigi heima uppi á Hjeraði, eins og nú á sjer einmitt stað, og þá skilst mjer, að reikningarnir geti tæplega komist í hans hendur fyr en eftir miðjan mars, og þegar hann svo á að hafa lokið endurskoðun á 15 reikningum fyrir 10. dag marsmánaðar, þá sjer það hver maður, að þetta getur ekki

átt sjer stað, en hitt er ennþá fráleitara, að hreppsnefndaroddvitar geti fyrir 25. mars verið búnir að svara öllum athugasemdum endurskoðara, ef þeir nota póstferðir. Það getur verið, að það yrði algerlega ómögulegt að hafa svarað öllum athugasemdum, og þess vegna virðist mjer, að eitt af tvennu hljóti að leiða af þessu, annaðhvort að oddviti eða endurskoðari sendi hraðboða með reikninginn og athugasemdirnar, ellegar að þetta ákvæði getur ekki staðið. Nú er það svo, að öll endurskoðun er trúnaðarstarf, sem mikið veltur á, og þess vegna virðist mjer fyrir mitt leyti, að ekki megi gera ráð fyrir því, að til þess starfs verði kastað höndum, en það fyndist mjer að hlyti að verða bein afleiðing af því, ef fylgja á ákvæðum 39. gr.

Jeg hygg nú, að það, sem vakað hefir fyrir hv. allshn., hafi verið það, að herða sem mest á afgreiðslu reikninganna, en jeg held samt, að þessi gr. þurfi athugunar við, og ef það er rjett, sem við mikið hefir að styðjast, að það skuli vera fastsettir dagar, þegar afgreiðslu reikninganna er lokið, og sömuleiðis hvenær svar oddvita sje komið til endurskoðara, þá verði frestur inn að vera lengri. Jeg hygg þó rjettara að hafa þetta ekki fastákveðið við ákveðna mánaðardaga; jeg hygg, að það nægði, að í greininni stæði, að það skyldi verða svo fljótt sem hægt væri, láta svo sýslunefnd um það að reka á eftir. En eftir því, sem stendur í greininni, þá sje jeg ekki annað en að það sje gersamlega ómögulegt að fullnægja þessu, t. d. má benda á það, að í flestum sýslum landsins mun það vera svo, að ekki verður hægt að fullnægja þessum ákvæðum, en það verð jeg að telja stórkostlegan galla á lögum, að í þeim skuli standa ákvæði, sem er nokkurnveginn víst, að ekki er hægt að fullnægja.

Jeg skal svo ekki gera fleiri athugasemdir, en vænti þess, að háttv. allshn. taki þessar bendingar mínar til athugunar fyrir 3. umr.

Jeg skal að síðustu endurtaka það, sem jeg sagði um tvöfalt atkv. hreppsnefndaroddvita, að jeg tel það ákvæði óþarft, og sömuleiðis ákvæðið um atkv. sýslunefndaroddvita, en þó stendur þar dálítið öðruvísi á, vegna þess að sumar sýslunefndir eru svo skipaðar, að atkv. eru jöfn, og get jeg því betur felt mig við það, og sömuleiðis hefir nefndin haft það fyrir augum, að samræmi væri. En þegar litið er á ákvæðið um atkvgr. innan hreppsnefnda, þá álít jeg, að þetta tvöfalda atkv. sje óþarft og að sumu leyti rangt, og legg jeg því mikla áherslu á, að þessu ákvæði fengist breytt. En af því, sem að framan er sagt, gæti jeg miklu betur felt mig við, að þetta stæði um atkvgr. innan sýslunefnda, en alls ekki hreppsnefnda, því að það lætur að líkum, eins og nú er orðið háttað hjá oss, að ýmislegt kemst inn í sveitarmálefni, sem töluverður ágreiningur getur orðið um, og þá er ekki rjett, að löggjafarvaldið gefi tilefni til þess að koma fram málum með atkvæði hreppsnefndaroddvita einu saman. Jeg vona því, að hv. allshn. taki þetta atriði rækilega til íhugunar. Ef hv. nefnd treystir sjer ekki til að gera brtt. um þetta, þá mun jeg koma með hana til 3. umr., hvernig svo sem um hana fer þá.

Jeg vænti vinsamlegra undirtekta frá hv. allshn., því að jeg hefi gert þessar athugasemdir í þeim einum tilgangi að bæta það frv., sem hjer liggur fyrir, en ekki af því, að starf hennar væri ekki vel af hendi leyst.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að svara hæstv. atvrh. (MG) miklu, því að hann var yfirleitt ánægður með þessar lítilfjörlegu brtt. nefndarinnar, að því er mjer skildist. Aðeins sagði hæstv. ráðh. (MG) það, að skeð gæti, að nefndin hefði farið fullhátt í launahækkun oddvita, og að það yrði kannske ósamræmi milli oddvitalauna og hreppstjóralauna. Jeg held nú samt, að þótt launin sjeu sett eins og nefndin leggur til, að hreppstjóralaunin sjeu hlutfallslega hærri, því að störf þeirra eru ekki sambærileg, því að það er svo miklu meira, sem oddvitinn hefir að gera, svo að hreppstjórar þyrftu ekki að verða óánægðir eða fara fram á launahækkun, þó að oddvitar fengju þessa viðbót við laun sín.

Þá var það viðvíkjandi brtt. nefndarinnar við 30. gr., að hæstv. ráðh. (MG) bjóst við, að sektarákvæðum hennar yrði ekki oft beitt. Um það er jeg sammála hæstv. ráðh. (MG), að gera megi ráð fyrir, að þeim verði mjög sjaldan, eða jafnvel aldrei beitt, og er þá greinin, þó hún í sjálfu sjer sje til bóta, lítt nýt, en það stafar af því, að menn eru kannske ekki svo fúsir á að sekta kunningja sína fyrir vanrækslu, en það verð jeg þó að telja illa farið, því að jeg býst við, að ef sektum væri beitt, þá bætti það kannske framferði nefndanna, sem í þessum tilfellum hefir víst stundum ekki verið sem best.

Þá vil jeg athuga það, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði um þetta frv. Hv. þm. (IP) byrjaði á því að telja óþarfa brtt. nefndarinnar við 36. gr. frv., þar sem ætlast er til, að sýslunefndaroddviti skeri úr, ef atkvæði eru jöfn. En það er nú ekki mikið sagt með því, og ekki víst, að til þessa ákvæðis þurfi að taka, en það held jeg nú reyndar, að hv. þm. (IP) hafi ekki sagt. Aftur á móti var hv. þm. (IP) óánægður yfir, hvernig þetta stendur að því er hreppsnefndaroddvita snertir, en jeg gat nú ekki fylgst með hugsanagangi hv. þm. (IP) í því, að þetta hefði beinlínis reynst hættulegt, og aldrei hefir það, mjer vitanlega, komið til orða, að þetta ákvæði mætti ekki standa, svo að ekki verður sjeð, að það hafi gefist illa. Og ef svo færi, að tveir menn úr 3 manna hreppsnefnd yrðu að halda fund og skoðun oddvita rjeði um það, sem á milli bæri, þá skilst mjer, að það væri, að dómi háttv. þm. (IP), það hættulegasta, sem fyrir gæti komið, ef skoðun oddvita yrði ofan á. En jeg held, að það eigi að jafnaði að vera svo, að oddvitinn sje einhver hæfasti maðurinn í nefndinni, og ekki verður það síður fyrir það, ef þessi launahækkun verður samþykt; auk þess býst jeg ekki við, ef svo stæði á, að það vantaði þriðjung nefndar á fund, að hinir færu að gera ályktanir um mál, sem hægt væri að sleppa við að gera þangað til síðar, að fleiri væru mættir. Jeg get því ekki álitið, að þetta ákvæði sje neitt hættulegt.

Þá fór hv. þm. (IP) að tala um

fresti þá, sem nefndir eru í 25. og 39. gr. Nefndinni var það ljóst, að þeir eru alt of stuttir í raun og veru, en sá ekki, að hægt væri að lengja þá, eins og ástatt er nú með þessi mál, en bjóst hins vegar við, að svo gæti farið, að þeir yrðu af sjálfu sjer lengdir, án þess að nokkuð yrði að fundið. En það verð jeg að segja, að jeg er alveg á móti því, að ekki sje betra að miða frestina við einhverja vissa daga, heldur en það, sem hv. þm. hjelt fram, að það væri kannske eins gott að sleppa þessum föstu takmörkunum, en að verkið væri framkvæmt eins fljótt og unt væri, og svo þyrfti sýslunefnd að fara að áminna um verkið; það kynni jeg alls ekki við.

Þá sagði hv. þm. (IP), að það væri kannske yfirsjón, að hreppsnefnd hefði ekki heimild til þess að greiða yfirskoðara einhverja þóknun fyrir starf sitt. En það er nú, satt að segja, svo í flestum hreppum, að endurskoðun sveitarsjóðsreikninga er ekki meira starf en svo, að jeg held, að það sje alveg óþarft að fara að heimila borgun fyrir það, og jeg býst jafnvel við, að ef farið yrði að borga fyrir það, þá yrði jafnvel meiri hætta á því, að þá yrðu teknir menn, sem ekki væru eins vel færir um það, því jeg álít, að þegar engin þóknun er greidd fyrir verkið, þá taki hreppsnefndin þann manninn, sem hún treystir best. Þess er líka að gæta, að starfið er ósköp lítið út af fyrir sig, og þó að gott sje að borga fyrir öll viðvik, má ekki gleyma því, að það verður þó til að þyngja álögur í sveitarfjelaginu. Annars gladdi það mig að heyra þau ummæli hv. þm. (IP), að frestirnir væru alt of stuttir og að ekki væri auðvelt að gera við því. En af hverju stafar nú þetta? Það stafar af þeirri breytingu, sem gerð var í fyrra, að almanaksárið var gert að reikningsári hreppanna, og þessi hv. þm. var einn af þeim, sem barðist fyrir því. Jeg sje, að hv. þm. (IP) hristir höfuðið, en þetta er nú samt satt, og það er eftirtektarvert, að frá þessum mönnum sjálfum skuli einmitt fyrst koma í ljós ljónin á veginum, þegar þessi breyting á reikningsárinu er fengin. Jeg býst þó við, að allshn. athugi þetta um frestina til 3. umr.

Það var eitt atriði, sem jeg gleymdi að taka fram áðan út af sýslunefndunum. Í frv. er farið fram á að hækka fæðis- og ferðapeninga nefndarmanna um eina krónu á dag, úr 6 kr. í 7 kr. Þetta ákvæði hefir ekki verið haft í miklum heiðri hjá einstaka sýslunefnd. Í stað þess að fá aðeins þessa peninga, veit jeg þess dæmi, að þeir hafa fengið lögboðna fæðispeninga og svo verið borgað uppihald þeirra á meðan á fundi stendur. Verð jeg að segja, að þá er allvel borgaður starfi þeirra, ef þeir þurfa engu til að kosta nema tímatöfinni og ferðinni til og frá fundarstað. Í 47. gr. frv. stendur, að ekkert gjald megi greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum, eða það sje ákveðið af sýslunefndinni. Jeg verð nú að segja, að mjer finst þetta atferli sumra sýslunefnda ganga nokkuð nálægt því að brjóta lögin, er sýslunefndir ákveða þessi útgjöld, þar sem skýlaus lagaákvæði eru til um þau. Jeg geri ráð fyrir, að þetta eigi sjer óvíða stað ennþá og vil taka það fram, að þetta á sjer ekki stað í Húnavatnssýslu, en það er und-

arlegt, ef það verður ekki dálítið smitandi, fái sumum að haldast það uppi óátalið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að segja margt út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP). Hv. frsm. allshn. (GÓ) hefir þar tekið af mjer ómakið í mörgu.

En að því er snertir aths. hans um 11. gr. frv., vil jeg leyfa mjer að benda á, að þetta ákvæði hefir verið í lögum síðan 1872, og jeg hefi ekki heyrt þess getið, að nokkru sinni hafi verið kvartað undan því. Hv. þm. (IP) sagði það sjaldgæft, að atkvæði væru jöfn í nefndunum. Það get jeg ekki fallist á. Það hlýtur að geta komið fyrir, t. d. þegar einn mann vantar á nefndarfund. Ráð hv. þm. (IP), að málið væri látið niður falla í bili, ef atkvæði væru jöfn, kemur ekki til mála. Oft liggja þau mál fyrir sveitastjórnum, sem þurfa skjóts úrskurðar, eins og t. d. að úrskurða um sveitfesti þurfamanna o. s. frv. Þá er óhjákvæmilegt að hafa eitthvert úrskurðarvald, ef atkvæði eru jöfn. Sje jeg ekki, að eðlilegra sje að hafa það annarsstaðar en hjá oddvita. Hann er að jafnaði sá, sem mest traust er borið til í nefndinni, og á honum hvílir mestur þunginn um framkvæmdirnar. Vona jeg því, að hv. allshn. komi ekki með neina brtt. um þetta atriði til 3. umræðu.

Um endurskoðun hreppsreikninganna heima í hreppunum vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, sem það sje alls ekki „krítisk" endurskoðun, og því ekki þörf á að borga hana eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP) vildi. Þessi endurskoðun er oftast ekki annað en það, að láta einhverja góða menn í hreppnum líta á reikningana, en aðalendurskoðunin hlýtur að vera framkvæmd af endurskoðurum sýslunefndanna. Verður því ekki gert svo mikið úr starfi þessara manna með rjettu, sem heyra var á háttv. 2. þm. S.-M.

Þá fann háttv. þm. (IP) að því, að frestirnir í 39. gr. væru hafðir of stuttir; en frestunum í 25. gr. fann hann ekki eins mikla ástæðu til að finna að. Jeg get fallist á, að þeir sjeu nokkuð stuttir í frv. En þessum frestum hefir yfirleitt ekki verið framfylgt svo stranglega til þessa, og býst jeg við, að svo verði enn. Þó lít jeg svo á, að gott geti verið að hafa þessa fresti lögákveðna fremur stutta, því að þá má altaf ganga eftir, að þeim verði beitt, þar sem aðstæður liggja til og dráttur ætlar að keyra úr hófi. — Það er talsvert til í því, sem hv. frsm. (GÓ) sagði, að þetta er að nokkru leyti að kenna breytingu reikningsársins. Í flestum sýslum vilja menn hafa sýslufundi snemma, t. d. í aprílbyrjun, og þá verða frestirnir að vera svona stuttir.

Út af síðustu orðum hv. frsm. (GÓ) vil jeg taka fram, að jeg er honum algerlega samdóma um það, að sýslunefndarmönnum sje óheimilt að taka meira en hið lögákveðna gjald. Eiga þeir enga heimtingu á meiru en í lögum er ákveðið, og sýslunefndir hafa ekkert leyfi til að samþykkja slík útgjöld.

Einar Árnason: Það eru aðeins tvö eða þrjú atriði, sem mig langar til að segja fáein orð um.

Það er þá fyrst brtt. um að hækka laun oddvita. Fram til ársins 1917

munu þau hafa verið 2 kr. fyrir hvern tug hreppsbúa, en þá hækkuðu þau upp í 3 kr., og við það hefir setið síðan. Stjfrv. vill nú hækka launin upp í 4 kr., og hv. allshn. um enn eina krónu, upp í 5 kr. Það má segja, að þetta sje ekki stórt atriði og að launin sjeu ekki há, þó að þau sjeu hækkuð þetta. En jeg sje samt enga knýjandi ástæðu til að breyta þessu; a. m. k. ætti að vera nóg að fara upp í 4 kr. Mjer er heldur ekki kunnugt um, að neinar kvartanir hafi borist frá oddvitum um það, að starf þeirra væri ekki nægilega borgað. Það virðist líka vera óeðlilegt að fara að hækka þetta svo mikið einmitt nú, þegar mesta dýrtíðin er búin og laun allra annara lækka. Það stingur í stúf við borgun til annara hreppsnefndarmanna, sem ekkert fá, þótt þeir starfi mikið í nefndinni. Fer mikill tími á hverju ári í starf þeirra, ekki síst þar sem það er víða regla, að einn hreppsnefndarmaður endurskoði reikninga hreppsins. Er það mikið verk, ef það er sæmilega af hendi leyst, en fyrir það er engin borgun ákveðin. — Þó að þetta sje ekki stórt atriði, held jeg, að engin ástæða sje til að hækka launin, og get því ekki greitt atkvæði með þessari brtt. hv. allshn.

Annað atriði, sem jeg vildi gera aths. um, er hið sama og hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP) kom fram, sem sagt hið tvöfalda atkvæði oddvitans. Það er alveg rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), að þetta ákvæði virðist ekki hafa komið að sök til þessa. En þar með er ekki sagt, að með breyttri löggjöf á ýmsum öðrum sviðum geti þetta ekki komið að sök hjer eftir. Ef tekið er það dæmi, að 3 menn sjeu í hreppsnefnd, og einn forfallast, — sem hæglega getur komið fyrir, einkum nú, er konur eru skyldaðar til að sitja í hreppsnefnd, — þá verður það oddvitinn, sem einn ræður öllu. — Nú liggur fyrir þinginu frv. til fátækralaga, þar sem meðal annars er lagt svo fyrir, að hreppsnefnd skuli ákveða, hvort sveitarstyrkur skuli talinn afturkræfur eða ekki, en á því veltur aftur það, hvort maðurinn fær að halda kosningarrjetti eða ekki. Um þetta getur orðið ágreiningur á hreppsnefndarfundi, og er ekki lítils virði fyrir styrkþegann, hvernig úrskurðurinn fellur. Sjeu nú aðeins 2 hreppsnefndarmenn á fundi, þá gæti oddviti fengið vald til að skera einn úr um það, hvort einhver maður skyldi halda *mannrjettindum sínum* eða ekki. Það eru þessi nýju lagaákvæði, sem valda því, að mjer finst ærið varhugavert að láta hið tvöfalda atkvæði oddvita haldast.

Þá vil jeg aðeins minnast á þetta atriði um frestina, sem nú er mjög um talað. Það er vafalaust rjett, að þeir eru naumir, en það er ekki gott að gera við því. Það hefir líka sína kosti, að viðkomandi stjórnarvöld hafi aðhald í því efni. En nú hefir mjer dottið í hug, að hjer mætti spara 10 daga, með því að kosnir væru 1 eða 2 yfirskoðunarmenn á reikningana í hverjum hreppi, sem verði þá trúnaðarmenn hreppsbúa og athugi reikningana fyrir þeirra hönd. Í stað þess mætti fella niður að láta reikningana *liggja frammi* hreppsbúum til sýnis í 10 daga. Þessi gamla regla um

framlagning reikninganna er í raun-inni nauða lítils virði, því að sjaldan lítur nokkur maður á reikningana, en í hinu skipulaginu væri miklu meiri trygging. Við þetta ynnust þessir 10 dagar, og yrðu frestirnir þá í raun-inni þeim mun rýmri. Þetta er náttúrlega ekki stórt atriði, en jeg býst varla við, að nokkur hv. þm. finni ástæðu til að breyta stórum atriðum í þessu frv., því að sveitarstjórnarlögin hafa reynst vel í flestum greinum, þótt þau sjeu orðin nokkuð gömul.

Vil jeg loks biðja hv. allshn. að athuga þessi atriði til 3. umr.

Ingvar Pálmason: Jeg get nú ekki sagt, að hv. frsm. allshn. (GÓ) tæki óliðlega í að athuga aths. mínar til næstu umræðu. En jeg fann eigi betur en að hann lýsti yfir því, að sú athugun myndi verða heldur árangurslítil, og að hann teldi svo best, sem komið væri. Þrátt fyrir þessi orð hv. frsm. (GÓ) er það von mín, að bæði allshn. og hv. deild hafi þessa rannsókn og athugun sem nákvæmasta.

Það er einkum eitt, sem mjer hefir þótt á skorta hjá hv. andmælendum mínum, bæði háttv. frsm. (GÓ) og hæstv. atvrh. (MG), að þeir hafa gengið fram hjá aðalatriðunum í ræðu minni. Báðir viðurkenna þeir galla á skipulagi því, er frv. fer fram á, en vilja þó ekki bæta úr þeim, sakir þess að þetta sje afleiðing af breytingu reikningsársins og af öðrum álíka haldgóðum ástæðum. Og af því að jeg hafi verið fremstur í flokki um breyting reikningsársins, finst þeim, að jeg megi sjálfum mjer um kenna og öðrum liggja nær að malda í móinn en mjer. Þetta verð jeg að kalla ljelegar ástæður.

Hið fyrsta, sem jeg vildi nú minnast á, er hið tvöfalda atkvæði oddvitans; (jeg vona, að það valdi ekki misskilningi í hv. deild, þótt jeg nefni það því nafni). Um það sagði háttv. frsm. (GÓ), að það gæti ekki talist hættulegt, sakir þess, að oftast væri oddviti besti maður hreppsnefndarinnar. Þetta er vafalaust rjett, en hitt stendur þar fyrir ómótmælt, að oddviti getur oft ráðið einn öllu um úrslit mála í þriggja manna hreppsnefndum. Ef menn bera svona gott traust til oddvita, væri þá ekki rjett að láta þá hafa tvöfalt atkvæði í öllum málum? Jeg held, að hvernig sem menn velta þessu fyrir sjer, hljóti þeir að sjá, að þetta ákvæði er algerlega óþarft og jafnvel skaðlegt.

Þá eru það frestirnir. Það er viðurkent af hv. frsm. (GÓ), að þeir sjeu of stuttir (**GÓ:** Jeg sagði í stysta lagi), enda þótt hann teldi nauðsynlegt að hafa einhverja takmörkun. Jeg geri ráð fyrir, að ef bæði hv. frsm. (GÓ), hæstv. atvrh. (MG) og háttv. deild athuga þetta í næði, þá hljóti þau að sjá, að þær verða fleiri sýslurnar, þar sem þetta er algerlega óhæft og óframkvæmanlegt. Vil jeg skjóta því til hv. þm., hvort þeir álíti það viðeigandi af hinu háa Alþingi að samþykkja lög, sem það sjálft viðurkennir óframkvæmanleg.

Um hinar litlu aths. mínar um, að rjett væri að greiða endurskoðunarmönnum hreppsreikninga einhverja þóknun fyrir starfa sinn, sögðu bæði hv. frsm. (GÓ) og hæstv. atvrh. (MG), að það væri ófært. Hv. frsm. tók

meira að segja svo djúpt í árinni, að hann sagði, að ef þetta yrði launað, mætti búast við, að hreppsnefndir vönduðu ekki eins val á endurskoðara, heldur mundu þær nota starfann sem hlunnindi handa vinum sínum. Hvað er nú orðið af öllu traustinu á hreppsnefndunum með tvöfalda oddvitann? Jeg sje ekki betur en að það sje farið út um þúfur. — Hæstv. atvrh. (MG) gekk þó feti lengra, því að hann gerði lítið úr starfi þessara manna og sagði, að starf þeirra væri ekki mikið eða mikils virði. Hin „krítiska" endurskoðun væri framkvæmd af sýsluendurskoðendunum, en ekki þessum mönnum. Jeg átti ekki von á, að hæstv. ráðherra sýndi svo mikinn ókunnugleik í orðum sínum. Það er einmitt endurskoðunin í hreppunum, sem víðast má kallast „krítisk", enda hafa hreppsendurskoðendur miklu betri aðstöðu til að endurskoða í sinni sveit en sýsluendurskoðendur, sem oft eru ókunnir högum og háttum hreppsins. Eins og jeg sagði áður, álít jeg þetta trúnaðarstarf og nauðsyn á að búa vel um, að hæfir menn fáist til þess. Þetta starf er víða svo mikið, að það tekur alla vinnu mannanna í 10—11 daga. T. d. í mínum hreppi, þar sem árleg reikningsvelta er yfir 50 þúsund krónur og á 4. hundrað fylgiskjöl með hreppsreikningnum, þar á meðal t. d. margþættir sjúkrahúsreikningar, virðist þetta vera svo mikið starf, að ef hæstv. atvrh. (MG) ætti að leysa það af hendi, mundi hann sjá, að það væri illa leggjandi á einn mann, án þess að *heimila*, að hann fengi þóknun fyrir.

Um frestina er það að segja, að báðir hv. andmælendur mínir viðurkendu, að þeir væru of stuttir. Um það get jeg látið sitja við fyrri orð mín, að jeg held, að frestunum í 39. gr. verði aldrei fullnægt. Og mjer þykir ekki rjett að setja það í lög, sem fyrirfram er víst, að ekki er hægt að fullnægja. Mjer virðist það vera aðalástæðan fyrir því að ákveða frestina svona, að sýslufundir þurfi að vera það snemma, eða síðast í mars. Mjer finst það eðlileg afleiðing af breytingu reikningsársins, að sýslufundir verða að haldast síðar, og sje jeg ekki neitt í vegi, að svo væri gert. Jeg álít, að þar sem búið er að gera þá breytingu á sveitarstjórnarlögunum, að almanaksárið er reikningsár, þá þurfi ekki að halda dauðahaldi í það að hafa sýslufundi í mars eða apríl. Mjer vitanlega eru engin lagaboð um að halda þá á þeim tíma, en það mun vera venja. Mjer finst sú breyting leiða af þessu, að sýslufundi verði að halda síðar, og sje jeg heldur ekkert á móti því. Jeg tel það miklu ráðlegra en að fara að setja í lög þau ákvæði, sem vitanlegt er fyrirfram, að ekki er hægt að framkvæma. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ganga mætti alveg út frá því, að þessum ákvæðum yrði ekki fylgt strangt eftir. Jeg segi það nú rjett eins og er: Þau ákvæði vil jeg ekki setja í lög, sem jeg ætlast ekki til, að farið sje eftir.

Hæstv. atvrh. (MG) kom með dæmi til þess að sýna, að ákvæðið um tvöfalt atkvæði oddvita væri nauðsynlegt og jafnvel óumflýjanlegt. Kvað hann mitt ráð ekki duga, ef taka þyrfti ákvörðun um þurfamannastyrk. Mjer finst mitt ráð duga vel. Þá verða ekki slíkar mikilsvarðandi ákvarðanir tekn-

ar, nema öll nefndin sje viðstödd. Það er þá ekkert annað en boða til fundar á ný. Þegar svo er ástatt, að atkvæði eru jöfn, þá er það mín meining, að ágreiningsatriðið yrði tekið upp strax, þegar hreppsnefnd er svo skipuð, að hægt er að taka fullnaðarákvörðun um málið. Jeg get ómögulega annað sjeð en að það sje dálítið vafasamt að gefa oddvitum þetta tvöfalda atkvæði. Því verður sem sje ekki neitað, að tímarnir eru nú töluvert breyttir. Og þótt það kunni að vera rjett, að það hafi aldrei komið að sök, — sem jeg hefi engar sannanir fyrir, — þá leiðir ekki þar af, að við eigum að bíða þangað til hægt er að sanna á Alþingi, að í svo og svo mörgum tilfellum hafi verið tekin ramskökk ákvörðun fyrir þetta ákvæði. Ef ákvæðið er ekki nauðsynlegt, þá er ekki rjett að láta það standa.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira, en vænti þess, að hv. allshn. athugi þetta rækilega. Vildi jeg sjerstaklega biðja hana í sambandi við aths. mínar um frestinn að athuga póstgöngur landsins og sjá, hve mörgum sýslum á landinu væri hægt að fullnægja með þessu ákvæði. Jeg er ekki nægilega kunnugur nema í þessari einu sýslu, en þar er þetta líka alveg óframkvæmanlegt. En jeg hygg, að svo muni vera í þeim flestum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi altaf viðurkent, að fresturinn er knappur. Ástæðan til, að svo er lagt til í frv., er sú, að jeg vil gera þeim sýslum til geðs, sem langar til að halda sýslufundi snemma. Jeg sje ekki, að það sje nein goðgá, þótt maður segi, að þar, sem enginn kærir sig um að hafa sýslufund snemma, verði ekki fast gengið eftir ákvæðinu.

Jeg verð að segja, að ef aldrei á að senda brjef út um sveitir nema með pósti, þá getur afgreiðsla oft gengið seint hjá sýslumönnum. Að minsta kosti veit jeg, að jeg sendi venjulega ekki brjef með pósti, þegar jeg gegndi þeim störfum. Til sýslumanna koma á viku hverri menn svo að segja úr öllum hreppum sýslunnar, eða þannig er það þar, sem jeg þekki til. Og þá er ósköp hægt að nota slíkar ferðir. Það þarf því ekki að miða eingöngu við póstferðir.

Annars vil jeg í þessu sambandi geta þess, að það er vel athugandi tillaga hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), hvort ekki mætti sleppa þessari framlagningu reikninganna í hreppunum; því að jeg er honum sammála um, að hún er mjög lítils virði. Það er efamál, hvort ekki sje hægt að vinna nægan tíma með því að láta hreppsreikningana ekki fara strax til sýslumanna, heldur beint til yfirskoðunarmanns þess, sem sýslunefnd hefir kosið. Jeg hefi — eins og jeg tók fram — altaf viðurkent, að fresturinn væri stuttur, þótt jeg álíti víðast hvar hægt að komast af með hann, og vildi jeg því mælast til, að hv. nefnd athugaði þessa till. til 3. umr.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) þótti ilt, að jeg skyldi segja, að það væri ekki „kritisk" endurskoðun, sem fer fram heima í hreppunum. En jeg fer eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi sjálfur í þeim efnum. Það hefir sem sje oft komið fyrir, að miklar athugasemdir eru gerðar eftir að endurskoðun hafði

farið fram heima í hreppunum. Jeg hefi altaf litið á þessa endurskoðun til þess gerða, að hreppsbúum yfirleitt gæfist kostur á að sjá og fylgjast með, hvernig fjárreiðunum er stjórnað, en alls ekki sem „krítiska" töluendurskoðun.

Þá vík jeg að ákvæðinu um oddvitann. Jeg verð að segja, að það er að gera undantekningar að reglu, þegar hv. þm. (IP) vill láta líta svo út, að yfirleitt geti oddviti afgert mál einsamall. Fyrst og fremst er þess að gæta, að í fáum hreppum eru hreppsnefndarmenn aðeins þrír. Þar af leiðandi getur það ekki komið fyrir nema tiltölulega sjaldan, að oddviti afgreiði einn þessi mál. En jeg vil spyrja: Hver á að ráða máli til lykta, ef ekki eru nema tveir menn á fundi og þá greinir á? Það nægir alls ekki að segja eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP), að ekki sje annað en að kalla saman annan fund. Vel getur verið, að þriðji nefndarmaðurinn sje forfallaður. Og víst verður að sníða þessi lög þannig, að það megi samkvæmt þeim afgera mál á þeim tíma, sem önnur lög mæla fyrir. Því að eins og hv. þm. (IP) er kunnugt, þá þurfa hreppsnefndir oft að svara ýmsum erindum innan ákveðins tíma samkvæmt fátækralögunum. Hvernig á að fara að, þegar aðeins tveir eru á fundi og annar segir já, en hinn nei? Þriðji maðurinn getur verið í löngu ferðalagi eða veikur, eða jafnvel dáinn, svo að ómögulegt er að ná honum á fundinn. Lögin verða að sjá fyrir einhverjum útvegi undir þessum kringumstæðum.

Hv. þm. (IP) sagði, að ekki væru komnar neinar sannanir fyrir því, að þetta ákvæði hefði ekki komið að sök. En sönnunarskyldan hvílir á þessum hv. þm. sjálfum, en ekki á okkur, sem viljum halda þessu 50 ára gamla ákvæði og virðist það vera nauðsynlegt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað hv. 2. þm. S.-M. (IP) nægilega, svo að jeg þarf einungis að segja nokkur orð til hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Hann fór varlegum orðum um það, að varhugavert væri að auka oddvitalaunin eins mikið og nefndin fer fram á. En jeg var búinn að færa nokkur rök fyrir því, að launin mundu ekki verða of há yfirleitt fyrir jafnmikið starf og oddvitastarf er. Hv. þm. sagði, að þar, sem hann þekti til, væri gott að fá oddvita — og líklega þá alla jafngóða. En jeg tel, að launahækkunin verði heldur til þess, að menn geti trygt sjer sæmilega oddvita. Það skiftir hvert sveitarfjelag miklu, hvort það hefir góðan oddvita eða ljelegan.

Sami hv. þm. (EÁ) sagði, að aðrir nefndarmenn yrðu að vinna sín störf fyrir engin laun, og er það rjett. En þar, sem jeg þekki til, eru störf hreppsnefndarmanna ekki sambærileg við störf oddvita. Þeir eyða auðvitað dálitlum tíma á fundum, en annað er það heldur ekki.

Jeg gat um það í fyrstu ræðu minni, að ef oddvitar fengju innheimtulaun sjerstök, þá myndi það margfalda laun þeirra. Innheimtulaun myndu varla verða ákveðin svo lág, að þau verði ekki tvöfalt eða þrefalt hærri en oddvitalaun, eftir því sem sveitagjöld eru nú orðin há. En verði laun oddvita hækkuð eftir tillögu nefndarinnar, minkar eða hverfur með öllu

ástæðan til þess að borga þeim innheimtulaun. Jeg á heima í litlum hreppi, en þar eru þó útgjöldin orðin á 10. þús. kr. Svo að það sjá allir, að það þarf ekki svo háar prósentur af slíkri upphæð til þess að vega á móti þessari hækkun á oddvitalaununum.

Þá sagði hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að það væri mikið starf að endurskoða sveitarsjóðsreikningana. Getur verið, að svo sje í sumum hreppum, en ekki er það mikið starf þar, sem jeg þekki til. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) taldi þetta aftur á móti geysimikið starf, en hann hafði líka sinn hrepp, sem mjög er fjölmennur, sjerstaklega fyrir augum. Það er víst óvíða eins mikið og þar. (**IP:** Í Borgarfjarðar- og Árnessýslum). Jeg er viss um, að það er afaróvíða eins mikið starf og hv. þm. segir það vera hjá sjer.

Þá talaði hv. þm. mikið um tvöfalt atkvæði og komst svo langt, að hann kallaði oddvitana tvöfalda. Ef hv. þm. heldur, að oddvitarnir verði persónulega tvöfaldir fyrir þetta, þá er náttúrlega skiljanleg afstaða hans hvað þetta atriði snertir.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) var líka að hafa eitthvað á móti þessu tvöfalda atkvæði. Taldi hann, að þetta færi fremur að koma að sök við breytta löggjöf, og átti víst þar við, að konur gætu verið í hreppsnefnd. Jeg á nú eftir að sjá það, að konur sæki ekki eins vel hreppsnefndarfundi og karlmenn. En ekki þar fyrir; jeg man vel eftir skoðun hans á kvenfólkinu í fyrra, og gæti jeg eftir því hugsað, að þessum hv. þm. þætti hreint ekki ver farið, þótt þær vantaði á fundi, því að þær hefðu hvort sem er ærið lítið af viti að segja um málin.

Þá var hv. 2. þm. S.-M. (IP) að taka til dæmis, hvað það væri slæmt, ef oddviti hefði tvöfalt atkvæði, þegar ætti að ákveða um sveitarstyrk, hvort hann væri endurkræfur eða ekki. Þesshátt mál um má sjálfsagt fresta þangað til allir nefndarmenn geta sótt fund. (**IP:** Ekki víst, að þeir kæri sig um það). Jeg er annars alveg hissa á þessum spenningi móti þessu atkvæði. Hvers vegna hefir hv. þm. getað látið þetta vera á undanförnum árum samviskunnar vegna? Hann hefir þó komið með frv. um breytingar á sveitarstjórnarlögunum, en látið þetta alveg eiga sig. Þetta virðist hafa dottið ofan í höfuðið á hv. þm. á sömu stundu. Það má vera, að í gömlum lögum sjeu oft ákvæði, sem verða óþörf með tímanum. En meðan þeir, sem mest hafa móti þessu ákvæði, geta ekki komið með neitt dæmi um, að það hafi komið að sök í nokkra tugi ára, sem það hefir gilt, þá er jeg ekki svo hræddur við það.

En viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir athugað um frestinn — sem öllum kemur saman um, að sje of stuttur, — að kjósa tvo endurskoðunarmenn, þá virðist mjer hans skilningur rjettur, þar sem hann ætlast til, að hreppsfundur kysi þá, en ekki hreppsnefnd, og einnig að slept væri að leggja fram reikningana. Þetta tel jeg til bóta. Jeg er hv. þm. sammála um, að það eru svo sárafáir, sem líta á sveitarsjóðsreikningana, að það skifti litlu máli, hvort þeir eru lagðir fram eða ekki. Gæti það eins

komið í staðinn, að allir hreppsbúar kysu endurskoðendur, annaðhvort einn eða tvo.

Einar Árnason: Það eru nokkur orð út af því, sem jeg hreyfði hjer áðan, að hætt væri við að leggja fram hreppsreikningana í 10 daga. Mjer skilst, að bæði hæstv. ráðh. (MG) og hv. frsm. (GÓ) muni kannske geta fallist á það. Þætti mjer gott, ef hv. frsm. (GÓ) vildi hreyfa þessu máli í nefndinni, ef hún svo vildi koma með brtt. í þessa átt til næstu umr. Annars myndi jeg gera það, ef nefndin vildi ekki sinna því.

En svo var það, að hv. frsm. (GÓ) þóttu ástæður mínar fyrir því að vera á móti tvöfalda atkvæðinu lítils virði. En mjer dettur í hug, að hv. frsm. (GÓ) ætli að fara eitthvað að bæta úr því, sem hann gerði í fyrra, með því að hann var einn af helstu hvatamönnum þess að undiroka konur, þannig, að þær gætu ekki losnað við að vera í hreppsnefnd. Má vera, að hann vilji nú bæta úr þessu, með því að hækka laun oddvita sem mest, með það fyrir augum, að oddvitastörfin lendi fljótlega á konum. Þá gæti jeg vel skilið hann og gæti vel verið með því, að þær fengju jafnvel hærri laun sem oddvitar en karlmenn, því jeg efast ekki um, að þau störf verði þeim erfiðari yfirleitt en karlmönnum. Finst mjer það vel farið, að þeir, sem sóttu fastast þetta mál í fyrra, fari þarna að bæta ráð sitt.

Um þetta tvöfalda atkvæði oddvita má altaf deila. En þar sem engin brtt. liggur fyrir um það, þá sje jeg ekki, að það þýði nokkuð við þessa umræðu að halda áfram umræðum um það.

Ingvar Pálmason: Það er út af ummælum hæstv. atvrh. (MG). Hann virtist gera ráð fyrir, að hægt væri — og jafnvel ætti að gera það, — að senda sveitarsjóðsreikninga á skotspónum. En jeg segi fyrir mitt leyti, að öll árin, sem jeg var oddviti, hafði jeg þann sið, ekki einungis að senda þá með pósti, heldur altaf í ábyrgðarpósti. Jeg hygg, að flestir, sem með þessi mál fara, vilji ekki eiga á hættu að senda slík skjöl með skottuferðum, því að það gæti verið ónotabaggi, ef alt tapaðist. Þetta sýnir gallana á þeim ástæðum fyrir því að halda fram þessum fastákveðna fresti, sem er viðurkendur alt of stuttur.

Háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) var að furða sig á, að jeg skuli ekki hafa komið fyr með brtt. á þessu ákvæði sveitarstjórnarlaganna en nú. Háttv. þm. er kunnugt um það, að gagngerð breyting á sveitarstjórnarlögunum hefir ekki legið fyrir fyr en nú. Breytingarnar, sem áður hafa verið gerðar, hafa verið á einstökum atriðum, en það hafa alls ekki verið neinar gagngerðar breytingar.

Þá er framlagning sveitarsjóðsreikninga. Mjer heyrast ýmsir, sem hjer hafa talað, hallast að því að nema úr lögunum þá skyldu að leggja sveitarsjóðsreikningana fram um nokkurn tíma. Ekki get jeg fallist á það. Jeg tel það óheppilega ráðstöfun og tel nær að bæta úr hinum stutta fresti, sem allir viðurkenna, að er alls ónógur.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er aðeins út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði um hækkun oddvitalauna. Jeg held jeg hafi skilið hann rjett, að hann áliti, að þessi hækkunartillaga frá nefndinni stafaði af því, að við byggjumst brátt við konum í oddvitastöður; þeim myndi veitast starfið svo erfitt, að ekki veitti af launabót. Eftir þessari skoðun hv. þm. býst jeg við, að hann vildi launa hæst ljelegum oddvitum, körlum eða konum. Hann myndi þá sennilega vera með því, að sæmilegir oddvitar fengju 4 kr. fyrir hvern tug hreppsbúa, en ljelegir oddvitar eitthvað hærra, svo sem 5 kr. En jeg kann ekki við að setja þetta svo fram á pappírnum. Og jeg vil halda því fram, að oddvitastörfin munu ekki verða lakar unnin, þótt konur gegni þeim, heldur en þau hafa verið nú hjá sumum karlmönnum.

Jóhannes Jóhannesson: Ef það atriði í breytingunum á ákvæðum 21. greinar þessa frv., sem hjer liggur fyrir, nær samþykki, að hreppsbúar kjósi þá innansveitarmenn, sem endurskoða eiga sveitarsjóðsreikningana, í staðinn fyrir að hreppsnefndin kjósi þá, þá yrði að halda hreppsfund milli 15. og 20. febr., til þess að kjósa mennina. Býst jeg við, að það þætti mjög óheppilegur tími til sveitarfundarhalds. Að minsta kosti mundi þeim ekki þykja æskilegt að sækja fund á þessum tíma, sem telja óhæft að hafa kjördag fyrsta vetrardag.

Jeg held því, að það sje ekki svo auðhlaupið að því að gera þessa breytingu eins og mönnum kann að virðast í fljótu bragði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn 1. kafla samþ. án atkvgr.

5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

12.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 53,1 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, J-Bald, JJ, JKr.

nei: MK, BK, EÁ, HSteins.

Tveir þm. (JÞ, EJ) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

24.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 53,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 53,2.b samþ. með 10 shlj. atkv.

30. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

31.—35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 53,3 samþ. með 7:4 atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

37. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 53,4 samþ. án atkvgr.

38. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

39.—43. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 53,5 samþ. með 10 shlj. atkv.

44. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

45.—52. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn 2. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 53,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

53. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

54. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn 3. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 66, 71, 76).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 76. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Allshn. hefir nú komið fram með nokkrar breytingar við 25. gr. frv. Við 2. umr. kom það í ljós, að sumum hv. þdm. þótti einna lakast, hvað frestir þeir, er frvgr. ræðir um, væru stuttir. Nefndinni var ljóst, að þeir væru í stysta lagi, og ljet þess þá getið. Hefir hún nú hallast að því, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) benti á, að nokkuð mætti rýmka til með því að hætta við það skilyrði, að reikningarnir lægju frammi vissan tíma, hreppsbúum til sýnis. Þessi brtt. nefndarinnar á þskj. 71 fer fram á þá breytingu.

Þá vill nefndin gera þá breytingu, að í stað þess að hreppsnefnd hefir nú kosið mann annaðhvort innan nefndar eða utan til þess að endurskoða reikningana, þá sje sá maður kosinn af hreppsbúum á hausthreppaskilum. Það er þægilegast að kjósa manninn á einhverjum þeim fundi, sem haldinn er hvort sem er.

Ef þessar till. nefndarinnar verða samþ., þá vinst það, að fresturinn, sem endurskoðendur hafa til þess að athuga reikningana, lengist um 5 daga, eftir b.-lið brtt., og sömuleiðis hinn fresturinn, að í staðinn fyrir að senda oddvita sýslunefndar reikningana fyr- 15. febr., verði það 10. febr. Svo að hvor þessara fresta lengist um 5 daga. Og það finst mjer nægileg rýmkun.

Jeg hygg jeg hafi getið um það við síðustu umr., að jeg teldi engu verulegu slept, þótt allir hreppsbúar ættu ekki aðgang að reikningunum. Þótt einstöku maður líti á þá, er það samt mjög óalment. Mjer finst það gæti komið í þess stað, að allir hreppsbúar kysu endurskoðanda. Tækju þeir að sjálfsögðu þann mann, sem þeir treystu vel til að sjá, ef eitthvað væri athugavert við reikningana eða meðferð nefndarinnar á fjármálum sveitarinnar.

Svo eru komnar brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (IP). Fyrri till. miðar að því að fella niður það ákvæði, að atkvæði oddvita ráði, ef atkv. eru jöfn. Þetta ákvæði, sem lengi er búið að standa, ætlar háttv. þm. (IP) að fella niður, en ætlar hinsvegar ekki að meinast við því, að samskonar ákvæði komist inn í lögin um sýslunefndaroddvita. Jeg býst við, að nefndin haldi sig við sína skoðun, að vilja láta þetta ákvæði standa áfram í frv. Annars hefi jeg ekki haft tíma til að bera mig saman við nefndina um brtt., því að þær komu ekki fyr en nú á síðustu stundu. En jeg þori að slá því föstu fyrir hönd nefndarinnar, að hún leggur á móti fyrri brtt. Hin virðist mjer ósköp meinlaus, og ef til vill til bóta.

Ingvar Pálmason: Hvað snertir brtt. þær, er allshn. leggur til um frumvarp þetta, þá tel jeg þær til bóta; munu

þær og fram komnar af þeim aths., sem gerðar voru við 2. umr. málsins. Fyrstu brtt., um kosningu endurskoðenda sveitarsjóðsreikninganna, tel jeg alveg í rjettum anda. Jeg hygg, að það sje alveg rjett, að það eigi að vera hlutur hreppsbúa, enda þótt það kunni að vera þægilegra, að hreppsnefndin framkvæmi kosninguna.

Viðvíkjandi till. þeirri, er jeg hefi leyft mjer að bera fram við þessa 3. umr., vil jeg segja nokkur orð til árjettingar. Eins og hv. deild er kunnugt, þá var aðalástæðan fyrir því, að jeg var því mótfallinn, að oddviti hefði tvöfalt atkvæði, þegar því væri að skifta, sú, að jeg þóttist geta sýnt fram á, að þau tilfelli gætu komið fyrir, að mikill minni hluti hreppsnefndar gæti með þessu fyrirkomulagi ráðið úrslitum mikilvægra mála. Jeg held þessu hafi ekki verið mótmælt ennþá. Jeg mun aðallega hafa tekið dæmi af 3 manna hreppsnefnd. En jeg get gjarnan tekið dæmi af 7 manna nefnd. Er áreiðanlegt, að þá fer ver, en ekki betur. Lögin ákveða, að hreppsnefndarfundur sje lögmætur, ef 4 mæta. Sje þessu ákvæði framfylgt, getur svo farið í 7 manna nefndinni, að tveir menn ráði úrslitum máls. Þá tel jeg nokkuð langt gengið. Það er viðurhlutamikið að láta 2 menn úr 7 manna nefnd — þótt góðir menn sjeu, — hafa vald um úrslit mála. Og ekki er hægt að neita, að svona getur þetta farið. Jeg álít þetta svo meinlegan galla, að þrátt fyrir það að þetta hefir staðið í lögum í ein 60—70 ár, þá sje ekki áhorfsmál að leiðrjetta það. Jeg get ekki heldur sjeð, að af þessari breytingu þurfi að leiða neitt tjón fyrir sveitarfjelög. Afleiðingin af breytingu minni verður ekki önnur en sú, að þegar ekki mæta nema 4 af 7 nefndarmönnum, þá verður málum ekki ráðið til lykta í það sinn, ef 3 verða ekki sammála. Minni kröfu er tæplega hægt að gera en að minsta kosti ekki færri en 3 menn af 7 ráði úrslitum um málefni hreppsins.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta; hygg, að það sje ljóst og hafi komið skýrt fram hjá mjer bæði við 2. umr. og nú, að þetta ákvæði sje varasamt, enda þótt það sje búið að standa í lögum 60—70 ár.

Um síðari brtt. sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða. Hún er aðeins í sama anda og þær brtt., sem allshn. hefir komið fram með um að lengja frestinn. Vænti jeg þess, að háttv. allshn. leggi ekki á móti þessari till. Jeg skal játa, að jeg vildi ganga feti framar í að lengja þennan frest, en kaus heldur að fá þessa breytingu en enga. Samkv. því, sem hv. allshn. hefir lagt til viðvíkjandi 25. gr., geri jeg eindregið ráð fyrir, að hún fallist á þessa till. mína.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal strax taka það fram, samkv. þeim ummælum, sem jeg hafði við 2. umr., að jeg hefi enga athugasemd að gera við brtt. frá hv. allshn. Þó er jeg ekki viss um, að brtt. undir b.-lið þyrfti að samþykkja, en geri það ekki að neinu kappsmáli.

Út af seinni brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP), við 39. gr., skal jeg segja það, að jeg sje ekki ástæðu til að leggja á móti henni. Hún þýðir ekki annað en það, að sýslufundur getur ekki orðið fyr en fyrstu dagana í apríl, í staðinn fyrir þegar eftir 20. mars. Jeg

viðurkenni, að það var rjett hjá hv. þm., sem hann hjelt fram við 2. umr., að þessir frestir væru nokkuð stuttir, þótt jeg áliti, að í flestum eða öllum sýslum væri hægt að komast af með þá.

Öðru máli er að gegna um fyrri brtt. háttv. þm. (IP). Eins og jeg tók skýrt fram við 2. umr. — og einnig háttv. frsm. — þá get jeg ekki sjeð, að ástæða sje til að fella niður þetta ákvæði, sem búið er að standa í lögum í 55 ár án þess að nokkuð hafi verið að því fundið. Reyndar væri það út af fyrir sig ekki afgerandi, að ekki hafi verið að fundið; en jeg undirstrika það, sem jeg sagði við 2. umr., að jeg get ekki sjeð, hvernig á að fara að, þegar þau mál koma fyrir hreppsnefnd, sem ekki þola bið. Því er ómögulegt að neita, að oft geta komið mál til atkvæða og úrslita á fundi, þar sem tveir eða fjórir hreppsnefndarmenn eru til staðar, — mál, sem lögum samkvæmt verður að afgreiða á vissum tíma. Hv. þm. (IP) segir, að það megi kalla saman fund á ný. En hvernig á að fara að, þegar einn af þremur hreppsnefndarmönnum er dáinn, í útlöndum, veikur eða á öðru landshorni og þar fram eftir götum? Þá er það ekki mögulegt að kalla saman fund innan þess tíma, er lög ákveða, að svara skuli ýmsum erindum, t. d. kröfu um viðurkenningu á sveitfesti, kröfu um lögmæt gjöld o. fl. Slíkum málum er ekki hægt að fresta. Og ef brtt. hv. þm. verður samþ., getur auðveldlega farið svo, að þau mál verði ekki afgreidd á þeim tíma, er lög krefja. Jeg heyrði því ekki mótmælt við 2. umr., að þetta gæti komið fyrir. Hv. þm. virtist sjá þetta, en hann kom ekki með nein ráð til að bæta úr því. Hreppsnefndir liggja undir sektum, ef þær afgera ekki mál innan ákveðins tíma, og ef löggjöfin sjer ekki um meðul til þess, að það sje mögulegt, þá tel jeg hana algerlega óforsvaranlega.

Hv. þm. (IP) talaði um, að tveir af sjö gætu ráðið úrslitum mála. Það er rjett athugað. En svona er þetta víðar. Hvernig er um frv. í sameinuðu þingi? Þar getur eitt einasta atkvæði ráðið því, hvort heill frumvarpabálkur verður að lögum eða ekki. Svona er þetta alstaðar, þar sem atkvæðamagn ræður. Meiri hluti þeirra, sem við eru í hvert skifti, ræður úrslitum. Ef einn þingmaður er veikur einn dag, getur það valdið öðrum úrslitum máls en ella. Það er ekki verra að láta þetta koma fram þar, sem hreppsnefnd á í hlut, heldur en þar sem um stærstu löggjafar-atriði er að ræða.

Jeg legg því eindregið á móti brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP). Jeg get ekki sjeð þarna neina hættu fram yfir það, sem svo víða á sjer stað í viðskiftalífi og opinberu lífi, og tel óþarft að gera sjer grýlur út af þessu atriði. Ennfremur vantar alveg að benda á, hvaða aðferð á að hafa, þegar svo stendur á, að löggjöfin skipar að úrskurða fyrir vissan tíma, en aðeins 2 menn geta mætt á hreppsnefndarfundi og þeir eru ósammála.

Ingvar Pálmason: Jeg geri ráð fyrir, að það beri ekki mikinn árangur, þó að jeg svari hæstv. atvrh. (MG), enda þótt mjer fyndist ræða hans gefa fyllilega tilefni til þess.

Hann hefir, hæstv. atvrh., hvorki nú nje áður neitað því, að þau tilfelli,

sem jeg benti á, væru rjett. Hann viðurkennir, að það geti komið fyrir, að 2 menn af 7 í hreppsnefnd geti ráðið úrslitum mála. Ef þetta er ekki talinn galli, þá mega gallarnir vera nokkuð stórfeldir, ef á að taka þá til greina. Jeg játa, að það er rjett, að það geta komið fyrir mikilvæg mál, sem ekki þola bið. Jeg hugsa, að í flestum tilfellum verði þessir tveir menn sammála, t. d. ef um er að ræða viðurkenningu á sveitfesti þurfamanna, af því að það er altaf bygt á bókfærðum rökum, sem ekki verða hrakin. Ef þá greinir á, þá er komið ágreiningsatriði, sem ekki maður er útilokaður frá að segja um, og er mjög hæpið að gefa einum manni í sjálfsvald úrskurð málsins. En jeg sje ekki, að oft sjeu vandkvæði á að fresta málinu, því að þó að jeg játi, að sveitfestismál þurfamanna þurfi bráðra aðgerða við, er í flestum tilfellum ekki ágreiningur um þau. Aftur á móti getur orðið ágreiningur um það, hvort þurfamannastyrkur sje afturkræfur eða ekki, og jeg tel mjög varhugavert að leggja þann úrskurð í vald eins manns.

Þó að þetta hafi ekki komið að sök hingað til, er að því að gá, að tímarnir breytast, og starfshættir hreppsnefnda eru með þeim hætti nú, að þeir eru ekki eins fullnægjandi nú eins og fyrir 50—60 árum.

Jeg skal ekki þreyta háttv. deild lengi. Jeg vil aðeins taka það fram, að samanburður hæstv. atvrh. (MG) á hreppsnefndum og Alþingi er ekki honum í vil, heldur mjer. Jeg veit ekki til, að nokkur maður á Alþingi, ekki einu sinni ráðherrarnir, hafi þann rjett, sem hreppsnefndaroddvitum er gefinn, $^2/_7$ hlutar Alþingis geta aldrei ráðið úrslitum neins máls. Ef ekki fæst helmingur atkvæða með málinu, er það fallið. Jeg sting upp á í tillögu minni, að eins fari í hreppsnefndinni, og málið falli niður.

Annars læt jeg skeika að sköpuðu með tillögur mínar. Það verður að vera á valdi hv. deildar, hvort þær ná fram að ganga eða ekki.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það fór eins og mig varði, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir ekki svarað því, hvernig á að fara að, þegar mál þarfnast bráðrar úrlausnar. Það er hægt að sekta hreppsnefnd fyrir að gera ekki út um málið, en þó er henni með hans brtt. gert ómögulegt að ráða því til lykta. Svona lagasetning getur ekki átt sjer stað. Það hlýtur hv. þm. (IP) að sjá.

Þegar jeg nefndi Alþingi í þessu sambandi, var það til þess að sýna, að úrslit mála geta oltið á einum manni. **(IP:** Því hefi jeg ekki mælt á móti). Það er einmitt það, sem háttv. þingmaður var að mæla á móti. Oddviti er einn maður alveg eins og þingmaður er einn maður. **(IP:** Jeg þekki engan þann þm., sem hefir tvöfalt atkvæði). Nei, en hann getur með atkvæði sínu ráðið úrslitum mala.

Það var máske óheppilegt dæmi hjá mjer að taka sveitfestismál, en þó hugsa jeg, að oft sje sterkur ágreiningur um þau. Og auðvitað geta altaf komið fyrir ágreiningsmál í hreppsnefnd eins og annarsstaðar, þar sem 1 atkvæði er á móti 1 í þriggja manna nefnd.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. atvrh. (MG) er búinn að and-

mæla hv. 2. þm. S.-M. (IP) svo vel, að jeg hefi þar litlu við að bæta. Þó vil jeg benda háttv. deild á það, sem virðist vera orðið aðalatriðið nú, hvað það er voðalegt, ef 2 menn ráða í 7 manna nefnd. 2 er auðvitað lítill hluti af 7, en eftir till. hv. 2. þm. S.-M. (IP) gætu eftir sem áður 3 menn af 7 ráðið. Það er allur munurinn. Það getur verið ófært, að geta ekki ráðið málum til lykta á fundi, sem meiri hluti nefndar er mættur á. Það væri þá rjettara hjá hv. þm. að vilja, að hreppsnefndarfundir væru ekki lögmætir, nema allir væru mættir. Það gæti auðvitað oft komið fyrir, að kallaðir væru saman fundir til einskis, ef ekki er hægt að ráða málunum til lykta nema því aðeins, að allir sjeu mættir. Enda væri það undarlegt, ef þetta ákvæði yrði svo hættulegt nú, þar sem það hefir staðið í lögunum óáreitt í marga tugi ára. Nei, þarna er um ekkert verulegt að ræða, nema meinloku í höfði háttv. 2. þm. S.-M. (IP).

ATKVGR.

Brtt. 76,1 feld með 8:3 atkv.
— 71,a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 71,b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 71,c samþ. með 11 shlj. atkv.
— 71,d samþ. með 10 shlj. atkv.
— 76,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 78).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Í þingbyrjun var lagt fyrir hv. Ed. frv. til sveitarstjórnarlaga, samkv. áskorun Alþingis 1925. Frv. þetta hefir nú gengið í gegnum hv. Ed. og tekið litlum breytingum.

Jeg þykist ekki þurfa að mæla mikið fyrir þessu frv. Aðeins skal jeg taka það fram, að vegna útsvarslaganna, sem sett voru í fyrra, þá er nauðsynlegt að samþykkja nú á þessu þingi lög í svipaða átt og frv. þetta. Legg jeg svo til, að frv. verði vísað til hv. allshn., þegar lokið er þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 78, n. 155).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að hafa langt mál um frv. þetta. Eins og hv. deild er kunnugt, hefir Ed. haft það til meðferðar og gert á því smávægilegar breytingar frá því, sem það var lagt fyrir deildina. Allshn. hefir komið sjer saman um að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Jeg skal taka það fram út af ákvæðum 3. gr. um breytingar á hreppaskipuninni, að nefndin telur, að þær geti því aðeins farið fram, að hlutaðeigandi hreppsnefndir sjeu því sam-

þykkar. Mjer þætti vænt um að heyra, hvaða skilning hæstv. atvrh. (MG) leggur í þessa grein, og hvort hann álítur ekki, að það þurfi samþykki allra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli, til þess að slíkar breytingar geti fram farið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal leyfa mjer að þakka nefndinni fyrir góða afgreiðslu þessa máls. Jeg er alveg samþykkur þeim skilningi á 3. gr., sem kemur fram í nál. Get jeg sagt það með vissu, að hreppum mun ekki verða skift eða gerð nein breyting á skipun þeirra nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda. Það hefir komið fyrir, að hreppar hafa verið sammála um skiftingu, en ekki um einstök atriði skiftingarinnar, og hafa því lagt ágreining um það á vald stjórnarráðsins. En það kalla jeg að hafi verið samkomulag um skiftingu.

Sama gildir og um breytingar á hreppamörkum, sem reyndar hafa sjaldan komið fyrir. Jeg veit um eitt tilfelli, og þá var auðvitað farið eftir tillögum hlutaðeigandi hreppa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

12.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

31.—37. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

38.—52. gr. samþ. með 16 shlj. atkv. „

53.—54. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78, 195).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Nefndin hefir orðið ásátt um að bera fram brtt. á þskj. 195, viðvíkjandi endurskoðun á fjallskilasjóðum. Í sumum hjeruðum eru þeir allháir, og virðist því rjett að endurskoða reikninga þeirra, alveg eins og hreppareikninga, svo að full skilagrein sje fyrir þeim gerð. Sem stendur eru engin lög um þetta, en brtt. nefndarinnar fer fram á það, að þessar fjárreiður, sem aðrar, sjeu undir eftirliti. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta efni.

Magnús Torfason: Þegar fátækralögin lágu hjer fyrir um daginn, gat jeg þess, að jeg hefði ýmsar athugasemdir við þau að gera, einmitt í sambandi við það mál, sem hjer um ræðir. Þessar aths. voru þó hvorki stórar nje mikilvægar, en um þetta frv. er það sjerstaklega að segja, að jeg sakna þess, að engin breyting skuli gerð á tekjustofnum sveitarsjóða og að verkefni þeirra er ekki heldur breytt. En þegar slíkur lagabálkur sem sveitarstjórnarlög er endurskoðaður, þá hlýtur það að verða eitt af aðalatriðunum, sem til álita kemur, hvernig eigi að skapa sveitarsjóðum það afl, að þeir geti leyst hlutverk sitt af hendi, eða með öðrum orðum, að leysa úr því, hvaðan sveitarstjórnirnar eigi að fá fje til þess. Hjer í frv.

er gert ráð fyrir því, að verkefni sveitarstjórna sjeu hin sömu og verið hefir, og má það að vissu leyti til sanns vegar færast, en þó er það svo í reyndinni, að verkefnin eru ekki hin sömu; þau aukast dag frá degi, eftir því sem menn gera meiri og stærri kröfur, og eftir því, sem hið opinbera seilist lengra og lengra inn í þjóðlífið.

Þegar nú litið er á verkefni sveitarstjórna og hvað sveitarsjóðum er ætlað að vinna, þá verður fyrst fyrir manni barnafræðslan. Að vísu er það nú svo, að lögin gera ekki meiri kröfur til fræðslunnar en áður var af hendi sveitarstjórna, en hitt er víst, að íbúar sveita og sveitarstjórnir gera æ meira ár frá ári til þess að gera fræðsluna sem fullkomnasta og fullnægja fræðslukröfunum sem best. Hitt er líka vitanlegt, að flestar sveitarstjórnir skortir fje til þess að gera þetta eins vel og þær hefðu óskað. Jafnframt er það og sýnilegt, að þetta málefni, barnafræðslan, er svo stórmerkilegt mál fyrir þjóðina í heild, að sjálfsagt er að reyna að sjá sveitarstjórnum fyrir ríflegu fje til hennar.

Þá er kostnaður vegna berklavarnalaganna. Í minni sýslu, Árnessýslu, er hann nú ⅓ hlutinn af öllum gjöldum sýslusjóðs. Sýslusjóðsgjaldið þar er nú um 33 þús. kr. á ári, en berklavarnakostnaðurinn nemur um 12 þús. kr., eða rúmlega ⅓ af því. Auk þess eru ýms önnur útgjöld til heilbrigðismála, sem hafa sívaxandi kostnað í för með sjer, einkum nú hin síðari árin. Má þar meðal annars minnast á hinn aukna kostnað, sem stafar af yfirsetukvennauppbótinni, er samþykt var í fyrra. Með henni er sveitunum talsvert mikið íþyngt. Og til þess að sýna það, hvað sveitirnar verða að leggja mikið á sig vegna heilbrigðismálanna, skal jeg geta þess sem dæmis, að úr sýslusjóði Árnessýslu eru útgjöld til þeirra mála allra fullar 22 þús. kr.

Enn er og eitt ótalið, sem aukið hefir útgjöld sveitarsjóða afarmikið á seinni árum og altaf fer í vöxt. Eins og öllum er kunnugt, hafa vegir innansveita verið troðningar að mestu eða hestagötur og reiðbandsvegir. En jafnframt því, sem ríkissjóður og sýslur hafa látið leggja akbrautir, hafa sveitirnar orðið að gera hið sama. Þær hafa orðið að leggja akbrautir í sambandi við aðalvegina, til þess að geta haft þeirra full not. Þetta er ekki aðeins þarft, heldur einnig bráðnauðsynlegt, og hjá því verður ekki komist. En þessu fylgir afarmikill kostnaður og mikið starf, og þó eru engar vegabætur jafnódýrar og þær, sem sveitirnar gera.

Í þessu frv. er ekki tekið tillit til alls þessa, því að þar er ekki bent á neinar nýjar leiðir til þess að auka tekjur hreppsfjelaganna. Þeim er ætlað, eftir sem áður, að ná fje til nauðsynlegra útgjalda með eintómum beinum tekjum, útsvörum, en það hlýtur altaf að verða takmarkað mjög í fátæku landi, hve miklu er hægt að ná með slíkum beinum tekjum. Jeg verð því að telja það aðalgallann á frv. þessu, að sveitarsjóðunum skuli ekki sjeð fyrir nýjum tekjum. Og í því sambandi verð jeg að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), hvort ekki hafi komið til stjórnarinnar tillögur frá sýslunefndum og sveit-

arstjórnum um það, hvernig eigi að auka tekjur sýslu- og sveitarsjóða. Í minni sýslu var því fast haldið fram, að finna þurfi nýjar tekjulindir til þess að standast hinn sívaxandi kostnað. Menn geta þar ekki greitt hann með útsvörum einum nje öðrum beinum sköttum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Brtt. hv. allshn. á þskj. 195 tel jeg ekki hafa mikla þýðingu, með því að efni hennar er venjulega tekið upp í ákvæði reglugerða. Í frv. þessu, sem hjer liggur fyrir, 15. gr., eru líka ákvæði um það, að hreppsnefndir hafi umsjón með fjallskilum, refaeyðingu o. fl. Hinsvegar vil jeg ekki setja mig sjerstaklega upp á móti því, að þetta ákvæði verði sett inn í frv., ef hv. nefnd leggur kapp á það, þó að jeg telji það eigi nauðsynlegt vegna þess, að þegar sje nægilega sjeð fyrir þessum málum með reglugerðum.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) kvartaði um, að ekki væri sjeð fyrir auknum tekjum sveitarsjóðanna. Jeg álít, að með útsvörunum sje sveitarstjórnum gert mögulegt að auka tekjur sveitarsjóðanna, ef hreppsbúar eru færir um aukna skatta. Á annan hátt veit jeg ekki, hvernig hægt er að bæta úr þessu, nema þá að farið væri út fyrir hreppana með því að leggja á sýslurnar, eða að láta hreppana fá einhvern hluta af tolltekjum, en mjer er ekki kunnugt um, að óskir hafi komið fram um breytingar í þá átt.

Jeg skal viðurkenna, að jeg minnist þess, að komið hafi erindi frá sýslunefnd Árnessýslu um, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að auka tekjur sveitarsjóðanna, en jeg minnist þess ekki, að slíkar óskir hafi borist ráðuneytinu annarsstaðar að. Það er alveg rjett, að störf hreppsnefnda eru altaf að aukast, bæði í fræðslumálum, heilbrigðismálum, vegamálum o. fl. En ef hv. þm. vill líta í 27. gr. frv., þá stendur þar, að hreppsnefndir skuli að öðru leyti sinna þeim störfum, er lög ákveða. Nú stendur svo á, að fyrir þinginu liggja frv. til laga um öll þessi mál, sem hv. þm. nefndi, bæði um fræðslumál, heilbrigðismál og vegamál. T. d. má þar nefna frv. háttv. þm. Dal. (JG) um breyting á fræðslulögunum, frv. um breyting á yfirsetukvennalögunum og frv. um breyting á lögum um sýsluvegasjóði. Það er líka óbeinlínis ljettir fyrir sveitirnar, sem felst í ákvæðunum frá 1923 um sýsluvegasjóði, þar getur sýslan fengið háan skatt af fasteignum. Yfirleitt get jeg því ekki betur sjeð en að sæmilega sje fyrir þessum málum sjeð.

Hákon Kristófersson: Jeg vil byrja með því að biðja velvirðingar á því, að jeg hafði ekki athugað, að þetta frv. væri á dagskrá hjer í dag. Því að ef jeg hefði gert það, mundi jeg hafa komið fram með brtt. og reynt að koma í veg fyrir, að þetta fáránlega frv. næði fram að ganga. Sum ákvæði þessa frv. eru svo afkáraleg, að jeg undrast það, að núverandi hæstvirt landsstjórn skuli hafa gengið frá því. Þessu til sönnunar vil jeg leyfa mjer að benda á ákvæði 30. gr. frv., um það, að sektir megi taka lögtaki í eignum oddvita o. s. frv. Finst mjer það lítil nærgætni gagnvart hreppsnefndaroddvitum að fá sumum sýslu-

mönnum slíkt vald í hendur, því hætt væri við, að þetta gæti orðið mjög tvíeggjað sverð í höndum á mörgum þeim mönnum, sem hæstv. stjórn telur sjer þó skylt að halda í embætti. Jeg tel það skyldu mína sem hreppsnefndaroddvita að vinna á móti því, að óhlutvöndum mönnum sje fengið slíkt vald í hendur, því að geta má nærri, hvernig því mundi verða beitt, ef ósamkomulag eða óvild væri milli oddvita og hlutaðeigandi yfirvalds. Sje það aftur á móti rjett, að ekki muni til þess koma, að slíkum ákvæðum yrði beitt, þá sýnist engin ástæða til að hafa þau í löggjöfinni. Þau hafa líka aldrei verið til áður í sveitarstjórnarlögum okkar í því sambandi, sem þau eiga nú að vera. Jeg vil leyfa mjer að beina því til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá og fresti umræðum um það, svo að jeg fái tækifæri til þess að koma fram með brtt., ef vera mætti, að enn væri unt að leiðrjetta þær hörmulegu misfellur, sem hjer hafa átt sjer stað.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að ræða þetta frekar nú, en vil beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvaða ástæðu hann hafi fundið til þess að hækka laun oddvita úr 3 kr. upp í 4 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Mjer skilst, að hjer hljóti einhver almenn óánægja að hafa verið á ferðinni yfir því, að laun oddvita væru of lág, þó mjer sje ekki kunnugt um það. Það skal að vísu viðurkent, að laun oddvita eru ekki há, en þó svo sje, þá held jeg, að hver góður maður sje fús til að inna þessi störf af hendi fyrir sitt hreppsfjelag, án sjerstaks tillits til þess, hver launin eru, svo fremi þeim sje mögulegt að hafa þennan starfa á hendi. Mjer virðist líka, að það sje tæplega rjettlátt, að oddviti hafi há laun, en hinir nefndarmennirnir alls engin, enda þótt jeg viðurkenni það hinsvegar, að öll helstu störfin, að undantekinni niðurjöfnun, komi á herðar oddvita. Sem sagt, mjer er ekki kunnugt um það og mjer þykir það ótrúlegt, að óskir um launahækkun hafi komið frá oddvitunum sjálfum, og jeg verð að segja það, að mjer kemur þessi hækkunarráðstöfun á óvart, einkum þegar á það er litið, að hún kemur frá núv. hæstv. stjórn, sem jeg tel yfirleitt varfærna í slíkum sökum. Jeg verð að segja það, að ef þetta frv. verður að lögum, tel jeg það ekki annað en auðvirðilega bót á gamalt fat, bót, sem jeg átti síst von á úr þeirri átt, sem þetta frv. kom úr, sem sje frá hæstv. stjórn. Eins og jeg sagði áðan, tel jeg það mjög varhugavert að fá slíkt vald í hendur sýslumönnum eins og þeir eru nú, að þeir geti fyrst ákveðið hreppsnefndum sektir og síðar tekið þær lögtaki í eignum oddvita. Það er að vísu sagt, að slíkum sektardómum megi áfrýja til ráðherra, en það hefir nú stundum verið talsverðum örðugleikum bundið að fá rjetting mála sinna hjá hinu háa stjórnarráði, þó að menn hafi verið ofríki beittir fyrir heimsku og gerræði yfirvalda. Mjer þykir vænt um, að þetta frv. gefur mjer tilefni til að minnast á þetta. Hinsvegar skal jeg taka það fram, að þó að jeg sje ekki sammála hæstv. atvrh. hvað þetta frv. snertir, þá rýrir það á engan hátt það traust, sem jeg ber til hans yfirleitt. Því að

kunnugt má það vera, að jeg er mjög ánægður með þá stjórn, sem nú situr að völdum. (**HStef:** Um þetta ætti að tala á eldhúsdegi). Já, en jeg býst ekki við að taka neinn þátt í væntanlegum eldhúsdagsumræðum. Það verður líklega hv. sessunautur minn (HStef), sem tekur það starf að sjer að ásaka hæstv. stjórn á eldhúsdaginn. Til þess verða aðrir, ef til vill ekki minn kæri sessunautur (HStef), eins og jeg sagði áðan, heldur einhverjir aðrir ennþá óhlutvandari menn.

Jeg vil að endingu leyfa mjer að skora á hæstv. forseta að taka þetta mál af dagskrá nú, eða ef hann er því ekki hlyntur, að bera það undir deildina. Þetta frv. er svo stórkostlega gallað, í þeirri mynd, sem það nú er, að óbreytt má það ekki verða að lögum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skil ekki í því, að þörf sje á að bera þetta undir háttv. deild. Jeg fyrir mitt leyti skal gjarnan leyfa það, að þetta mál sje tekið af dagskrá nú, ef hv. þm. Barð. (HK) hefir ekki haft tíma til að athuga frv. (**HK:** Jeg sagði, að jeg hefði ekki vitað, að þetta mál var á dagskrá). Jeg er hálfhræddur um, að hv. þm. Barð. (HK) hafi sofið illa í nótt; mjer finst hann vera dálítið úrillur. Annars vil jeg benda hv. þm. á það, að sumt af þeim ákvæðum, sem hann talaði mest á móti, hefir nú staðið í lögum í 20 ár, og ef hv. þm. (HK), sem hefir um langt skeið átt sæti í hreppsnefnd, hefir ekki veitt þeim eftirtekt, þá virðist ekki ástæða til að ætla, að þau sjeu mjög varhugaverð. Hvað snertir ákvæði frv. um það, að taka megi sektir lögtaki í eignum oddvita, þá sje jeg ekki, að neitt sje athugavert við það, ef hann á sjálfur sök á vanskilunum. Jeg sje ekki, að nein ástæða sje til að óttast, að þeim ákvæðum verði misbeitt. Jeg vil t. d. benda á ákvæðin um það, að skylt sje að greiða þinggjöldin á manntalsþingum. Mjer er alls ekki kunnugt um, að nokkur sýslumaður hafi misbeitt þeim ákvæðum. Hinsvegar hlýtur hv. þm. að sjá, að einhvern gjalddaga verður að ákveða.

Hv. þm. (HK) talaði um, að frv. væri ekki annað en ný bót á gamalt fat. Jeg get nú ekki sjeð, hvers vegna ætti endilega að breyta öllu, svo að ekkert væri gamalt eftir, jafnvel ekki það, sem verið hefir í gildi í áratugi og aldrei hefir verið fundið neitt að. Um oddvitalaunin er það að segja, að þau voru hækkuð í háttv. Ed. úr 4 kr., sem stjfrv. gerði ráð fyrir, upp í 5 kr., og jeg get sagt hv. þm. það, að margar raddir hafa heyrst um það, að launin væru of lág. Hvort oddvitarnir hafa sjálfir átt þar frumkvæðið eða aðrir hreppsnefndarmenn, get jeg ekki sagt. En það er hægt að sýna ályktanir um þetta efni, sem gerðar hafa verið á hreppsnefndarfundum, en þar er þess ekki getið, hvort oddvitar hafi sjálfir vakið máls á því eða aðrir hreppsnefndarmenn. Störf oddvita eru nú orðin mörg og umfangsmikil, og mjer er kunnugt um, að margir þeirra vilja helst losna við starfann og aðrir ófúsir til að taka hann að sjer.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var fram haldið 3. umr. um frv. (78, 195, 229, 250),

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 250. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að hafa langan formála fyrir minni brtt. Jeg veit, að margir góðir oddvitar gera ekki þær launakröfur, sem vert væri. Býst jeg við, að laun þeirra verði síst of há, þótt þeir fái 1% innheimtulaun í viðbót við föstu launin. Að vísu skal jeg játa það, að sumir hreppar hafa ákveðið innheimtulaun oddvita mun hærri en hjer er lagt til, en í þeim sveitum getur slíkt haldist óbreytt; hjer er aðeins um lágmarksákvæði að ræða. Vegna þeirra hreppa, sem ekki taka upp hjá sjálfum sjer að greiða oddvita aukaþóknun, er tillaga mín nauðsynleg. Margur góður oddviti stynur heldur undir störfunum en að kvarta eða fara fram á launahækkun. Alment eru þessir menn hvorki efnaðir nje hafa mikinn tíma afgangs til opinberra starfa. Það er viðbúið, að bestu menn fáist ekki lengur til oddvitastarfa, ef ekki er launað betur en í frv. er ákveðið. Vil jeg því eindregið leggja til, að þessi leið verði farin, að greiða hundraðshluta af innheimtum útsvörum sem uppbót á launin, en hundraðshluta þennan greiðir oddviti auðvitað innheimtumanni, ef annar maður er tekinn til þess starfa. Hjer er farið fram á 1% sem lágmark, en vitanlega er ekkert því til fyrirstöðu, að greitt verði 2%—3%, ef þess þykir þurfa.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Við síðustu umr. þessa máls komu nokkrir hv. þm. fram með athugasemdir við þetta frv., sjerstaklega hv. þm. Barð. (HK). Það er auðvitað ekkert athugavert við það, að þm. geri sínar aths. við þau mál, sem fyrir liggja, en óneitanlega hefði farið betur á því í þetta skifti, að þær hefðu komið fram fyr en við 3. umr.

Jeg skal þá snúa mjer að þeim brtt., sem fyrir liggja. Allshn. hefir fallist á breytingu þá, sem hv. Ed. gerði á launum oddvita, og getur ekki aðhylst brtt. hv. þm. Barð. Störf oddvita eru nú orðin svo mörg og mikil, að það vill víða fara svo, að hæfustu mennirnir í hverri sveit fást ekki til að gegna þeim, með því að launin eru sáralítil. Þetta er vitanlega mjög óheppilegt fyrir sveitirnar, að þeir, sem eru hæfastir til að gegna þessum störfum, losa sig við þau eða skorast undan að taka við þeim. Jeg hygg því, að það sje mjög hyggilegt að hækka laun oddvita eins og hjer er farið fram á, enda er svo í hóf stilt, sem verið getur. Jeg álít, að þetta starf sje þess virði, að launin sjeu hækkuð eitthvað. Annars skal jeg taka það fram, að jeg þekki víða til, þar sem oddvitum eru greidd mun hærri laun en lög standa til. Þetta hækkunarákvæði kemur auðvitað ekki til greina nema þar, sem greitt hefir verið minna, og er í þeim sveitum nauðsynleg vernd. Um aðrar brtt. háttv. þm. Barð. (HK) er sama að segja. Allshn. getur ekki fallist á þær. Hv. þm. vill draga úr afskiftum sýslunefnda af hreppsnefndum og að þær sjeu alveg einráðar um sín mál. Þetta er nú líka yfirleitt svo, en mjer finst það ekki nema rjettmætt, að ef hreppsfjelög ætla að ráðast í eitthvað, sem fjárframlög þarf til, að þau þurfi að leita samþykkis sýslunefnda. Enda er það

svo, að ef hreppsbúum er mikil nauðsyn á einhverju slíku máli og þeir eru nokkurnveginn einhuga um það, þá geta sveitarfjelögin haft sitt mál fram án samþykkis sýslunefnda.

3. brtt. sama hv. þm., um að 30. gr. falli burtu, eða til vara, að ákvæði greinarinnar um sektir falli niður, getur allshn. heldur alls ekki fallist á. Mjer heyrðist á hv. þm. Barð. (HK), að hann bæri ekki fult traust til sýslumanna og að hann óttaðist, að þeir kynnu að misbeita valdi sínu í þessum efnum. Þessu hefir ekki verið misbeitt þar, sem þessi ákvæði hafa verið í lögum, t. d. fátækralögunum, og verður maður að ganga út frá, að það eigi sjer ekki stað. (**HK:** Hefir þetta verið í lögum?). Sem sagt, nefndin hefir ekki getað fallist á þessar brtt. hv. þm. Barð. (HK).

Þá hefir hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) borið fram brtt. á þskj. 250, um það, að auk þessara launa skuli oddvitar fá 1% af innheimtum útsvörum. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um þessa till., sem fyrst var útbýtt nú á fundinum. Jeg get því ekki sagt hjer neitt fyrir hönd nefndarinnar um þetta atriði. Jeg hygg, að það skifti í rauninni ekki svo miklu máli, hvort þessi brtt. verður samþykt eða ekki.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg þarf að minnast á út af brtt., sem allshn. flytur, en sætti andmælum frá hæstv. atvrh. (MG).

Í þeim lögum, sem gilt hafa til þessa, eru engin ákvæði um, að fjallskilareikningar skuli endurskoðaðir eins og sveitarreikningar, og upp í þetta frv. eru ekki heldur tekin nein slík ákvæði. En það er mikið fje, sem fer í fjallskilasjóð, þótt aðeins sje um einn hrepp að ræða, hvað þá ef tveir eða fleiri hafa fjallskil saman. Því hefir allshn. þótt rjett að fyrirskipa í lögum, að þessir reikningar verði endurskoðaðir eins og sveitarreikningar, og þykir henni þannig tryggilegar um þetta búið en í frv. Hæstv. atvrh. (MG) vitnaði í 15. gr. frv. því til sönnunar, að þetta væri óþarft. Samkvæmt 15. gr. á hreppsnefnd „að sjá um notkun afrjetta hreppsins og fjallskil, rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna, og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eftir því, sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.“ Um reikningsskil eða endurskoðun er ekki orð í frv. — Jeg tel því, að brtt. á þskj. 195 sje til bóta, og vænti þess, að hv. deild geti fallist á hana.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vildi stuttlega drepa á. Háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að allshn. hefði ekki komið með neinar till. um að afla sveitarsjóðum nýrra tekna. Þetta er rjett, og jeg vil aðeins lýsa yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að með svo naumum tíma, sem hún hafði til starfa, treysti hún sjer ekki til að bera fram neinar slíkar tillögur. Finst mjer ekki heldur slíks að vænta, því síður sem í umr. hefir hingað til ekki verið bent á neina nýja tekjustofna. Þetta atriði verður því að bíða betri tíma.

Hákon Kristófersson: Jeg á brtt. við þetta frv. á þskj. 229. Hv. frsm. (JörB) hefir nú farið um þær nokkrum orðum og lýst því, að hv. nefnd

gæti ekki fallist á þær. Hún um það, jeg verð að halda því fram, að mín skoðun eigi ekki minni rjett á sjer fyrir því. Hv. frsm. sagði fyrst, að æskilegt væri, að brtt. kæmu fram fyr en við 3. umr. mála. Jeg fæ nú ekki sjeð, hvaðan hann ætti að hafa vald til að takmarka tillögufrelsi manna. (**JörB:** Jeg þykist ekki hafa það). Þá var líka aths. hv. þm. óþörf. Jeg veit ekki betur en að 3 umr. sjeu hafðar um mál til þess, að þau sjeu sem gaumgæfilegast athuguð og mönnum gefist sem lengstur tími til að koma fram með brtt. sínar. Þess vegna vona jeg, að hv. þm. (JörB) álíti sig ekki stórlega móðgaðan, þótt jeg þykist hafa óbundnar hendur um það, hvenær jeg kem fram með mínar brtt.

Eins og sjá má á þskj. 229, legg jeg til, að í stað 5 kr. komi 3 kr., og til vara 4 kr.; eru það laun oddvita fyrir hvern tug hreppsbúa. Jeg hefi áður bent á, og get nú endurtekið það, að fyrir fáum árum voru oddvitalaunin aðeins 2 kr. fyrir hvern tug. Fyrir skömmu voru þau hækkuð upp í 3 kr. og hefir, að því er jeg veit, ekki bólað á neinni óánægju út af því, að þau væru of lág. Það er vitaskuld rjett hjá hv. frsm. (JörB) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að oft gengur erfiðlega að fá starfhæfa menn, sem vilji taka þetta að sjer. En dettur nú nokkrum lifandi manni í hug, að það hafi þau áhrif á betri menn hvers sveitarfjelags, að þeir sjeu fúsari til að vera oddvitar, ef þeir fái 5 kr. frekar en 4 í laun fyrir hvern tug hreppsbúa? Og þótt aðalstarfið í hreppsnefndum kunni oftast nær að hvíla á oddvita, þá er þó oft margskonar starf á öðrum nefndarmönnum, án þess að þeir fái grænan eyri fyrir. Mjer finst vera dálítið ósamræmi í þessu. Frá mínu sjónarmiði eru þessi störf eins og hver önnur kvöð, sem menn verða að taka að sjer, a. m. k. í 3 ár. Og ef menn mega sjá af tíma sínum til þessara starfa, býst jeg við, að flestum sje jafnljúft að fórna sjer fyrir sitt sveitarfjelag, hvort sem þeir fá krónu meira eða minna fyrir ómak sitt. Þó það komi ekki þessu máli beinlínis við, má þó benda á það til samanburðar sem dálítið hliðstætt dæmi, að fóðurgæslumenn hreppanna hafa aðeins 2 krónur á dag fyrir vinnu sína, og er auðsætt, að það er engin borgun, og væri nærri því viðfeldnara að borga alls ekki neitt. Þó að oddvitalaunin sjeu ekki há, eru þau þó konungleg á móti þessu. — Það, sem mig furðar mest, er, að nú skuli horfið að því ráði að hækka þetta, þó að engin kvörtun sje fram komin um það, að illa sje borgað. Þó er enn undarlegra, að hv. Ed. vill um þetta ganga enn lengra en hæstv. landsstjórn, og háttv. Nd. kannske allra lengst. Í þessu sambandi verð jeg að minnast á brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um, að oddviti skuli fá hundraðsgjald fyrir innheimtu útsvara. Hv. þm. (Á-Á) gengur eflaust gott til með þessari brtt. sinni, það efast jeg ekki um. En þar fyrir álít jeg, að gengið væri út á mjög hála braut, ef farið væri að greiða innheimtulaun af útsvörum, án þess að innheimtumaðurinn ábyrgðist þá jafnframt greiðslu allra útsvaranna. En eftir frv. og brtt. hv. þm. (ÁÁ) skilst mjer, að engin ábyrgð eigi að hvíla á oddvita um þessa greiðslu, enda væri lítil sanngirni í því. Jeg verð að öllu athuguðu að

segja hv. deild það, að mjer er ómögulegt að fylgja þessari brtt. Mjer skildist háttv. frsm. (JörB) láta svo, sem hann vissi þess dæmi, að innheimtulaun væru borguð af útsvörum. Það er nú kannske af því, að jeg er ólögfróður, að jeg veit ekki, hvar er heimild til slíkra útborgana. **(Atvrh. MG:** Í 28. gr.). Í 28. gr., segir hæstv. ráðherra. En sú útborgun hlýtur að vera bundin nánari skilyrðum, sem alment eru ekki fyrir hendi, og því er ómögulegt að ganga út frá þeim. Annars talaði jeg um heimild gildandi laga, en ekki það, sem er í þessu frv. — Þá sagðist hv. frsm. (JörB) þekkja, að oddvitum væru borguð meiri laun en lagaákvæði skipa fyrir. Jeg hefi sama að segja um þetta, að jeg veit ekki um lögmæti slíkra útborgana úr sveitarsjóði og kannast ekki við nema ein fyrirmæli um þetta. Eða kannske þeir hv. herrar laumi þessu líka undir 28. gr. þessa frv.? — Um þessa brtt. mína er hið sama að segja og aðrar till., er jeg flyt; hún byggist á þeirri fylstu sanngirni, sem jeg hefi vit til. Og það vona jeg, hvað sem öðru líður, að ekki verði sagt, að till. mínar sjeu fram bornar af hlutdrægni eða „partisku" (ef hv. þm. skilja það orð betur), því að sjálfur mætti jeg búast við töluverðum hagnaði af því, ef oddvitalaun hækkuðu. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að þó að jeg hafi þessa aðstöðu gagnvart launum oddvita, þá er það ekki af því, að jeg álíti þau í sjálfu sjer of há, heldur af því, að jeg tel hreppana ekki færa um að borga meira, svo og því, að aðrir hreppsnefndarmenn fá enga borgun.

Þá mintist hv. frsm. á brtt. mína við 28. gr. frv. og var henni náttúrlega andvígur. Mjer skildist háttv. allshn. álíta, að næði mín till. framgangi, væri ógurleg hætta á ferðum, er henni hrysi hugur við. Jeg fæ nú ekki sjeð, að þetta sje á neinum rökum bygt. Hjer er ekki verið að draga neitt vald úr höndum sýslunefnda. Jeg vil aðeins trúa hreppsnefndum og hreppsfundum fyrir þeim málefnum, sem ekkert erindi eiga til sýslunefnda og eingöngu varða hreppinn sjálfan. — Hv. frsm. sagði, að betur færi á því að hafa samþykki sýslunefndar í slíkum stórmálum, sem þessi grein talaði um. En þessi viðbára hv. þm. er gersamlega slegin niður af síðustu málsgrein þessarar sömu 28. gr., því að þar er gert ráð fyrir, að lögmætur sveitarfundur geti í þessu efni brotið á bak aftur synjun sýslunefndar. Og hver vill nú halda því fram, að þeim sveitarmálum sje illa til lykta ráðið, sem samþyktir eru gerðar um á lögmætum sveitarfundi, sem rjettilega er til boðað? Þessi ákvæði um samþykki sýslunefndar eru leifar frá gömlum tíma, þegar meiri nauðsyn var slíks eftirlits með málefnum hreppanna. En hinir nýrri tímar fela í sjer, að næsta óþarft er að leita til sýslunefnda með slík mál. — Till. mínar eru ekki fram bornar af því að jeg hafi vantraust á sýslunefndum. Fjarri fer því. En jeg vil leitast við að spara gersamlega gagnslausa skriffinsku. — Jeg þarf ekki að biðja hv. þdm. að lesa 28. gr. frv.; þeir hafa sjálfsagt allir gert það og jafnframt gert sjer ljósa grein fyrir því, að sjálfsagt er, að hreppsfjelagið sjálft hafi æðsta atkvæði í þeim málefnum, sem greinin ræðir um. Enda er svo í greininni eins og hún er orðuð í frv.

Mjer finst merkilegt, að hv. allshn. vill ekki afstýra þeim voða, sem hún sjer í afskiftum manna af málefnum síns eigin sveitarfjelags, með því að fella niður síðustu málsgrein margnefndrar 28. gr. Þar sem nefndin hefir nú ekki gert það, verð jeg að álíta, að aðstaða nefndarinnar hljóti að byggjast á einhverjum öðrum ástæðum en þeim voða, sem brtt. mínar hafa í för með sjer.

Þá er brtt. mín við 30. gr. frv., að greinin falli niður, og til vara, að síðari hluti fyrri málsgr. falli niður. Jeg ætla ekki að fara að þrasa um það við hv. frsm. (JörB), hvort þetta sje rjettmætt. Hv. þdm. verða að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeim finst þetta rjettmætt eða ekki. En jeg vil aðeins skjóta fram þeirri spurningu, hvers vegna ekki eru sett tilsvarandi ákvæði um drátt hjá öðrum embættismönnum, ef þessir eiga að gjalda sektir fyrir hann. Hv. frsm. sagði eitthvað á þá leið, að hann vissi ekki til, að þetta ákvæði hafi gefist illa. Það var nú ekki von, að hann vissi það, því að þetta er alveg nýkomið í lög. (**JörB:** Misskilningur; jeg skal leiðrjetta þetta síðar). Hvaða leiðrjettingar, sem hv. þm. ætlar að koma með, er þetta enginn misskilningur. Jeg hefi ekki sagt neitt um það, að þetta mundi illa gefast í framtíðinni. En það er ólíkt ógeðslegra að hafa svona ógnunarákvæði hangandi eins og sverð yfir höfði manna, ef einhver lítil vanræksla á sjer stað, heldur en það, þótt þeir fái ekki fullkomna greiðslu fyrir allan starfa sinn. Mjer finst það síst sæmandi að hafa lögin þannig, að menn geti búist við þungum búsifjum af þeim. Sumir virðast ganga út frá því, að þessi ákvæði komi aldrei til framkvæmda. En á þá að fara að hafa þau fyrir einskonar grýlur eða ógnun, ef vanræksla kemur fyrir, vanræksla, sem er ef til vill fullkomlega afsakanleg?

Bæði hv. framsögumaður o. fl. hafa gert ráð fyrir því, að slíkum ákvæðum yrði aldrei beitt. Ef svo yrði í framkvæmdinni, sem jeg get líka vel trúað, hvaða þýðingu hefir þá að hafa þessi fyrirmæli í lögunum?

Jeg mun ekki hafa um þetta fleiri orð. Jeg álít, að brtt. mínar eigi fram að ganga og að ekkert sje í þeim, sem grandi öryggi nokkurs manns, hvernig sem á er litið. Legg jeg þær undir dóm hv. deildar. Þá kemur það í ljós, hvort menn meta meira rjettlæti eða ranglæti.

Magnús Torfason: Jeg gat þess við fyrri hluta þessarar umr. um daginn, að mjer hefði komið það á óvart, að hv. allshn. hugsaði sveitarsjóðum ekki fyrir neinum nýjum tekjustofnum. Því hefir verið svarað af hv. frsm. (JörB), að nefndin hafi ekki fengið neinar bendingar frá hv. þdm. um þetta. Það kann nú satt að vera, en fyrir mitt leyti leit jeg svo á, að ekki ætti að þurfa að benda hv. nefnd á þetta. Jeg vissi, að úr minni sýslu hafði verið farið fram á slíkt, og mjer datt ekki annað í hug en að hv. allshn. hefði haft brjef sýslunefndanna um þessi atriði að moða úr, og jeg bjóst við, að hún hefði rekist á þetta brjef. Mjer fanst því eðlilegra að hugsa svona, sem í 55 ár, eða síðan 1872, hefir ekki verið bætt við neinum nýjum tekjustofni

handa sveitarsjóðum. Hitt er annað mál, að reynt hefir verið að miðla þessum beinu sköttum á ýmsan hátt, þannig að þeir kæmu jafnara niður á menn. Eins og jeg sagði um daginn, þá álít jeg það vera eitt aðalverkefnið, þegar sveitarstjórnarlög eru endurskoðuð, að segja til um, hvaða framkvæmdir sveitarstjórnir eigi að hafa með höndum og hvaða tekjustofna sveitarsjóðir eigi að hafa, til þess að bera þau útgjöld. Hæstv. ráðh. (MG) sagði, að þetta hefði átt að koma til athugunar, þegar útsvarslögin voru hjer á ferð í fyrra. Þau lög voru fram borin fyrir það, að ýms hjeruð höfðu orðið fyrir miklu misrjetti af áðurgildandi lögum. Og þegar það misrjetti var lagað að nokkru, liggur mjer við að segja, að jeg hefði fylgt þeim, hvað vitlaus sem þau hefðu verið að öðru leyti. **(Atvrh. MG:** Hv. þm. hefði átt að lagfæra frv.). Jeg reyndi nú samt að halda öllu smærra utan við, til þess að fá þennan höfuðgalla gömlu laganna afnuminn. Af þessu vona jeg, að hæstv. ráðh. (MG) skilji, að þá var ekki tími til að ræða um aðra tekjustofna, eða vekja deilur um þá.

Þá sagði hæstv. ráðh. (MG), að það hefði engin sýslunefnd á landinu krafist aukinna tekjustofna, nema Árnessýsla. Jeg verð náttúrlega að taka þetta svar hæstv. ráðh. (MG) sem gott og gilt, tel það auðvitað, að hæstv. ráðh. (MG) segi það eftir bestu vitund, en þetta bendir á það, að það hafa einmitt verið Árnesingar, sem skort hefir kraft til að bera það, sem þeir hafa þurft að bera, og annað það, að sveitarþyngsli, eins og tekið hefir verið fram, hafa hvergi verið sem í Árnessýslu, um leið og Árnesingar hafa lagt meira til menningar- og samgöngubóta en aðrar sveitir landsins. Það hefði líka mátt fara aðra leið til þess, að sveitarstjórnum væri gert það mögulegt að fullnægja sínum eigin verkefnum, það mætti gera með því að ljetta af þeim ýmsum verkefnum, sem ekki heyra þeim til, þar á meðal mætti taka af þeim, eins og jeg tók fram áður, ýms heilbrigðismálefni, og þá sjerstaklega sóttvarnarráðstafanir, sem vitanlega eru landsmál, en ekki sýslumálefni. Það er hreint og beint öfugstreymi í stjórnarfyrirkomulaginu, að sýslu- og sveitarsjóðir skuli vera skyldir að leggja fram fje til slíkra mála, því að þar er eiginlega að tala um tillag frá sveitarsjóðum til ríkissjóðs, til þeirra mála, sem hann á að annast að lögum rjettum, en þetta hefir nú ekki heldur verið athugað. En jeg skýt því nú til háttv. allsherjarnefndar, að hún athugi nú einmitt þessa hlið málsins og komi hreint og beint fram með frumvarp á þessu þingi, þar sem einhverju verði ljett af sveitarsjóðum, og þá ekki aðeins sóttvarnarráðstöfunum, heldur líka kostnaði við yfirsetukonur, sem í raun og veru er viðurkent af löggjöfunum að sje landsmál, þar sem ríkissjóður borgar helminginn af þeim kostnaði. Það hefir verið talað um, að það hafi ekki komið nein tillaga fram um þetta, og jeg skal þá geta þess, að sýslunefnd Árnessýslu stakk upp á því, að nokkur hluti af tekju- og eignarskatti væri lagður til sveitarsjóðanna, með það fyrir augum, að það væri sú leið, sem væri hentugust, og benti jafnframt á það, að sveitarsjóðirnir ættu að fá eitthvað af tekju- og eignarskattinum, þá myndi það draga mjög úr hinu sí-

felda nuddi og nöldri um það, að menn teldu ekki fram tekjur sínar. Það mundi áreiðanlega minka við það, að sjálfir sveitarsjóðirnir hefðu þar hagsmuna að gæta.

Hæstv. ráðh. (MG) gerði svo að síðustu fjarska mikið úr því, hvað það hefði mikla þýðingu, að lögin væru komin í eitt. Jeg verð að segja það, að jeg hjelt ekki, að sú þingsályktun, sem fram kom af hendi Alþingis, ætti aðeins við það, að það ætti að reka þessar lagaheimildir saman eins og tryppi í rjett; jeg held líka, að það hefði verið miklu einfaldari leið til þess. Það var ekkert annað en að prenta lögin upp í einni heild og fella þau saman, og það gat einmitt verið sjerstök ástæða til þess, þar sem engin sjerstök eintök af gömlu sveitarstjórnarlögunum eru til. — Jeg hefi oft beðið um að fá þau, og margir oddvitar beðið mig um þau. (**Atvrh. MG:** Þau eru til). Það getur verið, að þau liggi einhversstaðar uppi í kvisti stjórnarráðsins, en jeg hefi ekki fyrir því getað fengið þau.

Þá vil jeg benda á það um leið, að jeg held, að það hafi ekki verið vert að leggja niður þann gamla og góða sið að senda nokkuð af sjerprentunum út um landið af þeim lögum, sem varða alla borgara landsins að meira eða minna leyti, því þegar í þeim standa ákvæði um ýmsar hegningar eða sektir, þá er ekki rjett að leggja niður slíka venju, ef ætlast er til þess, að menn fái eitthvað að vita um þessi ákvæði, því að það eru ekki margir úti um land, sem halda Stjórnartíðindin. Segi jeg þetta sjerstaklega vegna laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl., sem samþykt voru á síðasta þingi, því að það voru margir, sem ekki höfðu hugmynd um, að lögin gengju svo snemma í gildi. En út af því, sem sagt var, að ekki hefðu verið auknir tekjustofnar sveitarsjóða, þá verð jeg að svara því til, að jeg er ekki svo mjög að hugsa um það, úr því sem komið er, heldur að af þeim verði ljett þeim gjöldum, sem þeir eiga ekki að bera.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer skildist það á hv. frsm. (JörB), að jeg hefði við fyrri hluta þessarar umr. átt að leggja talsvert ákveðið á móti brtt. á þskj. 195, en það er ekki rjett; jeg ljet hana alveg hlutlausa, en jeg tel hana ekki nauðsynlega vegna 15. gr. frv., því að það verður ómögulegt að hafa umsjón með fjallskilum nema að hafa fjallskilareglugerð og ákvæði um, hvernig á að fara með fje þessara sjóða. Jeg hefi ekkert á móti því, að þessi grein verði samþykt, en mjer þótti heldur lítil ástæða til að fara að hrekja málið á milli deilda fyrir þessa brtt. eina.

Um brtt. frá hv. þm. Barð. (HK) vil jeg aðeins segja það viðvíkjandi breytingu á oddvitalaunum, að stjórnin getur vel sætt sig við það eins og varatill. hv. þm. (HK) er, því að það er það sama sem stjórnin lagði til í sínu frv. Annars er engin ástæða til að gera það að kappsmáli, hvort oddvitar fá 4 eða 5 krónur fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, en jeg hygg, að víða sjeu þeir ekki of sælir af 5 kr.

Um brtt. hv. þm. (HK) við 28. gr., sem gengur út á það, að dregið sje það vald frá sýslunefndum, sem stað-

ið hefir í lögum síðan 1875, að þær eigi að leggja samþykki sitt á ýms þau málefni, sem hreppsnefndir fjalla um, og þó er ekki svo, að þær hafi fullkomið úrskurðarvald, því að hreppsfundur, ef hann er nægilega fjölmennur, getur dregið úr þessu valdi þeirra, og jeg verð að segja, eins og hv. allshn., að jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að breyta þessu fyrirkomulagi, sem reynst hefir vel um langan tíma. En það, sem sjerstaklega kom hv. þm. (HK) á stað, var 30. gr.; honum þóttu ákvæði hennar svo hörð, þar sem sagt var, að gera mætti lögtak í eignum oddvita fyrir sektum, sem hann fengi fyrir vanrækslu í starfi sínu, en mjer þykja þau ákvæði ekki hörð, enda eru þau hliðstæð við ákvæði um hreppsnefndarmenn, sem eru í fátækralögunum. En ástæðan til þess að greinin kemur fram, er sú, að sýslunefndaroddvitar segja, að þeir geti oft ekki fengið skilagrein frá hreppsnefndaroddvitum, og að þeir hafi enga lagaheimild til að þvinga þá til skila, og veit jeg, að hv. þm. Barð. (HK) er svo skyldurækinn, að honum dettur ekki í hug að mótmæla því, að rjettmætt sje, að slíkum mönnum sje gert að skyldu að greiða sekt, þegar yfirvaldið álítur það sanngjarnt.

Um brtt. á þskj. 250, frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), vil jeg aðeins segja það, að jeg tel hana hafa mjög litla þýðingu, því að eftir 28. gr. þarf ekkert annað en samþykki sýslunefndar til þess að heimilt sje að borga fyrir innheimtu í hreppnum, og ef á annað borð er farið að borga fyrir innheimtu í hreppnum, þá er 2% það lægsta, sem þekkist fyrir slíkt verk, en svo skilst mjer, sem hv. þm. (ÁÁ) gangi út frá því, að það sje jafnan oddviti, sem sje innheimtumaður útsvara, en það þarf ekki að vera, það getur vel verið, að einhverjum hreppsnefndarmanni sje falið það, eða þá einhverjum öðrum, og þá er það ekki oddvitinn, sem á að fá gjaldið. Þetta kemur berlega fram í 9. gr. frv., þar sem sagt er, að ýms störf, svo sem innheimtu og fleira, geti hreppsnefnd falið öðrum mönnum en oddvita. Jeg þykist viss um, að sýslunefnd muni ekki neita að samþykkja tillögur þess efnis, að innheimtumaður fái einhver innheimtulaun, ef það þykir þess vert, og jeg vil benda á það, að ef oddvita er launað með 5 krónum á hvern fullan tug hreppsbúa, þá er það mín skoðun, að minni ástæða sje til að láta svo koma í viðbót aukaþóknun fyrir innheimtuna.

Út af ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT) vildi jeg aðeins benda honum á, að það er ekki alveg laust við, að hreppsnefndum hafi verið gefnir nýir tekjustofnar. Það er í raun og veru nýr tekjustofn, þegar sýslunefnd heimilar að setja á stofn sýsluvegasjóði, með tillagi úr ríkissjóði, því að það er alveg sama, hvort þær fá beinar tekjur eða hvort það er dregið úr útgjöldum þeirra. Sömuleiðis vil jeg benda hv. þm. (MT) á útsvarslögin, sem samþykt voru í fyrra. Þar er í raun og veru gefinn nýr tekjustofn, með því að nú á að leggja á hvern mann, þar sem hann á lögheimili, og sömuleiðis, að menn, sem leita sjer atvinnu annarsstaðar, þeir eiga nú að greiða þar fult útsvar, þar sem þeir eru búsettir eða eiga lögheimili, og þannig hafa hreppsnefndir fengið menn til að leggja

á, sem þær hafa ekki getað lagt á áður, eða þá að minsta kosti mjög lítið.

Jeg skal ekkert fara út í það, hvaða frv. hv. allshn. kann að flytja til ljettis sveitarstjórnum, en jeg vil benda á það, að ef á að finna beina tekjustofna fyrir hreppana, þá er jeg hræddur um, að erfitt verði að finna tekjustofna, sem eru sanngjarnari og rjettlátari en niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, því að þar, sem ekki er mjög fjölment, er kunnugleiki svo mikill hjá hreppsnefndum, að það er ekki hægt, að mínu áliti, að finna annan betri; en ef þingið vill fara inn á þá braut að ljetta einhverjum gjöldum af hreppsnefndum, sem þær hafa nú, þá er það málefni, sem ekki kemur þessu máli við.

Sjerprentun laga kemur náttúrlega ekki þessu máli við, en jeg vil segja það, að það er siður ennþá að sjerprenta ýms lög, og veit jeg ekki betur en að sýslumenn hafi fengið það, sem þeir hafa óskað eftir, ef þau lög hafa verið til sjerprentuð, og jeg veit, að sjerprentun af sveitarstjórnarlögunum var ekki gengin upp á síðasta þingi, því að þá fjekk jeg mjer eitt eintak af þeim.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. þm. Barð. (HK) misskildi mig ofurlítið, og má vel vera, að jeg eigi sök á því sjálfur. Það var viðvíkjandi þeim viðurlögum, sem hreppsnefndaroddviti eða annar hreppsnefndarmaður skyldi sæta fyrir vanrækslu á skyldustörfum í þágu sveitarinnar. Jeg sagði, að slík ákvæði hefðu ekki orðið að sök, og nefndinni er ekki kunnugt um það; jeg vissi vel, að þetta hefir ekki staðið í sveitarstjórnarlögunum áður, en hliðstæð ákvæði hafa staðið í fátækralögunum, og það er, að ef hreppsnefndarmaður vanrækir eitthvað í starfi sínu, þá má beita dagsektum, og má sýslumaður þá ákveða sektir. Annars er þetta ekki neitt höfuðatriði og nefndin var þeirrar skoðunar, að það væri rjett að tryggja það, að slík störf yrðu af hendi leyst innan tiltekins tíma, og gat því vel sætt sig við þessi ákvæði, sem eru ný í þessari grein laga vorra þar, en gömul á öðrum stað, og jeg vil minna á, að þessum ákvæðum er einmitt haldið í því frv. til fátækralaga, sem nú liggur fyrir þinginu, og jeg minnist ekki þess, að hv. þm. (HK) hafi gert neinar athugasemdir við þau þar, eða viljað nema þau burt. En annars er samræmi í till. hv. þm. (HK); hann vill draga úr þeirri ábyrgð, sem hvílir á oddvitum, og jafnframt úr greiðslu til þessara manna, en hvorugt get jeg samþykt. Þarf jeg svo ekki að fjölyrða frekar um ræðu hv. þm. (HK).

Hv. 1. þm. Árn. (MT) vjek á ný að því, sem hann hefir áður sagt um að auka tekjur sveitarsjóða. Það er hægt á tvennan hátt, með því að auka tekjur þeirra og svo með því að draga úr útgjöldum þeirra. Hann drap á það, að hægt væri að draga úr gjöldum sveitarsjóðanna með því að láta þá aðeins borga helming kostnaðar við sóttvarnir, en þessi upphæð, sem til þeirra gengur, nemur ákaflega litlu, og þar sem jeg þekki til, svo litlu, að það skiftir engu máli um það. Þá drap hv. þm. (MT) á laun yfirsetukvenna, þann kostnað mætti færa yfir á ríkissjóð að öllu leyti, og það er vitaskuld hægt, og ofurlitlu munar það, en þó mjög litlu, og mjer finst, að þegar ekki er um að ræða þann gjaldaliðinn,

sem mestu máli skiftir, en það er fátækraframfærið, og ef ætti að nema eitthvað burtu, sem verulegu næmi, þá væri það einmitt það. Svo mætti líka, eins og hv. þm. (MT) nefndi, sjá sveitarsjóði fyrir meiri tekjustofnum, t. d. með því, sem bent var á, að nokkuð af tekju- og eignarskattinum gengi til sveitarsjóðs, en að fara að gera tilraun með þetta tel jeg ekki gerlegt, og yfir höfuð, þegar á að gera breytingar, sem eru allþýðingarmiklar fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði, þá er ekki vert að gera þær nema að vel yfirlögðu ráði og nákvæmri athugun, en þesskonar athugun geta tæpast þingmenn, sem hafa mikið að starfa, framkvæmt á einu þingi. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Þá vildi jeg segja nokkur orð út af ræðu hæstv. atvrh. (MG); mjer þótti vænt um, að hann vjek að þessari brtt. nefndarinnar, og mjer þótti sömuleiðis vænt um, að hann leggur ekki sjerstaklega neitt á móti henni. Okkur kemur ekki saman um það, að 15. gr. þessa frv. tiltaki það, sem felst í brtt. okkar. En það er áreiðanlegt, að það er ekki, og hygg jeg því betur fara á því, að þessi brtt. verði samþykt. Það er þá ekki lengur neitt vafamál, að fjallskilareikninga á að leggja fram með sveitarsjóðsreikningnum og að þeir eiga að sæta sömu endurskoðun og sveitarreikningarnir, og það álít jeg í alla staði hyggilegt.

Magnús Torfason: Hæstv. atvrh. (MG) vildi segja það, að það hefði eiginlega verið breytt tekjustofnunum frá 1872, en það er ekki rjett. Það ár fengu einmitt sveitarsjóðir heimild til að leggja á tekjur manna þar, sem þeir voru búsettir. (**Atvrh. MG:** Jeg nefndi ekki árið 1872). En jeg miða við árið 1872, og á síðasta þingi var þessu kipt nokkuð í lag, en þó ekki til fulls. Að því er sjóðina í Árnessýslu snertir, þá lagði jeg fyrir sýslufund þar uppkast að samþykt um sýsluvegasjóði, en við komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri engin bót í því að stofna til nýrrar samþyktar heldur en að hafa það, sem nú er, en það er rjett, að eftir þeim lögum, sem nú eru á ferð, verður þetta miklu aðgengilegra.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) skal jeg aðeins svara því, að það er auðheyrt, að hann hefir ekki haft innheimtu sýslusjóðsgjalda á hendi.

Hákon Kristófersson: Jeg mun ekki tala langt mál að þessu sinni. Jeg ætla aðeins að snúa mjer að hv. 2. þm. Árn. (JörB), til þess að vísa heim til föðurhúsanna þeim ósönnu og miður góðgjörnu orðum, að jeg vildi draga úr ábyrgð sveitarstjórna. En jeg vil nú leggja þetta út á besta veg fyrir hv. þm. (JörB), og hann er sá, að hv. þm. (JörB) hafi ekki vit á þessu; þskj. 229 ber það best með sjer, að jeg vil ekki draga úr ábyrgðinni, því að þetta er aðeins tilfærsla, þar sem úrslitin eru ráðgerð í frv. sjálfu, og jeg er ekki að fara fram á neitt annað en að hreppsfundur geti gert út um þessi mál, sem fyrst er ætlast til, að sýslunefnd geri út um, og ef sýslunefnd er mótfallin málunum, þá, eins og jeg hefi margsinnis bent á, getur lögmætur hreppsfundur eigi að síður gert það, sem honum sýnist, hvað sem sýslunefnd segir. En að segja, að hreppsbúar sjeu ekki

færir um slíkar ályktanir, það er dómur, sem jeg hjelt, að hv. þm. (JörB) myndi tæplega sjá sjer fært að kveða hjer upp, því að það skilja víst allir, hvað í slíkum aðdróttunum felst.

Hæstv. atvrh. (MG) benti til þess, að jeg vildi draga það vald frá sýslunefndum, sem þær hefðu haft frá því, að mig minnir, frá 1875. Jeg dró enga dul á það og benti á, að nú væri minni nauðsyn á slíku fyrirkomulagi en þá hefði verið. Hæstv. atvrh. (MG) benti á, að sýslumenn hefðu kvartað undan vanrækslu oddvita, en jeg get hugsað mjer, að það hafi verið eitt sjerstakt dæmi, sem hæstv. atvrh. var sjerstaklega minnisstætt. Jeg get borið um það, að það er ekki af vanrækslu hreppsnefndar eða trassaskap, þó greiðslur dragist oft fremur en vera ætti. Mjer er spurn: Hvíla sektir á sýslumönnum, ef þeir greiða ekki til ríkissjóðs á rjettum tíma þær lögboðnu tekjur, sem þeim ber að standa skil á? Þau miklu töp, sem ríkissjóður hefir margsinnis orðið fyrir, benda á, að mjög miklar misfellur munu á slíku vera. Jeg er ekki að beina þessu til hv. 1. þm. Árn. (MT), því að hann er kunnur að því að vera með fremstu yfirvöldum þessa lands að því er reglusemi snertir.

En sami hv. þm. (MT) sló því fram í ræðu, að ef sýslusjóðir fengju hluta af eignar- og tekjuskattinum, þá mundi bera minna á undandrætti á skattgreiðslu í sveitunum. Jeg get ekki sjeð það. Eða vill hv. þm. (MT) slá því föstu, að slíkur undandráttur eigi sjer stað í sveitunum? Jeg hygg, að ekki sje hægt að segja það með nokkrum rjetti. En ef um skattsvik er að ræða, sem jeg vil þó ekkert um segja, þá hlýtur skattanefndin að vera samsek. En ef þetta á sjer stað í sveitunum, sem jeg vil nú alls ekki trúa, þá hygg jeg, að ekki eigi sjer síður stað skattsvik í kaupstöðunum.

Viðvíkjandi brtt. minni við 30. gr. hefir því verið haldið fram, að slíkt ákvæði væri í lögum. En jeg verð að mótmæla því.

Jeg ætla ekki að deila meira um þetta. En jeg slæ því föstu, að till. mínar sjeu mjög til bóta, hvernig sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) vill umhverfa þeim með því að segja, að þær muni draga úr rjettarörygginu. Hann hefir sömu aðferð við till. mínar og sagt er, að viss persóna hafi við lestur biblíunnar. Hann les þær öfugt.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg ætla mjer ekki að fara að karpa mikið við hv. þm. Barð. (HK). Hann hefir nú, enda þótt hann vilji ekki draga úr ábyrgð manna, borið fram brtt. og gert grein fyrir henni án þess að lesa 30. gr. Þar er tiltekið, að ef hreppsnefnd vanrækir skyldustarf sitt, þá eigi hún að sæta ábyrgð. En nú vill hv. þm. nema þetta burt, í fyrsta lagi alla greinina, og hepnist það ekki, þá með því að nema þó að minsta kosti burt næstsíðustu málsgreinina, þar sem talað er um að sekta hreppsnefndir, ef þær vanrækja starf sitt. Þetta kalla jeg að draga úr ábyrgðinni. Jeg ætla samt ekki að deila meira um það. En hvor heldur háttv. þm. (HK) að eigi meiri ábyrgð að sæta, sá, sem hefir lagt 5 aura til tryggingar einhverju, eða ef tryggingin væri 100 kr.?

Jeg ætla ekki að svara hnútum hv. þm. (HK) í minn garð, en jeg hygg,

að hann hafi gott af að lesa 30. gr. aftur. Þá mun hann sjá, hvor okkar hefir á rjettu að standa.

Magnús Torfason: Jeg stend aðeins upp til þess að bera af mjer sakir. Því er sem sje haldið fram, að jeg hafi dróttað því að skattgjaldendum þessa lands, að þeir svikju framtalið. Jeg sagði ekkert í þá átt. En jeg sagði, að ef sveitarsjóðirnir fengju hluta af eignar- og tekjuskattinum, þá mundi minka nöldrið út af því, að ekki væri fulltalið fram. Jeg vil í því efni skírskota til greinar í blaði einu hjer í bæ, greinar, sem er ein sú svartasta, er um þetta efni hefir verið skrifuð. Er þar sjerstaklega veist að bændum. En jeg gerði engan mun á kaupstöðunum og sveitunum. Mjer datt það aldrei í hug, enda er jeg alt of ókunnugur til þess að geta dæmt um það.

ATKVGR.

Fram kom skrifleg brtt. (verður þskj. 255). Afbrigði leyfð og samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 229,1 (aðaltill.) feld með 16:2 atkv.

— 229,1 (varatill.) feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SvÓ, Trþ, þórJ, HStef, HK, JAJ, JS, KlJ, MG, ÓTh.

nei: Pþ, þorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HjV, IngB, JakM, JG, JÓl, JörB, MJ, MT, BSv.

Tveir þm. (JK, SigurjJ) fjarstaddir.

Brtt. 255 feld með 14:8 atkv.

— 250 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JÓl, KlJ, MT, SvÓ, Trþ.

nei: þórJ, BL, HK, JK, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, Pþ, SigurjJ, þorlJ, BSv.

Brtt. 195,1 samþ. með 15:1 atkv.

— 229,2.a—b feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, Trþ, BSt, HStef, HK, JakM, JAJ, KlJ, ÓTh, Pþ, BSv.

nei: SvÓ, þorlJ, þórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HjV, IngB, JG, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, MT, PO.

Brtt. 229,3 (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.

— 229,3 (varatill.) feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, JakM, JAJ, KlJ, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, Trþ, þorlJ, þórJ, BSv.

nei: BSt, HjV, IngB, JG, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, MT, Pþ, ÁJ, ÁÁ.

Brtt. 195,2 samþ. með 21:1 atkv.

— 229,4 feld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JS, KlJ, PO, SigurjJ, SvÓ.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, Pþ, Trþ, þorlJ, þórJ, BSv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 256).

Á 41. fundi í Ed., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 256, n. 281).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Framhaldsnál. þessu var ekki útbýtt fyr en nú á fundinum, en jeg býst við, að allir hv. þm. hafi fengið það nú í hendur og kynt sjer það. Það er ekki nema ein breyting, og hún bæði lítilfjörleg og óþörf, sem háttv. Nd. hefir gert við frv., og það er, að um reikning fjallskilasjóðs skuli gilda sömu ákvæði um endurskoðun og gilda um aðalsveitarsjóðsreikning. Í nál. háttv. allshn. Nd. er sagt, að þessi breyting á frv. sje til bóta, en jeg verð að telja það ofsagt, því að það er engin ástæða til að taka hreppskilasjóðsreikninginn sjerstaklega út úr. Það eru ýmsir fleiri reikningar, sem standa undir hreppsnefnd, sem ekki eru nefndir, en fara verður með á sama hátt að því er endurskoðun snertir. Nefndin álítur, að óþarft hafi verið að taka nokkuð fram um einn sjerstakan reikning, því það hefði þá alveg eins átt að telja þá alla upp, en það er auðvitað ógerningur, svo margir og mismunandi sem þeir eru. Enda er það og venja, að þessir reikningar komi undir endurskoðun sýslunefndar. Nefndin hefir ekki, þótt hún álíti breytingu Nd. óþarfa, komið fram með till. um að fella hana niður aftur, til þess að tefja ekki fyrir frv., og leggur hún því til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 291).

2. Iðnaðarnám.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um iðnaðarnám (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, skal jeg einungis leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 70).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Eins og þskj. 70 ber með sjer, hefir nefndin athugað það og leggur til, að það sje samþykt með nokkrum smábreytingum. 1. brtt. nefndarinnar er við 5. gr. og er fram komin til þess að gera það skýrara, hve langur tími verði að vera liðinn af námstímanum, til þess að lærimeistari eða nemandi geti heimtað, að samningi sje slitið. Nefndinni þótti frv. ekki kveða nógu skýrt á um þetta, en vildi hinsvegar, að á þessu atriði gæti enginn vafi leikið.

Þá er smábreyting á 6. gr. Þar leggur nefndin til, að í stað orðanna:

„en orðið að slíta námssamningi“ komi: en námssamningi verið slitið. Nefndinni þótti rjettara að orða þetta þannig, því það getur vel komið fyrir, að námssamningi sje slitið án þess að nemandi eigi sök á, þó að lærimeistari eigi upptökin. 3. brtt. er aðeins lagfæring á orðalagi.

4. brtt. er við 23. gr. Nefndinni þótti nauðsynlegt, að tekið væri fram um leið og ákveðið væri, að lög um iðnnám, frá 1893, gengju úr gildi, að um námssamninga, sem nú væru í gildi, færi eftir eldri lögum. Þetta þótti nefndinni ekki koma nægilega skýrt fram í frv.

Að öðru leyti felst nefndin á frv. eins og það liggur fyrir. Það er sniðið eftir lögunum frá 1893, og breytingar þær, sem gerðar hafa verið, fara yfirleitt í þá átt að gera námið aðgengilegra fyrir nemendur. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins örfá orð. Jeg get lýst því yfir, að jeg sje ekki neitt athugavert við þessar brtt. nefndarinnar. Þær fara flestar í þá átt að skýra ákvæði frv., og jeg get fallist á, að þær sjeu til bóta. Um 1. brtt. get jeg tekið það fram, að það var meining stjórnarinnar, að aðeins skyldi heimilt að slíta námssamningi strax að reynslutíma liðnum.

Um síðustu brtt. vil jeg segja, að það var tilætlunin, að um eldri samninga færi eftir gömlu lögunum. En það er rjett hjá hv. frsm. (JJós), að þetta kemur skýrar fram samkv. brtt. nefndarinnar.

Jeg er hv. allshn. þakklátur fyrir meðferð hennar á þessu frv. og yfirleitt þeim frv. frá minni hendi, sem hún hefir fjallað um á þessu þingi.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. er ekki verulega frábrugðið hinum eldri lögum um sama efni í verulegum atriðum. Mjer þykir það galli á frv., að vinnutími nemenda skuli vera heimilaður 60 stundir á viku. Jeg tel of langt gengið að ætla nemendum 10 stunda vinnu á dag, og ætti nefndin að athuga þetta atriði nánar. Iðnnemum, 18 ára og eldri, ætti ekki að ætla lengri vinnutíma en 8 stundir á dag, og yngri nemendum skemri tíma.

Þá þykir mjer ekki vera nógu skýrt ákveðið í frv. um sumarleyfi. Það er að vísu gert ráð fyrir, að um sumarleyfi sje ákveðið í námssamningi, en það er ekki tiltekið neitt ákveðið um leyfið. En slíkt finst mjer óhjákvæmilegt, þar sem lögin eiga að tryggja rjett unglinga, sem venjulega eiga örðugra með að ná rjetti sínum en húsbændurnir, ef á milli ber.

Jeg legg mikið upp úr þessum tveim atriðum og mælist til þess, að nefndin taki þau til athugunar. Annars verð jeg að koma með brtt. við þetta og kannske fleira við 3. umr. Í frv., sem jeg bar fram í fyrra um sama efni, var rjettur nemenda yfirleitt betur trygður en með þessu frv. Þetta frv. finst mjer of svipað hinum eldri lögum, þótt út hafi verið tekið ákvæðið um húsagann og annað slíkt. En sjerstaklega finst mjer þó nauðsynlegt að athuga betur þessi tvö atriði, sem jeg hefi nefnt, vinnutímann og sumarleyfið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það gleður mig, að hv. 5. landsk. (JBald) hefir ekki haft fleira við frv. að athuga en hann hefir látið í ljós, og jeg tek það sem viðurkenningu þess, að honum hafi þótt stjórninni betur takast en sjálfum sjer í fyrra.

Hv. þm. tók fram, að tryggja þyrfti rjett nemenda. Það er rjett. En það þarf líka að tryggja lærimeistara, og það er tilgangur frumvarpsins að tryggja báða aðilja sem best. Þessum háttv. þm. hættir æðioft til að líta aðeins á aðra hlið málsins, en vilji maður vera rjettdæmur, verður að líta á báðar hliðar jafnt.

Hv. þm. sagði, að vinnutíminn væri ákveðinn of langur. Hámarksvinnutími er ákveðinn 60 stundir á viku. En þar með eru taldar 6 kenslustundir í teikningu og bóklegum fræðum, svo að daglegur vinnutími er ekki nema 9 stundir. Jeg held, af því að hjer er um að ræða hámarks-vinnutíma fyrir allar iðngreinir, að ekki sje rjett að ákveða færri vinnustundir. Þá vildi hv. þm. fá skýrt ákvæði um sumarleyfi. Í 9. gr. frv. er gengið út frá sumarleyfi sem sjálfsögðu, en ekki sett nánari ákvæði um, hvernig því skuli háttað. Jeg held, að þetta sje alveg nægilegt, en hins vegar erfitt að setja um þetta fyrirmæli í lögum, sem átt geti við allar iðngreinir. Jeg get t. d. ímyndað mjer, að það væri óhentugt fyrir múrara að verða að gefa sumarleyfi um hásumarið. Yfirleitt tel jeg hentugra að hafa ákvæðin ekki þrengri en þetta.

Jón Baldvinsson: Það er undarlegt með hæstv. atvrh. (MG). Ef menn eru ekki vondir og skamma hann út af hverju frv., þá heldur hann, að þeir hafi ekkert við þau að athuga. En það er nú hálfgerður hátíðisdagur í dag, þar sem hæstv. forsrh. á afmæli, og því líklegt, að menn sjeu venju fremur í hátíðishug, og ekki ósennilegt, að hæstv. atvrh. njóti þess. Jeg hefi margt við þetta frv. að athuga, þó að jeg hafi ekki talað um það með neinum þjósti. Hæstv. atvrh. má ekki verða upp með sjer og halda, að verið sje að játa honum traust, þó að ekki sje altaf verið að skamma hann. Jeg benti á tvö mikilsverð atriði í frv., sem jeg vildi láta breyta, bæði að komið væri í veg fyrir of mikla þrælkun á nemendum með löngum vinnutíma og að þeim væri trygt ákveðið sumarleyfi. Það væru mikil hlunnindi, þótt ekki væri ákveðin nema ein vika, ætti helst að vera 10—14 dagar. Svo þyrfti að ákveða, hvenær á sumrinu leyfið skyldi veitt, til þess að það yrði sumarleyfi, en ekki eitthvað alt annað. Það mætti hafa tímabilið rúmt, t. d. júní—september. Það væri líka ákaflega mikil bót, ef sett væri ákvæði um, að nemendur á aldrinum 15—18 ára skyldu ekki vinna lengur en 7 stundir á dag, og eldri nemendur 8 stundir. Það er líka orðið svo hjer í sumum iðngreinum, að nemendur vinna ekki nema 8 stundir á dag. Vinna við sumar þessar iðngreinir, sem hjer er um að ræða, er svo óholl, að ófært er að hafa langan vinnutíma daglega. Svo er t. d. um prentsmiðjuvinnu o. fl., sem þó er talin ljett. Átta tíma vinna í prentsmiðju er óhollari heldur en 9—10 tíma vinna við t. d. trjesmíði.

Þessi tvö atriði álít jeg mjög mikilsverð og óska, að nefndin taki þau sjerstaklega til athugunar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal alls ekki spilla því, að nefndin taki þessi atriði til yfirvegunar, og síst af öllu vil jeg verða til þess að hrella háttv. 5. landsk. (J-Bald), fyrst hann er í svona guðrækilegum hugleiðingum og fyrirbænum út af afmæli hæstv. forsrh. (JÞ). Jeg verð að játa, að jeg átti ekki von á, að svo væri, og síst að jeg nyti góðs af líka. En þessi hv. þm. segir ekki altaf hug sinn allan, og svo mun vera enn. Jeg skil hann svo, að hann sje ánægðari með þetta frv. en sitt eigið.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Engum, sem ber þetta frv. saman við lögin frá 1893, getur blandast hugur um, að með þessu frv. er rjettur iðnnema betur trygður á ýmsum sviðum en í hinum eldri lögum, og er þetta því allmikil rjettarbót fyrir nemendur.

Um þessi tvö atriði, sem háttv. 5. landsk. (JBald) mintist á, er það að segja, að þessi 60 stunda vinnutími á viku er aðeins hámarksákvæði, eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram, og í þeim tíma er innifalin sú kensla, sem nemendum ber að hafa og eftir þessu frv. fer algerlega fram á kostnað lærimeistara. Jeg sje ekki mikla ástæðu til að breyta þessu ákvæði, en auðvitað má athuga þetta nánar fyrir 3. umr.

Um sumarleyfið er það að segja, að frv. gerir svo greinilega ráð fyrir því, að um það getur ekki leikið á tveim tungum. Jeg býst við, að þegar gefið er sumarleyfi á annað borð, detti engum í hug að hafa það skemra en 1 viku, svo að um það ætti varla að þurfa sjerstakt ákvæði í lögunum. Mjer er kunnugt um, að hjá mörgum er það lengra. Að ákveða árstímann finst mjer heldur ekki nauðsynlegt. Orðið sjálft bendir á, hvenær þetta leyfi skuli gefið að jafnaði. Yfirleitt finst mjer það nægileg trygging, að lögin geri ráð fyrir, að ákvæði um sumarleyfi sjeu sett í námssamningana. En þetta má gjarnan athuga fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 70,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 70,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 70,3 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

21.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 70,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93, 109).

Jón Baldvinsson: Jeg vildi, áður en jeg sný mjer að brtt. þeim, er jeg flyt, beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann sæi um, að frv. væru prentuð upp aftur, þegar þau taka jafnverulegum breytingum sem þetta frv. og hið næsta hjer á eftir á dagskránni. En í stað þess að gera það, hefir skjölum verið útbýtt, og á öðru þeirra stendur, að það sje samhljóða stjfrv. á þskj. 4, með breytingum 1—4 á þskj. 70, en á hinu stendur, að frv. sje samhljóða stjfrv. á þskj. 5, með breytingum (1—8) á þskj. 69. Þetta er með öllu ófært, þingmenn eru svo lengi að átta sig á þessu. Þó það sje dálítill kostnaður við endurprentunina, þá er þó líka þess að gæta, að tími þingmanna er dýrmætur.

Forseti (HSteins): Jeg skal taka þetta til athugunar. Þetta hefir tíðkast hjer svo á síðustu þingum, og hefir þetta verið gert með tilliti til kostnaðar við prentunina. En ef hv. deildarmenn vilja heldur hafa þetta á annan veg, þá mun hægt að lagfæra það.

Jón Baldvinsson: Hv. allshn. hefir ekki sjeð sjer fært að taka til greina þær brtt., sem jeg talaði um við 2. umr. Því hefi jeg flutt þessar brtt. á þskj. 109. Fyrri brtt. fer fram á það að takmarka vinnutímann úr 60 klukkustundum niður í 48. Það þykir nægilegur vinnutími fyrir fullorðna í flestum iðngreinum, 8 klst. á dag, hvað þá þegar um unglinga er að ræða eins og hjer. Hin tillagan er þess efnis, að það skuli skýrt tekið fram í 9. gr., að lærimeistari skuli gefa nemanda að minsta kosti 8 daga sumarfrí, á tímabilinu frá 1. júní til 15. sept. Jeg hefi tiltekið 8 daga, sem er sama sem ein vika, því það mætti altaf koma því svo fyrir, að undir þetta fjellu tveir sunnudagar. Þetta er ekki meira frí en flestir lærimeistarar mundu veita, þó það væri ekki lögboðið, en þeir lærimeistarar kynnu að vera til, sem mundu nota sjer það og veita ekkert sumarfrí, ef það væri ekki lögskipað. Tíminn er rúmur, frá 1. júní til 15. sept., svo ólíklegt er, að lærimeistarar geti beðið nokkurt tjón við það að veita fríið einhverntíma á þessu tímabili, en hinsvegar verður að tryggja nemendum, að þeir fái fríið að sumri til, en ekki á vorin áður en nokkurt gagn er að skemtiferðalögum vegna tíðarfarsins, eða að haustinu.

Þessar tillögur mínar miða báðar að því að tryggja rjett hinna máttarminni, og eru því í fullu samræmi við tilgang þessara laga, sem eru sett til þess að tryggja þeim lítilsigldari rjett, af því að löggjafinn álítur hann ekki færan til þess að gæta rjettar síns. Jeg vænti því, að hv. deild samþykki þessar litlu brtt. mínar; það er ekki svo sem hjer sje um neina stefnubreytingu að ræða.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir ekki fundist knýjandi ástæða til þess að breyta frv. í það horf, sem brtt. háttv. 5. landsk. (JBald) miða að. Að því er snertir fyrri brtt., þá hefir það verið tekið fram áður, að þessi 60 tíma vinna á viku er það mesta, sem má láta iðnnema leysa af hendi. Það er hámark, sem ekki má fara fram úr, en það verður eftir samkomulagi milli lærimeistara og nemenda, hvort það verður haft styttra.

Nú er þess að gæta, að sama grein fyrirbýður að fá iðnnema, sem ekki er búinn að vera full tvö ár, nokkra vinnu eftir kl. 6 að kvöldi. Nú má ekki taka yngri menn en 15 ára til námsins, en jeg hefi það fyrir satt, að nemendurnir sjeu venjulega teknir á aldrinum 16—18 ára. Þó miðað sje nú samt við 15 ár, þá má eftir frv. ekki leyfa manni, sem ekki er fullra 17 ára, nokkra vinnu eftir kl. 6 að kvöldi. Svo að í raun og veru sýnist ekki mikil hætta á, að lítt þroskuðum unglingum verði misboðið af húsbændum sínum, þó að þessi grein standi óbreytt í lögunum. Hv. 5. landsk. (JBald) vill, að hámarkið sje 48 stundir á viku, og gat þess ennfremur, að af þeim stundafjölda gengi einhver tími til náms; gangi maður út frá, að 6 stundir fari til teiknináms og fleira á viku, þá eru það aðeins 42 stundir, sem iðnnemi vinnur reglulega vinnu, og þykir nefndinni það fyrir sitt leyti alt of þröngt. Nefndin heldur fast við, að 60 stunda hámarkið sje alls ekki of hátt, þegar þess er gætt, að af þeim stundafjölda er iðnnema ætlaður tími til teikninga og frekara náms; það er því ástæðulaust að ætla, að nemendum verði ofgert með þessu.

Það er að vísu rjett, að frv. þetta er að því leyti breyting frá eldri lögum og ákvæðum um iðnaðarnám, að rýmkaður er rjettur nemenda frá því sem var, og má segja um flestar þær breytingar, að þær sjeu nemendunum í hag.

En það er líka nauðsynlegt nemendunum að vinna nægilegan tíma, svo að þeim sækist námið og verði leiknir í iðn sinni. Á hinn bóginn getur verið varhugavert að setja lærimeisturum mjög stólinn fyrir dyrnar og ákveða svo að segja með lögum, hve mikinn hagnað hann megi hafa af vinnu nemenda sinna.

Mjer finst hv. 5. landsk. (JBald) líta of einhliða á þetta mál og aðeins frá sjónarmiði nemandans. En það verður að skoðast frá báðum hliðum. Og það hefir nefndin gert. Hún lítur svo á, að 60 stunda hámarkið sje nauðsynlegt, en hins vegar geti það verið samningsatriði milli iðnnema og lærimeistara, hvað stundafjöldinn lækki úr því. Jeg fyrir mitt leyti ber ekki það vantraust til þeirra manna, sem á annað borð taka að sjer unglinga til þess að kenna þeim og manna þá, að þeir sækist eftir því sjerstaklega að þrælka nemendurna eða ofbjóða þeim með of langri vinnu á einn eða annan hátt.

Jeg held, að sama röksemd geti átt við síðari brttt. á þskj. 109, um sumarleyfið, að það geti verið samningsatriði milli lærimeistarans og nemenda. Frv. gerir einmitt ráð fyrir því, að iðnnemi fái eitthvert sumarleyfi, og það getur þá varla verið minna en vika, enda mun það almenn venja. Þess vegna sýnist óþarft að hafa ákvæði um það í lögum, hvað sumarleyfið skuli vera langt. Það virðist nóg, að um þetta efni eru óskrifuð lög, sem gilt hafa fram að þessu. Að minsta kosti er því svo varið um þá, sem verslun reka og ungt fólk hafa í þjónustu sinni, að milli þeirra eru það óskrifuð lög að kalla má, að unga fólkið fái frí til þess að hressa sig með sumardvöl í sveit nokkra daga. Og jeg efast alls ekki um, að á meðan

leyfi þetta er hæfilega langt og vel notað, þá muni það veitt af fúsum vilja og eftirtölulaust.

En jeg hefi hins vegar þekt einstök dæmi þess, að ýmsir, sem þetta svokallaða sumarleyfi eiga að fá, hafi óskað eftir því á öðrum tíma, t. d. að vetrinum. Til þess geta legið ýmsar ástæður, að menn kjósa „fríið" á öðrum tímum en venjulegast er að gefa það. Mjer virðist því, að þetta megi vera laust hjer eftir sem hingað til og sje samningsatriði milli aðilja, og jeg get ekki betur sjeð en að sama geti gilt, hvort sem hjer eiga hlut að máli iðnnemar eða verslunarþjónar.

Að mega ekki draga kaup af nemanda fyrir þann tíma, sem hann er í sumarleyfi, virðist mjer algerlega óþarft ákvæði. Jeg veit ekki til, að það hafi nokkursstaðar tíðkast, að minsta kosti ekki þar, sem jeg þekki til, og geri heldur ekki ráð fyrir, að svo verði, þó að ekkert stæði um það í lögum. Jeg býst ekki við því, að hjer eftir frekar en hingað til verði það venja að draga kaup af mönnum vegna sumarleyfis á meðan kröfum þessa fólks er stilt í hóf og það heldur sjer í þessu efni innan skynsamlegra takmarka.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Jeg hefi skýrt frá ástæðum allshn. fyrir því, að hún getur ekki fallist á brtt. á þskj. 109.

Jón Baldvinsson: Jeg veit ekki, hvar jeg á að byrja á andmælum hv. frsm. allshn. (JJós). Hann hefir varið alllöngum tíma til að sanna, að óhyggilegt sje að fara lengra en frv. ákveður, en heldur virðast mjer rök hans ljett á metunum og lítið sanna það, sem hann ætlaðist þó til. Það er rjett hjá honum, að samkvæmt frv. er hámarkið 60 stundir, sem iðnnema er ætlað að vinna á viku, en að frá þeim stundafjölda dragist einn kl.tími á dag, sem ætlaður er til kenslu, svo að þá verða það raunverulega 54 stundir á viku, sem iðnnemi verður að vinna lærimeistara sínum. En það þykir mjer óþarflega hátt. Þess vegna legg jeg til, að hámarkið færist niður í 48 stundir, og í þeim stundafjölda sje innifalin þessi eina klukkustund á dag. Með því verður vinnutíminn 7 stundir á dag, eða 42 stundir á viku, og það tel jeg mjög forsvaranlegt í alla staði.

Hann virtist telja það mikla rjettarbót, að frv. gerir ráð fyrir, að ekki sje unnið eftir kl. 6 síðdegis. En þetta er einhver meinloka hjá honum, sem jeg veit satt að segja ekki, hvernig hann hefir fengið út úr frv. Því þó að vinnutíminn sje ekki nema til kl. 6, þá getur hann samt verið of langur. Eins sje jeg ekki neitt skaðlegt við það, þó unnið sje eftir þann tíma. Jeg sje t. d. ekkert á móti því, þó að iðnnemi vinni einhverja innivinnu til kl. 8 að kvöldi, ef hann hefir byrjað það seinna að morgninum. Það er engin trygging fyrir því, að iðnnemar vinni ekki of lengi, þó að þeim sje bannað að vinna eftir kl. 6, nema ef skilja á ákvæðið svo, að það gildi aðeins um eftirvinnu. Hjer er ætlast til að vernda piltana, en sú verndun næst best með því, að í frv. sje ákvæði, sem tryggi það, að nemendum verði ekki misboðið. Þess vegna held jeg, að það sje rjett, að hámarkið fari ekki upp úr 48 stundum á viku. Það gæti meira að segja komið til mála að stytta

vinnutímann eitthvað 2 fyrstu árin, en hann ætti þó aldrei að fara yfir 48 stunda hámarkið síðari árin.

Hv. frsm. (JJós) lagði mikið upp úr því, að mál þetta yrði skoðað frá báðum hliðum, en taldi hins vegar, að jeg liti að eins á það frá sjónarmiði iðnnema. En þar sem frv. virðist hugsað sem vörn fyrir nemendur og að í því eru mestmegnis ákvæði um að vernda rjett þess, sem minni máttar er, þá leiðir af sjálfu sjer, að líta verður á og athuga, hvernig þessari vernd verði komið fyrir á haganlegastan hátt, og það einmitt frá sjónarmiði nemendanna.

Við erum með frv. að reyna að ala upp góða, velkunnandi og hrausta iðnaðarmannastjett, og það tekst því aðeins, að búa nemendurna sem best undir starf sitt. Jeg skal taka það fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að jeg álít, að það tíðkist ekki að jafnaði, að nemendur sjeu ofþjakaðir með vinnu, en það á að fyrirbyggja það að slíkt geti komið fyrir.

Það er ekki langt síðan sorglegt dæmi kom fyrir, að ungling var svo misboðið — að vísu ekki við iðn, heldur almenna sveitavinnu — að hann nær aldrei aftur fullri heilsu. Það mál er nú fyrir dómstólunum. Og úr því þetta og annað eins gat komið fyrir, þá getur það líka komið fyrir enn. Þess vegna er nauðsynlegt að ganga svo frá þessu ákvæði, að það sje trygt, að ungum iðnnemum verði ekki misboðið með langri eða strangri vinnu. Margur eldri maður mætti eflaust muna, að ekki var altaf vel með sig farið á yngri árum, og sýpur af því seyðið á fullorðinsárunum.

Það er einmitt þungamiðjan í allri slíkri löggjöf, að fólki sje ekki ofþjakað með vinnu og hafi svo gott atlæti, að heilsa þess spillist ekki. Erlendis hefir verið ráðin nokkur bót á þessu með því að setja löggjöf um, að mönnum sje trygður hæfilega stuttur vinnutími og ýmsum ákvæðum um hollustuhætti, sem hjer er of langt upp að telja.

Jeg játa fúslega, að það sje nauðsynlegt, að menn læri handiðn sína vel. En skyldu ekki allir vita, að hægt er að læra á 4 árum með 48 stunda vinnu og kenslu á viku, og það til fullnustu, öll þau undirstöðuatriði, sem hægt er að byggja á, og það í hvaða iðngrein sem er.

Mjer finst hv. allshn. ætti að geta fallist á brtt. mínar og óþarft af henni að vera hrædd við að veita iðnnemum eðlilegar rjettarbætur. Hjer er ekkert óttalegt á ferðinni og enginn „bolsevismi“, sem öllu byltir á annan endann í landinu, þó að það komist inn í frv., að hámarksvinnutími iðnnema sje 48 stundir á viku.

Þá kem jeg að sumarleyfinu. Hv. frsm. (JJós) vildi hafa það frjálst og ekki bundið í lagaákvæði, hvað langt sumarleyfið skyldi vera, eða því hagað á annan hátt. Hann færði sem rök fyrir máli sínu, að hann vissi dæmi þess, að menn hefðu óskað að fá það á öðrum tíma. Þetta má vel vera, að einhverjir óski fremur að fá frí að vetrinum af sjerstökum ástæðum, sem fyrir hendi eru, og verður þá að semja um það við húsbóndann og án kaups, ef ekki fæst öðruvísi. En hjer er um sumarleyfi að ræða, og það verður að veitast að sumrinu, eða á meðan

sumarveður er. Vilji menn frí á öðrum tíma, t. d. skreppa til útlanda, þá ætti að vera hægt að fá það að minsta kosti án kaups; en það á að vera algert samningsatriði milli aðilja.

Mjer finst, að farið sje fram á svo lítið með þessari breytingartillögu minni, að rjett sje að samþykkja hana. Þá er það fastákveðið, sem lærisveinar geta bundið sig við, og þá eru báðir lausir við að semja, en á því mun fara best, að báðir viti fyrirfram, út frá hverju sje að ganga.

Þá vildi jeg benda hv. frsm. (JJós) og fleirum á það, að um iðnnema gildir ekki sama og um verslunarþjóna yfirleitt. Um hásumartímann er yfir höfuð sáralítið að gera hjá sumum verslunum — að minsta kosti hjer í Reykjavík — og því afarlítill kostnaður við það að sjá af fólkinu til sumardvalar. En um iðnnema eða iðnaðarmenn víkur þessu öðruvísi við. Þeir vinna altaf vist verk á hverjum degi, sem færir peninga í vasa lærimeistarans. Þess vegna getur það verið bagalegt fyrir lærimeistarann að sjá af iðnnemanum og hann dragi það við sig að veita honum viku sumarleyfi, ef hann sjer, að hann getur kannske komist hjá því. Hjer er því alt öðru máli að gegna. Það kostar lærimeistarann eitthvað að veita sumarleyfi, en verslunareigandann sama sem ekkert. Þess vegna þarf að búa betur um hnútana hvað iðnnema snertir og tryggja þeim, að sumarleyfið verði aldrei minna en ein vika á ári.

Jeg held jeg hafi þá að mestu svarað því, sem hv. frsm. allshn. (JJós) hafði fram að bera fyrir nefndarinnar hönd, og læt svo skeika að sköpuðu, hvernig fer um brtt. mínar. Það sjest þá við atkvgr., hverjir vilja tryggja rjett iðnnema og hverjir ekki.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg verð að líta svo á, og nefndin er þeirrar skoðunar, að ákvæði 9. gr. um sumarleyfi beri að skilja svo, að skylt sje að taka upp í samninga milli iðnnema og lærimeistara, eða öllu heldur milli þjóns og húsbónda, hvernig fara skuli um þetta atriði. M. ö. o., að þetta sje algerlega samningsatriði þeirra á milli.

Verði frv. þetta að lögum og hv. 5. landsk. (JBald) geti þá nefnt dæmi, þar sem húsbóndi skjóti sjer undan þeirri skyldu að veita iðnnema sumarleyfi, þá fyrst er ástæða til að breyta þessu í það horf, sem brtt. fer fram á.

Það er satt, að nefndin leggur mikla áherslu á, að ungir iðnnemar sjeu ekki látnir vinna eftir kl. 6 að kvöldi tvö fyrstu árin, sem þeir eru við nám. Þá eru þeir flestir 15 ára, óharðnaðir og því nauðsyn á slíkri vernd.

Þegar svo litið er á það, að vinna byrjar aldrei fyr en kl. 6 að morgni, og að tvær stundir dragast frá sem matmálstími, þá eru eftir í allra hæsta lagi 10 stundir, sem fara til vinnu, en frá þeim dregst svo aftur tími sá, sem fer til náms og teikninga, þá virðist það nægilega trygt, að nemendur 15—16 ára verði ekki þrælkaðir eða þeim ofboðið með vinnu.

Þá vil jeg mótmæla því, að frv. sje eingöngu hugsað sem einhliða trygging fyrir iðnnema. Jeg held miklu fremur, að frv. sje hugsað sem skynsamlegar reglur, er löggjafarvaldið setur um afstöðu lærimeistara og iðnnema hvors til annars. Lögin geta því

alls ekki kallast einhliða. Lítum t. d. á 7. gr. Þar er nemanda lagt á herðar að sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni. Á öðrum stað er tekið fram, að lærimeistari skuli vaka yfir siðferði og hegðun nemanda. Í 15. gr. er ákvæði um, að lærimeistari geti látið nemanda fara frá sjer, ef hann er dæmdur sekur um brot, sem svívirðilegt þykir, og nemandi geti hinsvegar yfirgefið lærimeistara sinn, ef hann gerir sig sekan í slíku broti. Í 21. gr. er refsing lögð við, ef nemandi brýtur gegn settum reglum, og honum gert að greiða lærimeistara skaðabætur. Sömuleiðis er lærimeistara ákveðin refsing og gert að greiða skaðabætur, ef hann brýtur settar reglur. Öllum hlýtur að vera ljóst, að hjer er ekki um einhliða ákvæði að ræða. Það er tekið fult tillit til hagsmuna aðilja á báða bóga, enda væri það harla einkennilegt, ef eingöngu væru gerð ákvæði um skyldur annars aðilja, en rjettindi hins. Það liggur í augum uppi, að í lögum, sem sett eru um iðnaðarnám, verður að taka fult tillit til beggja aðilja. En eins og jeg hefi bent á áður, kveður þetta frv. ríkara á um rjett nemenda heldur en gert er í núgildandi lögum, og samt sem áður fellur um koll sú staðhæfing hv. 5. landsk. (JBald), að frv. sje einhliða. Ásakanir hv. þm. um, að nefndinni farist smásmugulega, hafa við engin rök að styðjast. Miklu fremur mætti segja, að brtt. hans færu í þá átt að vera smásmugulegar, þar sem hann vill ekki sætta sig við almenn ákvæði, vill t. d. binda sumarleyfi við vissa dagatölu, vissa mánuði o. s. frv. Jeg sje ekki neitt á móti því, að svona hlutir geti verið samkomulagsatriði, þar sem lögin beinlínis heimila nemendum að krefjast sumarleyfis.

Hv. þm. (JBald) talaði um útlend fordæmi. Hann sagði, að í útlöndum væru settar nákvæmar reglur um öll viðskifti lærimeistara og nemenda. Það má vel vera, að þetta sje rjett. En á það má líka líta, þótt menn, sem eru líkrar skoðunar og þessi hv. þm., sjeu sívitnandi í útlend fordæmi, að í fjölmennum iðnaðarbæjum erlendis hagar talsvert öðruvísi til en hjer á landi. Jeg tel vafamál, að ávalt sje rjett að hafa þessi útlendu fordæmi fyrir mælisnúru, og jeg efa mjög, að þau eigi eins víða við hjer á landi og sumir, þar á meðal hv. 5. landsk. (JBald), vilja halda fram.

Jón Baldvinsson: Jeg held, að hv. frsm. (JJós) hafi algerlega misskilið þetta frv., fyrst hann heldur því fram, að það sje samið til þess að tryggja bæði lærimeistara og nemendur. Frv. fer nær eingöngu í þá átt að tryggja rjett nemenda, eins og greinarnar, sem hv. frsm. vitnaði í, sýna ljóslega. Þessi lög eru til þess sett, að tryggja rjett þeirra, sem búist er við, að ekki geti sjálfir sjeð fyrir sínum hlut. Næsta mál á eftir tryggir hinsvegar hagsmuni lærimeistara, á að koma í veg fyrir, að ólærðir menn geti spilt fyrir iðn þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 109,1 feld með 7:3 atkv.

— 109,2 feld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EJ, IP, JBald, MK.

nei: GÓ, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

Tveir þm. (IHB, JJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 93).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal gera mitt til þess, að hægt verði að ljúka dagskránni í dag, með því að segja að þessu sinni ekkert annað um þetta mál en að óska þess, að það fái að ganga til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 178).

Frsm. (Jón Guðnason): Jeg þarf ekki að tala langt mál um þetta frv. Nefndin leggur til, að það sje samþykt óbreytt. Frv. er ekki annað en endurskoðun á lögum frá 1893 og gerðar eðlilegar breytingar á þeim, eftir því sem tími og aðrar ástæður eru nú orðnar breyttar frá því, sem þá var. Breytingar þessar miða einkum í þá átt að tryggja rjett nemenda gagnvart meisturum sínum og að gera meiri kröfur til iðnnema en nú er. Nefndin hefir ekkert við þær breytingar að athuga og leggur til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

11.—25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 252).

---

3. Atvinnurjettur útlendinga á Íslandi.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, skal jeg einungis leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, 33, n. 35).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og þskj. 35 ber með sjer, leggur nefndin það til í heild, að frv. verði samþykt. Er nefndin í öllum aðalatriðum samþykk hæstv. stjórn í því, að nauðsyn beri til þess að setja reglur, er hefti innflutning erlendra verkamanna, þar eð álitið er, að lög frá 18. maí 1920 feli ekki í sjer nægilegar heimildir til þess að hindra slíkan innflutning.

Nefndin hefir þó ákveðið að bera fram þrjár brtt. við frv. Er þá sú fyrst, er öll nefndin var sammála um, að breyta þyrfti ákvæðum 2. gr., þar sem svo er um mælt, að aðilja sje heimilt að taka í þjónustu sína erlenda kunnáttumenn. Nefndinni fanst þetta allvítt hugtak, „erlendir kunnáttumenn". Hún lítur svo á, að þótt þetta geti átt við um iðju, þá sje hjer enginn hörgull á innlendum kunnáttumönnum í iðnaði. Breytingin er þá sú, að menn mega skilyrðislaust ráða til sín sjerfræðinga á iðjusviðinu, svo að mönnum sje gert sem hægast fyrir að afla sjer sem bestra starfskrafta. Að þessu lýtur líka 2. brtt. nefndarinnar.

Þá er 3. brtt., sem er við 3. gr., þar sem taldir eru menn þeir, sem ekki er hægt að vísa á bug eftir það, að frv. þetta er orðið að lögum. Í frv. er svo um mælt, að eigi megi vísa úr landi þeim mönnum, sem hjer dveljast, þegar lögin ganga í gildi. Í staðinn fyrir þetta fanst nefndinni rjettara að setja „þeim mönnum, sem hjer hafa aðsetur", er lögin koma til framkvæmda. Vildi hún þar með leggja áherslu á það, að menn væru byrjaðir að stunda hjer atvinnu.

Síðan nál. kom fram, hefir nefndinni verið bent á það af mjög mikilhæfum mönnum í læknastjett, hvort eigi ætti að setja í lög ákvæði um það, að þeir einir fái leyfi til að flytjast hingað, er sanni það fyrir yfirvöldunum, að þeir sjeu eigi haldnir neinum næmum sjúkdómi. Í lögunum frá 1920 um eftirlit með útlendingum er talið rjett að meina landsvist þeim mönnum, sem haldnir eru næmum sjúkdómum. Þó er það eigi gert að skyldu, að menn sanni með vottorði frá því landi, er þeir koma frá, að þeir sjeu ekki sjúkir. Gæti því komið til álita að setja slíkt ákvæði í reglugerð, er sett yrði samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður. Vil jeg þegar við þessa umræðu spyrja hæstv. stjórn, hvort hún treystist ekki til þess að taka slík ákvæði upp í reglugerð, án þess að brtt. þurfi að koma fram um það til 3. umr.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta. Eins og menn sjá á nál., þá hefir einn nefndarmanna, háttv. 5. landsk. (JBald), áskilið sjer rjett til

þess að koma fram með fleiri brtt. Mun hann sjálfur tala fyrir þeim, en á eftir mun jeg, ef jeg tel þess þörf, skýra frá, hvernig á því stóð, að meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallist á þær brtt.

Jón Baldvinsson: Það voru hvorki margar nje mikilvægar breytingar, er ágreiningur varð um í nefndinni. Það eru aðeins tvö atriði, eins og sjá má á þskj. 33. Jeg vil, að það sje sett í lögin, að mönnum sje óheimilt að ráða til sín erlent fólk, þótt því ætti ekki að vera annað goldið í kaup en fæði og húsnæði. Stjórnin hefir þó eftir sem áður heimild til að veita undanþágur, ef nægar ástæður eru til þess. Jeg vil, að ákvæði laganna sjálfra sjeu sem ströngust, og koma þannig í veg fyrir, að tilgangur þeirra verði fótum troðinn.

Hitt atriðið er þó meira um vert. Jeg vil, að lögin gangi þegar í gildi, svo að þau geti byrjað að verka í sumar. Lögunum er aðallega ætlað að hefta innflutning verkafólks við síldarvinnu; en Norðmenn hafa árlega flutt hingað margt verkafólk til þeirrar vinnu, og hefir verið litið svo á, að ekki sje hægt að meina það. Lögin frá 1920 hjeldu menn að bönnuðu þetta, en seinna var það álitið, að þau snertu aðeins eftirlit með heilbrigði þeirra manna erlendra, er hingað koma, og að heilbrigðu fólki væri ekki hægt að meina landsvist. Vil jeg því hjer með grípa tækifærið til þess að þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, að hafa komið fram með þetta frv. Jeg var einn af þeim, sem áttu hlut að máli um það í fyrra að skora á hæstv. stjórn að bera fram frv. um þetta efni. Þessi seinni brtt. mín er talsvert mikilvæg. Hjer er um það að ræða, hvort við eigum að láta sumarið líða svo, að menn geti streymt hingað í atvinnuleit og máske 100—200 manns taki atvinnu frá jafnmörgum Íslendingum. Þetta hefir eigi aðeins þýðingu fyrir þá af íslenskum verkamönnum, sem út undan verða, heldur getur það haft mikla þýðingu fyrir bæjar- og sveitarfjelög, sem verða að sjá fyrir framfærslu atvinnuleysingja. Það er hægt að koma frv. þessu í gegnum þingið einhverntíma í mars, og sje það þá þegar sent út til staðfestingar, þá getur það verið orðið að lögum áður en menn eru yfirleitt farnir að búa sig undir atvinnurekstur í sumar og ráða fólk. Jeg álít, að það sje forsvaranlegur frestur, ef lögin ganga í gildi 4—5 mánuðum áður en síldveiðar byrja.

Jeg legg mikið upp úr þessu. Það hefir verið hart í ári að undanförnu, og árið sem leið var eitt hið versta ár, sem yfir okkur hefir komið. Menn eru því illa búnir undir annað atvinnuleysisár. Það er engin ástæða til að óttast það, að aðrir atvinnuvegir, svo sem landbúnaður, bíði neinn hnekki við það, þótt lögin gangi strax í gildi og banni innflutning útlendra verkamanna í sumar, því að undanfarin sumur hefir verið nóg framboð á verkafólki, og svo mun enn verða. Mjer finst því öll rök hníga að því, að frv. eigi sem fyrst að verða að lögum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil fyrst þakka hv. sjútvn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls og skal taka það fram um brtt.

á þskj. 35, að jeg get fallist á þær. Jeg leit að vísu svo á, að undanþágan í fyrstu brtt. fælist í frv. sjálfu, en get gengið inn á það, að nefndin kunni að hafa rjett fyrir sjer.

Um 2. brtt. er ekkert að segja; hún er aðeins afleiðing af hinni.

Þriðju brtt. tel jeg til bóta. Það er rjett hjá háttv. nefnd, að betra er að takmarka heimildina við það, að menn hafi hjer fast aðsetur, þá er lögin ganga í gildi, og er þetta í anda frv. að öðru leyti.

Þá skal jeg minnast á þá spurningu, er hv. frsm. (JJós) beindi til stjórnarinnar um það, hvort eigi væri hægt að setja í reglugerð ákvæði um heilbrigðisvottorð og láta það varða landsvist. Jeg álít, að heimild til þessa sje í lögunum frá 1920, og eftir þessu frv. álít jeg, að heimilt sje að setja reglugerð um þetta efni, því að í 3. gr. frv. stendur, að atvinnumálaráðherra megi binda landsvist erlendra manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis. Af þessu leiðir það, að hann getur heimtað heilbrigðisvottorð af þeim, sem hjer vilja setjast að, og vona jeg, að hv. sjútvn. sjái, að ekki er nauðsynlegt að koma fram með brtt. við frv. um þetta atriði.

Þá eru brtt. hv. 5. landsk. (JBald) á þskj. 33, og verð jeg að segja um þá fyrri, að jeg tel hana ekki til bóta. Finst mjer hart að meina mönnum landsvist fyrir það, þótt þeir eigi að fá hjer fæði og húsnæði ókeypis, því að þar er aðeins um undantekningar að ræða. Englendingar, sem eru allra manna strangastir á þessu sviði, leyfa mönnum landsvist, þótt þeir fái fæði og húsnæði ókeypis. Og mjer er kunnugt um það, að það eru ekki fáar stúlkur, sem farið hafa hjeðan til Edinborgar til þess að læra málið og hafa fengið fæði og húsnæði fyrir vinnu sína, en ekkert kaup.

Seinni brtt. hv. 5. landsk. (JBald) get jeg alls ekki fylgt, því að það er of hart að gengið að láta lögin öðlast gildi þegar í stað, eða sama dag og konungur staðfestir þau. Jeg hefi gert ráð fyrir, að frv. fylgdi öðrum frv. frá þessu þingi og yrði þá líklega staðfest í júní. Stjórnin getur eigi ráðið neinu um það, hvenær það er komið í gegnum þingið. Það er líka venja um slík lög sem þessi, að veittur sje nokkur frestur þeim, sem lögin snerta mest. Það þykir lítil kurteisi milli þjóða að fyrirbjóða eitthvað með lögum fyrirvaralaust. Jeg tel, að frestur inn, sem veittur er með frv., sje hæfilegur, og vona, að hv. sjútvn. sje þar á sama máli.

Jeg held, að jeg þurfi þá ekki að segja meira um brtt., sem liggja fyrir, en endurtek að síðustu þakkir til hv. nefndar fyrir það, hve vel hún hefir tekið undir þetta mál.

Jón Baldvinsson: Jeg var búinn að gera ráð fyrir þeim ástæðum, sem stjórnin hefði fyrir því að láta lögin ekki ganga í gildi 1. október, og það kom ekkert fram í viðbót við þær. Hæstv. stjórn finst tíminn of stuttur fyrir erlenda menn, sem hingað leita um atvinnu. Jeg álít hjer nægilega kurteisi sýnda, ef atvinnurekendur fá að vita þetta þrem mánuðum fyrirfram. Það er aðeins þetta, að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir, að lögin verði ekki tilbúin fyr en seint í júní,

og þá má náttúrlega segja, að fyrirvarinn sje nokkuð stuttur, ef atvinnan á að byrja 1. júlí. En jeg held samt, að maður eigi heldur að líta á hitt, hvort landið í heild sinni tapi eða græði mikið á þessu. Jeg vil að minsta kosti meta það jafnmikils, ef landsmenn hafa hag af þessu, eins og þótt Norðmönnum eða Svíum þætti þetta ekki nægilegur frestur. Jeg get ekki sjeð, að hæstv. stjórn geri sig seka um nokkra ókurteisi, þótt hún reyni að koma þessum lögum í kring í næsta mánuði og ljeti staðfesta þau, svo framarlega sem hún getur nokkru um þetta ráðið, og þá er fresturinn alveg nægilegur. Í tollalöggjöfinni er ekki ætíð verið að hugsa um fyrirvarann, og þó snerta þau lög heilar þjóðir. Jeg má segja, að norski kjöttollurinn kom með tiltölulega stuttum fyrirvara í gildi gagnvart Íslandi. En þetta er afarmikið fjárspursmál fyrir okkur Íslendinga, hvort eitt til tvö hundruð manns verða gerðir atvinnulausir á næsta sumri.

Hæstv. ráðh. (MG) vildi segja, að stjórnin rjeði því ekki, hvenær málið gæti komist fram. Jeg álít, að hæstv. stjórn geti ráðið ákaflega miklu um það. Ef hæstvirtir ráðherrar leggja áherslu á að fá slík lög samþykt sem fyrst, þá geta þeir miklu um það ráðið. Mjer sýnist málið ekki þess eðlis — án þess að jeg geti fullyrt það að svo stöddu — að það ætti að verða mikil fyrirstaða að fá því framgengt. Jeg vil því mælast til þess við háttv. deild, að hún samþykki mínar brtt. Það er engin ókurteisi við neinn, þótt við setjum hjá okkur samskonar lög og aðrar þjóðir hafa þegar sett hjá sjer. Það má afgreiða þetta mál svo fljótt, að það sje nægur tími til þess að láta þá vita, sem atvinnu ætla að reka hjer á næsta sumri, að þeir geti ekki haft það eins og undanfarin sumur.

Viðvíkjandi innflutningi á verkamönnum alment, þá efast jeg um, að íslenskum stjórnarvöldum hafi ávalt verið tilkynt koma þeirra hingað til lands, sem vera ber að lögum. Jeg hefi mikla ástæðu til að ætla, að atvinnurekendur útlendir — og þá sjerstaklega Norðmenn — tilkynni ekki lögreglustjórum í hjeruðum norðanlands, þegar þeir koma með útlenda verkamenn til atvinnu hjer á landi. Þarna sýna þeir okkur litla kurteisi. Um Krossanesverksmiðjuna sannaðist það að minsta kosti, að lögreglustjóra á Akureyri var ekki tilkyntur innflutningur erlendra verkamanna þangað. Jeg ætla, að þetta sje í mörgum tilfellum svona. Þessir atvinnurekendur, sem flytja inn verkamenn, hafa komið þannig fram, að þeirra vegna gerir ekkert til, þótt lögin komi í gildi strax í sumar og stjórnarleyfi þyrfti til innflutnings verkamanna. Geri jeg ráð fyrir, að hæstv. stjórn veiti leyfið, ef um sjerstaka kunnáttumenn er að ræða. En jeg geri líka ráð fyrir, að hún fari varlega í að veita undanþágur frá lögunum að því er snertir innflutning á verkafólki. Jeg get ekki hugsað mjer, að það verði um langan tíma hörgull á því. Það sýna að minsta kosti öll árin frá stríðslokum, að meira og minna af fólki er atvinnulaust á hverju sumri. Þess vegna

vænti jeg, að hver stjórn, sem á að framfylgja þessum lögum, fari mjög varlega í að veita undanþágurnar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki getað sannfærst af ræðu hv. 5. landsk. (JBald) um, að hans brtt. sje betri en það, sem frv. segir. Þótt svo kunni að vera, að aðrir hafi ekki sýnt fulla kurteisi gagnvart okkur, þá leiðir ekki þar af, að við eigum ekki að sýna fulla kurteisi fyrir því. Það er enginn bættari með því að gjalda ilt með illu. Hv. 5. landsk. veit, að við eigum að gjalda ilt með góðu; þá er fegurst að farið. Það er ekki eingöngu um þetta atriði, heldur viðskifti þjóða yfirleitt, að maður á ekki að fara lengra en maður óskar, að farið verði gagnvart sjer. Og jeg verð að segja, að jeg vildi ekki fá slík lög á mig fyrirvaralaust.

Hv. þm. talaði um, að þriggja mánaða frestur væri nægur. En þá hefði hv. þm. (JBald) átt að koma með brtt. í þá átt, að lög þessi öðluðust gildi 3 mánuðum eftir staðfestingu. En það er ekki rjett, að stjórnin geti ráðið, hvenær frv. þetta verður að lögum. **(JBald:** Hún getur haft mikil áhrif). Má vera. En jeg get sagt hv. 5. landsk. það, að það eru ekki allir þm. eins hrifnir af þessu frv. eins og hann er. Það er langt frá því.

Að líkja þessu máli við tolla, sem settir sjeu fyrirvaralaust, er ekki hægt; það er alt of ólíkt til þess.

Að síðustu vjek hv. þm. að því, að það ætti að veita lítið af undanþágum að því er alment verkafólk snertir, og vildi brýna það fyrir þeim stjórnum, sem með þetta mál fara, sem sjálfsagt verða margar. Jeg skal ekkert hafa á móti þessu út af fyrir sig, en jeg vil aðeins benda á, að ekki má einungis hugsa um verkafólkið í þessu sambandi; það verður líka að hugsa um atvinnurekendur. Og ef svo er, að of mikil hætta er á, að of mikið dragist frá einhverjum atvinnuvegi af verkafólki, þá er sjálfsagt að bæta úr því með því að leyfa innflutning á verkafólki. Jeg get ímyndað mjer, að ef engir erlendir verkamenn koma norðanlands, þá geti það komið fyrir, að of mikið dragist af fólki frá landbúnaðinum til síldveiðanna. Það verður að taka tillit til þessa alveg eins og verkafólksins. Og það er meiningin með undanþáguheimildinni, að þetta tvent á hvaða stjórn sem er að vega hvort á móti öðru, en hugsa ekki einungis um verkamenn eða atvinnurekendur.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ástæðan fyrir því, að jeg beindi fyrirspurn til hæstv. ráðh. (MG) um það, hvort stjórnin mundi treysta sjer til að setja ákvæði í væntanlega reglugerð um það, að erlendir menn, sem hingað koma til atvinnu, ættu að sanna með vottorði áður en þeim væri leyft á land, að þeir væru lausir við alla hættulega kvilla, — var sú, að mjer virðast ákvæði 3. gr. frekar eiga við þá menn, sem þegar eru komnir hjer á land, er lögin koma í gildi. En ef hæstv. ráðh. (MG) álítur, að frv. heimili að taka þetta ákvæði upp í reglugerð, þá þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum að því.

Hvað snertir brtt., sem háttv. 5. landsk. (JBald) flytur, þá er óþarfi fyrir mig að fara að deila við hann

um nauðsyn þeirra. Meiri hl. nefndarinnar álítur, að vel sje unandi við þetta tímatakmark, sem í frv. stendur. Jeg hefi ekki heyrt hv. þm. koma með neinar sannanir, sem jeg álít nægar, fyrir því, að bráðnauðsynlegt sje, að lögin gangi í gildi þegar í stað. Hann er líka alveg í vafa um það, hvort það eru 50, 100 eða 200 erlendir verkamenn, sem koma til Siglufjarðar eða Norðurlands á sumrin. Jeg heyri sagt af mönnum, sem til þekkja, að fáir sjeu þangað fluttir til vinnu fyrir utan einstöku fagmenn.

En þetta finst mjer ekkert aðalatriði í málinu, hvort lögin ganga í gildi 2—3 mánuðum fyr eða síðar. Háttv. þm. verður að færa betri sannanir fyrir því en hann hefir gert, að þetta sje stórt fjárhagsatriði. En nú veit hann ekkert um það, hve marga menn er hjer um að ræða.

Mjer virðist það vera sameiginlegt áhugamál okkar allra að stemma stigu fyrir því með lögum, að hingað geti komið, þegar svo ber undir, hópur verkamanna, sem tækju vinnu frá landsmönnum. Og við ættum ekki að þurfa að deila um það, hvort slík lög eigi að ganga í gildi nokkrum mánuðum fyr eða seinna. Jeg verð að segja, að jeg felst frekar á ástæður hæstv. stjórnar, að lögin gangi í gildi eins og frv. ákveður heldur en brtt. hv. 5. landsk. (JBald) á þskj. 33. Hv. þm. verður líka að gæta að því, að þetta frv. felur í sjer ákvæði, sem geta valdið talsverðum breytingum á aðstöðu þeirra manna, sem þegar eru komnir án þess að ugga neitt að sjer. Og það er ekki rjett að gera það alt of fyrirvaralaust, að ráða að þeim mönnum. Að mínu áliti er rjettara, að þeim sje gefinn hæfilegur frestur.

Jón Baldvinsson: Jeg vil segja út af orðum hv. frsm. nefndarinnar (J-Jós), að jeg játa, að erfitt er að færa sönnur á það, hve mikið fje hjer er um að ræða, af því að það er ekki hægt að fá uppgefið hjá lögreglustjórum, hve margir útlendingar koma. En það er sökum þess, að atvinnurekendur, sem flytja mennina inn, trassa skyldu sína að tilkynna lögreglustjóra það.

En þó að jeg hafi ekki fullyrt um neina tölu á erlendu verkafólki, sem hjer hefir verið, þá veit jeg, að talan er einhverstaðar yfir 100, og kannske upp í 200 í alt og alt. Jeg veit þetta eftir því, sem jeg hefi haft spurnir af. Hv. frsm. (JJós), sem er reyndur atvinnurekandi, getur getið sjer þess til, hve mikið fje það er, sem slíkum fjölda af verkamönnum er borgað yfir sumarið. Og alt það fje fer út úr landinu frá íslenskum atvinnuvegi og íslenskum verkamönnum. Svo að hjer er um nokkuð stóra fjárhæð að ræða, jafnvel þótt jeg geti ekki flutt sannanir fyrir því, að svo og svo margir sjeu verkamennirnir og svo og svo margar þúsundir, sem landið tapar.

Hinsvegar veit jeg, að slík ákvæði hjá öðrum þjóðum um atvinnu útlendra verkamanna hafa verið látin ganga í gildi fyrirvaralaust — engin tilkynning send út. Hjá flestum þeirra eru heimildarlög í gildi, og þau eru aðeins notuð á kreppu- og erfiðleikatímum. En þegar alt leikur í lyndi og atvinnuvegirnir ganga vel, þá er ekki verið að skifta sjer af, þótt erlendir

verkamenn komi. En þegar atvinnuleysið kemur, þá eru þessi lög látin ganga í gildi alveg fyrirvaralaust. Ekki allfáum mönnum hefir verið vísað úr landi á Englandi, — ekki eingöngu algengum verkamönnum, heldur einnig skrifstofu- og verslunarfólki, og það með mjög stuttum fyrirvara. Þetta sýnir það, að stjórnir annara landa eru ekki að hafa fyrir því að tilkynna þetta löngu fyrirfram; og það er líka ákaflega skiljanlegt.

Þessi lög, sem við erum að setja hjá okkur núna fyrst, munu þegar komin á hjá öllum nágrannaþjóðunum, svo að það er ekki neitt nýtt, sem við erum að fitja hjer upp á, heldur erum við að tryggja okkur á sama hátt og aðrar þjóðir eru þegar búnar að gera.

En sem sagt, það er ákvæðið um það, hvenær lögin gangi í gildi, sem jeg legg mesta áherslu á. Og jeg veit, að það er stórt fjárhagsspursmál, enda þótt jeg geti ekki sett tölurnar fram hjer í hv. deild.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg vil aðeins gera dálitla leiðrjettingu, hafi jeg heyrt rjett það, sem hv. 5. landsk. (JBald) sagði. Mjer heyrðist hann tala um „slík heimildarlög". Á hann við þetta frv.? Hjer er ekki um heimildarlög að ræða. Hjer er beinlínis bannað, eftir að lögin ganga í gildi, að koma með erlenda verkamenn hingað, nema með sjerstökum skilyrðum. Í frv. felst aðeins heimild til þess að veita undanþágur í einstaka tilfellum. En lögin eru í sjálfu sjer engin heimildarlög; þau byrja á að banna þetta algerlega.

Hinu furðaði jeg mig á hjá háttv. 5. landsk. (JBald), þar sem hann telur það aðalatriðið fyrir sjer, að lögin gangi í gildi nokkrum mánuðum fyr en ákveðið er í frv. (**JBald:** Þetta er útúrsnúningur!). Þetta er alveg eins og hv. þm. sagði það. Jeg hjelt, að fyrir honum vekti það sama og fyrir okkur vakir, að það væru lögleidd ákveðin fyrirmæli um að banna ótakmarkaðan innflutning erlends verkafólks, þegar nægur vinnukraftur er til í landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 33,1 feld með 8:2 atkv.

— 35,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 35,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 35,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 33,2 feld með 9:3 atkv.

10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 43).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 43),

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var flutt þar af stjórninni vegna þál., sem samþykt var í þessari háttv. deild í fyrra, um að setja lög um þessi efni. Frv. fjekk góðan byr í Ed., og svo vænti jeg, að verði einnig hjer. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar, og óska, að því verði vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 43, n. 167, 169, 170).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er komið frá hv. Ed., en var lagt þar fram af hæstv. stjórn samkvæmt þál., sem samþykt var í þessari deild í fyrra, þar sem lagt var til, að stjórnin undirbyggi frv., er miðaði að því að takmarka rjett erlendra manna, bæði einstakra manna og fjelaga, til þess að flytja inn í landið erlendan vinnulýð, þó með þeirri undantekningu, sem sett er í 3. gr. frv. Ennfremur er atvrh. veitt heimild til að vísa burt mönnum, sem hingað koma frá útlöndum í atvinnuleit. Það kom fram í umr. í fyrra, að lagaákvæði vantaði um þetta. Nú er frv. komið fram, og hefir enginn ágreiningur orðið um það í Ed. Sama niðurstaða varð í sjútvn., að hún ræður hv. deild til að samþykkja frv. En nefndin klofnaði um brtt., sem einstakir nefndarmenn komu með. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um frv. sjálft. Aðalefni þess er í 2. og 3. gr. Jeg læt staðar numið um það. Nefndin er á einu máli um það að leggja til, að frv. verði samþ., og við munum allir greiða því atkv., hvernig sem fer um brtt.

Jeg vil þá leyfa mjer að víkja að brtt., er nefndin ber fram á þskj. 167. Meiri hluti nefndarinnar ætlast til, að skotið verði inn í 2. gr., eftir 3. lið, heimild fyrir bændur til að flytja inn erlend vinnuhjú. Nefndinni þykir ekki rjett að banna þeim þetta. Það er oft erfitt að fá þann vinnukraft, sem landbúnaðurinn þarfnast, og það ástand gæti orðið verra, ef hafin yrði stóriðja ofan á þá vinnufólkseklu, sem fyrir er. Því viljum við, að bændurnir fái þessa heimild. Við teljum enga hættu geta stafað af þessu, þar sem hin erlendu hjú myndu dreifast eitt og eitt á hin íslensku sveitaheimili, enda yrði þessi innflutningur aldrei svo mikill, að á honum bæri neitt verulega. En nú hafa komið fram mótmæli opinberlega gegn þessari till. sem varhugaverðri. En enginn nefndarmanna áleit hættu geta stafað frá þessari hlið, að gin- og klaufaveikin gæti borist með þessu vinnufólki til landsins. Jeg held nú, að engin ástæða sje til þess að leggjast á móti þessari till. vegna þess, enda er fullkomin heimild fyrir stjórnina, samkv. lögum frá 1920, til þess að setja innflutningsskilyrði gagnvart þessu fólki.

Það er augljóst mál, að þessi veiki

er voðalegur vágestur, en við getum ekki lokað landinu fyrir henni. En það verður hinsvegar að setja fullkomnar varúðarreglur. Þótt menn komi ekki frá útlöndum til þess að dvelja hjer á landi sem hjú, þá getum við ekki varnað erlendum ferðamönnum að fara um landið.

Jeg skal ekki minnast á aðrar brtt., sem fram hafa komið. Skal aðeins taka það fram, að meiri hl. nefndarinnar er á móti þeim, þegar af þeim eðlilegu ástæðum, að t. d. brtt. á þskj. 170 gengur í öfuga átt við brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi komið fram með brtt. við frv., á þskj. 169, ásamt hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Brtt. fer fram á það, að lögin gangi í gildi 1. júlí í stað 1. október, eins og ætlast er til í frv. Eins og kunnugt er, þá kom fram brtt. um þetta atriði í hv. Ed., þess efnis, að lögin gengju í gildi þegar í stað, en sú brtt. var feld. Jeg var ekki viðstaddur umræðurnar í hv. Ed. og veit því ekki ástæðurnar fyrir því, að till. var feld þar. En jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn hafi þótt nauðsynlegt að fá frest til þess að geta kynt lögin í nágrannalöndunum, áður en þau gengju í gildi. Jeg álít, að með till. okkar sje fresturinn gefinn svo ríflegur, að hann ætti að nægja. Málið er komið frá hv. Ed., og þó að frv. fari þangað aftur til einnar umr., þá ætti það að geta orðið að lögum eftir fáa daga. Það yrði þá um þriggja mánaða frestur frá því lögin væru samþykt og þangað til þau gengju í gildi, sem mætti nota til þess að kynna þau erlendis. Ástæðan fyrir því, að jeg fer fram á það, að lögin öðlist gildi 1. júlí, er sú, að mjer hafa borist óskir um það úr kjördæmi mínu, að þau gengju í gildi fyrir síldveiðitímann. Ef það er nauðsynlegt að fá þessi lög til þess að tryggja atvinnu innlendra verkamanna, þá er vitanlega sama nauðsyn á því nú í sumar og næsta sumar. Fólkið fer til verstöðvanna í atvinnuleit á vorin, hvort sem horfurnar með atvinnu eru góðar eða ekki, og ef fólkið er komið á annað borð, þá er betra, að það hafi atvinnu, en komi ekki aftur á haustin með tvær hendur tómar. En atvinnan er tekin af þessu fólki, ef útlendingar flytjast mjög inn í landið. Till. okkar stefnir að því, að þetta verði síður í sumar en ella. Það er hætt við því, að hæstv. stjórn þyki þessi tími fullstuttur. Þó er þessi till. aðgengilegri en till. í hv. Ed., og ætti hæstv. stjórn að geta gengið að þessari till., þó að hún hafi ekki getað gengið að till. í Ed.

Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (SigurjJ), gat þess, að nefndin hefði ekki orðið sammála um að flytja brtt. á þskj. 167, um að bæta inn í 2. gr. frv. lið um það, að erlend vinnuhjú megi ráðast til sveitavinnu. Jeg get kannast við það, að það getur verið gott í ýmsum tilfellum að fá erlenda menn til sveitavinnu, en í 4. gr. frv. er nægileg heimild til þessa. Jeg býst við því, að ef svo bæri við, að þetta reyndist nauðsynlegt, þá mundi atvrh. veita leyfi til þess samkvæmt 4. gr. En jeg álít, að það sje ekki gætilegt að ákveða það svo í frv., að bændur megi flytja inn erlenda vinnumenn skilyrðislaust. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá hafa komið fram opin-

ber mótmæli gegn innflutningi erlendra verkamanna, bygð á þeirri sýkingarhættu, sem af því gæti stafað, nefnilega að þeir gætu borið með sjer gin- og klaufaveiki. Jeg skal engan dóm leggja á það, hvort nokkuð sje að óttast í því efni. En hitt er víst, að veiki þessi er sá vágestur, að full ástæða er til að fara varlega. Háttv. frsm. (SigurjJ) gat þess, að ekki væri hægt að loka landinu fyrir erlendum ferðamönnum o. s. frv. En þetta er ekki sambærilegt. Hann hlýtur að sjá, að það stafar miklu meiri hætta af verkafólki, sem ef til vill fæst við að hirða skepnur, heldur en af ferðamönnum.

En auk þessa er einnig ástæða til að efast um það, að heppilegt sje fyrir þjóðina að flytja inn fólk í stórum stíl, enda geri jeg ráð fyrir, að það fólk, sem hingað flyttist í þessu skyni, yrði ekkert úrval. Jeg tel, að frá sjónarmiði sveitamanna sje það mjög varhugavert að samþykkja þessa tillögu, enda að mínu áliti óþarft, þar eð í 4. gr. frv. felst nægileg heimild til þess að flytja inn verkafólk til sveitavinnu, ef þess gerist brýn þörf. Það er sá munur á frv. og till., að með frv. er innflutningurinn háður eftirliti stjórnarinnar, og leyfi ekki veitt, nema það sje nauðsynlegt og hættulaust, en eftir till., þá er innflutningurinn eftirlitslaus, en það tel jeg mjög varasamt.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg er hjer með 2 brtt. sjerstakar, auk þess sem jeg er flm. að brtt. með hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Önnur brtt. mín er við 2. gr. frv., þar sem ákveðið er, að mönnum sje óheimilt að taka erlenda menn í þjónustu sína hjer á landi, gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði. Brtt. mín fer fram á það, að orðin „annari en fæði og húsnæði" falli burtu. Því hefir jafnvel verið haldið á lofti af mönnum í sjútvn., sem fylgjandi eru frv., að þó að þetta ákvæði, eins og það er í frv., yrði samþykt, þá yrði það aldrei annað en pappírssamþykt, því að erlendir menn mundu ráðnir upp á fæði og húsnæði, enda þótt um venjulegt kaupafólk væri að ræða. Brtt. mín mundi girða fyrir þetta. Ef svo kynni sjerstaklega að standa á, að nauðsynlegt væri að fá erlent vinnufólk, þá væri auðvelt að fá heimild til innflutnings þess hjá atvrh., samkvæmt 4. gr. frv. En með heimildinni eins og hún er veitt í 2. gr. frv. er sett það gat á lögin, sem getur orðið mjög varhugavert.

Hin brtt. mín er við 4. gr. frv., er veitir atvrh. heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr. Jeg legg það til, að atvrh. veiti þessa undanþágu í samráði við Alþýðusamband Íslands. Er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að ráðherrann ráðgist við þann aðilja, sem innflutningur erlends verkafólks mestu skiftir, sem sje samband hins íslenska verkalýðs, Alþýðusamband Íslands, hvernig það líti hverju skifti á þann innflutning, sem farið er fram á, að veitt sje undanþága til. Atvrh. er vitanlega ekki bundinn við álit Alþýðusambandsins í því efni, frekar en hann er bundinn við álit atvinnurekanda þess, er fram á undanþáguna fer. En það er nauðsynlegt, að hægt sje að sjá, hvað atvinnurekendur hafi fyrir sjer um nauðsyn innflutningsins og hvernig stjórn sambands verkalýðsfjelaganna

lítur á málið. Alþýðusamband Íslands myndi aldrei leggja á móti slíkum innflutningi, nema hann kæmi í bága við hagsmuni hins íslenska verkalýðs. En til þess eru þessi lög sett, að gæta hagsmuna hans.

Jeg ætla mjer ekki að tala sjerstaklega um brtt. á þskj. 169. Háttv. aðalflm. (BSt) hefir lýst rökunum fyrir þeirri till. En viðvíkjandi brtt. meiri hl. nefndarinnar um það, að heimila bændum að ráða erlend hjú, þá skal jeg geta þess, að mjer þykir sú till. alleinkennileg, því að í stað þess, sem jafnan hefir verið viðkvæðið hjer, að Ísland sje fyrir Íslendinga, þá er með till. sagt, að sjávarsíðan sje fyrir Íslendinga, en sveitirnar fyrir útlendinga. Með því að hafa ótakmarkaða heimildina fyrir því að ráða erlend vinnuhjú til sveitanna, þá verður ekki auðvelt að stemma stigu fyrir því, að innflutningurinn verði mikill, og fólk það, sem þannig flyst inn í sveitirnar, getur hæglega leitað síðar til sjávarins.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir meðferð hennar á þessu frv. Jeg skal taka það fram, að jeg lít svo á, að það sje rjett hjá hv. minni hl. nefndarinnar, að í 4. gr. frv. felist næg heimild til þess að ráða til landsins erlend vinnuhjú, og að því sje ekki þörf á brtt. meiri hl. En mjer skilst, að sú brtt. sje fram komin vegna þess, að meiri hl. óski eftir því, að menn verði lausir við þá fyrirhöfn, sem það hefir í för með sjer að sækja um leyfi stjórnarinnar um innflutning í hvert einstakt sinn. Þessi ástæða meiri hl. hefir við dálítil rök að styðjast. Verði brtt. meiri hl. samþykt, þá verða þau hjú, sem flytjast inn í landið, vitanlega undirorpin öllu því eftirliti og þeim öryggisráðstöfunum, sem yfirleitt eru gerðar í landinu til þess að forðast útbreiðslu næmra sjúkdóma. Með þessum formála skal jeg lýsa yfir því, að jeg sje enga ástæðu til þess að vera á móti brtt.

Um brtt. á þskj. 169 um það, að lögin öðlist gildi 1. júlí, skal jeg geta þess, að það er rjett hjá hv. flm. (BSt), sem hann sagði, að brtt. í þessa átt kom fram í hv. Ed., en var feld þar. Mig minnir, að það hafi verið sama tillaga að því er gildistökuna snertir. (**BSt:** Í þeirri till. stóð, að lögin skyldu ganga í gildi þegar í stað). Það er alveg fráleitt að ætla að láta lögin fá gildi þegar í stað. Það væri hin mesta ókurteisi við þær þjóðir, sem hlut eiga að máli. Fresturinn verður að vera svo rúmur, að hægt verði að tilkynna hinum erlendu þjóðum lögin, og að þær fái hæfilegan tíma til þess að búa sig undir þær breytingar, sem af lögunum leiða. Eins og sakir standa, verður ekki með neinni vissu sagt, á hvaða tíma frv. verður afgreitt sem lög frá Alþingi, og því verður ekkert um það sagt, að fresturinn sje nægur til 1. júlí. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt — ekki síst fyrir smáþjóð, sem vjer erum — að haga sjer rjett og kurteislega gagnvart öðrum þjóðum, og því tel jeg nauðsynlegt að hafa frestinn nægilega langan. Jeg legg því til, að stjfrv. verði samþykt óbreytt. Það er ekki að vita, hve lengi getur dregist að afgreiða frv. Nú koma fjárlögin bráðum til umræðu, og þegar þau koma,

er venjan sú, að önnur mál verða að víkja fyrir þeim. Verði því frv. breytt aftur, þá verður það að fara aftur til hv. Ed., og því er ekki víst, að það verði að lögum fyr en undir þinglok.

Um brtt. á þskj. 170 skal jeg taka það fram, að samskonar till. kom fram í háttv. Ed. og var feld þar með miklum atkvæðamun. Það er ljóst, að það er illmögulegt að banna mönnum, sem vilja vera hjer og vinna gegn fæði og húsnæði, t. d. aðallega til þess að læra málið, að koma hingað til landsins.

Um seinni brtt. skal jeg geta þess, að það er víst ekki til neitt sjerstakt fjelag atvinnurekenda hjer á landi. Ef farið væri að biðja um undanþágu, þá gæti sú beiðni eins vel komið frá verkafólkinu sjálfu. Ef ráðherrann ætti að fara að spyrja Alþýðusamband Íslands um álit þess á slíkum beiðnum, þá yrði hann einnig að leita álits vinnuveitenda um þær. Best er að láta stjórnina eina gera út um slíkar beiðnir, — enda hygg jeg, að sú yrði raunin á, að Alþýðusambandið myndi alloftast leggjast á móti undanþágunum. Það, sem leggja verður áherslu á í allri atvinnulöggjöf, er það, að skifta rjett á milli atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda. Jeg hygg því rjettast að fela stjórninni að gera út um undanþágurnar. Hún mun á engan hátt misbrúka það vald sitt. Henni er bæði rjett og skylt að líta jafnt á hag beggja aðilja og gera um málin eftir því. Jeg legg því til, að brtt. á þskj. 169 og 170 verði feldar.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer datt í hug gamla orðtækið: „Gott er það, þegar slík æfintýri gerast með þjóð vorri". Mál þetta kemur úr sjávarútvegsnefnd og í sambandi við það ber hún fram tillögu, sem eingöngu snertir landbúnaðinn, og það tillögu, sem jafnframt mun orka tvímælis frá landbúnaðarins sjónarmiði, þar sem nú eru í gildi reglur, sem beinlínis banna, að útlendingar, sem þar hafa verið í þeim bændahjeruðum, sem gin- og klaufaveikin gengur, og það er víða, megi koma út um sveitir landsins. Jeg verð að lýsa yfir því, að þegar fram koma sjerstakar till. viðvíkjandi landbúnaðinum, þá finst mjer betur viðeigandi, að þær komi frá landbn. en sjútvn. Í raun og veru ætti nú að vísa þessu máli til landbn., og undir engum kringumstæðum get jeg samþykt þessa tillögu.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 43, n. 167, 169, 170).

Sveinn Ólafsson: Jeg vil fyrst og fremst leyfa mjer að leiðrjetta lítilsháttar misskilning, er kom fram í ræðu hv. frsm. nefndarinnar (SigurjJ) um þetta mál. Mjer skildist, eftir orðum hans að dæma, að hann ljeti í ljós, að nefndin mundi fallast á frv. og fylgja því út úr hv. deild, jafnvel þó að brtt. nefndarinnar fjelli. En jeg fyrir mitt leyti vil einmitt taka það fram, að þetta nær ekki til allra nefndarmanna, og að því aðeins mun jeg fylgja frv. áfram, að brtt. nefndarinnar verði samþykt. Jeg hafði, áður en þetta frv. kom til umræðu, tekið það fram við ýmsa hv. þdm., þar á meðal hæstv. atvrh. (MG), að jeg mundi ekki fylgja frv. þessu, nema

sú ívilnun fengist um heimild fyrir sveitabændur til þess að ráða til sín útlend hjú, sem fram kemur í brtt. nefndarinnar, enda stendur það berum orðum í niðurlagi nál. á þskj. 167, að nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessari breytingu.

Það mátti því ekki síðar vera, að jeg lýsti þessu yfir, og fylgi mitt við frv. er við það bundið, að álíka undanþágur fáist eins og nefndin leggur til.

Um frv. í heild sinni vildi jeg segja það, að þar er gengið svo langt til móts við kröfur verkalýðsfjelaganna, að nærri stappar, að þau hafi óskorað vald um allar kaupgjaldskröfur og geti bægt frá allri samkepni útlendinga. Enda má segja, að nú stingi undarlega í stúf við stefnu Alþingis nær síðustu aldamótum, er það gerði ráðstafanir vegna landsveitanna til þess að útvega erlent verkafólk.

Með þessu neita jeg því ekki, að rjett sje að vernda verkafólkið að einhverju leyti fyrir of mikilli samkepni útlendinga, að ekki verði á sanngjörnum rjetti þess traðkað. En að fá verkalýðsfjelögunum óskorað vald og sjálfdæmi í þessu efni, líst mjer að geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðfjelagið og öryggi þess.

Frv. þetta er sniðið eftir erlendum fyrirmyndum, og þá sjerstaklega eftir því, sem tíðkast í nágrannalöndunum, Englandi og Danmörku. Það, sem haft er hjer fyrir augum, eru þá þrautræktuð lönd, þar sem oft er erfitt að finna næg verkefni fyrir hinn starfandi lýð og fólksmergðin yfirgnæfir ræktanlegt land. En hjer hagar alt öðruvísi til. Ísland er óræktað og bíður eftir því, að mannshöndin komi til hjálpar og hefji það úr þeirri lægingu, sem það hefir verið í um langan aldur. Hjer bíða ótal verkefni fyrir starfandi hendur. Það þarf ekki aðeins að ryðja og rækta landið, heldur þarf að byggja upp fjölda býla og brúa ár, leggja vegi og bæta samgöngurnar. Og þó að talsvert sje gert að þessu árlega, þá er landið ennþá að miklu leyti ónumið og vegalaust og hefir því verkefni fyrir fleiri starfandi hendur en hjer eru til.

Þess vegna má ekki með öllu reisa skorður við því, að vinnuafl fáist frá öðrum löndum til hjálpar, þegar nauðsyn krefur. Með þessu vildi jeg þá láta enn ákveðnar í ljós, að jeg sje mjer ekki fært að fylgja frv., ef undanþágan fellur, sú, sem nefndin ber fram, og tel jafnvel ekki forsvaranlegt að samþykkja frv. án hennar.

Það hefir verið bent á það, að í 4. gr. frv. felist heimild fyrir ráðherra að veita þessar undanþágur, og að hún geti verið viðunandi linkind á ákvæðum 2. gr. En sú heimild er svo þröngum skilyrðum bundin, að hún mundi oft reynast harmabrauð þeim, er nota þyrftu, en ætíð tafsöm og fyrirhafnarmikil þeim, sem leyfi ættu að sækja um langan veg.

Það var rjettilega tekið fram af hv. frsm. (SigurjJ), að sveitirnar væru sjerstaklega þurfandi fyrir að nota þennan útlenda vinnukraft, ef fáanlegur verður. Það hefir sýnt sig síðari árin, að bændur hafa ekki getað notað þann vinnukraft, sem ónotaður er innanlands, t. d. um heyannir, af því að samtök verkalýðsins hafa, jafnvel

í atvinnuleysi, sett þá kauptaxta, sem ekki hefir verið hægt að ganga að. Jeg þekki bændur, sem gengið hafa frá kaupkröfunum og kosið heldur að láta heimaslægjur deyja út en sæta afarkostum um kaup. Nú er það að vísu svo, að þótt frv. þetta verði að lögum, þá er heimilt að ráða hingað verkafólk frá Danmörku, bæði til sjávar og sveita. Það hefir dálítið verið gert undanfarið að því að leigja vinnukraft þaðan, en það hefir líka sýnt sig, að Danir eru ver fallnir til þess að taka að sjer almenna sveitavinnu en t. d. Norðmenn, sem betur samþýðast landsháttum vorum og starfi og hafa sýnt, að þeir verða fljótlega eins og innlendir menn.

Alt frá 1880 hafa verið náin kynni milli ýmissa landshluta hjerlendis og vesturlandsins í Noregi. Um og fyrir aldamót dreifðust út um Norður- og Austurland margar fjölskyldur, sem fluttust hingað frá Noregi. Afkomendur þeirra og yngri kynslóðin hafa nú blandast svo, að ekki þekkist sundur, og eru þeir fyrir löngu orðnir innlendir borgarar. Viðkynning nokkur hefir haldist jafnan milli þeirra norskfæddu landsmanna og ættmenna. Frá þessum mönnum hafa svo haldist kynni við vesturströnd Noregs. Þeirri viðkynningu er óþarft að slíta eða viðskiftunum með lögum eins og hjer horfa við, því að þau viðskifti hafa að minni hyggju verið til góðs eins fyrir þjóð vora, en aldrei sakað.

Við fyrri hluta þessarar umr. komu fram mjög ákveðin mótmæli gegn þessari till. nefndarinnar og þau rök færð til, að ef hún yrði samþykt, þá myndi ekki einungis stafa af henni hætta fyrir þjóðerni vort, heldur mundi og jafnhliða leiða af henni allskonar sýkingarhætta fyrir bæði menn og skepnur, að mjer skildist. Aðallega var það hv. 2. þm. Eyf. (BSt), sem þóttist sjá þar hilla undir gin- og klaufaveiki og margvíslegar aðrar hættur. Rjett eins og gin- og klaufaveiki geti ekki flust hingað með þeim öðrum mönnum, sem mega flytja inn eftir frv., t. d. sjerfræðingum, sem hingað koma, frændum þeirra manna, sem hjer eru búsettir, ferðamönnum og öðrum, sem eftir 2. gr. frv. mega fara um landið. Mig furðaði satt að segja mjög að heyra þessar mótbárur bornar fram, því að þær eru hjegóminn einber.

Hitt er annað mál og ekki nema sjálfsagt, að gæta verður allrar varúðar vegna sýkingarhættu, ekki aðeins um innflutning þessa verkafólks, sem undanþágan nær til, heldur og allra manna, sem flytja hingað til lengri eða skemri dvalar í landinu, og þá ekki síst frá Danmörku, þar sem húsdýrasýkin hefir geisað.

Um þjóðernishættuna er það sama að segja, að hún er síst veigameiri en sýkingarmótbáran. Þessi hætta hefði þá átt að hafa sýnt sig fyrir löngu, með þeim innflutningi Norðmanna, sem átt hefir sjer stað síðan um 1880, eins og jeg drap á áður. En sá innflutningur hefir aldrei haft skemmileg áhrif á íslenskt þjóðerni.

Jeg hjó eftir því í þessu sambandi hjá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að hann mundi helst óttast innflutning Pólverja, Rússa eða annara álíka fjarskyldra þjóða, ef bændum yrði leyfð sú undanþága að mega ráða sjer er-

lend hjú. En mjer er ekki kunnugt um, að einn einasti Pólverji eða Rússi hafi nokkru sinni flust hingað inn í atvinnuleit, enda mundi það fljótt koma í ljós, að þeir væru ekki vel fallnir til þess að taka að sjer almenna sveitavinnu, og enn síður en Danir ílengjast hjer. Það eru Norðurlandabúar einir, sem okkur mundi gagna að fá hingað og hingað kæmu, og þá sjerstaklega þeir, sem næstir okkur búa, sem eru Norðmenn, enda er svo margt þar líkt með skyldum, að óhætt er að strika yfir þjóðernishættuna.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) tók í líkan streng eins og hv. 2. þm. Eyf. (BSt), en virðist þó ekki taka málið jafnalvarlega. Honum fanst kynlegt, að máli þessu skyldi vísað til sjútvn. og skopaðist að því, að hún bæri fram till., sem koma hefði átt frá hv. landbn. Jeg sje nú ekki, að það geti verið ástæða á móti till., að hún kemur ekki frá landbúnaðarnefnd. Ef hún miðar til heilla landbúnaðinum, þá hefir hún vissulega jafnmikinn rjett á sjer, þó að hún komi frá sjútvn. Hjer hefir fordæmið verið sótt til hv. Ed. Þar var málið hjá sjútvn., og það er gömul þingvenja að vísa málum í síðari deild til samkynja nefndar og þau hafa verið hjá í hinni deildinni. Jeg skal að vísu játa, að eftir eðli sínu hefði frv. þetta eins getað átt heima í landbn. eða allshn. Annars leit jeg á ummæli hv. þm. Str. sem hálfgildings spaug og ætla því ekki að fjölyrða meira um þau.

Að lokum vil jeg svo endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að frv. get jeg því aðeins fylgt, að hv. deild fallist á brtt. þá, sem sjútvn. hefir borið fram á þskj. 167. Að öðrum kosti greiði jeg atkvæði á móti frv.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir að mestu tekið fram það, sem jeg hafði að svara ræðum þeirra háttv. þdm., er töluðu um málið í gær; en út af því, sem hann sagði um afstöðu sína til frv., ef brtt. nefndarinnar yrði ekki samþykt, þá vil jeg aðeins geta þess, að hann hefir aldrei um það talað á fundum nefndarinnar.

Jeg get ekki skilið þá fullyrðingu hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að meiri sýkingarhætta stafi af innflutningi erlendra vinnuhjúa, þótt till. okkar væri samþykt, en ef bændur ættu að sækja um undanþágu til innflutnings þessara erlendu hjúa í hvert sinn. Jeg tók það þegar fram viðvíkjandi þessari brtt. í framsöguræðu minni, að jeg teldi sjálfsagt, að settar yrðu annaðhvort í reglugerð eða lög fastákveðnar reglur, sem gilda um það fólk, sem flyst sem vinnuhjú hingað, og að í þeim reglum eða lögum væri fyrir það girt, að viðkomandi hjú gætu flutt þessa gin- og klaufaveiki, sem fullkomin ástæða er til að gjalda allan varhug við. Jeg gat þess einnig þá, að þetta er hægt eftir lögum frá 1920, um eftirlit með útlendingum, og vil benda á 2. gr., sem er mjög svo hægt að byggja á reglugerð, er hafi að geyma ákvæði um þetta. Nú kom þar að auki fram frv. í þessari hv. deild í dag, sem alveg er einhlítt til þess, að varúðar verði gætt viðvíkjandi þessari hættu, ef að lögum verður. (**TrÞ:** Ætlar hv. frsm. að styðja það frv.?). Jeg sagði bara, ef að lögum verður.

Jeg vil benda hv. 2. þm. Eyf. (B-

St) á það, að það er ekki nokkur ástæða til að ætla, að það sje betra að fá undanþágu fyrir hvern einstakan heldur en ef ákveðin lög eru sett gagnvart öllum einstaklingum, sem flytja hingað. Annars fanst mjer á hv. þm., að hann teldi 4. gr. nógu rúma til þess að bændur gætu fengið þessa innflutningsheimild. En þá var einmitt á honum að skilja, að hann væri því hlyntur.

Sjerstaka áherslu vil jeg leggja á það gagnvart því, sem þessi hv. þm. sagði, að við höfum ekki betur girt fyrir það, að hætta geti stafað af þessum mönnum með því að fá heimild í hvert skifti, heldur en ef reglur gilda í lögum eða reglugerð um hvern einstakling, sem vera skal.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) svaraði hv. þm. Str. (TrÞ), svo að jeg þarf lítið að segja við hann. Annars þótti mjer það einkennilegt mjög af hv. þm. að lýsa beint yfir því hjer í hv. deild, að hann væri mjög efablandinn um, hvort hann fylgdi málinu, af því að það væri komið úr þessari átt, þótt hann teldi málefnið gott. Reyndar kom mjer þetta ekki alveg á óvart; það hefir áður hent þennan hv. þm. að fara nokkuð eftir því, hverjir bera málefnin fram. Þannig var það 1925, þegar hann var á móti skipun milliþinganefndar fyrir sveitarstjórnarmál. Hann lýsti því yfir, að hann ætlaði að greiða atkvæði með málinu, en ef það ætti að skoðast sem traust til stjórnarinnar að vísa málinu til hennar, þá fjelli hann frá að fylgja málinu eftir sannfæringu sinni. (**TrÞ**: Það var dagskráin, sem byrjaði: „Í trausti þess"). Það mátti þegar heyra á orðum, sem fjellu frá hv. 1. þm. N.-M., að hv. þm. Str. skifti þarna um skoðun.

Það er sannast að segja hart, að sjávarútvegsmenn eigi ekki og megi naumast hugsa jafnt um landbúnaðinn eins og sjávarútveginn, þegar svo ber undir. Jeg veit, að háttv. þm. er síst meiri sveitamaður en sumir, sem sitja í sjútvn., sem vitanlega eru uppaldir í sveit frá barnæsku.

Í dag kom fram þskj. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV); jeg býst við, að hv. þm. hiki ekki við að skipa sjer undir merki þess máls og kannske verður hann merkisberi. Það er vantraust á núverandi stjórn. Þar er málið sjálfsagt komið úr rjettri átt.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er vitanlegt, að meiri hl. sjútvn. hefir yfirleitt verið á móti slíkum lögum, sem orðuð eru í frv., þó að menn segist vilja mæla með þessum breytingum, sem hjer eru fram komnar. En það kemur fram í brtt. algerlega öfug stefna við frv. Frv. er fram komið til þess að vernda atvinnu Íslendinga á Íslandi, að atvinna sje ekki veitt útlendum mönnum, nema þegar ekki er kostur á íslenskum mönnum. Þær undantekningar, sem frv. gerir, eru einmitt um fáa vísinda- eða kunnáttumenn, sem þarf til aðstoðar við að koma fyrirtækjum á fót eða starfrækja þau á meðan færir menn eru ekki til í landinu sjálfu, en brtt. hv. meiri hl. er sú, að láta algerlega annan stærsta atvinnuveginn verða utan við lögin. Landbúnaðurinn á eftir brtt. að geta dregið til sín eftir vild erlendan vinnukraft. Ekkert ákvæði er heldur sett til þess að takmarka, að

sá vinnukraftur, sem þannig kynni að koma, streymdi síðan til sjávarins. Þá liggur beinast við, að lög þessi verði ekki annað en pappírslög. Það kom greinilega í ljós, hvað það er, sem í raun og veru vakir fyrir þeim háttv. flm. brtt., og það er sannarlega einkennilegt að heyra slíkar ástæður frá gömlum sjálfstæðismanni. Það virðist svo sem hann álíti, að það nauðsynlegasta, sem hægt sje að gera fyrir íslenskan landbúnað, sje að flytja inn erlendan verkalýð, — ekki sökum þess, að ekki er nóg til af innlendum verkalýð, heldur vegna þess, að hann álítur hægt að fá það fólk ódýrara. Jeg vil benda hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á það, að það myndi skammgóður vermir að flytja hingað Norðmenn og Svía, því að ef samtök verkalýðsins ná til sveitanna, — sem þau yfirleitt alls ekki gera ennþá, — þá myndu þau ná til aðfluttra Norðmanna og Svía, sem flestir mundu hafa verið í verkalýðssamtökum í heimalandi sínu.

Jeg held aftur á móti, að þeirra þjóða menn myndu lítið flytjast hingað. Bændur, sem þyrftu að fá ódýr erlend vinnuhjú, myndu auðvitað flytja inn Pólverja. Það er sá vinnukraftur, sem notaður er í allri álfunni til landbúnaðar, þar sem sóst er eftir ódýrum vinnukrafti. Það voru Pólverjar, sem fluttir voru til Danmerkur, áður en sjerstaklega var farið að stemma stigu fyrir því, og Pólverja eru Frakkar nú að flytja inn til að vinna við landbúnað.

Jeg er þeirrar skoðunar, að ef ekki er átt við með þessari brtt. gersamlega að ónýta tilgang frv., — ekki ætlast til að flytja hjer inn í stórum stíl verkafólk, — þá sje heimildin í 4. gr. nægileg. Ef einstakir menn þurfa af sjerstökum ástæðum að fá útlendan mann til þess að kenna landbúnaðaraðferðir, eða að fá útlendar vinnukonur til þess að kenna börnum sínum mál, þá er hægt að fá undanþágu hjá atvinnumálaráðuneytinu.

Jeg vil aðeins segja fáein orð viðvíkjandi svari hæstv. ráðh. (MG) um þessa brtt. Hann kvað það ókurteisi gagnvart öðrum þjóðum að setja tímann of skamman, þangað til lögin ganga í gildi. Jeg verð að álíta, að það beri ekki neina nauðsyn til þess að draga framgang þessa máls á langinn. Lögin ættu að geta gengið í gegn næsta hálfan mánuð, og tíminn til 1. júlí er nægur fyrir útlendinga að kynnast þessum lögum. Þær verksmiðjur norðanlands, sem flytja inn útlenda verkamenn, hafa þau sambönd hjer á landi, að eigendur myndu fljótt fá að vita um þetta. En þótt lögin gengju í gildi strax — sem brtt. ætlast þó ekki til — þá liggur engin ókurteisi í því. Það er samkv. þeirri reglu, sem fylgt er í löndunum í kring, þegar ný lög eru samþykt um útlendinga. Að minsta kosti hefir svo verið farið að í Þýskalandi og Englandi. Sje jeg ekki, að nein þjóð hefði ástæðu til að amast við þessu.

Hæstv. atvrh. gat þess, að ef leita ætti álits Alþýðusambands Íslands um innflutning verkamanna, þá væri engu síður ástæða til að leita álits sambands atvinnurekenda hjer í bænum. Fyrst og fremst er nú ekkert allsherjarsamband atvinnurekenda, sem hægt er að leita álits til. Í öðru lagi munu fá þau tilfelli, að útlendingar komi

hingað án þess að hafa vísa vinnu, m. ö. o. án þess að atvinnurekendur standi á bak við og óski innflutnings á þeim, og þá fæst umsögn hlutaðeigandi atvinnurekenda með umsókninni. En þar sem frv. er sjerstaklega vegna þeirra Íslendinga, sem stunda slíka vinnu í landinu, þá virðist ekki nema sjálfsagt að leita álits þeirra.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess í þessu sambandi, að auðvitað yrði venjulega neitað um leyfi, og það er rjett, að ekki yrði mælt með leyfum, meðan innlendir verkamenn gætu unnið verkin. En annars er engin ástæða að halda, að verkamenn eða samband þeirra myndu amast við að taka erlenda verkamenn, þegar ekki er kostur á íslenskum.

Jeg verð að segja, að jeg álít töluverða bót að frv. eins og það kemur frá hæstv. stjórn, en sjerstaklega með þessari brtt., sem jeg flyt, og þeirri, sem við hv. 2. þm. Eyf. (BSt) flytjum báðir. En ef farið væri að bæta við þeirri grein, að lögin giltu ekki nema fyrir sjávarsíðuna, þá veit jeg ekki, hvers virði frv. færi að verða.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, hvenær þessi lög eigi að öðlast gildi. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) heldur fast við sína brtt. og hv. 2. þm. Eyf. (BSt). En jeg vil beina eindreginni ósk til háttv. deildar, að hún breyti ekki því ákvæði, sem stendur í frumvarpinu. Það er sökum þess, að jeg get búist við, að það valdi einhverri óánægju annarsstaðar, sem við megum ekki við. Það er ómögulegt fyrir hv. 4. þm. Reykv. (HjV) eða nokkurn annan að halda því fram, að það hafi stórmikla þýðingu fyrir þetta mál, hvort lögin öðlast gildi 2 mánuðum fyr eða síðar. Þau eru vissulega fyrir framtíðina, en ekki eingöngu fyrir þetta næsta sumar.

Jakob Möller: Jeg skal ekki vera langorður. Mjer finst ekki verulegu máli skifta, hvenær lögin ganga í gildi. Jeg vildi gjarnan gera það fyrir hæstv. atvrh. (MG) að greiða atkvæði móti þessari till., að láta lögin ganga í gildi 1. júlí. Jeg get ekki sjeð neitt verulegt á móti því.

Þessari brtt., sem meiri hl. sjútvn. ber fram, vildi jeg mæla mjög eindregið í gegn. Mjer finst óviðfeldið og alveg óskiljanlegt, þegar verið er að bera fram lagafrv. um að takmarka innflutning erlends verkafólks, þá skuli jafnframt leyfður alveg ótakmarkaður innflutningur á verkafólki í sveit. Mjer finst þetta vera að gefa sjálfum sjer utanundir, þar sem farið er í till. þvert ofan í tilgang frv. Hinsvegar er í frv. heimild til að leyfa innflutning útlendra verkamanna, og jeg get ekki gert mikinn mun á því umstangi, sem það hefði í för með sjer að fá slíkt leyfi, og á því að hlíta eftirliti að því er heilsufar snertir. Það aukna umstang, sem leiðir af leyfinu í hvert skifti, skiftir engu máli. En ef eftirlit með heilsufari á að verða örugt, þá er einmitt nauðsynlegt, að aðrar hömlur sjeu á innflutningnum. Mjer verður fyrir að skilja þessa till. á þann hátt, að hjer sje á ferð hálfbarnalegur metingur af hálfu sveitanna út af heimild til þess að ráða útlenda menn á skip, og vilji menn fá þessa ívilnun fyrir sveitirnar sem einhverskonar uppbót fyrir ívilnun

sjávarútvegsins. Það er þó gengið alt of langt; það er heimtuð ótakmörkuð heimild, en takmörkuð er hún fyrir sjávarútveginn.

Jeg er þess vegna ráðinn í að greiða atkv. móti þessari brtt. En frv. mun jeg þó greiða atkv., — en miklu ófúsari, ef brtt. nær framgangi.

Ólafur Thors: Vegna þess, hvað miklar umræður þessi brtt. hefir vakið, sem við meiri hl. sjútvn. fylgjum, þá finst mjer rjett að láta í ljós, hvað fyrir mjer vakti, þegar jeg ákvað að gerast meðflm. Það var nákvæmlega það, sem hæstv. atvrh. (MG) gat upp á í ræðu sinni hjer í gær, — nefnilega, að jeg óskaði eftir að spara þeim mönnum fyrirhöfn, sem teldu sjer hlunnindi að fá erlend hjú til sveitavinnu. Jeg get þeim mun fremur um þetta, þar sem jeg veit, að aðrir hv. nefndarmenn, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), leggja meira upp úr þessu atriði en jeg.

Jeg játa fyllilega, að samkvæmt óbreyttum ákvæðum laganna er fyrir hendi heimild fyrir atvrh. til að veita sveitabændum leyfi til að ráða sjer erlend hjú. En jeg fyrir mitt leyti óska rýmkunar, svo að aðgangur að slíkri ráðningu verði fyrirhafnarminni og víðari. Jeg álít, að þeir, sem mest tala um hættu, er af þessu stafi, fari með mestu öfgar. Enda er á hverjum tíma á valdi þingsins að breyta þessum lögum og öðrum, ef einhver ný hætta kæmi á daginn.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja um till., sem þeir sjútvn.-menn flytja, sem ekki geta aðhylst frv. með þeim breytingum, sem meiri hl. gerði.

En jeg vildi gjarnan, úr því að jeg er staðinn upp, nota tækifærið til að láta í ljós þá skoðun mína, að það er með öllu óviðeigandi, þegar hv. deildarmenn rísa upp með flysjungshætti, eins og í gær hv. þm. Str. (TrÞ) — sem jeg, því miður, sje ekki hjer í bili — og halda fram, að það sjeu einhver viðundur, þegar *sjútvn.* flytur einhverjar lagabreytingar, sem snerta *landbúnaðinn.* Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að halda slíku fram, og gæti ekki rökstuðst með neinu, nema að þeir menn, sem á hverjum tíma eiga sæti í nefndinni, sjeu alls ófærir að dæma um alt, er snertir landbúnað.

Jeg skal ekki orðlengja um mína þekkingu á landbúnaðarsviðinu; hún er frekar lítil, og vil jeg leggja hana á borð við þekkingu hv. þm. Str. (TrÞ). Það stendur líkt á um okkur, báðir erum við aldir upp á mölinni, feður okkar bjuggu og voru taldir góðir búmenn, en sjálfir höfum við engin afrek unnið á því sviði. Jeg held því, að vel megi leggja okkur að jöfnu. En það er um hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) að segja, að hann stendur okkur miklu framar, og þó vil jeg helst tilnefna háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem mun vera einn elsti bóndi á landinu. Jeg held hv. þm. Str. (TrÞ) þurfi ekki að láta dólgslega af því að við fylgjum hv. 1. þm. S.-M. að málum um brtt., sem varðar landbúnaðinn. Jeg held hv. 1. þm. S.-M. geti talist fullgildur foringi á þessu sviði og okkur muni vera óhætt að marka hans þekkingu á þeim málum, að minsta kosti að hann leiði okkur ekki í neinar ógöngur, — að svo miklu leyti sem menn álíta, að við þurfum þeirrar handleiðslu við.

Mjer þykir leitt, að hv. þm. Str.

(TrÞ) hefir ekki getað heyrt þessa ádrepu, sem jeg hefi ætlað honum í góðum skilningi og mun endurtaka þegar hann má heyra mál mitt. Jeg mun segja honum, að ef hann óttast, að gin- og klaufaveikin berist til landsins vegna þessa innflutnings á vinnuhjúum, þá ætti hann að beita sjer með festu gegn því, að frv. um járnbrautarlagningu og stóriðju nái framgangi. Jeg geri ráð fyrir, að af innflutningi verkafólks, sem óhjákvæmilega verður í sambandi við þær framkvæmdir, gæti landbúnaðinum stafað miklu meiri hætta en af gin- og klaufaveikinni. Jeg veit, að þeir tvímenna þar á velviljanum til landbúnaðarins, hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), sem berst fyrir frv. Þessi stóriðja verður náttúrlega frá þeirra sjónarmiði til þess eins að efla landbúnaðinn í landinu. Og af því að jeg veit, að hv. þm. ber hann mjög fyrir brjósti, og jeg hefi sjeð skelfinguna, sem hann fyllist, þegar rætt er um að flytja inn erlend vinnuhjú — því að jeg held hreint hann sjái pilt og stúlku koma gangandi með gin- og klaufaveikina — þá vil jeg minna hann á þessa verkamenn, sem hann mun berjast fyrir, að hingað verði fluttir.

Björn Líndal: Satt að segja er jeg dálítið undrandi yfir umræðunum um þessar brtt. Jeg undrast mjög yfir því, hve menn virðast hafa afarlítinn skilning á högum sveitabænda í landinu. Jeg get ekki skilið, að nokkur maður haldi í alvöru, að um ótakmarkaðan innflutning á verkafólki sje að ræða, þótt leyft sje útlendingum að ráðast hingað sem vinnuhjú í sveit. Að minsta kosti ætti fólk, sem þekkir dálítið til, að vita, að það er ekki mikið eftirsótt að ráðast í vinnumensku í sveit. Það er því ekki ástæða til að halda, að útlendingar sækist ákaflega eftir því. En þegar svo er komið, að ómögulegt er að fá innlend vinnuhjú, þá get jeg ekki sjeð, hvað er á móti því að leyfa útlendingum að koma, ef kostur er. Það má heita orðið ómögulegt að fá fólk til algengustu nauðsynjaverka, svo sem fjósaverka og eldhúsverka. Ef kostur er að fá gott útlent vinnufólk annað en Dani, sem vitanlega hafa leyfi til þess að leita hingað atvinnu, þá þykir mjer það vægast talað óþarfa umstang að þurfa í hvert skifti að snúa sjer um það til hins háa atvinnumálaráðuneytis. Þegar verið er að tala um, að atvinnan sje tekin frá öðrum, þá er það mesta fjarstæða, þegar innlendir menn fást ekki til vinnunnar. Jeg vil beina þeirri spurningu til hv. 4. þm. Reykv. (HjV): Hvað er tekið frá innlendum verkalýð, þótt tekinn sje útlendur maður til þess að slá það gras, sem enginn innlendur maður vill vinna að með þeim skilmálum, sem hægt er að bjóða? Grasið rotnar niður í sveitum landsins í stórum stíl, af því að bændum er ómögulegt að borga það kaup, sem heimtað er. Þetta þekki jeg af eigin reynslu. Og jeg held það sje óhætt að segja, að hver einasti íslenskur bóndi, sem þarf aðkeypt verkafólk í sína þjónustu, muni hafa sömu sögu að segja. Íslenskum verkalýð getur áreiðanlega ekki verið neinn hagur í því, að íslenskir bændur annaðhvort flosni upp af jörðum sínum eða verði að einyrkjum sakir skorts á verkafólki, heldur þvert á móti. Öll rjett

rök mæla með því að samþykkja það, sem meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til, en engin á móti.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði það, að hann væri með brtt. aðallega vegna bænda, en jeg sje ekki, að um þetta efni þurfi að hafa sjerstaka löggjöf fyrir landbúnaðinn og aðra fyrir sjávarútveginn. Sje nauðsynlegt að tryggja Íslendingum vinnuna á sjónum við landið, þá er það ekki síður nauðsynlegt um vinnuna í landi við sjávarsíðuna og í sveitunum. En komi straumur erlendra verkamanna upp í sveitir, þá verður ómögulegt að varna því, að þeir fari líka að vinna við útgerðina, nema með því að hneppa þá í þrældóm til sveita, sem væntanlega er ekki tilgangurinn. Þeir, sem vilja vernda atvinnu íbúa þessa lands og af sannfæringu fylgja frv. þessu, ættu því að vera á móti þessari stórkostlegu skemd á því.

Hjer hefir verið talað um, að gott væri að fá hingað verkamenn frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Jeg hefi ekki mikla trú á því, að úr þessu verði. Í þessum löndum er hinu sama að gegna og hjer, að fólkið streymir úr sveitunum til kaupstaðanna til að leita sjer þar atvinnu, og er því sama eklan á vinnufólki í sveitum þar sem hjer. En þeir Norðmenn og Svíar, sem ekki vilja vinna í sveitum í heimalandi sínu, mundu varla vera óðfúsir að vinna að sveitavinnu á Íslandi. Spurningin yrði því aðallega sú, hvort heppilegt væri að flytja inn í landið ódýrasta landbúnaðarvinnukraft álfunnar, úr austur- og suðurhluta hennar, en það hygg jeg að sje ekkert keppikefli nema með takmörkunum þeim, sem settar eru í 4. gr. frv.

Hæstv. atvrh. (MG) var að hóta þinginu einhverju af hálfu Norðmanna út af því, ef þessi lög gengju í gildi 1. júlí. Hann hefir þar sjálfsagt haft Krossanesverksmiðjuna í huga, en jeg hjelt nú satt að segja, að hann hefði látið kúga sig svo af því fyrirtæki áður, að hann gæti nú látið staðar numið og talað sem minst um undanhald vegna þess.

Klemens Jónsson: Það var fjarri mjer að ætla að taka þátt í þessari umræðu, en hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) rjeðst alveg að ófyrirsynju á mig á þjösnalegan og óþinglegan hátt, og því verð jeg að svara nokkrum orðum.

Hv. þm. (ÓTh) var víst gramur út af því, hvernig meiri hluti nefndarinnar leit á þetta mál, en hann verður, þótt ungur þm. sje, að sætta sig við það að sæta andmælum. Hann má ekki búast við því, að hann geti komið öllu fram, sem hann vill, og síst hafði hann ástæðu til að draga mig inn í umr., þar sem jeg hafði ekkert sagt í málinu. En úr því að jeg er nú staðinn upp, þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg fylgi breytingum nefndarinnar á þskj. 167.

Jeg get ekki láð bændum það, þótt þeir reyni að fá sjer útlendan vinnukraft, þegar hinn íslenska vinnukraft þrýtur. Og jeg get ekki tekið undir það, sem aðrir hv. þm. hafa sagt, að hjer sje um sjerstaka hættu að ræða vegna innflutnings Pólverja, því það þarf enginn að óttast, að Pólverjar

verði nokkurntíma fluttir hingað inn, hvorki til vinnu hjá bændum eða annarar vinnu. Þetta er ekkert annað en óþarfa grýla, sem sumir hv. þm. eru að leika sjer að að leiða inn í þingið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki gert ráð fyrir því að þurfa að taka til máls oftar, en hjer hefir gerst enn eitt æfintýri, sem gefur mjer ástæðu til þess að kveðja mjer hljóðs.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir dregið mig inn í þessar umræður á þann hátt, að æfintýri er líkast, þar sem hann bar mjer það á brýn, að jeg væri að rjetta útlendingum höndina. Og um þetta verð jeg að segja, að það kemur úr hörðustu átt, því að allra manna síst hefir háttv. þm. (ÓTh) ástæðu til að beina þessu að mjer.

Hjer á þinginu voru í fyrra þrjú frv. á ferðinni og miðuðu öll að því að hlynna að útlendingum. Það voru frv. um virkjun Dynjanda, frv. um happdrættið og frv. um útlenda bankann. Ef hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir nokkuð fylgst með því, hvernig um þau mál fór, þá hlýtur hann að vita, að jeg var á móti þeim öllum. En það hygg jeg, að hv. þm. (ÓTh) hafi ekki svo hreinan skjöld. Mun það og koma í ljós áður en lýkur á þessu þingi, að aðstaða mín hefir ekki breyst í þessu efni.

Ólafur Thors: Jeg verð að byrja á því að lýsa yfir, að mjer þykir það leitt, ef hv. 1. þm. Rang. (KlJ) hefir misskilið mig svo, að hann hafi haldið, að jeg væri að kasta hnútum að sjer. **(KlJ:** Það var enginn misskilningur!).

Hv. þm. Str. (TrÞ) þótti það óviðeigandi, að sjútvn. skyldi leyfa sjer að koma fram með brtt. viðvíkjandi landbúnaði. Það sá nú að vísu á í ræðu hans, að hann hafði ekki hlustað á ádrepu mína. Hann mintist á sjerstök mál, sem voru til umr. á þingi í fyrra. Jeg get frætt hv. þm. (TrÞ) á því, að jeg var andvígur tveim af þeim þrem málum, er hann gat um.

Um andstöðu hans gegn útlendingum er það skemst að segja, að hann er sá þm., er lengst hefir gengið í því að bjóða afsal frumburðarrjettarins. Á jeg þar við tilboð hans til Norðmanna um að breyta fiskiveiðalöggjöfinni. Hv. þm. ætti því aldrei að minnast á slíkt án kinnroða.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) ljet svo, sem meiri hluti sjútvn. væri á móti frv. En þetta er rangt. Nefndarmenn vildu allir, að frv. næði fram að ganga, enda þótt nefndin klofnaði um vissar brtt., er fram komu. Hv. þm. (HjV) hefir og haldið því fram hjer í dag, að ef brtt. meiri hl. sjútvn. næði fram að ganga, þá mundu aðallega verða fluttir hjer inn Pólverjar og annar óþjóðalýður, og þetta væri ekki annað en lævísleg tilraun til þess að ná í ódýran vinnukraft handa togurunum. Þetta er svo fávíslegt, að það er ekki svara vert. Jeg veit satt að segja ekki, hvernig færi á þeim togara, þar sem væru eintómir Pólverjar. Þeir, sem þekkja vinnubrögðin á togurunum, brosa að fávísi hv. þm. (HjV), er hann talar um, að útgerðarmenn muni sækjast eftir Pólverjum í því skyni. Nei, útgerðarmenn mundu heldur falast eftir íslenskum sjómönnum, enda þótt þeir væru margfalt kaupdýrari.

Jakob Möller: Hv. þm. Ak. (BL) vildi snúa í villu þeim orðum mínum, þar sem jeg var að tala um, að jeg vildi ekki fara svo langt að leyfa ótakmarkaðan innflutning útlendinga. En samkvæmt frv. á bændum einmitt að vera heimilað að flytja inn útlendan verkalýð takmarkalaust. Og jeg skal jafnframt benda á það, að mjer finst þessir hv. þingmenn gefa sjálfum sjer utan undir með þessu frv., þar sem þeir þykjast vera á móti innflutningi útlendinga að öðru leyti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 170,1 feld með 18:2 atkv.

— 167 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, BSv.

nei: BSt, HjV, JakM, JG, MG, MJ, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ.

Tveir þm. (JörB, ÞórJ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 170,2 feld með 19:1 atkv.

4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

5.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 169 feld með 16:4 atkv.

10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 240).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).

Á 43. fundi í Ed., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 240, n. 297).

Jón Baldvinsson: Jeg hefi skrifað undir þetta framhaldsnefndarálit með fyrirvara, og er sá fyrirvari vegna þess, að jeg álít, að sú breyting, sem hv. Nd. gerði á frv., sje ekki til bóta, jeg álít, að hún sje miklu fremur til skemdar á lögunum, og gæti jafnvel hugsað, að hún að einhverju leyti drægi úr því gagni, sem að lögunum myndi verða.

Að öðru leyti sá jeg ekki ástæðu til að gera þann ágreining að leggja á móti frv., en jeg hefi þessa sjerstöðu um frv., og þótt því að öðru leyti hafi ekki verið breytt í það horf, sem jeg teldi æskilegt, sem sje það, hvenær það á að koma í gildi, þá mun jeg, þó að jeg sje ósamþykkur sumu af því, sem í frv. stendur, ekki greiða atkvæði á móti því. Aðeins vil jeg lýsa óánægju minni yfir breytingu hv. Nd.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir nú gert grein fyrir ástæðunum til þess, að hann skrifaði undir nál. með fyrirvara. Við hinir sjávarútvegsnefndarmenn, sem

höfum athugað þessa breytingu, sem hv. Nd. gerði á frv., álítum, að breytingin sje ekki hættuleg, og gæti undir vissum kringumstæðum verið rjett, að þessi heimild væri í lögunum. Munurinn er þá þessi, að við tveir nefndarmenn, hv. formaður sjútvn. (BK) og jeg, erum þessu samþykkir og leggjum til, að frv. verði samþykt eins og það er nú komið frá hv. Nd., en að 3. nefndarmaðurinn, hv. 5. landsk., er að vísu ósamþykkur þessu ákvæði, en, eins og hann hefir lýst yfir, ætlar hann þó ekki að leggjast á móti frv. fyrir þessar sakir. Það er því óhætt að segja, að sjútvn. leggi til, að frv. verði samþykt eins og það er nú komið frá hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 306).

---

4. Uppkvaðning dóma og úrskurða.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh. (MG), sem er veikur, skal jeg einungis leyfa mjer, að því er snertir ástæður fyrir þessu frv., að vísa til athugasemdanna við það. Að lokinni þessari umr. leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 41).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg get verið stuttorður um þetta frv. Hæstv. stjórn hefir í athugasemdunum við frv. gert skýra grein fyrir því, hvers vegna hún hefir borið það fram, og hefir allshn. fallist á þær ástæður. Nefndin felst á, að frv. muni spara bæði einstaklingum og hinu opinbera útgjöld, og þó sjerstaklega hinu opinbera, því að í málum, sem setudómarar dæma, er oft veitt gjafsókn og gjafvörn. Út af 4. gr. frv. vil jeg taka það fram, að nefndin skilur hana á þann hátt, að jafngilt sje, hvort dómari tilkynnir aðilja um uppsögn dóms eða úrskurðar þegar hann tekur málið til dóms eða eftir að dómur er genginn, og að dómari þarf ekki að endurtaka tilkynninguna eftir að dómur er genginn, ef hann hefir látið aðilja vita um leið og hann tók málið til dóms.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta, en legg til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Um leið og jeg þakka hv.

allshn. fyrir meðferð hennar á frv. þessu, þá vil jeg taka það fram, að skilningur hv. frsm. (JóhJóh) er rjettur. Stjórnin álítur jafngilt, hvort dómari lætur aðilja vita fyrir eða eftir dómsuppkvaðninguna. En ef það er ekki gert fyr en eftir á, þá verður að gera það svo fljótt sem unt er, því að áfrýjunarfrestur telst, svo sem kunnugt er, frá dómsuppsögn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. u m r. (A. 13).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 25. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 13).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er sama um þetta frv. að segja og það, sem verið var að afgreiða, að það er hingað komið frá hv. Ed., eftir að vera þar samþ. breytingarlaust.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í hin einstöku ákvæði þess, enda er að þeim vikið í athugasemdum þeim, sem fylgja. Aðeins vil jeg geta þess, að breyting þessi, nái hún fram að ganga, hefir talsverðan sparnað í för með sjer fyrir ríkissjóð, þegar setudómara er leyft að kveða upp dóma í máli heima hjá sjer, þó að málið hafi hinsvegar verið rekið utan þinghár hans eða lögsagnarumdæmis.

Það hefir oft orðið tilfinnanlega dýrt að senda setudómara langa vegu, t. d. að vetrarlagi, til þess að kveða upp dóm, sem hann hefir að öðru leyti samið heima hjá sjer.

Þessi breyting getur líka orðið til þess að spara aðiljum málskostnað, því að þeim má á sama standa, hvar dómurinn er kveðinn upp, aðeins að þeim sje gert það á sem ódýrastan hátt.

Það ákvæðið, sem felst í 1. gr. frv., hefir minni þýðingu, en stefnir þó í sömu átt, að spara ríkissjóði og aðiljum óþarfa málskostnað.

Frv. þetta var í allshn. hv. Ed., og geri jeg það að minni till., að því verði að umr. lokinni vísað til allshn. þessarar hv. deildar. (**KlJ:** Það þarf enga nefnd). Það var í nefnd í hv. Ed., og þar sem ekki er lengra liðið á þingtímann, virðist mjer rjett, að það sæti sömu afgreiðslu hjer. Annars hefi jeg ekkert á móti því fyrir stjórnarinnar hönd, þó að það fari áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 13, n. 75).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Með frv. er ítarleg greinargerð, og getur allshn. algerlega fallist á þær ástæður, sem þar eru fram færðar. Frv. hefir verið samþ. óbreytt í hv. Ed., og leggur allshn. til, að svo verði hjer einnig gert. Þetta getur ekki kallast stórt mál, en það er gott mál og mun spara mikinn óþarfa kostnað. Vona jeg, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 13).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 125).

---

5. Námulög.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909 (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, skal jeg einungis leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 12, n. 40).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er í stuttu máli að segja um frv. þetta, að nefndin er, eins og sjá má af nál., alveg sammála hæstv. stjórn um það, að viðauki þessi við námulögin sje bæði sanngjarn og rjettlátur. Ástæðurnar fyrir þessu er að finna í athugasemdunum við frv., og allshn. sjer ekki ástæðu til þess að bæta neinu þar við, en leggur til, að frv. verði samþ.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins inna af hendi þá sjálfsögðu kurteisisskyldu að þakka nefndinni fyrir meðferð hennar á þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 25. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 12).
Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi leyfa mjer að mega mælast til, að frv. þetta fái að ganga til 2. umr. og allshn. Það er stjfrv., sem gengið hefir greiðlega og óbreytt í gegnum hv. Ed., og vænti jeg, að það njóti sömu velvildar í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 12, n. 77).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Þetta er stjfrv. og fram borið til þess að gera mönnum auðveldara og ódýrara að fá útmælda námuteiga.
Allshn. hefir fallist á frv. og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 124).

---

6. Ríkisborgararjettur.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (stjfrv., A. 16).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 16).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 16).

Á 11. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þetta litla frv. hefir átt mjög greiðan gang gegnum neðri deild. Býst jeg því ekki við miklum umræðum um það hjer.

Í neðri deild var það ekki sett í nefnd, og sje jeg ekki frekar þörf á að gera það hjer, en mun þó ekki hafa neitt á móti því, ef þess verður óskað. Annars er í greinargerðinni gerð grein fyrir ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar fyrir því, og hefi jeg engu að bæta við það, sem þar stendur, og óska aðeins, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. — Till. um að vísa málinu til allshn. feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, GÓ, IP, JBald, JJ, JKr.

nei: BK, EÁ, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

Einn þm. (JÞ) fjarstaddur.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16).

Jónas Jónsson: Sökum þess, að mál þetta hefir ekki verið athugað í nefnd, vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. (MG), hvort ekki geti komið til mála, að kona þessi hefði átt að afsala sjer ríkisborgararjetti erlendis. Hún er að vísu dóttir íslensks manns, en fædd erlendis og mun uppalin í Þýskalandi. Ef hún hefir líka, sem vel getur verið, átt þýskan ríkisborgararjett, hefði hún orðið að afsala sjer honum um leið og hún sótti um rjett hjer á landi, því að þau lög eru þar í landi, að sá, sem sækir um ríkisborgararjett annarsstaðar, verður um leið að afsala sjer honum þar.

Þá hefir og komið til orða, hvort kona þessi myndi ekki geta verið danskur ríkisborgari, og er það bygt á því, að hún var ekki búsett hjer á landi, þegar sambandslögin voru sett, og því hugsanlegt, að hún hafi að forminu til haldið áfram að vera danskur ríkisborgari.

Spurningum þessum hefi jeg aðallega hreyft vegna þess, að lítil göng fylgja málinu hjer.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hjelt, að alt, sem snerti þetta mál, væri tekið fram í athugasemdunum fyrir frumvarpinu.

Jeg tel engan vafa á því, að kona þessi hafi átt íslenskan ríkisborgararjett frá því hún fæddist og þar til hún giftist hinum svissneska manni og öðlaðist svissneskan ríkisborgararjett. Þegar svo því hjónabandi sleit, hjelt hún áfram að vera svissneskur ríkisborgari, en hefir nú óskað að fá aftur íslenskan ríkisborgararjett, því að hún telur nú engin þau bönd tengja sig við Sviss, að hún óski að vera þar áfram ríkisborgari.

Hvort yfirlýsingar þurfi um það, að hún hafi afsalað sjer ríkisborgararjettinum í Sviss, veit jeg ekki. En það mun verða athugað áður en ríkisborgararjettur verður veittur, og slík yfirlýsing fengin, ef hennar er þörf.

Annars er ekki við því að búast, að neinn afsali sjer ríkisborgararjetti, áður en hann veit, hvort hann fær hann annarsstaðar, því að allir verða vitanlega að vera einhversstaðar ríkisborgarar.

Jónas Jónsson: Jeg get eftir atvikum sætt mig við skýringu hæstv. dómsmrh. (MG). Sjerstaklega þó með tilliti til þess, að hann lofaði að leita upplýsinga um, hvort kona þessi þyrfti að afsala sjer rjettinum í Sviss áður en henni yrði veittur hann hjer.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 16).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 67).

---

7. Iðja og iðnaður.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9 febr., var útbýtt:

Frv. til laga um iðnað og iðju (st. frv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh., sem er veikur, skal jeg einungis leyfa mjer að leggja til, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 69).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þær brtt., sem allshn. hefir leyft sjer að bera fram við frv. þetta, eru flestar aðeins lagfæringar á máli, og þarf því lítið um þær að segja.

Þó eru það tvær brtt., sem segja má um, að geri efnisbreytingar. Það er 3. brtt. undir staflið b, og er við 6. gr., þar sem tekið er fram, með hvaða skilyrði erfingi yngri en 16 ára megi reka áfram iðju. Nefndinni þótti rjett að samræma þetta við aðra löggjöf, því að ákvæði sama eðlis er í lögunum um verslunaratvinnu, og því rjett, að því sje beitt svipað við iðjurekstur.

Hin brtt. er sú 6. í röðinni og er við 23. gr. Í frv. er svo fyrir mælt, að ráðherra sje heimilt að færa niður eða fella með öllu niður gjald það, sem ákveðið er að greiða ríkissjóði fyrir leyfisbrjefið. Þetta þótti nefndinni of langt gengið og vildi ekki fallast á, að gjaldið fjelli með öllu niður, en hinsvegar mætti gefa eftir helming þess, ef þörf væri á því. Mig minnir líka, að þetta sama ákvæði væri í frv. um verslunaratvinnu 1925, er það fór hjeðan úr deildinni, en mun hafa verið felt úr því í háttv. Nd.

Þá má vel vera, að heimild ráðherra um að fella gjaldið niður með öllu sje sjaldan notuð. En hitt sýnist líka, að ekki sje fyrir miklu að gangast hjá þeim, er kaupa vilja iðjuleyfi eða iðnaðar, ef þeir geta ekki goldið sem svarar helmingi þess gjalds, sem frv. fer fram á.

Aðrar breytingar nefndarinnar þurfa engrar skýringar við. Það eru aðeins orðabreytingar, eins og jeg hefi tekið fram, en breyta ekki efni frv. í neinu.

Annars felst nefndin á, að tímabært sje, að settar sjeu reglur um handiðnarmenn og iðnaðarrekstur. Það er líka gert ráð fyrir því í niðurlagi frv., að þeir menn, sem handiðn stunda eða iðju reka 1. jan. 1928, haldi rjetti þeim óskertum, er þeir hafa samkv. eldri lögum. Frv. er líka í samræmi við lög þau um verslunaratvinnu, sem samþykt voru í fyrra. Vænti jeg því, að hv. deild geti fallist á brtt. nefndarinnar og frv. þannig breytt gangi áfram til 3. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg stend aðeins upp til þess að láta í ljós þakklæti mitt til hv. allshn. fyrir meðferð hennar á frv. Hún hefir eiginlega ekkert haft að athuga við frv., því að hinar fáu brtt. hennar eru á þá leið, að þær raska ekki að neinu leyti efni frv. Sje jeg því enga ástæðu til að gera neina þeirra sjerstaklega að umtalsefni.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. er hluti af lagabálki, sem talað hefir verið um á undanförnum þingum, að nauðsynlegt væri að setja til tryggingar hverskonar atvinnu eða iðnrekstri í landinu. Í fyrra voru lögin um verslunaratvinnu samþykt í þinginu og nú liggur hjer fyrir frv. um iðnað og iðju.

Jeg hefi ekki mikið við þetta frv. að athuga og get að mörgu leyti fallist á það. Jeg álít rjett, að þeim mönnum, sem lært hafa einhverja handiðn, sje tryggður rjettur samkv. lögum að stunda þá atvinnu.

Aðeins vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til hv. allshn. og hæstv. at-

vrh. (MG), hvort þeir gætu ekki fallist á, að viðurkenning sveinafjelags á því, hvenær iðnnemi sje fullnuma, jafngilti sveinsbrjefi.

Því er þannig varið um ýmsar iðngreinar, að þar verður ekki hægt að koma við prófi. Svo er t. d. um handiðn þá, er jeg hefi lært og stundað — prentiðn —, að þar er hvorki próf nje sveinsstykki heimtað fyrir því, að iðnnemi hafi lokið námi sínu, enda býst jeg við, að yrði það heimtað, þá yrði enginn setjari viðurkendur fullnuma í iðn sinni. Þess vegna vildi jeg mælast til, að hv. allshn. tæki þetta til athugunar fyrir 3. umr. Jeg skal líka bæta því við, að í öðrum löndum er það venja, að sveinafjelög í þeim iðngreinum, sem hvorki er heimtað próf nje sveinsstykki, gefa slíka viðurkenningu um, að nemandinn sje fullnuma og fær um að stunda iðn þá, er hann hefir lært til.

Þá eru það þessi leyfisbrjef samkvæmt 23. gr., sem gjalda á fyrir. Jeg verð nú að líta svo á, að þar sje óþarflega hátt farið, t. d. 50 kr. fyrir iðnbrjef og 100 kr. fyrir meistarabrjef, enda býst jeg við, að þetta sje sett í frv. af athugaleysi og miðist frekar við dýrtíðina nú heldur en að þetta eigi að standa áfram, þótt alt verðlag lækki. Jeg teldi nægilegt, að gjaldið fyrir iðnbrjef væri 10 kr. og þá fyrir meistarabrjef alt að 25 kr.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fylgja þeirri brtt. háttv. allshn., að sækja þurfi til atvinnumálaráðherra til þess að fá eftirgjöf á gjaldi fyrir slík brjef, ef ástæður þykja fyrir hendi um að færa það niður. Jeg felli mig betur við ákvæðið eins og það er í frv. Tel jeg, að það geti orðið tafsamt að fara til ráðherra í hvert sinn, sem einhver vill fá leyfisbrjef, en skortir fje að meira eða minna leyti til þess að leysa út brjefið.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg tel það ekki nema sjálfsagt, að nefndin muni fús á að taka til athugunar þetta, sem háttv. 5. landsk. (JBald) mintist á viðvíkjandi þeim iðngreinum, þar sem ekki er um sveinsbrjef að ræða eða sveinsstykki, eins og mjer skildist, að væri t. d. um setjara í prentsmiðju. Þetta mætti þá athuga nánar til 3. umr.

Hann drap lítilsháttar á gjaldið fyrir iðnbrjef og meistarabrjef og taldi það alt of hátt í sumum tilfellum eins og það er í frv., en jeg get ekki fallist á, að svo sje. Þessi gjöld eru í raun og veru alls ekki of há, ef þau eru borin saman við leyfisbrjefagjaldið fyrir að reka verslun.

Eins og jeg tók fram áðan, vildi þessi hv. deild í fyrra gefa ráðherra heimild til þess að lækka gjaldið, en háttv. Nd. fjelst ekki á það, er hún hafði til meðferðar frv. um verslunaratvinnu. **(JBald:** Það horfir öðruvísi við um iðnað). Jeg get ekki sjeð, að hjer sje um óskylt mál að ræða. Ýmiskonar iðnaður er oft rekinn í sambandi við verslun.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, sem háttv. 5. landsk. hafði að segja. Hann virtist því fremur fylgjandi, að sett yrðu slík lög, sem frv. þetta fer fram á. Og eins og jeg sagði í upphafi, er það ekki nema sjálfsagt, að nefndin athugi í samráði við hann eða einhvern

annan sjerfræðing atriði þau, er hann mintist á, og vona jeg, að það megi takast fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 69,1—2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 69,3.a samþ. án atkvgr.

— 69,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

13.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 69,4—5 samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

18.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

21.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 69,6 samþ. með 9:2 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 69,7.a—b samþ. án atkvgr.

25. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 69,8 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um iðju og iðnað.

Á 20. og 22. fundi í Ed., dagana 5. og 8. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, var frv. enn tekið til 3. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og hv. þdm. muna, þá var útbýtt á fundi þeim, er frv. þetta var síðast á dagskrá, mörgum brtt. Frsm. nefndarinnar, háttv. þm. Vestm. (JJós), var þá veikur og því fjarverandi, og var málið því tekið af dagskrá. Háttv. frsm. hefir ekki komið á nefndarfund síðan og nefndin því ekki tekið afstöðu til brtt. Þess vegna eru það tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann taki málið enn af dagskrá og láti það bíða þangað til nefndin hefir haldið fund um málið og tekið afstöðu til brtt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 94, 107, 153).

Guðmundur Ólafsson: Það er vegna sjúkdómsforfalla hv. þm. Vestm. (JJós), að jeg tek að mjer að mæla nokkur orð fyrir hönd allshn.

Nefndin, eða meiri hl. hennar, hefir haft fund með sjer og athugað brtt. hæstv. forsrh. (JÞ) á þskj. 153. Þær eru allmargar, og er nefndin þeim yfirleitt hlynt og fáar einar, sem hún getur ekki fallist á. Þær miða flestar að því að vera ekki eins kröfufrekur gegn iðnaði eins og frv. ætlast til, og nefndin sjer ekki, að í þeim sje lengra gengið en góðu hófi gegnir.

Það eru aðallega tvær brtt., sem

nefndin getur ekki fallist á. Sú fyrri er við 23. gr., þ. e. 11. brtt. í röðinni, og fer fram á, að í staðinn fyrir að í frv. stendur, að 500 kr. skuli greiða í ríkissjóð fyrir iðjuleyfi, er lagt til með brtt. að færa gjaldið niður í 100 kr. Nefndinni finst ekki ástæða til að ákveða gjaldið lægra en fram er tekið í frv., og hefir enda sýnt afstöðu sína til þess með því að hafa ekki borið fram till. um að breyta því.

Eins finst nefndinni varhugavert að samþ. síðustu brtt., við 26. gr., að orðin „þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda en þeir hafa áður rekið“ falli niður.

Nefndinni þykir undarlegt, að iðnrekendur megi bæta við sig fleiri iðntegundum án þess að greiða eitthvað fyrir það. En þessi meiningamunur minkar kannske, þegar hæstv. forsrh. hefir talað fyrir því; þó held jeg ekki. Jeg sje, að hæstv. ráðherra (JÞ) hristir höfuðið; hann gerir það fyrir sinn reikning, en ekki allshn. Annars skal jeg játa, að það er stundum erfitt að tala um brtt. áður en flm. þeirra hafa talað fyrir þeim. Þó skal jeg taka fram, að betra hefði verið og viðkunnanlegra, að svona margar brtt. hefðu verið fram bornar við 2. umr. málsins, því að þar áttu þær fremur heima en við 3. umr.

Hefi jeg svo ekki frekar við þetta að bæta fyrir hönd nefndarinnar, og tek því aðeins til máls aftur, að jeg sjái verulega ástæðu til þess.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi leyft mjer að flytja allmargar brtt. við þessa umr., eða 12 talsins, en þær eru engar stórvægilegar, eins og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) tók rjettilega fram, og stefna allar í sömu átt: að gera ljettara fyrir að koma upp nýjum iðngreinum í kaupstöðum landsins, og gleður það mig, að hv. allshn. hefir getað fallist á flestar þeirra.

Jeg skal þá með nokkrum orðum víkja að hinum einstöku brtt. og taka þær í þeirri röð, sem þær eru bornar fram.

1. brtt. fer fram á að undanþiggja heimilisiðnað öllum ákvæðum laganna, enda geri jeg ráð fyrir, að sú hafi verið meiningin með frv., þó það komi ekki beinlínis fram.

2. brtt. skoða jeg ekki neina efnisbreytingu, heldur aðeins til þess að gera orðalag hennar ljósara, enda býst jeg ekki við, að það sje meiningin þegar búið er að veita einhverjum iðjuleyfi, að þá geti ráðherra komið og tekið af honum leyfið og eyðilagt þannig atvinnu mannsins, er hann hefir byrjað að reka samkvæmt leyfinu. Og að sama efni hnígur einnig 3. brtt. og að nokkru leyti sú 4. líka, sem er aðeins afleiðing af 1. brtt. viðvíkjandi heimilisiðnaðinum.

5. brtt. er dálítil efnisbreyting frá því, sem í frv. stendur, og fer fram á það, að þeir, sem iðnað reka með aðstoð maka síns eða barna, megi halda því áfram, þar til börnin eru 21 árs, eða hafa náð lögaldri.

6. og 7. brtt. eru ekki beinlínis efnisbreytingar, heldur er þar farið fram á að taka upp lagaákvæði um það, að ekkjur og ómyndugir geti haldið áfram iðnaði þeim, sem fallið hefir þeim að erfðum, með því að fá þar til forstöðumann, sem sveinsbrjef hafi í iðninni. Þetta mun vera grundvölluriinn og annarsstaðar vikið að því í frv., en mjer finst viðkunnanlegra, að þetta

standi berum orðum í lagagreininni. Aftur á móti er um efnisbreytingu að ræða í 8. brtt. Eins og 17. gr. frv. er orðuð, getur enginn fengið iðnbrjef nema hafa unnið að minsta kosti 3 ár hjá meistara að afloknu sveinsprófi. Þetta er efalaust sett af gáleysi, og hv. allshn. skotist yfir það. Jeg hefi borið þetta undir varaformann Iðnaðarmannafjelagsins og hann viðurkent, að þetta stafi af misgáningi þeirra manna, er frv. sömdu, því það hafi ekki verið meiningin, að útlærður sveinn þyrfti að vera verkmaður hjá öðrum þriggja ára skeið til þess að geta keypt meistarabrjef, ef hann hefir stundað iðn sína þetta tímabil. Brtt. fer því ekki fram á annað en að ná því, sem ætla má, að vakað hafi fyrir forgöngumönnum þessa máls.

Þá er 9. brtt. algerlega ný grein og stefnir að því að hjálpa til að koma upp nýjum iðngreinum, þó að viðkomandi hafi ekki sveinsbrjef. Það er nú svo, að í mörgum kaupstöðum landsins eru ekki reknar nándarnærri allar nauðsynlegar iðngreinir, og meira að segja hjer í Reykjavík skortir mjög á, að reknar sjeu iðngreinir eins og tíðkast í erlendum borgum af líkri stærð. — Þegar byrjað er á einhverri nýrri handiðn, sem ekki þektist áður, þá er það vanalega svo, að einhver maður, sem hefir kynt sjer þá handiðn erlendis, setur sig niður hjer og fer að stunda hana, oft í smáum stíl. Hann keppir þá ekki við neinn innlendan iðnrekanda, heldur sýnir aðeins fram á, að þetta þurfi ekki að kaupa frá útlöndum, það megi vinna það í landinu sjálfu. Þegar þessar ástæður eru fyrir hendi, finst mjer ekki rjett að heimta af slíkum manni, að hann sýni sveinsbrjef, þó hann æski eftir að mega reka nýja og óþekta handiðn á staðnum. Jeg hefi reynt að orða þetta svo, að engin hætta sje á, að hjer verði um óheilbrigða samkepni við fullnuma handiðnamenn að ræða, enda skilst mjer, að hv. meiri hl. allshn. muni geta fallist á þennan viðauka.

Þá fer 10. brtt. fram á að breyta orðalagi 18. gr. Eins og greinin er orðuð í frv., held jeg að hún fari lengra en hægt verði að framfylgja henni. Það kann nú að álítast, að við þessi mannvirki þurfi sjerstök handtök og að þau verði þá talin heyra undir handiðn, en þó er svo ekki um alla byggingavinnu, til dæmis um bryggjugerð. Ef einskorða á forstöðu slíkra mannvirkja við sjerstaka handiðn, þá er oft erfitt að ákveða, hvaða iðngrein taki til þess, því að þar vinna bæði trjesmiðir og járnsmiðir, auk fleiri manna, sem ekkert sveinsbrjef hafa. Jeg skal t. d. taka það fram, að eftir frvgr. gæti verið spursmál, hvort verkfræðingur mundi álítast fær um að taka að sjer forstöðu bryggjubyggingar í kaupstað. Jeg hefi með brtt. minni reynt að samræma þetta við það, sem tíðkast hjer í Reykjavík, að hafa löggilta menn til forstöðu húsabygginga.

Þá eru eftir tvær síðustu brtt., sem mjer skildist, að hv. allshn. muni ekki geta fallist á.

11. brtt. fer fram á að lækka gjaldið fyrir iðjuleyfi úr 500 kr. niður í 100 kr. Það hefir verið svo hingað til, að öllum hefir verið frjálst að byrja á allskonar iðju, og það án nokkurs gjalds. Nú er það svo, að í 9 tilfellum af 10 er byrjað í mjög

smáum stíl á mörgum iðnaði, t. d. með einni manneskju. Jeg skal nefna sem dæmi, að kona hefir lært að sauma og byrjar að setja upp saumastofu og vinnur þar aðeins með einni hjálparstúlku. Slíka vinnu er ekki hægt að skoða sem handiðn, heldur sem iðju í skilningi þessa frv. Virðist því lítil sanngirni, að hún þurfi að greiða 500 krónur fyrir leyfi til slíkrar atvinnu.

Jeg skal taka annað dæmi, sem kannske er hægt að segja um, að ekki hafi komið fyrir, en getur þó komið fyrir. Menn gætu tekið upp á því að fara að búa til tjörupappa, sem er í því fólgið að kaupa pappa og bleyta hann í tjöru til þess að verja hann fyrir eyðingu af lofti og regni. Þetta yrði eflaust í mjög smáum stíl til að byrja með. En vildi nú einhver taka upp á að gera sjer þetta að atvinnu, og það ef til vill á þeim tíma, sem enga atvinnu er að fá, tel jeg ekki rjett að láta hann greiða fyrir það 500 krónur. Og þannig mætti fleira telja. Við ættum fremur að gera alt, sem hægt er, til þess að auka iðnað í landinu, heldur en að setja þær hömlur í upphafi, er geri fátækum mönnum sem erfiðast fyrir að hefjast handa í þessu efni. Annars er engu líkara en að horft sje um of á stóriðnaðinn með þessu 500 króna gjaldi, en honum er venjulega ráðstafað með sjerstökum lögum. Má og vera, að haft hafi verið fyrir augum gjald það, sem greitt er nú fyrir verslunarleyfi, og hvað margir versla, en þar er alt öðru máli að gegna. Það þykir ekki holt fyrir þjóðfjelagið, að óþarflega margir menn fáist við verslun, og þess vegna eru gjöldin fyrir verslunarleyfi höfð það há, að þau heldur bægi mönnum frá þeirri atvinnu. En jeg held, að það sje ekki rjett að leggja svona há gjöld á þá smáiðju, sem hjer er að rísa upp, því að jeg lít svo á, að því meira sem rís upp af henni, því betra. Og af þessum ástæðum lít jeg svo á, að ekki megi setja hliðstæð gjöld um iðnað eins og um verslunarleyfi. Þótt heimildinni til þess að færa gjaldið fyrir þennan iðnað niður yrði beitt, þá getur það þó aldrei orðið minna en 250 kr., og er það að mínum dómi alt of hátt í mörgum tilfellum.

Þá vil jeg minnast á síðustu brtt. mína, sem er við 26. gr., þar sem farið er fram á, að burt falli málsgreinin: „Þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda en þeir hafa áður rekið". Þessa málsgrein má skilja svo, að enginn fengi leyfi til þess að reka nema eina tegund iðju. En það er að sjálfsögðu ekki meiningin, heldur hitt, að menn verði að leysa nýtt leyfisbrjef fyrir hverja iðjugrein, og að því miðar brtt. mín að gera þetta skýrara. Brtt. mín er því ekki nein efnisbreyting, heldur orðabreyting og til þess gerð að taka af allan efa um það, hvort sami maður megi reka fleiri en eina iðjugrein, og að hann verði þá, í hvert skifti, sem hann tekur upp nýjan atvinnurekstur, að leysa leyfisbrjef, en hitt sje ekki bannað, eins og skilja má á orðalagi frvgr., að nokkur megi reka fleiri en eina iðjugrein.

Allar þessar brtt. hefi jeg borið undir varaformann Iðnaðarmannafjelagsins, vegna þess að formaður þess var fjarverandi. Við gengum nákvæmlega í gegnum þær, og jeg spurði hann beint að því, hvort ekki væri rjettara að bera brtt. undir fund í

Iðnaðarmannafjelaginu. En hann sagði, að þess þyrfti ekki, hann skyldi taka a sig alla ábyrgð um það fyrir fjelagsins hönd, að þessar tillögur væru í fullu samræmi við þá hugsun, sem fjelagið hefði ætlað sjer að ná með þessari löggjöf.

Jón Baldvinsson: Jeg á hjer smávegis brtt. á þskj. 107. Er þá fyrst að minnast á brtt. við 14. gr. Í frv. er svo fyrir mælt, að allir skuli hafa rjett til þess að fá iðnbrjef, þeir, sem leyst hafa sveinsbrjef. En nú vill svo til, eins og jeg hefi áður tekið fram, að í sumum iðngreinum er ekki hægt að leysa sveinsbrjef á þann venjulega hátt, að sveinssmíði sje gerð. Á þetta t. d. við um prentaraiðn. En þegar svo er, þá vil jeg að viðurkenning sveinafjelags jafngildi sveinsbrjefi, og það er fult svo tryggilegt sem hitt, því að iðnaðarmenn í hverri grein ganga ríkt eftir því, að enginn fái viðurkenningu annar en sá, sem lokið hefir námstíma og hefir þann færleik í sinni iðn, sem krefjast verður.

Iðnaðarfjelögin munu og reyna að takmarka sem mest sveinafjölda, því að það er hverri stjett til bölvunar, að of mikið verði um þá, er keppast um að fá að vinna þau verk, — keppast um handtökin, sem aðeins ákveðinn fjöldi manna getur lifað á.

Jeg vona því, að hv. þd. fallist á þessa brtt., og jeg skal geta þess, að þetta er svo í öðrum löndum, að viðurkenning sveinafjelags er látin jafngilda sveinsbrjefi.

Þá er önnur brtt. mín um það, að gjöldin í 23. gr. lækki mikið. Það er óhafandi, að iðjuleyfi skuli eiga að kosta 500 kr. Hjer á landi er flestur iðnrekstur mjög smár. Ef um stóriðju er að ræða, þá eru önnur ráð til þess að ná sjer niðri á henni. Ríkið hefir ráð á því að láta stóriðju greiða háa skatta, en má ekki setja svona hátt gjald fyrir iðnleyfi. Við skulum t. d. hugsa okkur, hve ranglátt það er að láta fátæka menn greiða 500 krónur fyrir iðnleyfi, menn, sem hafa slegið sjer saman í fjelag og varið öllu sínu fje og lánstrausti til þess að útvega sjer tæki til atvinnurekstrarins, og eru þó í vandræðum fyrst í stað með fje til bráðnauðsynlegra þarfa.

Lítum við nú aftur til ársins 1914 og hvað kaup var lágt þá, og tökum það sem dæmi, að iðnaðarmaður hefði þá orðið að greiða 50 krónur fyrir iðnleyfi, þá hefði hann þurft að vinna fyrir því í 2½ viku. En hefði verið um meistarabrjef að ræða, þá hefði viðkomandi orðið að vinna fyrir því í rúman mánuð. Sjá nú allir, að ef kaupgjald færist niður, og jafnvel verði eitthvað í líkingu við það, sem var fyrir stríð, þá er þetta gjald, 500 kr., alt of hátt og mjög tilfinnanlega hátt.

Jeg býst nú við því, að þessi gjöld, sem áætluð eru í frv., eigi ekki að vera neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð, heldur eigi þau aðeins að hrökkva fyrir þeim gjöldum, sem útgáfa leyfisbrjefa hefir í för með sjer. Þess vegna hefi jeg í brtt. minni tiltekið, að gjald fyrir iðnleyfi skuli vera 50 kr., gjald fyrir iðnbrjef 5 kr. og gjald fyrir meistarabrjef 10 kr. Og þetta álít jeg, að sje ríflega borgun til þeirra, sem gefa brjefin út.

Jeg hefi ekkert hróflað við þeirri heimild, að færa megi gjöldin niður um helming. Jeg geri ekki ráð fyrir,

að það yrði oft gert, og mjer finst hv. allshn. hafa verið óþarflega ströng í ályktunum sínum, að vilja alls ekki að það komi til greina, að alt gjaldið verði felt niður.

Þá hefi jeg lokið því að tala um brtt. mínar, en þá verð jeg að minnast á hinar mörgu brtt., sem hæstv. forsrh. (JÞ) ber hjer fram. Verð jeg þá fyrst að segja, að mjer finst, að betur hefði farið á því, að innan hæstv. stjórnar hefði verið svo mikil samvinna, að þessir tveir ráðherrar hefðu komið sjer saman um það, hvað þeir vildu bera fram fyrir þingið, áður en það kom saman. Að öðru leyti verð jeg að segja um þessar brtt. hæstv. forsrh., að þær eru flestar heldur veigalitlar. Þó mun jeg ljá sumum þeirra atkvæði.

Við 6. brtt., þar sem ætlast er til, að vilji fjelag eða stofnun reka iðnað í kaupstað, þá skuli forstöðumaður hafa iðnbrjef — hefi jeg dálítið að athuga. Náttúrlega á hæstv. forsrh. hjer við það, að viðkomandi hafi iðnbrjef í sinni grein og þá þekkingu, sem til þess þarf að geta verið iðnaðarmaður í þeirri grein, og að hann vilji tryggja iðnfjelögum slíka þekkingu. En hjer kemur fleira til greina. Sá, sem er forstjóri einhvers fjelags, þarf ekki beinlínis að hafa slíka þekkingu til að bera; það er aðeins um að gera, að sjálfur verkstjórinn hafi meistarapróf. Forstjórar svona fjelaga, sem oft eru hlutafjelög, hafa mest með fjárreiður fjelaganna að sýsla, en síður hitt, að þeir þurfi að hafa þá kunnáttu að vita, hvernig hvert verk er unnið. Þess vegna álít jeg, að nóg sje að taka svo til orða, að sá, sem sjer um vinnuna, hafi meistarapróf. Þetta meinar víst hæstv. forsrh. líka, en orðalagið á brtt. er of óljóst og óhentugt.

Þá er 8. brtt. hæstv. forsrh., við 17. gr. Þar vill hann draga úr því, sem frv. mælir fyrir um. Í frv. er gert ráð fyrir, að meistarabrjef geti ekki aðrir fengið en þeir, sem hafa unnið að minsta kosti 3 ár hjá meistara, eftir að þeir fengu sveinsbrjef. Þetta ákvæði finst mjer að sett sje til þess að tryggja það, að altaf geti fengist fullkomnir menn til þess að standa fyrir iðnfyrirtækjum, því að þó þessir menn hafi áður unnið í 4 ár sem iðnnemendur, þá sje ekki víst, að þeir sjeu svo leiknir í sinni grein, að þeir geti staðið fyrir fyrirtækjum í iðnaði eða haft verkstjórn og kenslu á hendi. En jeg held, að brtt. komi í veg fyrir þetta og geri menn að sjálfstæðum iðnrekendum undir eins og þeir hafa tekið sveinsbrjef, og tel jeg það ekki til bóta.

Þá er það ekki fleira af brtt. hæstv. forsrh., sem jeg ætla að tala um, en þó vil jeg þegar taka það fram, sem brtt. mínar bera með sjer, að mjer finst alt of stutt gengið með 11. brtt. hans, um það, hvað gjöldin eigi að vera há.

Magnús Kristjánsson: Í sambandi við þær brtt., sem hjer hafa fram komið, dettur mjer í hug að óska ýmissa nánari skýringa, enda þótt jeg hafi ekki mikið við brtt. að athuga.

Um brtt. hæstv. forsrh. á þskj. 153, þá held jeg, að þær 9 fyrstu af þeim sjeu til bóta. En um 10. till. er öðru máli að gegna, að mínu áliti. Og út

af henni vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvernig skuli fara að, ef engar byggingarsamþyktir eru gerðar í kauptúnum. Hjer í brtt. stendur — ef jeg má lesa, með leyfi hæstv. forseta —:

„Í byggingarsamþyktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsabyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar". — Hjer er þó ekki ákveðið, að kaupstaðir eigi endilega að uppfylla þetta skilyrðislaust, svo sem ef engin byggingarsamþykt er til.

Í seinni málsgr. brtt. er gert ráð fyrir því, að ef aðrir taka að sjer framkvæmd verksins, þá skuli þeir, sem það hafa að sjer tekið, „hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði".

Þetta tvent get jeg ekki samrýmt, og jeg álít, að ef það er tekið upp í byggingarsamþyktir, að engir megi veita verki forstöðu nema þeir, sem hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, að þar með sje seinni liðurinn fallinn sjálfkrafa. Jeg óska eftir að fá nánari skýringar á þessu.

Að þessu sleptu finst mjer, að frv. og brtt. fjalli eingöngu um kaupstaði, en ekkert ráð fyrir því gert, hvað gerist utan kaupstaða. Nú er það þó víst, að ýms kauptún hafa vaxið svo á seinni árum, að þau hefðu átt að falla undir svipaðar reglur og þessar. Jeg álít, að eigi að beita þessum strangleika, þá eigi hann að ná jafnt til kaupstaða sem kauptúna.

Þá vil jeg minnast á hitt, að 11. brtt. á þskj. 153 telur sjálfsagt, að gjöldin sjeu lækkuð fyrir hin ýmsu leyfi, og ekki nái neinni átt að heimta 500 kr. gjald fyrir iðnleyfi. Þessari till. get jeg verið samþykkur, en þó furða jeg mig á því, að hæstv. forsrh. skyldi eigi vilja lækka gjaldið enn meir. Þó verð jeg að segja, að brtt. um gjaldið á þskj. 107 finst mjer gera ráð fyrir hlægilega lágu gjaldi, samanborið við aðrar upphæðir, sem frv. gerir ráð fyrir.

Annars er svo langt á milli þeirra gjalda, sem talin eru á þskj. 107 og 153, að eitthvað má á milli vera. En nú er orðið of seint að koma fram með brtt. Það mætti jafnvel segja, að maður hefði átt að kynna sjer öll trúanleg skjöl og skilríki um þetta mál, áður en maður hefði farið að tala um það. En jeg hefi mjer það til afsökunar, að skjölin komu nú fyrst hjer á fundinn, og jeg verð í þessu sambandi að segja það, að hæstv. forseti (HSteins) hefir stundum sagt, að skjölum væri útbýtt, þótt þau komi ekki fram oft og einatt fyr en á síðustu stundu.

Jeg vil því taka fram, að mjer þætti gott, ef 10. brtt. væri skýrð betur. Sje um misskilning að ræða hjá mjer, þá verð jeg að taka því, en mjer finst þetta ekki svo glögglega til orða tekið, að jeg geti greitt atkvæði með því, og vonast því til að fá skýringar frá hæstv. fjrh., er mjer nægi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal víkja að brtt. mínum, og þess vil jeg þá geta þegar í upphafi, að þótt þær sjeu seint komnar fram, þá er það vegna tímaleysis. Jeg hafði ekki athugað frv. niður í kjölinn áður en það var borið fram af stjórninni, og af þessu tímaleysi verður það líka

að skiljast, að jeg kom ekki með brtt. við 2. umr. Út af þessu vil jeg segja hv. 5. landsk. (JBald), að hjer er þó ekki um neinn brest á samvinnu í stjórn landsins að ræða, og verð jeg að hryggja hv. þm. (JBald) á því.

Háttv. þm. (JBald) hafði dálítið á móti 6. brtt. minni. Jeg vil biðja hann um að lesa frv. og segja mjer svo, hvað stendur í seinni málsgr. 14. gr. Ef fjelag rekur handiðnarfyrirtæki og hefir fjárhagslega ábyrgð á því, þá verður, að mínum skilningi, formaður þessa fyrirtækis að hafa iðnbrjef. En sje hægt að fá það út úr 14. gr. frv., þá vil jeg vísa til 4. gr. þess og bið hv. þm. (JBald) að athuga vel mismun á þeim greinum.

Hv. 4. landsk. (MK) mintist á 10. brtt. mína, sem er um það að gefa bæjarstjórnum vald samkv. ákvæði í byggingarsamþykt til þess að löggilda forstöðumenn bygginga. Jeg verð að svara því, að jeg hygg, að byggingarsamþyktir sjeu nú í hverjum kaupstað, enda eigi svo að vera. Og þá lít jeg svo á, að bæjarstjórnir ráði því sjálfar, hvort þær ákveða, að þessir menn, sem frv. ræðir um, þurfi löggildingu. En þangað til bæjarstjórnir hafa gert samþyktir um þetta, álít jeg, að núgildandi tilhögun megi standa. Þetta hefir hvergi verið gert nema hjer í Reykjavík. Seinni málsgreinin þýðir það, að þegar slíkar ákvarðanir hafa verið teknar í einhverjum stað, þá megi ekki aðrir en þeir, sem viðurkendir eru af bæjarstjórn, taka að sjer slík verk og þar um ræðir, nema því aðeins, að þeir hafi forstöðumann fyrir sjálfu verkinu, sem löggiltur er og getur því veitt verkinu forstöðu. Jeg held, eins og til hagar hjá okkur, að það sje of langt farið og eigi ekki að fela forstöðu ýmsra annara mannvirkja en húsabygginga aðeins handiðnarmönnum, og betra sje að fela hana sjerstökum vönum verkstjórum, þótt ekki sjeu þeir handiðnarmenn.

Jeg get vel tekið undir með háttv. 4. landsk. (MK), að gjöldin fyrir sveinsbrjef og iðnbrjef sjeu sett nokkuð há. Jeg sá þó ekki ástæðu til að bera fram brtt. um þetta, þar sem varaformaður Iðnaðarmannafjelagsins hafði látið í ljós, að hann sæi ekki ástæðu til að hafa þennan taxta lægri. Jeg gæti vel fallist á hóflega lækkun, en niðurfærsla sú, sem hv. 5. landsk. (JBald) fer fram á, þykir mjer of mikil.

Guðmundur Ólafsson: Hæstv. ráðh. (JÞ) tók dæmi um það, hvað 500 kr. borgun fyrir iðjuleyfi gæti komið hart niður á fátækum saumakonum. Jeg er nú ekki viss um, að hægt sje að heimfæra vinnu saumakonu, er tæki eina stúlku sjer til aðstoðar, undir iðju, heldur iðnað. Auk þess er heimilt að færa gjaldið niður um helming, ef ástæða þykir til.

Mjer þykir undarlegt, að þessi óánægja skuli koma fram út af gjöldunum, þar sem frv. er samið af sjálfu Iðnaðarmannafjelaginu. Hæstv. ráðh. (JÞ) vitnaði til varaformanns fjelagsins. Jeg get vitnað til aðalformannsins. Nefndin átti tal við hann, og honum þótti frv. ágætt áður en þessar brtt. komu fram. Um síðari brtt., sem jeg hafði heldur á móti, býst jeg ekki við, að miklu máli skifti, hvort hún er samþykt eða ekki. En jeg sje ekki, að hún geti verið til neinna bóta,

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg gleymdi að nefna eitt dæmi um iðjuleyfi, sem ekki er gripið úr lausu lofti. Mjer er kunnugt um, að maður einn hjer í bænum ætlar að leggja fyrir sig að slípa steina til þess að gera úr þeim verslunarvöru. Þetta er verk handa aðeins einum manni, en er þó ekki handiðn. (**JóhJóh:** Heimilisiðnaður). Það, sem ekki er rekið á heimilinu, getur naumast kallast heimilisiðnaður. En eftir lögunum fellur undir iðju það, sem ekki er handiðn, og í þessu tilfelli fyndist mjer ósanngjarnt að láta manninn borga 500 kr. fyrir leyfið.

Einar Árnason: Jeg er ekki allskostar ánægður með síðari brtt. á þskj. 107. Mjer þykir að vísu frv. gera ráð fyrir of háum gjöldum til ríkissjóðs fyrir sveinsbrjef og leyfi, en þessi brtt. finst mjer ganga of langt í lækkunaráttina. Jeg vildi helst, að hjer væri hægt að fara milliveg. Jeg felst alveg á þá brtt. hæstv. ráðh. (JÞ), að gjaldið fyrir iðjuleyfi sje fært úr 500 krónum niður í 100. En í samanburði við það finst mjer gjaldið fyrir iðnbrjef og meistarabrjef of hátt, ef það er látið standa eins og nú er í frv. Til þess að gefa hv. deildarmönnum kost á að greiða atkvæði um aðrar tölur, vil jeg leyfa mjer að leggja hjer fram skriflega brtt. Málið er svo einfalt, að hv. þdm. geta áttað sig á því strax, hvort þeir vilja fylgja þessari miðlunartillögu. Hún hljóðar svo:

Brtt. við 23. gr.

a. Fyrir „50,00“ komi: 25,00.

b. Fyrir „100,00“ komi: 50,00.

Jeg hefi ekki tekið með lækkun á iðjuleyfi, þar sem þegar er fram komin till. um það frá hæstv. ráðh. (JÞ).

Guðmundur Ólafsson: Jeg var mjög hissa á þessari síðustu sögu hæstv. ráðh. (JÞ) og að hann skuli vera að flytja háttv. deild svona fregnir af götunni, sem af ýmsum munu nefndar Gróusögur og bæta lítið málstað hans. Annars tel jeg víst, að það heyri fremur til iðnaði en iðju að slípa þessa steina, sem hæstv. ráðh. var að tala um.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta, sem jeg sagði, á ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við Gróusögur. Jeg tók dæmi úr virkilegu lífi, dæmi um það, þegar iðja rís upp og byrjar í smáum stíl. Ef góð skilyrði eru fyrir hendi, getur hún lifað og vaxið. Annars deyr hún og maðurinn, sem til hennar stofnar, situr eftir með tapið. Mjer finst ekki rjett undir svona kringumstæðum að taka mjög hátt gjald fyrir iðjuleyfi.

Jón Baldvinsson: Mjer skilst, að eftir brtt. hæstv. ráðh. (JÞ) geti bæjarstjórnir löggilt menn til þess að standa fyrir byggingum, sem ekki eru til þess hæfir. Það geta orðið alt önnur ákvæði í samþyktum bæjarstjórna en í lögunum, og þetta miðar raunar í þá átt að lítilsvirða lögin. Að þessu leyti finst mjer 18. gr. verða allvarhugaverð með breytingu hæstv. ráðh.

Mínum brtt. hefir verið tekið heldur kuldalega, þó að öllum þyki gjöldin að vísu of há í frv. stjórnarinnar. Það er eins og menn haldi, að frv. hljóti að vera ákaflega skynsamlegt,

af því það er frá stjórninni. En því fer fjarri, að svo sje. Allir hljóta að sjá, hve órjettlátt er að hafa þessi gjöld svona há. Það eru ýms plögg, sem hið opinbera veitir gildi með áritun yfirvalda, og gjöld fyrir slíkt eru venjulega lág, enda er hjer ekki um annað en formsatriði að ræða.

Hæstv. ráðh. (JÞ) vísaði mjer í frv. út af aðfinslum mínum við 6. brtt. hans. En jeg sje ekki betur en að sú till. sje hreinn og beinn viðauki við greinina. Ákvæði um þetta atriði er hvergi í frv.

Jeg vil enn vekja athygli á brtt. minni við 14. gr., að fjelagarjettindi í sveinafjelagi verði látin jafngilda sveinsbrjefi. Í útlöndum er slík viðurkenning jafnan látin nægja.

Guðmundur Ólafsson: Hv. 5. landsk. (JBald) lýsir því yfir, að öllum þyki þessi gjöld of há eins og þau eru ákveðin í frv. Þetta er ekki rjett. Öll deildin hefir samþykt frv. eins og það er. Það má líka geta nærri, hvort Iðnaðarmannafjelagið, sem samið hefir frv., hafi ekki athugað þessa hlið málsins. Menn eru ekki vanir, þegar svona stendur á, að athuga annað betur en einmitt gjaldahliðina. Nú hafa þrír hv. deildarmenn komið með ósamhljóða brtt. um þessi gjöld. Það sýnir, að sitt vill hver, og bendir ótvírætt í þá átt, að mest vit sje í því, sem stendur í sjálfu frv.

Magnús Kristjánsson: Það eru aðeins örfá orð. Það lítur út fyrir, að fyrirspurn mín viðvíkjandi 10. brtt. hæstv. ráðh. (JÞ) hafi ekki verið borin fram að ástæðulausu. Eftir orðanna hljóðan virtist mega skilja hana á æðimarga vegu, en nú hefir hæstv. ráðh. skýrt, hvernig ber að skilja hana. Jeg skal ekki fara miklu nánar út í þetta, aðeins benda á, að mjer finst síðari liður till.: „Ef aðrir —“ o. s. frv. koma dálítið undarlega fyrir. Þegar litið er á ákvæði fyrra liðsins, finst mjer þessi undantekning tæplega geta átt sjer stað.

Þá skal jeg aðeins minnast á þetta gjald. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) finst þessar mörgu brtt. um lækkun gjaldsins, þar sem hver fer sína leið, benda á, að ákvæði frv. sjálfs sjeu best. Mjer finst hið gagnstæða. Hjer er einmitt verið að leita meðalhófs, og það er útlit fyrir, að það verði fundið, þar sem um svo margt er að velja. Jeg mun greiða atkv. með 11. lið brtt. á þskj. 153 og með 2. lið brtt. á þskj. 107 og með síðari hluta skriflegu brtt., sem fram er komin. Á þá leið hygg jeg, að næst verði komist sanngirni í þessu máli. Annars er hjer ekki um stórmál að ræða og ekki þörf á frekari umræðum um það.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að hv. 4. landsk. (MK) hafi ekki athugað, að það er annað eftir þessum lögum að veita verki forstöðu en að taka að sjer framkvæmd verks. (**MK:** Jeg hefi athugað alt). Því er ekkert ósamræmi í 1. og 2. málsgr. 10. brtt. Maður getur tekið að sjer framkvæmd verks, sem hann hefir ekki skilyrði til að veita forstöðu sjálfur, alveg eins og ekkja, sem rekur iðn manns síns, verður að hafa forstöðumann, og fjelag, sem rekur iðn, verður að hafa forstöðumann, sem fullnægir öllum skilyrðum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 198) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 153,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 153,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 153,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 153,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 153,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 107,1.a—b samþ. með 8:3 atkv.
— 153,6 samþ. með 10:1 atkv.
— 153,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 153,8 samþ. með 8:1 atkv.
— 153,9 samþ. með 9:1 atkv.
— 153,10 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 107,2.a feld með 9:2 atkv.
— 153,11 samþ. með 9:2 atkv.
— 107,2.b feld með 8:3 atkv.
— 198,a samþ. með 9:1 atkv.
— 107,2.c feld með 9:2 atkv.
— 198,b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 153,12 samþ. með 8:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 199).

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins leyfa mjer að óska þess, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 199, n. 305).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð. Allshn. leggur til, að hv. deild samþykki þetta frv. með tveim litlum breytingum á 18. gr. Nefndinni þótti tryggara, að leyfi þau, sem lögreglustjóri veitti, væru bundin einhverju tímatakmarki, og nefndin hefir stungið upp á 5 árum. Því vildi nefndin hafa leyfið skilorðsbundið, að á þessum tilskilda tíma gæti það komið í ljós, hvort sá, sem leyfisins æskti, væri fær um að rækja starf sitt. Ef svo væri ekki, þá fjelli leyfið úr gildi og yrði ekki aftur veitt. Síðari breytingin leiðir af hinni fyrri. Jeg vænti, að hv. deild geti fallist á þessar breytingar, þó þær hafi það í för með sjer, að frv. verði að fara aftur til Ed.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer heyrðist á hv. frsm. allshn. (JörB) að hann skildi brtt. á þskj. 305 á þann veg, að leyfi lögreglustjóra ætti að gilda fyrir ákveðinn mann í 5 ár. En jeg hefi skilið hana þannig, að lögreglustjóri gæti yfirleitt ekki veitt mönnum undanþágu nema næstu 5 árin. Þetta stafar af ónákvæmu orðalagi á brtt., en eins og menn sjá, þá er mikill munur á þessu tvennu. Jeg er einmitt hræddur um, að þetta geti orðið misskilið. Ætti heldur að standa „til 5 ára í senn."

Jeg vildi aðeins skjóta því til hv. nefndar, hvort henni fyndist ekki rjett að taka málið af dagskrá, til þess að hún gæti lagfært þetta.

Annars leyfi jeg mjer að þakka hv.

allshn. fyrir afgreiðslu málsins, því að hún hefir fallist á, að nauðsynlegt sje að setja lög um þetta efni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það má vel vera, að þetta sje ekki nógu ljóst orðað í brtt. nefndarinnar. En jeg hefi ekki getað borið þetta undir meðnefndarmenn mína og veit því ekki, hvernig þeir líta á það. Hinsvegar get jeg tekið brtt. aftur til 3. umr. og sje ekki annað en að frv. megi samþykkja eins og það er og vísa því áfram.

ATKVGR.
Brtt. 305,1—2 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
13.—21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 199, 331).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi ekkert um þetta mál að segja frekar en við 2. umr. þess. Nefndin hefir leyft sjer að koma aftur fram með brtt. þá, sem hún bar fram við 2. umr., en skýrar orðaða. Væntir hún nú, að það komi skýrt fram, sem fyrir nefndinni vakir.

ATKVGR.
Brtt. 331,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 331,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 337).

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. Nd. hefir gert tvær örlitlar breytingar á þessu frv., við 18. gr., en nefndinni þykir ekki svo miklu máli skifta um þessar breytingar, að hún vilji gera ágreining út úr þeim, og leggur því til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 366).

---

8. Notkun bifreiða.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða (þmfrv., A. 58).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Bifreiðar eru nú orðnar aðalfarartækin

hjer í nágrenni Reykjavíkur og um Suðurlandsláglendið. Á þessu svæði munu vera um 200 bifreiðar til mannflutninga og um 250 til vöruflutninga. Er auðsjeð, að í þessum vögnum liggur mikið fje, og er nauðsynlegt að það glatist ekki fyrir vanhirðu. En það hefir sýnt sig á síðari árum, að allmörg bifreiðarslys hafa orðið fyrir slæman frágang á vögnunum, bæði hjer í bæ og annarsstaðar. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er fram borið með það fyrir augum að bæta úr þessu með betri og tíðari bifreiðaskoðun. Nú er þessi skoðun framkvæmd af lögreglustjóra og aðeins einu sinni á ári. Er hún jafnan auglýst með allmiklum fyrirvara.. Það verður auðvitað til þess, að eigandi getur látið gera við bifreiðina áður en hún er skoðuð, en trassað viðgerðir á öllum öðrum tíma. Í stað þessa þarf að fyrirskipa óvæntar skoðanir á bifreiðum öðru hverju. Að vísu er heimild til þess í gildandi lögum, en telja má ólíklegt, að því verði komið í framkvæmd, nema sjerstakir fastir menn sjeu skipaðir til þess.

Bifreiðastjórafjelag Íslands (ekki Bifreiðafjelag Íslands, eins og í þskj. stendur) hefir æskt þess, að sú breyting kæmist á, sem þetta frv. talar um. Nú eru víða um land komnar margar bifreiðar, annarsstaðar en hjer á suðvesturlandi, svo sem á Ísafirði, Vestmannaeyjum, Borgarfirði, Eyjafirði og víðar. Er því ráð fyrir gert í frv., að atvrh. megi skipa sjerstaka skoðunarmenn á þessum stöðum, þegar þurfa þykir.

Önnur ástæða fyrir því, að frv. er fram komið, er sú, að hvergi nærri allir menn, sem við bifreiðastjórn fást, eru til þess færir eða hafa til þess lögmælt skírteini. Hjer er ekki gengið nærri nógu hart eftir því, að ökuskírteini bifreiðastjóra sjeu í lagi, enda er það örðugt, meðan bifreiðaskoðun er svo fyrir komið sem nú er. En ef frv. verður samþykt, geta skoðunarmenn aðgætt ökuskírteinin um leið og þeir skoða hemla og stýri o. s. frv. Geta þeir þá gætt þess, að þeir, sem stýra mannflutningabifreiðum, hafi þau viðbótarskírteini, sem til þess þarf. En nú hefir ekki meira en einn fimti hluti þeirra, sem mannflutningabifreiðum stjórna, fengið þessi viðbótarskírteini, og hafa þeir því ekki fult próf.

Þá eru nokkur atriði, sem jeg vil beina til þeirrar hv. nefndar, sem frv. fær til meðferðar, að athuga, enda þótt þau sjeu ekki í frv.

Það væri eðlilegt, að lögleidd væru einhver fyrirmæli um að takmarka fjölda farþega, er bifreiðar mega flytja í einu. Þeir, sem oft hafa farið í bifreiðum utan Reykjavíkur, vita, að oft er í þær hlaðið meiru en góðu hófi gegnir. Hljóta allir að sjá, að fyrir þá sök er miklu hættara við slysum.

Auk þess væri mikil ástæða til að athuga, hvort ekki ætti að hækka ábyrgðartryggingu hverrar bifreiðar, og hvort ekki væri ástæða til þess að skyldutryggja bifreiðarnar sjálfar, því að það er bagalegt fyrir eiganda bifreiðar, ef slys ber að höndum, að þurfa að borga háar skaðabætur og bifreiðin ónýtist ef til vill þar á ofan.

Loks er athugandi, hvort ekki væri rjett að skipa fyrir um ákveðinn hvíldartíma handa bifreiðastjórum á hverjum sólarhring. Eftir gildandi lögum

hefir atvrh. heimild til að setja einhverjar takmarkanir um þetta; en hann mun ekki hafa sjeð sjer það fært enn, og verður sjálfsagt eina ráðið að ákveða hvíldartímann í lögum. Nú er ástandið það, að bifreiðastjórar vinna 14 klst. á sólarhring á vetrum en 16 klst. um sumarmánuðina. Er þetta vitanlega alt of langur vinnutími, og það við vinnu, sem er mjög þreytandi og slítur taugunum.

Jeg vil aðeins benda á þessi atriði. Ef til vill getur hæstv. atvrh. (MG) gefið einhverjar upplýsingar um þessi efni, og vildi jeg gjarnan fá að heyra þær.

Vonast jeg til, að háttv. deild vísi þessu máli til 2. umr. og allshn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer skilst, eftir orðalagi frv., að ætlast sje til, að ný grein komi á eftir 4. gr. bifreiðalaganna. En nái þessi breyting fram að ganga, sje jeg ekki betur en að 2. málsgr. 4. gr. hljóti að falla burtu. Mjer skilst, að þessir skoðunarmenn eigi að bera ábyrgð á því, að bifreiðar sjeu skoðaðar nógu oft og nógu vel, og eigi þeir að ljetta þeim störfum af lögreglustjóra. Jeg held því, að rjett væri að láta frvgr. koma í stað 2. málsgr. 4. gr. En vitanlega er þetta aðeins formsatriði.

Annars er það svo, að samkvæmt 4. gr. 2. málsgr. er lögreglustjóra heimilt að láta skoðun fram fara hvenær sem hann vill, og ef því ákvæði væri framfylgt af krafti, ætti það að vera nóg. En það er rjett hjá hv. 1. flm. (HjV), að nú er þessi skoðun ekki framkvæmd nema einu sinni á ári, og þá hafa menn fyrirvara til að láta gera við bifreiðar sínar. Þó finst mjer heldur ólíklegt, að margar ónothæfar bifreiðar sjeu í gangi, því að þá hljóta eigendurnir altaf að hafa hitann í haldinu um það, að slys verði.

Þá gat hv. 1. flm. um, að allmargir þeirra, sem stjórna fólksflutningabifreiðum, hefðu ekki þau viðbótarskírteini, sem til þess þarf. Þetta mun vera alveg rjett hjá hv. þm. (HjV), og með brjefi 15. þ. m. hefir stjórnarráðið brýnt fyrir lögreglustjórum að gæta þessa betur en verið hefir. Ástæðan til þessa brjefs er, að vegamálastjóri, sem annast þessi mál fyrir landsstjórnarinnar hönd, hafði komist að því, að ólag er á skírteinunum. Hugsa jeg, að þetta atriði komist í lag með vorinu, þegar lögreglustjórar hafa haft tækifæri til að rannsaka það.

Frv. gerir ráð fyrir að löggilda þrjá skoðunarmenn hjer á Suðvesturlandi. En mjer sýnast vera nokkur vandkvæði á að skifta starfinu með þeim. Vildi jeg, að fram kæmi, hvernig hv. flm. hafa hugsað sjer það atriði, þar sem bifreiðafjöldinn er svo ákaflega mismunandi á ýmsum stöðum á þessu svæði.

Þá mintist háttv. 1. flm. á að takmarka vinnutíma bifreiðastjóra. Mjer virðist mjög örðugt að koma því við að hafa fasta reglu um þetta efni. Ef á að tryggja það, að hver bifreiðarstjóri vinni ekki nema vissan klukkustundafjölda á dag, þá þyrfti oft að senda tvo bifreiðastjóra í langferðir, því að þegar lagt er af stað í þær ferðir, er oft ekki unt að segja, hve langan tíma þær taka, eða hvort komið verði aftur samdægurs.

Jeg óska ekki, að þessar athugasemdir mínar sjeu skoðaðar sem mót-

mæli gegn frv., heldur hefi jeg aðeins viljað benda á, að nái frv. fram að ganga, er eðlilegast, að þessum þrem skoðunarmönnum sje algerlega fengin í hendur sú umsjón með bifreiðunum, sem nú er hjá lögreglustjóra.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg vil þakka hæstv. atvrh. (MG) undirtektir hans undir þetta mál, og hefi jeg litlar athugasemdir við ræðu hans að gera.

Jeg get ekki sagt, hvernig heppilegast væri að skifta verkum með skoðunarmönnunum, en mjer virðist eðlilegt, að þeir væru allir búsettir hjer í bænum, því að hjeðan eru ferðir í allar áttir. Ættu ekki að vera miklir örðugleikar á að finna menn, sem færu þessar leiðir, bæði suður með sjó og austur yfir fjall. Þeir ættu svo að taka bifreiðarnar, hvar sem tóm væri til að skoða þær.

Jeg skal ekki segja, hve oft bifreiðar eru bilaðar, en jeg veit, að mikil brögð eru að því. Jeg hefi oft farið með bifreiðum, þar sem hraðamælir, hemill og jafnvel stýri hefir verið í ólagi.

Vel má vera, að það sje rjett hjá hæstv. ráðh. (MG), að rjett væri að fella niður 2. málsgr. 4. gr. bifreiðalaganna.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það sýnist sjálfsagt, að skoðunarmaður hafi vald til þess að banna að nota þær bifreiðar, sem ekki fullnægja ákvæðum laga eða reglugerða, sem sett eru í þessu efni. Ef bifreið bilar, þá á þegar í stað að banna að nota hana, þar til úr er bætt. Það virðast t. d. lítil hyggindi í því að viðhafa það fyrirkomulag, að ætíð þurfi fyrst að tilkynna sýslumanninum í Árnessýslu, ef bifreið þaðan er biluð hjer í Reykjavík, og bíða svo eftir því, að hann banni, að hún sje notuð, í stað þess að fela það umsjónarmanni hjer.

Jeg get ekkert um það dæmt, hvort mikil brögð sjeu að því, að ekið sje hjer biluðum bifreiðum. Jeg hefi aldrei ekið í biluðum bifreiðum, að því er jeg best veit. En hvað það atriði snertir, að hraðamælarnir sjeu í ólagi, þá mun ástæðan vera sú, að vegirnir, eins og þeir eru upp og ofan, ósljettir og sumstaðar lítt færir, ónýta hraðamælana á skömmum tíma. Mælarnir þola sem sje ekki lengi mikinn hristing.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Nd., dagana 16. og 17. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., næsta dag, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 58, n. 159).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. Í staðinn fyrir, að frv. gerir ráð fyrir þrem skoðunarmönnum, vill nefndin breyta ákvæðinu þannig, að atvinnu-

málaráðherra skuli löggilda skoðunarmann eða skoðunarmenn, og verður það þá á valdi ráðherra, hvort heldur verði einn maður, sem hafi þetta að aðalatvinnu, eða fleiri, sem hafi það að aukaatvinnu. Þá kom nefndin sjer saman um það, að skoðunarmaður skuli geta ákveðið, hve margir farþegar skuli vera í hverri bifreið. Það er kunnugt, að í leigubifreiðum eru oft miklu fleiri farþegar en hæfilegt er, og það svo, að hætta getur stafað af. Þá vildi nefndin láta atvrh. ákveða valdsvið skoðunarmanna með erindisbrjefi, og þar í yrði sett, að skoðunarmenn gætu stöðvað þær bifreiðar, sem eitthvað finst athugavert við, og sömuleiðis, ef eitthvað væri athugavert við ökuskírteini bifreiðastjóra.

Þá er ennfremur eitt atriði, sem ekki er í frv., sem sje það, að nefndin leggur til, að ábyrgðartryggingin sje hækkuð. Með lögum frá síðasta þingi var það ákveðið, að hún skyldi vera 3 þús. kr. fyrir fyrstu bifreiðina, sem eigandi hefir, og 1 þús. kr. fyrir hverja bifreið umfram, og 1500 kr. fyrir tvíhjóla.

Þetta þótti meiri hl. nefndarinnar of lágt, ef slys bæri að höndum, og leggur hann til, að 17. gr. laganna verði breytt þannig, að fyrir 3000 kr. komi 10000 kr., fyrir 1000 kr. komi 3500 og fyrir 1500 komi 5000 kr. Nefndin vill skjóta því til hæstv. atvrh., að hentugt væri, ef þetta frumvarp verður samþykt, að stofna sjerstaka deild við Brunabótafjelagið til þess að annast þessar tryggingar, og tæki deildin þá einnig að sjer tryggingar á bifreiðunum sjálfum, kaskó, þar sem vel fer á að hafa þær tvær tryggingargreinar saman.

Einn hv. nefndarmaður (JK) hefir sjerstöðu í málinu, einkum að því er tryggingarupphæðina snertir, og mun hann gera grein fyrir því.

Jón Kjartansson: Eins og hv. frsm. (HjV) tók fram, hefi jeg nokkra sjerstöðu í málinu. Sjerstaklega get jeg ekki fallist á, að rjett sje að hækka ábyrgðartrygginguna. Lögin frá síðasta þingi hafa ekki komið til framkvæmda enn. Hvað því veldur, veit jeg ekki, og þætti mjer vænt um að heyra skýrslu hæstv. atvrh. (MG) um það. Ef till. meiri hl. nefndarinnar nær fram að ganga, skilst mjer, að þetta verði allþungur skattur á bifreiðaeigendum.

Tala bifreiða í landinu mun nú vera um 500, og mundi þá koma hjer skattur, sem nema mundi 35—40 þús. krónum. Það verður ekki annað sagt en að þetta sje mikill skattur í viðbót við bifreiðaskattinn, sem nú er heimtaður. Jeg vil því leggja til, að 2. brtt. nefndarinnar verði feld. Mjer finst rjettast að láta ákvæði laganna frá í fyrra reyna sig áður en þeim er breytt, þó að jeg hinsvegar viðurkenni, að nokkrir gallar sjeu á þeim lögum. — Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti, að hv. deild líti svo á, að það sje tæplega fært að skattleggja bifreiðar meira en orðið er. Jeg býst við, að tryggingarupphæð sú, er ákveðin var í fyrra, sje nægileg, því sem betur fer eru fátíð slys hjerna hjá okkur, þrátt fyrir slæma vegi.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Tilgangurinn með þessari hækkun er auðvitað sá, að tryggja betur hag beggja aðilja, þegar menn verða fyrir

bifreið og hljóta af örkuml eða jafnvel dauða. Tryggingin er bæði vegna þess manns, sem fyrir slysinu verður, eða aðstandenda hans, að hann fái trygðar skaðabætur, og eins til þess að gera bifreiðareigandanum fært að greiða skaðabæturnar. Án tryggingar mundu þeir ekki verða borgunarmenn fyrir þeim. Þessi hækkun er nú heldur ekki meiri en svo, að t. d. í Noregi er samsvarandi upphæð 20 þús., þar sem við leggjum til, að verði 10 þús. kr.

Pjetur Þórðarson: Mjer þykir, sem um nokkuð snögg umskifti sje að ræða með brtt. nefndarinnar. Jeg get ekki í fljótu bragði sjeð, að það sje rjett eða sanngjarnt að hækka tryggingarupphæðina svona mikið. Tryggingargjöldin hljóta þá jafnframt að hækka, og mjer skilst, að það hljóti að hafa töluverð áhrif á fjárhag þeirra manna, sem bifreiðar eiga, og að þetta hljóti að koma fram í auknum fargjöldum og flutningsgjöldum.

Nauðsyn þessa er jeg heldur ekki sannfærður um. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu munu nú vera um 20 bifreiðar, og mjer er ekki kunnugt um nema eitt slys, sem þó varð ekki að verulegu slysi. Hinsvegar þykja almenningi — sem eðlilegt er — nógu há fargjöld með þessum bifreiðum, og það kemur sjer illa að verða nú enn harðar úti í þeim efnum.

Jeg verð því að vera á móti þessari brtt. nefndarinnar og vænti þess, að hv. deild hugsi sig vel um áður en hún samþykkir þessa hækkun.

Jón Ólafsson: Þessi brtt. er fram komin vegna þeirra manna, sem verða kynnu fyrir slysum eða öðru tjóni af völdum bifreiða, svo að þeir geti fengið greiddar bætur fyrir slíkt.

Án slíkrar tryggingar mundu margir ekki vera borgunarmenn fyrir slíkum bótum.

Jeg er líklega eini maðurinn hjer, sem hefi praktiserað þessar tryggingar. Jeg hefi nú trygt allar þær bifreiðar, sem jeg hefi yfir að ráða. Jeg ætlaði í fyrstu ekki að tryggja fyrir meiri upphæð en 3000 kr., en þá þurfti jeg að borga 60 kr. í iðgjald, en hætti við það vegna þess, að 10000 kr. trygging kostaði ekki nema 70 kr. og 15000 kr. trygging aðeins 73 kr. Eftir því sem tryggingarupphæðin hækkar, verða þannig iðgjöldin tiltölulega miklu lægri.

Það er því engin ástæða til að óttast, að fargjöldin hækki, þó að tryggingin verði hækkuð þetta mikið. Jeg get þessa hjer til athugunar fyrir 3. umr. og skal bæta því við, að eini maðurinn, sem mun hafa rannsakað þessar tryggingar hjer, er Karl Finsen, og getur hv. nefnd fengið upplýsingar hjá honum um þetta atriði.

Jón Kjartansson: Já, jeg get vel trúað, að það sje rjett, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði um tryggingargjöldin. En jeg vil leyfa mjer að benda á það, að ef Alþingi ætlar að lögbjóða þessa háu tryggingu, þá tel jeg það alveg óhæfilegt að láta öll iðgjöldin fara út úr landinu, því að það verður mikið fje. Þá finst mjer liggja beint við að fá innlent fjelag til þess að taka þessar tryggingar að sjer, eins og mjer skildist á hv. frsm. (HjV), að honum hefði dottið í hug.

ATKVGR.
Brtt. 159,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 159,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 210, 217).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Þessi litla brtt., sem nefndin kemur fram með, er komin fram eftir ósk lögreglustjórans í Reykjavík, til þess að hann haldi áfram heimild til að láta skoða bifreiðar, þegar ekki næst til skoðunarmanna, og getur þess þurft í lögreglumálum. Meira hefir nefndin ekki við frv. að athuga.

ATKVGR.
Brtt. 217 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 223).

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 303).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Lögin um notkun bifreiða eru ekki nema ársgömul, og er þegar komið fram frv. til breytinga á þeim.

Allshn. hefir haft frv. til athugunar síðan það kom frá hv. Nd. Hefir nefndin fallist á þá skoðun, sem fram kemur í 1. gr. frv., að nauðsynlegt sje að gera eftirlitið með bifreiðum öruggara. En á hinn bóginn virðist nefndinni fulllangt gengið í tryggingarskyldu frv., að minsta kosti að því er stærri bifreiðastöðvar snertir. Er með frv. lagður ekki alllítill skattur á þær, þar sem það skiftir tugum þúsunda, sem þær þurfa að tryggja fyrir. Tryggingin á að vera til þess, að vissa sje fyrir því, að nægilegt fje sje fyrir hendi til greiðslu skaðabótakröfu þess, er verður fyrir slysi af völdum bifreiðar, m. ö. o. til þess, að örugt sje, að bifreiðaeigendur eigi fje fyrir hendi, sem hægt sje að ganga að, ef svo ber undir. Þetta er ekki nema sjálfsagt. En menn mega ekki gleyma því, að tryggingin er, eins og jeg þegar hefi tekið fram, skattur á bifreiðaeigendum, og í því má ekki fara lengra en góðu hófi gegnir og forsvaranlegt er í þessu efni. Í frv. er farið fram á, að tryggingarnar þrefaldist við það, sem gert var ráð fyrir í lögunum frá síðasta þingi, og er það hlutfall látið halda sjer án tillits til þess, um hve margar bifreiðir er að ræða. En nefndin vill breyta þessu þannig, að setja hámark fyrir tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðaeiganda eða fjelags, þannig, að hún

þurfi ekki að vera hærri en 45 þús. kr. Er þetta gert vegna hinna stærri bifreiðastöðva, því að í bifreiðum þeirra og öðrum eignum felst að jafnaði trygging fyrir því, að þeir sjeu borgunarmenn fyrir skaðabótunum. Er það auðvitað, að skaðabótaskyldan hvílir jafnt á mönnum, hvort sem þeir eiga eina bifreið eða fleiri, en nefndinni virðist rjett að taka tillit til þess um tryggingarupphæðina, hvort um litlar stöðvar eða stórar er að ræða, þar eð hjá stóru stöðvunum eru að öllum jafnaði miklar eignir fyrir hendi auk hinnar lögmæltu tryggingarupphæðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 302 (ný 2. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 326, 348).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og hv. dm. er kunnugt, hafði allshn. lagt til við 2. umr. þessa máls, að hámark væri sett fyrir því, hve stærri bifreiðafjelögum bæri að tryggja hátt bifreiðar sínar, til tryggingar því, að hægt væri að ganga að einhverju fje, ef skaðabótakröfur yrðu gerðar vegna meiðsla eða slysa við akstur bifreiðarinnar. Nefndin hefir orðið þess vör síðan við 2. umr., að þótt lögin um notkun bifreiða frá 1926 geri ráð fyrir, að viðurkent verði af landsstjórninni eitthvert tryggingarfjelag, sem bifreiðaeigendum sje vísað til og skylt að tryggja hjá, þá er enn ekki farið að gera nokkrar ráðstafanir í þessa átt. Á hinn bóginn gera lögin frá síðasta ári ráð fyrir því, að ef þess er sjerstaklega óskað af bifreiðaeigendum að setja lögreglustjóra sæmilega tryggingu fyrir því, að þeir geti int af hendi skaðabótagreiðsluna, þá sje þeim það heimilt. Það er því nauðsynlegt að gera breytingu á lögunum frá 1926 — og er sú brtt. á þskj. 348 — til þess að sú breyting, sem nefndin hafði áður sett um hámarkið, geti notið sín, þegar bifreiðareigandi kýs heldur að setja tryggingu hjá lögreglustjóra en tryggja hjá einhverju tryggingarfjelagi.

Forseti (HSteins): Af því að mjer virðist brtt. á þskj. 348 nokkuð óglögt orðuð, þá tek jeg málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 326, 348).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Nefndin leit svo á, eftir að brtt. á þskj. 302 hafði verið samþykt af hv. deild, að það væri nauðsynlegt að færa til tilvísun í lögunum, sem snertir undanþágu frá tryggingarskilyrðum, sem menn geta fengið með því að setja veð til lögreglustjóra, og flutti þessa brtt., sem útbýtt var á þskj. 348, en við nánari athugun þá hefir nefndin sjeð það, að brtt. á þskj. 302, í stað þess, eins og virtist í fyrstu, að hún yrði ný málsgrein í frv., verður aðeins áframhald af 17. gr. og myndar ekki neina nýja málsgrein, þá er það auðsætt, að undanþáguskilyrðið nær til

greinarinnar óbreyttrar eins og hún er, og þess vegna álítur nefndin rjett að taka þessa brtt. á þskj. 348 til baka.

ATKVGR.
Brtt. 348 tekin aftur.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 326).

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Allshn. hefir athugað þetta frv. eins og það kom frá háttv. Ed. og hefir ekki viljað gera neinar breytingar á því, til þess að stofna ekki málinu í voða. Leggur hún því til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 394).

---

9. Sala þjóðjarðarinnar Sauðár.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 10. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár (þmfrv., A. 149).

Á 28., 31. og 32. fundi í Nd., dagana 12., 16. og 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Það er komið að fundarslitum, og skal jeg því ekki tefja tímann með langri ræðu, enda er gerð nokkur grein fyrir þessu máli í greinargerð frumvarpsins. Jeg get því farið fljótt yfir sögu. Skal aðeins drepa á, að vegna búpeningseignar Sauðárkróksbúa er þeim mjög nauðsynlegt að fá þetta land til umráða, en skortur á landi hefir hingað til staðið þeim mjög fyrir þrifum. Nokkur hluti þessa lands er vel fallinn til ræktunar og hæg leið til aðflutninga, þar sem það liggur meðfram Skagafjarðarbrautinni. Á það má drepa, auk þess sem getið er í greinargerðinni, að í þessu landi er allgott mótak, og hefir það mikla þýðingu. Ástæður, sem mælt gætu á móti þessari sölu, eru mjer vitanlega engar. Því er stundum hreyft um slíkar jarðir, að hugsanlegt væri, að nota þyrfti þær fyrir embættisbústað. En hjer er ekki því til að dreifa. Önnur jörð, sem Skarð heitir og er næsti bær utan við Sauðárkrók, hefir verið fyrirhuguð sem prestssetur, ef á þyrfti að halda. Þess skal getið, að sýslunefndin hefir gefið söluheimild þessari bestu meðmæli. Jörðin er nú laus úr ábúð og því vill kauptúnið nota tækifærið og tryggja sjer þær landsnytjar, sem það hefir mjög tilfinnanlega skort. Jeg vænti, að þessu verði vel tekið, eins og öðrum slíkum málaleitunum á fyrri þingum.

Jeg óska, að málinu verði vísað til landbn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 286).

Frsm. (Árni Jónsson): Það eru aðeins örfá orð frá minni hendi, enda er hjer ekki um neitt stórmál að ræða, auk þess sem allar nánari ástæður eru teknar fram í greinargerð frv. og nál. því, sem fylgir.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir mælt með því, að Sauðárkrókshreppur fengi keypta þessa jörð. Hreppurinn er landlítill, en hefir fjárfjölda að mun meiri en títt er um kauptún af sömu stærð. Er honum því full nauðsyn á að geta aukið slægjulönd sín og fengið meira land til beitar.

Samskonar heimild og þetta hefir Alþingi gefið áður, t. d. um sölu Leynings til Siglufjarðar 1924, Ögurs og Sellóns til Stykkishólms 1919, og enn lengra er síðan leyft var að selja Kjarna Akureyrarkaupstað.

Get jeg því búist við, að hv. þdm. fallist á frv. eins og það liggur fyrir, og læt jeg því þessum fáu orðum lokið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi leyfa mjer að gera lítilsháttar fyrirspurn til háttv. landbn. viðvíkjandi engjahólma þeim, sem nefndur er í greinargerð frv. og nál. Jeg er nefndinni samþykkur um, að hólminn verði tekinn með í mati Sauðár. Hitt vildi jeg spyrjast fyrir um, hvort hv. landbn. teldi það skifta máli, hvort engjahólmi þessi ætti að fylgja Sauðá eða falla aftur undir Sjávarborg, ef til vill gegn gjaldi frá Sjávarborgareiganda. Ef háttv. nefnd hefir ekki rætt þetta, svo hún geti svarað því nú, þá skiftir ekki máli, þótt svarið komi ekki fyr en við 3. umr.

Frsm. (Árni Jónsson): Það er ekkert til fyrirstöðu að svara þessu nú þegar. Nefndin hefir einmitt rætt um þetta atriði og er eindregið þeirrar skoðunar, að þessi engjahólmi fylgi með Sauðá og verði þannig eign Sauðárkrókshrepps. Það er einmitt tilgangur frv., að Sauðárkrókur geti eignast sem mest slægjulönd, og það verður auðveldast á þann hátt, að hólminn fylgi með í kaupunum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 149).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 149).

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 355).

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Þetta frv. hefir gengið í gegnum háttv. Nd. breytingalaust og kemur nú frá landbn. þessarar hv. deildar, sem hefir fallist á, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða fyrir viðkomandi sveitarfjelag.

Sauðárkrókur er bygður úr landi jarðarinnar Sauðár, og hefir frá því að hann stækkaði til muna verið algerlega kominn upp á aðra um beit og slægjur fyrir skepnur sínar. Nú eru þorpsbúar orðnir hátt á 7. hundrað, og atvinna þeirra daglaunavinna, sem til fellur, og sjósókn, sem ekki byrjar þó fyr en kemur langt fram á vor og stendur vanalega lítið fram eftir haustinu. Leggja þorpsbúar því stund á landbúnað, svo að þarna er eiginlega um þorp að ræða, þar sem menn fleyta fram lífinu með því að hafa nokkurn búpening, svo sem kýr, sauðfje og hross. En þorpsbúar eiga erfitt með að sjá skepnum sínum farborða og hafa orðið að sæta afarkostum bæði um beit og slægjur. Margir hafa viljað nota þann tíma, sem ekki verður á sjó farið, til þess að rækta túnbletti, en þess hefir ekki verið kostur, svo neinu nemi, vegna þess, að þeir hafa ekkert land til að rækta.

Nú hafa þorpsbúar unnið það til að kaupa upp ábúandann á Sauðá, sem hefir þar lífstíðarábúð, og hann fallist á að afsala sjer jörðinni vegna þeirrar nauðsynjar, sem hann sjer, að þorpsbúum er á því að eignast jörðina.

Af þessum ástæðum er frv. fram komið, og þykist jeg ekkert þurfa frekar um það að segja. Landbn. hefir fallist á nauðsyn þessa máls og leggur til, að frv. nái fram að ganga. Vænti jeg því, að hv. deild viðurkenni þessar sanngirnis- og rjettlætiskröfur þorpsbúanna á Sauðárkróki, með því að samþykkja frv., og læt jeg þá lokið máli mínu að sinni.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 149).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 391).

10. Vörutollur.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (þmfrv., A. 110).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf sem engu að bæta við greinargerð frv. Þessi tillaga var borin fram á búnaðarþinginu af einum forgöngumanna landbúnaðarins, og mælti þingið einróma með því, að hún yrði borin fram á Alþingi. Jeg vona, að menn sjeu sammála um það, að það eigi ekki með vörutollslögum að stuðla að því, að menn fóðri óhagsýnilega skepnur sínar. Hjer er um fóðurbætistegund að ræða, sem þeir bændur geta ekki verið án, sem framleiða mjólk til sölu, án þess að fóðra óhagsýnilega. Sjerstakur tollur á þessa vöru er ekkert annað en hvöt til þess að fóðra óhagsýnilega.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 168, 211).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og ráða má af nál. fjhn. á þskj. 168, þá þykir nefndinni lítils um þetta frv. vert. Samkvæmt verslunarskýrslum fyrir árið 1923, en yngri skýrslur eru ekki til, var innflutningur þessarar fóðurtegundar 200 tolleiningar. Nú er hver tolleining 1 kr. til tolls, svo að sú upphæð, sem farið er fram á að ljetta af, nemur aðeins 200 kr. Þessi fjárhagslega hlið málsins skiftir því bæði ríkissjóð og kaupendur fóðurbætisins mjög litlu, þar sem innflutningurinn er svo lítill. Það var meir vegna samræmis, að nefndin vildi fallast á frv. Ýmsar líkar fóðurbætistegundir eru fluttar inn, og eru tollfrjálsar. En sú tegund, sem um ræðir í frv., er talin sú besta af þessum fóðurbætistegundum. Þá er og hey tollfrjálst, og er þó minni ástæða til þess, þar sem þess er aflað í landinu sjálfu. Loks er þess að geta, að það er alment svo, að þær vörur, sem fluttar eru inn til beinnar framleiðslu, eru alment undanþegnar vörutolli.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta. Jeg býst við því, að hv. þdm. geti fallist á ástæðurnar fyrir því, að frv. nái fram að ganga.

Þá vil jeg minnast á brtt. nefndarinnar á þskj. 211, sem fer fram á að undanþiggja tolli endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur. — Við athugun á frumvarpinu um toll á innlendum vörutegundum komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að undanþiggja bæri þessar umbúðir tolli. Nefndin hafði sjerstaklega í huga sódavatn. Við höfum betri skilyrði en flestar þjóðir til þess iðnaðar, vegna góðs vatns, og má því telja líklegt, að

tekist geti að vinna markað fyrir það erlendis. En þá er rjett, að endursendar umbúðir um það sjeu undanþegnar tolli. Og þar sem lá fyrir breyting á vörutollslögunum, þá þótti nefndinni þessi brtt. eiga hjer best heima. Jeg vona, að hv. deild fallist á þessa brtt., svo að ekki sje ástæða til að fjölyrða um hana.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg kann hv. fjhn. þakkir fyrir það, að hún er sammála um, að þetta frv. eigi fram að ganga. En jeg vil samt taka það fram, að þetta mál er stærra en nál. ber með sjer, þó að það að vísu verði ekki kallað stórmál. Það má nefnilega alls ekki ráða það af innflutningnum á þessari fóðurbætistegund, að þetta sje lítilfjörlegt mál, því að tollurinn á þessari fóðurbætistegund hefir verkað sem innflutningsbann. Í staðinn hafa menn keypt fóðurblandanir og þannig komist undir kornvörutollinn. En á þann hátt verður þetta fóður dýrara. Jeg vil enn benda á það, að tolllöggjöfin á ekki að stuðla að því, að við verðum að fóðra búfjeð á óhaganlegan hátt. Vanti efni, t. d. eggjahvítuefni, í fóðrið, þá verða afurðirnar háðar því, hvað gripurinn fær af þessari fóðurtegund, svo að um hina mestu eyðslu er að ræða, ef það er sparað að nota hana. Lögin mega ekki stuðla að slíku.

ATKVGR.
Brtt. 211 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 231).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 231).
Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 283).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi fyrir hönd fjhn. ekkert að segja um þetta litla frumvarp, annað en að árjetta það, sem nefndin hefir samhljóða lýst yfir á þskj. 283, sem sje, að þetta frv. verði samþykt.

Forseti (HSteins): Þetta er aðeins ein frvgr., en er í þremur liðum, og tel jeg því rjettast að bera upp hvern lið fyrir sig.

ATKVGR.
1. málsgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. málsgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. málsgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 231).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

---

11. Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (þmfrv., A. 99).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma eru orðin gömul, um 20 ára, og sýnilega úrelt að sumu leyti, því að þekking manna á smitunarhættu ýmissa sjúkdóma hefir aukist mjög á síðustu árum. Þess vegna hefir komið í ljós, að nauðsynlegt er, að lögum þessum sje breytt.

Á síðari árum hefir það komið í ljós, að ýmsir menn hafa fengið næma sjúkdóma án þess að veikjast, en hafa gengið með sýklana og smitað frá sjer fjölda manna. Svo er t. d. um taugaveiki. Frv. þetta er fram komið til þess að fyrirbyggja sýkingu á þennan hátt. Frv. fer fram á, að taka megi grunaða sýkilbera og rannsaka þá, og að þeir sjeu skyldir til þess að láta rannsaka sig. Eins og að líkindum lætur, er ótti manna við það að vera sýkilberar mjög mikill, og vilja menn ógjarnan gefa sig undir rannsókn. En líklega er það eina ráðið til þess að hefta útbreiðslu næmra sjúkdóma, að gera þetta, sem frv. fer fram á.

Við vitum það, að veikindafaraldur hefir komið upp í mörgum kaupstöðum síðari árin. Oft hefir smitunin orsakast af því, að sýklar hafa komist í volga mjólk og miljónfaldast þar á stuttum tíma. Smitunarhættan af þessu er mest í kaupstöðum, sem þurfa að fá mikla mjólk að, sem svo dreifist milli fjölda heimila. Þar getur fjöldi manna sýkst á mjög stuttum tíma.

Frv. þetta er samið í samráði við landlækni, sem telur það nauðsynlegt vegna hættu þeirrar, er vofir yfir kaupstöðum þeim, sem verða að flytja að sjer mikla mjólk. Það getur og ef til vill í framtíðinni fyrirbygt útbreiðslu fleiri sjúkdóma en taugaveiki, þótt jeg hafi hana aðallega í huga, svo sem barnaveiki og máske mænusóttar.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni, því að jeg vona, að frv. sje öllum hv. þdm. ofur skiljanlegt. Legg jeg til, að því verði vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 146).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og tekið er fram í nál. allshn. á þskj. 146, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með lítilli breytingu. Það má nú að vísu segja, að hart sje fyrir mann, sem aðeins er grunaður um að vera smitberi, að frv. verði að lögum. En nefndin leit svo á, að þá nauðsyn bæri til, að hægt væri að koma í veg fyrir slíka smitun, að ekki væri í þau óþægindi horfandi, er af því kunna að stafa, með því að slíkir menn geta verið stórhættulegir sem sýkilberar.

Þá vil jeg geta þess, eins og vikið er að í nál., að hjer er í raun og veru ekki um að ræða breytingu á lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, heldur ber þetta að skoða sem viðauka við þau lög, þar eð um þetta atriði hafa ekki gilt nein ákvæði áður. Jeg býst því við, að allshn., ef frv. nær fram að ganga samkvæmt till. hennar, komi við 3. umr. fram með brtt. um fyrirsögn þess. — Frá nefndinni hefir komið aðeins 1 breyting, og ber hana frekar að skoða sem leiðrjetting en annað. Nefndin sá ekki betur en að þessi orð, er hún leggur til, að falli burt, væru þýðingarlaus, og málið miklu óeðlilegra, ef þau stæðu.

Jónas Kristjánsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd meðferð hennar á þessu frv. og þann skilning, er hún sýnir á þýðingu þessa máls. Breyting þá, er hv. nefnd hefir gert, álít jeg rjettmæta, því að felt er burt það, er teljast má óþarft. Viðvíkjandi því, er hv. frsm. tók fram, vil jeg geta þess, að grunaðir eru allir þeir, sem tekið hafa taugaveiki, þangað til sannað er, að þeir sjeu ekki sýkilberar. Enginn veit að órannsökuðu máli, hverjir þeir eru, og verður því að rannsaka alla. Frv. á að varna, að skaði hljótist af undanfærslu slíkrar rannsóknar.

Ennfremur, ef veiki kemur upp á heimili og maður er grunaður sem sýkilberi og þarf að rannsakast, en skorast ef til vill undan, þá á þetta frv. að fyrirbyggja það, að rannsókn hindrist fyrir þær sakir.

ATKVGR.

Brtt. 146 samþ. með 8:2 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 158, 166).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Allshn. hefir komið fram með brtt. á þskj. 166, um að fyrirsögn frv. breytist eins og þar stendur. Jeg tók það fram við 2. umr., að þessi brtt. myndi koma, og gat þess, að það væri nauðsynlegt, því

að ákvæði þessa frv. er viðauki við tjeð lög. Vona jeg því, að hv. deild fallist á, að brtt. þessi sje rjettmæt.

Jón Baldvinsson: Brtt. á þskj. 166 er rjettmæt, en jeg vildi vekja athygli hv. frsm. (GÓ) og hv. deildar á því, hvort ekki væri rjett að breyta setningunni: Á eftir 9. gr. o. s. frv., á þann hátt, að fella niður orðin: „sem verður 10. gr." og að fella niður orðin: „Greinatalan breytist samkvæmt þessu". Þetta getur staðið í greinargerð frv., en á ekki við í frv. sjálfu. Það kemur af sjálfu sjer, að greinin, sem um getur á þskj. 158, verði 10. gr. Verði lögin sjálf prentuð upp og texti þessara laga feldur inn í þau, þá er rjett að breyta þessu. Það var aðeins þetta form, sem jeg vildi gera aths. við.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það tekur því ekki að fara að prenta upp lögin frá 1907 vegna þessarar litlu breytingar, því að þau eru löng. Annars er aths. hv. 5. landsk. (JBald) rjett, og ætti að mega lagfæra umrætt atriði með skriflegri brtt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hefði getað látið vera að svara hv. 5. landsk. (JBald), því að hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið að mestu fram það, sem jeg þurfti að segja. Það er rjett, að það láðist í allshn. að athuga þetta, og það er viðkunnanlegra, að þetta hvorttveggja falli burt: „sem verður 10. gr." og „Greinatalan breytist samkvæmt þessu". Hæstv. ráðh. (MG) tók fram, hvernig mætti breyta þessu. Fyrir nefndinni vakti fremur efni en form frv. Hinu er jeg ósammála hv. 5. landsk., að fara að prenta upp öll lögin, þótt smáviðauki sje samþ. við þau. Jeg tel það ekki ráðlegt að innleiða þá venju, og óvíst, að það yrði alment til þess, að menn gætu betur glöggvað sig á lögum þingsins. Það verður að fara gætilega í að prenta upp lög, sem gerðar eru smávægilegar breytingar á.

Forseti (HSteins): Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá hv. 5. landsk. (JBald), svo hljóðandi: (sjá þskj. 171). Til þess að brtt. þessi geti komið til atkv., verður að leita um hana afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verður þskj. 171) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 171,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 171,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 166 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 172).

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 249).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 249 (ný frvgr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 267).

Á 43. fundi í Ed., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætlaði aðeins að fara örfáum orðum um þessa breytingu, sem frv. hefir tekið í hv. Nd., sem er það, að sett hefir verið inn í frvgr. númer laganna, sem hjer er átt við, og ártalið, og jeg held, satt að segja, að það hafi ekki verið nauðsynlegt, því að það gat engum misskilningi valdið, eins og frv. fór hjeðan, og þykir allshn. þetta því ekkert til bóta, því að hún álítur, að nógu glögt hefði verið, að ártalið stæði í fyrirsögn frv. Hún sjer þó ekki ástæðu til annars en að leggja til, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

---

12. Löggilding verslunarstaða.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar á Litla-Árskógssandi við Eyjafjörð (þmfrv., A. 269).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta, heldur vildi jeg aðeins mega leyfa mjer að mælast til, að hv. deild lofi frv. að ganga áfram til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 269).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 269, 308).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 308. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Tryggvi Þórhallsson: *Jeg hefi borið hjer fram brtt. við frv., þess efnis, að löggiltur verði verslunarstaður að Drangsnesi við Steingrímsfjörð. Eins og háttv. þm. rekur minni til, var í símalögunum í fyrra samþykt lína þangað, samkvæmt ósk landssímastjóra. Þetta er útróðrarpláss ekki alllítið og hafa legið hjer frammi áskoranir frá tveim þingmálafundum úr Strandasýslu, um að staður þessi verði löggiltur. Væri það og sanngirni mikil, enda ekki minni ástæða hjer að verða við þessari ósk en víða annarsstaðar.*

ATKVGR.

Brtt. 308,1—3 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Á 45. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 311).

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 311).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 311).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

13. Rannsókn banameina.

Á 34. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði (þmfrv., A. 225).

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Eins og greinargerðin ber með sjer, er frv. þetta komið fram samkvæmt ósk læknadeildar háskólans. Fer það fram á, að sjerfræðingur skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsum, er ríkið rekur.

Með frv. mælir fyrst og fremst það, að það er gróði fyrir læknavísindin að vita fyrir víst, hver er dánarorsök sjúklinga, hvort hún er í samræmi við það, sem læknar sjúklingsins hafa álitið. Þetta hefir því mjög mikla þýðingu. Hjer um bil í hverju landi eru lög um, að krufin skuli öll lík sjúklinga, sem deyja í ríkisspítölum. Þetta er líka mjög nauðsynlegt vegna læknanema, svo að þeir geti fengið tækifæri til að kynnast sem flestum sjúkdómum og meinsemdum, er leiða til dauða. Málið snertir því allan almenning. Því betri tækifæri sem læknaefni fá til að fullkomna sig í starfi sínu, því meira gagns má af þeim vænta, þegar þeir fara að starfa meðal almennings.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala um þetta langt mál. Jeg veit, að hv. deild er ljóst, hvað með þessu er meint og hve þýðingarmikið mál þetta er. Að sjálfsögðu yrði með reglugerð ákveðið nánar, hvernig þetta skyldi framkvæmt.

Jeg bið hæstv. forseta að stinga upp á, hvaða nefnd skuli fá málið til meðferðar.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að hjer koma fleiri aðiljar til greina en stjórnin og læknadeild háskólans. Það eru aðstandendur þeirra sjúklinga, sem deyja í spítölunum. Jeg vildi aðeins bera upp þá spurningu, hvort ekki væri rjett að setja ákvæði um, að leita þyrfti leyfis aðstandenda til þess lík yrði krufið.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg geri ráð fyrir, að það yrði tekið fram í reglugerðinni, að ef aðstandendur mæltust til, að lík yrði ekki krufið, þá gætu þeir fengið undanþágu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 303).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Allshn. hefir athugað frv. þetta. Það er borið fram eftir tilmælum læknadeildar háskólans. Hún lítur svo á, að þörf sje á lagasetningu um þetta efni, einkum vegna kenslu læknaefna. Að öðru leyti get jeg látið mjer nægja að vísa

til greinargerðar frv. Jeg vil svo fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir leitt, að hv. nefnd hefir ekki athugað það, sem jeg benti á um daginn, er frv. var til 1. umr., hvort ekki væri rjettara að koma því svo fyrir, að ættingjar eða aðstandendur fái að segja álit sitt um það, hvort lík skuli tekið og rannsakað. Ef það er rjett, sem hv. sessunautur minn (JóhJóh) segir, að það sje nóg að kveða á um það í reglugerð, þá get jeg fyrir mitt leyti látið þar við sitja, þó að jeg hinsvegar hefði kunnað betur við, að eitthvað hefði komið um þetta frá hv. nefnd stjórninni til leiðbeiningar.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 225).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 225).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 225, n. 361).

Frsm. (Jón Kjartansson): Það eru aðeins örfá orð. Allshn. hefir haft þetta mál til athugunar og ekkert fundið athugavert við það, og leggur því til, að það nái fram að ganga.
Málið er komið frá hv. Ed., sem ekki gerði neinar breytingar á frv., svo að vænta má, að það geti gengið hljóðalaust í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 225, 390).

Forseti (BSv): Fram er komin brtt. við frv., og virðist mega samþ. hana án umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 390 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 402).

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Jóhannes Jóhannesson: Ein brtt. við þetta frv. var samþykt í hv. Nd., að „dómsmálaráðherra" komi í stað „stjórnarráðs."

Allshn. leyfir sjer að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 425).

14. Varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta (þmfrv., A. 31).

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum. Þess er getið í greinargerðinni, og er líka kunnugt af blaðaskrifum, að í nágrannalöndunum gengur mjög skæð kartöflusýki, svo nefnd „vörtupest." Það hefir verið leitað álits sjerfræðinga um þetta mál, og Búnaðarþingið hefir borið fram þá ósk, að Alþingi setti lög um varnir gegn þessari sýki. Stjórn Búnaðarfjelagsins hefir beðið garðyrkjustjóra ríkisins að semja uppkast að lögum um þetta efni, og er frv., sem hjer liggur fyrir, frá honum. Nauðsyn þess að gera ráðstafanir í þessu efni liggur í augum uppi. Aðeins gat það orkað tvímælis, hvort rjettara væri að miða lögin við þessa sýki eingöngu, eða fleira af sama tægi. Garðyrkjustjóri hefir valið síðari kostinn og farið þar að dæmi nágrannaþjóðanna. Jeg vil aðeins beina því til nefndarinnar, sem fær málið til meðferðar, að athuga, hvor leiðin kynni að þykja ráðlegri.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til landbn.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að vekja athygli hv. deildar á því, að hv. þm. Str. (Trþ) — mjer til mikillar ánægju — tekur það skýrt fram í þessu frv., að almenningsþörf eigi að ganga fyrir eignarrjetti einstaklingsins. Kemur það ótvírætt fram í 6. gr. frv., þar sem ákveðið er, að greiða skuli í bætur fyrir uppskeru, sem stjórnarráðið lætur eyðileggja, einungis ¾ hluta matsverðsins, en ekki fult verð. Er einnig annarsstaðar í löggjöf farið á sama hátt beint á móti gildandi stjórnarskrá, er sýnir, að eignarrjettarákvæði hennar eru úrelt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 121).

Frsm. (Þjetur Þórðarson): Eins og sjá má á greinargerð þessa frv., þá eru fyrstu drögin til þess þau, að á síðari árum hefir orðið töluvert vart við skæðan sjúkdóm í kartöflum í nágrannalöndum þeim, sem við skiftum mest við í þeim efnum. Búnaðarþing það, sem síðast var háð, tók mál þetta til athugunar og bar það undir þá sjerfræðinga hjer, sem best skyn bera á þessa hluti, og komst það svo að þeirri niðurstöðu, að þörf væri á að setja varnir gegn því, að þessir eða aðrir sjúkdómar í nytjajurtum flyttust til landsins. Er það því eftir tillögum vorra vitrustu manna á þessum sviðum, að frumvarp þetta er flutt.

Mál þetta þarf ekki mikilla skýringa við. Það liggur í hlutarins eðli, hve hættulegt það er, ef slíkir sjúkdómar í nytjajurtum flytjast hingað. Er því nauðsynlegt að heimila stjórninni að setja varnir gegn því. Frv. þetta á því að verða heimildarlög. Það er samið af garðyrkjustjóra, og hefir nefndin ekki fundið ástæðu til þess að breyta því verulega að efni til; þó ber hún fram eina efnisbreytingu við það. Hún er sú, að fult verð komi fyrir, ef ráðstafanir þessar komast á og nauðsyn ber til þeirra vegna að eyðileggja eitthvað af uppskeru manna. En í frv. er ekki gert ráð fyrir nema ¾ hlutum verðs.

Þá hefir nefndin gert tillögur um nokkrar orðabreytingar á frv., og vænti jeg þess, að háttv. deildarmenn átti sig á því, að þær breyta efni þess ekkert, en gera málið einfaldara og ljósara. Garðyrkjustjóri lagði til, að fyrirsögninni væri breytt á þann veg, sem nefndin leggur til. Þá fór hann og fram á það, að trjáplöntur væru taldar upp meðal nytjajurta, en nefndin taldi enga þörf á því, aðeins að skýrt væri tekið fram í framsögu málsins, að þær teldust þar undir. Jeg vil því beina athygli hv. deildarmanna að því, að nefndin telur trjáplöntur geta heyrt undir þessar nytjajurtir.

Álít jeg svo ekki þörf að ræða málið frekar, því eins og jeg tók fram áðan, er það búið í hendur þingsins af þeim mönnum, sem best skyn bera á þessa hluti.

ATKVGR.

Brtt. 121,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 121,2 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 121,3 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 121,4 (ný 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 121,5 (ný 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 121,6 samþ. með 18:1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 121,7 feld með 13:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. með 16:7 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 154, 157).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg vil aðeins vekja athygli hv. deildarmanna á því, að hjer er nokkur orðabreyting á þskj. 157, sem nefndin leggur til, að gerð verði við frv. Vænti jeg, að hv. þdm. vilji sýna till. góðvild og láta frv. með þessari breytingu ná samþykki.

ATKVGR.

Brtt. 157,1 samþ. án atkvgr.
— 157,2 samþ. án atkvgr.
— 157,3 samþ. án atkvgr.
— 157,4 samþ. með 18:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 165).

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, n. 268).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta er komið frá háttv. Nd. og hefir landbn. haft það til meðferðar. Nefndin getur fallist á meginatriði frv. og leggur því til, að það nái fram að ganga. Hinsvegar þótti henni rjett að koma fram með þrjár brtt. við það, og eru þær á þskj. 268.

1. brtt. er við 1. gr. og er í því fólgin, að í stað orðanna „atvinnumálaráðuneytinu er heimilað" komi „atvinnumálaráðuneytið skal". Nefndin leit svo á, að rjett væri, að það kæmi fram, að hún ætlast til, að þær ráðstafanir verði gerðar, sem í frv. er farið fram á.

2. brtt., sem er við 3. gr., er þess efnis, að þar eru taldir upp nokkrir starfsmenn, sem launaðir eru af fje ríkisins og ráðuneytinu er benti á að kveðja sjer til aðstoðar við framkvæmd þessara laga. Nefndinni fanst rjett að setja þetta inn í lögin, því að annars mætti líta svo á, að stjórninni væri heimilt að skipa sjerstaka menn til þess að hafa eftirlitið. En það gæti leitt til óþarfakostnaðar. Nefndin vildi með þessu fyrirbyggja, að ríkissjóður yrði fyrir auknum útgjöldum. Að öðru leyti verður 3. gr. alveg óbreytt.

Þá er loks 3. brtt., við 5. gr., og er í því fólgin, að þar er tekið sterkara til orða en í frumvarpinu. Í stað orðanna „ákveða má í reglugerð" komi „í reglugerð skal ákveða".

Brtt. þessar eru í sjálfu sjer ekki mikilvægar. Jeg skal taka það fram um fyrstu og síðustu brtt., að þær miða að því, að það komi ótvírætt í ljós, að nefndin ætlast til, að lög þessi komi til framkvæmda strax, en verði ekki skoðuð sem heimildarlög ein-

göngu. Er svo ekki ástæða til að fjölyrða meira um frv., nema tilefni gefist. Get jeg því látið þessa framsögu nægja.

ATKVGR.

Brtt. 268,1 samþ. með 9:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 268,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 268,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 298).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 298).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Háttv. Ed. hefir gert lítilsháttar breytingar á frv. þessu, aðallega á 1. og 5. gr. Ganga þær í þá átt að gera að fullkomnum ákvæðum, sem áður var aðeins heimild; þannig hefir hún breytt orðunum í 1. gr. „er heimilt" í „skal". Sama er að segja um ákvæði 5. gr.

Breytingarnar við 3. gr. eru þó víðtækastar. Þar er svo ákveðið, að stjórnin skuli geta kvatt sjer til aðstoðar við framkvæmd þessara laga þá menn, sem starfa í þjónustu hins opinbera að ræktun landsins, og hafa þannig launaðar stöður. Um þetta farast frsm. málsins í Ed. svo orð:

„Nefndinni fanst rjett að setja þetta inn í lögin, því að annars mætti líta svo á, að stjórninni væri heimilt að skipa sjerstaka menn til þess að hafa eftirlitið. En það gæti leitt til óþarfa kostnaðar. Nefndin vildi því með þessu fyrirbyggja, að ríkissjóður yrði fyrir auknum útgjöldum."

Eftir þessu er því sýnilegt, að hv. Ed. ætlast til, að þessir menn vinni að framkvæmd laganna endurgjaldslaust. Landbn. þessarar deildar hefir eftir atvikum fallist á að láta þetta standa, því hún sjer ekki ástæðu til að hrekja málið á milli deilda fyrir það.

Legg jeg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 334).

15. Sýsluvegasjóðir.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 101).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Lög þau, er hjer er farið fram á að breyta, eru viðaukalög við heimildarlög fyrir sýslunefndir til þess að setja ákveðinn skatt á fasteignir, eitthvert ákveðið þúsundgjald, til þess að gera sýsluvegi. Leggur svo ríkið fram ákveðna upphæð á móti, eftir því, hve hátt gjald sýslufjelagið leggur á sig, eða með öðrum orðum, eftir því, hve hátt þúsundgjald er lagt á fasteignir innan sýslunnar, og tiltölulega hærri upphæð, eftir því sem hreppar sýslunnar leggja hærra þúsundgjald á fasteignir hjá sjer. Er þeim það í sjálfsvald sett, hvað þeir hafa þetta þúsundgjald hátt, en freistingin til þess að hafa það hátt er mikil, bæði vegna framlagsins frá ríkissjóði og ekki síður vegna hins, að vegaþörfin er bráð og aðkallandi, en sýslur eru víða því sem næst vegalaust land.

Heimildin, sem gefin er í l. nr. 22, 4. júní 1924, til þess að greiða skattinn úr sveitarsjóði, eða jafna honum niður eftir efnum og ástæðum, er bæði sanngjörn og sjálfsögð. En eins og nú er, kemur þessi heimild ekki að notum. Í ýmsum hreppum, einkum kauptúnahreppum, eru ýms fjelög, sem eiga húseignir, eða jafnvel aðrar fasteignir, en eru ekki útsvarsskyld, svo sem ungmennafjelög, málfundafjelög, templarastúkur o. s. frv. Sumar húseignir eru líka eign utanhreppsbúa. Samvinnufjelög í kaupstöðum eru og víða eigendur stórra húseigna og lóða, en greiða þó ekki útsvar eftir sömu reglu og aðrir gjaldendur, heldur miklu lægra.

Allir þessir gjaldendur hafa fylstu þörf vega, ekki síður en aðrir, en eru ekki skyldir að greiða skattinn, sje heimild viðaukalaganna notuð. Getur þetta þannig orðið til þess að fyrirmuna ýmsum hreppum að nota heimild þá, er viðaukalögin nr. 22, 4. júní 1924, gefa, nema með því móti að skaða sveitarsjóð eða leggja auknar byrðar á aðra gjaldendur, sem þá verða að jafna niður á sig gjaldi fyrir ýmsa, sem færir eru um að greiða skattinn, en lagaheimild nær ekki til. Þannig geta hreppar neyðst til þess að jafna gjaldinu niður sem þúsundgjaldi á húseigendur, en það getur komið bæði ranglátlega og óverðuglega niður á mörgum. Ranglátlega að því leyti, að ýmsir sleppa við skatt, sem vel gætu borið hann, svo sem vel stæðir einhleypingar, sem eiga húseign og greiða litla eða enga húsaleigu. Annarsvegar eru margir svo nægjusamir með húsakynni sín, að þeir búa í ljelegum hreysum, sem lítið fje kosta, og greiða þess vegna lágan skatt, þótt þeir sjeu sæmilega efnaðir. Óverðuglega kemur skatturinn niður á fátækum fjölskyldumönnum, sem vegna ómegðar eiga erfitt uppdráttar, en beita sjer af megni til þess að fullnægja nauðsynlegustu lífskröfum og þroskaskilyrðum, m. a. með því að hefja sig með barnahópinn úr þröngu og óhollu leiguhreysi upp í sæmileg

húsakynni. Það er óverðugt og ósæmilegt að íþyngja þessum mönnum með háum skatti til vega, sem margir aðrir miklu færari eru ekki látnir greiða, eða leyft að sleppa við, ef þeir eru nægjusamir með ljeleg húsakynni. Hin bættu og dýrari húsakynni eru oft að miklu leyti í skuld, og því ósanngjarnt að bæta háum skatti þar á ofan.

Sama má segja um ýmsa fátæka búendur, þar sem reistar hafa verið dýrar byggingar. Á þeim kemur skatturinn mjög tilfinnanlega niður.

Hinsvegar verður að viðurkenna, að þessi skattlagning til útvegunar fjár til umbóta á sýsluvegum er afarnauðsynleg, því umbætur vega, sjerstaklega akfærra vega, verða að teljast hin bráðasta nauðsyn og beint skilyrði til búnaðarframfara. En hins verður jafnframt að gæta, að skattlagningin komi sem rjettlátast niður, og til þess er ætlast með þessari lagabreytingu. Enginn vafi er á því, að ljeleg húsakynni eiga allmikinn þátt í hinni mögnuðu berklaveiki hjer á landi, og má síst gera þeim erfitt fyrir fæti, sem af veikum mætti leitast við að bæta húsakynni sín.

Að svo mæltu legg jeg til, að frv. verði vísað til samgmn.

Einar Árnason: Eins og kunnugt er og hv. 6. landsk. (JKr) tók fram, er með lögum um sýsluvegasjóði frá 1923 gert ráð fyrir, að sýsluvegasjóðir fái tekjur sínar af fasteignum innan hverrar sýslu. Þessi skattur á að greiðast af ábúanda hverrar jarðar í sveitum, en eigendum lóða í kauptúnum. Litlu eftir að lögin gengu í gildi tók að bera á óánægju út af því, hvernig þessu var fyrir komið, og varð það til þess, að 1924 var samþykt heimild handa hreppsnefndum til að jafna þessum skatti niður eftir efnum og ástæðum, eins og útsvörum. Þessi heimild var bundin því skilyrði, að ⅔ hreppsbúa samþyktu. En það eru ekki nema tiltölulega fáar sýslur á landinu, sem hafa notað þessa heimild, og í sumum sýslum fylgja ekki allir hrepparnir sömu reglum. Sumir jafna gjaldinu niður eftir efnum og ástæðum, en aðrir fara eftir ákvæðunum í lögunum frá 1923. Í þessu kemur fram ósamræmi milli einstakra hreppa. — Nú fanst mjer hv. flm. (JKr) vilja halda því fram, að sanngjarnast og rjettast væri að jafna gjaldinu niður eftir efnum og ástæðum. Jeg er honum alveg sammála um þetta. Jeg hefi altaf álitið þá leið miklu rjettari. Hv. flm. hefir fært mjög skýr rök fyrir því, hve ranglátt er að taka skattinn samkv. lögunum frá 1923. Og jeg geri ráð fyrir, að hann hafi viljað greiða fyrir því, að farið yrði hina leiðina. En mjer finst frv. ekki ná þeim tilgangi sínum eins og það liggur fyrir. Frv. stefnir aðallega að því að reyna að ná til fleiri fasteigna en lögin frá 1923 gera ráð fyrir. Í greinargerðinni eru nefnd ungmennafjelög, málfundafjelög, templarastúkur o. fl. fjelög, sem eigi fasteignir, en sleppi við að greiða skatt. Þó svo sje, álít jeg það ekki aðalatriði, og hvað ungmennafjelögin snertir, skiftir það ekki miklu máli, hvort húseignir þeirra eru teknar með. Venjulega mun það vera svo, að hús þeirra sjeu reist af vanefnum og í skuld, en þó af mikilli þörf á að eiga hæli fyrir fundi sína. Mjer finst ekki rjett að leggja mikla áherslu

á að skattleggja hús, sem þannig eru til komin. Þá er minst á, að húseignir og lóðir, sem samvinnufjelög eiga í kauptúnum hjer og þar, sleppi við þennan skatt. Hjá því má hæglega komast með því að fara dálítið aðra leið en frumvarpið leggur til. Það þarf ekki annað en að lögfesta, að þótt sýsluvegasjóður fái skattinn eftir fasteignamati, skuli jafna honum niður eftir efnum og ástæðum. Heimild sú, sem gefin var 1924 um að ⅔ hreppsbúa gætu ákveðið, að þessu skyldi svo fyrir komið, hefir ekki komið til framkvæmda nema sumstaðar, vegna þess, að þeir hafa verið í meiri hluta, sem búið hafa í ljelegum húsakynnum, og notað þá aðstöðu sína til þess að ljetta af sjer skatti og koma honum yfir á þá, sem lagt hafa í kostnað til að bæta húsakynni fyrir sig og eftirkomendur sína, þótt sumir þeirra væru alls ekki betur efnum búnir en hinir, sem í engan kostnað hafa lagt til húsabóta.

Jeg sje ekki neina knýjandi ástæðu til að hafa sömu reglur um niðurjöfnun gjaldsins heima í hreppunum eins og sýslunefndir hafa, þegar þær jafna niður á þá. Það er kunnugt, að sýslusjóðsgjaldi er jafnað niður á hreppana eftir alt öðrum reglum en þeir nota, þegar þeir jafna niður innbyrðis hjá sjer. Í hreppunum er farið eftir efnum og ástæðum. Mjer finst, að hjer geti gilt sömu reglur og um sýslusjóðsgjöld. Annars þykir mjer vænt um, að frv. er fram komið og vænti þess, að það verði vel athugað í nefnd.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Þegar jeg samdi þetta frv., hafði jeg aðallega Sauðárkrók í huga, en þar eiga ýmsir utanhreppsbúar húseignir, sem gjaldið nær ekki til, en óþarft virðist að sleppi við greiðslu þess. Mjer þótti ekki rjett að leggja það til, að alstaðar væri lagt gjaldið á eftir efnum og ástæðum aðeins. Jeg bjóst við, að það mundi komast á þar, sem sanngirni mælti með, án þess að það væri beinlínis lögboðið. Að því er snertir samvinnufjelögin, mundi skattur á þeim ekki hækka, þótt jafnað væri niður eftir efnum og ástæðum, vegna þess að það er svo lítið, sem á þau má leggja lögum samkvæmt, í samanburði við aðra. Aðrir verða þá að greiða nokkuð af skattinum þeirra vegna. Það getur verið mikið álitamál, hvort jafna beri niður eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vill. Jeg skal ekki gera það að þrætuefni. Mjer væri jafnvel sú aðferð kærust, ef það skapar meira rjettlæti, þótt jeg rjeðist ekki í að bera hana fram. En því olli meðal annars það, að mig brestur kunnugleika á þessum málum.

Það gladdi mig, að hv. þm. (EÁ) tók vel í málið, og jeg mun ekki setja mig á móti þeirri breytingu, sem hann stakk upp á. Frv. nær raunar betur tilgangi sínum, ef því er breytt á þ[illegible] leið.

Einar Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að lýsa því yfir, að jeg er ósamþykkur þeim, sem vilja láta jafna þessum skatti niður með öðrum sveitargjöldum, eða eftir efnum og ástæðum. Þar, sem jeg þekki til, fer það venjulega eftir getu manna en ekki vilja, hvernig húsakynni þeir hafa. Og það væri í meira lagi ranglátt að

láta þá, sem neyðast til að búa í ljelegum húsakynnum, greiða skatt fyrir hina, sem hafa ráð á að búa í góðum húsum.

Annað væri rjettlátara, sem sje það, að skatturinn væri ekki jafnhár af jörðum og húseignum. Varlega held jeg að fara verði í það að leggja fleiri húseignir undir þennan skatt en nú er. Þótt templarastúka t. d. eigi sjer einhvern kofa, held jeg að veganotkun hennar til aðflutninga sje varla svo mikil, að ástæða sje til skattlagningar. Hún slítur a. m. k. ekki veginum með flöskuflutningum. Það væru helst húseignir samvinnufjelaga, sem til mála gætu komið, því að þeim fylgir venjulega allmikil flutningaþörf.

Jeg óska, að nefndin athugi vandlega, hve miklum annmörkum er bundið að jafna þessum skatti niður eftir efnum og ástæðum, því að vel getur farið svo, að hinir fátæku verði þá að borga fyrir hina ríku.

Einar Árnason: Hv. 2. þm. Rang. (EJ) vill halda því fram og hefir ekkert við það að athuga, að skattur af húseignum í sveitum sje sanngjarn grundvöllur undir gjaldinu til sýsluvegasjóðanna. Jeg held því fram, að slíkur skattur sje ranglátur og grundvöllurinn óheilbrigður. Hv. þm. (EJ) viðurkendi þetta að nokkru leyti, þar sem hann vildi hafa lægri skatt af húseignum en jörðum. En ef leggja ætti til grundvallar fasteignir sveitanna, yrði að taka tillit til stærðar landsins og afurðamagns. Þó fengist ekki algerlega rjettur grundvöllur á þann hátt. Það yrði líka að taka tillit til þess, hve mikil not jörðin hefði af veginum. En það er ekki hægt. Því fæst engin grundvöllur rjettlátari en sá, að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Það eru ekki altaf efnuðustu bændurnir, sem búa á stóru jörðunum. Og stundum búa efnaðir bændur á litlum jörðum. Menn reka sig altaf á einhvern agnúa, þegar finna á sanngjarnan grundvöll. Og annar grundvöllur verður ekki fundinn sanngjarnari en sá, að þeir borgi, sem efnin hafa.

Einar Jónsson: Háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir misskilið mig.

Jeg tók fram, að mjer þætti húsaskatturinn of hár í samanburði við jarðaskattinn. Enn ósanngjarnari yrði hann, ef farið væri að jafna honum niður eins og öðrum sveitargjöldum. Jeg veit, að hv. þm. (EÁ) þekkir mismunandi húsakynni og veit, hve miklu meiri eign er í góðum húsum en kofum, og hve órjettlátt er að láta þá, sem í kofunum búa, greiða skatt af húsum hinna.

Jeg óska, að eftir því sje tekið, að jeg sagðist telja rjettlátara að hafa lægri skatt af húsum en löndum. Og ef nefndin vildi leggja til, að skattstiganum yrði breytt í það horf, þá mundi jeg verða þeirri breytingu hlyntur.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg gæti fært mörg dæmi til þess, hve þessi skattur kemur ranglátlega niður þar, sem hann er lagður á fasteignir, en ekki jafnað einnig niður eftir efnum og ástæðum. Jeg skal nefna prestssetur, sem bygt var upp í Skagafirði fyrir 30 þús. kr. Það er mikil blóðtaka að

gjalda þann skatt, sem af því mætti heimta. — Jeg tel yfirleitt rjett að sýna þeim mönnum fremur hlífð, sem leggja í ærinn kostnað og hleypa sjer í skuldir með því að bæta húsakynni sín.

Ef lagður væri hærri skattur á jarðeignir en húseignir, myndu kauptúnabúar sleppa vel. En þá er þessu máli fyrst í óefni komið, ef hver og einn reynir að koma byrðunum af sjer yfir á aðra. Þetta verður því hin rjetta leið, að hver greiði eftir sinni getu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 208).

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, hefir tekið nokkrum breytingum í nefnd, aðallega til þess að gera það dálítið skýrara. En þar að auki er lítil efnisviðbót. Nefndinni hefir komið saman um þessar breytingar og þær miða að því að gera frv. sjálfstæðara sem lög, í stað þess að vitna aðeins í þau heimildarlög um samþyktir um sýsluvegasjóði, sem það er viðbót við. Fyrsta brtt. gengur út á að fella burt fyrstu málsgrein 1. gr. Í öðru lagi skal fyrsti málsliður 2. gr. orðast svo:

„Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl".

Breytingin er þarna sú, að í staðinn fyrir „⅔ hluta atkvæða" komi „meiri hluta". Er það til að gera ljettara fyrir, að það sje gert að fastri reglu að greiða skattinn úr sveitarsjóði. — Í þriðja lagi kemur á eftir orðunum: „Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni" í þriðju málsgrein: „aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta". Þetta er til þess að koma í veg fyrir, að hægt sje að leggja á eina fasteign tvisvar.

Jeg held það sje ekki að efa, að þessar viðbætur eru til bóta og gera frv. skýrara, svo að taki af allan efa, hvernig á að leggja á skattinn.

Svo er önnur brtt., að á eftir 1. gr. komi ný 2. gr., svo hljóðandi:

„Nú er lagt fje til akvega samkv. síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við þá upphæð í sama hlutfalli og ákveðið er móts við vegaskattinn".

Þessar viðbætur við frv. eru gerðar vegna þess, að stundum taka sig saman nokkrir hreppar eða partur úr sýslu og leggja mikið á sig til þess að koma á nauðsynlegum vegabótum, og er því rjettlátt að styrkja þá í sama hlutfalli og heila sýslu. Slíkan styrk fá þeir ekki að öðrum kosti, ef sýslan hefir ekki undirgengist að standa fyrir þessum samtökum. Þetta tel jeg nauðsynlegan viðauka.

Að lokum verður 2. gr. 3. gr.

Þetta eru allar þær breytingar, sem gerðar eru á frv.; og mjer finst frv. vera komið í alveg æskilegt horf.

Vonast jeg eftir þeirri velvild frá hv. deild, að hún samþykki það eins og það er.

ATKVGR.

Brtt. 208,1.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 208,1.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 208,1.c samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 208,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 208,3 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 228).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 228).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil óska þess, að mál þetta fari til samgmn. að umr. lokinni. Jafnframt vil jeg biðja hv. nefnd að athuga, hvort ekki þyrfti að vera nákvæmara orðalag á 2. gr. frv. Mjer finst það geta verið nokkurt vafamál, hvernig á að skilja þá grein.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 381).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Nefndin hefir gert dálitla breyting við þetta frv., sem er komið hingað frá háttv. Ed. Aðalákvæði frv. er fólgið í 1. gr., um það að ná eignum í kaupstöðum undir skattskyldu, sem áður hafa verið skattfrjálsar eftir núgildandi lögum. Og þessi grein er látin alveg óbreytt. En breyting sú, er nefndin hefir gert við 2. gr., er ekki efnisbreyting, heldur aðeins orðabreyting, sem nefndinni þótti betur fara á. Jeg vænti þess, að hv. deild gangi að þessari breytingu og samþykki frv. að henni viðbættri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 381 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 403).

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins leiða athygli hv. þdm. að því, að jeg held, að í 2. gr. frv. sje prentvilla eða misgáningsvilla. Þar stendur „sýslusjóður", en á að vera „sýsluvegasjóður". Þetta er nauðsynlegt að leiðrjetta.

Þá vil jeg ennfremur taka það fram, að jeg lít svo á, að þegar um er að ræða, hve mikið ríkissjóður eigi að leggja fram, þá eigi fyrst að koma framlag sýslusjóðs og hreppssjóðs, áður en tillag ríkissjóðs er ákveðið, því að auðvitað á ríkissjóður ekki að leggja á móti sínu eigin framlagi.

Jeg vænti, að hv. deild hafi ekkert á móti þessum skilningi mínum og telji hann sjálfsagðan.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 403).

Á 60. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

16. Umboð þjóðjarða.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (þmfrv., A. 47).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. á þskj. 47 er bæði einfalt og óbrotið. Vænti jeg þess vegna, að láta megi að mestu nægja greinargerðina, sem fylgir því. En nokkrum orðum finst mjer þó rjett að bæta við hana.

Með lögum frá 1913 var svo ákveðið, að þjóðjarðaumboðin fornu skyldu niður lögð jafnótt og þau losnuðu, en eftirstöðvarnar af jarðagóssi þeirra afhentar hreppstjórum á hverjum stað til eftirlits undir umsjón sýslumanna. Þetta var auðvitað gert vegna þess, að þá var búist við, að meginið af þjóðjörðunum mundi verða selt, samkv. þjóðjarðasölulögunum frá 1905, enda var þá mikill skriður kominn á sölu þjóðjarðanna.

Samkvæmt þessum lögum frá 1913 mun nú vera búið að leggja niður öll hin fornu umboð, nema tvö. Það er: Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð vestra og Múlasýsluumboð eystra. Fjórum árum síðar en þessi lög voru gefin út, eða 1917, kom fram frv. hjer á Alþingi um undanþágu frá þeim, sem sje um að undanþiggja Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð og skipa þar framvegis umboðsmann. Og frv. þetta varð að lögum. Ástæðurnar fyrir því að halda áfram þessu umboði voru þær fyrst og fremst, að í

því voru og eru nokkrar fjölbýlisjarðir, sem sýnt þótti, að skiftast mundu margra á milli, og þess vegna hagfeldara að hafa undir eins manns eftirliti en margra. Voru fjölbýlisjarðir þessar — að mig minnir — einkum taldar við Ólafsvík og Sand, en ef til vill við fleiri verstöðvar á Snæfellsnesi.

Nú var, eins og kunnugt er, svo ákveðið í þjóðjarðasölulögunum frá 1905, að ekki skuli þjóðjarðir selja, ef sjáanlegt er — eða líkur til — að þær þurfi að nota í opinberar þarfir, nje heldur þær jarðir, sem líklegar eru til sundurskiftingar og fjölbýlis.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan þjóðjarðasölulögin komu í gildi, hefir sú breyting orðið, að víða hefir komið upp fjölbýli á sjávarjörðum, þar sem áður var fáment, en annarsstaðar risið upp þorp eða verstöðvar. Slík breyting hefir komið fyrir á nokkrum þjóðjörðum eystra.

Mjer virðist þess vegna, að nú liggi öll þau sömu rök til að undanþiggja Múlasýsluumboð ákvæðum laganna frá 1913, sem lágu til þess að gera undanþáguna um Arnarstapaumboð 1917. En við þetta bætist ennfremur sú ástæða, að nú er nauðsynin á hagfeldri ráðstöfun lands til ræktunar og nýbýla nærri kaupstöðum orðin meira aðkallandi en var fyrir 10 árum, auk þess sem framkvæmd ýmsra ákvæða í 5. og 6. kafla jarðræktarlaganna frá 1923 hlýtur að verða erfiðari og ósamræmilegri, ef eftirlit jarðanna verður hjá mörgum mönnum í stað eins.

Við meðferð þessara eigna getur margt til greina komið.

Eins og greinargerð frv. getur um, eru í Múlasýsluumboði 4 jarðir, sem þetta tekur einkum til, 3 sem liggja við kauptún, en 4. jörðin er úttangaverstöð að fornu og nýju, Vattarnes. Fjölbýlisjarðirnar, sem kauptún eru reist á, eru Nes í Norðfirði, Kollaleira við Reyðarfjörð og Kappeyri við Fáskrúðsfjörð. Á þremur þessum jörðum, Vattarnesi, Kollaleiru og Kappeyri, hafa verið á síðustu árum leigðar út um 30 lóðir til húsabygginga og túnræktar. Eftirgjaldið eftir þær er ekki ýkjamikið, enda eru jarðirnar í fastri byggingu og fá því ábúendur ¼ eða ½ flestra lóðargjalda. Alls nemur þó eftirgjald þeirra í ríkissjóð nálægt 530 krónum.

Á Nesi einu munu leigðar um 130 lóðir, en meiri hluti þeirrar jarðar er einstakra manna eign, og nema lóðargjöld ríkissjóðs þaðan árlega um 250 kr. Að mínu áliti skiftir það ekki miklu máli, þegar rætt er um meðferð þessara eigna, hvort ríkissjóður fær nokkrum hundruðum króna meira eða minna í tekjur af þeim. Enn síður skiftir máli, hvort ríkissjóður greiðir 6% í umboðslaun, eins og hreppstjórum er ætlað, eða 10%, eins og hjer er lagt til, ef fastur umboðsmaður verður skipaður. Mestu skiftir, að hyggilega og samræmilega sje með eignirnar farið, og að sem flestir geti fengið land til ræktunar. Ræktaða landið út frá kauptúnum og verstöðvum mun reynast öruggasta tryggingin í harðæri og atvinnuþröng. Á öllum þessum stöðum, sem jeg hefi nefnt þarna við sjóinn, er landið takmarkað, og þó einkanlega á Nesi. Þar er búið að nema mest alt ræktanlegt land. Hinsvegar er mikið land eftir óyrkt á Kollaleiru og talsvert á Kapp-

eyri. Jeg hefi farið með Múlasýsluumboð síðastliðin 18 ár, og allur fjöldi lóðanna hefir verið leigður á þeim tíma. Jeg þykist því hafa fengið nokkra reynslu fyrir því, hvert stefnir um hagnýting lands út frá þorpum og þjettbýli. Þess verður t. d. þar að gæta, að landsnotin lendi ekki um of í höndum einstakra manna. Jeg þekki viðleitni manna til þess að ná umráðum yfir stórum spildum, þar sem land er takmarkað og fyrirsjáanleg verðhækkun þess; en því verður að aftra og landið verður fyrst og fremst að vera tiltækilegt til smábýla og stuðnings þeim, sem stopula atvinnu hafa. Jeg get ekki vænst þess, að þetta umboð verði í mínum höndum öllu lengur; en jeg tel að öllu haganlegra, eftir reynslu minni, að einn maður hafi eftirlit með þessum eignum, undir umsjón ráðherra, en að því verði sundrað.

Jeg vil vona, að ekki komi hjer fram jafnfáránleg mótbára gegn þessu máli eins og 1917, er það var borið fram í brtt. við undanþáguna um Arnarstapaumboð og felt. Þá var því hreyft, að með till. væri hlaðið undir hagsmuni mína eða einstakra manna. Öllum hlýtur þó að skiljast, að lög eins og hjer er stofnað til koma fyrst til framkvæmda þegar jeg er kominn undir græna torfu og geta því ekki snert mig hagsmunalega.

Þetta mál er svo einfalt, að það ætti ekki að þurfa að fara í nefnd. En ef hv. deild óskar heldur að því sje vísað til nefndar til betri athugunar, þá vil jeg leggja til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 63).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 47).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 618).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Ástæðan til þess, að þetta mál er ekki fyr á ferð heldur en nú, er sú, að skrifari deildarinnar gleymdi að koma málinu á framfæri til allshn. Hún vissi það því ekki fyr en fyrir 2—3 dögum, að málinu hefði verið vísað til hennar. Jeg upplýsi þetta sökum þess, að annars gæti hv. deild haldið, að nefndin hefði ætlað að leggjast á málið og svæfa það, en síðan verið rekin til þess að koma með það í þinglokin. En þannig er það ekki.

Í greinargerð frv. eru teknar mjög skýrt fram ástæður fyrir þessu frv., og get jeg að mestu vísað til þeirra. Nefndin áleit, að þarna stæði nokkuð sjerstaklega á og gæti verið í þessu tilfelli þörf að hafa sjerstakan umboðsmann, vegna þeirra ástæðna, sem í greinargerðinni getur. Það eru nefnilega verslanir á sumum jörðunum, og er þar náttúrlega talsverð útmæling lóða og þess háttar; á sumum er sjávarútvegur. Fleira er tekið fram í greinargerðinni, sem mælir með því að hafa sjerstakan umboðsmann; ef umboðið yrði lagt niður, mundi þetta lenda á fleiri mönnum en einum. — Annars sje jeg enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál að svo stöddu.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

17. Veð.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nóv. 1887, um veð (þmfrv., A. 301).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg get látið nægja fyrir hönd allshn. að vísa til hinnar ítarlegu greinargerðar, sem fylgir frv. þessu. Þó skal jeg bæta því við, að það er fyrir tilmæli beggja bankanna, að frv. er fram komið. Vænti jeg svo, að hv. deildarmenn geti fallist á, að nauðsynlegt sje að fá lög um þetta efni. Legg jeg svo til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 301).

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þetta frumvarp var flutt í hv. Nd. af allsherjarnefnd þeirrar háttv. deildar, eftir beiðni minni. — Ástæðan til þess var sú, að stjórnir bankanna hjer sneru sjer til stjórnarinnar og óskuðu, að frv. um þetta efni yrði lagt fyrir þingið. Töldu þær það mjög óþægilegt fyrir banka og sparisjóði að geta ekki tekið veð í afla skipa, en það hefir ekki hingað til verið hægt vegna löggjafarinnar.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að óska þess, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 462).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar, en búið er að samþykkja það í hv. Nd. Nefndin komst að sömu niðurstöðu og meiri hluti hv. Nd. um nauðsynina á því að leiða í lög þessi ákvæði. Í greinargerð frv. upphaflega er svo að orði komist, að augljóst er, að flm. frv. gengur það til, að veðið sje sett til tryggingar láni, sem fari til þess að afla þess sjerstaka verðmætis, sem lánið er lánað til, en þetta er ekki skýrt tekið fram í frv. eins og það kom hingað. Þess vegna hefir nefndin leyft sjer að koma fram með brtt. á þskj. 462, sem gerir þetta, að því er nefndinni virðist, nægilega skýrt, sem sje, að veðið nái til þess afla, sem aflað er á því útgerðartímabili, sem lánið er veitt til. Jeg þykist ekki þurfa að orðlengja þetta frekar. Verði brtt. samþykt, er óhætt að líta svo á, að frv. geti náð tilgangi sínum. Nefndin leggur sem sagt til, að frv. verði samþykt.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins skjóta því til hv. nefndar, hvort hún geti ekki eins notað orðið vertíð eins og útgerðartímabil.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Nefndinni fanst nægilega skýrt til orða tekið,

að nota orðið útgerðartímabil, enda sje jeg ekki, að orðið vertíð sje neitt betra. Vertíð er ákveðið tímabil, en með breyttum veiðiaðferðum getur útgerðartíminn lengst eða styst. Þegar talað er um útgerðartímabil, verður það ekki misskilið.

ATKVGR.
Brtt. 462,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 462,b samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 488).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 488).

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg stend upp aðeins til að lýsa yfir því fyrir hönd allshn., að hún felst á þær breytingar, sem Ed. hefir gert á frv.; þær eru smávægilegar, en nefndin telur þær til bóta.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 519).

---

18. Friðun hreindýra.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um friðun hreindýra (þmfrv., A. 144).

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Það þarf ekki langrar framsögu við fyrir svo litlu frv. — Eftir því sem jeg hefi komist næst, voru hreindýr fyrst friðuð árið 1882, og þá árstímann frá 1. jan. til 1. ág. Þessi friðun stóð svo um 20 ár. En næst voru þau alfriðuð frá 1. jan. 1902 um næstu 10 ár, eða til 1. jan. 1912. Þessi friðunarlög eru síðan framlengd á þingi 1911 um 6 ár, eða til 1. jan. 1918. Enn eru þau framlengd á þingi 1917 til ársloka 1925. Síðan hafa hreindýr ekki verið friðuð.

Með friðunarlögunum frá 1901 er fyrst numin úr gildi tilskipun frá 1849, er segir svo: „Hreini má veiða og elta hvar sem er.“ Stefnubreyting verður um þetta efni 1882, er nauðsyn þykir á að friða hreindýr nokkurn hluta ársins. Og situr við það fram yfir aldamót, að friðunartíminn er takmarkaður. En það reynist ekki nægilegt, heldur líst ráðlegt til að sporna við eyðing þeirra að alfriða þau um víst árabil. Eins og jeg hefi þegar tekið fram,

hefir jafnan þótt nauðsyn á að framlengja friðunarlögin, er tíminn var útrunninn. En af einhverjum orsökum fórst fyrir, að svo yrði enn gert á Alþingi 1925, en jeg geri ekki ráð fyrir, að það hafi stafað af því, að ekki þætti nauðsyn á að friða þessi dýr lengur. Annað mál er það, hvort óhjákvæmilegt sje að friða þau alt árið. Jeg skal játa, að jeg er ekki nægilega kunnugur á þeim slóðum, er hreindýr hafast við, til að geta sagt um, hvað líður fjölgun þeirra. En af afspurn er mjer óhætt að segja það, að fjölgunin fari mjög hægt. Og fljótt mundu þau líða undir lok, ef veidd væru alt árið um kring. En jeg er sannfærður um, að þess óskar enginn. Þess vegna er það, að jeg flyt þetta frv. ásamt hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), til þess að hv. deild gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um málið.

Jeg tel rjett, ef hv. deild vill sinna þessu máli, að frv. gangi til nefndar, því að rjett er að athuga, hvort ófriða megi nokkurn hluta ársins eða ekki. Á það atriði legg jeg ekkert kapp.

Þá er og álitamál um sektir, hversu háar þær skuli vera. Í lögunum frá 1901 er sektin fyrir hvert dýr ákveðin 50 kr. Það virtist okkur of lágt og hækkuðum hana því upp í 100 kr.

Þá vil jeg geta þess í sambandi við 2. gr. frv., að skýrara þætti ef til vill, að á eftir orðunum „fyrir hvert dýr“ komi: „sem drepið er.“

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 226).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta er svo lítið frv. og hlýtur að liggja svo ljóst fyrir, að jeg ætla ekki að fjölyrða um það frekar en gert er í greinargerð þess og nál. allshn. á þskj. 226.

Jeg legg til fyrir hönd allshn., að frv. verði samþykt óbreytt.

Jónas Kristjánsson: Áður en frv. fer til 3. umr. vildi jeg minnast fáum orðum á þetta mál, til þess að skýra, hvernig það horfir við.

Það er kunnugt, að á Austurlandi, uppi við Vatnajökul og víðar um nálægar afrjettir, hefst við talsvert hreindýra og hafa lifað þar á 2. hundrað ára. Þau eru sjaldan skotin, enda er viðkoman ekki meiri en svo, að sjeu þau látin afskiftalaus, fjölgar þeim hvorki nje fækkar, vegna þess, að í hörðum vetrum stráfalla þau og í jarðleysum koma þau oft niður í dalina. Verða þau þá stundum fyrir ýmsum áföllum, með því að þau eru að náttúrufari stygg, en þá oft svo máttfarin vegna megurðar, þegar hart er, að þau drepa sig á svellum eða hrapa í giljum, og hafa oft fundist svo á sig komin. Síðan 1901 hafa þau verið friðuð og því lítið sem ekkert skotin; en jeg hugsa, að standist á endum viðkoma og vanhöld og þeim hafi lítið eða ekkert fjölgað síðan. Þau eru friðuð aðeins til að lifa og drepast eftir því, sem náttúran vill. Er lítið gagn að því og miðar ekki að öðru en skemma afrjettarlöndin til dálítils skaða fyrir sumarhaga sauðfjár.

Mjer finst því frv. ekki fara í rjetta

átt. Að skaðlausu mætti skjóta á sumrin eitthvað af karldýrunum, eða hreinunum. Það er vitanlegt, og reynsla þeirra, er til þekkja, að þeir drepa oft hver annan um æxlunartímann, í áflogum, fyrri part vetrar, enda eru þeir fleiri en kýrnar, því að kvendýrin eru veikbygðari og falla því fyr.

Að þessu athuguðu virðist mjer rjett að hafa dýravörð fyrir austan til þess að hafa eftirlit með því, að þau sjeu ekki drepin á vorin, þegar þau eru mögur. Því að það er ekki nóg að banna, nema strangar gætur sjeu á, að því sje hlýtt.

Í öðru lagi mætti leyfa vissan hluta árs, eftir settum reglum, að skjóta eitthvað af karldýrum, eftir því sem dýravörður áliti óhætt fyrir fjölgun dýranna. Yrði þá að gera þeim, er skjóta vildu, að skyldu að taka dýravörð með sjer á veiðar og kosta ferð hans. Slíkar veiðar yrðu sjaldan stundaðar í ábataskyni, heldur sem „sport" og til gamans.

Það þyrfti að koma fram frv., annaðhvort frá einstökum manni eða stjórninni, um skipulag í þessum efnum. Þetta skipulagsleysi, að láta hreindýrin vera friðuð til þess að falla, engum að gagni, er til vansæmdar, í stað þess að hafa einhver not þeirra og fylgjast með, hvað líður fjölgun þeirra. Það mundi verða verkefni dýravarðar. Jeg hefi ekki komið með neitt frv. um þetta, heldur aðeins með þessar upplýsingar.

Jeg er málinu nokkuð kunnugur, því að jeg var læknir eystra í 10 ár, 1901—'11. Leituðu þá hreindýrin stundum niður til dala, er hart var inni á öræfum á vorin, og reyndi jeg þá að afstýra því og vara við því, að þau væru áreitt. Dýravörður ætti að koma í veg fyrir, að þau sjeu drepin á vorin. Það er ómannúðlegt að svifta dýrin lífi þá. Ekki nóg, að það sje bannað; það þarf líka sjerstakt eftirlit með því, að lögunum sje hlýtt. Annars legg jeg helst til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skildi ekkert í háttv. þm. (JKr), að reyna að fara að mæla á móti frv. Gat jeg þó ekki fengið annað út úr ræðu hans en rjett væri að friða hreindýrin, og hann tók það fram, að væri ekkert átt við þau, fækkaði þeim hvorki nje fjölgaði. Ef svo væri, mundi þeim fljótt verða útrýmt, ef leyft væri að skjóta þau. En þetta er dálítið annað en jeg hefi lesið. — Hreindýr eru fyrst flutt til landsins að jeg ætla 1776, þó aðeins fá, 20—30 dýr. En á fáum árum fjölgaði þeim svo, að menn höfðu sjeð stórhópa, 200—400 dýr. Það, sem jeg býst við, að hafi vakað fyrir hv. 6. landsk. (JKr), er því fremur það, hve friðunarlögin eru illa haldin heldur en það, að hreindýrin gerfalli í hörðum vetrum.

Alt, sem jeg veit og hefi sjeð og heyrt um hreindýr, virðist mjer benda í þá átt, að afrjettir okkar sjeu ekki illa fallnir til hreindýraræktar og að sjaldan komi fyrir, að þau falli. Hitt kann að vera satt, að menn liggi í þeim jafnt fyrir friðunarlögin. Ef aldrei koma fram kærur, bendir það annað tveggja á löghlýðni manna austur þar eða sameiginlega yfirhylming. Þótt vörður væri settur, býst jeg við, að líkt gæti farið, að hann sæi í

gegnum fingur við þá, er brotlegir gerðust.

Einkennilegt er í þessu sambandi að minnast þess, að nú, er farið er að tala um að rækta og temja hreindýr og umsóknir þess efnis liggja fyrir þinginu, þá skuli aðrir vilja eyða þeim dýrum, sem nú eru hjer til. Finst mjer því ráðlegra að vernda þann stofn, sem til er og talinn er góður. Gæti orðið að því styrkur síðar, ef einhverjir rjeðust í að taka þau til ræktunar.

Jeg býst ekki við og skil ekki, að komi til mála, að hv. deild sjái ástæðu til þess að fara að afnema friðunarlögin í hagsmunaskyni fyrir hreindýrin. Svo var helst að skilja á hv. 6. landsk., að dýravörður kæmi í stað friðunarlaga. En ætli ekki mætti takast sæmilega að ganga á snið við slíkan vörð og fara í kringum leyfi hans, ef ekki væri um friðunarlög að ræða?

Jónas Kristjánsson: Jeg held, að hv. frsm. (GÓ) hafi misskilið það, sem jeg sagði. Jeg tók það fram um viðkomuna, að í hörðum vetrum fjellu hreindýrin hrönnum saman. T. d. kringum 1880 stráfjellu þau, svo að örfá voru eftir, en höfðu verið mörg áður. Það lítið sem skotið er, getur ekki ráðið neitt verulega um fækkunina.

Það, sem fyrir mjer vakti, var það, að benda á, hvort ekki mætti koma þessu betur fyrir, koma á það betra skipulagi. Væri vörður settur, mundu friðunarlögin betur haldin. Hinsvegar engin þörf á að alfriða, því að dýrunum gæti alls ekki fækkað til muna, þótt eitthvað yrði skotið af karldýrum; viðkoman yrði lík fyrir því.

Viðvíkjandi þessu um hreindýraræktina vil jeg geta þess, að þau geta alls ekki lifað á graslendi einu saman; þau verða að hafa fjallagrös og mosa. Ef þau eiga að nærast á grasi eingöngu, drepast þau. Þetta hafa menn reynt fyrir austan. Þeir hafa náð hreinkálfum lifandi, alið þá og tamið, en þeir hafa drepist áður en þeir náðu fullum þroska. Innflutningur hreindýra byggist því á því, að farið sje með þau upp undir jökla, þar sem þau hafa þær fóðurtegundir, er þau þurfa til lífsviðurhalds sjer.

Þetta er ekki svo að skilja, að mjer sje í nöp við frv. og friðunina, heldur vildi jeg aðeins reyna að fá betra skipulagi komið á þetta mál.

Einar Árnason: Jeg get þakkað hv. allshn. fyrir meðferð hennar á þessu frv. Jeg sje á nál. hennar, að hún hefir fallist á, að rjett sje að friða hreindýr enn á ný, í von um, að þessi dýr geti enn um stund lifað og fjölgað. Þótt ekki hafi blásið byrlega fyrir þessum litla hreindýraflokki að fjölga undanfarið, er ekki útilokað, að betur takist í framtíðinni, og gæti komið til mála að hann yrði landsmönnum að einhverju gagni.

Jeg get fallist á það hjá háttv. 6. landsk. (JKr), að dýrunum geti fjölgað, þótt drepið sje eitthvað af karldýrunum. Má vera, að það hafi ekki mikil áhrif. En jeg held, að það verði örðugt í framkvæmdinni að gefa leyfi til að skjóta einstök dýr. Það er hætt við, að farið verði út yfir hin settu takmörk.

Hv. þm. (JKr) mintist á, að nauðsynlegt væri að setja vörð, til þess að hafa eftirlit með því, að ekki yrði

drepið annað en karldýr. En jeg er hræddur um, að þeir yrðu að vera æðimargir eftirlitsmennirnir, því að dýrin eru dreifð yfir mikið svæði. Eftir því, sem kunnugir segja, eru þau dreifð um Austurlandsöræfin, frá Jökuldal suður að Álftafirði. Auk þess eru þau eitthvað vestan Jökulsár á Mývatnsöræfum, og eru jafnvel dæmi þess, að þau hafi komið niður í Fnjóskadal. Þá er og talið, að þau sjeu á Reykjanesskaga. Nú mætti búast við, ef leyft væri að skjóta hreindýr, að ýmsir mundu reka það sem sport. Eftirlitið yrði þá víst í því fólgið að fylgja þessum mönnum á veiðar og benda þeim á, hvaða dýr þeir mættu skjóta. Slíkur eftirlitsmaður yrði að fá talsverða borgun, og þó að veiðimennirnir yrðu að greiða honum dagkaup, mundi það ekki nægja. Hann yrði að fá föst laun úr ríkissjóði. Jeg býst líka við, að menn yrðu fremur ófúsir á að taka að sjer þann starfa að fylgja þessum veiðimönnum um fjöll og firnindi, eftir því sem þeim þóknaðist. — Jeg held, að þetta yrði nokkuð örðugt í framkvæmd og við ekki við því búnir að koma slíku skipulagi á. Mjer sýnist því engin ástæða til að hika við að friða hreindýrin eins og þetta frv. fer fram á. Mætti þá athuga síðar, hvort ráðlegt þætti að rýmka eitthvað til í þessu efni.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv 6. landsk. (JKr) gerði mikið úr því, hve harðindi yrðu mörgum hreindýrum að bana, en yfirleitt væru þau lítið skotin. Jeg held, að hann hafi þar rangt fyrir sjer, því að það mun þurfa geysimikil harðindi til þess að fella hreindýr. Annars var það hvað upp á móti öðru, sem þessi hv. þm. hjelt fram, því að hann var líka að tala um, að hreindýrin fyltu afrjetti. **(JKr:** Jeg sagði, að þau gætu fylt afrjetti). Ekki ef þeim fjölgar ekki neitt, þótt þau sjeu friðuð. Jæja, en jeg skil ekki, að neinum geti verið í nöp við þessi dýr, þó fyrir gæti komið, að þau fyltu afrjetti, ef þau, eins og hv. 6. landsk. heldur fram, geta ekki lifað á grasi, en slíkt er vitanlega alveg gagnstætt því rjetta. Mjer finst sjálfsagt að byrja á því að friða hreindýrin, ef mönnum er ekki alveg sama, þó að þeim verði útrýmt. Það er nóg að setja einhverjar reglur um dráp þeirra, þegar einhver dýr eru til. Þó að þessi friðunarlög verði kannske ekki bókstaflega haldin, fremur en önnur friðunarlög, þá hljóta þau að verða til mikillar varnar. En þó að leyft væri að skjóta eitthvað af karldýrum, yrði víst örðugt að hafa eftirlit með því, að kvendýrunum væri hlíft, eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tók fram.

Jeg er hræddur um, að það sje eitthvað bogið við það hjá hv. 6. landsk., að hreindýrin geti ekki lifað á grasi. Jeg man ekki betur en að Helgi Valtýsson, sem er þessu manna kunnugastur hjer, segi í blaðagrein, að hreindýrin lifi eingöngu á grasi á sumrin, svo að það getur varla verið rjett, að þau drepist af því hjer. Enda skil jeg ekki, hvernig dýrin gætu lifað hjer, ef þau þyrftu nær því eingöngu að nærast á kræðu eða hreindýramosa. Kræða vex aðallega í lautum, og fer því grasa fyrst í kaf þegar snjóar.

Jónas Kristjánsson: Það þarf engum blöðum um það að fletta, því að það er staðreynd, að hreindýr falla

oft í harðindum, Auðvitað fjölgar þeim svo aftur á góðu árunum. Það þarf ekki að vera sjerlega hart í sveitum, þó að hreindýr falli. Það þarf ekki annað en snarpir áfreðar komi á heiðum uppi, þar sem þau hafast við. Þá eru þeim allar bjargir bannaðar þar. Að því er fóður þeirra snertir, þá sagði jeg, að þau gætu ekki lifað eingöngu af grasi. Mjer er kunnugt um, að á einum bæ í Jökuldal náðist hreinkálfur, og hann fór strax að þrífast illa, þegar kræða og fjallagrös, sem tekin voru að haustinu handa honum, voru þorrin. — Annars var jeg ekki að mæla á móti frv. sjerstaklega, heldur að benda á, hvað gera mætti. Viðvíkjandi því, að örðugt sje að þekkja tarfa frá kúm, þá er það áreiðanlega enginn vandi, þar sem tarfarnir hafa geysistór horn.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það gleður mig að heyra, að hv. 6. landsk. er ekki á móti frv., þó að jeg skildi hann svo. Hann mintist á áfreða á fjöllum. En hann kemur nú einmitt miklu sjaldnar þar en í sveitum, svo að jeg býst við, að hreindýrunum stafi sjaldan mikil hætta af honum. — Ekki hefi jeg haldið því fram, að örðugt væri að þekkja tarfa frá kúm. En hitt skilst mjer, að vel gæti komið fyrir, að skot lenti í einhverri kúnni, ef skotið væri í hreindýrahóp á annað borð.

ATKVGR.

Till. frá 6. landsk. þm. (JKr) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 8:3 atkv.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 144).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 144).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til landbn. feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, KlJ, MT, SvÓ, Trþ, þorlJ, þórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, JakM.

nei: JK, JÓl, JS, JörB, ÓTh, PO, Pþ, BL, HK, HjV, IngB, BSv.

Fjórir þm. (JAJ, MG, MJ, SigurjJ) fjarstaddir.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, 287, 289).

Halldór Stefánsson: Jeg flyt hjer brtt. á þskj. 289, ásamt háttv. 2. þm.

N.-M. (ÁJ), sem jeg ætla að víkja að nokkrum orðum. Til þess að geta gert grein fyrir þeim, tel jeg nauðsynlegt að gera stutt yfirlit yfir sögu hreindýranna hjer á landi.

Hreindýr eru flutt hingað til landsins 1776, 20—30 dýr, að því er talið er. Stóð svo um 70 ára skeið, að jeg veit ekki, hvort þau hafa verið friðuð eða ófriðuð. Um miðja 19. öld er farið að kvarta yfir usla á högum í bygð af völdum hreindýra, talið, að þau gangi í stórhópum niður í bygð og eyðileggi land það, er þau ganga á. Á þessum tíma hefir þeim því sýnilega fjölgað mikið. Afleiðing af þessu var svo tilskipun, sem gefin var út 1849, og er þar svo fyrir mælt, að hreini megi elta og veiða hvar sem er. Það kemur fram í nefndaráliti undir meðferð málsins, að það hafi verið margreynt að temja hreindýr, en aldrei hepnast, því að þau hafi annaðhvort veslast upp í fóðrinu eða hlaupið á fjöll þegar voraði. Frá 1849 til 1881 stóð svo í lögum, að hreina mætti elta og veiða hvar sem væri, en 1881 fara menn að hugsa um að friða þá, því að þá hefir þeim þótt vera farið að fækka svo mjög. Eru þeir þá friðaðir ásamt fuglum, og er friðunartíminn ákveðinn frá 1. janúar til 20. ágúst ár hvert, og gengu þessi lög í gildi 1882.

Jeg hefi litið yfir umræðurnar um þetta mál 1881, og er þar litlar upplýsingar hægt að fá. Aðalástæðan, sem færð er fram fyrir friðuninni, er sú, að það sje mjög farið að tíðkast, að Englendingar ferðist um landið og hafi það fyrir sport að skjóta hreina, jafnt kýr og kálfa sem tarfa, en það þykir óhæfa. Stendur þetta svo í 20 ár, frá 1882 til 1902, að dýrin eru friðuð meiri hluta ársins. En síðan hafa þau verið alfriðuð til nokkurra ára í senn. Þó hygg jeg, að þau hafi verið ófriðuð fyrri hluta ársins 1919, og nú síðan 1. janúar 1926 hafa þau verið ófriðuð, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frv. þessu.

Þegar frv. um friðun dýranna var borið fram 1902, var það ekki meiningin í fyrstu að alfriða þau, heldur snerist það svo í meðferð þingsins, en þá er jafnframt gert ráð fyrir að breyta til aftur, þegar dýrunum fjölgar. Á umr. um málið þá sjest, að þá hafa verið hreinar á Reykjanesfjallgarði, sem nú munu vera nær eða alveg horfnir.

Aðalástæðan fyrir friðuninni 1902 er ekki ásælni Englendinga, heldur er hún talin sú, að nú eru dýrin talin í mikilli hættu fyrir veiðilöngun mannanna, sjerstaklega eftir að menn höfðu fengið sjer rifla til þess að skjóta þau með; líka væri veiðiaðferðin ómannúðleg, þar sem skotið væri á hópa, og því drepnar jafnt kýr og kálfar sem karldýr, en önnur særðust og dræpust síðan.

Reynslan hefir nú orðið sú, að þrátt fyrir alfriðun í 24 ár, hefir dýrunum ekki fjölgað að líkum. Nú eru þau aðeins á öræfunum norður af Vatnajökli, austarlega, aðallega austan Jökulsár á Fjöllum, á milli hennar og Jökulsár á Dal, kringum Snæfell og enn sunnar, suður að Hofsjökli eystri og Þrándarjökli, og ef til vill eitthvað lítilsháttar norðan Jökulsár á Fjöllum, en þar eru þau þó ekki að staðaldri.

Þar sem nú jafnlöng alfriðun hefir ekki borið þann árangur, sem hefði mátt vænta, þá lítur út fyrir,

að eitthvað annað en mannshöndin eigi hjer hlut að máli, og er þá næst að geta þess til, að óblíða náttúrufarsins eigi sinn drjúga þátt í því, að dýrunum fjölgar ekki meira. Eins og kunnugt er, hafast þau mest við uppi við jökla og lifa að miklu leyti á mosum og skófum, en þrífast illa á grasi eingöngu. Þegar þar gerir jarðlaust fyrir snjódýpt eða áfrera, hrekjast þau út á heiðar og ofan í bygðir og verða að gera sjer að góðu graslendið eitt, samfara skorti á nægri beit, en þá megrast þau og falla. Auk þess verða þau fyrir ýmiskonar slysum á þessum hrakningi, fara í vötn, hrapa í fjöllum o. fl. Aðra orsök hefi jeg heyrt tilnefnda, sem ef til vill eigi sinn þátt í því, að dýrunum fjölgar ekki meira. Hún er sú, að tarfarnir sjeu tiltölulega of margir, fleiri en hagkvæmt sje fyrir viðhald og fjölgun stofnsins. Þeir eru harðgerðari í baráttunni fyrir lífinu en kvendýrin, svo að líklegt er, að þeim fjölgi meira. Jeg hefi heyrt nýlega, að eitt af þeim ráðum, sem notuð hafi verið í Noregi norðanverðum til þess að fjölga dýrum þessum, hafi verið það, að fækka törfunum hæfilega. Er talið hæfilegt, að nokkur kvendýr sjeu fyrir hvert karldýr, til þess að kvendýrin hafi meira næði, því eins og gefur að skilja, gera tarfarnir þeim mikið ónæði og hrakninga, þegar þeir eru miklu fleiri, og jafnvel, að kýr og kálfar hafi drepist af þeim ófriði og hrakningum, sem of mörg karldýr valda, bæði á brunntíðinni og á vorin.

Mjer sýnist nú, að svo framarlega sem mönnum er ant um, að hreindýrunum fjölgi, þá eigi að breyta til. Á því eru bygðar till. okkar flm. Leggjum við til að setja umsjónarmenn með veiðinni, svo marga, sem hæfilegt þykir. Þeir leyfðu ekki veiði nema þeir teldu það óhætt vegna stofnsins, og settu þau takmörk fyrir veiðinni, sem þeir teldu þurfa, svo sem veiðitíma — líklega aðeins fyrir eina veiðiför í senn — á hvaða svæði mætti veiða, hve mörg dýr mætti veiða og hve mörg af hvoru kyni fyrir sig; bannað væri að skjóta í hópa og á kálfa. Með þessu er líklegt, að næðist betri árangur en með alfriðun. Það fengist betri vitneskja um lifnaðarhætti, fjölgun og útbreiðslu dýranna. Meiri áhugi myndi vakna fyrir þrifum og fjölgun stofnsins, er menn sæju, að dýrin væru ekki eingöngu friðuð til þess að falla í hörðu árunum.

Brtt. þessar eru ekki bornar fram af því við þykjumst ekki hafa eins mikinn áhuga á viðhaldi og þrifum þessa dýrastofns eins og aðrir, heldur til þess að leita annara skynsamlegra leiða, sem líklegar eru til að bera betri árangur en 24 ára reynsla alfriðunarinnar hefir borið.

Skal jeg svo ekki fjölyrða mikið frekar um þetta mál nú. Við flm. þessara brtt. höfum lagt þær fram til athugunar fyrir hv. þm. og væntum þess, að þeir geti fallist á þær, því að það hefir aldrei verið meiningin að friða hreindýrin endalaust, heldur þvert á móti altaf verið í hugum manna að leyfa að veiða þau, þegar þau væru svo mörg, að það yrði að teljast óhætt. Líka er hugsanlegt, að þessi ráðstöfun gæti orðið til þess að dreifa dýrunum um öræfin norðan Vatnajökuls, en það gæti orðið betra

fyrir þau sjálf, t. d. í vetrarhörkum, því að með því móti hefðu þau stærra land til þess að bjargast á.

Sveinn Ólafsson: Það hlýtur að vaka fyrir þeim mönnum, sem vilja friða hreindýrin, að viðkomu þeirra sje hætta búin og að það sje æskilegt og ekki þýðingarlaust, að þeim fjölgi. Á þessu er bygt frv. á þskj. 144. Jeg er líka þeirrar skoðunar, að þörf sje á að friða dýrin; dreg jeg það meðal annars af því, að útbreiðsla þeirra um þann landshluta, sem jeg þekki best, hefir ekki aukist síðustu 40 árin, heldur virst að þverra. Hinsvegar veit jeg vel, að engum er kunnugt um fjölda hreindýra í landinu, enginn maður hefir rannsakað það, hve stór stofninn er nú orðinn. Einnig held jeg, að það sje ágiskun ein, að þau hafi á síðari árum, svo að nokkru nemi, fallið vegna vetrarríkis. Jeg hefi spurt þá menn, sem kunnugastir eru á svo nefndum Vestur-Öræfum, norður af Vatnajökli og á Öxarheiði, hvort þeir hafi í fjallleitum á haustin hitt fyrir sjer mikið af beinagrindum hreindýra, og hafa þeir neitað því, að svo væri. Þeir hafa sagt, að það væri mjög sjaldgæft að hitta slíkar menjar fallinna dýra. En hefðu dýrin fallið í stórum stíl vegna vetrarríkis, þá hefði það hlotið að koma þannig í ljós.

Nú hefði mjer þótt eðlilegast, um leið og friðun er tekin upp af nýju, að gerð hefði verið rannsókn um fjölda og útbreiðslu hreindýra og athugað, hve stór stofninn kann að vera, að minsta kosti þó áður en farið er að veita leyfi til hreindýraveiða í stórum stíl, eins og nú hefir verið farið fram á, og það liggur ákaflega nærri, að slík rannsókn verði látin fram fara, sjerstaklega nú, þegar menn eru jafnvel farnir að hugsa um að flytja inn dýr frá Noregi til þess að stunda hreindýrarækt. Jeg býst sem sagt við, ef úr framkvæmdum ætti að verða um hreindýrarækt, að þá lægi fult eins nærri að handsama innlend dýr og reyna þá að ala þau upp eins og flytja inn útlend dýr.

Jeg ber fram brtt. á þskj. 287 við þetta frv., brtt., sem í raun og veru ganga í sömu átt og frv.; þær breyta ekki efni frv. í neinu verulegu, en jeg vildi með þeim koma að fyllri ákvæðum um það, sem í frv. stendur, og jeg hefi tekið upp í þessar brtt. þá einu undanþágu frá fullkominni friðun, að dýrin megi handsama til eldis, en lengra virðist mjer ekki rjett að fara að svo komnu. Jeg lít hinsvegar á brtt., sem fyrir liggja á þskj. 289 — sem reyndar er nýtt frv. — eins og frv. til ófriðunarlaga á hreindýrum; í öllu falli get jeg ekki felt mig við, að fyrirsögn frv. eigi að vera eins og þar stendur: Frumvarp til laga um friðun hreindýra, — því að það er að meira leyti fyrirsögn um það, hvernig veiðum hreindýra skuli hagað. Nú kunna brtt. þær að eiga við, þegar stundir líða og sjeð er, að stofninn sje stór orðinn, en eins og nú er ástatt held jeg, að þær eigi ekki við. Auk þess virðist mjer vanta í þetta frv. skýr fyrirmæli um það, hvernig eftirlitið með dýraveiðunum skuli framkvæmt og hver skuli bera kostnað þann, sem af því hlýtur að leiða, og ennfremur eru ekki nándar nærri

nógu nákvæmar fyrirsagnir um varnir gegn misnotkun veiðileyfis. Jeg held t. d., að niðurlag 5. gr., um bann gegn því að skjóta í dýrahópa, sje þýðingarlítið. Því verður ekki með einfaldri fyrirsögn aftrað, að þeir, sem fá veiðileyfi, skjóti í hreindýrahópa þar sem veitt verður langt frá mannabygðum. Yfir höfuð að tala verð jeg að vera mótfallinn veiðileyfi á hreindýrum fyrst um sinn, meðan ekki er fullkunnugt um, hve mikið af þeim kann að vera til, og ekki er vitað, hvort stofninn þolir slíka veiði. Jeg held því, að það væri í raun og veru hyggilegast með þetta frv. farið, ef málið væri tekið út af dagskrá og því vísað til nefndar, því að jeg finn glögglega, að það er lítt undirbúið, og sennilega mætti í nefnd leita ýmsra nýrra upplýsinga og ganga tryggilegar frá því.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta. Jeg hefi ekki gefið ítarlegar skýringar á brtt. mínum: mjer finst þær skýra sig sjálfar. Þó vil jeg taka fram um brtt. mína við 3. gr. frv., þar sem stendur, að helmingur sektar skuli renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, að mjer virðist það ákvæði ekki geta staðist, því að brotin myndu oftast nær framin uppi á öræfum, utan við landamerki allra sveita. Þess vegna legg jeg til að breyta greininni svo, að hálfar sektir falli til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans. Með því hverfur allur vafi um greiðslu sektanna, en eftir fyrirmælum frv. myndi það orka tvímælis, hvert ætti að greiða þær.

Jeg vil þá að lokum endurtaka þau tilmæli, að málið verði sent til nefndar og athugað þar betur. Tillaga mín er, að því verði vísað til allshn., ef hv. deild vill fallast á að hafa þá meðferð á málinu, er jeg hefi bent á.

Klemens Jónsson: Það er einmitt þetta, sem jeg ætlaði að minnast á, að það er nauðsynlegt að vísa málinu til nefndar. Það eru nú komnar fram svo margvíslegar brtt. við þetta frv., að það veitir ekki af, að það sje athugað í nefnd, og af því að jeg geri ráð fyrir, að það verði gert, þá vil jeg beina því til hv. nefndar að taka það til ítarlegrar athugunar, og þá yfirleitt, hvort nauðsynlegt sje að friða hreindýrin. Jeg held ekki, að hv. þm. sje það fullljóst, hvort það sje nokkur þörf á því að friða þau eða ekki, og á jeg þá sjerstaklega við, ef svo skyldi reynast, að hjer væri mjög mikið af hreindýrum. Eins og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, var það tilætlun stjórnarinnar árið 1776, þegar hreindýr voru flutt hingað til landsins, að þau yrðu notuð eins og í norðanverðum Noregi og á Lappmörk, en það mistókst alveg; þau ljetu ekki temja sig og fóru til fjalla þegar voraði. Þegar tilskipunin um veiði frá 1849 var til meðferðar á Alþingi 1847, var sú tillaga borin fram, að það skyldi mega elta og drepa hreindýr, þótt það væri í annars manns landi, sem þó var andstætt lögum, nema um skaðlegar skepnur væri að ræða. — Ástæðan til þessa ákvæðis var sú, að hreindýrin, sem þá aðallega hjeldu sig inni á öræfum í Þingeyjarsýslum og Múlasýslum, þóttu gera oft mikinn usla, er þau komu niður í bygð, einkum á vorin, og það kvað svo ramt að því, hve mikinn usla þessi dýr

gerðu, að það reis upp hver þm. af öðrum og kvartaði yfir þeim, einkum af Austurlandi, og lýstu því, að þau gerðu mjög mikinn skaða. T. d. segir einn þm. úr Norður-Múlasýslu: „Jeg álít, að þau sjeu ekki ranglega sett í flokk óargadýra, vegna þess að þau gera svo mikinn skaða". Og sama kveður við hjá Jóni Sigurðssyni; hann segir, að það sje engin ástæða til að arta meira upp á þessa dýrategund hjer á landi, úr því að ekki lánaðist það, sem upphaflega var til ætlast, að rækta þau. Þar sem þessum vitru mönnum hefir alls ekki þótt nauðsynlegt að friða þau, heldur miklu fremur hið gagnstæða, virðist ekki óeðlilegt að taka til athugunar í nefnd, hvort nauðsynlegt sje að friða hreindýr eða ekki, og þá að reyna að afla upplýsinga um það, hve mikið sje til af hreindýrum hjer á landi. Jeg myndi ekki kunna við að greiða atkvæði með því, að þau væru upprætt, en hitt vildi jeg láta athuga, hvort ekki mætti nægja að gera einhverjar aðrar ráðstafanir, og vil jeg því biðja hv. allshn., sem málinu verður sennilega vísað til, að taka þetta til athugunar.

Halldór Stefánsson: Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir gert nokkrar athugasemdir um málið alment og um brtt. okkar á þskj. 289, og ætla jeg að víkja örstutt að þeim athugasemdum.

Háttv. þm. (SvÓ) byrjaði á því að segja, að hreindýrum myndi ekki hafa fjölgað næstliðin 40 ár. Þetta er, held jeg, ekki rjett, því að jeg veit, að fyrir rúmum 40 árum, eða þegar þau voru friðuð 1882, þá var kvartað um, að þau væru mjög fá orðin, og efalaust er það, þó að menn viti ekki, hve mörg þau eru orðin, að þau eru miklu fleiri nú en þau hafa verið þá.

Þá áleit hv. þm. (SvÓ), að það væri ágiskun ein hjá mönnum, að hreindýrum myndi hætt við að falla í hörðum vetrum, eða að þau myndu að minsta kosti ekki hafa fallið um hríð undanfarið, og færði það til, að menn, sem háttv. þm. (SvÓ) hefði spurt, segðu, að ekki fyndust beinagrindur inni á afrjettum. Jeg held, að þetta sje engin sönnun, því að þau falla einmitt ekki þar. Þau leita burt af þeim stöðvum áður en þau falla. Jeg man, að það kom fyrir fleirum sinnum í hörðum vetrum, að vart varð við hreindýrahópa, sem komu ofan úr afrjettum niður í bygð þar, sem jeg bjó á Fljótsdalshjeraði, og einu sinni man jeg til þess, að þau hröktust alla leið út af heiðarenda á milli Fljótsdals og Jökuldals og út í bygð á Úthjeraði, og í það sama sinn varð vart við þau á fjöllunum austan við Hjeraðið og jafnvel alla leið út við sjó þar á fjörðunum, og eitt sinn var hreindýr á slíkum hrakningum tekið á sundi á Seyðisfirði, og heyrt hefi jeg, að hreindýr hafi þá farist í Lagarfljóti og sömuleiðis hrapað í fjöllum þar eystra, og þess vegna er það ekkert að marka, þótt beinagrindur finnist ekki inni á Öræfum; þau falla aldrei þar, því að þau leita þaðan áður en þau falla.

Þá hefir hv. þm. (SvÓ) borið fram brtt. við frv., þar sem leyft er að handsama dýr til að temja þau. Jeg hefi í sjálfu sjer ekki svo mikið á

móti þeirri hugsun, sem liggur á bak við þetta. Það væri eðlilegt, að það mætti handsama dýr til þess að temja þau, en hinsvegar má geta þess, að það leyfi gæti verið misnotað, og í öðru lagi hefir verið lýst þeirri reynslu, sem menn hafa um það, hve erfitt það sje að temja hreindýr. Jeg sagði fyr, að reynsla manna væri sú, að þau vanþrífast mjög í fóðri, og ef þau lifa til vors, þá sleppa þau jafnan á fjöll aftur, og þessi ummæli mín styrkjast nokkuð við það, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) hefir sagt síðan.

Þá sagði hv. þm. (SvÓ) um þessar tillögur okkar, að það væri rjettara að kalla þar ófriðunartillögur. Já, það er nú að vísu svo, að það er ekki alfriðun, sem við leggjum til, en við leggjum þó til, að þau sjeu alfriðuð meiri hluta ársins, og á þeim tíma, sem leyft er að veiða þau, er það mjög takmarkað og undir alveg sjerstöku eftirliti. Hv. þm. (SvÓ) taldi það ekki ljóst, hvernig ætti að haga því eftirliti, og heldur ekki, hver ætti að kosta það, en það stendur hjer í 4. gr. í tillögum okkar:

„Umsjónarmaður getur sett sjerstakan mann til eftirlits með hverri veiðiför, að reglum veiðileyfis sje hlýtt. Leyfishafi kostar för hans, enda er honum skylt að aðstoða við veiðina."

Það mundi nú oft verða svo, að þeir, sem vildu fá veiðileyfi, væru ókunnugir á þessum öræfum og þyrftu einmitt að fá leiðsögumann, og þá mætti mjög vel sameina það, að leiðsögumaðurinn væri eftirlitsmaður, og það er þá ekkert nema tortrygni á þeim eftirlitsmanni, sem settur væri, að segja, að það væri engin trygging fyrir því, að veiðileyfið yrði ekki brotið, og jeg tel enga ástæðu til slíkrar tortryggni.

Þá gat hv. þm. (SvÓ) þess líka, að það, sem stæði í niðurlagi 5. gr., að bannað sje að skjóta í hreindýrahópa, myndi verða mjög brotið, en jeg vil vísa til þess, að það yrði einnig undir eftirliti þess manns, sem settur yrði eftirlitsmaður. Mjer finst það þess vegna algerlega ófugmæli að kalla þessar brtt. okkar ófriðunarlög, þótt ekki sje gert ráð fyrir fullkominni friðun.

Eins og upplýst hefir verið við umr. síðan jeg talaði, var það upphaflega tilgangurinn með því að flytja inn hreindýr, að þau yrðu tamin, en þegar það reyndist ekki hægt, þá getur það varla verið meiningin að alfriða þau fyrir mannshöndinni fyrir öllum nytjum, sem hægt er að hafa af að veiða þau, aðeins til þess að þau falli fyrir hönd óblíðrar náttúru.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi í raun og veru engu að svara, og tel það líka tilgangsminna að svara, þar sem jeg vonast eftir, að málið fari í nefnd. En jeg vildi aðeins, út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði um það, hvort hreindýrum hefði fjölgað, taka það fram, að jeg hefi ekkert fullyrt um, að þeim hafi ekki fjölgað á síðustu 40 árum; aðeins sagði jeg, að eftir öllum líkum að dæma hefði þeim ekki fjölgað, og ræð jeg það af því, að fyrir 40 árum var það miklu algengara en nú, að dýrin sáust út við sjó eða nærri bygðum, eins og það líka var miklu algengara að sjá flutt til

kaupstaðanna dýrahorn til sölu heldur en nú er, því að nú má það heita sjaldgæft. Annars er það rjett hjá hv. 1. þm. N.-M., að ef dýrin falla að nokkru ráði, þá falla þau ekki eingöngu á öræfunum, heldur einnig nær sjónum, eða þar sem þau síðast leita fyrir sjer, en það hefir örsjaldan í mínu minni komið fyrir, að slíkar menjar hafi fundist á fjöllum milli sveita eða nærri bygðum. En þetta bendir til þess, að dýrunum hafi ekki fjölgað mikið á seinni tímum.

Jeg skal að öðru leyti taka það fram, að það eru í raun og veru alveg ólíkar stefnur, sem vaka fyrir mjer og hv. 1. þm. N.-M. Jeg vil, að dýrin sjeu friðuð að fullu meðan ekki er fengin nein vissa um fjölgun þeirra og útbreiðslu eða hvort kynstofninn má við veiði; hinsvegar stefna till. hv. þm. N.-M. að útrýmingu dýranna, ef veiðileyfi eru ógætilega notuð eða eftirlit með veiðunum verður sljótt.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 144, 287, 289, n. 410 og 419).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að tala mikið um till. meiri hl. í þessu máli. Eins og sjá má á nál. á þskj. 410, leggjum við til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þá ætla jeg heldur ekki að fjölyrða um till. minni hl. fyr en hann hefir gert grein fyrir skoðun sinni á málinu. Jeg held, að ef menn vilja tryggja það, að hreindýrin verði ekki upprætt, þá sje nauðsynlegt að alfriða þau, og ætti ekki að koma til mála að veita heimild til þess að drepa þau. Þeim hefir fjölgað seint síðan þau voru friðuð, og jeg vil benda á það, að þau munu alveg verða upprætt, ef farið verður að leyfa að veiða þau. — Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Málið er afar einfalt, og er því engin ástæða til þess að vera að karpa um það.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð. Eins og stendur í nál., hefir minni hl. fallist á till. þær, sem bornar hafa verið fram á þskj. 289. Jeg þarf ekki að tala um þessar brtt., því að gerð var grein fyrir þeim við fyrri hl. þessarar umr. Það, sem ber á milli nefndarhlutanna, er ekki það, að báðir vilji ekki friða hreindýrin eða gefa þeim færi á að aukast, en ágreiningurinn er um það, hvaða aðferð sje heppilegust. Það hefir sýnt sig, að friðun hreindýra hjer á landi hefir ekki komið að tilætluðum notum, því að í hörðum árum hafa þau mikið fallið. Með tillögu þeirri, er minni hl. hefir fallist á, er gert ráð fyrir eftirliti með hreindýrastofninum og að menn geti fengið leyfi til þess að veiða dýrin gegn endurgjaldi. Við höfum gert ofurlitlar brtt. við till. á þskj. 289, sem gengur í þá átt að lengja friðunartímann, til þess að ekki verði hætta á því, að dýrin verði fyrir ónæði um tímgunartímann. Auk þess er rjett að ákveða, að eftirlitsmennirnir hafi 100 króna þóknun á ári. En þar sem hjer verður aðeins um fáa menn að ræða, þá verða þetta ekki tilfinnanleg útlát

fyrir ríkissjóð. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, því að það er ofureinfalt.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðist, eftir því, sem fram hefir komið hjá háttv. frsm. nefndarhlutanna (JörB og ÁJ), að ekki beri eins lítið á milli og látið er í veðri vaka. Jeg verð að líta svo á, að mikið beri einmitt á milli, þar sem annar nefndarhlutinn vill fullkomna friðun, en hinn aftur á móti vill ófriða hreindýrin, eða leyfa að veiða þau. Jeg veit ekki, á hvern hátt ágreiningurinn ætti að vera róttækari. Jeg get þó hvorugum nefndarhlutanna óskorað fylgt. Að vísu er jeg sammála hv. meiri hl., sem vill alfriða, en jeg lít þó svo á, að það eigi að gera þá undantekningu frá alfriðun, sem jeg hefi lagt til með brtt. á þskj. 287, að handsama megi dýr til eldis. Meiri hl. virðist standa mjög nærri brtt. minni um þetta, en hann óttast, að af þessari undanþágu geti stafað hætta á því, að frv. dagi uppi. Jeg get ekki sjeð þá hættu. Þó að brtt. yrði samþykt, þá væri ekki nema augnabliksverk að taka málið á dagskrá í Ed., enda er jeg viss um, að hv. Ed. muni ekki vera á móti brtt. minni. Hún spillir alls ekki þeim tilgangi, sem Ed. hafði með að samþykkja þetta frv.

Það er eitt í áliti meiri hl., sem mjer kom á óvart og jeg hygg, að stafa muni af misskilningi. Hann er að vara við tjóni, sem leitt geti af eldi hreindýra. Hverskonar tjón ætti svo sem að geta leitt af eldi dýranna? Jeg get ekki skilið, að það valdi nokkrum skaða, þótt tilraun verði gerð um eldi nokkurra dýra. Og úr því að farið er að tala um að veita fje úr ríkissjóði til þess að hefja hreindýrarækt, eins og hjer hefir áður verið gert, þá ætti eins að mega gera tilraunina í þessum efnum með innlendum dýrum. Það er óskiljanlegt, að nokkurt tjón geti af því leitt, þótt handsömuð væru fáein dýr til tilrauna. En vitanlega er alveg óvíst, hvort nokkur vill gera þessa tilraun.

Aðalástæðan, sem minni hl. hefir fært fyrir því, að leyfa beri að veiða hreindýrin, er sú, eftir því sem háttv. frsm. minni hl. (ÁJ) sagði, að dýrin mundu ella engum að liði verða. Hann sagði, að dýrin fjellu vanalega í hörðum vetrum og því væri friðunin eiginlega tilgangslaus. En þetta er ekki rjett. Dýrin falla yfirleitt sjaldan. Jeg er ekki viss um, að þau hafi nokkurn tíma fallið síðan 1867, að minsta kosti ekki að neinu ráði. En það mun rjett, að á þeim tveim víkingsvetrum, 1835—1836 og 1866—1867, hafi þau fallið nokkuð víða. Síðan hefir lítið borið á því, jafnvel lítið mjög frostavetrinn 1880—1881. Færi þá ekki hjá því, ef þau fjellu eins ört og háttv. frsm. minni hl. (ÁJ) vill vera láta, að vart yrði við bein þeirra í búfjárhögum eða nærri sjó, eins og áður var. Þau flýja einmitt á þær slóðir, þegar jarðbönn gerir og harðindi. Jeg held því, að þetta sje aðeins hugarburður um fall dýranna. Og víst geta dýrin að gagni orðið síðar, þótt þau verði friðuð um sinn.

Orsakirnar til þess að dýranna gætir nú minna en áður, veit jeg ekki. Þó gæti jeg ímyndað mjer, að víða væru nú upprættir hagar þeirra og lítið orðið um fjallagrös og kræðu á öræfunum og þess vegna væri tímgunin seinfærari. Einnig má vera, að

sú tilgáta sje rjett, sem hv. 1. þm. N.-M. benti á við fyrri hl. þessarar umr., að tarfarnir væru of margir og órói þeir kýrnar og drepi jafnvel kálfana. En auðvitað er þetta órannsakað mál og mjer ókunnugt. Jeg trúi því ekki, að vetrarríkið sje orsök þess, að hreindýrunum fjölgar ekki meira. Jeg verð því, samkvæmt því, sem jeg hefi sagt, að halda því fram, að breytinguna á þskj. 287 beri að samþykkja.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg benda á eitt atriði í brtt. minni hl., sem virðist mjög athugavert. Það felst í þeim, meðal annars, að hreindýrin eigi að vera ófriðuð frá því í lok októbermánaðar og til 1. janúar ár hvert, og auk þess nokkurn tíma að sumrinu, meðan veiði er leyfð. En mjer finst mjög illa eiga við að hafa dýrin ófriðuð einmitt meðan harðast er í ári og þegar þau helst þurfa að leita til bygða. Þau ættu að vera fullkomlega friðuð allan veturinn og laus við ofsóknir, þegar þau eiga við erfiðust kjör að búa. Hinsvegar vil jeg taka það fram alment um þetta fyrirkomulag, sem minni hl. hugsar sjer á veiðunum, að jeg gæti búist við því, að í skjóli þess yrði drepið meira af dýrum en góðu hófi gegndi; dýrin yrðu veidd í blóra við þá, sem veiðileyfi hefðu. Og þetta er einmitt lakasti agnhnúinn á svona löguðu leyfi með ónógu eftirliti.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Jeg geri auðvitað ekki mikið úr því, þótt brtt. mínar verði feldar, ef frv. verður þá samþykt óbreytt. En jeg tel ver farið en heima setið, ef samþ. verða brtt. minni hl.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf nú ekki að svara mörgu. Jeg er ekki á sömu skoðun og hv. frsm. minni hl. (ÁJ), að það beri ekki mikið á milli. Við, sem skipum meiri hl., óttumst, að ef veiðiheimildin verður samþykt, þá verði hreindýrin algerlega upprætt, og þess vegna viljum við hafa þau alfriðuð. Jeg geri ekkert úr eftirlitinu, sem minni hl. vill hafa. Það er hægra sagt en gert að láta slíkt koma að haldi. Og þó að hægt væri að koma því svo fyrir, að menn misnotuðu ekki þessa veiðiheimild, þá gæti það samt orðið til þess að uppræta stofninn. Það er hætt við, að forustudýrin verði helst fyrir skotum veiðimanna, þar sem þau halda sjer vanalega utan við hópinn. Þau ráða ferðum hans og eru kunnugust. En ef þau eru drepin, þá er hinum dýrunum líka stefnt í hættu, er þau eru orðin forustulaus. **(HStef:** Í hvaða hættu?). Í hættu, sem stafar af margskonar tálmunum og erfiðleikum uppi á öræfum. Jeg veit vel, að háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hlýtur að þekkja þetta. En hann hefir nú kannske búist við, að jeg þekti þetta ekki; en það er misskilningur hjá honum. Jeg býst helst við, að hv. þm. (HStef og ÁJ) flytji þessar brtt. fyrir þá menn, sem stunda vilja hreinaveiðar, en ekki í þeim tilgangi að halda hlífiskildi yfir dýrunum. En jeg ætla nú ekki að fjölyrða um það.

Jeg er sammála háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um það, að ekki þurfi að gera ráð fyrir því, að hreindýrin falli oft. En það, að þeim fjölgar svona seint, kemur bara af því, að viðkoman er

nú ekki örari en þetta. — Viðvíkjandi þeirri heimild, sem hv. þm. (SvÓ) vill setja í frv. um það að leyfa mönnum að veiða dýr til eldis, get jeg sagt það, að hún skiftir í rauninni ekki miklu máli, ef sú leið verður ekki misnotuð. En mjer er ekki grunlaust um, að hún kunni að verða misnotuð. (**SvÓ:** En jeg geri nú varla ráð fyrir því, að menn nenni að eiga við það). En þá væri þessi heimild alveg tilgangslaus. Jeg tel því óþarfa að setja þetta í lögin, sjerstaklega þar sem hv. þm. (SvÓ) hefir sagt, að ekki mundi kannske neinn verða til þess að gera þessa tilraun. Til hvaða gagns er þetta þá?

Hv. þm. (SvÓ) drap líka á það, að hagar inni á heiðum væru nú verri en áður og því gengi fjölgun stofnsins svona seint. Það mun nú vera talsvert rjett í þessu. En því síður er þá ástæða til þess að vera að ala hjer upp hreindýr, því að við höfum ekki nægilegt víðlendi til þess. Það er svo fjarri því, að þetta komi til greina, að það er óþarfi að vera að ræða það. Hjer eru engin skilyrði til hreindýraræktar. Þau þurfa alveg sjerstakan gróður, sem ekki er til hjer á landi nema að litlu leyti.

Jeg vænti svo þess, að hv. deild samþ. frv. óbreytt, enda mun það vera besta lausnin á málinu.

Halldór Stefánsson: Jeg gerði svo ítarlega grein fyrir brtt. mínum og hv. samþm. míns (ÁJ) við upphaf þessarar umr., að jeg tel ekki þörf að fara út í það verulega frekar. Jeg get verið þakklátur háttv. minni hl. fyrir það, að hann hefir skilið málið betur en háttv. meiri hl., og að hann vill með litlum breytingum fallast á brtt. okkar. Önnur brtt. minni hl. fer í þá átt að lengja friðunartímann og miðar að því að friða dýrin um brundtímann. Jeg get vel fallist á þessa brtt. og tel hana rjett hugsaða. Annars hefir hún í sjálfu sjer ekki mikla þýðingu, vegna þess að hreinaveiðar myndu ekki verða stundaðar á þeim tíma, því að þá er vont bragð að kjötinu og það næstum óætt. En jeg hefi þó ekkert á móti því að hafa þetta ákvæði í lögunum. Það hefir verið gerður sá munur á milli nefndarhlutanna, að annar hlutinn vildi friða dýrin, en hinn ófriða. En það er, eins og tekið hefir verið fram áður, algert öfugmæli að segja, að við viljum með þessum till. okkar ófriða dýrin, þar sem við leggjum til að alfriða þau mestan hluta ársins, en leyfa að veiða þau hinn tímann því aðeins, að það sje af umsjónarmönnum talið óhætt vegna fjölgunar stofnsins og undir sjerstöku eftirliti. Það er höfuðmunur á því eða á þeim tíma, er hreindýrin voru sem óargadýr, sem mátti elta og drepa hvar sem var. Samt sem áður voru þau ekki upprætt, en vitanlega fækkaði þeim, og þá líklega engu síður vegna harðindanna á milli 1860 og 1870.

Um 20 ára skeið, frá 1882—1902, voru hreindýrin ófriðuð frá 20. ágúst til ársloka og drepin án alls eftirlits. Auk þess var höfð sú ómannúðlega veiðiaðferð, sem lýst hefir verið áður, að skjóta í hópa. En samkvæmt till. okkar verður þetta bannað, og að öðru leyti nánari reglur og eftirlit sett fyrir veiðinni.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fullyrti, að hreindýrin hefðu ekki fallið svo telj-

andi sje síðan 1867. Það er óljóst um það að vita og erfitt að fullyrða nokkuð um það. En það mun rjett, að þau hafa ekki stórfallið síðan. Jeg minnist þó þess, að eftir aldamótin, jeg held 1910, fjellu þau allmikið, því að beinagrindur fundust hjer og þar á þeim slóðum, sem þau hröktust þá um vegna jarðbanna og harðinda. Vel getur það verið, að fleiri ástæður sjeu til þess, að hreindýrunum fjölgar ekki meira, svo sem það, að beitarskilyrði sjeu ekki til fyrir stóra hópa, vegna þess að sá gróður yrjist upp, sem þau þrífast best á. En ef þetta er rjett, sem jeg tel ekki ósennilegt, þá veit jeg ekki til hvers á að vera að alfriða dýrin, þar sem þeim gæti þó ekki fjölgað hvort sem er. Það væri einni ástæðu minna til að banna að veiða þau.

Jeg hefi bent á annað atriði, sem gæti ef til vill valdið því, að dýrunum fjölgaði ekki, og það er, að tarfarnir sjeu of margir. Mjer hefir verið sagt það af fróðum mönnum, að í Noregi hefði einmitt þetta verið álitið hamla mest fjölgun dýranna, en er Norðmenn tóku að leyfa að drepa tarfana, þá fjölgaði þeim. Þeir þurfa auðvitað ekki minni beit en hin dýrin, og ef beitarskilyrðin eru takmörkuð, þá eyða þeir aðeins skilyrðunum fyrir þeim dýrunum, sem nauðsynlegri eru fyrir fjölgunina.

Jeg held því, að miklu rjettara sje að ganga að till. okkar en hinni. Hv. frsm. meiri hl. (JörB) taldi hættu á því, að varðdýrin yrðu skotin fyrst, ef leyft yrði að veiða dýrin. En varðdýrin eru tarfar, og þó að þau yrðu skotin, þá kæmu altaf önnur í þeirra stað. Annars veit jeg ekki, hvaða hætta vofir yfir þeim, þótt þessi varðdýr sjeu skotin.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Vil jeg að lokum aðeins lýsa yfir því, að jeg álít friðun stofnsins og viðhaldi betur borgið, ef gengið er að till. okkar. Þá mundi fást betri vitneskja um útbreiðslu hreindýranna og mönnum yrði annara um að halda þeim við, er þau væru þó til nokkurra nytja.

ATKVGR.

Brtt. 419,1 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, TrÞ, ÁJ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, MG, PÞ.

nei: SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HjV, JakM, JG, JÓl, JörB, KlJ, MJ, PO, BSv.

Þrír þm. (ÞórJ, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 289,I feld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, TrÞ, ÁJ, HStef, HK, JAJ, JK, KlJ.

nei: MG, MJ, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BL, HjV, IngB, JakM, JG, JÓl, JS, JörB, BSv.

Þrír þm. (MT, ÓTh, ÞórJ) fjarstaddir.

Brtt. 287,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, KlJ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, BSv.

nei: HjV, JakM, JG, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, PO, PÞ, ÁJ.

Tveir þm. (MT, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 419,2 tekin aftur.

Brtt. 289,II—III teknar aftur.
— 287,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14: 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞórJ, BSt, HK, HjV, IngB, JG, JS, JörB, KlJ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.
nei: ÁJ, ÁÁ, BL, JakM, JAJ, JK, JÓl, MG, MJ, PO, PÞ.
HStef greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (MT, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 289,IV tekin aftur.
— 287,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15: 6 atkv.
Brtt. 289,V tekin aftur.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 455).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 455).
Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er komið aftur frá hv. Nd., sem hefir gert þá breytingu á því, að aftan við 1. gr. bætist, að heimilt skuli að handsama hreindýr til eldis. Allshn. hefir ekkert á móti þessari viðbót. — Þótt það sje að vísu dálítið óviðkunnanlegt að heimila í 1. gr. að handsama dýrin, en í 2. gr. sje lögð sekt við að veiða þau, þá getur lagaskilningurinn að sjálfsögðu ekki orðið annar en sá, að sektir komi ekki til greina, ef dýrin eru veidd í þeim tilgangi, sem í 1. gr. segir, og ætti því engum ruglingi að valda.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 497).

---

19. Skemtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 51).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Frv. þetta er samhljóða frv., sem afgreitt var frá þessari háttv. deild í fyrra, en varð ekki afgreitt frá efri deild vegna tímaskorts. Var jeg ásamt öðrum flutningsmaður þess. Það fjekk mjög góðar undirtektir hjer, og virðist því óþarfi að gera mikla grein fyrir því nú, en jeg vil þó eigi að síður víkja nokkrum orðum að aðalatriðum þess.
Eins og kunnugt er, hefir verið stofnað til sjóðs til þess að reisa þjóðleikhús, og höfðu menn gert sjer von-

ir um, að hægt yrði að reisa það fyrir 1930. En tekjur sjóðsins af skemtanaskattinum hafa ekki orðið svo miklar, að slíkt sje hugsanlegt, því alls hafa þær til þessa numið um 150 þús. kr. Auk þess má búast við, að þær minki ennþá meir, þar sem búið er að banna allar hlutaveltur, en þær hafa gefið miklar tekjur, að minsta kosti hjer í Reykjavík.

Líklega þarf ekki að búast við miklum tekjuauka af frv. þessu, þó gert sje ráð fyrir, að skatturinn nái til allra kauptúna, sem hafa fleiri en 500 íbúa, og þarf þá ekki heldur að óttast, að hann verði tilfinnanlegur fyrir þau. Að sjálfsögðu getur það altaf verið álitamál, hvar setja eigi takmörkin. Hjer eru þau sett við 500 íbúa, og er það gert til þess, að skatturinn nái til sem flestra.

Aðaltekjuvonin af frumvarpinu er skattur af dansleikum. Hjer í Reykjavík verða áreiðanlega töluverðar tekjur af þeim.

Þá er breytingin, sem felst í 3. gr. frv. Í fljótu bragði mætti jafnvel ætla, að hún yrði til þess að rýra tekjurnar af skattinum, þar sem hún fer fram á að flytja alla sjónleika undir lægra skattflokkinn, en nú ber að greiða hærri skattinn af sjónleikum, sem ekki njóta opinbers styrks. En reynslan virðist hafa sýnt, að þessi hærri skattur af sjónleikum verði aðeins til þess, að slíkar leiksýningar leggist niður, svo að tekjurnar af þeim verði engar. Virðist því þegar af þeirri ástæðu rjettara að lækka skattinn, auk þess, sem það er alls ekki tilgangur laganna að hindra það, að sjónleikum sje haldið uppi í kauptúnum landsins.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál nú, og þar sem það var samþykt hjer í fyrra, finst mjer ekki ástæða til, að það gangi til nefndar. Geri jeg því að tillögu minni, að því verði vísað til 2. umr. nefndarlaust.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að ræða neitt um þetta mál nú, en tel sjálfsagt, að því verði vísað til nefndar, svo framarlega sem deildin vill láta það ganga lengra. Mig minnir, að það væri í allshn. í fyrra, og jeg geri því að tillögu minni, að því verði vísað þangað nú. Og frá sjónarmiði þeirra manna, sem eru á móti því að einhverju leyti, en geta jafnvel aðhylst sum ákvæði þess, tel jeg rjett að láta athuga það í nefnd, því ekki er óhugsandi, að samkomulag gæti tekist á þeim grundvelli að fella niður sum ákvæði úr frv., og að því leyti sem allsherjarnefnd er nú skipuð sömu mönnum og í fyrra, þá vita þeir, hvað það er í frumvarpinu, sem á milli ber.

Flm. (Jakob Möller): Mjer er það að vísu ekkert kappsmál, hvort frumvarpi þessu verður vísað til nefndar eða ekki. Jeg tel það bara tilgangslaust, þegar það var í nefnd hjer í fyrra og samþykt í deildinni. Geri jeg því ekki ráð fyrir, að farið verði að gera á því miklar breytingar nú. Að vísu var um það deilt í fyrra, hvar setja ætti takmörkin um íbúatölu kauptúnanna, en meiri hluti deildarinnar fjelst á að setja þau við 500 íbúa.

Að fara að setja málið í nefnd nú, er því aðeins til að tefja það.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins benda á, að við atkvæðagreiðsluna í fyrra var frv. þetta samþykt hjer í deildinni með 1 atkv. mun, en þá voru 5 þingmenn fjarstaddir. Er því ekki hægt að segja, hvernig farið hefði, ef allir hefðu verið á fundi. Mjer finst því sjálfsagt, að málið sje athugað í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:4 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 82 og 83).

Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Frv. þetta hefir verið fyrir hv. deild tvisvar áður. Birtist það nú í sömu mynd og það var samþ. í þessari hv. deild í fyrra. Þætti meiri hl. allshn. æskilegast, að það væri enn samþykt óbreytt.

Í frv. má segja, að sjeu 2 aðalatriði. Annað er að skattleggja dansleiki, en hitt er að færa niður takmörkin á mannfjölda þeim, sem þarf að vera í kauptúnum, svo að þau komist undir skatt.

Það hefir þótt ósanngjarnt, að þau kauptún, sem hafa haft lítið eitt færri íbúa en 1500, væru ekki skattlögð, og hefir í því sambandi aðallega verið vitnað í Siglufjörð. En við síðasta manntal hefir komið í ljós, að íbúatala hans er komin upp fyrir 1500. Eru því ekki eftir önnur kauptún með 1000—1500 íbúa en Akranes, þar sem vera munu um 1100 manna. Held jeg, að ekki væri svo sjerlega mikill slægur í því fyrir sjóðinn að ná í Akranes, því að menn eru þar ekki gefnir fyrir að skemta sjer. — Því vill meiri hl. allshn. fallast á það til samkomulags, að þetta atriði, um að lækka lágmarkstölu íbúanna, falli niður. Eru þó óbundin atkv. nefndarmanna um það. Vona jeg, að málið fái svo að ganga umræðulaust gegnum þessa hv. deild.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki mörgum orðum að þessu máli að eyða, þar sem hv. frsm. meiri hl. (ÁJ) hefir nú fyrir hönd meiri hlutans fallist á till. mínar. Vona jeg, að meiri hl. hv. deildar geri slíkt hið sama.

ATKVGR.

Brtt. 83,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JS, JörB, MG, MT, ÓTh, PO, Pþ, ÞorlJ, ÁJ, HStef, HK, IngB, JAJ.

nei: JK, JÓl, KlJ, MJ, Trþ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, HjV, BSv.

JakM greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (SigurjJ, SvÓ) fjarstaddir.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

3.—4. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 83,2 (5. gr. falli burt) samþ. með 15:1 atkv.

6.—7. gr. (verða 4.—5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 111).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 111).

Á 25. fundi í Ed, föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, IP, JBald, JKr, MK, BK.

nei: EJ, GÓ, IHB, JóhJóh, HSteins.

Þrír þm. (JJós, JÞ, JJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 7:1 atkv.

Á 71. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 111, n. 538).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar. Það er breyting á lögum um skemtanaskatt og þjóðleikhús, sem sett voru á þingi árið 1923, og fer frv. aðallega í þá átt að gera skattskylda í þessu skyni allskonar dansleiki, sem standa fram yfir kl. 11 að kvöldi, þótt haldnir sjeu af einstökum fjelögum og dansskólum.

Þá er og í frv. heimild fyrir lögreglustjóra að ákveða skatt af dansleik, þótt talinn sje ókeypis fyrir fjelagsmenn. — Nefndinni þótti rjett að gera þá breytingu á frv., að húseigendur, sem leigja hús til dansleika, skuli ábyrgjast, að skatturinn sje greiddur. Er það til hægðarauka fyrir lögreglustjóra, að geta gengið að skattinum vísum þar, en þurfa ekki að eltast við hina og þessa, sem standa fyrir dansleik í hvert skifti.

Þá þótti nefndinni og rjett að leggja skatt á billiardspil. Sjer hún ekki neina ástæðu til þess að undanskilja þá tegund skemtana skatti frekar en aðrar. Þessi leikur er nú mjög farinn að tíðkast bæði í Reykjavík og öðrum kaupstöðum. Jeg skal engan dóm leggja á, hversu holl sú skemtun er. Hún getur sjálfsagt verið góð og holl og ekkert við hana að athuga, ef notuð er í hófi sjer til upplyftingar. En því miður er gert það mikið að henni víðast hvar þar, sem slík knattborð eru sett á stofn, að unglingar sjerstaklega eyða þar bæði tíma og fje óhóflega. Að athuguðu máli sýndist nefndinni rjett að leggja til, að skattur skuli greiddur af hverju knattborði, hvort sem opinn er aðgangur að því fyrir hvern sem hafa vill eða einstök fjelög eða klúbbar hafa það til afnota. Nefndin bar sig í þessum efnum saman við lögreglustjórann í Reykjavík, og gaf hann þær upplýsingar, að upp undir 20 knattborð mundu vera hjer í Reykjavík, sem notuð eru af einstökum fjelögum eða almenningi. Áætlar hann ágóða af hverju knattborði 150 krónur á mánuði. Nefndin leggur

til, að þessi tegund skemtana verði skattlögð eins hátt og þær, sem hæst eru skattlagðar, eða með 20%. Nefndinni fanst ekki ástæða til að fara lægra í skattkröfur við billiardstofueigendur heldur en þetta. Enda má segja, að sje áætlun lögreglustjóra rjett, þá sje hver forstöðumaður eða eigandi slíkrar billiardstofu vel sæmdur af þeim ágóða, sem eftir er, þótt hann greiði 20% af nettótekjum af hverju knattborði.

Nefndin leggur í einu hljóði til, að frv. verði samþykt með þeirri breyting, sem felst í brtt. á þskj. 538.

ATKVGR.

Brtt. 538,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 538,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

4.—5. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 564).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 564).

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Árni Jónsson): Háttv. Ed. hefir gert þá breytingu á þessu frv., að hún hefir bætt því við, að knattborð falli undir skemtanaskatt, og ákveðið skatt af hverju borði 30 kr. á mánuði. Allshn. hefir ekki sjeð sjer annar fært en að ganga að þessari breytingu og ræður hv. deild til að samþ. frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

20. Landamerki.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. (þmfrv., A. 344).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Allshn. hefir flutt þetta frv. eins og það barst til hennar. Um ástæður fyrir því nægir að þessu sinni að vísa til greinargerðarinnar, sem fylgir því. Að öðru leyti vil jeg aðeins taka fram, að

nefndin áskilur sjer fullan rjett til að koma síðar með brtt. við frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 344, 367).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 367,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 367,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 372).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls,

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 372, n. 559).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Í greinargerðinni, sem fylgir þessu frv., sem er þskj. 344, er gerð skýr og ítarleg grein fyrir, hverja breytingu á núgildandi lögum það felur í sjer að því er snertir áfrýjun dóma í landamerkjamálum, og einnig nauðsynina á þessari breytingu. Allshn. þessarar hv. deildar, sem hefir haft málið til meðferðar, vill fyrir sitt leyti fallast á þessar ástæður, og leyfi jeg mjer því fyrir hennar hönd að skírskota til greinargerðarinnar og leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 601).

21. Sandgræðsla.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu (þmfrv., A. 84).

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Jónsson): Það má vera, að einhverjum hv. þm. þyki undarlegt, að frv. þetta skuli fram komið. En ástæðan fyrir því er sú, að því hefir verið veitt eftirtekt, að breyting sú, sem gerð var 1923 á sandgræðslulögunum frá 1914, hefir orðið mjög til hins lakara í garð landeiganda, og framkvæmd laganna því ekki orðið svo sem skyldi. Í lögunum frá 1914 var ekki fastákveðinn sá hluti kostnaðar, er landeigendur skyldu greiða, og jeg hygg, að þeir hafi komist ljettar út af girðingarkostnaðinum þá en nú, þar sem lögin frá 1923 mæla svo fyrir, að landeigandi skuli greiða helming kostnaðar, en ríkið hinn helminginn. Í lögunum frá 1914, 4. gr., er þetta orðað svo:

„Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir, þeir er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að ¾, en úr sýslusjóði að ¼."

Jeg býst við, að í flestum tilfellum hafi það orðið svo, að landeigendur hafi greitt mjög lítið af kostnaðinum, og breytingin 1923 hafi því orðið æðihörð í þeirra garð. Öllum er kunnugt, hve gífurlegu tjóni sandfokið veldur bændum þeim, sem á sandfoksjörðum búa, og þótt sumir þeirra sjeu efnaðir menn, mun hitt tíðara, að þá skorti fje til kostnaðar við uppgræðslu, ef þeir verða að leggja þetta mikið fje í girðingar. Mjer sýnist, að það væri í góðu samræmi við þann áhuga, sem Alþingi hefir sýnt í sandgræðslumálinu, og meiri hvatning fyrir bændur, ef lögunum væri aftur breytt í svipað horf og þau voru 1914. — Jeg skal ekki fara út í neinn meting um framlög úr ríkissjóði til annara hjeraða, en þegar talað er um þetta mikla nauðsynjamál Rangvellinga, sandgræðsluna, er ekki alveg hægt að ganga fram hjá því að minna á hið mikla fje, sem veitt er til strandferða. En þess nýtur Rangárvallasýsla að engu. Með tilliti til þessa væri ekki hægt að segja, að aukið framlag til sandgræðslu væri ósanngjarnt.

Þá vil jeg minnast á annað atriði, sem breyst hefir landeigendum í óhag með lögunum frá 1923. Eftir þeim lendir kostnaðurinn af vegum milli hliða á landeigendum einum. Mjer er þetta dálítið ríkt í huga, því að þegar reist var þessi rækilega girðing í mínum hreppi, sem er ágætlega af hendi leyst, var mikil tregða á að fá eins mörg hlið og þurft hefði. En á þessum slóðum er engin leið að gera upphleypta vegi. Slík verk eru gersamlega ónýt á sandsvæði. En víða hagar svo til, þar sem komið er upp stórum sandgræðslugirðingum, að fjölfarnir vegir lokast. Það geta verið teknar af kirkjuleiðir, leiðir til lækna, aðdráttavegir, heybandsvegir o. s. frv. Með harðneskju gagnvart landeigendum gæti Alþingi krafið þá um að leggja upphleypta vegi á slíkum stöðum, en slíka harðneskju hefir Alþingi ekki sýnt landeigendum fram að þessu.

Jeg vænti, að þessu frumvarpi verði tekið með vinsemd og sanngirni. Jeg skal játa, að það hefir nokkra útgjaldaaukning í för með sjer frá hinu opinbera, en hins vegar styður það að framkvæmdum í þessu máli og ljettir baráttu þeirra, sem orðið hafa fyrir þungum búsifjum af völdum sandfoksins. Eins og jeg hefi lýst yfir áður, er jeg fús að breyta tölunum ¾ og ¼ í ⅔ og ⅓, ef það yrði hagkvæmara fyrir framgang frv.

Þau óþægindi, sem verða af sandgræðslugirðingunni, að því leyti sem vegir teppast, finst mjer Alþingi eiga að bæta fyrir og samræma við vegalögin frá 1924, þar sem bannað er að girða fyrir alfaravegi.

Að sjálfsögðu vænti jeg, að frv. þetta verði ekki drepið nú, heldur verði því lofað að ganga til nefndar. Til hvaða nefndar það fer, læt jeg mig litlu skifta, en mjer finst það eiga best heima í landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 163).

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg sagði við 1. umr. þessa frv. Breytingin, sem farið er fram á, að gerð verði á lögum um sandgræðslu frá 1923, er í samræmi við lögin frá 1914 og miðar að því, að sandgræðslugirðingar sjeu settar þar, sem þörfin er mest, hvað sem efnahag landeiganda líður.

En á meðan þau ákvæði eru í lögum, að landeigandi skuli greiða helming kostnaðar, verður einatt gengið á snið við framkvæmdir þar, sem nauðsynin er stærst að verja hið uppblásna land og vernda önnur svæði, sem eru í veðurstöðu af því, ef fátækur á í hlut. Jörð, sem orðið hefir fyrir því skakkafalli að blása upp eða kafna í sandi, er einatt í því tilfelli ekki eins mikils virði og uppgræðslukostnaði nemur, og mætti þá ímynda sjer, að eigi væri vert að kosta miklu fje í þesshátt skika.

En þess verður að gæta, að með því einu móti er mögulegt að fá jörðina í samt lag aftur, að tekið sje fyrir kverkar eyðandans, og hitt, sem ekki er síður nauðsyn að gefa gætur, að með afskiftaleysi á roksvæðum fara nærliggjandi jarðir, þótt óskemdar sjeu enn, sömu leið áður en varir.

Víða eru sandflákarnir svo víðáttumiklir sem þeir eru orðnir vegna þess, að eigi hefir verið tekið í taumana nógu fljótt. En síðan menn fóru að þekkja rjettar aðferðir við sandgræðslu og gagn, sem af henni leiðir, eru menn betur á verði fyrir því að stöðva blásturinn áður en alt er orðið um seinan, — og til þess þarf að styrkja og hvetja menn, svo sem mögulegt er. Enda mega þessir eyðimerkurbúar vera þakklátir þingi og stjórn fyrir styrk og aðstoð, sem þeim er veitt.

Ákvæðin um hlið og vegi gegnum sandgræðslugirðingar vænti jeg, að hv. deild verði mjer sammála um, að sanngirni mæli með að verði eins og frv. fer fram á. Jeg tel víst, að sektar-

ákvæði við því að skilja eftir opin hlið útiloki kostnað við traðir og upphleypta vegi, og hættulaust sje að láta alfaravegi óhindraða liggja gegnum girðingar, þar sem svo horfir við, að ekki er hægt að komast hjá því. Það er líka óhentugt, að vegalög fyrirskipi alt annað um hindrun alfaravega heldur en sandgræðslulögin, — að ein lög banni það, sem önnur skipa.

Landbn. var öll á einu máli um, að frv. þetta eigi að ná framgöngu. Hún kallaði Gunnlaug Kristmundsson sandgræðslustjóra á fund sinn, og eftir tillögum hans og viðtali við hann fjelst hún á að mæla með frv. með lítilsháttar breytingum, sem sagt þeim, að ríkissjóður leggi fram ⅔ kostnaðar, í stað ¾ í frv. Þar sem hv. meðnefndarmenn mínir hafa sýnt þá sanngirni að mæla með framgangi frv., hefi jeg ekki viljað setja mig upp á móti þessari breytingu.

Vona jeg, að hv. deild taki frv. vel og lofi því að ganga áfram. Til þess að gera henni ekki gramt í geði með of löngum ræðuhöldum, mun jeg nú láta staðar numið.

ATKVGR.

Brtt. 163 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 186, 188).

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg vil aðeins minna á þær brtt., sem landbn. fann ástæðu til að gera við þetta frv. eftir að það var afgr. frá 2. umræðu. Þessar tvær brtt. eru, eins og háttv. þm. sjá, ekki að neinu leyti efnisbreytingar á frv. Nefndin veitti því eftirtekt, að orðin í 1. gr. „við 4. gr." eru óþörf, og lagði þess vegna til að fella þau burtu.

Hin brtt. orsakast af því, að nefndin veitti því seinna eftirtekt, að við sektarákvæðin, sem liggja við því að skilja eftir opið hlið, er ekki tiltekið, hvert það skuli renna. En í 18. gr. laganna stendur, að brot gegn lögunum öllum í heild sje 50—100 kr. og renni í ríkissjóð. Brtt. á þskj. 188 hljóðar því um það, að sektir fyrir að skilja eftir opin hlið skuli renna í ríkissjóðinn. Þar sem þarna er talað um 50 kr. sem hámark, getur það ekki fallið saman við hin ákvæði laganna, nema slík breyting sje gerð. Jeg hefi haft aðstoð fróðs manns um þetta, og hygg jeg alveg óhætt að samþykkja þessa breytingu, að hún falli rjett inn í lögin.

ATKVGR.

Brtt. 188,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 188,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 207).

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Tryggvi Þórhallsson: Þetta mál fer að sjálfsögðu til landbn. En jeg vil aðeins beina því til hv. nefndar, að hún afli sjer nægilegra upplýsinga áður en hún afgreiðir það. Einkanlega þarf 2. gr. athugunar. Það mundi leiða af samþykt þeirrar greinar eins og hún er, að allmikið meira af fje því, sem veitt er til sandgræðslunnar, færi í kostnað vegna hliða en nú fer. Því fleiri sem hliðin eru á fjölfarinni leið, því lengra verður að girða, því að undir slíkum kringumstæðum verður að girða meðfram veginum beggja megin milli hliðanna. En það verður að leggja áherslu á, að þessu fje sje ekki varið til óþarfa, og það má ekki horfa í, þótt einhver lítill krókur verði á leið manna vegna sandgræðslugirðinga.

Jeg skal geta þess, að bæði sandgræðslustjóri og Búnaðarþing Íslands telja of langt gengið með þessu frv., og því þykir mjer rjett, að nefndin afli sjer sem bestra upplýsinga um þetta atriði, áður en hún skilar af sjer og leggur frv. fram til samþyktar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 365).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Aðalbreytingin, sem þetta frv. fer fram á á gildandi lagaákvæðum, er, að ríkissjóður leggi meira fje af mörkum til sandgræðslu en nú á sjer stað. M. ö. o., að í staðinn fyrir, að kostnaður við sandgræðslu hefir verið greiddur að jöfnu úr ríkissjóði og af landeiganda, þá er með breytingunni ákveðið, að ríkissjóður greiði framvegis ⅔ kostnaðar, en landeigandi ⅓.

Þetta verður að vísu til nokkurs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en hefir afarmikla þýðingu, þegar þess er gætt, að víða hagar svo til, að landeigendum er með öllu ókleift að standast þann kostnað, sem leiðir af sandgræðslunni.

Landbn. vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að sandgræðslan verði sem mest aukin, því hún telur það eitt af þýðingarmiklum málum landbúnaðarins að hefta sandfokið og græða upp landið. Það hefir sýnt sig, að víða hagar svo til, að með einni saman friðun á sandfokssvæðunum verður landið algróið eftir nokkur ár. Á hinu er hætta, að uppblástrarsvæðin stækki, ef ekki er undinn bráður bugur að því að hefta fokið. Nú er það svo t. d. í Rangárvallasýslu, að þar eru stór svæði, sem hætta vofir yfir vegna uppblásturs og sandfoks. En eigendum slíkra landa er alls ekki kleift að leggja út í þann kostnað, sem leiðir af því að girða svæðið og friða það, nema að fá að minsta kosti þann styrk, sem farið er fram á með þessu frumvarpi.

Hinsvegar þótti nefndinni varhugavert að láta ákvæði 2. gr. frv. standa, þar sem sandgræðslunni er gert að skyldu að gera traðir eða upphleyptan veg um sandgræðslugirðingar. Slík-

ar traðir eða vegir gætu haft mikinn kostnað í för með sjer og þar af leiðandi tafið fyrir því, að ýms svæði yrðu tekin eins fljótt til friðunar og þörf er á. Nefndin lítur svo á, að þeir, sem fara um girðingarnar, sjeu aðallega menn, sem láti sjer ant um að loka hliðunum vegna landsins, sem friðað er. Kunnugir menn telja líka, að upphleyptir vegir um girðingar gætu valdið uppblæstri og á þann hátt orðið til skaða landi því, sem gróa á upp. Og bæði vegna kostnaðaraukans við þetta og tjóns, sem af því kann að leiða, leggur nefndin til, að þetta ákvæði verði felt niður. Jeg þykist svo ekki þurfa að hafa þessi orð fleiri, en vænti, að hv. þdm. geti fallist á að samþ. frv. með breytingu nefndarinnar á þskj. 365.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 365 samþ. með 15:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 384).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 384).

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Einar Jónsson): Þessu máli var vel tekið af háttv. deildarmönnum og nefnd þeirri, er um það fjallaði, og voru engar efnisbreytingar gerðar á frv. í þessari hv. deild. En háttv. Nd. hefir álitið rjettara að gera á því dálitla breytingu viðvíkjandi ákvæðunum um upphleypta vegi og vegagerð milli hliða á sandgræðslugirðingum. Get jeg fyrir mitt leyti sætt mig við þá breytingu. Aðalatriði þessa þarfa og góða máls er fólgið í 1. gr.; hitt er minna um vert og má teljast aukaatriði. Jeg óska því eftir, að frv. verði samþykt eins og það er nú komið til deildarinnar í annað sinn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

---

22. Akfærir sýslu- og hreppavegir.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi (þmfrv., A. 310).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð, því að greinargerð frv. tekur það fram, hvers vegna það er fram komið. Það er vegna áskorana úr Vestur-Húnavatnssýslu um að koma þessu ákvæði inn í lögin, þar sem samskonar ákvæði hafa verið tekin inn í lögin um samþyktir fyrir sýsluvegasjóði. Það er að ýmsu leyti þægilegra fyrir hlutaðeigandi hreppa að koma þessu þannig fyrir heldur en jafna niður á fasteignir og lausafje, og jeg finn ekkert, sem getur mælt á móti því.

Eitt vil jeg taka fram, sem raunar er auðskilið án þess, að þar sem samþyktir hljóða um það, að einhver hluti samþyktarsvæðisins situr við lægra gjald eftir lögunum nú, sökum staðhátta, þá gildir auðvitað það sama hlutfall, þó gjaldinu sje jafnað niður eftir efnum og ástæðum.

Jeg veit ekki, hvort það hefir þýðingu að vísa þessu máli til nefndar, en verði það gert, ætti það að fara til samgmn. Jeg hefi að vísu ekkert á móti því, ef einhver óskar þess, en geri ekki tillögu um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 310).

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 310, n. 452).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Árnason): Lögin frá 1919, sem hjer er verið að breyta, eru heimildarlög fyrir sýslunefndir til að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um framlag til akfærra sýslu- og hreppavega. Þetta framlag þarf ekki að vera bundið við hámark vegalaganna, og má leggja það á eftir jarðardýrleika eða lausafjáreign, og samkvæmt því verða það

eingöngu ábúendur jarðanna og eigendur lausafjár á samþyktarsvæðinu, sem greiða gjaldið, en allir aðrir sleppa. Þessi breyting, sem hjer liggur fyrir, er eingöngu þess efnis að opna leið til þess, að þessu gjaldi megi hreppsnefnd jafna niður með útsvörum eftir efnum og ástæðum.

Samgmn. hefir athugað frv. og felst á það, að þessi breyting sje rjettlát og sanngjörn, og mælir með því, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

---

23. Sorphreinsun og salerna á Akureyri.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri (þmfrv., A. 143).

Á 27., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 39. fundi í Nd., dagana 11., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 21. og 26. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Björn Líndal): Um þetta litla frv., sem hjer liggur fyrir, er óþarfi að segja mikið, og má vísa til greinargerðarinnar, sem því fylgir.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir samþykt þetta frv. fyrir sitt leyti og óskar, að það verði að lögum, og vænti jeg, að hv. deild verði því ekki mótfallin.

Jeg álít óþarft, að þessu máli sje vísað til nefndar, og vil leyfa mjer að óska, að því verði vísað til 2. umr. nefndarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 143).

Á 46. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 577).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál.— Afbrigði leyfð og samþ. með 11 :1 atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir haft frumvarp þetta til meðferðar. Það er flutt í hv. Nd. af hv. þm. Ak. (BL) eftir beiðni bæjarstjórnar. Álítur nefndin rjett að samþykkja frv., en telur rjett að gera á því þá breytingu, að gjaldið sje aðeins lagt á húsin sjálf, en ekki á íbúa þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 577 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 599).

Á 77. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 631).

---

24. Veðmálastarfsemi á kappreiðum.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (þmfrv., A. 430).

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Jeg ætla að fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum. Greinargerð þess skýrir, hvernig á því stendur og hvernig

það er til komið. Hestamannafjelagið „Fákur“ hafði í upphafi allmikinn stuðning af veðmálum, sem fóru fram undir handleiðslu stjórnar fjelagsins, og gat fyrir þá sök veitt hærri verðlaun en áður hafði tíðkast við kappreiðar. En eftir útkomu laga um hlutaveltur og happdrætti, er samþykt voru á Alþingi í fyrra, var litið svo á, að þessi veðmálastarfsemi fjelagsins væri ekki heimil að lögum. Það er að vísu ekki allskostar ljóst, hvort fyrir hana sje girt með þessum lögum, því að fjelagið virðist hvorki hafa fengist við „happdrætti“ nje „hlutaveltur“ í sambandi við kappreiðarnar, þótt veðmál hafi farið fram. En úr því að skilningur stjórnarinnar hefir valdið því, að leyfi hefir ekki fengist til veðmála, þá verður að setja undir lekann og gera þær breytingar, er af taki allan vafa. Af þeim ástæðum er frv. komið fram. Vænti jeg þess, að það gangi til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 478).

Frsm. (Árni Jónsson): Svo sem sjá má á nál. á þskj. 478, leggur allshn. einróma til, að frv. þetta verði samþykt. Vænti jeg þess, að háttv. deild geti fallist á það, og þarf engu við nál. að bæta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 430, 498).

Jón Kjartansson: Jeg hefi leyft mjer að flytja smávægilega brtt. við þetta frv., sem er að finna á þskj. 498. Brtt. fer fram á, að ráðherra skuli í reglugerð, sem hann setur fyrir þessa starfsemi, áskilja, að 10% af hagnaði fjelagsins fari til reiðvegar Reykvíkinga.

Eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, þá hafa safnast hjer í bænum líklega langbestu gæðingar landsins; en hins vegar hefir það verið svo til þessa, að illmögulegt hefir verið að eiga hjer góðan reiðhest, vegirnir eru svo vondir, göturnar malbikaðar og grjótpúkkaðir vegir alt í kring. — Fyrir nokkrum árum tóku áhugasamir Reykvíkingar að ryðja reiðveg inn með þjóðveginum, og er hann kominn skamt upp í Mosfellssveit. Síðan þessi reiðvegarspotti var gerður, hefir verið mögulegt fyrir Reykvíkinga að eiga góða reiðhesta. En þessi reiðvegur þarf nauðsynlega að komast lengra, til þess að verulegt gagn verði að honum. Því hefi jeg flutt þessa brtt., að hægt yrði að hrinda þessum reiðvegi dálítið lengra. Þótt hann sje aðallega fyrir Reykvíkinga, þá eru það ekki þeir einir, sem hafa gagn af honum; sjer-

staklega má geta þess, að vegurinn er nauðsynlegur sveitamönnum hjer austanfjalls, einkum á haustin við fjárrekstra, því að umferðin á þjóðveginum er svo mikil hjer við bæinn, að hann verður varla farinn með fjárrekstra.

Vænti jeg þess, að hv. deild hafi ekkert við þessa tillögu að athuga og samþykki hana eins og hún liggur fyrir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins taka fram, að jeg veit með vissu, að hestamannafjelagið „Fákur" hefir ekkert við þessa brtt. að athuga, og jafnvel mun hún vera borin fram í samráði við fjelagið. Það ætlast til, að þetta sje styrkur til þessa reiðvegar, sem óneitanlega er mjög nauðsynlegur, þar sem vegirnir kringum Reykjavík eru svo fjölfarnir af bílum, að ilt er fyrir reiðmenn að haldast við á þeim.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg legg ekki með mínu atkv. lið þessu frv., að löggjöfin fari að vernda fjárhættuspil við veðreiðar. Undanfarið hafa verið mikil brögð að fjárhættuspilamensku í sambandi við kappreiðar, eins og kunnugt er, — í hvert sinn svo skiftir mörgum þúsundum og jafnvel tugum þúsunda. Má geta nærri, að þegar farið er að löghelga spilavíti, þá muni ekki úr því draga.

Frsm. (Árni Jónsson): Mjer kemur dálítið á óvart, að háttv. 4. þm. Reykv. (HjV) snýst svo hart móti þessu frv. nú, því að hann hefir skrifað undir nál. allshn. Að vísu var það með fyrirvara; en ef þetta er beinlínis spilavíti, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann skrifaði undir með nefndinni.

Annars ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta, aðeins geta þess viðvíkjandi till. frá hv. þm. V.-Sk. (JK), að nefndin hefir ekki borið sig saman um hana; en jeg lýsi yfir fyrir mitt leyti, að jeg álít það sje vert að samþykkja hana.

ATKVGR.

Brtt. 498 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 517).

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:2 atkv. og til allshn. með 7:1 atkv.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 557).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og sjest á nál., hefir allshn. athugað þetta frv. og leggur til, að það sje samþykt óbreytt. Þetta frv. er að

áliti nefndarinnar ekkert stórmál, en hún felst á, að rjett sje að leyfa hestamannafjelaginu „Fáki" þessa veðmálastarfsemi. Í greinargerð frv. í hv. Nd. er ítarleg grein gerð fyrir því, af hverju fjelagið fer fram á þetta, og læt jeg mjer nægja að vísa til þess. Fjelagið hefir átt við fjárskort að búa, en hyggur, að það geti með þessu móti veitt svo há verðlaun, að það fái fleiri góða hesta til kappreiða sinna en ella. — Hv. Nd. hefir bætt því við, að 10% af hagnaði fjelagsins af þessari starfsemi skuli renna til reiðvegarins hjer við bæinn. Allir, sem eitthvað þekkja til hjer í kring, vita nauðsynina á þessum reiðvegi og að honum sje haldið við. Allshn. álítur því þetta ákvæði til bóta. — Í stuttu máli er það tillaga allshn., að frv. sje samþykt.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að jeg er ekki sannfærður um, að hjer sje svo mikið nauðsynjamál á ferðum, að þörf sje á að löghelga þessa veðmálastarfsemi eins og nú standa sakir. Hitt hefi jeg heyrt, að núna eigi þessi starfsemi sjer stað, en þá er hún ólöglег. Jeg játa, að jeg er persónulega alveg ókunnugur veðmálastarfseminni hjer, en af afspurn hefi jeg það álit á kappreiðaveðmálum alment, að þau sjeu til lítilla þrifa. Þau æsa spilafíkn manna, og það álít jeg síður en svo heppilegt. Hinsvegar játa jeg, að jeg er málinu ekki vel kunnugur, og því sagði jeg háttv. meðnefndarmönnum mínum, að jeg mundi ekki beita mjer neitt á móti því. — Jeg kannast við, að þörf er á að bæta reiðveginn. Það þarf ekki að fara langt út úr bænum til að sannfærast um það. En mjer virðist, að helsta gagnið af starfseminni eigi að verða endurbæturnar á þessum reiðvegi, þó að einungis 10% af ágóða fjelagsins eigi að renna til hans. Hin 90% fara sjálfsagt til skeiðvallar fjelagsins og verðlauna, er það veitir.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir orðin lítil stefnufesta í löggjöf hins háa Alþingis. Annað árið bannar það hlutaveltur og happdrætti, vegna siðspillandi áhrifa af þeim. Hitt árið kemur ekki svo argvítug beiðni um svindilbrasks-sjerleyfi, að ekki sje gleypt við því. — Ef happdrætti eru skaðleg, þá er þetta það engu síður. Mjer er sagt, að í Reykjavík hafi verið tekin upp sú stefna að banna fjelögum að halda hlutaveltur, jafnvel þótt það sje gert *í lofsamlegum tilgangi, til að styrkja* ýmsa góðgerðarstarfsemi o. s. frv. En samt á að leyfa veðmálastarfsemi eins og þessa.

Jeg veit ekki, hvort vinir og velunnarar þessa frv. hafa athugað alt, sem hjer kemur til greina. Það þarf að taka fram, að þetta sjerleyfi sje ekki veitt um aldur og æfi. Einnig þarf að taka fram, að ríkið megi skattleggja þetta, o. m. fl. Það gæti í framtíðinni orðið mikil tekjulind. Í greinargerðinni er sagt, að á síðustu 5 árum hafi verið veitt yfir 7 þús. kr. í verðlaun fyrir fljóta hesta. Þetta er sjálfsagt mest alt fengið með ólöglegri veðmálastarfsemi. Í greinargerðinni er tekið fram, að lítil regla hafi verið með aðgöngumiðasölu, og hlýt jeg því að efast um, að miklar tekjur hafi runnið þaðan. Á næstu árum má vel búast við, að tekjurnar verði ekki

7 þús. kr. á 5 árum, heldur 60—70 þús. kr. á hverju ári, jafnóðum sem ósóminn æsir hjá mönnum spilafíknina. En úr því að ríkið ætlar að leyfa þetta, vill það þá ekki taka þátt í „svínaríinu“ og heimta af því ríflegan skatt? Væri ekki rjett fyrir fylgismenn frv. að ganga betur frá þessu öllu saman. T. d. að taka fram, að leyfið skuli veitt til eins og eins árs í senn, eða aðeins í eitt og eitt skifti. Einnig að leggja megi á þetta meiri skatt en þessi 10% af ágóðanum til reiðvegarins. — Þetta á alt að taka fram í reglugerð, munu menn segja. En af þeirri reynslu, sem maður hefir af hæstv. stjórn um sjerleyfaveitingar á undanförnum árum, mega þeir frekar vænta, að hún gangi of nærri lögunum heldur en að hún fari of strangt í sakirnar. Hvernig var t. d. um reglugerðina fyrir h/f Útvarp? — Ef svona grautarlög verða samþykt, má búast við, að hægt verði að teyma hæstv. stjórn óendanlega langt. Ef til vill verður aldrei hægt að ná sjerleyfinu aftur, meðan til er fjelag með nafninu „Fákur“. — „Með skilyrðum ákveðnum í reglugerð“, segir ákaflega lítið, þegar ekki er einu sinni ákveðinn grundvöllurinn undir þeim skilyrðum. Málið er yfirleitt svo illa undirbúið, að hneyksli væri að afgreiða það.

Jeg veit ekki, undir hvaða ráðherra þetta heyrir að rjettu lagi. Ef það væri hæstv. forsrh. (JÞ), mætti ef til vill af reynslunni um lotteríið vænta þess, að hann yrði stirður um sjerleyfisveitinguna. En frá hæstv. atvrh. (MG) er síður góðs að vænta í þessu efni. — Þó að jeg sje hæstv. stjórn sjaldan þakklátur, held jeg, að hún væri vítalaus af mjer, þótt hún notaði ekki þessa sjerleyfisheimild.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg bið hv. þm. Vestm. (JJós) forláts á því, að jeg gleymdi að geta um fyrirvara hans. Jeg hafði nál. sem sagt ekki með höndum og mundi ekki annað en að hann hefði skrifað undir fyrirvaralaust. — Jeg þarf annars engu að svara honum. Hann viðurkendi þörfina á reiðvegi, og barði annars mest við ókunnugleika sínum. — Það voru ekki svo lítil orð, sem hv. 5. landsk. (JBald) byrjaði með: „argvítug beiðni um svindilbrasks-sjerleyfi“. Sagði hann, að öllu slíku væri nú sint, og þótti mikil afturför frá í fyrra. Jeg man nú ekki betur en að samþykt væru á þingi í fyrra lög um stórkostlegt peningahappdrætti. **(JBald:** En það bannaði hlutaveltur). Rjett er það, en það hefir þá verið ósamræmi hjá þinginu í fyrra, en ekki nú. Auðvitað er þetta frv. á engan hátt sambærilegt við happdrættislögin frá í fyrra. Það væri að bera saman úlfalda og mýflugu. — Þá talaði hv. þm. (JBald) um verðlaunin og hjelt, að fje til þeirra væri mest fengið með ólöglegri veðmálastarfsemi. En fyrst þessi starfsemi er rekin á annað borð, er þá ekki viðfeldnara að setja einhver lög um hana? — Auk þess þykist fjelagið sjálft hafa mestar tekjur af aðgöngumiðasölu, en ekki af veðmálum. — Það er rjett hjá háttv. þm., að ekkert er talað um þau skilyrði, sem setja ætti í væntanlega reglugerð. En jeg held nærri því, að hæstv. landsstjórn væri trúandi fyrir

þessu. (**JBald**: Stórt spursmál!). Við hv. 5. landsk. erum báðir stjórnarandstæðingar, en sá er þó munur á okkur, að hann trúir hæstv. stjórn ekki til neins, en jeg held, að hægt sje að nota hana til smásnúninga. — Hvað því viðvíkur að tala um tímatakmark, hygg jeg, að sá ótti, sem kominn er fram hjer í hv. deild, muni verða nægileg ábending til hæstv. stjórnar um það, hvað hún veitir leyfið til langs tíma. Ef þessi starfsemi sýndi sig við reynsluna að gefa mikið fje af sjer, er vel hugsanlegt að skattleggja hana seinna. Það er ómögulegt að hugsa sjer, að hæstv. stjórn gangi svo frá þessu, að hún setti ekki skilyrði bæði um tíma og annað, sem nauðsynlega tilheyrir í þessari reglugerð, sem ætlast er til, að hún gefi út samkv. þessu frv.

Annars get jeg ekki verið að kosta langri ræðu upp á þetta mál, sem í sjálfu sjer er ákaflega smátt, ekki síst þar sem þessi veðmálastarfsemi hefir farið fram í lagaleysi undanfarin ár, sem mun ekki þægilegt að sporna við. Að minsta kosti vildi jeg gjarnan heyra, hvaða ráð eru til að stemma stigu fyrir því, þótt engar reglur sjeu til, sem það leyfa.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins biðja nefndina að athuga til 3. umr., ef frv. fer svo langt, hvort hún vilji ekki gera þessa breytingu, svo að stjórnin leiki ekki alveg lausum hala um að setja í sjerleyfið það, sem henni sýnist. En mjer sýnist það engin ástæða til að samþ. þetta frv., að þessi starfsemi hefir verið rekin ólöglega undanfarin ár, — heldur miklu fremur ástæða til að synja um leyfi. Jeg tel engin vandkvæði á að hafa eftirlit með, að veðmálastarfsemi fari ekki fram þarna, — sennilegt, að lögreglustjórinn í Reykjavík þyrfti ekki annað en hafa þarna menn við, til þess að líta eftir, að ekkert færi þar fram í bága við landslög. Að minsta kosti ætti þessi veðmálastarfsemi ekki að þurfa að fara þar fram opinberlega, ef eftirlit væri nóg.

Jeg álít, að frv. þetta sje algerlega óhæft að verða að lögum, og vil því endurtaka, hvort nefndin vilji ekki taka til íhugunar að gera till. um breytingu til 3. umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg býst við, að óhætt sje að lofa fyrir hönd nefndarinnar að athuga frv. milli umræðna, fyrst komin er fram ósk um það.

Hv. 5. landsk. sagði, að það væri ekki ástæða að veita leyfið, þó að veðmál hefðu átt sjer stað ólöglega. Jeg held jeg hafi ekki kallað það ástæðu; en jeg sagði, að það gerði minni mun frá því, sem áður var, ef það væri rjett, sem hv. 5. landsk. mintist á.

Jónas Jónsson: Jeg játa að vísu, að slík veðmálastarfsemi og hjer er talað um, er náttúrlega ekki æskileg í landinu. Má að nokkru leyti sama um slíkt segja og knattborðin, sem skattlögð voru nýlega. En úr því að fólkið er fíkið í þetta, þá vil jeg þó heldur, að það sje gert á leyfilegan hátt og einhver hafi gott af því. Þetta hestamannafjelag hefir gert talsvert gott hjer í bænum; það hefir unnið það, sem landinu og bænum bar að fram-

kvæma, — gert 10 km. reiðveg inn fyrir bæinn og lagt talsvert til hans. Af því að jeg er einn af þeim mönnum, sem nota hesta, — þótt jeg sje ekki í þessu fjelagi — þá get jeg borið vitni um, að þessi vegur er mikil umbót í dýraverndunaráttina. Hestarnir urðu fótaveikir af þessum hörðu vegum; en bæði jeg og fleiri hafa veitt því eftirtekt, að í seinni tíð hafa hestar enst betur en áður.

Fyrir þessar ástæður hefi jeg búist við að láta þetta fjelag njóta þess, að það hefir komið nokkru góðu til leiðar. Hinsvegar játa jeg, að ef það kemur í ljós, að spilling fylgi þessu, þá sje sjálfsagt að breyta þessu aftur; en enn sem komið er held jeg, að slíkt verði varla sagt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, EÁ, GÓ, JJós, JóhJóh, JÞ, JJ, HSteins.

nei: JKr, BK, EJ, IHB, IP, JBald.

2. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 517, 593).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mjer varð að orði, þegar jeg sá dagskrána, að auðsjeð væri, að þing væri búið að standa lengi. Sama sjest á fundarbyrjuninni, þar sem leitað er afbrigða fyrir hvorki meira nje minna en átta mál. Annars ætlaði jeg að segja fáein orð viðvíkjandi þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Það var að heyra á hv. 5. landsk. við 2. umr., að honum þætti nefndin hafa kastað höndunum til afgreiðslu þessa frv. Jeg gat ekki fallist á, að nein hætta væri í því fólgin, þó að frv. gengi fram óbreytt, því að ráðherra mundi sjá um, að sett væru í reglugerð þau ákvæði, sem þörf væri á. Nefndin viðurkennir þó, að henni hafi sjest yfir að tiltaka, til hve langs tíma leyfið skyldi veitt. Ber hún því fram brtt. þess efnis, að leyfið skuli veitt til 5 ára. Jeg held, að ekki sje að neinu leyti varhugavert að samþykkja frv. eftir að þessi brtt. hefir verið samþykt. Ef leyfið þætti gefast illa, yrði það vitanlega ekki framlengt eftir að þessi 5 ára tími væri útrunninn.

Jón Baldvinsson: Mjer sýnist þetta frv. ekki taka miklum stakkaskiftum til bóta, þó að þessi brtt. hv. allshn. verði samþykt. Að vísu lagfærir þessi brtt. eitt atriði af mörgum, sem varhugaverð eru, og kemur í veg fyrir, að leyfið gildi um aldur og æfi. Mjer þykir samt nefndin hafa ákveðið of langan tíma. Það var alveg nóg að veita leyfið til tveggja ára og láta svo reynsluna skera úr, hvort það skyldi framlengt. Aðfinsla mín við 2. umr. var m. a. bygð á því, að ráðherra væri veitt sjálfdæmi um að setja fjelaginu skilyrðin. Það er vitanlegt, að hjer er um að ræða hálfgert fjármálabrask. Erlendis a. m. k. er það svo, að allskonar prettir og óreiða og jafnvel glæpir sigla í kjölfar slíkrar veðmálastarfsemi eins og annara spilavíta. Þá er heldur ekki gert ráð fyr-

ir neinum skatti af þessu fyrirtæki. Það má þó búast við, að fjárgróðahvatir manna verði æstar svo, að fjelagið hafi einhverjar tekjur af þessari starfsemi sinni; gæti jafnvel orðið stórgróðafjelag. Mjer finst þingið vel geta verið þekt fyrir, ef það veitir þetta leyfi á annað borð, að búa svo um, að svo sem 50% af tekjum fjelagsins renni í ríkis- og bæjarsjóð. Jeg álít líka alveg óhæfilegt að tiltaka nafn á fjelaginu, sem leyfið fær. Enginn veit, hve lengi fjelagið „Fákur" lifir, en vel gæti risið upp annað fjelag jafngott, sem ekki væri minni ástæða til að veita svona leyfi. Mjer sýnist mál þetta meira rekið af kappi en forsjá. Mjer er ekki grunlaust, að gengið hafi verið nokkuð freklega í skrokk á hv. þingmönnum og þeir látið undan ofurkappi „agitatoranna" án þess að beita dómgreind sinni nægilega vel, og því ekki sjeð, að hjer er óhreint mál á ferðinni. Þó að skamt sje eftir af þinginu, er ekki forsvaranlegt að flaustra málunum áfram og segja, að ráðherra muni lagfæra það, sem þarf. Jeg hefði haldið, að meiri þörf væri að leita afbrigða vegna einhvers annars máls en þessa. Jeg hefi ekki komið fram með brtt. við frv., því að jeg vissi ekki, með hvaða brtt. nefndin kynni að koma. Nú er sjeð, að hún kemur ekki með aðrar brtt. en þessa einu, svo að jeg hefi afráðið að bera fram rökstudda dagskrá, sem jeg skal lesa, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem mál þetta virðist ekki nægilega undirbúið, og meðal annars engar upplýsingar um það, hvernig erlendri löggjöf um veðmálastarfsemi er háttað, þá telur deildin eigi rjett að samþykkja frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg álít þann rökstuðning, sem felst í þessari till., svo mikilsverðan, að sjálfsagt sje að fresta málinu a. m. k. í eitt ár. Það hefir ekki verið haft til hliðsjónar eitt einasta plagg um veðmálastarfsemi annarsstaðar. En um þetta eru til erlendis ítarlegar reglugerðir og löggjöf, sem nauðsynlegt væri að athuga, áður en málinu er ráðið til lykta. Jeg vænti því þess, að hv. deild samþ. þessa dagskrártill. mína.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mjer finst hv. 5. landsk. (JBald) orðinn miklu reikulli í aðfinslum sínum heldur en hann var við 2. umr. Þá fann hann frv. til foráttu aðallega það, að leyfistíminn væri ekki ákveðinn. Nú hefir nefndin gert tilraun til að bæta úr þessu atriði, en háttv. þm. virðist litlu ánægðari. Jeg hygg, að þó nefndin hefði tiltekið tveggja ára bil, í stað fimm, hefði hann ekki heldur orðið ánægður og fært sig ofan í 1 ár. (**JóhJóh:** Eða 6 mánuði). Já, ef til vill. En það er auðfundið, að eitthvað annað vakir fyrir þessum hv. þm. en það, hvernig frv. lítur út. Hann talaði um, að þingmenn mundu hafa látið undan „agitation". Jeg skal ekkert afsaka mig í því efni, en jeg get þó getið þess, að jeg hefi haft góðan frið fyrir „agitationum". Á það má líka minna, að þeir geta líka orðið fyrir „agitation", sem eru á móti málinu. Þá talaði hv. þm. um, að ráðherra væri veitt sjálfdæmi til að ákveða fjelaginu kjörin, og því væri ekki gert að greiða neinn skatt. Víst á það að greiða skatt, þó að hann komi því til

eigin nota. Þá hjelt hann, að þetta gæti orðið stórgróðafjelag á 5 árum. Það er nú ekki vanalegt, að fjelög taki svo skjótum framförum, og ef þetta fjelag verður svona bráðþroska, finst mjer það heldur benda á, að einhver þörf sje fyrir það. En það er nú sannast að segja, að nefndin lítur ekki á þetta sem stórmál, enda finst mjer það varla hægt. Þá sagði háttv. þm., að ilt hefði hlotist af erlendri veðmálastarfsemi, en þó kvartaði hann jafnframt yfir því, að erlend lög um þetta efni skyldu ekki vera tekin hjer til fyrirmyndar. Jeg verð nú að halda, að þessi erlendu lög sjeu eitthvað gölluð, ef þau hafa reynst mjög illa, og því ekki beinlínis eftirsóknarvert að taka þau til fyrirmyndar. En hvernig heldur hv. þm., að hægt sje að koma í veg fyrir, að menn veðji? Ætli það væri nokkuð auðveldara, þó engin lög væru um þetta? Háttv. þm. fanst ófært að hafa nafn fjelagsins í lögunum. Jeg býst við, að engin vandræði yrðu úr að breyta því atriði, ef fjelagið legðist niður, svo að annað fjelag gæti komist undir þessi lög. Annars býst jeg við, ef fjelagið „Fákur" deyr, að hv. þm. harmi það ekki svo mjög, þó að lögin falli þá líka niður. Ef honum þykja lögin fráleit, er undarlegt, að hann skuli vilja slá þennan varnagla í því skyni, að þau geti staðið sem lengst.

Annars nenni jeg ekki að þrátta lengur um þetta 5 lína frv. Nefndin er ekki svo glöggskygn, að hún sjái neitt athugavert við að samþ. það með þessari breytingu, sem hún ber fram.

Jón Baldvinsson: Jeg held jeg hafi minst á fleiri atriði í frv. við 2. umr. en tímatakmarkið. Meðal annars hafði jeg á móti því, að ráðherra væri veittur rjettur til þess að setja öll skilyrði, og í því felst svo mikið, þó að jeg skýrði það ekki með upptalningu á hverju einstöku atriði, að nefndin gat ekki álitið, að öllum kröfum væri fullnægt, þó að hún kæmi með eina einustu brtt. Það er margt fleira, sem athuga þyrfti. Jeg álít t. d. alls ekki rjett, að leyfishafi sleppi við skemtanaskatt. Mjer er sagt, að fjelagið „Fákur" selji aðgang að skemtunum sínum án þess að greiða nokkurn skatt. Mjer finst að minsta kosti, þegar árshátíð skikkanlegra fjelaga er skattlögð háum skatti til þjóðleikhússins, þá megi eins skattleggja þetta. Og þegar fjelagið hefir gert tvent ólöglegt, rekið ólöglega veðmálastarfsemi og engan skemtanaskatt borgað, enda þótt það hafi selt aðgang að veðreiðunum, þá sje jeg ekki, að það sje sjerstaklega verðlaunavert fyrir þetta; en verðlaun eru því veitt, ef farið er að gefa því leyfi til veðmálastarfsemi, því að af henni geta verið miklar tekjur. Þannig er t. d. í einum bæ í Englandi, að tekjur af slíkri veðmálastarfsemi eru svo miklar, að borgararnir þurfa engin gjöld að greiða til sveitarfjelagsins. En hjer ganga tekjurnar af þessari veðmálastarfsemi til fjelagsins, sem fyrir kappreiðunum stendur, og þeirra, sem hestana eiga, enda þótt þeim sje að einhverju leyti varið til reiðvegarins, því að það er hestaeigenda að halda honum við, en það er ekki hestamannafjelagið, sem leggur fjeð fram, heldur almenningur. Jeg vildi nú heyra frá hv. allshn., hvort hún lítur svo á, að aðgangur að kappreiðun-

um eigi að vera laus við skemtanaskatt, eins og verið hefir til þessa. Þó að frv. þetta sje ekki nema 4 eða 5 línur, þá er þó margt, sem um það er hægt að segja; það felur í sjer svo margt af óþektum ákvæðum, sem maður veit ekki um, hvernig koma til með að hljóða, þegar þau koma úr penna ráðherrans. Það þyrfti því sem flest að koma fram undir þessum umræðum, sem hægt væri að taka tillit til, þegar þetta sjerleyfi verður veitt. Jeg segi „sjerleyfi", því að hjer er um ekkert annað að ræða en sjerleyfi til veðmálastarfsemi fyrir hestamannafjelagið „Fák", því ef t. d. hinir góðkunnu hestamenn í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum vildu hafa veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar hjá sjer, þá væri þeim það ekki leyfilegt; þeir yrðu því að fá „Fák" norður með veðmálabankann. Sama væri að segja um Rangæinga, því að þeir eru líka hestamenn miklir. Þeir yrðu líka að fá „Fák" austur, ef þeir vildu hafa þessa veðmálastarfsemi hjá sjer. Annars er jeg ekki með þessu að halda því fram, að það sje æskilegt að fá þessa veðmálastarfsemi sem fyrst, heldur tel jeg þvert á móti, að „frestur sje á illu bestur", því að slík starfsemi er ekki sá kínalífselixír, sem nokkuð getur bætt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er farið að slá dálítið út í fyrir hv. 5. landsk. (JBald), því í öðru orðinu talar hann á móti þessari veðmálastarfsemi, en í hinu fárast hann yfir því, að hún skuli ekki geta náð um land alt. Það fer nú svona oft, þegar menn eru eingöngu að tala sjer til skemtunar, að þeir gleyma í öðru orðinu, hvað þeir sögðu í hinu, og svo kemur alt hvað á móti öðru.

Þá spurðist háttv. þm. fyrir um það, hvort skemtanaskattur ætti ekki að borgast af því, sem inn kæmi við kappreiðarnar. Þessu er því að svara, að mjer er kunnugt um, að aðgangur hefir verið seldur að kappreiðunum, en mjög erfitt reynist að hafa nægilegt eftirlit með innheimtu hans, svo að margir hafa ekkert borgað, og kemur skemtanaskattur þar því naumast til greina.

Þá var hann hræddur við reglugerð þá, sem ráðherra á að setja um þessa veðmálastarfsemi, og sagðist ekki vita, hver undur kæmu úr penna ráðherrans, þegar hann færi að semja hana. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að þar sem þetta er aðeins leyft um mjög takmarkaðan tíma, þá geti engin ósköp skeð. Og fari svo, að eitthvað ilt hljótist af þessu, þá verður þessi starfsemi ekki leyfð lengur. Annars held jeg, að það sje á einskis manns færi að koma með frv. um þetta svo honum líki.

Það sýnir sig best, hvað þetta er alt leikkent hjá háttv. þm., þegar hann, sem telur sig vera á móti málinu, fer fyrst að hugsa um að koma með brtt. við það, þegar á að fara að greiða atkvæði við 3. umr. Svo býst jeg við, að hann eigi eftir að koma með brtt. við dagskrána, sem hann var að flytja, svo það má búast við, að við verðum að bíða dálítið eftir honum enn. **(EÁ:** Það verður að framlengja þingið, til þess að háttv. 5. landsk. fái tíma til að hugsa málið). Jeg get alveg eins búist við því, enda þótt tíma þingsins

væri kannske betur varið til einhvers annars.

Jón Baldvinsson: Jeg verð að benda háttv. frsm. allshn. (GÓ) á það, að mál þetta var hjer til 2. umr. í gær, og hefir því ekki gefist mikill tími til athugunar og til þess að koma með brtt. Er því ekki nema eðlilegt, að þær komi seint.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hann er góður til þess að vekja mann þessi háttv. þm. En jeg get ekki snúið aftur með það, að hann hefði getað komið með brtt. sínar við 2. umr., en að fara að koma með þær nú, þegar búið er að slíta umræðunum, nær engri átt. (**J-Bald:** Það er ekki búið að slíta þeim). Ja, mjer hefir skilist það, en ef svo er ekki, þá erum við líkir í því að segja báðir ósatt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 5. landsk. (JBald) feld með 7:5 atkv.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 595) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 595 feld með 7:4 atkv.

— 593 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, JJ, MK, EÁ, GÓ, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: JBald, JKr, IHB, IP.

EJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BK) fjarstaddur.

Frv. endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 596).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Árni Jónsson): Hv. Ed. hefir bætt því inn í þetta frv., að leyfið skuli veitt til 5 ára, og þykir allshn. sú breyting ekki spilla frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 621).

---

25. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 309).

Á 46. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þegar flutt var hjer á síðasta þingi að tilhlutan landsstjórnarinnar frv. um hafnarbætur í Borgarnesi, þá mintist hæstv. atvrh. (MG) á það, að í ráði

væri að fá hingað á sumri komanda skip til þess að dýpka nokkrar hafnir landsins, þar á meðal Vestmannaeyjahöfn. Mun óhætt að segja það, að óvíða mun eins mikil þörf á hafnarbótum sem í Vestmannaeyjum. Þó að nokkuð hafi verið gert við höfnina undanfarin ár, þá hefir því ekki verið komið við að dýpka hana. Hefir og höfnin grynkað mjög síðan hafnargarðarnir voru bygðir.

Með sívaxandi bátafjölgun og flutningsþörf hefir það komið æ glöggar í ljós, hve örðugt er aðstöðu að því er innri höfnina snertir um ýms hafnarverk. Skip hafa þar iðulega orðið fyrir áföllum, bátar brotnað og annað tjón, sem af þessu hefir hlotist, auk annara óþæginda og kostnaðar, að jeg ekki tali um þá miklu hættu, sem það hefir í för með sjer, er menn hafa neyðst til þess að afgreiða skip utan hafnar, vegna þess að þeir hafa ekki fengið samþykki vátryggingarfjelaganna til þess að fara með skipin inn á innri höfnina.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir nú ákveðið, eftir tillögum hafnarnefndar, að reyna að verða aðnjótandi starfs þessa dýpkunarskips, sjerstaklega þar sem það er ekki nema á löngu millibili að slíkt skip er fengið til landsins. Hefir hafnarnefnd gert ráð fyrir allmikilli upphæð í fjárhagsáætlun sinni í þessu skyni.

Vegna þeirra vandkvæða hefir verið goldið sjerstakt vörugjald í Vestmannaeyjum, sem vitanlega er erfitt að búa við á þessum tímum. Þetta gjald er á stórvöru þrefalt á við samskonar gjald í Reykjavík, og á sumum vörutegundum er það sjöfalt. En menn skilja það, að það er nauðsynlegt að leggja mikið á sig, ef þessar umbætur eiga að komast í framkvæmd, og jeg er þeirrar skoðunar, að þó að þessi vörutollur sje þungur, þá sje þó betra að búa við hann, ef umbæturnar fást fyrir það, án þess þó að jeg treysti mjer til þess að fullyrða neitt um það, hve lengi verður hægt að láta almenning í Vestmannaeyjum búa við þetta gjald, ef ekki batnar í ári. Samkvæmt framansögðu og eftir ósk bæjarstjórnar og almenns þingmálafundar hefi jeg ráðist í að flytja þetta frv. Það hefir orðið nokkur dráttur á því, að það kæmi fram hjer í þinginu, en það stafar af því, að jeg vildi ekki bera frv. fram fyr en fyrir lægi árangur af mælingum þeim og dýpkunarrannsóknum, sem gerðar voru í vetur, og kostnaðaráætlun. Er þessi kostnaðaráætlun, sem prentuð er aftan við greinargerð frv. á þskj. 309, gerð af herra vitamálastjóra Th. Krabbe. Gerir hann ráð fyrir, að um leið og höfnin verði dýpkuð, þá verði hlaðinn hafnarbakki. Hefir hann sagt, að þar sem vitanlegt sje, að mikil landþrengsli sjeu við höfnina, þá sje sjálfsagt að láta skipið moka sandi þeim, sem það tekur úr höfninni, í þennan hafnarbakka, í stað þess að fara með hann út í hafsauga, enda skapist með því móti dýrar lóðir við höfnina, sem bæjarfjelagið eignist.

Frá því að byrjað var á hafnargerðinni í Vestmannaeyjum, hefir íbúatalan þar tvöfaldast og tekjur ríkissjóðs af bænum margfaldast. Eru þær nú yfir ½ miljón á ári. Er því auðsætt, að um leið og ríkið hefir haft kostnað af framkvæmdum þeim, sem gerðar hafa verið í Vestmannaeyjum, þá hefir það fengið auknar tekjur af aukn-

um rekstri atvinnuvegar Eyjabúa. Þegar byrjað var á hafnarbótum í Vestmannaeyjum, höfðu um 300 aðkomumenn atvinnu þar frá nýári til vertíðarloka. Nú er þessi tala orðin 1200. — Jeg bendi aðeins á þetta til þess að menn geti gert sjer í hugarlund, hversu stórkostlega atvinnureksturinn hefir aukist síðan farið var að bæta höfnina. Á hinn bóginn hefi jeg miklu nákvæmari upplýsingar í höndum, sem jeg get sýnt þeim, er óska, og jeg mun leggja fyrir þá hv. nefnd, sem fær málið til athugunar.

Áður hygg jeg, að frv. um hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar hafi ávalt verið vísað til sjútvn., en jeg legg það algerlega á vald hæstv. forseta, hvort hann álítur rjettara að þetta frv. fari til sjútvn. eða fjhn.

Einar Jónsson: Það er venjulega svo, þegar um aukin útgjöld er að ræða úr ríkissjóði, að jeg er síst á móti að veita fje til verklegra framkvæmda, t. d. hafnarbóta og vegagerða. En þegar þannig háttar, að heimtufrekja sumra kjördæma keyrir fram úr hófi, get jeg ekki á mjer setið að andmæla. Jeg get stutt orð mín, að endurtekin heimtufrekja hefir átt sjer stað frá ýmsum stöðum, með mörgum dæmum. Á það sjer eigi síst stað um hafnarbætur í Vestmannaeyjum, brimbrjót í Bolungarvík o. fl. þess háttar. — Mest furðaði mig á þeim orðum hv. flm., að vegna hafnargerðarinnar í Vestmannaeyjum sje nú nauðsyn að fá fje til að dýpka höfnina — hún hafi grynst svo mikið við að hafnargarðarnir voru gerðir! Ef þessir hafnargarðar, sem afarfje hafa kostað og rótast hafa jafnóðum í sjóinn, gera nú það að verkum, að höfnin grynnist til óbóta, — þá þykir mjer ver farið en heima setið um allar þessar framkvæmdir. — Á síðari árum hefir oft verið veitt fje til Vestmannaeyja, auk hafnarbótanna t. d. til að leita að neysluvatni og til vegagerðar, alt stórkostlegar fjárhæðir. Jeg mun ekki sjá eftir þessu, ef fjeð kemur að notum. En ef svo fer, sem nú gaf að heyra hjá hv. flm., að það fje, sem veitt er, verður til spillis og þarf að veita nýjar fjárfúlgur til að bæta þau óhöpp, sem verða af hinum fyrri framkvæmdum, þá fer jeg að gerast tregur í taumi.

Ekki mun jeg rengja hv. flm. um það, að frá Vestmannaeyjum hafi komið miklar tekjur í ríkissjóð. En sú stefna virðist nú komin upp á hinu háa Alþingi, að öllum tekjum skuli varið í hins sama atriðis þágu, sem þær komu frá. Þetta var að heyra á hv. flm. og þessari skoðun heyrði jeg nýlega haldið fram í hv. Nd., út af því að öllu fje, sem fengist í vitagjöldum, skyldi varið til nýrra vitabygginga. Þessari stefnu, að allar tekjur eigi að sökkva í sjálfar sig aftur, vil jeg andmæla. Það er fleira, sem krefst útgjalda en það, sem gefur af sjer beinar tekjur. Mjer þætti t. d. gaman að sjá embættismennina launaða fyrir þær tekjur, sem úr þeirra vösum fást. Um vegagerðir o. fl. má segja það sama. Þær krefjast mikilla fjárframlaga, en gefa engar beinar tekjur í aðra hönd. — Í svona atriði þýðir ekkert að vitna. — Verði með sterkum rökum hægt að sanna mjer brýna nauðsyn þessa verks, þá er ekki víst, að jeg gerist því andvígur. En þegar

sjórinn er látinn róta í sig hverri fjárfúlgunni af annari, verð jeg myrkfælinn við að halda öllu lengra á þeirri braut.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þykist heyra, að hv. 2. þm. Rang. (EJ) sje ekki kunnugur í Vestmannaeyjum. Annars hefði ræða hans orðið á annan veg. — Hv. þm. talaði um „endurtekna heimtufrekju“ af hálfu Vestmannaeyja. Jeg get ekki kannast við, að það sje rjett til orða tekið. Þar til ríkissjóður fór að leggja til hafnarbótanna, munu hafa verið teljandi þau fjárframlög, sem fóru til þessa hjeraðs. — Hv. þm. talaði um, að sjórinn hefði verið látinn róta í sig hverri fjárfúlgunni af annari. Þarna kemur enn áþreifanlega í ljós ókunnugleiki hv. þm., því að það voru algerlega óviðráðanlegir náttúruviðburðir, sem skemdu hafnargarðana. Þeir eru líka alveg jafnnauðsynlegir, þótt höfnin hafi grynkað lítið eitt síðan þeir komu. Það stafar af því, að höfnin er kyrrari nú og sandur safnast því frekar í hana en þegar brimrótið fjekk að hafa þar lausan tauminn. Höfnin hefir batnað afarmikið við garðana. Áður var þar svo ókyr sjór, að oft urðu stórslys á bátum, og jafnvel eru þess dæmi, að bátar fóru beinlínis í sjóinn, er þeir lágu fyrir festum inni á höfninni. Höfnin hefir ávalt verið grunn, svo að ástæða hefði verið til að dýpka hana, en síðan hafnargarðarnir komu, hefir sandurinn þó heldur safnast meira fyrir en áður. — Hv. þm. (EJ) sagði, að hann mundi ekki verða þessu frv. mótfallinn, ef honum yrði sönnuð nauðsyn þess. Jeg vænti þess að geta lagt fram þau plögg, er sannfæri hv. þm. Hjer vil jeg aðeins endurtaka, að Vestmannaeyjar eiga afskaplega erfiða aðstöðu með höfn, og erfiðasta af öllum hinum stærri verstöðvum. En um frekari sannanir ætti hv. þm. ekki að þurfa að fara langt út fyrir sitt eigið kjördæmi. Það eru svo margir af hans kjósendum, sem þriðjung ársins stunda þar atvinnu, að hv. þm. ætti að geta fengið þær upplýsingar hjá þeim, er honum gætu nægt í þessu efni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg geri ráð fyrir því sem alveg sjálfsögðu, að þetta mál fari til nefndar. Jeg efa ekki, að svo framarlega sem útvegur Vestmannaeyja á að geta haldið áfram að vaxa, verði að fást þær umbætur á höfninni, að hún leyfi stærri skipastól. Mjer finst því verða að líta með velvild á þessa till. — Jeg þykist vita, að hv. nefnd muni athuga, að hjer er farið fram á hærri hluta frá ríkissjóði en annarsstaðar, þar sem líkt hefir staðið á.

Forseti (Halldór Steinsson): Mjer virðist þetta mál fyrst og fremst vera fjárhagsatriði og þykir því rjettast að bera fyrst undir atkv., að það fari til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 352).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. hefir haft mál þetta til athugunar, og voru lagðir fyrir hana uppdrættir, áætlanir og fleiri plögg, sem að því lúta.

Þegar nefndin hafði kynt sjer málið, voru allir nefndarmenn sammála um nauðsyn þess. Einkum þó að því leyti, að þessi höfn njóti góðs af dýpkunarskipi því, sem von er á til landsins á þessu ári. Hinsvegar voru deildar skoðanir um það, hve mikið framlag ríkissjóðs ætti að vera í þessu skyni. Og var meiri hluti nefndarinnar sammála um, að upphæð sú, sem nefnd er í frumvarpinu, sje of há. En tveir nefndarmennirnir, sem álíta framlag ríkissjóðs ekki vera of hátt samkv. því, sem ætlast er til í frv., álíta samt ekki rjett að gera ágreining vegna þess, þar sem nefndin er að öðru leyti sammála.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta nú, en vænti fastlega, að hv. deildarmenn lofi málinu fram að ganga. Legg jeg svo til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 309.

Jónas Jónsson: Jeg vildi nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðherra um framkvæmdir í þessu máli. Það er rjett, sem hv. þm. Vestm. (J. Jós) tók fram, að allir nefndarmennirnir eru sammála um nauðsyn þessa máls, en það er auðvitað ekki sama og að framkvæma þetta í sumar.

En þar sem þessi hafnargerð stendur í sambandi við aðrar framkvæmdir, eins og t. d. dýpkun hafnarinnar í Borgarnesi og á Akureyri, þá vildi jeg mega biðja hæstv. ráðherra að upplýsa, hve mikill kostnaður myndi af þessu leiða, og hvort þegar sje fullráðið að byrja á þessum mannvirkjum í sumar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get því miður ekki upplýst einstök atriði þessa máls sem skyldi, því að til þess hefi jeg ekki gögn við hendina nú. En það hefir þegar verið ráðið af bæjarstjórnum Vestmannaeyja og Akureyrar að láta fram fara dýpkun á höfnunum þar, og til þessa hefir verið haldið opnum möguleika með dýpkun hafnarinnar í Borgarnesi, sem ennþá er ekki fullráðin, því að rannsóknum viðvíkjandi henni er ekki að fullu lokið enn, eða að minsta kosti hafa þær ekki verið lagðar fyrir stjórnina.

Jeg held, að jeg megi fullyrða, að skipið geti framkvæmt dýpkunina á Akureyri og í Vestmannaeyjum að fullu í sumar, ef Borgarneshöfnin verður ekki með, en verði af framkvæmdum þar, þá verður vitanlega ekki eins mikið dýpkað á hinum stöðunum. Þetta eru þær almennu upplýsingar, sem jeg get gefið um málið, og jeg get bætt því við, að skipið getur með hægu móti dýpkað þar, sem sandbotn er, því að það er útbúið með sogdælum og öðrum nýtísku útbúnaði, sem nú er í slíkum skipum.

Viðvíkjandi fjárhagshlið málsins vil jeg taka þetta fram:

Eins og fyrirsögn frv. ber með sjer, er það viðauki við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, en þau lög gera ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði ¼ kostnaðar við hafnarbætur þar og að stjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Vestmannaeyjar fyrir ¾ kostn-

aðar. Stjórnin vill nú heldur, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar við þessar hafnarbætur, eins og hv. fjhn. leggur til, og losni svo við ábyrgð á nýjum lánum, en að hafnarsjóður Vestmannaeyja greiði sinn hluta kostnaðarins af tekjum sínum á 2 árum. Þetta sýnist mjer fjárhagslega heilbrigðara heldur en að bæjarfjelag Vestmannaeyja leggi ekkert fram til fyrirtækisins, nema með láni, sem tekið er á ábyrgð ríkissjóðs.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Mjer láðist að geta þess, að einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. á þskj. 352 með fyrirvara, þar sem er hv. 1. landsk. (JJ), en það kom til af því, að um sjálft málefnið hafði enginn ágreiningur orðið, að mjer sást yfir að segja frá þessu.

En út af ræðu hæstv. forsrh. (JÞ) vil jeg taka fram, að ef útlit er fyrir, að tíminn verði naumur til þess að dýpka hafnirnar bæði á Akureyri og í Vestmannaeyjum, þá verður að nota besta tíma ársins til dýpkunar höfninni í Vestmannaeyjum, því að jeg geri ráð fyrir, að hægt sje að vinna lengur fram eftir hausti á Akureyri en þar, vegna staðhátta og veðurfars.

Jónas Jónsson: Jeg skal lýsa yfir því, að jeg er ánægður með upplýsingar þær, er hæstv. stjórn hefir gefið, það sem þær ná. En jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. (JJós), hvort hann vilji ekki stuðla að því, að hæstv. atvrh. (MG) verði hjer við 3. umr. þessa máls, til þess að gefa ýmsar skýringar, bæði vegna þess að þetta er stórt fjárhagsmál og að hæstv. stjórn hefir gefið þessum tveimur kaupstöðum, Akureyri og Vestmannaeyjum, vilyrði fyrir því, að þeir muni geta fengið þetta skip í sumar til þess að dýpka hafnirnar hjá sjer, en það er þó frumskilyrði, að Borgarnes gangi fyrir öllum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er ekki rjett hjá hv. 1. landsk. (JJ), að það sje frumskilyrði, að Borgarnes gangi fyrir, heldur er það tillaga frá vitamálastjóra, sem hefir alt með þetta að gera, að Borgarneshöfnin bíði ekki til næsta sumars, en stjórnin hefir ekki tekið endanlega afstöðu til þeirrar tillögu.

ATKVGR.

Brtt. 352,a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 375).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 375).

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 437).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er komið frá Ed. og er þess efnis að veita til dýpkunar á höfninni í Vestmannaeyjum ⅓ kostnaðar, alt að 70 þús. kr. Nú stendur svo á, að fengig er skip í sumar til þess að dýpka hafnir, og búast Vestmannaeyingar við að verða þess aðnjótandi, og því hefir bæjarstjórnin samþykt að leggja fram nú þegar fje til verksins. Enda er ekki vanþörf á að dýpka Vestmannaeyjahöfn. Inn í hana geta stærri skip ekki siglt, og veldur það vandkvæðum við útskipun fisks o. fl. Til þess að bæta úr þessu ástandi, leggur bæjarfjelagið á sig mikil útgjöld, og samkvæmt gildandi hafnarreglugerð eru hafnargjöld af uppskipaðri og útskipaðri vöru hærri þar en líklega nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, og það jafnvel þrefalt og upp í sjöfalt hærri. Þennan aukakostnað leggur bærinn á sig til þess að búa í haginn fyrir sig. En ríkisvaldinu er og málið skylt, því að eins og kunnugt er, eru Vestmannaeyjar ein hin ágætasta verstöð hjer á landi, sem mjólkar ríkissjóði drjúgum. Tekjur ríkissjóðs þaðan nema rúmlega ½ milj. kr. á ári. Ríkissjóður er í raun og veru aðeins að endurbæta sína eigin eign og búa í haginn fyrir framtíðina. Frá því höfnin var endurbætt þar síðast, hefir mannfjöldi í bænum aukist um helming, atvinnurekstur blómgast æ meir og tekjur ríkissjóðs af atvinnurekstrinum margfaldast. Ef höfnin væri nú endurbætt svo, að inn í hana gætu siglt stærri skip og fleiri bátar rúmast á henni, má vænta framhalds á tekjuaukningu síðustu ára. Frv. hafði mikið fylgi í Ed. Fjhn. fylgir því óskift. Jeg vænti þess, að viðtökur hv. deildar verði eftir því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

---

26. Óskilgetin börn.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar eð hæstv. dómsmrh. (MG) er veikur, vil jeg einungis leyfa mjer fyrir hans hönd að leggja til, að þessu frv. verði vísað til allshn.

Magnús Torfason: Jeg varð helst til seinn að taka til máls í næsta máli hjer á undan. En að því er þetta mál snertir, vildi jeg, nefndinni til athugunar, taka fram, að úr því að verið er að breyta þessu ákvæði á annað borð, þá er sjálfsagt um leið að breyta ákvæðinu um það, hvernig hægt er að koma fram dómi gagnvart barnsföður. Úr því geta oft orðið hin mestu vandræði. Það kemur oft fyrir, að móðir verður að sverja barnið upp á föðurinn, en nú í seinni tíð láta slíkir herrar oft ekki finna sig, svo að tíminn, sem móðirin hefir til að afleggja eiðinn, rennur út. Þess vegna þarf að setja í lög ákvæði þess efnis, að ef ekki næst í barnsföður, þurfi ekki að stefna honum til að vera við eiðtökuna.

Úr því að jeg er nú staðinn upp, vildi jeg einnig beina nokkrum öðrum athugasemdum til hv. nefndar, út af frv. til fátækralaga, sem þetta frv. er afspringur af. Í því er ein grein, hin 34., sem jeg vildi, að væri látin falla niður. Hún hljóðar svo:

„Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings."

Það er ekki af því, að jeg sje á móti ákvæði greinarinnar; þvert á móti lít jeg svo á, að það sje alveg sjálfsagt. En jeg held, að á Íslandi sje engin fátækrastjórn á svo lágu menningarstigi, að hún fari að halda undirboð á þurfalingum. Þetta ákvæði hefir lengi staðið í fátækralöggjöfinni hjer á landi, en mjer finst það vera blettur á íslenskri lagasetning, að láta það standa þar lengur. — Og af þeim kynnum, sem jeg hefi haft af sveitarstjórnarmálefnum í rúman mannsaldur, veit jeg, að óhætt er að fella niður ákvæðið.

Annað atriði, sem jeg vil benda á, er ákvæði 43. gr. um það, að sveitarstjórn skuli hafa heimild til að telja ekki með veittum sveitarstyrk þann styrk, sem veittur er sakir elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldu framfæri, eða vegna annara óhappa hans. — Meiningin í greininni er sú, að sveitarstjórnirnar eigi að ráða því sjálfar, hvort þær telji þetta sveitarstyrk eða ekki. Stefnuna, sem liggur til grundvallar þessu ákvæði, álít jeg mjög lofsverða, og er hún þegar komin inn í löggjöfina með lögum nr. 31 1917, sem feldu niður ákvæði fátækralaganna um það, að enginn maður, sem þegið hefði sveitarstyrk, mætti kvongast eða giftast án samþykkis sveitarstjórnar, þar sem brúðguminn er sveitlægur. Á þingi 1917 var talsvert rætt um þessi lög, og duldist mjer ekki, að þá var þessari stefnu slegið fastri í fátækramálunum. — Annars verður varla sagt um þetta frv., að það fari fram á nokkrar stjórnarbyltingar á fátækralöggjöfinni, en þetta ákvæði er þó spor í rjetta átt. Vil jeg því, að hv. nefnd taki frv. vel. En það er annað, sem jeg álít varhugavert í þessu ákvæði eins og það er í frv., og það er, að sveitarstjórnirnar eiga sjálfar að ráða, hvort því sje beitt og hvernig því sje beitt. Framkvæmdin á ákvæðinu getur því orðið ákaflega

misjöfn, eftir því hvort mannúðin stendur á háu eða lágu stigi í hreppi. Til þess að einhver jöfnuður komist á þetta um landið, þarf þess vegna að veita þurfalingunum rjett til að skjóta úrskurðunum til æðri stjórnarvalda, sýslunefnda og síðan atvinnumálaráðherra.

Forseti (BSv): Áður en lengra er farið í umræðum vil jeg benda á, að þetta mál er hjer ekki til umræðu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki tekið þátt í þessum umræðum með hv. 1. þm. Árn. (MT) að sinni, sakir þess að annað mál er á dagskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 36).

Frsm. (Jón Kjartansson): Allshn. hefir athugað þetta frv. og leggur hún til, að það verði samþykt með ofurlitlum breytingum. — Frv. fer fram á að skýra nokkuð ákvæðin í 26. gr. l. nr. 46, 27. júní 1921. Eftir þessari lagagrein hefir legið vafi á um það, hvenær fyrndur væri rjettur barnsmóður til að krefjast meðlags frá dvalarsveit. Nái frv. fram að ganga, er af skorinn allur vafi um það, og verður tíminn þá eitt ár. Einnig hefir orkað tvímælis um það, hvenær barnsmóðir mætti krefjast meðlagsins og fyrir hvað langan tíma í einu. Samkv. 24. gr. l. nr. 46, 1921, eru gjalddagar tveir, og á meðlagið að greiðast fyrirfram. En 26. gr. hefir verið skilin svo, að gjalddagi væri aðeins einn á ári hverju, og er því nú kipt í lag, svo að barnsmóður er heimilt að krefjast greiðslunnar fyrirfram á missiri hverju.

Auk þessara skýringarákvæða fer frv. fram á þá breytingu á gildandi lögum, að breytt sje tilhögun um það, hver ákveði meðalmeðlag með óskilgetnum börnum. Hingað til hafa sýslunefndir og bæjarstjórnir ákveðið þetta, en eftir frv. á það að falla undir atvinnumálaráðuneytið. Það á að ákveða meðalmeðgjöfina eftir tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna. Hefir þótt kenna nokkurs ósamræmis um meðlagið, þótt staðhættir væru líkir, en ákveði ráðuneytið það, ætti að fást á því nokkur leiðrjetting. Allshn. telur þetta ákvæði tvímælalaust til bóta.

Loks fer frv. fram á að takmarka nokkuð skyldu dvalarsveitar til meðlagsgreiðslu, þegar svo er ástatt, að faðirinn er annaðhvort farinn úr landi eða dáinn. Eftir gildandi lögum nær framfærsluskyldan til 16 ára aldurs, en frv. vill, að hún falli niður við 14 ára aldur, þegar svo er ástatt, sem jeg nefndi, að faðirinn er annaðhvort farinn úr landi eða látinn. Allshn. hefir ekki getað fallist á, að þetta sje rjettmætt. Þar sem framfærsluskyldan að vorum lögum nær til 16 ára aldurs, þykir nefndinni ekki rjett að gera undantekningu með þennan flokk barna, sem oft eiga versta aðstöðu. Að vísu getur átt sjer stað misnotkun á þessu ákvæði, þannig að meðlagið

gangi ekki til framfærslu barnsins, en það verður ekki lagfært, þótt þessi fáu börn sjeu tekin út úr. Og þar sem atvrn. á að ákveða meðalmeðgjöfina fyrir alt landið, má helst sjá við misnotkun með því að láta meðgjöfina vera lága fyrir börn á aldrinum 14—16 ára.

Þarf jeg svo ekki að orðlengja um þetta, en vænti þess, að hv. deild samþykki frv. með brtt. allshn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. allshn. skjóta afgreiðslu þessa máls, og sje jeg ekki ástæðu til að gera ágreining um brtt. hv. nefndar. Jeg vil aðeins taka fram, að það var ekki ætlun stjórnarinnar, að frv. þetta ætti að ganga út yfir börnin, heldur ætti að leggja framfærsluskylduna á hendur móðurinnar um þessi tvö ár, þegar framfærslu þyrfti á annað borð. — Það kemur sjaldan fyrir, að gefa þurfi með börnum eftir 14 ára aldur, og þá sjaldan það á sjer stað, ætti móðurinni ekki að vera það um megn. Með þessu frv. hefir aðstaða barnsmæðra batnað svo, að stjórnin áleit, að eitthvað mætti taka frá þeim í staðinn. En þetta er ekki verulegt atriði, og það því síður, sem vænta má meira samræmis um meðlögin nú en áður.

Það að samræma meðalmeðgjöfina er aðalatriðið í þessu frv. Er hægt að sýna þess dæmi, að meðlög í næstu sýslum hafa verið mjög ósamræm, og er það varla að furða, þegar þau eru ákveðin af 18 stjórnarvöldum, sem ekki geta borið sig saman.

ATKVGR.

Brtt. 36 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 42).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Frv. þetta hefir gengið í gegnum hv. Nd. og tók þar aðeins einni breytingu, þeirri, að felt var aftan af því ákvæði um, að mæður óskilgetinna barna geti fengið meðlag af dvalarsveit til 14 ára aldurs eingöngu, en ekki til 16 ára eins og nú er.

Aðalbreyting sú, sem frv. ráðgerir á gildandi lögum, er sú, að ráðuneytið skuli ákveða meðalmeðlag á öllu landinu með óskilgetnum börnum. Verða þau ákveðin að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, en ráðuneytið færir til betra samræmis till.

þeirra. Um þetta varð enginn ágreiningur í hv. Nd., og vona jeg, að frv. fái greiðan gang í gegnum þessa háttv. deild.

Jeg legg til, að málinu verði hjer, eins og í hv. Nd., vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 260).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. gerir breytingar á 26. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Það skýrir ákvæðin um það, hvenær barnsmóður sje heimilt að krefjast barnsfúlgu af meðlagssveit, ef barnsfaðir hefir ekki greitt á rjettum gjalddaga. Frv. gerir þá breytingu, að í stað sýslunefnda og bæjarstjórna ákveði atvinnumálaráðuneytið, eftir tillögum þessara stjórnarvalda, meðalmeðgjöf í hverju sveitarfjelagi. Jeg hjelt í fyrstu, að þessa væri ekki mikil þörf. En eftir að nefndin kynti sjer auglýsingu í Stjórnartíðindunum 14. maí 1925, þá sannfærðist hún um, að þetta hefir gengið misjafnlega á þennan hátt. Sumar sýslunefndir hafa ákveðið meðlagið fyrir 4 ár í senn, sumar 5 ár jafnt. Ein hefir jafnvel komist upp í 12 ár — jeg held í Vestur-Ísafjarðarsýslu, eða jafnt með barni, hvort það er á 1. ári eða 12. — Það nær auðvitað engri átt.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, að miða við svo mismunandi aldur, ber allshn. fram brtt. við 1. gr., að bætt sje inn á eftir orðunum „aldur barna“ í niðurlagi 3. málsgr.: „hinn sama á öllu landinu“.

Eins og getið er um í nál., álítur nefndin frv. vera til nokkurra bóta og leggur til, að það verði samþykt með þessari breytingu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer þykir vænt um, að hv. allshn. hefir getað gengið inn á þá hugsun, sem felst í frv. Jeg get sagt það, að jeg hefi ekkert að athuga við þá brtt., sem nefndin hefir borið fram. En jeg álít, að nóg hefði verið að koma fram með hana sem bending í nál., því að stjórnin mundi áreiðanlega hafa tekið hana til greina. En þó að brtt. sje samþykt, ætti ekki að vera nein hætta á, að frv. dagaði uppi fyrir því. Svo langt er eftir þingtímans enn.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Nefndin bjóst ekki við, að þetta yrði til þess að fella frv., þó að það færi aftur til Nd. Þótt nefndinni þætti hinsvegar hv. Nd. hafa spilt frv., eins og sýnt er í nál., með því að fella niður síðustu málsgr. 1. gr., vildi hún þó ekki setja ilt blóð í hv. deild með því að fella gr. inn í aftur. En mjer finst háttv. Nd. ekki muni hafa ástæðu til að setja sig upp á móti þessari breytingu, því að hún er þó nokkurs virði, eftir því sem áður hefir gengið til með þetta.

ATKVGR.
Brtt. 260 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 276).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 276).
Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Kjartansson): Síðan mál þetta var til umræðu hjer, hefir hv. Ed. haft það til meðferðar og gert á því smábreytingu. Hún hefir bætt við 1. gr. þessum fimm orðum: „hinn sama á öllu landinu". Þótt nefndin líti svo á, að þessi viðbót sje óþörf, getur hún samt ekki sjeð, að hún verði frv. neitt til tjóns. Sjer hún því ekki ástæðu til að færa þetta í samt lag aftur og leggur til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 312).

---

27. Varnir gegn berklaveiki.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 61).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Þegar lögin um varnir gegn berklaveiki voru hjer til umræðu á Alþingi 1921, var þm. mjög óljóst um þann kostnað, er þau hefðu í för með sjer. Kom þá fram í þskj., að kostnaður þessi mundi geta farið upp í 60—70 þús. kr., og áttu bæjar- og sýslufjelögin að annast um greiðslu á $\frac{2}{5}$ kostnaðarins, en ríkissjóður $\frac{3}{5}$.
Þetta var vitanlega áætlun, enda kom fljótt á daginn, að ekkert var á henni að byggja, eins og best sjest á því, að þegar á næsta ári, 1922, eru gjöldin vegna berklavarnalaganna komin upp í 131 þús. kr.; 1923 verða þau 280 þús.; 1924 330 þús., og nú eru þessi gjöld samkv. LR þeim, er liggur hjer fyrir til samþ., komin upp í rúma hálfa miljón króna. Auk þessara gjalda ríkissjóðs, hafa bæjar- og sýslufjelög goldið sinn skerf öll þessi ár; fyrst framan af $\frac{2}{5}$ kostnaðar, en eftir 1923 dálítið minna, því að þá var sú breyting gerð á lögunum, að í stað $\frac{2}{5}$ var sett hámarksgjald: 2 kr. á hvern heimilisfastan mann í sýslunni eða kaupstaðnum. Þessi breyting var gerð vegna þess, að 1923 voru þessi gjöld orðin lítt bærileg fyrir sum sýslu- og bæjarfjelög, eða komin upp í 3 kr. á hvern heimilisfastan mann í

einstökum sýslum. Undanfarin ár, eða síðan 1923, hafa svo bæjar- og sýslufjelög greitt þetta hámarksgjald. Aðeins tvö bæjarfjelög og tvö sýslufjelög hafa enn ekki náð því að greiða að fullu þetta hámarksgjald, en auðvitað mestan hluta gjaldsins samt. Hinsvegar hafa flest lögsagnarumdæmin orðið að leggja út til bráðabirgða talsvert hærri upphæð en þeim ber samkv. hámarksgjaldinu, en það hafa þau fengið endurgreitt úr ríkissjóði á sínum tíma.

Þetta frv. á þskj. 61 fer fram á að breyta 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki frá 1921 og að nema úr gildi lögin frá 1923 um sama efni. Breytingin er aðeins í því fólgin, að bæjarfjelög og sýslufjelög greiði hjer eftir upp í berklavarnakostnaðinn 2 kr. fyrir hvern mann í lögsagnarumdæminu, í stað þess að áður var þetta gjald hámark þess, er hverri sýslu eða bæjarfjelagi ber að greiða.

Að vísu mætti segja, að þeim 4 lögsagnarumdæmum, sem enn hafa ekki náð því að þurfa að greiða hámarksgjaldið, sje órjettur ger með þessari breytingu, og að þau greiði lítið eitt meira hjer eftir. En þá er því að svara, að óvíst sje nema þau þá og þegar nái því að fylla hámarksgjaldið. Um það skal engu spáð. Hinsvegar mætti benda á, að lögin um berklavarnir eru sett vegna landsmanna yfir höfuð, jafnt vegna lítið sýktu sveitanna sem hinna sýktu, og þess vegna rjettlátast, að allur kostnaður þar af leiðandi sje greiddur úr sameiginlegri fjárhirslu ríkisins, en ekki færður yfir á sýslu- og bæjarfjelögin.

Þess vegna tel jeg það ekki neina raunverulega breytingu, þó að öllum sýslu- og bæjarfjelögum sje gert jafnt undir höfði og látin greiða sama hámarksgjald, en hitt verð jeg að telja hagræði mikið fyrir lögsagnarumdæmin, að geta hjer eftir greitt gjaldið beint í ríkissjóð. En af því leiðir þá, að allir reikningar ganga beint til stjórnarráðsins, þar sem þeir verða úrskurðaðir. Enda tel jeg það sjerstaklega áríðandi, þegar um jafnhá gjöld er að ræða fyrir ríkissjóð, og ekki nema sjálfsagt, að stjórnarráðið endurskoði og úrskurði alla slíka reikninga. Þá gefst stjórnarráðinu líka tækifæri til að sjá um, að reikningarnir sjeu svo sundurliðaðir sem þörf er á.

Jeg tel ekki þörf á að hafa þessa framsögu öllu lengri, en skal þó geta þess, að það, sem aðallega kom mjer til þess að athuga þetta mál, var samþykt á þingmálafundi vestra um, að sýslu- og bæjarfjelög yrðu undanþegin þeirri kvöð að greiða öll þessi gjöld. Enda hafa sýslufjelögin oft lent í vandræðum og fjárþröng, orðið að taka lán, sem misjafnlega hefir gengið, til þess að geta í bili staðið straum af þessum geysimikla kostnaði. Má þetta því skoðast sem lántaka fyrir ríkissjóð, en virðist óþarft að sýslufjelögin eða bæjarfjelögin leggi þá kvöð á sig hans vegna.

Að vísu má segja, að með breytingu þessari verði um eitthvert rentutap að ræða fyrir ríkissjóð, en það ætti að vinnast upp í margskonar skriffinskusparnaði og ýmsu fleiru, sem breyting þessi hefir í för með sjer.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að mælast til, að frv. fái að ganga til 2. umr. og geri að till. minni, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 241 og 245).

Frsm. meiri hl. (Jón Guðnason): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, miðar aðallega til þess að gera þá breytingu á núgildandi lögum um berklavarnir, að í staðinn fyrir það, að berklavarnakostnaðurinn er nú borgaður af hlutaðeigandi sýslusjóðum, sem kröfur eiga um endurgreiðslu á nokkrum hluta hans hjá ríkissjóði, þá skuli eftirleiðis kostnaðurinn greiddur beint af ríkissjóði, en hann eigi aftur kröfu á sýslusjóðina um 2 kr. gjald á hvern íbúa sýslnanna.

Meiri hluti nefndarinnar telur þessa breytingu til mikilla bóta. Það hefir verið erfitt og umfangsmikið fyrir sýslusjóðina að sjá um þessar greiðslur, þó aldrei nema þeir hafi fengið það síðar endurgreitt, sem þeim bar. En fyrir ríkissjóð skiftir þetta engu máli.

Hjer er því aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða, sem ekki eykur útgjöld ríkissjóðs á neinn hátt, en ljettir til muna á sýslusjóðum. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til, að hv. deild samþ. frv. þetta.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Eins og sjá má á nál. á þskj. 245, hefi jeg ekki getað átt samleið með háttv. meiri hl. um afgreiðslu þessa máls. Og þar sem jeg geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til hæstv. stjórnar, þá vil jeg leyfa mjer að rökstyðja það nokkru nánar.

Þegar þetta mál, um varnir gegn berklaveiki, var til meðferðar á Alþingi 1921, var gert ráð fyrir, að kostnaður sá, er ríkissjóður þyrfti að greiða vegna meðlags með sjúklingum samkv. 14. gr. berklavarnalaganna, mundi nema um 72 þús. kr., eða sem næst 22 þús. kr. fram yfir það, sem ríkissjóður greiddi þá í meðlag vegna berklasjúklinga.

Hinsvegar var búist við, að kostnaður þessi mundi aukast nokkuð og meðal annars gert ráð fyrir, að fjölga þyrfti rúmum fyrir berklaveika sjúklinga, og mundi þá kostnaðurinn þokast upp í 122 þús. kr. Ennfremur bjóst berklaveikisnefndin við, að byggja þyrfti sumarhæli fyrir 30—40 börn, en meðlag ríkissjóðs með börnum þessum áætlað um 2—3 þús. kr., og var þá berklavarnakostnaðurinn kominn upp í 125 þús. kr. samkvæmt áætlun nefndarinnar. En til þess nú að vera alveg ugglaus um, að hvergi skeikaði í kostnaðaráætlun, bætti nefndin við heildarupphæð þessa 9 þús. kr. Var þá hinn árlegi meðlagskostnaður ríkissjóðs orðinn 130—140 þús. kr., en þótti svo varlega áætlaður, að ekki kæmi til mála, að hann færi þar fram úr.

Jeg býst ekki við, að á Alþingi 1921, eða nú, sje nokkur sá þm., sem sæi eftir þessum 130—140 þús. kr. til berklavarna, ef hægt hefði verið með því að vinna bug á þessum voðalega vágesti. En það fór hjer sem raunar alt of oft hefir átt sjer stað, að áætlanirnar stóðust ekki og kostnaður varð

allur annar og margfaldaðist ár frá ári. Jeg ætla nú að skýra frá, hver kostnaðurinn hefir orðið þessi ár, sem berklavarnalögin hafa verið í gildi:

Árið 1922 varð kostnaðurinn ..... 131240,99 kr.
— 1923 verður hann ..... 280914,09 —
— 1924 er hann áætlaður 75 þús. kr., en verður 331747,26 —
— 1925 er hann áætlaður 300 þús. kr., en verður 504076,72 —
— 1926 er hann líka áætlaður 300 þús. kr., en ekki sjeð enn með vissu, hvað hann verður, því að enn eru ekki allir reikningar komnir fram. Þó mun óhætt að gera ráð fyrir því, að kostnaðurinn komist eitthvað yfir það, sem hann var árið áður, eða tölurvert á 6. hundrað þúsund króna.

Samkv. þessari skýrslu fer berklavarnakostnaðurinn stöðugt vaxandi og hækkar hröðum skrefum.

Það er langt síðan mönnum ofbauð þessi gífurlegi kostnaður, og nokkuð síðan farið var að ræða um það hjer á þingi, að eitthvað þyrfti að gera til þess að færa hann niður. En hingað til hefir menn greint á um, hvernig það skyldi gerast, og því hefir ekkert úr því orðið.

Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er farið fram á þá breytingu á 14. gr. berklavarnalaganna, að gjald sýslu- og bæjarfjelaga verði fastsett 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Nú er það svo, að sýslu- og bæjarfjelög greiða ⅖ kostnaðar vegna berklavarnalaganna, en kostnaður hvers einstaks sýslu- og bæjarfjelags má ekki fara fram úr 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Fari kostnaðurinn fram úr þessari upphæð, þá endurgreiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

Það mun að vísu svo komið, að flest sýslu- og bæjarfjelög hafa þegar náð þessu hámarki, en þó eru fáein, sem eru þar fyrir neðan enn. En þó svona sje ástatt, er varhugavert að ganga inn á þá braut, sem ætlast er til með frv.

Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um það ranglæti, sem hjer verður framið gagnvart þeim hjeruðum, sem ekki hafa náð hámarkinu. Þessi breyting mundi verka sem svipuhögg á þessi hjeruð fyrir þeirra baráttu við að koma berklavarnakostnaðinum niður. Þetta ranglæti gagnvart þessum fáu hjeruðum er þó aukaatriði, því að annað atriði er þar enn alvarlegra, og það er, að ef frv. verður samþ., þá eykur það stórum kostnað og gerir berklavarnirnar þó ekki öruggari heldur en þær eru nú. Það er auðvelt að sýna fram á þetta.

Þegar fastsett hefir verið samkv. frv., að hvert sýslufjelag og bæjarfjelag skuli greiða 2 krónur fyrir hvern heimilisfastan mann, þá er ekki lengur nein ástæða til þess fyrir sýsluðа bæjarfjelög að reyna, eins og áður, að komast ljettara út af berklavarnakostnaðinum. Með frv. á að skylda þau til þess að greiða hámarksgjaldið, sem nú er, 2 krónur, alveg án tillits til hins raunverulega kostnaðar. Þau hafa ekki framar neinn áhuga fyrir því að fá kostnaðinn niður.

En hverjar yrðu afleiðingar þessa? Mundi það ekki taka burt frá stjórnarvöldum hjeraðanna öflugustu hvötina til útrýmingar berklaveikinnar? Því þess verða menn vel að gæta, að

hjer fer þetta tvent saman: dyggileg barátta móti berklaveikinni og von um minkandi útgjöld vegna berklavarnalaganna. — Sje vel og öfluglega unnið að útrýmingu veikinnar, er hægt að fá kostnaðinn niður. Þetta stóra vopn í baráttunni móti berklaveikinni er með frv. þessu slegið úr höndum hjeraðsstjórnanna.

Berklavarnakostnaðurinn er nú orðinn svo mikill, að menn hljóta að hafa áhuga fyrir því að fá hann lækkaðan með einhverju móti. Jeg er viss um, að það getur tekist, ef breytt er ýmsum ákvæðum berklavarnalaganna. En verði frv. þetta samþ., hefir það öfugar verkanir við það, sem hv. flm. (SigurjJ) og öll þjóðin ætlast til.

Jeg hefi tekið það fram í nál. mínu, að jeg álít, að endurskoða þurfi berklavarnalögin. Og þess er áreiðanlega full þörf, því að reynslan hefir sýnt og sannað, að þau lög eru mjög gölluð.

Hinn mikli kostnaður, sem ríkið og hjeruðin bera nú vegna berklavarna, stafar að miklu leyti af óheppilegum ákvæðum í lögunum, svo sem t. d. ákvæðum 14. gr. (í upphafi), þar sem svo er fyrir mælt, að berklaveikissjúklingar skuli annaðhvort fá ókeypis sjúkrahús- eða hælisvist, eða þá alls ekki neitt. Með þessu ákvæði er ekki um neinn meðalveg að ræða. Það er engin leið til þess, að hið opinbera — sýslusjóðir, bæjarsjóðir og ríkissjóður — og sjúklingar skifti kostnaðinum niður á milli sín. En þessu þarf að koma þannig fyrir, að allir þessir aðiljar hafi áhuga fyrir því að fá þennan gífurlega kostnað lækkaðan.

Það mun líka mega fullyrða, að nú dvelja hjer í heilsuhælum og sjúkrahúsum miklu fleiri sjúklingar en þurfa þar að vera. En þetta stafar af óheppilegum ákvæðum berklavarnalaganna, og þetta hleypir fram kostnaði ríkissjóðs að stórum mun.

Það er eflaust margt fleira en jeg hefi nú drepið á, sem þarf að endurskoða í lögunum um varnir gegn berklaveiki. T. d. mun það nú vera svo við sjúkrahús víðsvegar um land, að læknar fá sjerstaka borgun fyrir að stunda þessa sjúklinga, og að sú borgun er tekin og miðuð við fjölda legudaga. Berklavarnalögin eru hjer liður í atvinnugrein læknanna. Hjer gæti komið til álita að skylda hjeraðslækna til þess að stunda þessa sjúklinga fyrir litla eða enga borgun, og er þó ekki lagt meira á þá með því heldur en ýmsa aðra embættismenn þjóðfjelagsins, sem verða að inna af hendi margskonar og vandasöm verk fyrir ekki neitt. Eftir því, sem jeg hefi komist næst, mun láta nærri, að 70—100 þús. kr. af berklavarnakostnaðinum fari til lækna. Þetta er engin smáræðis fúlga.

Eins og jeg hefi tekið fram í nál. mínu, get jeg ekki fallist á, að frv. þetta verði samþykt nú. Jeg álít, að betra sje að endurskoða lögin, og þó sjerstaklega að reyna að finna einhverja leið til þess að koma hinum gífurlega kostnaði, sem af þeim leiðir, eitthvað niður. Og jeg álít, að besta ráðið til þess sje að fá hjeruðin og sjúklingana þar í lið með sjer.

Jeg legg þess vegna til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, með þeim formála, að hún taki berklavarnalögin til endurskoðunar, og þó sjerstak-

lega þau ákvæði þeirra, er jeg hefi minst á hjer á undan, og reyni svo að koma með góðar till. um breytingar fyrir næsta þing. Jeg álít, að stjórnin hafi besta aðstöðu til þessa. Hún hefir fengið allar þær upplýsingar, sem hv. meiri hl. nefndarinnar vill að komi fram. Og stjórnin er svo stór aðili í þessu máli, að hún á hreint og beint heimtingu á því að fá alla reikninga berklavarnakostnaðinum viðvíkjandi í sínar hendur, — líka þá reikninga, sem bæjar- eða sýslusjóðir hafa greitt og geyma hjá sjer.

Berklavarnalögin hafa nú fengið talsverða reynslu, og reynslan hefir sýnt, *að kominn er tími til þess að endurskoða þau og fá kostnaðinn við framkvæmd þeirra lækkaðan, án þess þó að draga úr gildi laganna sjálfra og því hlutverki, sem þeim er ætlað að vinna.*

Sigurjón Jónsson: Jeg skal byrja á að lýsa yfir því, að jeg er þakklátur hv. meiri hl. nefndarinnar fyrir það, hvernig hann hefir tekið frv. þessu, þar sem hann leggur til, að það sje samþ. með örlitlum breytingum.

Einn nefndarmanna, hv. þm. V.-Sk. (JK), hefir ekki getað gengið inn á frv. og vill vísa málinu til stjórnarinnar. Það eru aðallega tvær ástæður, sem hann ber fram máli sínu til stuðnings. Annarar þeirra er getið í nál. hans, þar sem hann telur, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni heldur verða til þess að auka berklavarnakostnaðinn en minka hann. Jeg býst við því, að hann hafi hjer í huga aukinn kostnað fyrir þau hjeruð, er hafa enn ekki náð hámarksgjaldi, enda sagði hann eitthvað á þá leið, að með þessu frv. ætti nú að refsa þeim, sem sparlegast hefðu á haldið.

Hin ástæðan, er hann færði fram, var sú, að hjer væri um stefnubreytingu að ræða, og ef Alþingi samþykti þetta frv., þá ætti það óhægt um vik að taka málið til rækilegrar yfirvegunar.

Jeg skal nú athuga nokkru nánar þessi tvö atriði.

Hv. þm. (JK) heldur því fram, að kostnaður út af berklavarnalögunum sje orðinn mjög mikill. Þetta er alveg rjett. En hann heldur því fram, að kostnaður þessi muni aukast, ef frv. mitt verður samþ. Hann heldur því líka fram, að sýslu- og bæjarfjelög muni ekki, ef frv. verður samþykt, eins og áður hugsa um að draga úr kostnaðinum, ef þau eru skuldbundin til þess að greiða hámarksgjaldið, sem nú er 2 krónur á hvern búsettan eða heimilisfastan mann, án tillits til þess, hverjar ráðstafanir þær geri til þess að hindra berklaveikina og draga úr þeim kostnaði, er af henni leiðir. Sannleikurinn er nú sá, að nálega öll bæjar- og sýslufjelög greiða hámarkið, eða 2 krónur. Gagnvart öllum þeim bæjarfjelögum og sýslufjelögum, sem þegar greiða hámarksgjaldið,getur þessi röksemdafærsla hv. þm. alls ekki staðist. En það munu þó vera fjögur hjeruð alls, er greiða eitthvað minna. Hv. frsm. minni hl. (JK) ætlar nú líklega þessum fjórum hjeruðum það, að þau muni ekkert hugsa um að halda niðri kostnaðinum, eins og þau hafa gert að þessu, ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Jeg tel nú þetta getsakir hjá hv. þm. í garð þeirra hjeraða. Get jeg

ekki sjeð, að þessar getsakir hafi við nokkur rök að styðjast.

Jeg vil hjer benda á, að samkvæmt frv. hefir stjórnarráðið úrskurðarvald um það, hvenær sjúklingur er styrkhæfur. Þar segir svo, í seinasta málsl. 1. gr. (með leyfi hæstv. forseta):

„Úrskurðar stjórnarráðið ... hvort sjúklingur sje styrkhæfur og að hve miklu leyti".

Hjer er því stjórnarráðinu í sjálfsvald sett, hvern eða hverja sjúklinga það telur styrkhæfa.

Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, hve mikið berklakostnaðarstyrkurinn hefir aukist á seinustu árum og hve þungan bagga ríkissjóður ber nú hans vegna. Kostnaðurinn er nú orðinn alt að ¾ milj. króna. Þar af greiðir ríkissjóður um 500 þús., en sveitar- og bæjarsjóðir yfir 200 þús. kr. Eins og lögin nú eru, höfum við engin ákvæði um, hverjir skuli hafa eftirlit með og hverjir skuli úrskurða þá reikninga, er af berklavarnalögunum leiða, og það má ekki dragast lengur, að ákvæði sjeu um þetta sett. Vegna þess, hve kostnaðurinn er orðinn mikill, ¾ miljón króna á ári, þá er sjálfsagt, að haft sje eftirlit með reikningum og að þeir komi allir á einn stað, í staðinn fyrir það, að nú eru þeir úti um alt land — hjá bæjarstjórnum og sýslufjelögum.

Það segir sig sjálft, að þeir, sem eiga að úrskurða þessa reikninga, verða að fylgjast með öllu því, er í málinu gerist. Um sparnaðinn af frv. þessu þarf ekki að taka fram annað en það, að sjálfsagt þykir, að gott og trygt eftirlit sje með öllum greiðslum úr ríkissjóði, reikningar sjeu vandlega yfirfarnir og úrskurðaðir, nema hvað berklavarnakostnaðinn snertir. Þar er engin ein stofnun, sem ber aðalábyrgð á greiðslunum. Þessu vil jeg kippa í lag og geri jeg ákveðið ráð fyrir, að af því mundi sparnað leiða, segjum, að hann yrði 2%, þá getur hann náð 15 þús. kr. Við höfum oft horft í minna hjer á þingi, en jeg vil þó láta þess getið, að sparnaðurinn getur orðið miklu meiri en þetta.

Við hv. þm. V.-Sk. (JK) höfum komist að svipaðri niðurstöðu um, hve mikið sje greitt fyrir læknishjálp vegna þessara laga. — Ekki er nú hægt að sjá nákvæmlega, hve mikið er greitt til lækna. Jeg hefi spurst fyrir um það í stjórnarráðinu, hve miklu muni nema það, sem læknum hefir verið greitt, en fjekk það svar, að það væri ekki hægt, vegna þess, að reikningarnir væru úti um alt land.

Þetta sýnir best, hvernig eftirlitið með þessum lögum er.

Það er rjett hjá hv. þm. V.-Sk., að kostnaður til lækna út af berklavörnunum mun nema 70—100 þús. kr. á ári. Jeg hefi reynt að afla mjer upplýsinga um þetta og hefi fengið að vita, að árið 1925 nam lækniskostnaður við eitt sjúkrahús hjer á landi um 8840 kr., og árið 1926 við sama sjúkrahús um 8700 kr. Þessi kostnaður er, að því jeg framast veit, um 13% af öllum sjúkrakostnaðinum við umrætt sjúkrahús.

Jeg tek undir það með hv. frsm. minni hl. (JK), að það er einkennilegt, að ríkið skuli greiða einni stjett embættismanna svo mikið fje fyrir aukaverk, mönnum, sem hafa ákveðin embættismannalaun frá ríkinu. En

þetta má best laga með því, að stjórnarráðið fái alla reikninga í sínar hendur.

Þá var hv. þm. (JK) að tala um, að með þessu frv. ætti að refsa þeim hjeruðum, sem svo hefðu vel barist gegn berklaveikinni, að þau þyrftu ekki ennþá að greiða hámarksgjaldið. Ef þetta er rjett, þá ætti hitt að vera rangt, að láta ríkissjóð greiða ⅔ af berklavarnakostnaðinum, eins og nú á sjer stað. Sá kostnaður er tekinn af öllum landsmönnum jafnt — og hvaða refsing er það þá, þótt svo sje fyrir mælt í lögum, að öll hjeruð skuli greiða jafnt til berklavarnanna? Hjer er líka þess að gæta, að þau hjeruð, sem hafa verið svo lánsöm, að þar eru fáir berklaveikissjúklingar, standa betur að vígi með að greiða þetta gjald heldur en þau hjeruð, þar sem mikið er um berklaveiki.

Þá vil jeg minnast á það atriði, er mjer virðist aðalatriðið hjá hv. minni hluta (JK), þar sem hann segir, að við stöndum ver að vígi með að endurskoða berklavarnalögin, ef þetta frv. nær fram að ganga. En þetta er ekki rjett, því að hjer er ekki um neina stefnubreytingu að ræða og við stöndum jafnt að vígi eftir sem áður með að endurskoða lögin. Hjer er aðeins gengið út frá því, að sýslusjóðir og kaupstaðasjóðir greiði jafnt, hámarksgjaldið, en allir reikningar verði sendir stjórnarráðinu til endurskoðunar. Með því móti getur maður hugsað sjer, að eitthvað verði dregið úr kostnaðinum, og þá á fyrst og fremst að draga úr kostnaði ríkissjóðs. En það liggur opið fyrir að lækka útgjöld bæjar- og sýslusjóða, ef þeir tímar skyldu koma, sem þó er lítið útlit fyrir, að okkur takist að draga svo mikið úr berklavarnakostnaðinum, að sá upprunalega ákveðni hluti sýslu- og bæjarfjelaga fari alment niður úr hámarksgjaldinu, því að reynslan er sú, að hann eykst nú hröðum fetum ár frá ári.

Frsm. meiri hl. (Jón Guðnason): Jeg hefi ekki mikið að segja, því að hv. flm. (SigurjJ) hefir alveg tekið af mjer ómakið og sýnt glögt, hve mikil þörf er á því, að frv. þetta nái fram að ganga. Frv. þetta, ef að lögum verður, verður ekki til þess að auka berklavarnakostnaðinn, heldur þvert á móti.

Það segir sig sjálft, að það verður miklu auðveldara að hafa hönd í bagga með því, að kostnaðurinn aukist ekki, eða fari ekki fram úr hófi, ef stjórnarráðið fær alla reikningana í sínar hendur. Jeg get hugsað, að það reynist svo, eins og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) tók fram, að nokkur tími líði áður en þessi lög verða tekin til rækilegrar endurskoðunar. Misrjetti það, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) talaði um gagnvart þeim hjeruðum, sem ekki hafa náð hámarki, verður hverfandi lítið. Enda eru það ekki nema fá hjeruð og getur eigi orðið um stórar upphæðir að ræða. Hinsvegar standa þau hjeruð sig vel við að leggja þetta fram, sem eru laus við þennan voðalega vágest og afleiðingar hans. Það er rjett hjá hv. þm. Ísaf., að í þessu kemur fram sú sama stefna, sem uppi var þegar berklavarnalögin voru samin. Jeg tel það mjög varhugavert að ganga inn á þá braut, að draga úr berklavarnakostnaðinum með því að draga úr sjúklingum að leita sjer lækn-

ishjálpar með opinberum styrk. Hitt er ekki nema rjett, að stjórnarráðið úrskurði, hvort sjúklingarnir sjeu styrkhæfir, eða að hve miklu leyti, og sje þá litið á efnahaginn. Jeg lít svo á, að stjórnin standi í þeim efnum fult svo vel að vígi eins og hjeruðin, einkum að því er snertir að líta hlutlaust á málið.

Brtt. þær, sem við höfum flutt við frv., eru smávægilegar. Við 3. gr. höfum við bætt því ákvæði um ljóslækningasjúklinga, að þeim skuli greiddur styrkur úr ríkissjóði að því er lækningakostnaðinn snertir. Önnur brtt. er aðeins til skýringar, en 3. brtt. er nýtt ákvæði.

Að svo mæltu vil jeg aðeins leyfa mjer að óska þess, að frv. nái samþykki hv. deildar.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Mjer skilst, að það sje ærin krókaleið, sem hv. meiri hl. nefndarinnar og hv. flm. vilja fara í þessu máli. Aðaláhugi hv. meiri hl. og hv. flm. er það, að láta alla reikninga fara í stjórnarráðið. Jeg get ekki skilið annað en að stjórnin geti krafist allra fylgiskjala frá sýslumönnum og bæjarfógetum, svo þessi krókaleið til þess að ná þessu er algerlega óþörf. Til þess að ná þessu þyrfti ekki annað en að beina því til hæstv. stjórnar, að hún ljeti senda sjer öll fylgiskjöl með reikningunum. Jeg tel því algerlega óþarft að breyta berklavarnalögunum til þess að koma þessu fram.

Hjer er líka, eins og jeg hefi tekið fram áður, verið að auka mjög kostnaðinn hjá þeim hjeruðum, sem ekki hafa náð hámarki. Þegar ákveðið er, að öll hjeruðin skuli greiða jafnt, er þar með búið að slá úr höndum þeirra allan áhugann á því að minka kostnaðinn. En það er vitanlegt, að þau hafa mikinn áhuga fyrir því að fá kostnaðinn niður. Og þegar það fer saman, að ganga dyggilega fram í því að útrýma berklaveikinni og draga úr kostnaðinum, þá er það ekki rjett, sem haldið hefir verið fram af hv. frsm. og flm., að það sje rjettmætt, að öll hjeruðin greiddu jafnt. Með því að segja í eitt skifti fyrir öll, að öll hjeruðin skuli greiða jafnt, eins þau, sem búin eru að útrýma veikinni hjá sjer, þá verkar það sem svipuhögg á þessi hjeruð fyrir baráttu þeirra gegn veikinni. Jeg hygg, að þá sje best barist, er bæði ríkið, hjeruð og einstaklingarnir vinna saman að útrýmingu veikinnar; með því tekst hún, en fyr ekki. — Jeg vildi að lokum beina því til hæstv. stjórnar, hvort hún telur sjer ekki fært eins og nú standa sakir að koma því svo fyrir, að hún fái alla reikninga ásamt fylgiskjölum til sín og að þeir verði ekki greiddir fyr en þeir hafa verið úrskurðaðir í stjórnarráðinu. Það má vera, að það sje rjett, að hjeruð, sem hafa náð hámarki, komist ekki í bráðina niður fyrir það aftur. En þó get jeg ekki skilið í öðru en að það megi takast, þegar sjúkrahúsum fjölgar. T. d. er nú verið að reisa heilsuhæli á Norðurlandi, en fjölgun heilsuhæla hlýtur að vinna mjög á veikinni. Er því ekki ósennilegt, að berklakostnaðurinn geti þokast niður. Jeg tel það því mjög óhyggilegt að fastsetja framlag allra hjeraðanna, því að með því er slegin niður sú mesta hvöt, sem þau hafa til að vinna að útrýmingu veikinnar og að draga úr kostnaðinum.

Sigurjón Jónsson: Hvað það snertir, að með þessu frv. sje áhuginn tekinn frá landsmönnum á því að halda berklavarnakostnaðinum niðri, þá er það vitanlegt, að hjeruðin eru flest öll á hámarki um kostnað af þessum lögum, samkv. breytingum á lögunum frá 20. júní 1923. Það eru aðeins 4 hjeruð, sem ekki hafa náð því enn, og öll líkindi eru til þess, að þau muni ná því, e. t. v. í ár. Veikin hefir farið vaxandi alstaðar og það getur naumast dregið úr áhuganum á að halda kostnaðinum niðri, að hjeruðin greiði hið sama og þau greiða nú.

Þá er uppástunga hv. þm. V.-Sk. (JK) um það, að allir reikningar skuli koma til stjórnarráðsins áður en þeir eru greiddir. Um hana er það að segja, að eins og nú er háttað hafa sjúkrahús heimild til að innheimta reikningana hjá sýslu- og bæjarfjelögum, og þegar þeir koma til stjórnarráðsins, eru hjeruðin búin að greiða sinn hluta. Stjórnarráðið getur því ekki eins og nú er ástatt haft bein afskifti af þessu.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta að sinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil nota þetta tækifæri til að segja það, að jeg tel það öldungis óhjákvæmilegt að taka gjaldaákvæði berklavarnalaganna til rækilegrar endurskoðunar. Með þessu frv. er eitt atriði tekið út úr heildinni og því ráðið til lykta á þann hátt, að það má ekki verða sú endanlega niðurstaða að því er snertir það einstaka atriði.

Þegar núgildandi ákvæði um skiftingu kostnaðarins voru sett í berklavarnalögin, þá var hugsunin, eins og hv. þm. V.-Sk. (JK) rjettilega tók fram, sú, að stilla svo til, að hjeruðin ættu hagsmuna að gæta um það, að kostnaðurinn yrði sem minstur. Og að því lengra, sem kæmist í því, því ljettari yrði byrðin fyrir það hjerað. Í framkvæmdinni hefir þessi hugsun hinsvegar ekki fengið að njóta sín til fulls. Aðalmeiningin með endurskoðun hlýtur því, að minni hyggju, að eiga að vera sú, að þessi heilbrigða hugsun fái að njóta sín, en með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er hún algerlega lögð á skurðarborðið. Eftir þessu frv. hafa engir aðrir aðiljar en ríkissjóður einn hagsmuna að gæta um minkun kostnaðarins, og er þá hætt við, að erfitt verði að draga úr hinni óhóflegu og óþörfu eyðslu, sem á sjer stað í þessum efnum, að sögn þeirra lækna, sem veita forstöðu berklastofnunum í landinu. Jeg vil þó ekki, að ummæli mín verði misskilin á þann veg, að jeg telji eftir einn einasta eyri af opinberu fje, sem nauðsynlegur er og að gagni má koma til berklavarna. En það er vitanlegt, að þessi styrkur er nú mjög misbrúkaður, og það jafnvel af sumum þeirra, er njóta hans til heilsuspillis. Það er því algerlega nauðsynlegt að taka lögin í heild til rækilegrar endurskoðunar, en þá á ekki að taka eitt atriði út úr, eins og gert er í þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg tel líka ástæður þær, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) bar fram í þessu efni, mjög ljettvægar.

Hvað reikningana snertir sje jeg ekki neitt því til fyrirstöðu, að þess væri krafist, að þeir sjeu tvíritaðir, og sje annað eintakið sent sýslumanni eða bæjarfógeta, en hitt til stjórnarráðsins, sem legði úrskurð sinn á reikninginn. Ef svo sýslumaður hefir greitt

of mikið, er ekki annað en að ríkissjóður greiði þeim mun minna, og má altaf jafna þann mun. En þetta liggur utan meginkjarna málsins, sem sje það, að styrkurinn sje ekki misnotaður, allir njóti hans, sem þurfa, en heilsuhælin sjeu ekki setin til langframa af fólki, sem ekki þarf þar að vera.

Frsm. meiri hl. (Jón Guðnason): Mig furðar á þeim viðtökum, sem þetta frv. hefir fengið bæði hjá hv. frsm. minni hl. (JK) og nú síðast hjá hæstv. forsrh. (JÞ). Hann lagði áherslu á það, að taka þyrfti öll lögin til endurskoðunar, en jeg get ekki sjeð, að þetta frv. komi að neinu leyti í bága við þá endurskoðun. Þetta er fyrirkomulagsatriði, sem ekki er afgerandi fyrir berklavarnirnar í heild, en sem, frá okkar sjónarmiði, miðar að því að losa einstök hjeruð við mikla erfiðleika og hjálpa þeim aðiljanum, sem ber þyngstu byrðina, ríkissjóði, til að hafa beint eftirlit með kostnaðinum.

Jeg get ekki betur sjeð en að þótt þessi endurbót nái fram að ganga, þá liggi alveg eins opið fyrir að taka berklavarnalögin til gagngerðrar endurskoðunar á næstunni. En með það fyrir augum, að sú endurskoðun getur dregist um óákveðinn tíma, leggjum við áherslu á, að frv. þetta verði samþ.

Hv. flm. (SigurjJ) hefir nú upplýst, að reikningarnir ganga beint til hjeraðanna og þau eru krafin greiðslu á þeim, án þess þau hafi aðstöðu til þess að gagnrýna þá svo sem þyrfti. — Mjer er kunnugt um, að oft hefir verið gengið hart að hjeruðunum með þessar skuldakröfur, og hafa þau þá ekki kunnað við að láta krefja sig lengi, enda ekki haft aðstöðu til annars. Vitanlega má segja, að þetta sje ekki aðalatriði, að reikningarnir skuli sendir beint til stjórnarráðsins. En hitt er mikilsvert atriði, að ekki sje lögð svo þung byrði á sýslusjóðina eins og gert er með lögunum eins og þau eru nú. Jeg vænti svo að lokum, að hv. deild samþykki þetta frv. og að hún sje mjer sammála um það, að með þessu frv., þó að lögum verði, sjeu engar hömlur lagðar á heildarendurskoðun berklavarnalaganna, þegar ástæða þykir til.

ATKVGR.

Till. á þskj. 245, frá minni hl. allshn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 15:7 atkv.

Brtt. 241,1 samþ. með 16:3 atkv.
— 241,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 241,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 321).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, HStef, HjV, JAJ, JG, JÓl, JörB, KlJ, MT, ÓTh, Pþ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ.

nei: BL, HK, IngB, JK, JS, PO, Trþ, ÞorlJ, BSv.

MJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BSt, JakM, MG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 321).

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 447).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Frumvarp það, sem hjer um ræðir, var flutt í hv. Nd. af hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og samþykt þar. Allshn. hjer hefir haft málið til meðferðar, og að hennar áliti verður því ekki neitað, að frv. felur að vissu leyti í sjer umbætur á núverandi fyrirkomulagi að því er snertir framkvæmd berklavarnalaganna. Sjerstaklega ætti að geta náðst eftirlit með daggjöldum og öðrum kostnaði í sambandi við framkvæmd laganna frekar en nú er. Hinsvegar hefir þegar komið í ljós, að sá kostnaður, sem af berklavörnunum leiðir og fer sívaxandi, sje þegar orðinn ofvaxinn ríkissjóði. Þegar á þinginu 1924 var borið fram frv. til laga um breytingu á þessari löggjöf, sem miðaði að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs. Það var ekki samþykt, heldur var því vísað til hæstv. stjórnar, vegna þess aðallega, að menn töldu, að löggjöfin væri ekki farin að sýna sig svo, að ástæða þætti til að breyta henni að svo komnu. Nú hefir þessi kostnaður aukist mjög síðan og allshn. þessarar hv. deildar er yfirleitt þeirrar skoðunar, að endurskoðun berklavarnalaganna sje harla nauðsynleg. Að þessu leyti er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna, en einn þeirra, hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, er samt þeirrar skoðunar, að þetta frv. geti gengið fram, þó að hann hinsvegar álíti, að löggjöfina í heild sinni þurfi að endurskoða. En meiri hl. nefndarinnar leit svo á, að með því að samþ. þetta frv. væri tafið fyrir endurskoðun laganna í heild og framkvæmdum þeirra. Okkur duldist ekki, að mestu gallarnir eru reyndar ekki á lögunum sjálfum, heldur á framkvæmd þeirra, af því að þau opna aðgang að miklum kröfum á ríkissjóð, sem að vísu eru í flestum tilfellum rjettmætar, en geta þó orðið of frekar, ef hlutaðeigandi yfirvöld hafa ekki nægilegt aðhald í því efni.

Við umr. þessa máls í hv. Nd. var bent á ýmislegt, sem gerði kostnaðinn meiri en hann þyrfti að vera. Til dæmis var minst á, hvað læknishjálp væri yfirleitt dýr og fullyrt, að að minsta kosti 100 þúsund krónur af hinum opinbera berklavarnakostnaði færi í beina læknishjálp. Nefndin er þeirrar skoðunar, að það sje mjög nauðsynlegt fyrir þingið að fela hæstv. stjórn þessa löggjöf til endurskoðunar til næsta þings, í því trausti, að umbætur

fengjust, ef á að halda við grundvallarhugsun sjálfra berklavarnalaganna, þeirri, að berklasjúklingar, sem eru svo illa efnum búnir, að þeir standast ekki kostnaðinn af veikindum sínum, þurfi ekki að fara á mis við nauðsynlega aðbúð og læknishjálp. Þessi mannúðarhugsun, samfara nauðsyninni á að vernda þjóðfjelagið gegn þessari hættulegu veiki, virðist vera uppruni og orsök berklavarnalöggjafarinnar í heild sinni. En hinu er ekki hægt að loka augunum fyrir, að framkvæmd laganna verður ríkissjóði æ kostnaðarsamari. Þess vegna þarf að taka löggjöfina og framkvæmd hennar, einkum kostnaðarhliðina, til gagngerðrar athugunar. Með það fyrir augum leggur allshn. til, að þessu máli verði nú vísað til stjórnarinnar, í því trausti, að hún taki það til nákvæmrar athugunar og leggi árangurinn í frv.formi fyrir næsta þing.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. frsm. (JJós) hefir skýrt fyrir hv. deild, í hverju fyrirvari minn liggur. Jeg lít svo á, að þó að þetta frv. gangi fram, þurfi það ekki að tefja fyrir endurskoðun laganna. Jeg álít, að í frv. felist mikil bót frá því, sem nú er. Það er að fara aftan að siðunum að láta sýslufjelög borga allan kostnaðinn fyrst, þegar ríkissjóður á að borga meiri hlutann á eftir. En sá, sem borgar meiri hlutann, á eftir frv. að borga alt fyrst, og svo kemur á vissum tíma borgun sýslufjelaganna til greina.

Það skiftir að vísu ekki miklu máli, hvort þetta verður samþykt nú eða ekki, ef hægt væri að eiga það víst, að endurskoðun laganna verði framkvæmd fyrir næsta þing, en þó að þá kæmi fram frv. um þetta efni, er ekki alveg víst, að það yrði að lögum.

Þó að jeg vilji síst gera lítið úr því, að endurskoðun berklavarnalaganna sje nauðsynleg, held jeg, að sú endurskoðun mundi ekki verða á þá leið, að þetta yrði ekki eftir sem áður tilfinnanlegur kostnaður fyrir þjóðfjelagið. Strax 1921, þegar lögin voru samþ., óaði mjer sá kostnaður, sem af þeim mundi leiða, þó væri þetta sök sjer, ef nokkuð það hefði komið í ljós, sem sýndi, að löggjöfin hefði komið að tilætluðum notum, sem sje að draga úr berklaveiki hjer á landi. En jeg man ekki, að neitt hafi komið fram, sem bendi í þá átt, að svo hafi verið. En sem sagt álít jeg hættulaust fyrir hv. deild að samþ. þetta frv. hvað það snertir, að það ætti ekki að þurfa að tefja fyrir endurskoðun berklavarnalaganna.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil taka sem best undir till. hv. meiri hl. allshn. um það, að stjórnin taki lög þessi til endurskoðunar fyrir næsta þing. Það er svo, að jafnvel þó að ræst hafi í fullum mæli sá ótti hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og margra annara, að kostnaðurinn við framkvæmd berklavarnalaganna yrði afskaplegur, er þó ekki enn komið til fulls í ljós, hversu langt hann ætlar að fara fram úr því, sem menn bjuggust við, að hann yrði. Árið 1926 lætur nærri, að úr ríkissjóði væri greitt til styrktar berklasjúklingum ½ miljón króna, en það leiðir af tilhögun þeirri, sem nú er og hefir verið, að greiðsla ríkissjóðs kemur að nokkru leyti eftir á. Fyrstu 3

mánuðina 1926 voru greiddar tæpar 40 þús. króna, en fyrstu 3 mánuðina 1927 nálægt 180 þús. króna. Það virðist þannig, enda þótt þessar tölur sjeu ekki alveg sambærilegar, þannig að þær sýni rjett hlutföll milli kostnaðarins alt árið 1926 og alt árið 1927, ástæða til að ætla, að kostnaðurinn fari svo hraðvaxandi, að endurskoðun laganna þoli enga bið. Um þetta hygg jeg, að margir sjeu sammála, og einkum þeir læknar, sem mesta þekkingu hafa á því, hvernig þessi löggjöf verkar og hvernig hún er framkvæmd. Jeg álít þess vegna, að það megi alls ekki draga það lengur en til næsta þings að gera þær breytingar á þessari löggjöf, sem komið geti í veg fyrir, að góður tilgangur berklavarnalaganna sje misbrúkaður, en fyrir það er naumast girt með núgildandi lagaákvæðum, og ekki heldur með því frv., sem hjer liggur fyrir, og þess vegna sýnist mjer heldur ekki ástæða til að samþykkja það. Þar á ofan er þar atriði, sem gerir það að verkum, að það er varhugavert að samþykkja þetta frv., ef á að endurskoða berklavarnalögin á næsta þingi, en það er það, að frv. fer fram á að taka upp nýja tilhögun að því er snertir greiðslu kostnaðar, og það er tilhögun, sem jeg er alveg sannfærður um, að verður ekki sú endanlega tilhögun, þegar búið er að ganga frá lögunum. Jeg er sannfærður um, að það verður ekki endað með því að leggja tveggja króna nefskatt á landsmenn; jeg þykist vita, að það muni verða einhver önnur tilhögun, sem fer nær því, sem í öðrum löndum hefir þótt kleift og hæfilegt að taka upp á þessu sama sviði. En ef svo fer, þá held jeg að það sje mjög hæpið að fara að taka upp þessa nýju tilhögun, sem má ætla, að gildi aðeins fyrir árið 1928. Jeg held, að það geri frekar rugling að fara að skjóta slíku millibilsástandi inn.

Ef jeg hefði von um það, að frv. gæti verið nægilegur grundvöllur til þess að laga það, sem laga þarf í núgildandi löggjöf eða í framkvæmd hennar, þá mundi jeg ekki fyrir mitt leyti leggjast á móti því. En mjer sýnist, að frv. eiginlega ekki muni leiða til neins árangurs að því er snertir sjálft aðalatriði málsins, og það er að sníða burt það, sem að skaðlausu má sníða burt af núverandi berklavarnakostnaði hins opinbera, ríkissjóðs, bæjarsjóða og sýslufjelaga í heild.

Jón Baldvinsson: Árið 1924 var borin fram á Alþingi, að nokkru leyti að tilhlutun stjórnarinnar, till. til breytingar á berklavarnalögunum. Það átti að vera í því skyni gert að draga úr kostnaði ríkissjóðs, það átti að nokkru leyti að flytja gjöldin aftur til hreppsfjelaga, sem nú eru lögð fram af sýslufjelögum, bæjarfjelögum og ríkissjóði, og auka eftirlitið með því, að þeir væru ekki styrktir, sem hugsanlegt væri, að gætu borgað fyrir sig sjálfir. Þetta frv. gekk langt í því að rífa niður lögin og tilgang þeirra, en varð ekki útrætt á þinginu 1924, og síðan hafa ekki komið breytingar í þá átt. En þetta frv. er ekki breyting á lögunum; það er breyting á fyrirkomulagsatriðum, og nefndin vill ekki samþykkja það.

Jeg álít ekki, að þetta frv. sje svo mikilsvert, að jeg telji það nauðsyn-

legt að samþykkja það, en jeg álít, að það sje ekki til ógagns, og því er jeg ekki með hinni rökstuddu dagskrá. Aðalástæðurnar eru þær, að andinn í ræðu hv. frsm. (JJós) og í nál. er þannig, að verið er að ýta undir hæstv. stjórn og allmarga þingmenn, sem eru þeirrar skoðunar, að það eigi að höggva skarð í berklavarnirnar, og ástæðan, sem fram er borin, er sú, að kostnaður hins opinbera sje orðinn svo mikill, en það er rangt hjá hv. meiri hl. nefndarinnar, að grundvallarhugsun berklavarnalaganna sje sú, að fátækir menn geti notið ókeypis læknishjálpar. Grundvallarhugsun þeirra er það, að útrýma berklaveikinni; en það er aðferðin til þess að ná því marki að láta menn njóta þeirrar styrktar, sem lögin heimila, af því að ef það er ekki gert, myndu svo margir draga sig í hlje og ekki láta vita um veikina, og verða þannig til þess að útbreiða hana, ekki aðeins að þeir yrðu ólæknandi sjúklingar, sem stytti aldur þeirra, heldur myndu þeir útbreiða veikina. Það er þess vegna, sem berklavarnalögin ganga svo langt í því að styrkja menn, að þau höfðu algerða útrýmingu veikinnar fyrir augum, en nú er andinn svo hjá hv. frsm. (JJós) og í undirtektum hæstv. stjórnar, að jeg er hræddur um, að fram komi hjá henni á næsta þingi frv., sem höggvi svo mikið skarð í berklavarnalögin, að það verði ekkert gagn að þeim, og fyrir því vil jeg ekki samþykkja þá dagskrá, sem hjer liggur fyrir, að jeg álít, að ekki megi minka varnirnar gegn þessari voðalegu veiki.

Jeg held, að ef lögunum frá 1921 sje rjett beitt, þá þurfi ekki þeir menn, sem augsýnilega eru vel efnum búnir, að fá ókeypis sjúkrahúsvist hjá ríkissjóði, en jeg álít, að það væri þó betra, að einhverjir efnaðir menn fengju ókeypis vist heldur en að svo langt væri gengið, að fátækt fólk færi á mis við lækningu, því að þá er sú trygging niður fallin, sem væri í því, að berklaveikissjúklingar væru styrktir til veru í hælum, í stað þess að vera á heimilum sínum, þar sem þeir gætu útbreitt veikina, því að vitanlegt er, að vörnum verður ekki eins vel komið fyrir á heimilum manna eins og í berklavarnahælum eða öðrum sjúkraskýlum.

Jeg vil ekki hvetja hæstv. stjórn til að fara að rýra varnirnar frá 1921, og mun því greiða atkv. á móti dagskránni.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skildi ræðu hæstv. forsrh. (JÞ) þannig, að hann hefði skilið mig svo, sem jeg væri að mótmæla því, að berklavarnalöggjöfin væri endurskoðuð. **(Forsrh. JÞ:** Nei, nei). Jæja, mjer skildist það samt svo, en það er síður en svo, að mjer þyki þessi endurskoðun óþörf, og þótt frv. verði samþykt, þá getur hv. deild gjarnan komið með þáltill. til hæstv. stjórnar, í þá átt að hún láti endurskoða lögin, ef ekki þykir nægilegt það umtal, sem hefir orðið um það í báðum deildum. En það er ekki meining mín, þótt jeg telji frv. til bóta, að jeg vilji láta það koma í veg fyrir, að lögin verði endurskoðuð, en það má líka taka tillit til þess, að þó að frv. um berklavarnir komi fram á næsta þingi, þá er enganveginn víst, að það verði samþykt, því að það er svo oft, að stjfrv. ganga ekki fram á fyrsta þingi, sem hefir þau til meðferðar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg mun ekki verða langorð, enda hefi jeg ekki haft tækifæri til þess að kynna mjer það nál., sem hjer liggur fyrir, en jeg ætlaði aðeins að minnast alment á afstöðu mína til þessa máls.

Jeg álít, að við eigum að halda þessum lögum óbreyttum fyrst um sinn, því að í þeim felst mikil mannúð, þar sem öllum berklaveikum eru veitt þau hlunnindi, að þeir geti komist í eitthvert hæli eða sjúkrahús, eða þangað, sem hentugast þykir að koma þeim fyrir, en það hefir einnig mjög mikinn kostnað í för með sjer. Að lögin sjeu mikil mannúðarlöggjöf, dylst engum.

Eins og hæstv. forsrh. (JÞ) tók fram, er ekki fengin nema mjög stutt og ófullkomin reynsla um það, hvernig þessi lög muni gefast. Það er aðeins ein hlið málsins, kostnaðarhliðin, komin svo skýrt í ljós, að ef á að halda áfram framkvæmd á þessum lögum óbreyttum, þá horfir til vandræða um, að ríkissjóður fái risið undir kostnaði þeim, sem af þeim leiðir. En það er ekki mest grundvöllurinn, sem er athugaverður, heldur að það virðist lauslega frá lögunum gengið; það er t. d. ekki ákveðið, hvaða læknar megi eða eigi að úrskurða berklasjúklinga, heldur getur hver ungur maður með læknaprófi gert það. Mjer finst, að það sje þó sýnilega meira öryggi fyrir því, að á hverjum tíma sje feldur rjettur úrskurður, ef vel reyndir læknar, t. d. hjeraðslæknar, hefðu úrskurðarvaldið. Jeg vil taka fram, að þessi orð mín eru ekki sögð í þeim tilgangi að rýra álit ungra manna með læknaprófi, en reynslan á lækningasviðinu gefur hjer þá tryggingu um rjettan úrskurð, sem mjer finst, að ekki megi án vera. Jeg tel það t. d. nægá ástæðu til að endurskoða berklavarnalögin, að það þarf að ákveða það í lögunum, hver á að úrskurða menn á berklahæli, því að það hefir ekki svo sjaldan komið fyrir, að maður, sem úrskurðaður var berklasjúklingur, hefir reynst að vera hald inn af öðrum kvilla.

Hv. 5. landsk. (JBald) sagði, að takmarkið með lögunum hefði verið að útrýma berklaveikinni, en því miður virðist ekki margt benda á, að það muni takast; það eitt getur maður sagt, og reynsla er fengin fyrir því, að hvert einasta rúm, sem losnar í svip, bæði hjer í sjúkraskýlum og víðar, fyllist jafnóðum af berklasjúklingum, svo aðrir sjúklingar, jafnvel þótt dauðveikir sjeu, geta ekki komist að. Þetta er ekki allskostar rjettlátt, og frá því sjónarmiði, sem reynsla undanfarinna ára bendir til, er nauðsynlegt að gera ráðstafanir, er fyrirbyggi þetta. Strangari læknisskoðun gæti meðal annars bætt mikið úr þessum annmarka.

Jeg hefi nú gert grein fyrir afstöðu minni til þeirra breytinga á berklavarnalögunum, sem hjer liggja fyrir á þskj. 321. Jeg get ekki aðhylst frv., og mun því greiða atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hjer liggur fyrir.

Einar Árnason: Jeg vildi aðeins gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg er í raun og veru sammála rökstuddu dagskránni, og líka sammála frv. Jeg lít líkt á þetta og hv.

þm. A.-Húnv. (GÓ), að jeg tel, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje til töluvert mikilla bóta og hagræðis um framkvæmd berklavarnalaganna, og mjer þykir varhugavert að greiða atkvæði gegn þeim umbótum, sem í frv. felast, með það eitt fyrir augum, að það kunni að komast breytingar á þau í framtíðinni.

Jeg get búist við því, að þó að hæstv. stjórn vildi taka málið að sjer og leggja þá fyrir næsta þing nýtt frv., þá kunni að verða allmiklir örðugleikar á því að koma málinu í gegnum þingið svo fljótt, að það geti komið til framkvæmda jafnvel á næsta ári eða næstu árum.

Þetta berklavarnamál á mjög djúpar rætur hjá þjóðinni og hún fylgist áreiðanlega mjög vel með því, hvað í því máli verður gert. Það hefir verið sagt hjer, að það væri stefnt að því með berklavarnalögunum að útrýma berklum hjer í landi. Jeg held, að þetta sjeu aðeins hillingar; jeg get ekki hugsað mjer, að það sje hægt að semja lög, sem nálgist það takmark að ryðja berklaveikinni burt hjeðan, á meðan hún er til í heiminum, og þess vegna, þegar jeg greiði atkvæði á móti hinni rökstuddu dagskrá, þá er það ekki af því, að jeg vilji ekki, að hæstv. stjórn taki málið til athugunar, því að jeg tel það í raun og veru ágætt og nauðsynlegt, en jeg vil ekki þess vegna koma í veg fyrir, að þær umbætur, sem í frv. felast, geti náð að verka þar til önnur ný lög koma.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði, eins og rjett er, að frv. væri að vísu lagfæring á lögunum. Það er t. d. dálítil lagfæring á viðskiftum milli sýslusjóða og bæjarsjóða við ríkissjóð, en lengra nær sú lagfæring ekki, en hitt er aftur talsvert spor í rjetta átt, og jeg álít mikið spor í rjetta átt, að reikningar og allur kostnaður sje undir eftirliti eins aðilja, sem hjer er ætlast til, að sje stjórnarráðið. Þetta er í mínum augum talsvert meiri lagfæring, og jeg vona, að í væntanlegri löggjöf verði bæði þessi atriði tekin til athugunar, því að það er eitt, sem gerir eftirlitið með kostnaðinum við berklavarnalögin svo erfitt og ófullkomið, að reikningarnir eru úrskurðaðir á svo mörgum stöðum, sumir af sveitarstjórnum eða sýslu- eða bæjarstjórnum og sumir af stjórnarráðinu.

Jeg tók ekki eftir því í ræðu hæstv. ráðherra (JÞ), þegar hann mintist á, að hann væri samþykkur því, að stjórnin tæki berklavarnalögin til athugunar, hvort hæstv. ráðherra talaði sjerstaklega um það, að athugun færi fram á framkvæmd laganna, en jeg get ef til vill skilið það þannig, að þegar hæstv. ráðherra talaði um löggjöfina, muni hann hafa átt við hvorttveggja; en nefndin leggur allmikið upp úr því, að athuguð sje framkvæmd laganna.

Það kom fram í ræðu hv. 2. landsk. (IHB), þar sem hann mintist á þetta mál, að hv. þm. (IHB) benti sjerstaklega á eitt atriði, sem þó eftir lögunum virðist liggja opið fyrir, hvernig á að framkvæma, en það kom þó fram, að það er ekki gert eins og lögin ætlast til. Það er um það, hvaða læknir skuli staðfesta skýrslu sveitarstjórn-

ar. Í lögunum er sagt, að hjeraðslæknir skuli gera þetta, en eins og hv. þm. (IHB) upplýsti, mun þetta vera gert af ýmsum læknum, af hjeraðslækni eða öðrum, og þannig mun það vera um mörg fleiri atriði, að þau eru öðruvísi framkvæmd heldur en á að vera eftir bókstaf laganna.

Hv. 5. landsk. (JBald) var eitthvað að tala um, að andinn í ræðu frsm. (**JBald:** Og nefndarálitinu) hefði verið eitthvað öðruvísi en hann vildi vera láta, og eitthvað mjög ógeðfeldur (**JBald:** Jeg sagði það nú ekki), og að við vildum höggva skarð í berklavarnalögin. (**JBald:** Jeg sagðist vera hræddur um, að það leiddi til þess).

Þá hjelt hv. þm. (JBald) því fram, að tilgangurinn með lögunum hefði verið að veita fátækum sjúklingum læknishjálp. Jeg sagði, að það hefði verið hvorttveggja, bæði það og að varðveita sjúklingana og þjóðina í heild fyrir berklaveikisbölinu. Svo munu menn ef til vill hafa gert sjer einhverja von um að geta útrýmt veikinni, en það þykir mjer þó ekki líklegt, að margir hafi gert sjer miklar vonir um, að það væri hægt að útrýma berklaveikinni frekar hjer á landi heldur en annarsstaðar, því að hún er víst þannig, að það er ekki hægt að gera sjer miklar vonir um algera útrýmingu hennar. (**JBald:** Það var líka sagt um sullaveikina). En það getur vel verið, að ráðstafanir eins og þessar hafi leitt til takmarkana á henni; jeg legg það atriði frekar undir dóm þeirra í þjóðfjelaginu, sem því eru best kunnugir, heldur en undir dóm hv. 5. landsk., og held jeg, að við stöndum þar ósköp líkt að vígi, því að við getum ekki felt neinn úrskurð um það; en hvert sem markmiðið er, þá er ekki unt annað en að viðurkenna það, að kostnaðurinn, ef hann heldur áfram að vaxa eins mikið á næstu árum og hann hefir gert undanfarin ár, verði okkur ofurefli. Jeg skal ekkert fullyrða um það, að hann sje þegar orðinn okkur ofvaxinn, en hinu held jeg að enginn geti neitað, að með slíkri aukningu, sem verið hefir undanfarin ár, geti hann mjög bráðlega orðið okkur ofvaxinn.

Það leiðir því af sjálfu sjer, að það verður að endurskoða þessa löggjöf, en það á ekki eftir mínum skilningi að draga úr vonum manna í baráttunni gegn veikinni eða draga úr því, sem gert er af skynsamlegu viti, eða því, sem gert er af ráðdeild og rjettlæti í framkvæmdum til þess að draga úr berklaveikisbölinu, heldur á að gera endurbætur á löggjöfinni og framkvæmd hennar, sem jeg efast ekkert um, að háttv. 5. landsk. muni sjálfur vita um marga galla á. Með því einu móti, að horfið sje að því ráði, er nokkur von til, að hægt sje að halda í framtíðinni þeirri stefnu, er upphaflega var sett, að reyna að draga eitthvað úr þessu þjóðarböli.

Jeg skal svo láta útrætt um málið, nema sjerstakt tilefni gefist. Þeir hv. þm., sem telja sig frv. fylgjandi, að undanskildum hv. 5. landsk., hafa látið á sjer skiljast, að þeir æski samt endurskoðunar á þessari löggjöf, eins og meiri hl. nefndarinnar ætlast til.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 447, frá allshn., feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ.
nei: GÓ, IP, JBald, JJ, MK, EÁ, HSteins.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 321, 514).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Við 2. umr. þessa máls vildi meiri hl. allshn. vísa því til stjórnarinnar með þeim forsendum, að hún tæki berklavarnalögin og framkvæmd þeirra til rækilegrar athugunar og endurskoðunar og legði árangurinn í frumvarpsformi fyrir næsta þing. En hv. deild aðhyltist ekki þá till. meiri hl. Því hefir hann í samráði við hæstv. forsrh. (JÞ) komið fram með brtt., sem prentaðar eru á þskj. 514. Allshn. öll er sammála um þær og álítur nauðsynlegt, að þessar breytingar á nefndu þskj. komist inn í frv., ef það á endilega að ganga fram á þessu þingi.

Eins og nú er ástatt, er ekki nema um tvent að gera: annaðhvort er berklaveikur sjúklingur úrskurðaður styrkhæfur og kostnaður við sjúkrahúsdvöl hans endurgreiddur að öllu, eða sjúklingurinn nýtur einskis styrks. 1., 2. og 3. brtt. allshn. fara í þá átt að breyta svo til, að finna megi einhvern meðalveg í þessum efnum. Enda mælir öll sanngirni með því. Menn hljóta að vera misjafnlega styrkhæfir að þessu leyti. Með 4. brtt. er stjórnarráðinu heimilað að setja reglugerð með nánari ákvæðum um læknisvottorð og efnahagsskýrslu berklasjúklinga og annað það, er nefndinni þótti máli skifta og lýtur að því að gera auðveldara í framkvæmd að hafa eftirlit með þessum kostnaðarliðum meira en nú er af hálfu þess opinbera, sem ætlast er til eftir lögunum, að beri kostnaðinn.

Nú hafa hin ýmsu hjeruð fengið ákaflega mismunandi mikið endurgoldið úr ríkissjóði af þeim kostnaði, er þau hafa haft af berklavörnum. Kemur þar til greina mannfjöldi og misjöfn útbreiðsla veikinnar. Með lögum um breyting á berklavarnalögunum frá 20. júní 1923 er svo kveðið á, að fari gjöld sýslufjelags eða bæjar samkvæmt 14. gr. fram úr 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, skuli endurgreiða mismuninn úr ríkissjóði. Slík endurgreiðsla hefir átt sjer stað í stórum stíl til sumra hjeraða. En önnur hafa ekki fengið neitt endurgreitt og ekki krafist þess. Verður að líta svo á, að kostnaður við berklavarnir í þessum hjeruðum fari af eðlilegum ástæðum ekki fram úr þeim 2 kr., sem tiltekið er í lögum frá 1923. Í frv., sem hjer liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hvert sýslu- og bæjarfjelag greiði ákveðna upphæð í ríkissjóð upp í berklavarnakostnaðinn, eða 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

Það er því lagður 2 kr. nefskattur á öll hjeruð í þessu skyni. En það sýnist ekki sanngjarnt að leggja hann

á þau hjeruð, þar sem kostnaður yfirstígur ekki það mark, sem tilgreint er í lögum frá 1923, og eiga því ekki kost á neinni endurgreiðslu úr ríkissjóði.

Þess vegna hefir allshn. leyft sjer að koma fram með skriflega brtt. við 4. efnismálsgrein 1. gr. frv. Hún hljóðar svo:

„Fari gjald þetta fram úr ⅖ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga, sem dvöl áttu í hjeraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður".

Með öðrum orðum, til þess að koma jöfnuði á, leggjum við til, að þrátt fyrir breytinguna greiði þó ekkert hjerað meira en ⅖ kostnaðar, er stafar af sjúklingum, sem dvöl áttu í því hjeraði, er sá kostnaður fjell á.

Nefndin vonar, að hv. deild geti fallist á þessar brtt., því að telja má, að þær sjeu til stórra bóta, úr því að frv. á að ganga fram á þessu þingi og hv. deild hefir fallið frá því að bíða og láta endurskoða lögin í heild sinni. Fyrir því telur nefndin nauðsynlegt, að þessar brtt. verði samþyktar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. (JJós) kvað þessar brtt. bornar fram í samráði við mig. Það er nú kannske fullmikið sagt. Afstaða mín er sú sama og verið hefir, að eiginlega er jeg frv. mótfallinn, vegna þeirra fjárhagslegu afleiðinga, sem af því leiðir fyrir ríkissjóð á árinu 1928, sem nú er verið að setja fjárlög fyrir. Það liggja nú fyrir nokkurnveginn fullnægjandi skýrslur fyrir árið 1925, þó svo, að enn vantar reikningsskil úr þremur sýslufjelögum, Eyjafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, en vitað er, að þær sýslur eiga að fá endurgreiðslu. Það hafa nú þegar verið greiddar 141 þús. kr., og það má gera ráð fyrir, að þessi hluti, sem ríkissjóður greiðir í bili, nemi á þessu ári 150 þús. krónum. Þennan hluta verður ríkissjóður eftir núgildandi lögum að greiða árlega, en lagabreytingin hefir það í för með sjer, að tveggja ára greiðsla þessa hluta kemur til útgjalda á árinu 1928, eða 150 þús. kr. útgjaldaaukning á því ári. Auðvitað er hjer aðeins um tilfærslu að ræða frá einu ári til annars, en útgjöld eru það samt. Jeg hefði fremur kosið, að þessar breytingar hefðu beðið þar til endurskoðun berklavarnalaganna fer fram. Brtt. nefndarinnar gera þó frv. aðgengilegra fyrir fjármálastjórnina 1928, því að þær ýta fast undir stjórnina um að koma á betri tilhögun á framkvæmd laganna en verið hefir. Jeg er þeirrar skoðunar, að takast megi að ná nokkrum fjárhagslegum árangri með breytingunum án þess að draga úr árangri berklavarnalaganna. Ráðuneytinu hefir virst þörf á, að heimild væri til þess að láta berklasjúklingum í tje nokkurn styrk, þó að efnahagur þeirra væri ekki svo bágur, að þeir þyrftu að fá allan kostnað ókeypis. Það er yfirleitt ilt að þurfa að úrskurða, að sjúklingar skuli annaðhvort borga allan kostnaðinn eða sleppa við hann með öllu. Nú hefir hv. flm. málsins í Nd. gert þá grein fyrir frv., að eins og það er afgr. frá Nd. sje stjórninni gefin heimild til að úrskurða sjúklingum styrk, þó að ekki sje þeim veitt með öllu ókeypis dvöl. Taldi hann þá heimild felast í niðurlagi 1. gr. frv., sem hljóðar svo: „Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir

þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti". Þrjár fyrstu brtt. nefndarinnar eru í samræmi við þennan skilning, en í hinni síðustu felst aðhald til stjórnarinnar um fastara skipulag, svo sem það, að heimta ítarleg vottorð um þá, sem styrks eiga að verða aðnjótandi, o. s. frv. Brtt. nefndarinnar gera raunverulegar breytingar á frv., svo að jeg mun ekki setja mig á móti framgangi þess, ef þær ná samþykki. Það eru ekki nema þrjú umdæmi, sem berklavarnakostnaður hefir orðið svo lítill, að hluti umdæmisins hefir ekki náð tveim krónum á íbúa. Það eru Seyðisfjörður, Skaftafellssýslur og Vestmannaeyjar. Jeg tel ekki óeðlilegt, að sú brtt. komi fram, að þau hjeruð, sem svo er ástatt um, fái endurgreitt það, sem á vantar, að berklakostnaður þeirra nemi tveim krónum á íbúa, svo að engu hjeraði sjeu gerð verri kjör en felast í núgildandi lögum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi aðeins láta þess getið út af þeim ummælum hv. frsm. nefndarinnar, að deildin væri fallin frá því að óska eftir endurskoðun á berklavarnalögunum, að jeg álít, að svo sje ekki. Jeg hefi a. m. k. haldið því fram, að slík endurskoðun þyrfti að fara fram.

Hv. frsm. (JJós) talaði um brtt. meiri hl. nefndarinnar. Jeg get lýst því yfir, að jeg er með þessum brtt. eins og aðrir nefndarmenn. Það kann að vera, að óhagræði þyki að því, að tveggja ára gjöld til berklavarna komi á eitt ár. En það má líka búast við, að gjöldin lækki, ef brtt. nefndarinnar ná fram að ganga, sem jeg vona, að verði, því að þær miða til bóta, þar til við fáum ný og betri berklavarnalög.

Jón Baldvinsson: Brtt. allshn. eru að mínu áliti allar til skemda á frv. og lögunum. Ef þær ná samþykki, skilst mjer dregið úr áhrifum berklavarnalaganna og tilgangur þeirra hálfeyðilagður. Tilgangur laganna er sá, að útrýma berklaveiki, m. a. með því að styrkja sjúklinga til hælis- og spítalavistar. Þetta frv. dregur að mun úr þeim framkvæmdum, þar sem ráðuneytinu er falið að úrskurða, hvort sjúklingur skuli teljast fær um að greiða sjúkrakostnað sinn. Eftir því sem hæstv. ráðh. (JÞ) talaði, má búast við, að ríkt verði gengið eftir sjúkrakostnaði, en það gæti orðið til þess, að menn ljetu dragast í lengstu lög að leita hælisvistar, og yrði það auðvitað til þess að flýta fyrir útbreiðslu veikinnar. Mjer sýnist ekki ráðlegt að samþykkja tillögur, sem miða að því að draga úr berklavarnalögunum og ef til vill eyðileggja þau. Það er talað um að koma betri tilhögun á framkvæmd laganna, og mjer skilst, að sú endurbót eigi að vera í því fólgin að draga úr kostnaði ríkissjóðs. En hvar á þá að taka hinn hluta kostnaðarins? Er ekki hætt við, að það verði til þess að draga úr framkvæmd laganna, ef reynt er að minka tilkostnað ríkissjóðs? — Það hefir nú skotist upp, að í niðurlagi 1. gr. frv. felist ákvæði, sem heimili stjórninni að greiða aðeins hluta af kostnaðinum. Mjer finst ekki þörf á að setja fleiri ákvæði, sem ýta undir stjórn-

ina um að draga úr því öryggi, sem á að vera um framkvæmd laganna. Jeg mun greiða atkvæði á móti öllum þessum brtt. allshn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal aðeins gera þá grein fyrir einu atriði að því er snertir betri tilhögun á framkvæmd þessara laga. Með núverandi tilhögun eru orðin talsverð brögð að því, að sumt fólk dvelur lengur en það þarf í sjúkrahælum. Jafnvel þó að við höfum fleiri rúm fyrir berklasjúklinga að tiltölu við fólksfjölda en aðrar þjóðir, er það svo, að þeir, sem hælisvistar þurfa, verða að bíða vegna annara, sem fyrir eru, sem síður þyrftu þar að vera. Fyrir þessu hefi jeg umsögn yfirlæknisins á Vífilsstöðum. En á því ríður einmitt mest, að þeir, sem sýkjast, komist undir læknishendur í tæka tíð, áður en veikin kemst á hátt stig.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) að öðru leyti en því, að mjer þykir líklegt, að hann álíti þessa skriflegu brtt. svo sanngjarna, að hann telji það nokkurt atriði, hvort hún nær samþykki eða ekki. En með henni er farið fram á, að þau hjeruð, sem ekki hafa fengið berklavarnastyrk sinn endurgreiddan, sjeu ekki skattlögð framvegis á þennan hátt fremur en önnur hjeruð.

Háttv. 5. landsk. (JBald) snerist heldur illa við brtt. og kallaði þær vera til skemda. Hann virtist ánægður með framkvæmd laganna og taldi ekki þörf á betri tilhögun. Jeg get ekki verið samdóma hv. þm. í þessu. Eins og hjer hefir verið lýst af hæstv. forsrh. (JÞ), og allur almenningur veit, ekki síst þeir, sem verið hafa milliliðir um að koma sjúklingum fyrir til hælisvistar á Vífilsstöðum, er þar oftast nær svo fult, að sjúklingar, sem mikla þörf hafa hælisvistar, verða að bíða von úr viti vegna annara manna, sem þar sitja, án þess að þeir hafi eins mikla þörf fyrir það og hinir, sem bíða. Þó að hv. 5. landsk. sje ánægður með þetta, býst jeg við, að fáir verði honum samdóma. Hann hjelt, að það mundi draga úr framkvæmd berklavarnalaganna, ef farið væri inn á þá braut að fella úrskurð um, hvort sjúklingar væru styrkhæfir að nokkru eða öllu leyti. En hann veit, að í 14. gr. berklavarnalaganna frá 1921 eru ákvæðin um þetta svo rúm, að þau geta svo að segja náð til allra, því að allir bíða tjón við að fara í sjúkrahús. Hitt er vitanlegt, að ástæður manna eru mismunandi, og því rjett að gera greinarmun á því, hvort menn skuli taldir styrkþurfar að öllu leyti eða nokkru leyti. Væri efnahagur bæjarfjelaga, sýslufjelaga og ríkisins svo góður, að engrar aðgæslu væri þörf í þessu efni, þá væri óhætt að láta þessi ákvæði standa. En því miður er það ekki svo. Það eru líka fleiri sjúklingar en berklasjúklingar, sem eiga örðugt uppdráttar, en þeir verða að bera hita og þunga dagsins af þessari löggjöf eins og hún er nú. Það er ekki hægt að segja, að breytingartillögurnar miði til skemda, nema svo sje ályktað, að heimildin til að ákveða styrkhæfi sjúklinga verði misbrúkuð. Sje gengið út frá því, að lögunum verði samviskusamlega framfylgt, er óhætt

að fullyrða, að brtt. miða til bóta. — Jeg sje ekki ástæðu til að fara lengra út í ummæli hv. 5. landsk. Jeg held, að þetta uppþot hans standi í sambandi við það, að hann sje óánægður með úrslit næsta máls á undan og sje því eitthvað úrillur, en ekki af því, að hann sjái ekki, að brtt. nefndarinnar fara í rjetta átt.

Jónas Kristjánsson: Jeg vil ekki láta þetta mál fara út úr deildinni án þess að segja nokkur orð. Það má segja, að aðaltilgangur berklavarnalaganna sje sá, að stuðla að lækningu sjúkra og að fyrirbyggja útbreiðslu veikinnar. En þessari veiki er þannig háttað, að það er ekki fljótsjeð, hvort hún er minkandi eða vaxandi í landinu; hún er svo hægfara og kemur ekki í ljós fyr en löngu eftir smitun. Jeg álít varasamt að gera þær breytingar á lögunum, sem draga úr áhrifum þeirra í þá átt að koma í veg fyrir afsýkingu. En það er um berklavarnalögin eins og önnur lög, að þau eru smíði, sem stendur til bóta; því er sjálfsagt að endurskoða þau. Það mátti búast við því í upphafi, að lögin yrðu dýr í framkvæmd, og veldur því margt. Þar, sem jeg þekki til, hefir það m. a. gert lögin dýrari í framkvæmd, hve húsakynni í sveitum eru bágborin. Meðan svo er, er ógerningur að senda sjúklingana heim fyr en þeir eru albata. Ef húsakynni væru góð, mætti senda þá heim miklu fyr. Reynslan hefir kent mjer, að ef sjúklingar eru sendir of snemma heim, koma þeir aftur miklu lakari eftir fáa mánuði. Þingið þyrfti að gera ráðstafanir til þess að bæta húsakynni almennings. Á þann hátt yrði heilsu manna best borgið. Í góðum húsakynnum sýkist fólk síður og á hægra með að halda þeirri heilsu, sem það hefir fengið við dvöl í sjúkrahúsum.

Um brtt. á þskj. 514 skal jeg taka það fram, að jeg tel þær til bóta, því að jeg hefi orðið þess var, að margir, sem svo eru efnum búnir, að þeir geta borgað þennan kostnað, vilja gera það, að minsta kosti að einhverju leyti. Þessa hefi jeg orðið var, meðal annars í sjúkrahúsi mínu. Er því ekki rjett að hafa lögin þannig úr garði gerð, að þeir menn geti ekki fengið að borga nokkurn hluta kostnaðarins, sem á annað borð hafa vilja og getu til þess, enda þótt þeir geti ekki borgað hann allan.

Annars hefi jeg dálítið aðra skoðun á heilsuhælisvist sjúklinga en margir aðrir. Jeg tel, að í mörgum tilfellum sjeu sjúklingarnir of lengi í heilsuhælunum, og venjist því um of á vinnuleysi; við það minkar starfsþráin og þeir fá leiði á lífinu. Það veikir aftur mótstöðukraftinn gegn sjúkdómnum og tefur fyrir batanum. Jeg teldi miklu heppilegra, ef þetta fólk, sem dvalið hefir í heilsuhælum og fengið þar svo mikinn bata, að það getur unnið, gæti komist á hressingarhæli, þar sem það gæti unnið dálítið og notið heitra lauga.

Það er því skoðun mín, að það myndi heppilegra að fá slík hressingarhæli heldur en þó að heilsuhælin væru stækkuð, svo fleiri menn gætu komist þangað, því að jeg hefi tekið eftir því, að margir, sem eru orðnir sæmilega hressir, fá fljótari bata, ef þeir vinna dálítið heldur en ef þeir gera ekki neitt; það bætir skapið og flýtir fyrir batanum. En þess ber að

gæta, að þessi hressingarhæli þurfa að vera ódýrari í rekstri en heilsuhælin. Að öðrum kosti er tilganginum ekki fyllilega náð. Það gæti t. d. verið heppilegt að hafa þau í sambandi við gamalmennahæli, sem mikil þörf er á, að komist upp í sveitunum; með því væri líka hægt að fá sveitirnar til þess að taka töluverðan þátt í kostnaðinum við byggingu hælisins, og jafnframt myndu þær láta sjer ant um, að rekstrarkostnaðurinn yrði sem minstur.

Læt jeg svo úttalað um þetta mál, en það, sem jeg hefi sagt, eru aðeins lauslegar tillögur, sem jeg vildi leyfa mjer að skjóta til stjórnarinnar, til athugunar í sambandi við væntanlega endurskoðun þessara laga.

Jón Baldvinsson: Mjer finst ennþá ljósara eftir ræðu hv. 6. landsk. (JKr), að brtt. þær, sem nefndin ber fram, sjeu frekar til skemda, því þegar fara á að framkvæma lögin á þann hátt að láta hvern borga það, sem hann getur, má búast við, að það verði gert á kostnað þess bata, sem hann hefir fengið í heilsuhælinu. Því að maður, sem kemur af heilsuhæli, þarf að láta sjer halda áfram að batna, en til þess að hann geti það, þarf hann undir flestum kringumstæðum fje; þess vegna tel jeg rjett að fara þá sömu leið í þessum efnum og farin hefir verið hingað til, að láta alla fá ókeypis heilsuhælisvist, sem ekki eru því betur efnum búnir. Jeg sje því enga ástæðu til að klípa af þessum styrk, enda gæti það haft hin verstu áhrif. Hvað á t. d. maður, sem búinn er að dvelja lengi í heilsuhæli og eyða öllum efnum sínum, að gera, þegar hann kemur þaðan? Hann á enga peninga og á engan að, sem getur hjálpað honum. Fyrir honum liggur því ekkert annað en að fara á sveit sína, vinna þar sjer um megn, veikjast aftur og lenda enn á ný í heilsuhælinu, og þá vitanlega að öllu leyti á kostnað hins opinbera, þegar efnin eru búin. Hefði þá ekki verið betra að lofa honum að halda sínum litlu efnum, svo að hann hefði getað notað þau til þess að láta sjer halda áfram að batna og ná fullri heilsu?

Hjer er líka breytt um stefnu, þar sem ráðuneytið á að meta það, hvað hver borgi. Þannig getur stjórnin t. d. heimtað af manni, sem á 500 kr., að hann láti þær allar upp í legukostnaðinn og standi svo uppi með tvær hendur tómar og verði annað tveggja að fara að vinna og veikjast aftur, eins og hv. 6. landsk. (JKr) var að tala um, eða fara á sína sveit.

Þá drap háttv. frsm. (JJós) á það, að jeg mundi vera svo mjög á móti þessu máli meðal annars af því, að jeg væri svo ergilegur út af afdrifum síðasta málsins, sem hjer var til umræðu. Þetta eru bara hugarórar hjá háttv. frsm. Og satt sagt hjelt jeg, að hann myndi ekki fara að ýfa það upp aftur, hvernig fór um það mál, því að afgreiðsla þess var honum og hans flokksbræðrum síst til sóma.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Mjer virðist háttv. 5. landsk. (JBald) vera búinn að snúa við blaðinu og vera kominn á skoðun allshn., enda þótt hann vilji ekki kannast við það. Hann veit það, sem allir sjá og vita, að svo

framarlega, sem framkvæmd berklavarnalaganna er haldið áfram á sömu braut eins og verið hefir, þá verður sá kostnaður, sem af þeim leiðir, bæði ofvaxinn ríkissjóði og hjeruðunum. Hv. þm. skilur ennfremur, að brtt. allshn. miða beinlínis að því að tryggja þeim, sem fátækir eru, að þeir geti haldið áfram að njóta sjúkrastyrks eins og verið hefir, þó að þeir, sem svo eru efnum búnir, að þeir með góðu móti geta borgað, sjeu látnir gera það að einhverju leyti, enda þótt þeir bíði dálítið efnalegt tjón við það.

Annars sje jeg ekki, að rök háttv. 5. landsk. í þessu máli sjeu þyngri á metaskálunum en rök hv. 6. landsk., sem er læknir, er hefir bæði þekkingu og reynslu í þessum efnum, en hann vill breyta því fyrirkomulagi, sem nú er á framkvæmd laganna. Aftur á móti vill hv. 5. landsk. láta þá óreiðu, sem verið hefir á framkvæmd berklavarnalaganna, haldast. Hann vill ekki draga úr þeim óhæfilega háu tekjum, sem sumir læknar hafa í skjóli þessara laga. Það er því síður en svo, að hann beri hag fátæklinganna fyrir brjósti, sem hann þó þykist altaf vera að berjast fyrir. Sömuleiðis virðist hann ekki vita það, að það eru til fleiri fátækir sjúklingar en þeir, sem hafa berklaveiki, sem þó engan styrk fá. — Að síðustu skal jeg enn taka það fram, sem áður hefir verið tekið fram bæði af mjer og nefndinni, að við lítum svo á, að löggjöf þessa þurfi að endurskoða, og þá á þeim grundvelli, að þeir, sem fátækir eru og styrksins þurfa, njóti hans mest. Þetta hefir verið tekið skýrt fram áður, og er því ekki hægt að segja með fullum rjetti, að málinu sje stefnt inn á aðra braut en þessa. Þetta hefir líka verið stutt af háttv. 6. landsk. (JKr), þar sem hann tók fram, að það skipulag, sem felst í frv. þessu, væri aðeins til bráðabirgða.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 531) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 514,1—3 samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JJ, JKr, MK, BK, EÁ, HSteins.

nei: JBald.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.

Brtt. 531 samþ. með 11:1 atkv.

— 514,4 samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JJ, JKr, MK, BK, EÁ, GÓ, HSteins.

nei: JBald.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv., og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 532).

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 532, 563).

Frsm. meiri hl. (Jón Guðnason): Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. þessu, frá því að það

var afgreitt frá þessari deild, og eru sumar þeirra þýðingarmiklar. Eigi að síður hefir meiri hl. allshn. komið sjer saman um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga eins og það er nú, og gerir hann það í trausti þess, að stjórnin framkvæmi lögin með allri sanngirni og á þeim grundvelli, sem ætlast var til upphaflega.

Því verður ekki neitað, að ákvæðin, sem sett hafa verið inn í efri deild, ganga í þá átt, að draga úr styrk þeim, sem veittur er til berklasjúklinga. En hinsvegar verður það ekki sagt, að ósanngjarnt sje að láta suma sjúklingana greiða dálítið af kostnaðinum, þó að þeir geti ekki greitt hann allan, og sje því beitt sanngjarnlega, ætti það ekki að koma að sök.

Um brtt. hv. þm. V.-Sk. (JK) hefir nefndin óbundin atkvæði.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Þegar mál þetta var hjer til umræðu áður, þá lagði jeg á móti því, að það væri samþykt, og var tillaga mín um að vísa því til stjórnarinnar feld.

Frv. þessu hefir töluvert verið breytt í hv. efri deild, og tel jeg þær breytingar, sem á því hafa verið gerðar, tvímælalaust til bóta. Get jeg því látið málið afskiftalaust eins og það nú er. Jeg hefi þó flutt brtt. á þskj. 563, við 4. gr. þess. Í greininni eins og hún er nú er svo ákveðið, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1928. Þessu vil jeg breyta þannig, að lög þessi öðlist gildi þegar í stað, en komi ekki til framkvæmda að því er snertir greiðslur sýslu- og bæjarfjelaga upp í berklavarnakostnað fyr en 1. jan. 1928. Verði þessi brtt. mín samþykt, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að í ár verði gefin út reglugerð sú, sem getið er um í frv. En það er nauðsynlegt, til þess að sveitar- og bæjarstjórnir hafi áttað sig á breytingum þessum áður en þær koma til framkvæmda.

Þá hefi jeg líka lagt til að fella úr 4. gr. frv. ákvæðið um að fella lög þessi inn í texta laganna frá 27. júní 1921. Jeg tel það óþarft, þar sem frv. þetta er svo að segja alveg sjálfstætt. Auk þess er töluverður kostnaður við að prenta lagabálkinn alveg upp.

Jeg fæ því ekki annað sjeð en að brtt. mínar sjeu að öllu leyti til bóta.

Sigurjón Jónsson: Jeg fyrir mitt leyti get lýst yfir því, að jeg get gengið inn á brtt. hv. þm. V.-Sk. (JK). Jeg tel það rjett, að því sje slept að fella frv. þetta inn í texta laganna frá 1921, þar sem það virðist liggja fyrir, eftir því sem fram kom í efri deild, að lögin verði endurskoðuð innan skamms. Hitt atriðið, að lög þessi öðlist þegar gildi, en komi þó ekki til framkvæmda að því er snertir greiðslur sýslu- og bæjarfjelaga fyr en 1. jan. 1928, get jeg líka gengið inn á.

Um breytingar þær, sem gerðar voru á frv. þessu í efri deild, er það að segja, að jeg tel þær skýra betur það, sem meint var með frv. þessu í upphafi, að sjúklingurinn geti orðið styrks aðnjótandi, þó að ekki sje greiddur allur kostnaður fyrir hann.

Þá hefir því verið bætt inn í frv., að stjórnarráðið geti sett reglugerð um efnahagsskýrslur berklasjúklinga o. fl. Sömuleiðis að hjeruðin fái endurgreitt úr ríkissjóði, ef framlag þeirra, 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, fer fram úr $^2/_3$ kostnaðar við berklavarnir vegna sjúk-

linga þeirra, sem dvöl áttu í hjeraðinu. Þetta síðara atriði tel jeg skifta litlu máli fjárhagslega fyrir hjeruðin, en vel má vera, að það verði hvöt fyrir þau til þess að halda gjaldinu sem mest niðri.

Klemens Jónsson: Jeg hefi ekki neitt sjerstakt að athuga við brtt. á þskj. 563. Jeg get vel tekið undir það, að rjettara sje að láta lögin ekki koma til framkvæmda að því er snertir greiðslur bæjar- og sýslufjelaga vegna berklavarnakostnaðar fyr en 1. jan. 1928.

Jeg leit svo á í fyrstu, að brtt. ætti aðeins við fyrri málslið 4. gr., en nú hafa þeir háttv. þm. V.-Sk. (JK) og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) upplýst, að hún eigi við alla greinina, og sje það gert af sparnaðarástæðum, til þess að þurfa ekki að prenta lögin sjálf upp. Jeg geri nú hreint ekkert úr þessari sparnaðarástæðu, því að það kostar sáralítið að prenta lögin upp. En aftur á móti er það miklu betra að hafa lögin í einni heild en sundurdreifð, eins og er um fjölda af gildandi lögum, því að það er komið svo, að jafnvel lögfræðingar geta ekki áttað sig á, hvað eru gildandi lög og hvað ekki. Jeg álít það því skemd á frv. þessu, ef ekki á að fella það inn í lögin sjálf, og mundi hafa komið fram með brtt. í þá átt, ef jeg hefði ekki hugsað, að brtt. ætti aðeins við 1. lið 4. gr., en nú er það því miður of seint.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Jeg er sammála hv. 1. þm. Rang. (KlJ) um það, að æskilegast sje að hafa sem flest lög í einni heild. En það, sem vakir fyrir mjer hjer, er það sama, sem kom fram í efri deild, að endurskoða þurfi berklavarnalögin mjög bráðlega, og sje það því óþarfa kostnaður að fara að prenta lögin upp, ef þeim svo yrði breytt á næsta ári, og það því fremur, sem þetta snertir ekki berklavarnalögin sjálf, heldur afskifti bæjar- og sýslusjóða.

Það er ekki rjett hjá hv. 1. þm. Rang. (KlJ), að það myndi kosta lítið að prenta upp lagabálk eins og berklavarnalögin; það mundi kosta mikið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil taka undir það, að jeg tel brtt. hv. þm. V.-Sk. (JK) til bóta, af þeim ástæðum, sem hann tilfærði, og jeg vona, að háttv. 1. þm. Rang. leggi ekki svo mikla áherslu á að fá öll lögin prentuð upp, að hann leggist á móti brtt. þessari. Annars geri jeg ráð fyrir, að þessi breyting á berkavarnalögunum verði sjerprentuð og send sýslumönnum og sveitarstjórnum, því að það er 14. grein laganna, sem snertir almenning mest.

ATKVGR.

Brtt. 563 samþ. með 14:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv. og endursent Ed.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 576).

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Guðmundur Ólafsson: Frv. þetta er komið frá hv. Nd. með dálitlum breytingum á 4. gr. Nefndin lítur svo á, að þetta sje heldur til bóta, og ráðleggur hv. deild að samþykkja frv. óbreytt.

Jón Baldvinsson: Jeg stend aðeins upp til þess að minna menn á, að landlæknir álítur þetta frv. til stórskemda á berklavarnalögunum og leggur fast á móti því, að það sje samþykt.

Guðmundur Ólafsson: Það er altaf varlegra að tala lítið, þegar hv. 5. landsk. (JBald) er í þingdeildinni. Til þess að ekki verði farið að teygja lopann um þetta, get jeg látið mjer nægja að segja frá því, að landlæknir talaði í morgun við tvo nefndarmanna og tókst ekki að sannfæra þá um skaðsemi frv. Enda veit jeg, að allir hv. þdm. sjá það sjálfir, að frv. er ekki til skemda, heldur bóta á berklavarnalögunum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

28. Gengisviðauki á ýmsa tolla og gjöld.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (stjfrv., A. 323)

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Af því að hæstv. forsrh. (Jþ) er ekki við, vil jeg leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 323, n. 404).

Frsm. (Klemens Jónsson): Þetta mál, um 25% gengisviðaukann, kom fyrst fram á Alþingi 1924 og var þá af öllum skoðað sem bráðabirgðaráðstöfun. Fjárhagurinn var þá svo þröngur, að skjótra aðgerða þurfti við til að kippa honum í lag. Frv. var þá ekki miðað við eitt ár eða tvö, heldur við gengi sterlingspunds, og áttu lögin að gilda þar til sterlingspund væri fallið niður úr 25 kr. Hefðu hv. þm. vitað á þingi 1924, að það ár yrði svo gott sem raun varð á, tel jeg líklegt, að frv. hefði aldrei komið fram, eða a. m. k. ekki náð samþykki. En þótt það sýndi sig, að þetta ár var ekki bein þörf gengisviðaukans, kom hann þó að góðu gagni, þar sem hann var notaður til að borga lausar skuldir ríkissjóðs. Á þingi 1925 fór hæstv. stjórn fram á, að lögin væru framlengd,

enda þótt afkoma ársins á undan hefði verið góð; en nú voru þau ekki lengur bundin við gildi sterlingspunds, heldur tímabundin, fyrst miðuð við 1. apríl 1926, og síðan við árslok það ár. Á þingi í fyrra voru lögin enn framlengd til ársloka 1927. Frv. er þannig ekki lengur bundið við gengi stpd., heldur eingöngu við tíma.

1926 þótti rjett að ljetta nokkuð á gengisviðaukanum, og var hann þá afnuminn að því er tók til vörutolls. Kom til mála að gera það víðar, þótt eigi yrði úr. Ýmsir, og jafnvel flestir, bjuggust við, að nú í árslok yrði honum með öllu afljett. En fjárhagurinn er þannig, að það sýnast engin tiltök, að ríkissjóður megi bráðlega missa þeirra tekna, er hann hefir af honum. Það sýnist alls ekki unt með öðru móti en því að takmarka stórkostlega verklegar framkvæmdir, eða draga úr útgjöldunum á annan hátt til stórra muna, svo sem með mikilli fækkun embætta. Nokkrar tilraunir til þess hafa undanfarið verið gerðar, en svo sem hið háa Alþingi nú er skipað, verður eigi búist við, að mikið sparist á því sviði. — Samkv. þessu hefir fjhn. ekki sjeð sjer fært að vera á móti frv. hæstv. landsstjórnar um að framlengja lögin um gengisviðauka enn á ný. Meiri hl. fjhn. vill, að frv. sje samþykt óbreytt, en tveir háttv. nefndarmenn hafa skrifað undir með fyrirvara, og munu þeir sjálfir segja frá afstöðu sinni.

Halldór Stefánsson: Við höfum tveir nefndarmenn skrifað undir nál. með fyrirvara, og er hann af sömu ástæðu hjá okkur báðum. Því ætti að nægja, að jeg gerði einn grein fyrir honum af beggja hálfu. Jeg hygg, að það hafi komið mönnum nokkuð á óvart, er þetta frv. var borið fram, sakir þess, að það var ekki boðað er fjárlög voru hjer fyrst til umræðu. Hefði verið nokkurnveginn sjálfsagt að geta frv. þá, ef hugsað var að bera það fram. En með því að bera frv. ekki fram fyr en meðferð fjárlaganna var komin svo langt, þá lítur svo út, sem hæstv. stjórn vilji láta atvikin neyða menn til að ganga að því. Hinsvegar ber frv. vitni um þá óreiðu, sem nú er í tolla- og skattamálum hjer á landi. Það sýnir ljóslega, að þörf er að taka þau mál til gagngerðrar yfirvegunar, svo sem stungið var upp á í þessari hv. deild í vetur, en felt var, mest fyrir atbeina hæstv. stjórnar og flokks hennar. Hefði sú till. verið samþykt, væri frá okkar sjónarmiði minna á móti því að fallast á þetta frv. til bráðabirgða, meðan á endurskoðun stæði. Eins og nú er komið, sjáum við okkur þó ekki annað fært en að fallast á frv., úr því sem komið er, einkum þar sem við álítum gengisviðaukann rjettlátari en t. d. vörutoll, og að þegar, eða ef, að því kæmi að ljetta af álögum á þjóðina, þá ætti að fella niður vörutollinn, en að því leyti, sem hann gæti ekki fallið niður með öllu, þá að hækka verðtollinn um það. Annars hefi jeg áður lýst afstöðu minni til tolla- og skattamála og sje ekki ástæðu til að fara um hana fleiri orðum, að sinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil þakka hv. fjhn. undirtektir hennar undir þetta frv. Mjer skilst,

að hún leggi í einu hljóði til, að það sje samþykt, og fyrirvari tveggja hv. nefndarmanna sje af öðrum ástæðum en þeim, að þá greini á við hina um frv. sjálft eða efni þess.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að frv. bæri vitni um óreiðu í tolla- og skattamálum. Þessu verð jeg algerlega að mótmæla. Á þessum málum er alls engin óreiða, og síst af öllu sýnir þetta frv. nokkuð slíkt. Frekar mætti kalla óvenju þann sið, er hið háa Alþingi hefir tekið upp á síðari árum, að binda ýms tekjuaukafrv. við ákveðinn tíma, svo að altaf þarf að vera að endurnýja þau. — Annars hafa verið gerðar aths. við það utanþings, og nú einnig af hv. 1. þm. N.-M., að þetta frv. sje seint fram komið. Út af þessu vil jeg aðeins segja, að eins og tekjuhlið fjárlaganna var áætluð frá minni hálfu, kom mjer ekki til hugar, að nokkrum manni gæti skotist yfir, að stjórnin ætlaðist til, að lögin um gengisviðauka hjeldust í gildi. Það var annað, sem gerði það, að þetta var ekki lagt fyrir þegar í þingbyrjun. Eins og jeg hafði getið um þegar á síðasta þingi, og eins og jeg gat um í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárlaganna í ár, var það tilætlun stjórnarinnar að yfirvega, hvort unt væri að komast af með þær tekjur, sem nú eru lögmæltar, eða hvort þyrfti að stinga upp á tekjuauka, sem að einhverju leyti bætti upp þá tekjurýrnun, sem leiddi af þeirri breytingu á vörutollslögunum, er gerð var á síðasta þingi, þegar lækkaður var kola- og salttollur og feldur burt tunnu- og kornvörutollur. Jeg lýsti því þá þegar við meðferð þessa máls í fyrra, og nú aftur í þingbyrjun. En það var nú svo, að til þess að ráða það endanlega við sig, hvort stjórnin vildi stinga upp á einhverri uppbót fyrir tekjumissi þessara laga, var frv. látið bíða, því að þá var auðvitað hægt að fá fyllri grundvöll undir þessar athuganir, því lengra sem leið frá áramótum og því meiri reynsla sem fengin er eftir þessa skerðingu á tekjunum.

Ef nú hefði þurft að stinga upp á tekjuauka, þá var stjórninni það ljóst, að eitt af því, sem komið gat til mála, það var að fara ekki fram á að framlengja gengisviðaukann óbreyttan, heldur stinga upp á breytingum, sem snerti það mál; en að eiga það á hættu að þurfa að leggja tvö stjfrv. um það sama fyrir þingið, vildi hún ekki, og þess vegna var dregið að leggja þetta stjfrv. fyrir þingið, þar til jeg var búinn að afráða það við mig, að jeg ætlaði ekki að fara fram á neinar hækkanir á þeim álögum, sem þetta frv. leggur á landsmenn. Jeg vil þó ekki segja, að það sje þar með alveg loku fyrir það skotið, að stjórnin biðji um frekari tekjur en nú er komið, en þykir þó sennilegast, að hún reyni að hliðra sjer hjá því nú og skjóti því máli á frest til næsta þings.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg get ekki látið hjá líða þessa umr. án þess að mótmæla því, sem fram kom af hálfu hæstv. stjórnar.

Þessi lög hafa verið framlengd á mörgum þingum, altaf með því loforði, að þau verði afnumin eftir skamman tíma, og á þessu loforði hefir þjóðin verið blekt. Það hefir verið sagt á þingmálafundum, að þetta væri

ráðstöfun, sem myndi falla úr gildi innan skamms, og nú síðast hefir Íhaldsflokkurinn stært sig af því á þingmálafundum, að gengisviðaukinn væri niður feldur frá næstu áramótum; en svo á að fara að framlengja hann, og sú aðferð er höfð, að stjfrv. kemur ekki fyr en liðið er á þingtímann og þingmenn eru orðnir svo hlaðnir störfum, að það lítur út fyrir, að þeir verði neyddir til að ganga inn á þetta frv., þar sem þeim finst ekki tími til að hugsa sjer nýja tekjuauka.

Hæstv. forsrh. (JÞ) kemur með nýja skýringu á því, hvers vegna þetta frv. er svo seint fram komið, en hún virtist ekki til, þegar hann var að svara hv. þm. Str. (TrÞ). Það lítur út fyrir, að ekki einungis hæstv. forsrh. (JÞ) hafi gleymt því, að þessi gengisviðauki á að ganga úr gildi, heldur líka fjvn., og þess vegna er þessi gamli draugur vakinn upp að nýju á elleftu stundu.

Nú kom það fram í ræðu hv. 1. þm. Rang. (KlJ), og sömuleiðis hjá hæstv. forsrh. (JÞ), að það er ætlast til, enda þótt þessi lög eigi ekki að framlengja lengur en til ársloka 1928, að þau gildi áfram, og hæstv. fjrh. (JÞ) virðist jafnvel vera að kvarta yfir því, að slík tollalöggjöf skuli yfirleitt vera tímabundin. Það er augsýnilegt af uppruna þessa skattafrv., að það átti fyrir löngu að vera niður fallið. Eins og hv. frsm. fjhn. (KlJ) gat um, var ætlast til, að það fjelli niður þegar sterlingspundið var komið í 25 krónur. Það stendur nú í 22 kr. 15 aur. Það er með öðrum orðum svo, að verði þetta frv. samþykt, þá verður tollhæðin um 36% hærri heldur en eðlilegt er, ef lagt er til grundvallar það gengi, sem var, þegar þessi lög voru fyrst samþykt. Jeg verð að skoða það sem blekkingu að lofa þjóðinni því, að þessi lög skuli verða numin úr gildi, en svo þegar á næsta þingi að koma með frv. um að halda þeim áfram.

Það segir sig sjálft, að enda þótt mætti búast við tekjuhalla á fjárlögunum, ef ekki koma auknar tekjur, þá er hægt að hafa upp tekjur án þess að halda tollum, 25% hærri en nauðsynlegt þótti á mestu kreppuárunum. Það eru til aðrar leiðir en tollaleiðin, viðurkendar af öllum fjármálastjórnum erlendis, þó að hæstv. ráðh. (JÞ) álíti, að best sje að útvega ríkissjóði tekjur með tollum.

Jeg hygg, að sje litið á nágrannalöndin, þá muni hvergi vera farið svo djúpt ofan í vasa almennings eða lagðir slíkur nefskattur á fátæklinga, því að það mun hæstv. fjrh. (JÞ) vera kunnugt um, að þessi tollur er byrði, sem lendir þyngst á stórum fjölskyldum. Þetta gengisfrv. er auðvitað í samræmi við stefnu Íhaldsflokksins, en jeg verð að segja það, að þessi stefna virðist hafa meiri ítök í þessari deild en skyldi, þar sem Framsóknarflokkurinn virðist líka hafa gengið inn á hana. Hinsvegar veit jeg, að kjósendur úti um landið líta á alt annan veg á þessi skattamál.

Halldór Stefánsson: Jeg sje enga ástæðu til þess að fara að ræða alment um skattamál undir þessum umræðum, og heldur ekki þó að hæstv. forsrh. (JÞ) væri ekki algerlega ánægður með þau ummæli, sem jeg hafði við fyrirvarann.

Hæstv. forsrh. þótti það eitthvað óviðeigandi, að jeg nefndi þetta óreiðu

og sagði, að þetta bæri vott um óreiðu í okkar tolla- og skattamálum, en jeg get ekki fundið, að jeg hafi haft of sterk orð um það. Jeg get ekki kallað, að það sje annað en óreiða, að verða að bera fram lög um sífelda bráðabirgðatolla, sem lofað er að afnema bráðlega, en svo eru framlengdir æ ofan í æ, enda var það ekki annað, sem fyrir mjer vakti. En viðvíkjandi þeim afsökunum, sem hæstv. forsrh. vildi bera fyrir sig fyrir það, að þetta frv. skyldi ekki vera fyr fram borið, þá ætla jeg ekki að fara út í þær. Það er vitanlegt, að hæstv. stjórn muni þurfa að bera fyrir einhverja afsökun, því að það var þó alt annað, þó að frv. hefði ekki verið lagt fyr fram á þinginu, ef þess hefði verið getið þegar fjárlögin voru lögð fyrir þingið, að tekjuáætlun fjárlaganna væri bygð á því, að þetta frv. yrði borið fram og samþykt seinna á þinginu.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að svara miklu fyrir hönd nefndarinnar, því að eiginlega voru þau ummæli, sem hv. 4. þm. Reykv. kom með, meira til hæstv. stjórnar heldur en til nefndarinnar. En þar sem hv. þm. (HjV) byrjaði á því að segja, að það hefðu altaf verið loforð um afnám, sem svo hefðu verið svikin, þá kannast jeg ekki við, að það sje rjett. Það má vel vera, að það hafi verið sagt, að þessi tollur myndi verða upphafinn eins fljótt og hægt væri. **(HjV:** Loforðið stóð í lögunum). Það má kannske fá það út úr því, fyrst miðað var við sterlingspundið, að þarna væri um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en ákvæðinu var breytt og lögin gerð tímabundin, í staðinn fyrir að miða við sterlingspund, og bendir það á, að þar hafi verið um meira en bráðabirgðaráðstöfun að ræða. En hvað sem öllum loforðum líður, þá verður þörf ríkissjóðs að sitja í fyrirrúmi.

Þá sagði hv. þm. (HjV), að því hefði verið lofað á þingmálafundum að afnema þessi lög. Jeg skal ekkert um það segja; jeg hefi ekki verið á þingmálafundum hjer í Reykjavík, en jeg hefi sjálfur átt þingmálafundi með kjósendum mínum og ekkert loforð gefið um það. En hitt er annað, að kjósendur bæði þar og annarsstaðar hafa látið þá ósk í ljós, að þessi skattur yrði afnuminn svo fljótt sem unt væri, en þó hygg jeg það um aðra skatta, sem lagðir hafa verið á síðustu árin, að þess hafi engu síður verið óskað, að þeir væru afnumdir, því að jeg hefi ekki orðið þess var, að hann væri neitt óvinsælli en aðrir skattar.

Þá gat hv. þm. (HjV) þess, að þetta frv. hefði komið svo seint fram, að það hefði varla verið tími fyrir hv. þingmenn til að átta sig á því, vegna anna í þinginu. Jeg skal geta þess, að það hefði verið rjett af hæstv. forsrh. (JÞ) að geta þess, þegar fjárlögin komu fram, að frv. væri bygt á þessum lögum, en mjer blandaðist ekki hugur um það, að tekjuhlið fjárlaganna hlaut að vera bygð á gildandi skattalögum, og þar á meðal á þessu, og jeg hygg, að þeim þingmönnum, sem gera sjer nokkra grein fyrir því, hvernig tekjuáætlunin er gerð, hafi ekki getað dulist það. Og því er mjer í raun og veru sama um það, hvort þetta frv. kemur fram fyr eða seinna, og jeg fann enga ástæðu til að fara

að benda á þetta í framsöguræðu minni.

Jeg geri ráð fyrir, að þessi lög verði í gildi áfram, svo lengi sem þörf er á þeim sömu tekjum og nú er farið fram á, og jeg benti á það í framsöguræðu minni, að annaðhvort yrði að draga úr öllum verulegum verklegum framkvæmdum hjer á landi, eða að það yrði að afla ríkissjóði tekna á einhvern annan hátt. En það verð jeg að halda, án þess þó að jeg viti það, að þar sem hv. þm. (HjV) talar um aðrar leiðir í þessu máli, þá tali hv. þm. þar eftir þeim skoðunum, sem hann hefir á stjórnmálum, því það eru vitanlega til aðrar leiðir en tollaleiðin, og jeg veit, að hv. þm. (HjV) og hans flokkur vilja fara aðra leið; það er með því að leggja á beina skatta. En það er nú ekki svo auðvelt að búa til skattafrv. í þá átt, og að minsta kosti hefir hv. þm. (HjV) og hans flokkur ekki komið með tillögu í þá átt. Jeg veit, að því hefir verið haldið fram áður — jeg held, að það hafi verið í blaði flokksins árið 1923 eða 1924, — að það væri merkilegt, að 42 þingmenn gætu ekki fundið ráð til að útvega landinu tekjur, úr því að einn þingmaður þeirra gæti það. Jeg var ráðherra þá og skoraði á þann hv. þm. (JBald) að koma fram með þær till., en mjer vitanlega hefir hann ekki gert það, og það er þess vegna alveg ástæðulaust fyrir mig að fara að ræða um það við hv. þm. (HjV) hjer í þessari hv. deild, hver muni vera heppilegasta leiðin í þessum efnum, því að það mál liggur í rauninni alls ekki fyrir til umræðu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leiðrjetta þau ummæli hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að Íhaldsflokkurinn hafi stært sig af því á þingmálafundum, að gengisviðaukinn væri afnuminn. Þetta er misskilningur, sem sýnir, að hv. þm. (HjV) hefir ekki fylgst nógu vel með í þingmálum áður en hann varð þingmaður.

Það hafa ýmsir getið þess á þingmálafundum, að það væri búið að afnema gengisviðaukann á vörutolli, en það er alt annað en að afnema gengisviðauka í heild sinni. Þessu hefir hv. þm. (HjV) auðsjáanlega ekki veitt eftirtekt. En hvað það snertir, að því hafi verið lofað, að þessi gengisviðauki skyldi falla niður, þá hefir því aldrei verið lofað, nema að því leyti eins og lögin voru upphaflega úr garði gerð, að það mátti búast við, að hann fjelli niður, þegar gengi íslenskrar krónu hækkaði; en þar fyrir hefir aldrei verið lofað neinu um það frá stjórnarinnar hálfu, nje heldur hafa komið fram ummæli um það frá þingmönnum, heldur þvert á móti. Þegar fjhn. þessarar hv. deildar á síðasta þingi bar fram breytingar á vörutollslögunum, þá voru færðar þær ástæður fyrir þessari breytingu að lækka toll á nauðsynjavörum, að það væri rjettara að breyta tollum okkar í þá átt að lækka hann á nauðsynjavörum heldur en að lækka á munaðarvörum, og þess vegna er búið að skerða tekjur ríkissjóðs sem svarar til nokkurs af því, sem gengisviðaukinn hefir gefið okkur, þó að það hafi þótt rjettlátara að gera þá tekjuskerðing á öðru sviði heldur en gengisviðauka.

Það er alveg rjett hjá hv. 4. þm. Reykv., að stjórnin gerði ráð fyrir því, að þessi lög væru í gildi, að minsta kosti að efni til, eftir 1928. Jeg býst

við, að það komi að því, að tolllögin verði endurskoðuð og að þessi gengisviðauki verði þá tekinn upp í ákvæði sjálfra tolllaganna, og þá fellur þessi gengisviðauki burtu að forminu til. En þar sem bæði jeg og hv. frsm. nefndarinnar (KlJ) höfum ekki gert ráð fyrir því, að gengisviðaukinn verði afnuminn, þá vona jeg, að hv. 4. þm. Reykv. muni eftir þessari viðurkenningu sinni á þinginu 1928 og beri okkur ekki á brýn neina brigðmælgi og svik, þótt við þá höldum því fram, að ríkissjóður þurfi að halda á þessum tekjum áfram.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) finst þetta vera óreiða, að þurfa að framlengja þessa tekjulöggjöf frá ári til árs. Hv. þm. (HStef) má þá hafa það orð fyrir mjer, ef hann vill, en annars held jeg, að það sje ekki samkvæmt málvenju að nota orðið „óreiða“ um slíka hluti.

Þá sagði hv. þm. (HStef), að jeg hefði komið með afsakanir fyrir því, að þetta frv. kom svo seint fram. En jeg þarf þess ekki, því að frv. er nægilega snemma fram komið. Hitt kannast jeg náttúrlega við, að mjer láðist að geta um það við 1. umr. fjárlaganna, að fjárlagafrv. væri þannig úr garði gert, að reiknað væri með þessum tekjulið; en það er nú svo, að það má lengi halda áfram að telja upp hluti, sem ekki hefir verið getið um, af því að þeir liggja svo í augum uppi, að ekki er þörf að geta um þá. Í þessari framsöguræðu fjárlaganna fanst mjer, að jeg þyrfti fremur að leggja fram skýrslu um það, sem menn gætu ekki vitað um öðruvísi, heldur en að taka fram sjálfsagða hluti, og það er mín afsökun. Enda held jeg, að enginn hv. þm., sem nokkuð hefir litið á tekjuhlið fjárlagafrv., hafi verið í vafa um það, að þar væri reiknað með núgildandi gengisviðauka óbreyttum.

Hjeðinn Valdimarsson: Eftir þessari yfirlýsingu hæstv. fjrh. (JÞ) má búast við því, að hann vilji halda gengisviðaukanum varanlegum, svo að nú er ekki lengur um stefnu hans í því máli að villast. En hinu er ómögulegt að neita, að á landsmálafundum hefir hæstv. ráðh. (JÞ) viðurkent, að hjer væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem væri útrunnin í árslok 1927, og þessu hefir þjóðin trúað. Athugi menn löggjöfina, þá sjást þar tvö loforð, sem eru ákveðin í sambandi við gengisviðaukann. Annað er þegar búið að svíkja með nýjum lögum, að tollurinn skyldi ekki standa lengur en á meðan sterlingspundið væri yfir 25 krónur; hitt er það, að lögin hafa verið tímabundin. Hvorugt þetta atriði hefði verið nokkur ástæða til að hafa í lögunum, ef ekki hefði verið ætlast til þess, að lögin myndu breytast, þegar sterlingspundið fjelli niður fyrir 25 krónur og tíminn væri útrunninn. Það er þess vegna, sem jeg get ekki annað sagt en að þetta er blekking, sem heldur áfram í frv. stjórnarinnar, og sama er að segja um þær athugasemdir, sem eru við frv. hennar, að þar er aðeins getið um, að efnahagur ríkissjóðs megi ekki við því á næsta ári að missa þessar tekjur, en alls ekki getið um, að gengisviðaukinn verði til frambúðar.

Jeg vil aðeins lýsa undrun minni yfir því, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, að hann hefði aldrei heyrt þess getið, að þessi lög væru neitt óvinsæl. Jeg hugsaði, að hann sem meðlimur Framsókn-

arflokksins vissi það, að þessi hái tollur væri óvinsæll, og að minsta kosti hefir flokkur hans barist á móti þessum tolli í blöðum, þó að aðrar framkvæmdir hafi orðið hjer á þingi. En hv. þm. (KlJ) er máske sjerstakrar skoðunar innan flokksins.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 323).

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 501 og 506).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. hefir ekki getað orðið sammála um, hvort samþykkja bæri frv. þetta eða ekki. Meiri hl. leit svo á, að ekki væri annað fært en að samþykkja það, einkum þar sem tekjur fjárlagafrv. eru bygðar á þessum tekjuauka og ekki þótti líklegt, að á gjaldahliðinni næðist sú lækkun, sem honum næmi. Samt lítur nefndin svo á, að þetta fyrirkomulag eigi ekki að vera til frambúðar, en meiri hl. vill samt eftir atvikum ekki ganga á móti frv. á þessu stigi málsins, og leggur því til, að það verði samþykt.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það er ákaflega þægilegt fyrir háttv. meiri hl. að leggja til, að frv. þetta verði samþykt, af því að tekjuhlið fjárlaganna hafi verið bygð á því. Mjer finst, að hv. frsm. meiri hl. (J-Jós) hefði átt að skýra afstöðu sína til málsins heldur en að vera að skella skuldinni á stjórnina, þó óbeint væri.

Á þinginu 1924, þegar lög þessi voru sett, var gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þetta fyrirkomulag yrði aðeins til bráðabirgða. Jeg lít nú svo á, að það sje stjórnarinnar skylda, eða að minsta kosti að nokkru leyti, að búa út tekjufrv. fyrir ríkið, og það er vanrækslu stjórnarinnar að kenna, að ekki er mögulegt fyrir hv. meiri hl. fjhn. að fella þennan skatt niður, því að hún hefir ekki komið með neitt frv. til að vinna upp aftur þær tekjur, sem hún misti, en sem hún gerir ráð fyrir í sínu frv. af þessum skatti. Það líta margir svo á, að hæstv. stjórn hafi hreint og beint gleymt þessu frv.; hún hafi hugsað sjer, að lögin giltu lengur en þau gerðu, og þess vegna hafi hæstv. stjórn gert ráð fyrir að fá þessar tekjur árið 1928, enda

þótt engin lagaheimild væri til þess. Svo þegar komið er fram á mitt þing, kemur hæstv. stjórn fram með þetta frv., — eða þá að hún hefir hugsað sjer að haga því þannig til, að láta ekki þetta frv. um gengisviðauka koma fyr en svo seint á þinginu, að það væri ekkert annað viðlit en að samþykkja hann, og það er það, sem hv. meiri hl. fjhn. ber nú fyrir sig. Hann segir, að við getum ekki annað gert, eftir því sem nú er í pottinn búið, en að samþykkja hann.

Jeg álít, að ekki þurfi langar umr. um þetta mál. Það er búið að margrífast um það þing eftir þing, og þingið er margbúið að brigða loforð sín um að ljetta af þessum skatti, og hæstv. stjórn er langsekust um þetta, af því að hún hefði átt að gera þær ráðstafanir, sem til þess þurfti. Jeg álít því, að það þurfi ekki að ræða þetta ákaflega mikið; atkvæðagreiðslan sker úr því og sýnir, hverjir vilja standa við gefin loforð og ljetta af þessum skatti.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi við umr. í hv. Nd. svarað öllu því, sem hv. 5. landsk. (JBald) hefir nú mælt til stjórnarinnar. Sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka það, en vísa öllum þeim, sem lesa Alþingistíðindin, til umr. í hv. Nd.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. minni hl. (JBald) var að tala um það, að við meirihlutamenn hefðum ekki annað til brunns að bera í þessu máli en að við álitum ekki annað fært en að samþykkja frv. Það er rjett eftir haft, en hv. þm. (JBald) verður að gæta þess, að það er ekki stjórnin ein, heldur þingið líka, sem hefir með höndum afgreiðslu fjárlagafrv., og það er engu síður skylda þess að sjá ríkissjóði fyrir tekjum, eins miklum og gert er ráð fyrir, að þurfi til allra útgjalda, og hefði ekki fjhn., eða sá meiri hl. hennar, sem leggur til, að frv. verði samþykt, gert það, þá hefði honum borið skylda til, eftir að hafa tekið þátt í afgreiðslu fjárlagafrv., að bera fram annað frv. um tekjuauka.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri gott að sjá það, hverjir vildu standa við gefin loforð í þessu máli. Já, það er gott að sjá það; jeg tel samþykt fjárlagafrv. frá þessari hv. deild vera skuldbindingu af hendi hennar, og það er þá gott, að það sjáist, hverjir vilja standa við það loforð, að ríkissjóður fái þær tekjur, sem hann þarf til þess að standast þau útgjöld, sem þingið til þessa hefir ákveðið, að hann skuli hafa á árinu 1928. Jeg varð ekki var við, að hv. 5. landsk. kæmi með mikið af tillögum til lækkunar á útgjöldum fjárlagafrv. á meðan það var hjer á ferðinni; þvert á móti kom hv. þm. með stórfenglegar tillögur til hækkunar á útgjaldahlið frv. (**JBald:** Það gerði hv. þm. Vestm. (JJós) líka). Mínar till. voru ekkert á móti þeim till. um hundruð þúsunda, sem hv. þm. (JBald) kom með. (**JBald:** Þess vegna kom hv. þm. (JJós) líka fram með þær í lagaformi). Af mínum till. var ein þess efnis að veita nokkurt fje til styrktar þeim mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi, en hv. þm. (JBald) var með miklu fleiri, og man jeg þar eftir einni, sem hljóðaði upp á 100 þús. kr. fjárveitingu. Það er máske gott, að það sjáist,

hverjir mest leggja til um það, að útgjaldaliðir sjeu hækkaðir, en það verður samt ekki komist undan því að sjá fyrir því, að tekjuliðir fjárlaganna hækki að sama skapi. Eða fyrir hvaða kjósendum skyldi hv. 5. landsk. vera að flagga, þegar hann ber fram brtt. um stórkostlegar hækkanir á útgjaldaliðum fjárlaganna, en þykist svo vera með ólund út af alveg nauðsynlegum tekjuauka? Eða hvað væri þjóðin bættari fyrir því, þó að þessi tekjuliður væri feldur niður og þjóðin yrði svo að greiða það á annan hátt? Jeg get ekki sjeð, eins og þetta mál liggur fyrir og eins og nú er langt liðið á þingtímann, að hv. 5. landsk. hafi nokkuð til brunns að bera, sem geti rjettlætt málstað hans, annað en formið á þessum tekjuauka.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, MK, HSteins.

nei: JBald.

Tveir þm. (EJ, JJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg var ekki við 2. umr. þessa máls, en hafði sjerstöðu í nefndinni að því leyti, að jeg álít það neyðarúrræði að framlengja þessa tolla lengur en til er ætlast. Vil jeg nú spyrja hæstv. stjórn og fá að vita álit hennar um það, hvort ekki á að verða á sú breyting, sem ætlast var til í upphafi, að gengisviðaukinn lækki með hækkun krónunnar. En sje það ekki gert, hvort þá á ekki að koma með annan eðlilegri skattstofn, þegar grundvöllurinn, sem á var bygt með þessum lögum, lággengi krónunnar, er fallinn. Og eins vil jeg spyrja hæstv. stjórn að því, hvernig á því stendur, að þetta frv. kom svo seint fram.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg gat þess á síðasta þingi, og eins gerði jeg grein fyrir því í hv. Nd., þá er frv. þetta var til umr. þar, og eins við 1. umr. fjárlaganna í hv. Nd., að jeg teldi efasamt, að ríkissjóður kæmist af með tekjur sínar, að þessum gengisviðauka á tollum og gjöldum meðtöldum, eftir lækkun vörutollsins á kolum og salti og afnámi tunnutollsins, er gekk í gildi 1. júlí síðastl. Með lögunum um lækkun vörutollsins voru tekjur ríkissjóðs svo skertar, að eitthvað þurfti að koma í staðinn, og jeg skýrði frá því, að stjórnin mundi telja sjer skylt að bera fram þetta frv. á þessu þingi.

Þegar stjórnin undirbjó fjárlagafrv., vissi hún ekki, hvort nokkurn tekjuauka þyrfti. Vildi hún bíða þess, að sýnt væri, hver væri afkoma ársins 1926 og hverjar horfurnar 1927, en það kom ekki í ljós fyr en komið var fram á þing.

Þegar frv. kom fram, hafði stjórnin afráðið það, þótt búast megi við tekjuhalla árið 1927, að koma ekki fram með frv. um nýjar álögur, en hún sá líka, að ekki mátti á þessu

þingi skerða þá tekjustofna, sem til eru, frekar en gert var á síðasta þingi.

Hv. 1. landsk. (JJ) spurði, hvað jeg hugsaði um framtíð gengisviðaukans. Jeg get svarað honum því, að jeg býst ekki við því, að meðan jeg er fjármálaráðherra muni jeg stinga upp á því að lækka núverandi tolla á munaðarvörum, svo sem tóbaki og vínföngum, og væntanlega ekki heldur á kaffi og sykri. Sykurtollurinn var lágur áður en gengisviðaukinn kom; hafði hann staðið óbreyttur síðan 1911. Þetta eru þeir tollar, sem gengisviðaukinn hvílir á, og svo skipagjöld.

Stjórnin fer ekki fram á neina breytingu með þessu frv., heldur hitt, að löggjöfin um gengisviðaukann haldist óbreytt 1928.

Jónas Jónsson: Það gleður mig að heyra, að hæstv. forsrh. (JÞ) hefir ekki gleymt frv. í fyrstu, eins og ýmislegt benti til áður. Þessi skýring hans kemur að vísu eftir á, en hún er betri en ekki neitt.

Það hefir síður en svo aukið álit mitt á fjármálaráðsmensku hæstv. forsrh. (JÞ), sem gerði það glapræði í fyrra að taka einn flokk gjaldenda út úr og ljetta á honum sköttum, að hann ætlar sjer að halda í þennan tekjustofn, sem bundinn er við ákveðið gengi krónunnar, svo lengi og hvað lengi sem hann verður ráðherra. Og þetta er sami ráðherrann, sem átti þátt að því á þessu þingi að fella frv. um að ljetta undir með landbúnaðinum með því að lækka útflutningsgjöld á landbúnaðarafurðum! Einmitt þetta, að hæstv. stjórn ætlar að nota þennan gjaldstofn *eftir* að grundvellinum er kipt undan honum, er nóg til þess, að jeg mun greiða atkv. á móti frv., enda vil jeg ekki á neinn hátt vera bendlaður við eða bera ábyrgð á því skattafyrirkomulagi, sem hæstv. stjórn hefir komið á. Jeg býst ekki við því, að mitt atkvæði hafi áhrif á gang málsins, en þeir, sem sjá, að hverju stefnt er, gerðu rjettast í því að taka ekki á sig sameiginlega ábyrgð með stjórninni í skattamálunum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Vegna þess, að hv. 1. landsk. (JJ) er eindreginn andstæðingur minn, þá þykir mjer vænt um, að hann hefir nú lýst afstöðu sinni til skattamálanna fyrir þessari hv. deild á þá leið, að hann vill lækka toll á munaðarvörum, svo sem tóbaki og vínföngum, en kvartar um leið undan því, að lækkaður var tollur á öðrum eins nauðsynjavörum og kolum og salti. Og jeg get sagt honum það, að jeg er alveg eins ánægður með mína afstöðu í þessu efni eins og hann með sína afstöðu.

Um lækkun útflutningsgjalda af landbúnaðarafurðum, eða það frv., sem kom fram um það efni, er það að segja, að það kom í bág við þann samning, sem gerður var um tekjur ræktunarsjóðs í hitteðfyrra og kostnað við varðskipin. Þá var af hálfu nefndar í þinginu borið fram frv. um að hækka útflutningsgjaldið úr 1% í 1½%, og það væri ekki rjett að ganga á þann samning.

Jónas Jónsson: Það er leiðinlegt, að hæstv. fjrh. (JÞ) skuli vera svo

illa að sjer í skattalöggjöfinni, að hann veit ekki, að mestur hluti útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum rennur ekki í þá sjóði, sem hann talaði um. Það lítur helst út fyrir, að hæstv. fjrh. sje ekki kunnugt um það, að mest af gjaldinu gengur beint í ríkissjóð.

Það kemur ekki til neinna mála, að landbúnaðurinn eigi að greiða til langframa kostnað við landhelgisgæsluna, og þess vegna er sá skattur ranglátur.

Það lítur helst út fyrir, að hæstv. fjrh. haldi, að gengisviðaukinn nái aðeins til tolla á tóbaki og vínum; en hann kemur niður á mörgum öðrum vörum, sem eru allþungt skattaðar undir, en mikið notaðar á hverju heimili, ekki síst á hinum fátækari heimilum. Það gægðist því upp hjá hæstv. ráðherra (JÞ) nú, eins og oft endranær, að hann vill hafa skattana sem þyngsta á þeim, sem síst eru færir um að bera þá, en ljetta sköttum af hinum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer er vel kunnugt um það, að ekki rennur alt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum í ræktunarsjóðinn, en hv. 1. landsk. missýnist mjög, er hann heldur, að nokkuð af því gjaldi gangi til úthalds varðskipanna. Það er ákveðinn hluti af útflutningsgjaldsaukanum — er þó svarar meiru en því, sem landbúnaðurinn leggur til — sem rennur til ræktunarsjóðs upp í þá miljón, sem honum var lofað. Sjávarútvegurinn hefir nú í 1½ ár greitt sinn hluta af útflutningsgjaldsaukanum í ræktunarsjóð, en það er fyrst frá byrjun þessa árs, að gjaldaukinn af sjávarafurðum fer að ganga til landhelgisgæslu.

Þegar talað er um það, hverjir eigi helst að borga tollana, þá tel jeg rjett, að þeir beri talsverðar byrðar af þeim, er telja sig hafa efni á því að kaupa munaðarvörur, sem hár tollur og gengisviðauki hvílir á. Þar skilur okkur hv. 1. landsk. Hann vill, að þeir, sem eyða fje í óþarfa, sleppi sem allra mest við gjöld í ríkissjóð, en á hina, sem halda uppi atvinnurekstri og framkvæmdum í landinu, vill hann leggja svo miklar skattabyrðar, að þeir sligist undir, þegar harðnar í ári. Jeg er óhræddur að leggja út í samanburð á stefnu okkar í þessum málum, en þar sem háttv. 1. landsk. hefir nú talað sig dauðan, mun jeg ekki fara frekar út í það að sinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 541).

29. Fjáraukalög 1925.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925 (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er algerlega sniðið eftir aths. yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1925 og í sama formi og undanfarið. Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 396).

Frsm. (Jakob Möller): Jeg hefi í rauninni ekkert um frv. að segja annað en það, sem nefndarálitið á þskj. 396 ber með sjer. Það má auðvitað deila um það, hvaða umframgreiðslur skuli taka með og hverjar ekki, og eins um samræmið milli þeirra. Jeg ætla ekki að fara langt út í þetta, en get ekki stilt mig um að minnast á atriði, sem snertir mig sjerstaklega, í 9. gr., þar sem tekinn hefir verið upp sá nýi siður að taka upp í fjáraukalög lögboðna fyrirframgreiðslu. Þar sem þetta eru 2 liðir í landsreikningnum og umframgreiðsla á báðum, þá hefði átt að taka þá báða, ef annar var tekinn, en hjer er aðeins annar þeirra tekinn upp. Þetta er fje, sem endurgreiðist ríkissjóði aftur. Yfirleitt hafa lögboðnar greiðslur aldrei verið settar í fjáraukalög. Hinsvegar hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að fella þennan lið niður, og þó enn síður að leggja það til, að tekin verði upp umframgreiðsla á þeim liðum, sem ekki hefir verið tekin upp í frv.

Þær umframgreiðslur, sem nefndin hefir lagt til að bætt verði inn í frv., eru á kostnaði við póstflutning og húsaleiga efnarannsóknarstofunnar, og skilst mjer, að ekki verði um það deilt, að rjett sje að taka þessa liði upp. Auðvitað getur kostnaðurinn við póstflutning ekki verið annað en áætlun, en hinsvegar er hægt að gæta mismunandi mikils sparnaðar, og verður því að teljast rjett að taka upp umframgreiðslu á þessum lið. Jeg held, að það hafi svo ekki verið annað, sem jeg þurfti að taka fram fyrir hönd nefndarinnar.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið, en af því jeg hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, þótti mjer rjett að láta hv. þdm. vita, í hverju sá fyrirvari væri fólginn.

Það var enginn alvarlegur fyrirvari eða að mig greindi á við nefndina um málið sjálft, heldur hitt, hve mikið vafamál það er altaf, hverjar upphæðir skuli taka upp í fjáraukalög og hverjar ekki.

Eins og hv. frsm. (JakM) benti á, er altaf töluverður vafi á og glundroði í þessu efni. Jeg vildi leyfa mjer að benda á það, að það gæti verið ómaksins vert, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna tækju þetta einhverntíma rækilega til athugunar í eitt skifti. Það hefir altaf verið regla þau ár, sem jeg hefi fengist við yfirskoðunina, að taka heldur of en van, svo að allar aukagreiðslur geti verið öruggar. Jeg get því verið með því, að brtt. nefndarinnar verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 396,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 396,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 396,3 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 429, 451).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 451. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Brtt. á þskj. 451 er ekki annað en leiðrjetting. Það er fyrir vangá, að þessi upphæð er tekin upp í frv., eftir till. yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Eins og bent var á í gær af hv. frsm. fjhn. (JakM) í umr. um samþykt á landsreikningnum, er þetta ekki annað en fyrirframgreiðsla. Eftir lögum eiga bankar og sparisjóðir að greiða allan kostnað af embætti eftirlitsmannsins, og kemur því vitanlega ekki til mála að leita aukafjárveitingar, þótt ríkissjóður legði út þessa upphæð í bili.

ATKVGR.
Brtt. 451 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 454).

Á 62. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 579).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur eindregið til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

30. Landsreikningur 1925.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1925 (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er öldungis í sama formi sem að undanförnu. Leyfi jeg mjer að óska, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 397).

Frsm. (Jakob Möller): Um frumvarpið sjálft þarf jeg ekkert að segja umfram það, sem sagt er í nál. Það hefir slæðst inn í það prentvilla, sem þó kemur ekki fram í niðurstöðutölum neinum og breytir því engu. Frá nefndinni á jeg að skila því viðvíkjandi 7. till. yfirskoðunarmanna um gjöld úr landhelgissjóði, að nefndin felst á þá skoðun yfirskoðenda, að það sje tæplega heimilt að greiða slík gjöld úr landhelgissjóði, enda má komast hjá því, þar sem sjerstök fjárhæð er ætluð í fjárlögum til landhelgisgæslu, og mætti taka það þar.

Þá eru það sjerstaklega 18.—20. till. yfirskoðunarmanna, sem til athugunar koma. Þó að nefndin yfirleitt geri mun á skuldum steinolíuverslunarinnar og vínverslunarinnar, þá verður að taka undir það með yfirskoðunarmönnum, að það er rjett að gæta hinnar mestu varúðar og takmarka sem mest lánsverslun og leggja áherslu á innheimtu. En það stendur nú svo á, að það verður ekki hjá því komist að veita nokkur lán, úr því að þessar verslanir eru reknar. Það er nú þannig háttað högum atvinnuvega vorra, að það verður alls ekki hjá því komist að því er steinolíuverslunina snertir. En hvað snertir vínverslunina, þá tekur nefndin algerlega undir það með yfirskoðunarmönnum, að útistandandi skuldir eru orðnar alt of miklar, og það verður að gera gangskör að því að draga úr þeim. Enda mun nú, eins og einn yfirskoðunarmaður landsreikninganna tók fram í gær, í ráði að koma fram með sjerstaka till. um þetta, og skal jeg því ekki fjölyrða um það frekar.

Um 19. gr. er það að segja, að einstakir nefndarmenn hafa ýmislegt að athuga við hana, og sjerstaklega þykir nefndinni 27. liðurinn í 19. gr. mjög rífleg borgun í samanburði við starfið. Jeg man svo ekki, að það sje fleira, sem jeg á að skila frá nefndinni.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 17).

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 17, n. 580).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur fjhn. til, að landsreikningurinn sje samþyktur óbreyttur.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 626).

---

31. Landskiftalög.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög] (þmfrv., A. 46).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Landskiftalögin frá 1913 eru í 14 greinum. Þau lög eru að ýmsu leyti hagkvæm, og ekki síst nú á tímum, þegar jarðrækt er mjög að fara í vöxt og sú stefna ríkir, að skifta jörðum í fleiri parta. Ástæðan til þess, að jeg flyt samt þetta frv. um breytingu á þessum lögum, er sú, að reynslan hefir sýnt — og einkum eftir því sem lengra líður —, að lögin eru ófullnægjandi að sumu leyti; og að einu leyti er ákvæði þessara laga andstætt öðrum ákvæðum og anda laganna.

Í þessu frv. eru því fólgnar breytingar á fimm fyrstu greinum laganna.

Aðalbreytingarnar eru í þrennu lagi.

Lögin heimila ekki skiftingu á þeim landsnytjum, sem áður hefir verið skift, svo sem túni og engjum. Fyrsta aðalbreytingin, sem í frv. er fólgin, gengur út á það að heimila endurskiftingu, að svo miklu leyti, sem skipulagsbreyting er. En það er eindregið tekið fram í frv., að það megi ekki gera hlutfallsbreytingu. Þessar

skipulagsbreytingar eru oft nauðsynlegar, sökum þess að áður fyr hefir skifting ekki verið gerð með hliðsjón af því, sem síðar kom í ljós, að var miklu hentugra. Og þótt svo væri, að menn ættu að geta gert slíka skiftingu sjálfir, þá er það oft og einatt, sem erfitt er að fá því komið í kring.

Önnur aðalbreytingin er viðvíkjandi því ákvæði laganna, að öll skifting, sem fram fer á sambýlisjörðum, sje miðuð við jarðamat. Vitanlega getur þar ekki verið átt við annað jarðamat en það, sem gildir í hvert skifti, sem skifti fara fram.

Nú hefir það komið í ljós eftir síðasta jarðamat, að slík skifting á óskiftu landi, sem miðuð er við nýja matið, yrði þá eftir öðrum hlutföllum en eignahlutföllum. Það hefir t. d. komið fyrir, að ¼ hluti úr jörð, sem er í raun og veru sjereign, hefir orðið hærri í mati en ¼ af mati allrar jarðarinnar óskiftrar. Og ef nú ætti að fara að skifta einhverju óskiftu landi, þar sem svona stendur á, og farið væri eftir því ákvæði laganna að miða skiftingu við jarðamat, þá fengi sá, sem á ¼ jarðarinnar — sem er í hærra verði —, meira af óskiftu landi en honum bæri.

Jeg álít nauðsynlegt að breyta þessu; því að jeg veit dæmi til þess, að þar, sem svona stóð á, hefir eigandi þess partsins, sem hækkaði í verði, haldið fram, að skifta ætti eftir því jarðamati, sem nú gildir. Í greinargerð frv. eru einnig tilfærð dæmi, sem sýna, að breyting á þessu ákvæði er nauðsynleg.

Jeg skal taka það strax fram, að þessar tvær aðalbreytingar, sem jeg fer fram á, miða einungis að því að færa lögin í fullkomnara horf, með öðrum orðum: það eru ekki eiginlegar breytingar, heldur viðauki við lögin.

Þriðja aðalbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, gengur aðallega út á að nema úr gildi eitt ákvæði laganna, sem að mínu áliti gengur alveg í öfuga átt við aðalanda laganna. Það er ákvæðið um það, að þegar krafist er skifta á landi einhverrar sameignarjarðar, og landinu fylgja einhver hlunnindi, sem nánar er tiltekið um í lögunum, þá má ekki skifta landinu, nema meiri hluti eigenda jarðarinnar samþykki skiftin.

Það getur staðið svo á í þessu tilfelli, að einn sje eigandi meiri hluta jarðarinnar, og hinir tveir eða fleiri. Þá geta þeir ekki fengið skiftingu á landinu, nema eigandi meiri hluta samþykki, jafnvel þótt þeir færu ekki fram á að skifta hlunnindum. Þetta ríður alveg í bága við önnur ákvæði laganna, og það svo freklega, að jafnvel þótt eigendur meiri hluta landsins væru tveir, eða hvað margir sem vera skal, þá ætti einn eigandi að minni hluta jarðarinnar að geta fengið skiftingu. Yfir höfuð er sama, hvernig á þetta er litið; það er ekki sanngjarnt, að skifti geti ekki farið fram á landi, enda þótt skifting sje ekki gerð á hlunnindum, sem landinu fylgja. Þess vegna leggur frv. til, að landskifting geti farið fram eins og önnur skifting samkv. lögum, ef einhver hlutaðeigenda krefst. Aftur á móti er látin fylgja þessu ákvæði upptalning á ýmsum hlunnindum, sem ekki má gera staðbundin skifti á, nema samþykki allra komi til. Í langflestum tilfellum er erfitt að gera staðbundin skifti á hlunnindum, t. d. reka, veiði í vötnum

og sjó og mörgu fleiru, þar á meðal námarjetti, og því tel jeg slíkt ákvæði nauðsynlegt.

Aðrar smærri breytingar á lögunum eru t. d. þær, að í staðinn fyrir að lögin tiltaka þóknun til skiftamanna og matsmanna í krónutali, þá sje farið eftir lögunum frá 14. nóv. 1917 um þau efni. Þá var þóknunin hækkuð til þeirra manna. Frv. gerir ráð fyrir, að þetta ákvæði standi, sökum þess, að það var sett þegar dýrtíðin var komin alt að því á fylsta stig. Aftur á móti gerir frv. ráð fyrir að hækka nokkuð þóknun til yfirmatsmanna, af því að jeg man ekki til, að það hafi verið gert annarsstaðar í lögum.

Ennfremur gerir frv. ráð fyrir þeirri smábreytingu, að sýslumaður, sem er oddviti yfirmatsmanna við yfirmatið, megi kveðja mann í sinn stað. Getur þetta verið hentugt, ef sýslumaður á langa leið að fara, eins og víða er, en nú eru menn svo að segja á hverju strái, sem eru færir til að standa fyrir slíkum skiftum, enda þótt yfirmat sje. Mundi þetta koma sjer betur fyrir hvoratveggja aðilja.

Í lögunum er ekki gert ráð fyrir, að sá, sem skifta beiðist, greiði einn kostnaðinn, nema við yfirmat, ef skifti haldast óbreytt; þá legst kostnaður á þann, sem yfirmatsins krefst. En frv. gerir þá smábreytingu, að sá, sem um skiftin biður, eigi að borga allan kostnað, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda. Það er nauðsynlegt, að menn hafi ekki of greiðan aðgang að því að heimta skifti, svo að síður sje farið að hreyfa þeim, nema ekkert sje til fyrirstöðu frá laganna hálfu.

Fleiri eru ekki breytingarnar en þær, sem jeg þegar hefi minst á, nema jeg tel hagkvæmara að gera breytingu á skipulagi greinanna og skipulagi efnisins í greinunum, þar sem efnisbreyting á lögunum hefir verið gerð.

Jeg hefi nú tekið fram alt, sem talist geta breytingar. Jeg tel þær allar nauðsynlegar. Hefi jeg reynslu í þessum efnum og hefi orðið að synja um framkvæmd á skiftum, sem mjer voru falin á hendur sem oddamanni matsmanna, — aðeins vegna þessara galla á lögunum. Og þetta atriði, sem jeg álít skifta mestu máli að breyta, er alls ekki heldur í samræmi við önnur ákvæði laganna. Jeg vænti þess, að hv. þdm. hafi litið á greinargerð frv., þar sem alt er tekið fram, sem nauðsynlegt er að athuga þessu viðvíkjandi. Leyfi jeg mjer svo að óska, að málinu verði vísað til landbn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, n. 251).

Frsm. (Þjetur Þórðarson): Frv. það, sem jeg hefi borið fram á þskj. 46, hefir legið lengi hjá landbn. og hefir nú nefndin afgreitt það, svo sem sjá má á þskj. 251. Það er ekki mikið, sem

nefndin hefir breytt frv., en þó hafa þær breytingar nokkra þýðingu, og vænti jeg, að hv. þdm. hafi athugað breytingarnar og nál. sjálft. Jeg skal þá leyfa mjer að fara nokkrum orðum um helstu breytingar, sem frv. þetta gerir á núgildandi lögum. Það er þá fyrsta breytingin, að taka sjerstaklega upp í lögin upptalningu þess lands og þeirra landsnytja, sem til skifta geta komið, þótt ekki sjeu allir aðiljar á það sáttir. Önnur aðalbreytingin er það, að talin eru upp sjerstaklega þau hlunnindi og þær landsnytjar, sem ekki geta komið til skifta nema því aðeins, að allir aðiljar sjeu því samþykkir. Þetta er nauðsynlegt ákvæði, því að þó heimiluð sjeu skifti á öllu landi, þá er þó nauðsynlegt að undanþiggja ýms hlunnindi skiftum, því að það er oft ómögulegt að framkvæma á þeim staðbundin skifti án þess að misrjetti eigi sjer stað; því er ekki rjett að heimila slíkt nema allir aðiljar komi sjer saman um það. En ef samkomulag fæst á þann hátt, þá er líka fráleitt að synja um slíkt.

Þá er enn ein breyting, sem frv. þetta felur í sjer á núgildandi lögum, og er það ekki lítilsvert atriði. En það er, að skifta má túni og engi og fleira slíku, þótt því hafi áður verið skift, ef ekki eru til órækar sannanir fyrir því, að þessu landi hafi áður verið skift *samkvæmt þessum lögum*. Slík skipulagsskifting er sjálfsögð, ef skipulagið er óhagkvæmt eftir gömlu skiftunum. Það eru mikil brögð að því víða á Suðurlandsundirlendinu og í Skaftafellssýslu, að sami maðurinn á tún sitt í mörgum hlutum innan um tún annara. Þá er nauðsynlegt að skifta upp að nýju, en það skilyrði er sett fyrir skiftingunni, að ekki sje raskað hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til. Það má ekki raska eignaverðmæti hvers aðilja fyrir sig.

Þá er enn ein aðalbreytingin, og það er, eftir hvaða hlutföllum skiftin skuli gerð. Eftir núgildandi lögum eiga skiftin að fara fram eftir stærð jarðar eða jarðarparts eftir jarðamati. En það er vitanlegt, að hlutföll jarðamats á hinum einstöku býlum sameignarjarða hefir breyst meira eða minna við síðasta jarðamat. Það er því augljóst, og hefir líka komið fyrir síðan 1922, að skifti eftir slíku jarðamati geta verið mjög ranglát. Því var nauðsynlegt að leggja annað hlutfall til grundvallar. Frv. þetta stingur upp á því, að skiftin skuli miðuð við lögmæt eignahlutföll lands og landsnytja. Þetta er stærsta breyting þessa frv. á núgildandi lögum, enda hefir nefndin mest um hana fjallað á fundum, og langsamlega mest um hana skráð í nál., og læt jeg mjer nægja að vísa til þess. Nefndin hefir sett ítarlegt ákvæði um það, ef vafi er á um eigna hlutföllin. Það getur verið, að ágreiningur sje um þau og samkomulag náist ekki; þá er ekki annað fyrir en skjóta slíku rjettarspursmáli fyrir dómstólana.

Þá eru og enn í þessu frv. nokkrar smábreytingar, sem nauðsynlegar voru vegna hinna breytinganna. Jeg vona, að menn viðurkenni, að þetta mál sje þarft og gott. Það er í alla staði rjettmætt og hefir þurft rækilegrar íhugunar við. Hjer hafa um það fjallað gætnir og ágætir menn, þar sem eru meðlimir hv. landbn. þessarar háttv.

deildar, og hið sama vona jeg, að megi með sanni segja um flutningsmanninn. Jeg hygg, að hv. deild megi treysta því, að vel sje frá málinu gengið.

ATKVGR.

Brtt., 251,I samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 251,II.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 251,II.b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 251,II.c samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 324).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 324).

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 324, n. 407).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og hv. deild er kunnugt, er mál þetta komið frá Nd. Landbn. þessarar deildar hefir haft það til meðferðar, og eins og nál. ber með sjer, leggur hún til, að frv. nái fram að ganga. Aðalbreytingin, sem frv. gerir, er sú, að það kveður á um, að verðhækkun lands og jarða af aukinni ræktun og öðru því líku hafi ekki áhrif á skifti annara hluta jarðarinnar. Það á að leggja til grundvallar ekki einungis mat jarðanna, heldur hina upphaflegu hlutfallsskiftingu. Nefndin álítur þessa breytingu til bóta og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 457).

32. Sala á Hesti í Ögurþingum.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum (þmfrv., A. 316).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg þarf engu við það að bæta, sem stendur í greinargerð frv. þessa. Sýslunefnd, sóknarprestur og biskup samþykkja söluna. Ástæðan fyrir sölunni er sú, að jörð þessi hefir aldrei verið og verður aldrei notuð sem embættisbústaður; hún liggur í eyðifirði, svo erfitt er að ná þangað til prestsins, enda hefir enginn prestur í Ögurþingum búið þar, nema sjera Páll Sívertsen, sem mun hafa búið þar frá því síðari hluta sumars og fram á þorra. Sjera Sigurður Stefánsson notaði kot þetta lengst af sem hjáleigu.

Nú hafa feðgar tveir búið þar í 14 ár, og hafa þeir gert þar töluverðar jarðabætur; er nú svo komið, að ábúendurnir vilja ekki búa þar lengur, nema með því móti að fá kotið keypt. Aðalástæðan fyrir því er sú, að óhjákvæmilegt er að gera þar allstóra girðingu, til þess að verjast ágangi, því að kot þetta liggur í eyðifirði og er þar afrjetti tveggja hreppa. Sækir því þangað mikill búpeningur, svo ógerningur er að verjast nema með girðingu, en slíka girðingu vill ábúandinn ekki kosta, nema hann nái kaupum á jörðinni.

Sóknarpresturinn óttast, að kotið fari í eyði, ef bóndi þessi flytur þaðan; vill hann því umfram alt selja honum kotið. Ábúandinn á timburhús á jörðinni, sem svo er um búið, að auðvelt er að kippa því burt. Biskup hefir lagt það til, að peningarnir fyrir jörðina verði lagðir í kirkjujarðasjóð og svo notaðir til þess að kaupa betra ábýli handa prestinum í Ögurþingum. En jeg hefði talið hentugra að verja þeim í hús handa prestinum, og þá helst í Súðavíkurþorpi, en það er dálítið þorp, sem heldur fer vaxandi, og í nánd við það býr presturinn, sem nú er í Ögurþingum. Öll skjöl snertandi þetta mál hefi jeg hjer og mun afhenda þau nefnd þeirri, sem fær málið til meðferðar.

Læt jeg mjer svo á sama standa, hvort heldur frv. fer til fjhn. eða allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 338 og 339).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Allshn. hefir ekki orðið á eitt sátt um þetta mál. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fram eru bornar á þskj. 338, en hv. minni hl. ræður til að fella frv.

Þessi jörð er þannig sett, að engin

líkindi eru til, að hún verði nokkru sinni notuð sem prestssetur. Hún er svo út úr — illa í sveit komið — og er lítið smábýli, sem ekki er að vænta, að taki þeim stakkaskiftum, að hún verði landinu til meiri nytja en hún hefir verið.

Ábúandinn, sem er áhugasamur fjölskyldumaður, hefir sótt um að fá jörðina keypta. Hann er atorkumaður, sem hefir góðan vilja á því að bjarga sjer, og eru nokkur líkindi til, ef honum endist líf og heilsa, að hann geti bætt kotið svo, að hann megi bjargast þar. Af þessum ástæðum og hinu, að engin líkindi eru til, að jörðin verði notuð til þess, sem hún hefir verið ætluð, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að ábúanda verði seld jörðin.

Annars hefi jeg altaf litið svo á, að landið hefði ekki átt að selja kirkjueða þjóðjarðir, heldur hefði landið átt að eiga þær. Nú er svo komið, að búið er að selja flestar bestu jarðirnar, nema þær, sem taldar eru vel fallnar til þess að skiftast niður í nýbýli, og nokkrar, sem liggja nærri kauptúnum og ætlaðar eru þorpsbúum til afnota. Jeg hefi jafnan verið á móti því að selja kirkju- og þjóðjarðir, en úr því að það hefir verið gert, sje jeg ekki ástæðu til að halda í kot, sem ætla má, að bygt muni verða sæmilega upp af ábúanda, ef hann fær að eignast það. Jeg býst ekki við, að landið fari að kaupa aftur þær jarðir, sem það hefir selt, en ef svo væri, væri auðvitað ekki rjett að selja þær fáu þjóðjarðir, sem eftir eru, jafnvel þó um smákot væri að ræða. En jeg býst ekki við, að um slík kjarakaup verði að ræða.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 338, þá vill meiri hl. nefndarinnar ekki ákveða verð jarðarinnar, heldur fari um söluna eftir venjulegum reglum og mati.

Stundum hefir sala farið fram fyrir ofan matsverð. Nefndin vill ekkert um það segja, hvaða verð væri hæfilegt fyrir jörðina, en meiri hl. hennar vill halda þeirri venju, sem verið hefir og lögin um sölu kirkjujarða ákveða, og lýtur 1. brtt. að því.

Þá er 2. brtt. um það, að fella niður 2. gr. frv. Í frv. er svo ákveðið, að andvirði jarðarinnar skuli varið til þess að kaupa annað býli eða hús handa prestinum í Ögurþingum. Meiri hl. nefndarinnar vill ekki fallast á þetta, heldur vill hann, að andvirðið renni í kirkjujarðasjóð, og ef síðar þykir fært að hjálpa prestinum í Ögurþingum, þá, en ekki fyr, verði tekin ákvörðun um það og hvernig það verði gert.

3. og síðasta brtt. er aðeins afleiðing af 2. brtt., að 3. gr. frv. verði 2. grein.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Úr því sem gera er, er ekki hægt að hafa á móti sölu þessarar jarðar. En minni hl. nefndarinnar er mótfallinn frv., og mun hann færa fram ástæður fyrir því.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það má segja, að svo bregðist krosstrje sem önnur trje, þá er hv. frsm. meiri hl. (JörB) vill nú ólmur selja þessa jörð, því að fáir munu hafa talað meira um það en hann, að ekki ætti að selja jarðir þær, sem eru eign hins opinbera.

Hjer í þinginu hefir það jafnan farið svo, að altaf hafa verið fundnar sjerstakar ástæður í hvert skifti, sem

jörð hefir átt að selja, og hv. 2. þm. Árn. (JörB) hefir nú haft þessa þrautreyndu aðferð sölumanna þjóðjarða.

Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá er hjer ekki um stóra jörð að ræða, en hún mun geta tekið stakkaskiftum, ef rjett er að farið, og það veit ábúandi; þess vegna vill hann kaupa jörðina. Það mun þurfa að setja upp allstóra girðingu þar, til að verja jörðina átroðningi skepna af afrjettum, en rjettara væri, að ríkissjóður hlypi þar undir bagga, kostaði girðinguna eða veitti til hennar ódýrt lán, heldur en að fleygja jörðinni í ábúandann.

Jeg get ekki hugsað mjer, að nein jörð sje betur til þess fallin að vera einstaklingseign heldur en eign hins opinbera, og svo er um þessa jörð.

Jeg fæ ekki skilið þá ástæðu hv. frsm. meiri hl., að úr því að aðrar jarðir hafi verið seldar, þá sje ekkert við því að gera og óhugsandi, að þær geti aftur orðið þjóðareign. Hafi menn þá skoðun, að jarðir eigi að vera þjóðjarðir, þá verða menn að taka afleiðingunum af þeirri skoðun og vinna að því, að þjóðin eignist aftur jarðirnar úr höndum einstaklinga.

Jeg skal ekki fara neitt út í brtt. Jeg legg á móti því, að jörðin verði seld.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þakka hv. meiri hl. allshn. fyrir góðar undirtektir hans í þessu máli.

Jeg verð að kannast við það, að jeg er andstæður þjóðjarðasölu, nema því aðeins, að þær sjeu seldar í vissum tilgangi og sjerstaklega standi á. Og hjer stendur einmitt sjerstaklega á. Það er öllum vitanlegt, að hið opinbera getur aldrei haft nein önnur not þessarar jarðar en að hirða eftirgjaldið af henni, og þarf þó að kosta talsverðu fje til þess að hún sje byggileg og fari ekki í eyði, líklega eins miklu og andvirði hennar nemur. Jeg hygg því, að kirkjujarðasjóði sje gerður mikill greiði með því að selja jörðina.

Jeg hefi ekkert á móti því, þó kaupverðið sje ekki ákveðið í lögunum. Jeg ætlast alls ekki til þess, að ábúanda verði ívilnað að neinu leyti, enda verður það ekki gert, ef mat fer fram á jörðinni. Jeg get því fallist á 1. brtt., og eins 2. brtt., um það, að önnur gr. frv. skuli falla niður, ef prestinum í Ögurþingum verður sjeð fyrir sæmilegu aðsetri og til þess varið álíka fje og fæst fyrir þessa jörð, eða meira.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það er aðeins stutt athugasemd út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) sagði. Jeg gæti sagt við hann: „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er", því að jeg veit ekki, hvort hann er eindregnari gegn þjóðjarðasölu heldur en jeg. Að minsta kosti hefir hann ekki sýnt það í verkinu.

Þar sem ábúendur hafa enga tryggingu fyrir því, að þeir eða niðjar þeirra njóti þeirra umbóta, sem þeir gera á jörðinni, kalla jeg illa fyrir sjeð og verra, að jarðirnar sjeu í eign hins opinbera heldur en einstaklinga, það er að segja, ef þeir sitja þær sjálfir. Og til þess að bæta úr þessu hefi jeg, ásamt tveim öðrum háttv. þingmönnum, borið fram sjerstakt frv. hjer í deildinni. Og það skyldi gleðja mig,

ef hv. 4. þm. Reykv. flytti einhverjar tillögur, sem miðuðu til gagns fyrir ábúendur og jarðeigendur.

En það skal jeg segja honum, fyrst hann virðist ekki skilja afstöðu mína, að fyrst búið er að farga flestöllum þjóðjörðum þeim, sem verða seldar, þá sje jeg minsta ástæðu til þess að vera að halda í afdalakot, sem geta lagst í eyði fyrir það.

Hv. þm. (HjV) sagði, að enginn hefði talað meira á móti þjóðjarðasölu en jeg. Það veit jeg nú ekki, en hitt veit jeg, að jeg hefi verið á móti henni og er það enn. Hv. þm. (HjV) gaf einnig í skyn, að jeg óskaði þess ekki, að seldar jarðir kæmust aftur í eign hins opinbera. Þetta er ekki rjett, en jeg sagði, að jeg byggist ekki við, að það myndi verða, síst fyrst um sinn; jeg býst við, að mörgum finnist, að landið hafi ekki fjárráð til þess að kaupa þær.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hjer er ekki um annað að ræða en það, hvort þessi jörð á að vera eign hins opinbera eða einstaklingseign. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að þetta væri afdalakot, en setjum svo, að seldar sjeu yfirleitt bestu jarðirnar, — ja, hvar eru þá takmörkin? Það verður haldið áfram að selja þangað til engin jörð er eftir.

Magnús Jónsson: Jeg vil minnast nokkrum orðum á 2. brtt. hv. allshn. Jeg held, að nefndin hafi ekki athugað það nógu vel, hvað hjer er um að ræða, sem sje „beneficum" prestsins. Eitt prestakall landsins, Staðarhólsþingin, hafa nú um skeið verið prestslaus, vegna þess eins, að jörð sú, sem prestinum er ætluð til ábúðar, er óviðunanlegt kot. En ef sæmileg jörð fengist, þá mundi þegar fást þangað prestur.

Hjer er um jörð að ræða, sem er óheppilega í sveit komið fyrir prest, og því gott að selja hana. En það má ekki gera, nema einmitt með það fyrir augum að fá aðra betri handa prestinum, því að ekki er það góð lausn á málinu að setja hann niður í Súðavík.

Jeg vil því eindregið mæla með því, að annað „beneficum" verði keypt, því að þetta er annað og meira en hreint og beint peningaspursmál. Vil jeg láta koma fram þingviljann í þessa átt með því að leggja upphæðina til hliðar.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. (MJ) vil jeg geta þess, að jeg hygg, að það sje misskilningur hjá honum, að betur verði sjeð fyrir jarðnæði handa prestinum, ef 2. gr. frv. er samþykt. Þessar 2000 kr., sem gert er ráð fyrir, að fáist fyrir jörðina, hrökkva skamt til þess að kaupa gott jarðnæði, og er betra að sjá fyrir því á annan hátt.

Jeg vona því, að hv. deild fallist á brtt.

ATKVGR.

Brtt. 338,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 :1 atkv.

— 338,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 14:4 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr (A. 383).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).
Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 463).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er komið hingað eftir að hafa verið samþ. í hv. Nd., en frv. var upphaflega í öðru formi en nú. Það var sem sje tekið fram, fyrir hvaða verð jörðin skyldi seljast og til hvers ætti að verja því. Það má heita, að fyrirsögn frv. sje villandi, þar sem talað er um sölu á prestssetri. Þessi jörð hefir aldrei verið notuð sem prestssetur, nema einu sinni part úr ári. Þetta er mjög lítilfjörlegt býli og þannig sett, að varla getur komið til mála, að prestur geti haft þar aðsetur. Nefndin sá því ekkert á móti því, að frv. yrði samþ.

Jón Baldvinsson: Það er altítt, þegar selja á jarðir ríkissjóðs, að bera því við, að þetta sjeu smákot, sem ríkið megi vera fegið að losna við, en svo kemur upp úr kafinu síðar meir, að þetta eru ekki önnur eins smákot og látið var í veðri vaka, þegar verið var að koma frv. í gegnum þingið. Þessi jörð, sem er ætluð til prestsseturs, en hefir ekki verið notuð í því skyni, er sögð allsæmileg sauðfjárjörð, enda hefir þarna verið búið góðu búi. Jörðin liggur skamt frá ágætum afrjettarlöndum. En eins og kunnugt má vera, er það einhver hinn besti og arðvænlegasti atvinnuvegur, sem rekinn er hjer á landi, að reka sauðfjárbú. — Jeg sje ekki, hvaða nauður rekur til þess að selja jörðina og nota fjeð til að kaupa hús handa presti eða býli. Það má líka nærri geta, hversu myndarlegt hús eða býli verður reist fyrir 2000 krónur, eftir því byggingarverði sem nú er. Jeg vil spyrja hv. nefnd, hvort hún hafi athugað, hvað stórt land þetta er. Þó að ríkissjóður fái 2000 krónur, álít jeg miklu betra að eiga jörðina.

Jeg man ekki, hvort í þessu landi eru nokkrar ár, en í nágrenninu eru ár, sem nú er verið að reyna að fá að virkja og koma í samband við hina miklu virkjun í Arnarfirði. Jeg vil biðja hv. nefnd að athuga, hvort ekki sje þarna meira verðmæti en hún veit af; því vissulega mundi jörðin verða verðmæt, ef árnar í Hestfirði yrðu

virkjaðar, þó það eigi nú ef til vill nokkuð langt í land. En þó er nú um þetta talað. Jeg vil svo að lokum biðja nefndina að athuga á kortinu landamerki jarðarinnar.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 5. landsk. (JBald) mælti fremur á móti þeirri tillögu nefndarinnar, að þessi jörð væri seld, en jeg hafði nú raunar ekki sagt mikið um það, hve nauðsynlegt það væri, að sala færi fram, því að jeg hefi jafnan verið á móti þjóðjarðasölu. En eins og stefnan hefir verið á undanförnum árum, þá er ekki frekar nauðsyn á að fara að halda þessu býli eftir, því að það hefir löngum verið venjan að selja betri jarðirnar, en þær lakari hafa orðið eftir í eign hins opinbera, og það, að jörðin sje ekki hentug til afnota fyrir prestssetur, þótt þar sje góð sauðfjárbeit, bendir til þess, að enginn prestur hefir getað notað hana fyrir aðsetur. Við erum gengnir úr skugga um það, að þetta kot getur ekki verið prestssetur þarna, og það sýnir líka reynslan, því að prestur hefir aldrei setið þar, nema einu sinni ofurlítinn part úr ári.

En það er nú heldur ekki um það að tala, að hv. þm. (JBald) geti haldið því fram, að þetta býli sje selt fyrir eitthvert ákveðið, kannske of lágt verð, því að það ákvæði hefir verið felt úr frv., og er ætlast til, að farið sje eftir venjulegum aðferðum um sölu kirkjujarða. Verðið hefir máske verið í lægra lagi, en þingið ákveður ekkert um það, þó að frv. verði samþykt.

Svo er spurningin um stærð jarðarinnar. Það athugaði nefndin líka, en kannske ekki fyllilega; það er kannske nokkuð stórt land, en það er fremur harðbalalegt og sama sem engar engjar þar, en auðvitað hefir þetta kot tún, sem hefir tekið miklum bótum í ábúð núverandi ábúanda. Þegar hann kom þangað, gaf túnið ekki nema 40 hesta af sjer og engar engjar nema eitthvað örlítið í beitilandi.

Svo talaði hv. 5. landsk. um ár, sem kynnu að vera í landi jarðarinnar, en jeg hygg, að hún muni aldrei gefa mikið af sjer á þann hátt, því að þar er varla um verulegar stórár að gera; en svo er það líka auðvitað, að ef þar væri um nokkra fossa eða stórár að gera, þá myndi ríkissjóður halda þeim eftir, svo að hann tapaði þeim ekki, ef um eitthvað slíkt væri að gera.

Jón Baldvinsson: Það er nú upplýst, sem jeg í rauninni vissi áður, að þessi jörð er ekki svo lítil eins og ætla mætti eftir athugasemdunum við frv. Þetta er sæmilega stór jörð og má hafa þar allgóðan búskap, og það er heldur ekki líklegt, að þar verði haft prestssetur, því að prestur myndi naumast setja sig niður þar í útjaðri hrepps. En jeg get ekki horfið frá hinu, að það muni ekki vera nein ástæða til þess að selja þessa jörð; mjer sýnist, að það sje alveg eins hægt og verið hefir að leigja jörðina og gefa ábúandanum tækifæri til að gera þar jarðabætur og láta þær koma upp í afgjald jarðarinnar, nema því aðeins, að hann fái jörðina fyrir lægra verð en rjett er. En það er sannleikurinn um allar jarðir, sem seldar hafa verið, að þær hafa verið seldar fyrir miklu lægra verð en þær hafa gengið kaupum og sölum manna á milli. Jeg

myndi því ekki geta samþykt þetta frv., því að jeg álít alls ekki rjett að selja opinberar eignir, og jeg álít, að ríkissjóður hafi altaf orðið fyrir skaða, þegar hann hefir látið jarðir sínar í hendur einstakra manna, og nú er þegar búið að selja mikið af bestu jörðum ríkissjóðs, en ef hann heldur áfram að selja jarðir sínar, þá heldur hann áfram að rýja sig af eignum, og þegar hann selur jarðir sínar, þá gefur hann mikið af andvirði þeirra, og kaupendur nota það stundum ekki til annars en selja jarðirnar aftur fyrir meira verð, sem leiðir af því að ríkissjóður hefir selt þær of lágt.

En hinsvegar á að vera best að búa á jörðum ríkissjóðs, því að hann á að gefa svo góða leiguskilmála, að það sje eins gott fyrir ábúendur að vera leiguliðar hans eins og þeir eigi jarðirnar sjálfir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 496).

---

33. Einkasala á áfengi.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 100).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Þetta frv. er í raun og veru ekki um einkasölu áfengis, heldur um það, að sjúkrahúsum sje heimilað að hafa bein viðskifti við lyfjaverslun ríkisins, alveg eins og læknum. Það sýnist ekki ástæða til þess, að sjúkrahúsum sjeu gerð dýrari þau lyf, sem þau þurfa að nota, heldur en þörf gerist. Jeg álít, að verð lyfja sje svo hátt yfirleitt, að lyfsalar geti sjer að skaðlitlu slept viðskiftum við sjúkrahúsin. Það, sem fyrir mjer vakir, er aðallega, að sjúkrahús geti fengið ýms sóttvarnarlyf og smávegis lyf, er ekki þarf að setja mikið saman, beint frá ríkisversluninni án álagningar. Vil jeg þar t. d. nefna þorskalýsi, sem jeg nota mjög mikið, svo og óhreinsaðan spíritus, sem verður að teljast nauðsynlegt sóttvarnarlyf.

Jeg tel það alveg sjálfsagt, að þetta nái fram að ganga, og getur það líka sparað ríkinu allálitlega fjárupphæð. Ríkið styrkir flest sjúkrahúsin, og eftir því sem kostnaður þeirra verður minni, því minna þarf ríkið að leggja af mörkum til þeirra.

Jeg geri það að tillögu minni, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 1. umr. (A. 100, n. 230).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg get látið nægja að vísa til nál. á þskj. 230, sem jeg býst við, að háttv. þdm. hafi lesið. Frv., sem hjer liggur fyrir, fer fram á þá aðalbreytingu, að sjúkrahúsin skuli hafa bein viðskifti við lyfjaverslun ríkisins. Nefndin aðhyllist þá breytingu og álítur nauðsynlegt að ljetta þannig útgjöldum af sjúkrahúsunum.

Þá er farið fram á tvær aðrar breytingar í þessu frv.: að læknar, sem ekki hafá lyfjasöluleyfi, megi hafa bein viðskifti við lyfjaverslunina, og að felt verði úr lögum það ákvæði, að nánari reglur um starfssvið forstöðumanns lyfjaverslunarinnar verði settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefi út. Nefndin álítur þessar breytingar ekki til bóta og kýs heldur, að fyrirkomulag það, sem nú er, haldist. Nefndin hefir borið sig saman við flm. frv. og hefir hann fallist á að samþykkja þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.

ATKVGR.

Brtt. 230,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 230,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 253).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 253).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg vildi aðeins gera þá athugasemd til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, að 1. gr. frv. er svo undarlega orðuð, að þar hlýtur að vera prentvilla eða einhver önnur vitleysa. Það er ekkert mál á fyrri hluta greinarinnar: „Honum skal skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús lyf", o. s. frv. Næst ber að skilja þetta á þann veg, að forstjóra áfengiskaupa beri að útvega *frá* útlöndum lækna og sjúkrahús, sem auðvitað nær engri átt.

Þetta hlýtur að eiga að vera eitthvað á þessa leið: Honum skal skylt að útvega frá útlöndum fyrir ríkissjóð eftir beiðni lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, o. s. frv.

Jeg hefi aldrei sjeð aðra eins orðun á þskj., og nefndin verður auðvitað að leiðrjetta þetta. Ennfremur ætti

fyrir orðið „sjúkrahús“ að koma eignarfall fleirtölu af því orði: sjúkrahúsa. Gæti þó átt að vera: fyrir sjúkrahús.

Jeg vildi vekja athygli á þessu og vænti þess, að hv. nefnd athugi þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 357, 360).

Frsm. (Árni Jónsson): Frv. þetta er borið fram til þess að gefa sjúkrahúsum rjett til þess að panta lyf beint frá lyfjaverslun ríkisins. Hefir það verið til umr. í hv. Ed., og voru þar gerðar á því litlar breytingar.

Hjer í deildinni hefir verið á það bent af hv. 1. þm. Rang. (KlJ), að orðalag frv. væri ekki nógu skýrt. Nefndin breytti því orðalaginu eins og sjá má á áliti hennar. Tveir nefndarmenn álitu, að ekki bæri nein nauðsyn til þess að hafa í frv. ákvæði um, að ekki mætti selja sjúkrahúsum vín og ómengaðan spíritus.

Um brtt. á þskj. 360 get jeg verið fáorður, vegna þess að það eru aðeins orðabreytingar. Það er nú fáment og góðment hjer í hv. deild, og vona jeg, að menn samþ. frv. með breytingunum orðalítið.

Pjetur Ottesen: Það er rjett hjá hv. frsm. allshn. (ÁJ), að brtt. mín á þskj. 360 er aðeins orðabreyting. Enda þótt orðalagið á greininni eins og hún er yrði ef til vill ekki misskilið, þá finst mjer enn öruggara, að svo fari ekki, ef þessi breyting er samþ.

ATKVGR.

Brtt. 360 samþ. með 12:4 atkv.

— 357,1, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

— 357,2 samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JK, KlJ, MT, ÓTh, SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, BSt, BSv.

nei: HjV, IngB, JG, JÓl, MG, PO, PÞ, TrÞ, ÁÁ.

JakM greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (JAJ, JS, JörB, MJ, SigurjJ, ÞórJ, BL) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 371).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og endursent Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 371).

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 371, 389).

Jónas Kristjánsson: Hv. Nd. gerði dálitla breytingu á þessu frumvarpi, sem nefndin getur ekki sætt sig við. Er breytingin í því fólgin, að feld er niður úr 1. gr. síðasta málsgr.: „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus". Sýnist þetta ákvæði ekki mega missast úr frv., og tel jeg það óaðgengilegt, ef numið yrði burt. Það er lítil þörf á ómenguðum spíritus til sjúkrahúsa, og gæti leitt til freistni að nota hann í öðrum tilgangi en ætlað er. Því hefir nefndin lagt til, að þessi grein verði sett inn aftur. En í ógáti hefir 2. gr. verið prentuð upp aftur líka, þótt engin breyting væri á henni gerð, og mátti því standa sem var. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að sjúkrahúsum megi ekki selja vín nje ómengaðan spíritus. Jeg vona, að hv. deild sjái, að háttv. Nd. hefir gert miður heppilega breytingu með því að fella þetta niður.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hv. 6. landsk. (JKr), hvort hann fallist ekki á að láta taka málið út af dagskrá í þetta sinn.

Það ber til þeirra tilmæla minna, að brtt. á þskj. 389 breytir meiru en þessu, að auka ákvæðinu um, að sjúkrahúsum megi ekki selja vín nje ómengaðan spíritus aftan við 1. málsgrein 4. gr. Það er líka breytt orðalagi meginmáls þeirrar greinar, sem á að verða 4. gr., og fer dálítið illa sú breyting, sem komin er inn í brtt. á þskj. 389. Sama efni er betur orðað í frvgr. á þskj. 371. Mjer finst málið ætti nú að bera svo að, að borin sje fram brtt. um, að einungis þessi stutta málsgrein bætist aftan við höfuðmálsgrein 1. gr. frv. eins og það nú kemur frá hv. Nd.

Jeg held ekki sje um efnisbreyting að ræða að öðru leyti, en er talsvert áferðarfallegra mál á greininni eins og hún kemur frá hv. Nd.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal geta þess fyrir hönd allshn., að þá er málið kom fyrir nefndina, gerði hv. flm. (JKr) þegar brtt. eins og hann hefir frá skýrt, og með því að nefndin var honum sammála, kom hún ekki með neina sjerstaka brtt. En nefndin vill gjarnan taka undir tilmæli hæstv. forsrh. (JÞ), að málið verði tekið út af dagskrá og athugað, hvort þörf er frekari breytinga en þessa viðauka.

Jónas Kristjánsson: Samkvæmt tilmælum hæstv. forsrh. (JÞ) ætla jeg að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá.

Forseti (HSteins): Af því að háttv. allshn. æskir þess, skal jeg verða við þessum tilmælum, þótt þingtíminn sje hinsvegar naumur og búið að skora á forseta að flýta þingstörfum sem mest, og því einsætt að tefja ekki mál meira en hægt er að komast af með. En í þetta sinn skal jeg fara að ósk manna og taka málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 371, 389, 444).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 444. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Kristjánsson: Brtt. á þskj. 444 er til þess gerð að færa frv. í sama horf eins og það var, er það fór til hv. Nd., en brtt. á þskj. 389 er tekin aftur.

Jeg hefi áður útskýrt það hjer í hv. deild, hvaða þýðingu þessi brtt. á þskj. 444 hefir, og hefi þar engu við að bæta.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil geta þess, að allshn. felst á þessa brtt. og mælir með því, að hún sje samþ. og eins frv.

ATKVGR.

Brtt. 389 teknar aftur.

— 444 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 456).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Árni Jónsson): Háttv. Ed. hefir felt niður brtt., sem samþ. var hjer í deildinni, um það, að sjúkrahús mættu einnig panta áfengi eins og nú. Nefndin hefir ekki borið sig saman um þetta, enda var hún áður skift í málinu, en minni hl. vill ekki hrekja málið milli deilda fyrir þetta og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

34. Greiðsla verkkaups.

Á 32. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (þmfrv., A. 194).

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Með lögum 1902 voru gerðar endurbætur á því, hvern veg greiðsla verkkaups færi fram. Skyldi jafnan greiða í peningum. Í seinni tíð hefir þótt á því bera, að þetta ákvæði nái ekki tilgangi sínum. Í Reykjavík er að vísu kaup yfirleitt greitt í peningum og skuldajöfnuður tíðkast ekki, og sama mun vera að segja um flesta stærri kaupstaðina. En í smærri kauptúnum og veiðistöðvum kemur fyrir, og er meira að segja venjulegt sumstaðar, að skrifa kaupið inn í reikning hlutaðeiganda upp á síðari úttekt. Hafa

sumir mist kaup sitt með öllu, ef verslunin hefir orðið gjaldþrota. — Sama er að segja um síldarvinnu. Þar er venjulega kaupið gert upp eftir á, og ef illa gengur útgerðin, fæst stundum hluti af kaupinu, stundum ekkert, hjá sumum útgerðarmönnum.

En það er hinsvegar augljóst, að verkafólk, sem lifir á kaupgjaldi sínu einu saman, verður að hafa greiðan aðgang að fá það greitt. Því er það, að við hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) flytjum þetta frv. og förum fram á, að kaup sje yfirleitt borgað vikulega, eins og á sjer stað nú í Reykjavík. Þetta fólk verður að hafa peningana milli handa jafnóðum og það vinnur fyrir þeim, til þess að geta haft sitt daglegt brauð. Það er einsætt, að alt öðru máli er að gegna um kaupavinnu og ársvistir heldur en daglaunavinnu, og því er undantekning gerð um slíka vinnu, þar sem menn búa á heimili verkþega og fá fæði og húsnæði sem hluta af kaupi sínu.

Um fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, t. d. við fiskiþvott, er eins ástatt og daglaunamenn, og ber því að setja sömu skilyrði þar um vikulegar útborganir.

Æskilegt væri að fara lengra en hjer er gert og setja önnur ákvæði til frekari tryggingar. T. d. að gera allan málarekstur út af kaupgjaldi einfaldari og ódýrari en nú. Í Englandi t. d. er því svo hagað um slíkan málarekstur, að menn geta á fáum dögum fengið kaup úrskurðað greitt sjer, án þess að fara til málfærslumanns.

Þetta mál varðar fjölda fólks í þessu landi og er því mikils virði. Jeg vil því vona, að hv. deild taki vel í það og því verði vísað til 2. umr. og allshn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Af því að jeg geri ráð fyrir, að frv. fari til hv. allshn., vil jeg skjóta því til hennar að taka upp í frv. öll lögin frá 1902. Það er óhentugt að hafa lög í smábútum, og þegar á það er litið, að lögin um þetta atriði frá 1902 eru engu lengri en þessi viðauki, þá er einsætt, að ekki er áhorfsmál að setja þau saman í eitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 314).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv., en meiri hl. hennar leggur til, að frv. verði samþykt. Í frv. eru ákvæði um, hvenær verkkaup skuli síðast útborgað, en meiri hl. nefndarinnar hefir gert nokkrar breytingar á þeim, sem sje, að fast starfsfólk skuli það talið, sem með samningi er ráðið 6 mánaða tíma, og þurfi ekki að greiða því kaupið vikulega. Í öðru lagi vill meiri hluti nefndarinnar gera nokkru skjótari, einfaldari og ódýrari málarekstur út úr vinnulaunum heldur en nú er, með því að heimila, að slík mál megi sæta meðferð einkalögreglumála, en það er sama og gert er nú með vinnuhjú.

Með þessu yrði miklu auðveldara fyrir verkafólk að ná kaupi sínu.

Svo skal jeg geta þess, að hæstv. atvrh. (MG) skaut því til nefndarinnar, þegar málið var hjer til umræðu, að æskilegt væri að setja þetta saman í ein lög, en við nánari athugun þótti nefndinni hyggilegra að koma með þetta sem viðauka við þau lög, sem upphaflega voru, vegna þess, að þessi ákvæði ná ekki yfir sömu menn og fyrri partur laganna. Þetta frv. nær yfir verkafólk annarsstaðar en í sveitum, en ekki skráða sjómenn, en fyrri lögin ná yfir verkamenn og sjómenn. Komin eru sjerstök ákvæði um verkkaup sjómanna í siglingalögunum og gjalddaga á því, og þá er ekki óviðeigandi, að ákvæðin um verkafólkið sjeu höfð sjerstök, sem viðauki við lög um verkafólk í landi, svo lengi sem öll slík ákvæði um vinnulöggjöf eru ekki tekin saman í eina heild. Annars skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta frv. Jeg vona, að hv. deild taki frv. vel og leyfi því að ganga til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 314,1 samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, IngB, JakM, JG, JÓl, MG, PO, Pþ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

JS, ÞórJ, ÁJ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (JAJ, JK, JörB, KlJ, MJ, MT, ÓTh, SigurjJ, BL, HK) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12:3 atkv.

Brtt. 314,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv.

Brtt. 314,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 13:2 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, IngB, JakM, JÓl, JörB, MT, Pþ, SigurjJ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

nei: JK, JS, MG, ÓTh, ÞórJ, ÁJ, HK.

MJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JAJ, JG, KlJ, PO, BL) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 374).

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Jeg leyfi mjer að mælast til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 619).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Með lögum nr. 4, 14. febr. 1902, voru sett ákvæði um það, að verkkaup skyldi greitt með peningum fyrir þá vinnu eða þau vinnubrögð, sem þar eru nánar talin, en í lögunum er ekki nákvæmlega til tekið, hvenær eða hvernig greiðsla þessa verkkaups skuli fram fara.

Frv. þetta, sem nú er komið hingað frá hv. Nd., er viðauki við lög þessi, og eru þar settar reglur um það, að kaup fyrir sjerstaka vinnu skuli greitt vikulega.

Allshn. hefir haft mál þetta til meðferðar, en hún var ekki allskostar ánægð með orðalag frv. eins og það kom frá háttv. Nd., sjerstaklega vegna þess, að ekki er hægt að sjá á frv., að ákvæði þess eigi að ná til annara en þeirra, sem vinna daglaunavinnu í landi, eða hina svo nefndu tímavinnu.

Það þarf nú kannske að setja ákvæði um það, hvenær verkamönnum á að greiðast kaup, enda þótt víðast hvar sjeu um það fastar reglur. En það, sem allshn. fanst ónákvæmt í þessu frv., er, að fleiri eru daglaunamenn en þar eru taldir, og henni fanst, að ekki þyrfti síður að setja tryggingarráðstafanir um greiðslu á kaupi þeirra, sem ráðnir eru upp á mánaðarkaup, svo sem eru sjómenn og ýmsir aðrir, sem eiga miklu meira í hættu heldur en daglaunamenn, sem hvergi eru bundnir föstum samningi um vistráðningu. Þetta var orsök þess, að formaður allshn., hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), skrifaði undir nál. með fyrirvara. Hann áleit, að endurskoða þyrfti lögin um greiðslu verkkaups, þannig, að allir, sem taka dagkaup, verkamenn í erfiðisvinnu, aðrir daglaunamenn og ekki síst sjómenn á smábátum, sem eru svo litlir, að sjóveð nær ekki til þeirra, væru nokkurnveginn jafntryggir með það að fá kaup sitt goldið.

Eins og frv. lá fyrir, hefði orðið að gerbreyta því til þess að allir nefndarmenn hefðu orðið sammála um það. Þó varð samkomulag um að leggja til, að það verði nú samþ. með nokkurri breytingu, sem er á þskj. 619. Eins og sú brtt. ber með sjer, fanst nefndinni ekki óhugsandi, að það gæti orðið samningsatriði milli verkveitanda og vinnuþiggjanda í landi, að greiðsla verkkaups færi fram á öðrum tímum en vikulega, og vill ekki binda vinnuveitendum þau bönd, að þeir megi ekki fá verkamenn til þess að hliðra eitthvað til um greiðsluna, ef þeir sjá sjer ekki fært að inna hana af hendi vikulega.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg geta þess fyrir hönd allshn., að enda þótt hún leggi til, að frv. verði samþykt með þessari breytingu, þá álítur hún, að rjett sje, að stjórnin taki lögin um greiðslu verkkaups til endurskoðunar, sjerstaklega um kaup þeirra manna, er ráða sig í mánaðarvinnu, eða eru á vjelbátum, sem eru svo litlir, að núgildandi löggjöf, með þessari viðbót, kemur þeim ekki að gagni.

Jón Baldvinsson: Jeg verð að segja það, að mjer þykir hv. allshn. ætla sjer að breyta frv. til hins lakara, því að í brtt. sinni hefir hún sett inn eina setningu, er verða má til þess, að lítið gagn verði að frv., og er það niðurlagssetningin þessi: „nema öðruvísi sje um samið", — því að hún þýðir í flestum tilfellum það, að kaup skuli greiðast löngu eftir á.

Frv. kom fram af því, að við síldarvinnu, pökkun o. s. frv. hafa menn ekki fengið kaup sitt goldið refjalaust, og á verkafólk nú þúsundir króna útistandandi hjá síldarútvegsmönnum. Þessi tregða á kaupgreiðslu hefir komið sjer stórbagalega, einkum vegna þess, að flestir, sem þar hafa átt í hlut, hafa átt fyrir öðrum að sjá, flestir haft heimili, sem verkalaun þeirra hafa þurft til að ganga jafnharðan.

Af því jeg álít, að hv. allshn. hafi spilt frv. með brtt. sinni, en nú er orðið svo áliðið þingtímans, að ekki er unt að koma fram með prentaðar brtt., vona jeg, að hæstv. forseti leyfi mjer að bera fram skriflega brtt. við brtt. háttv. allshn., um að bæta þar aftan við setningu, svo að 1. gr. verði líkari því, sem hún var í frv. eins og það kom frá hv. Nd.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hygg, að háttv. 5. landsk. hafi ekki heyrt skýringar mínar um það, hvers vegna allshn. gat ekki fallist á frv. óbreytt, og þess vegna geti hann ekki felt sig við orðalagið á brtt. nefndarinnar.

Jeg tók það fram, að í svona lögum mætti ekki miða eingöngu við vikukaup. Mjer fanst nú hv. 5. landsk. vera mjer þar að ýmsu leyti sammála, þótt hann vildi ekki svo vera láta. Jeg mintist á kaup á smábátum, og átti þá aðallega við síldarbáta, því að það mun rjett, að vanhöld hafa orðið á greiðslu kaups á þeim. En það var þetta, sem hv. þm. (JBald) gat ekki skilið, og skilur víst aldrei, að þegar ekki er um kaupgreiðslur í vissan tíma að ræða, þá má oft liðka mikið til, og löggjöfin má þar ekki vera þrándur í götu þess gagns, sem henni er ætlað að gera. Og um síldveiðina er það oftast svo, að þar njóta menn ýmissa hlunninda hjá húsbændum sínum, svo sem ókeypis húsnæðis og fæðis. Jeg veit ekki betur en atvinnurekendur hafi reynt að sýna fólki sínu lipurð eins og hægt er, en þá hefir stundum brostið getu til að greiða því kaup eftir því sem því hefir hentað best.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en brtt. hv. 5. landsk. (JBald) get jeg gjarnan greitt atkv., enda þótt jeg hafi ekki ráðgast við samnefndarmenn mína um hana.

Forseti (HSteins): Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá hv. 5. landsk. (JBald) við brtt. allshn. á þskj. 619, svo hljóðandi: (sjá þskj. 633). Til þess að brtt. þessi komist að, þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verður þskj. 633) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 633 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 619, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 634).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MJ, MT, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, H-K, HjV, JakM, JAJ, BSv.

nei: JK, ÞórJ, ÁJ.

MG greiddi ekki atkv.

Átta þm. (JörB, KlJ, ÓTh, PÞ, B-St, BL, IngB, JG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

35. Ríkisábyrgð á láni fyrir Landsbankann.

Á 20. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka (þmfrv., A. 86).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Klemens Jónsson): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir um breyting á Landsbankalögunum frá 1885, er borið fram af fjhn., eftir beinni beiðni hæstv. fjrh. (JÞ), og því fylgir ítarleg greinargerð, og þó það mætti að vísu nægja, sem í henni stendur, þá álít jeg þó rjett að fara nokkrum orðum um frv. við 1. umr.

Það mun hafa verið um 1920, að ríkisstjórnin fór fyrst að taka á sig ábyrgð á erlendum lánum fyrir Landsbankans hönd, og það mun fyrst hafa verið án sjerstakrar lagaheimildar, en slík lagaheimild fjekst þó árið 1921, og var þá tekin fram í fjáraukalögum fyrir 1920 og '21, í 11. gr. Hún var að vísu almenn, en þar sem þau lög voru tímabundin, gátu þau tæplega

talist gild nema fyrir þau ár, sem fjáraukalögin gilda fyrir, árin 1920—'21. Þess vegna verður að skoða það svo, sem heimildin væri útrunnin þegar árið 1921. Á jólaföstu 1923 fór Kaaber bankastjóri til London til þess að semja um 200000 £ lán, og undir umræðunum um það spurðist lánveitandi fyrir um það, hverja heimild ríkisstjórnin hefði til að ábyrgjast þetta lán, og var málið þá tekið til athugunar í stjórninni, hvort heimild væri fyrir slíkri ábyrgð, og rannsóknin endaði með því, að það væri ekki bein heimild til að ábyrgjast slík lán, en þar sem skýr lagaheimild var til í 7. gr. laga bankans, um að bankinn mætti taka lán, og þar sem bankinn er eign ríkisins, þótti sjálfsagt, að ríkissjóður hefði heimild til að ábyrgjast lán fyrir bankann. Það var meðal annars leitað álits Jóns Krabbe skrifstofustjóra um þetta, og var hann sammála þessu áliti. Að þessari rannsókn lokinni var svo símskeyti það sent, sem hjer er prentað í greinargerðinni fyrir frv.

Jeg verð að álíta, að þessi skilningur sje alveg rjettur, og svo hefir farið, að sú stjórn, er kom næst á eftir þeirri, er skeytið sendi, hefir fallist á þetta, svo það eru þrjár stjórnir, sem hafa haft þennan sama skilning. Þennan skilning ljet bankinn sjer lynda og annar banki til, er Landsbankinn stóð í viðskiftasambandi við, og samkvæmt þessu gekk stjórnin árið 1924 í ábyrgð fyrir slíkum lánum, og síðan hefir stjórnin, og það á yfirstandandi ári, gengið í sömu ábyrgð. Nú fyrir skömmu hefir Landsbankinn hafið málaleitun um að fá reikningslán hjá amerískum banka. Hann hefir gefið vilyrði fyrir því, en sett sem skilyrði, að ríkisstjórnin gengi í ábyrgð fyrir láninu, og hefir honum verið skýrt frá því, að stjórnin þættist hafa heimild til þess, og lítur út fyrir, að bankinn hafi viljað láta sjer þá skýringu nægja, en þó, líklega eftir bendingu frá lögfræðingi sínum, álitið tryggara að hafa skýlausa lagatryggingu. Það er samkvæmt þessu að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir álitið rjettara að fá skýlausa lagaheimild til að ábyrgjast lán fyrir bankann. Í raun og veru fer frv. þetta því alls ekki fram á annað en að lögfesta það, sem áður hefir viðgengist. Það er ekkert annað en lögfesting á því fyrirkomulagi, sem er rjett og sjálfsagt. Jeg tel þess vegna, að það sje rjett að gefa slík lög sem þessi; það mætti kannske segja sem svo, að það væri ekki beinlínis nauðsynlegt að gefa stjórninni ótakmarkaða heimild til að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann, eins og stjórnin hefir farið fram á, en hættulaust er það alveg, því stjórnin verður í hvert sinn að taka til yfirvegunar, hvort Landsbankinn hafi þörf fyrir lán og hvort hún eigi að ábyrgjast það, og þá gerir hún það, sje það óumflýjanlegt. Það er eins og hver önnur stjórnarathöfn, er hún ber fulla ábyrgð á. Jeg skal svo ekki hafa fleiri orð fyrir þessu frv., en aðeins óska þess, að því verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þakka hv. fjhn. fyrir að hafa tekið að sjer þetta litla frv., og hefi jeg litlu við að bæta það, sem hv. frsm. (KlJ) hefir um það sagt. Eftir þeirri skoðun, sem hjer hefir verið ríkjandi 5 síðustu

árin, er þetta engin breyting á gildandi löggjöf, heldur gleggra orðalag, svo að hægt sje að vísa útlendum viðskiftavinum á ótvíræða heimild stjórnarinnar í þessu efni. Þetta er borið fram sem breyting á 7. gr. Landsbankalaganna frá 1885, og af því leiðir, að þetta atriði verður að koma til nýrrar athugunar í sambandi við frv. um Landsbankann, sem nú liggur fyrir þinginu og gerir ráð fyrir, að lögin frá 1885 falli úr gildi. Það er því ekki ætlast til, að þetta standi nema þar til lokið er við þá lagasmíð um Landsbankann, sem nú er á ferðinni. Jeg skal að síðustu geta þess, að jeg er fús á að gefa þingnefnd allar nauðsynlegar upplýsingar um, hvaða framkvæmdir eru hugsaðar á þessum grundvelli, hvaða ábyrgð stjórnin hefir í hyggju að taka á sig. Jeg vænti, að hv. þdm. skiljist það, að rjett sje að hlífast við að gera einstakar ráðstafanir bankanna að umtalsefni hjer á opinberum fundi. En sem sagt, jeg er fús á að gefa nefnd allar nauðsynlegar upplýsingar.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki nema sjálfsagt, að Alþingi geri sitt til þess að greiða fyrir viðskiftum Landsbankans eftir nauðsyn og þörfum. Jeg get vel skilið, að ýmsar ástæður sjeu fyrir því, að ekki sje hægt að gefa upplýsingar þessu viðvíkjandi hjer í heyranda hljóði. En hæstv. forsrh. (JÞ) hefir gefið fyrirheit um að láta fjhn. í tje allar þær upplýsingar, sem hann hefir fram að færa, og þá eiga þingmenn að sjálfsögðu kost á að fá þær upplýsingar áður en málinu verður ráðið til lykta. Jeg gæti ekki unað því að greiða atkvæði með þessu máli án þess að fá eitthvað meira um það að vita en hjer hefir komið fram. Mjer þykir því gott að mega eiga von á frekari upplýsingum. Þó að rjett kunni að vera, að þessi breyting fari ekki fjarri því, sem gildandi lög ákveða, held jeg þó, að þingmenn hafi ekki búist við, að stjórnin gæti takmarkalaust ábyrgst lántökur fyrir bankann án samþykkis Alþingis, og jeg held, að undangengnar lántökur handa bankanum bendi í sömu átt. Á það bendir líka ákvæði það, er sett var inn í fjáraukalög fyrir nokkrum árum, um að stjórninni væri heimilt að ábyrgjast lán fyrir bankann, sem þá stóð til að taka, að þingið þá hefir álitið, að slíkrar heimildar væri þörf. Og jeg hygg það rjett vera. En sú heimild nær ekki nema til þess ákveðna láns. Um þetta virðist full þörf glöggra skýringa, en samkvæmt þessu frv. hefir stjórnin frjálsar hendur í þessu efni. Að svo stöddu skal jeg ekkert um það segja, hvort jeg get verið með svona rúmri heimild, en jeg verð að segja, að mjer finst stjórninni fengið ákaflega mikið vald í hendur með þessu frv. Fljótt á litið virðist mjer Alþingi sleppa hjer miklu valdi og mikilsverðu úr höndum sjer, ef þetta frumvarp verður samþykt eins og það liggur hjer nú fyrir. Það, sem jeg vildi gjarnan heyra áður en frv. fer út úr deildinni, er, hve stórt lán fyrirhugað er að taka, með hvernig kjörum og til hvers á að verja því, hvort það er tekið til greiðslu áfallinna kvaða eða sem alment viðskifta- og rekstrarlán. Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, þar sem fyrirheit eru frá

hæstv. forsrh. um frekari upplýsingar, en jeg geri ekki ráð fyrir að geta greitt þessu frv. óbreyttu atkv. hjeðan úr deildinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að það sje ákaflega gagnlegt fyrir rjetta athugun á þessu máli að gera sjer ljóst, að eitt er það, að stjórnin þarf að hafa heimild til að ábyrgjast lán, og annað hitt, að Alþingi hafi hömlur á notkun þeirrar heimildar.

Jeg hefi ekkert að athuga við það, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði, annað en það, að það er ekki rjett, að stjórnin hafi ekki heimild til ábyrgða fyrir Landsbankann nema samþykki Alþingis komi til í hvert skifti. Því hefir verið yfirlýst af þrem stjórnum, hverri eftir aðra, að þær teldu sig hafa þessa heimild, og þær hafa allar notað hana. Um þetta er getið í nefndaráliti frá síðasta þingi, og hafði þingið þá ekkert við það að athuga. Það getur ekki gengið að taka upp gagnstæða skýringu nú, þegar stjórnin hefir gengið í ábyrgð fyrir samningsbundnum lánum, því að það væri uppsagnarsök, enda þykist jeg vita, að hv. þm. hafi enga tilhneigingu í þá átt.

Jörundur Brynjólfsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Mjer kemur auðvitað ekki í hug, að þær skuldbindingar, sem stjórnin hefir tekið á sig fyrir Landsbankann, skuli gerðar ógildar. Jeg átti aðeins við það, að rjettara væri að orða þetta á annan hátt og að takmarka rjett stjórnarinnar til nýrra ábyrgða fyrir lántökum milli þinga.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg sje ekki ástæðu til að vera á móti þessu frv. Jeg geng út frá því, að hjer sje um venjulegt viðskiftalán að ræða handa Landsbankanum sjálfum, til styrktar honum, og mjer finst rjett, að stjórnin hafi þessa heimild. Jeg skal aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að jeg teldi stjórninni óheimilt að nota slíka heimild til þess að gera stórfeldar breytingar á peningamálum landsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd. mánudaginn 7. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 86, 114).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Eins og öllum hv. þdm. mun kunnugt, hefir fjhn. þessarar deildar, síðan þetta mál var hjer til 1. umr., verið gefin skýrsla sú, er lofuð var af hálfu stjórnarinnar við 1. umr. þessa máls. Geri jeg ráð fyrir, að þau atriði muni nú kunn orðin hv. þdm. Jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 114. Hefi jeg gert það fyrir þá sök, að jeg hefi orðið var við, að sumir hv. þm. hafa heldur óskað þess, að heimildin væri nokkuð afmarkaðri en ráð er gert fyrir í frv. Jeg skal geta þess, að mjer er öldungis sama, hvort frv. er samþykt óbreytt eða með þessari brtt. Jeg hefi aðeins borið hana fram til þess að ná fyllra samkomulagi. Mjer þykir rjett að

geta þess, að mjer barst á laugardaginn síðdegis svo hljóðandi skeyti frá sendiherra vorum í Kaupmannahöfn:

„Vegna ferðalags forstjóra national city æskilegt lögin hingaðkomin mánudag".

Jeg veit nú ekki, hversu auðvelt það er að verða við þessum tilmælum, en mjer finst sjálfsagt, að hv. þingdeild fái að vita um þau.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer kemur það mjög undarlega fyrir, ef það þarf að flýta þessu máli svo mjög, að það eigi að afgreiðast að fullu í dag. Þetta er svo stórt mál, að það er með öllu óforsvaranlegt að afgreiða það til fulls í dag. Hæstv. fjrh. (JÞ) gaf við 1. umr. þessa máls fyrirheit um það að gefa fjhn. upplýsingar, og það hefir hann nú gert. En það var kunnugt, að hæstv. fjrh. hafði brtt. á prjónunum og jeg vissi það, að í morgun var fjhn. ekki búin að taka afstöðu til þessara tveggja brtt. Þá hefir ekki verið gert ráð fyrir slíkum hraða á málinu. Innan stundar verður gefið fundarhlje til þess að fylgja einum af mætustu sonum þjóðarinnar til moldar (Oddi skrifstofustjóra Hermannssyni), svo að enginn tími verður að ræða málið. Jeg álít, að ekki geti komið til mála að ljúka þessu máli í dag. Jeg vil fastlega mælast til þess, að mál þetta verði afgreitt á forsvaranlegan og þinglegan hátt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg gleymdi að geta þess áðan, að jeg bar báðar þessar brtt. undir formenn fjhn. beggja deilda. En því hefir ekki orðið komið við að bera þær undir nefndirnar, því að í gær var sunnudagur og því ekki fundir í nefndum. En í þessum brtt. er ekkert nýtt; það hefir alt komið fram áður á flokksfundum hjá hv. þm. Hjer liggur því aðeins fyrir að leita afbrigða til þess að þessar brtt. megi koma fram á þessum fundi, og það mun ekki vera venja að synja slíkra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 114, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg get verið stuttorður, því að af hálfu fjhn. er ekki svo mikið að segja á þessu stigi málsins. Fjhn. bar þetta frv. upphaflega fram eftir beiðni hæstv. fjrh. (JÞ). Hann lofaði við 1. umr. að skýra fjhn. Alþingis frá nánari atriðum viðvíkjandi láninu, svo sem hjá hvaða banka það yrði tekið, upphæð lánsins og lánskjörin. Þetta gerði hann fyrir helgina, og eftir að hann hafði gefið skýrsluna, átti fjhn. Nd. fund og samdi brtt. við frv. Sú brtt. var aldrei borin formlega undir atkvæði og var ekki mjög frábrugðin brtt. á þskj. 114. Þar var tilnefnd upphæð sú, sem heimilað var að ábyrgjast. En síðan hefir fjhn. komist að því, að stjórn Landsbankans er ver við, að slík upphæð væri nefnd. Það hefir aðallega verið fundið að frv. á þskj. 86, að stjórninni væri með því gefin ótakmörkuð heimild til þess að ábyrgjast lán. Þetta vildi fjhn. fyrirbyggja, með því að nefna upphæðina, en Landsbankastjórninni þótti ekki ráðlegt að tiltaka lánsupphæðina í lögunum. En jeg hefi í höndum yfirlýsingu frá hæstv. fjrh. um, hvaða takmörk stjórn-

in hafi fyrir augum, og má færa hana inn í gerðabók fjhn. Það álítur nefndin nægilega tryggingu. Ráðherrann getur ekki ábyrgst hærri upphæð en þar er tiltekin, og þar er nafn bankans líka tilgreint, svo að ráðherrann getur ekki ábyrgst lánið hjá öðrum banka.

Það er rjett, sem hv. þm. Str. (Tr. Þ.) tók fram, að fjhn. hefir ekki átt kost á því að halda formlegan fund um þetta í dag, en meiri hl. fjhn. kom þó saman á örstuttan fund í fundarbyrjun, og get jeg lýst yfir því, að meiri hl. fjhn. mun hallast að brtt. hæstv. fjrh. En annars geri jeg ráð fyrir, að umr. um þetta mál verði frestað og þá gefist fjhn. kostur á að athuga þetta mál nánar, og skal því ekki fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

Umr. frestað.

Síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð í framhaldi af umr. þeim, sem farið hafa hjer fram, að láta í ljós undrun mín og beiskju yfir því, að hæstv. stjórn skyldi taka þetta mál á dagskrá í dag og heimta afgreiðslu þess. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að við 1. umr. bauð hæstv. forsrh. (JÞ) upplýsingar í málinu, en þær komu svo seint fram, að fjhn. hafði ekki í morgun tekið neina afstöðu til málsins. Og þess vegna hlaut jeg að gera ráð fyrir því, þar sem nefndin hafði ekki tekið afstöðu til málsins, að það kæmi ekki til umræðu í dag. Jeg lít svo á, að þetta sje eitt allra stærsta málið, sem lagt verður fyrir þetta þing. Jeg get ekki annað en endurtekið undrun mína yfir þessum flutningi málsins.

Jeg fullyrði, að hæstv. stjórn hefir hlotið að vera það fyrir löngu ljóst, að svona mál hlyti að berja á dyr á þessu þingi. Ástandið í landinu hefir verið slíkt nú um hríð, að ekki gat hjá því farið, að landsstjórnin þyrfti að koma til þingsins til að biðja um einhverjar aðgerðir til þess að bjargast út úr vandræðunum. Henni hlaut að vera ljóst, að gera þyrfti alvarlegar ráðstafanir. Þess vegna bar henni rík skylda til að bera málið fram vel undirbúið og upplýst frá öllum hliðum. Það hefir hæstv. stjórn með öllu vanrækt. Þá er það ennfremur með öllu óverjandi af hæstv. landsstjórn að heimta af þm., að þeir taki afstöðu til slíks stórmáls nálega umhugsunarlaust. Mjer hefir skilist, að helsta ástæðan til þess að flýta málinu svona sje sú, að aðalbankastjóri þess banka í Ameríku, sem taka á lánið í, sje nú staddur í Kaupmannahöfn og að það þurfi að afgreiða málið áður en hann fari vestur um haf. Mjer hefði þótt betur viðeigandi, að sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hefði farið til Ameríku fyrir landsins hönd, til þess að semja um lánið, heldur en að vera að leita uppi hinn ameríska bankastjóra, staddan á ferðalagi í öðru landi. — Jeg met þessa ástæðu að engu.

Málinu er fylgt svo fast, að tekinn er fundatími fjvn., og er það alveg óvenjulegt og leiðir beinlínis af sjer lenging þingtímans. Jeg býst við, að málinu verði fylgt fram með svo miklum krafti, að ekki sje um annað að gera en að hefja umræður um það nú

þegar. En jeg þykist ekki nærri nógu vel undir það búinn að taka afstöðu til málsins að svo stöddu og að rækja þá skyldu, sem jeg og fleiri þm. telja sig hafa, að hafa eftirlit með því, hvernig hæstv. stjórn stýrir fjármálum þessa lands. En jeg verð þó jafnframt að geta þess, að jeg tel meiri þörf slíks aðhalds nú en nokkru sinni áður.

Næst vil jeg beina orðum mínum til hæstv. forseta (BSv), og verð að óska þess að fá við þessa umr. að tala alment um málið. Jeg vil gera grein fyrir þeirri ósk með því, að við 1. umr. bauð hæstv. fjrh. (JÞ) upplýsingar um málið eftir þá umræðu, en fyr ekki. Jeg taldi það skyldu mína að tala ekki verulega um málið fyr en upplýsingar um það væru fram komnar, en þar sem þær voru ekki komnar við 1. umr., var ekki hægt að ræða málið alment þá, svo að það verður að gera nú við 2. umr.

Svo liggur enn ástæða til þess, að ræða ber málið alment nú. Fyrst er það, að nú kemur málið fram í alt annari mynd en áður. Ráðherra kemur sjálfur fram með brtt. Fyrirsögn og efni aðalgreinar frv. er breytt. Aðeins það stendur óbreytt eftir, að frv. eigi að verða að lögum þegar í stað.

Jeg vil fyrst gera þá almennu aths., að jeg álít betra, að brtt. yrði samþ. heldur en hin upphaflega frumvarpsgrein, því að jeg álít rangt, ef Alþingi afhenti stjórninni alt vald til að taka lán eða ótakmarkaða heimild til að ábyrgjast lán eins og fyrst var ráð fyrir gert í frv. Jeg vil, að bæði þing og þjóð fái fulla vitneskju um það, hve hæstv. stjórn ábyrgist mikið af lánum, og að ekki sje farið á bak við tjöldin með það. Og jeg vil geta þess, að rjettara hefði verið að nefna lánsupphæðina, eins og einn maður úr fjvn. stakk upp á. Það er rangt að fara í felur með nokkurt atriði þessu máli viðvíkjandi.

Jeg álít best, að hispurslaust sje sagt frá því, hve mikla upphæð eigi að ábyrgjast. Það er svo alvarlegur hlutur að binda lánstraust landsins, að það á ekki aðeins að liggja undir „kritik“ þingsins, heldur þjóðarinnar líka. Til þess að taka eða ábyrgjast slík miljónalán þurfa að liggja svo skýr rök, að þau þoli að koma fram í dagsbirtuna.

Í Noregi bar það við fyrir skömmu, að forsætisráðherrann fór á bak við þingið um stórkostlega lánveitingu til banka. Hann er nú undir ákæru fyrir það. Jeg vona, að slíkt komi aldrei fyrir á Íslandi.

Jeg skal nú víkja að frv. Þó að ekki megi nefna upphæðina, þá er það á allra vitorði, að hjer er um að ræða langstærsta lánið, sem íslenskur banki hefir látið sjer í hug koma að taka. Enska lánið nafnkunna er eitt stærra af þeim, er tekin hafa verið handa Íslandi. En það var tekið af ríkinu, sællar minningar.

Það mikla lán hefir að mjög litlu verið afborgað síðan. En 1924 tók Landsbankinn sitt stóra enska lán, sem og hefir aðeins lítil afborgun orðið af. Þá var fyrir 9 mánuðum síðan tekið 3 miljón króna lán ytra handa veðdeildinni, en horfið er það. Loks munu báðir bankarnir hafa notað sitt erlenda lánstraust til hins ítrasta. Og ofan á alt þetta þarf nú að taka þetta

nýja stóra lán. Er ekki von, að menn spyrji undrandi: Hvers vegna er þörf á þessari miklu nýju lántöku?

Ber að svara þeirri spurningu fyrst með því, að þörfin er ekki sú, sem venjulegast hefir valdið lántökum okkar, þ. e. til einhverra sjerstakra verklegra framkvæmda. Engar slíkar sjerstakar verklegar framkvæmdir eru framundan. Nýja lánið á að taka blátt áfram til að afla peninga til hinna daglegu útgjalda.

Þegar hæstv. fjrh. (JÞ) lagði fjárlögin fyrir, gerði hann grein fyrir fjárhagsástæðum okkar og horfum á því sviði. Þó að jeg sæi ekki ástæðu til að gera aths. við þá skýrslu, þá álít jeg, að hún hafi ekki að fullu gefið rjetta mynd af ástandinu. Jeg álít ástandið miklu alvarlegra en hæstv. ráðh. (JÞ) vildi vera láta, og miklu alvarlegra en í fyrra. Aðstaða peningastofnananna út á við gefur besta hugmynd um þetta. Er fróðlegt að gera samanburð á aðstöðu bankanna nú og í fyrra að þessu leyti. Sá samanburður skal miðast við síðastliðin mánaðamót, en tölurnar, sem jeg fer með, eru frá gengisnefndinni: Um mánaðamót febrúar–mars í fyrra áttu bankarnir inni erlendis ca. 1½ milj. kr. — föstum lánum slept. Nú skulda þeir á sama tíma ca. 10 miljónir kr. — föstum lánum slept. Hjer við bætist 3 milj. kr. lánið til veðdeildar, sem vitanlega hefir lækkað skuldina erlendis, og loks hefir Landsbankinn síðan í fyrra selt útlend verðbrjef fyrir ca. ½ milj. kr. Útkoman er sú, að aðstaða bankanna út á við er 15 milj. kr. verri en í fyrra.

Þessi aðstöðumunur okkar út á við er höfuðástæðan til þessarar nýju miljónalántöku. Þeir sjóðir, sem áður hafa verið handbærir til að lána atvinnurekendunum, þeir eru nú ekki lengur til, þeir eru horfnir. Það þarf að fá nýja sjóði í staðinn. Og nú er ástæða til að halda áfram að spyrja: Hvers vegna stöndum við svona miklu ver að vígi en í fyrra og þurfum því að fá þetta nýja miljónalán?

Jeg þarf ekki lengi að leita svarsins, og jeg hygg, að það liggi hverjum þeim í augum uppi, sem vill hugsa um málið með athygli. Það er hin öra og ógætilega hækkun á gengi íslenskra peninga, fyrst 1924, en einkum haustið 1925, sem er höfuðástæðan til þess, hvernig nú er komið. En helsta afleiðing hækkunarinnar er t. d. sú, að allir launamenn, æðri og lægri, fengu í hendur miklu verðhærri peninga en áður. Útlendu vörurnar kostuðu nú færri íslenskar krónur. Eftirspurn eftir þeim óx. Eyðslan á þjóðarbúinu varð miklu meiri en áður. Munu verslunarskýrslurnar sanna þetta, þegar þær koma út. Hinsvegar fjellu framleiðsluvörurnar í verði. Framleiðendur fengu svo miklu færri krónur í hendur sem gengishækkuninni nemur. Útkoman er aukin eyðsla og fyrir heildina tap. Það er opinbert mál, að nálega allur atvinnurekstur á Íslandi var rekinn með tapi árið sem leið, en innflutningur með mesta móti fyrri hluta ársins.

Jeg vil ekki fullyrða, að þessi 15 milj. kr. aðstöðumunur út á við gefi nákvæma mynd af því tapi, sem þjóðarheildin hefir beðið af gengishækkuninni 1925. Jeg býst við, að erfitt verði að gera þann reikning upp, en

jeg býst við, að tapið fyrir heildina af gengishækkuninni 1924 og 1925 verði reiknað í enn stærri tölum.

Jeg vil minna á, að það er líka til önnur mynd af tapinu af gengishækkuninni. Það eru bankareikningarnir. Miljónatöpin, sem þar eru nú afskrifuð árlega og á enn eftir að afskrifa, stafa að miklu leyti af gengishækkuninni. Við höfum ekki bitið úr nálinni enn á því sviði — ef við þá getum það, er á reynir.

Jeg get ekki stilt mig um að minna á, að 1925 sagði jeg fyrir þau voðatíðindi, sem nú eru orðin af gengishækkuninni. Eftir dönskum hagfræðingi orðaði jeg það svo, að leiðin upp í gullgildið lægi yfir lík atvinnurekendanna. Því miður er svo komið, að þetta hefir átakanlega ræst.

Það er gengishækkunin, sem veldur, að beðið er nú um heimild til að ábyrgjast þetta miljónalán. Það er hæstv. landsstjórn og þið aðrir háttv. hækkunarmenn hjer í deildinni, sem berið ábyrgðina á hækkuninni, og þar af leiðandi af þessari nýju miljónalántöku. Það er engin tilviljun, að við 1. umr. þessa máls varð einn hv. deildarmanna til þess að lýsa ánægju sinni yfir lántökunni, og það var einmitt háttv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann og hans flokkur ber ábyrgðina með hæstv. landsstjórn. Ef við Framsóknarmenn hefðum fengið að ráða, ef farið hefði verið að kröfu okkar beggja fulltrúa atvinnurekendanna í gengisnefndinni og aukaþing kallað saman haustið 1925, þá er jeg viss um, að krónan hefði ekki verið látin hækka eins mikið og gálauslega. Og þá hefði hæstv. landsstjórn ekki þurft að stíga þessi þungu spor nú og biðja um heimild til að ábyrgjast þetta miljónalán.

Tilgangurinn með lántökunni er að leysa til bráðabirgða úr þeirri kreppu, sem gengishækkunin hefir skapað, að útvega nýjar miljónir í stað þeirra 15, sem nú síðast hafa tapast, að halda búskapnum gangandi með þessu nýja lánsfje á sama grundvelli og áður. Jeg vil benda á, að þetta er engin lækning á ástandinu. Hið hættulega er það, að atvinnuvegirnir eru reknir með tapi. Lántaka er engin bót við því. Frá hæstv. landsstjórn heyrist hvorki stuna nje hósti um það, að gera ráðstafanir til þess að grafa fyrir sjálfar rætur meinsins.

Um hið þýðingarmikla atriði, t. d. fyrir afkomu atvinnuveganna, hvort líklegt sje, að þeir megi byggja á, að sama verðgildi peninganna haldist, hefir bæði hæstv. fjrh. (JÞ) verið spurður á fundi fjvn. og sömuleiðis bankastjórn Landsbankans. Það hefir ekkert svar fengist frá hvorugum þessara aðilja. Það liggur ekki fyrir, að landsstjórnin hafi nokkra hugsun á því, hve hjer er um mikilsvert atriði að ræða. Þvert á móti heyrist það af munni hæstv. fjrh. (JÞ), að nota eigi fyrsta tækifæri til að íþyngja atvinnuvegunum með nýrri gengishækkun.

Þá hefir stjórnin og alveg lagst undir höfuð að fylgja þeirri verðhækkun krónunnar eftir, sem orðin er, með tilsvarandi lækkun á innlendum framleiðslukostnaði, að svo miklu leyti, sem það er í stjórnarinnar valdi. Og vitanlega hefði hún í mörgu getað stuðlað að því. En stjórn og þingmeirihluti hafa gert ráðstafanir í öfuga átt. Hinar miklu verklegu framkvæmdir nú

undanfarið og hið háa kaup við þær hafa verkað á móti eðlilegri verðlækkun í landinu til handa atvinnuvegunum. Útkoman hefir líka orðið sú, að nær allur atvinnurekstur landsmanna hefir orðið fyrir stórkostlegu fjártjóni árið sem leið. Í stað þess, að stjórnin hefði átt að gera ráðstafanir til, að atvinnuvegirnir fengju að njóta tilsvarandi verðlækkunar, hafa þeir líka hinsvegar ekki fengið annað en aukna skattabyrði, sem hefir vaxið stórkostlega hlutfallslega út af gengishækkuninni.

Í framhaldi af þessu verð jeg að spyrja hæstv. forsrh. (JÞ), hvers eðlis þetta lán er, sem nú á að fara að taka. Hvort hjer er um að ræða bráðabirgðalán, sem á að greiðast að fullu við næstu áramót, eða hvort það er bráðabirgðalán aðeins að forminu, en nokkur vissa fyrir að það verði framlengt frá ári til árs.

Ef þetta er aðeins bráðabirgðalán og á að greiða það við næstu áramót, vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (JÞ): Getur hann sagt oss, að trygging sje fyrir, að hægt verði að greiða lánið á tilskildum tíma? Þegar einstaklingar taka lán, verða þeir altaf að spyrja sig þessarar spurningar, ef þeir vilja vera heiðarlegir menn. Ætti ekki síður að vera ástæða til þess fyrir ríkið. Þetta er ekki sagt út í bláinn hjá mjer. Ef vjer eigum að borga lánið um áramót, verðum vjer að hafa vissu fyrir að geta það. Nú standa íslenskir bankar 15 miljónum króna ver að vígi gagnvart útlöndum en fyrir ári. Og verði atvinnuvegir landsmanna reknir með svipuðu gengi næsta ár eins og hið síðasta, þá efast jeg stórlega um, að hægt verði að greiða lánið við næstu áramót. Vil jeg óska þess, að hæstv. forsrh. (JÞ) láti opinberlega koma fram upplýsingar um þetta atriði.

En það er von mín, að lánið sje ekki bráðabirgðalán, þó að svo líti út á pappírnum, heldur sje hjer í raun og veru um fast reikningslán að ræða. Sje hjer verið að veita nýju blóði inn í atvinnulíf þjóðarinnar með þessari lántöku, þá vil jeg alvarlega benda á annað atriði. Jeg áliti það blátt áfram ósiðferðilegt að fá atvinnuvegunum þetta fje í hendur með þeirri ætlun að heimta það síðar aftur í 20% verðmeiri peningum, er þeir hefðu fest það í ýmsum atvinnufyrirtækjum. Sjerstaklega væri þetta harðleikið sakir þess, sem á undan er gengið, því að með gengishækkuninni 1924—'25 voru atvinnuvegir landsmanna lagðir í rústir svo að segja.

Þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) má vera það ljóst öðrum fremur, hve sorgleg þessi saga er, þá vil jeg alvarlega beina því til hans nú, er hann biður um þessa heimild, hvort hann vill ekki jafnframt lýsa yfir því, að hann skuli ekki íþyngja atvinnuvegunum á nýjan leik með því að hækka peningagengið. Nú, þegar hæstv. ráðh. (JÞ) verður að stíga hin þungu spor að koma til þingsins og biðja það um heimild til að ábyrgjast lántöku til að bæta fyrir glappaskotin, vill hann þá ekki lofa, að slík ólánsspor verði ekki stigin aftur? Vill hann ekki lofa því að keppa ekki að því að hækka gengi íslenskra peninga á ný? Fyrir mína afstöðu til þessa máls hefir það afarmikið að segja, hvernig hæstv. forsrh.

svarar þessum spurningum mínum: Ef lánið er til skamms tíma, — hver vissa er þá fyrir að geta borgað það? — Ef það er til langs tíma, — vill hann þá afgreiða málið með þeirri yfirlýsingu, að gengi peninganna skuli ekki hækkað með lántökunni?

Þá er enn ný hlið, sem skylt er að víkja að, og vil jeg þar enn beina aths. mínum til hæstv. stjórnar: Hvernig á að nota þetta mikla fje? Stjórnin getur að sjálfsögðu sagt, að það sje fyrst og fremst bankastjórnanna mál að ráðstafa þessu fje, (því að það hefi jeg fyrir satt, að það eigi að notast handa báðum bönkunum). — En jeg verð að halda því fram, að þingið hafi sjerstakt tilefni til að láta þetta mál til sín taka, því að síðast þegar svipað lán, enska lánið svonefnda, var tekið, var því að mínu viti mjög óheppilega varið. — Hjer fór svo sem hjá öllum nágrannaþjóðum vorum, að eftir stríðið spratt upp margskonar óheilbrigður atvinnurekstur, sem nú er víðast búið að hreinsa burtu; þar hafa þau fyrirtæki verið látin velta um koll, sem engan tilverurjett áttu. En hjer hefir hreinsunin enn ekki verið framkvæmd, og það er mest að kenna því, hvernig enska láninu var varið. Jeg sje ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í þetta, en vil aðeins nefna sem dæmi það, sem kunnugur maður sagði mjer, að hjer í bæ væri verslunarstjettin fjölmennari en í nokkru landi í norðurhluta Evrópu; það yrði að fara alla leið suður til Grikklands eða Armeníu til að finna jafnfjölmenna verslunarstjett. Í nágrannalöndum vorum er hún 50—60% fámennari. — Hvað er nú það, sem heldur þessu uppi? Heildverslanirnar halda uppi smábúðunum, sem eru margfalt fleiri en þær þurfa að vera, en heildverslununum er aftur á móti haldið uppi af bönkunum. — Nú vil jeg spyrja: Á að nota þetta nýja blóð, sem á að veita inn í atvinnulíf þjóðarinnar, til þess að halda þessu öllu gangandi? Það álít jeg, að megi ekki gera, heldur eigi að minka þetta sem mest. Jeg tek þetta fram vegna þess, að þegar enska lánið var tekið, var drýgð synd í þessu efni; það fje var nærri alt látið ganga til annars bankans, og hann hjelt svo uppi þessum óheilbrigða atvinnurekstri. — Á sviði útgerðarinnar má segja hið sama; þar er áreiðanlega mikill atvinnurekstur, sem ekki verður talinn hvíla á heilbrigðum grundvelli. Þessu þarf að ryðja burtu. Það þarf að koma meiri „centralisation", og þar hafa bankarnir öflugustu vopnin í höndum.

Nú vil jeg fá að heyra af munni hæstv. forsrh. sjálfs, hvaða stefnu eigi framvegis að hafa um þetta. Jeg læt ekki í ljós vantraust á neinum bankastjóra til að gera það, sem rjett er, en áður en jeg tek fullnaðarafstöðu vil jeg heyra stefnu hæstv. ráðh. (JÞ) í þessu máli.

Loks á jeg eftir að benda á enn eina nýja hlið á þessu máli, sem við mjer blasir og jeg tel mjer skylt að tala um. — Það má segja um mig eins og Jón Ögmundsson sagði um sjálfan sig, að ætíð er hann heyrði góðs manns getið, kæmi honum Ísleifur biskup í hug. Ætíð þegar jeg heyri, að draga eigi nýtt fjármagn til íslenskra atvinnuvega, kemur mjer landbúnaðurinn í hug. Hvernig á að skifta þessu fjármagni milli atvinnuveganna? Hversu mikið af því á að renna til landbúnaðarins? Það er stærsta og al-

varlegasta fyrirbrigðið í sögu okkar lands á þessari öld, að þyngdarpunktur þjóðlífsins hefir verið að flytjast úr sveitunum og í kaupstaðina. Höfuðástæðan til þessa er sú, að veltufje landsmanna hefir að langmestu leyti verið beint til sjávarins. Svo hefir og verið um megnið af þeim útlendu lánum, sem tekin hafa verið, og svo var um langstærsta lánið, enska lánið. Í vor sem leið var tekið 3 milj. króna lán til veðdeildarinnar. Sem endurskoðandi Landsbankans hefi jeg haft tækifæri til að athuga, hvernig þetta lán hefir skifst á milli kauptúna og kaupstaða annarsvegar og sveitanna hinsvegar. Niðurstaðan af rannsókn minni hefir orðið sú, að ekki minna en 95% hefir farið til kaupstaða og kauptúna. Nú heyrist talað um, að taka eigi 3—4 milj. króna lán á ný til veðdeildarinnar, og svo þetta stóra lán, sem hjer er til umræðu. Ef þessir peningar eiga enn allir að renna til kaupstaðanna, verð jeg að álíta það alvarlegt mál. Þá er þar enn nýtt stórt spor til að soga fólkið frá sveitunum og leggja þær í auðn. Því vil jeg enn beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. (JÞ), hvort hann álítur þetta ekki alvarlegan hlut og hvort hann vill ekki gera eitthvað til að sporna við, að svona fari.

Nú get jeg farið að ljúka máli mínu. Jeg harma það mjög að hafa ekki fengið tækifæri til að búa mig betur undir þessa ræðu. Jeg vil ekki krefjast þess af hæstv. forsrh., að hann svari öllum fyrirspurnum mínum þegar í stað; væri mjer nóg, að hann gerði það við 3. umr. Fyr mun jeg ekki taka endanlega afstöðu til málsins. En jafnframt hlýt jeg að áskilja mjer rjett til að mega bera fram brtt. við 3. umr., á grundvelli þeirra upplýsinga, er jeg fæ þá.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar sem aðrir hafa ekki kvatt sjer hljóðs, þykir mjer rjett að svara hv. þm. Str. (TrÞ) að nokkru.

Fyrir hönd hv. fjhn. er eigi hans að kvarta. Jeg hefi í engu gengið fram hjá henni, og vona jeg, að engar kvartanir komi frá hv. nefnd sjálfri um meðferð mína á málinu.

En hv. þm. Str. (TrÞ) leggur alt annað inn í þetta mál en hjer er í raun og veru á ferðum. Öll ræða hans byggist á skökkum grundvelli. Hann talaði um, að þetta væri stærsta málið, sem fyrir þessu þingi lægi, og talaði um það út frá því ranga sjónarmiði. Þetta er misskilningur. Því var rjett lýst við 1. umr. málsins, að hjer er í raun rjettri aðeins um formsatriði að ræða. Það hefir hvað eftir annað verið viðurkent, að landsstjórnin hefði heimild til að ganga í ábyrgðir fyrir Landsbankann. En þegar þessi ameríski banki óskar að sjá skýran lagastaf fyrir þeirri heimild, virðist ekki nema sjálfsagt að verða við þeirri ósk. Og þótt það sje e. t. v. nokkuð há upphæð, sem stjórnin vill fá heimild til að ábyrgjast, þá er þar ekki um annað að ræða en það, að þegar Landsbankanum opnast reikningsviðskifti við þennan banka, er tiltekið hámark fyrir það reikningslán, sem landsstjórnin má ábyrgjast. En þar með er alls ekki sagt, að nokkurn tíma þurfi að nota alt þetta fje. Kjör þau, sem Landsbankinn hefir komist að, eru þannig, að það kostar ekki nema óverulega fjárupphæð að hafa þessa háu

upphæð altaf tiltæka, ef hann kynni að þurfa á henni að halda.

Út frá þessu vil jeg strax koma að þeirri spurningu hv. þm. Str. (TrÞ), hvort hjer sje um laust lán eða fast að ræða. Þetta lán er hugsað sem laust lán, innhlaup til að fá fje þann tíma, sem mest af fje landsmanna er bundið í óseldum framleiðsluvörum þeirra. Þess hefir alls ekki verið óskað að útvega fast lán. Það væri alt önnur spurning, hvort það væri nú tímabært að beina nýju lánsfje inn í atvinnuvegi landsmanna. Þá yrði það að sjálfsögðu að vera til þess að auka sjálfa framleiðslumöguleikana. En þetta hefir ekki komið til tals að gera að þessu sinni, og veit jeg, að margir líta svo á, að það sje ekki tímabært í bili. Skal jeg ekki fara lengra inn á það mál.

Hvort alt lánið verður borgað upp á sama ári, fer eftir afkomu atvinnuveganna á árinu. Eins og menn vita er atvinnulíf okkar miklum sveiflum undirorpið, þannig, að sum árin verður mikill afgangur, en önnur lítill eða enginn. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hafa mikið lánsfje til að nota, þegar afkoman er lakari.

Eftir þessa almennu greinargerð um það, hvers eðlis lánið er, skal jeg víkja að nokkrum öðrum atriðum úr ræðu hv. þm. Str.

Jeg skil ekki ummæli hans um, að stjórnin hefði átt að undirbúa þingið betur undir þetta mál. Það er komið fram fyrir viku og er nú til 2. umr. í fyrri þingdeildinni. Veit jeg ekki betur en að þessi tími hafi verið nægur til að kynna sjer málið, enda munu flestir hv. þm. hafa gert það.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Str., að bankastjóri frá þessum Vesturheimsbanka sje á ferðalagi í Kaupmannahöfn og það sje hann, sem óski eftir ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessu láni, sem um er að ræða. Þessi banki í Ameríku hefir skrifstofu í Kaupmannahöfn — jeg veit ekki, hvort hún getur skoðast sem einskonar útibú, en það held jeg þó ekki — og fyrir þessari skrifstofu ræður bankastjóri, eins og yfirleitt tíðkast erlendis hjá öllum stærri bönkum, og það er þessi skrifstofa, sem afgreiðir viðskifti bankans og annast um lán hans á Norðurlöndum. En nú stendur svo á, að þessi bankastjóri er að fara í ferð og hefir óskað eftir þessari heimild, sem felst í frv. og brtt. minni, áður en hann leggur af stað. Þetta voru ástæðurnar til þess, að jeg mæltist til þess við hæstv. forseta, að hann sæi sjer fært, að málið yrði afgr. til 3. umr. í dag. Annars hefði jeg ekki verið að knýja svo mjög á það, að frv. yrði afgr. með afbrigðum frá þingsköpum.

Hitt er ekki mjer að kenna, þó að önnur mál hafi verið tekin á undan og þetta mál hafi verið látið bíða þar til nú.

Það er rjett, að í frv. eins og það fyrst kom fram var farið fram á, að Alþingi veitti stjórninni valdið til þess að ganga í ábyrgð fyrir lánum handa Landsbankanum. Jeg hefi margskýrt frá því, að með þessari heimild er ekki farið fram á annað en það, sem gert hefir verið síðan 1922. Þess vegna skil jeg ekki, hvernig háttv. þm. Str. gerir að aðfinsluefni nú það, sem stjórnin 1923 gerði, þótt jeg hinsvegar

gæti trúað, að hann mundi síst skorta vilja til þess að gera hið sama að aðfinsluefni við aðrar stjórnir.

Þá verð jeg að lýsa því yfir, að það gefur rangar hugmyndir að nefna í sambandi við þetta mál ríkisákæru á stjórnina í Noregi, sem verið hefir þar til meðferðar síðastliðið ár. Það er alt annars eðlis og á ekkert skylt við heimild þá, sem hjer er farið fram á. Norska stjórnin, eða hluti hennar, hafði lánað banka einum í landinu allháar upphæðir af ríkisfje og sagt þinginu um sumt af því, en leynt flesta þingmenn um nokkurn hluta lánsins, að því er jeg veit.

Hjer er alt öðru máli að gegna, því hjer er aðeins um atriði að ræða, sem allar stjórnir hafa talið sig hafa lagavald til að framkvæma og þingið viðurkent, ýmist þegjandi eða þá með atkv. hv. þm.

Þá ætla jeg að víkja ofurlítið að því, sem hv. þm. Str. sagði um afkomu bankanna á liðna árinu og fjárhagsástandið yfirleitt.

Það gefur ekki rjetta hugmynd af breytingunum á greiðslujöfnuði þjóðarinnar út á við á umliðnu ári, þegar sagt er, að bankarnir standi það ver að vígi nú en í fyrra, að skuldir þeirra hafi aukist um 15 miljónir króna frá febrúarlokum 1926 til febrúarloka 1927. Til þess að sannfærast um, að þetta sje ekki rjett, þarf ekki annað en að líta á inn- og útflutningsskýrslur þennan tíma, og vantar þá aðeins lítið eitt til, að inn- og útflutningur standist á, og er þar á meðal verð þeirra gufuskipa, sem flutt hafa verið inn á árinu, en sem ekki er ætlast til að greiða að fullu fyr en síðar.

Það verður því að leita að öðrum ástæðum fyrir breytingunum á afkomu bankanna. Og sú fyrsta, sem fyrir manni verður, er þá innieign erlendra viðskiftamanna bankanna. Í febrúarmánaðarlok 1926 áttu erlendir viðskiftamenn miklar innstæður í bönkunum hjer, sem greiddar hafa verið þeim á árinu. Auk þess hefir þurft að inna af hendi afborganir og vexti af eldri lánum. En sem ástæðu fyrir því, að greiðslujöfnuður landsins 1926 sje erfiður og verslunarjöfnuðurinn óhagstæður, bendir hv. þm. Str. á gengishækkunina á árinu 1925. En það hefir verið margsagt af mjer og öðrum, að þar hafi aðrar orsakir verið að verki og þær hver um sig haft margfalt meiri áhrif á fjárhagsástandið heldur en gengishækkunin. T. d. má benda á, að verðfall á afurðum landsins móti gulli nemur um 20% miðað við verðlagið 1925. Og það, að fá 20% minna fyrir afurðirnar heldur en árið áður, hlýtur að koma þungt niður á verslunarjöfnuði landsins 1926. Og þegar þar við bætist, að verklegar framkvæmdir í landinu, svo sem húsabyggingar, hjeldu áfram með jöfnum hraða eins og eftir góðærið 1924, þá þarf engan að furða, þó að afkoma landsins og bankanna hafi orðið sú, er raun ber vitni um.

Það er því ekki á neinum rökum bygt hjá háttv. þm. Str., að það sje vegna gengishækkunarinnar 1925, að stjórnin komi nú til þingsins að biðja um heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann. Jeg geri ráð fyrir, að útkoman hefði verið hin sama hvað þetta snertir, þó að krónan hefði verið stöðvuð á meðan sterlingspundið stóð hærra á árinu 1925. Enda eru miklar líkur til, ef haldið hefði ver-

ið áfram að kaupa sterlingspundið hærra verði en gert var, að þá hefði innieign erlendra viðskiftamanna bankanna aukist að sama skapi. Menn voru yfirleitt þá búnir að kaupa erlendan gjaldeyri 1925 til þess að borga með útflutningsvörurnar framan af árinu 1926. Þess vegna hefi jeg ekki trú á, að hægt hefði verið að afstýra neinu af þessu, er síðar kom á daginn, með því að halda áfram að kaupa sterlingspundið 26 krónur eða 24 kr.

Þá spurði hv. þm. Str., hver væri ástæðan fyrir nýrri lántöku nú handa bankanum, og gaf um leið svarið: að reikningslán bankans væru uppnotuð. Jeg verð að segja eins og er, að mjer er ekki unt að gefa betra svar í einni setningu en hann gerði sjálfur. En hitt er misskilningur, sem hann var að gefa í skyn í þessu sambandi, að það væru þung spor, sem stjórnin þyrfti nú að stíga með því að koma til þingsins og biðja um ábyrgð þess fyrir nýrri lántöku. Þetta eru ekki þung spor fyrir stjórnina, þótt hún komi til þingsins og biðji um heimild til þess að gera þær ráðstafanir, að atvinnulíf landsins haldi áfram á eðlilegan hátt. Stjórnin þykist ekki með þessu vera að gera neitt það, er hún þurfi að bera kinnroða fyrir. Þvert á móti gengur hún út frá því, að hún sje einmitt að gera skyldu sína, og það eigi að vera sameiginlegt áhugamál allra hv. þm. að styrkja hana í því að ráða á skynsamlegan hátt fram úr þeim vandræðum, er leitt hafa af misjafnri afkomu atvinnuveganna. — Stjórnin er ekki að biðja um neitt handa sjer. Hún er aðeins að bera fram fyrir þingið það, sem rjettir aðiljar telja, að þurfi að gera vegna atvinnulífsins í landinu.

Þá gat hv. þm. Str. þess, að stjórnin hefði engar ráðstafanir gert til þess að halda uppi núverandi verðgildi krónunnar og sagði, að jeg hefði verið spurður um þetta á nefndarfundi, en engu getað svarað. Úr því að hann komst inn á þetta og fer að segja frá því, hvað gerðist á þessum nefndarfundi, þá kemst jeg ekki hjá því að skýra líka frá, hvað gerðist þar.

Það var þá svo, að tveir háttv. þm. spurðu um það á þessum fjárveitinganefndarfundi, við hvaða gengi stjórnin hefði miðað, er hún var að semja fjárlagafrv. fyrir árið 1928. Jeg svaraði því á þá leið, að stjórnin hefði miðað við núverandi gengi. Þá var spurt um, hvort stjórnin byggist við, að sama gengi hjeldist þá, eða m. ö. o., hvort krónan mundi hafa sama verðgildi 1928 og nú. Því kvaðst jeg ekki geta svarað fyrir stjórnarinnar hönd, og það gæti heldur enginn á meðan landið verður að búa við laust gengi óinnleysanlegra pappírspeninga.

Út frá þessu get jeg þó látið í ljós þá skoðun, og það er sannfæring mín, að jeg býst við, að hægt verði að halda uppi núverandi gengi, ef alt fer skaplega og ekkert það kemur fram, sem menn órar ekki fyrir nú. Og jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að stjórnir beggja bankanna sjeu á sömu skoðun.

Þá kom hv. þm. Str. að því, sem jeg hafði búist við, að hann geymdi þangað til hann færi að gegna eldhússtörfum sínum við framhaldsumræðu fjárlaganna. Hann vildi gefa stjórninni það að sök, að hún hefði með of háu kaupgjaldi fyrir vinnu við opin-

berar byggingar og aðrar framkvæmdir ríkisins orðið þess valdandi að halda uppi háu kaupi í landinu, er ekki svaraði til þess verðs, er fengist fyrir afurðirnar.

Þó að það heyri öðrum ráðherra til að svara þessu, skal jeg aðeins taka fram, að jeg held, að fleiri en framkvæmdastjórum ríkisins hafi missýnst vorið 1926, hvaða kaup mundi fært að greiða þegar fram á sumarið kæmi.

Þá var hann eitthvað að tala um það, að atvinnuvegirnir hefðu fengið auknar skattabyrðar vegna gengisins, að mjer skildist. En jeg kannast ekki við að svo sje. (**Trþ**: Jeg sagði ekkert um það). Mjer var heldur ekki vel ljóst, hvað hv. þm. Str. var að fara, en þó get jeg ekki látið vera að benda á í þessu sambandi, að það var ekki óverulegt, sem ljett var sköttum af atvinnuvegunum síðastliðið ár, eins og líka orðið hefir vart nú á þessu ári.

Þá hefi jeg nú svarað hv. þm. Str., til hvers þetta lán sje tekið, og jeg vona, að það nægi til þess að sýna hv. þdm., að sumar spár hans eru byggðar á öðrum grundvelli en hjer er um að ræða.

Þar sem hann óskar upplýsinga um stefnu stjórnarinnar í gengismáli framtíðarinnar, þá get jeg ekki svarað öðru en því, sem jeg hefi lýst yfir í fjárhagsnefndum beggja deilda, að stjórnin hefir ekki hugsað sjer að nota þetta lánsfje eða annað til þess að hækka gengi íslensku krónunnar. Hinu hefi jeg lýst yfir áður, að von mín um að hækka gengi krónunnar byggist eingöngu á bættri afkomu atvinnuveganna.

Þá vildi háttv. þm. Str. líkja þessu láni við enska lánið, sem tekið var 1921. En þar fór hann algerlega villur vegar um, til hvers það lán hefði verið notað. Eins og kunnugt er, var enska lánið notað til þess að greiða áfallnar skuldir bankanna og ríkissjóðs, svo að um eyðslu þess í landinu sjálfu gat því ekki verið að ræða. Og jeg get bætt því við, að ef eitthvað af þessu nýja láni þyrfti að nota til þess að greiða áfallnar skuldir, þá yrði það þó til þess að lækka þær, en ekki til þess að auka.

Aftur á móti get jeg tekið undir það með hv. þm. Str., að það sje ekki rjett að halda uppi óheilbrigðum atvinnurekstri með því að ausa í hann fje á fje ofan. En þessu var ekki til að dreifa um enska lánið. Það skiftist á milli þriggja aðilja, sem allir notuðu það á sama hátt: að greiða með því gamlar skuldir, sem fallnar voru í gjalddaga þegar það var tekið.

Það þarf að gjalda varhuga við að fleygja peningum í þau fyrirtæki, sem rekin eru með tapi ár frá ári. Aftur á móti skyldu menn varast að draga þá ályktun af þessu, að þótt eitthvert fyrirtæki tapi á rekstri sínum eitt kreppuár, þá eigi það að leggjast á höggstokkinn og hætta, því við það gæti atvinnurekstur þjóðarinnar beðið varanlegan hnekki. Jeg skal ekkert um það segja, hvort verslunarstjettin hjer í Reykjavík sje of mannmörg, borið saman við aðrar þjóðir, en hitt vil jeg segja, að jeg tek ekki mikið mark á, þó slíku sje fleygt á meðan ekki liggur fyrir rannsókn nje samanburður á tölum, sem auðvelt hlýtur að vera að afla sjer vitneskju um.

Þá spurði háttv. þm. Str., hvernig þessu láni ætti að skifta milli atvinnuveganna. Því hefi jeg áður svarað, og á þá leið, að það sje ekki meiningin að láta það renna út til atvinnuveganna, heldur sje hjer um venjulegt rekstrarlán að ræða. En þó skal jeg taka það fram, að það er ekki siður stjórnarinnar að blanda sjer í það, hvernig og hverjum bankarnir veita lán. Hjer er það Landsbankinn, sem á í hlut, og stjórnin hefir enga heimild til, og heldur ekki neina ástæðu, að blanda sjer inn í dagleg störf bankastjóranna. En til þess nú betur að tryggja það, að bankastjórarnir misnoti ekki stöðu sína, þá eru tveir endurskoðendur settir þeim til höfuðs, annar kosinn af sameinuðu Alþingi, en hinn skipaður af stjórninni, svo að hann ætti þá að geta aðvarað stjórnina, ef hann yrði var við, að bankastjórarnir stæðu illa í stöðu sinni. Nú vill svo til, að þessi stjórnskipaði endurskoðandi er einmitt háttv. þm. Str., herra Tryggvi Þórhallsson, og í þessi 3 ár, sem jeg hefi átt sæti í stjórninni, hefir það aldrei komið fyrir, þó að erindi hafi borist upp í stjórnarráð uppáritað af endurskoðendunum, að þar hafi nokkru sinni verið um aðfinslur að ræða í garð bankastjóranna. Og á meðan svo er, að endurskoðendurnir geta ekkert fundið að gerðum bankastjóranna, er ekki ástæða til, að stjórnin fari að blanda sjer inn í störf þeirra.

Þá gat hv. þm. Str. þess, að af lánsfje nýja veðdeildarflokksins hefðu 95% gengið til kaupstaðanna, en aðeins 5% til sveitanna. Þetta getur vel verið, en það hefir ekki komið nein umkvörtun til stjórnarinnar um það frá endurskoðendunum, að lánsfje þetta sje ranglega veitt. En ef þetta er rjett, þá verð jeg að líta svo á, að lánsþörfin sje minni í sveitunum en kaupstöðunum. Annars er ekki ósennilegt, að sveitirnar leiti minna til veðdeildar síðan ræktunarsjóðurinn tók til starfa, enda er hann þeirra lánsstofnun og mun á umliðnu ári hafa lánað út til sveitanna á 9. hundr. þús. króna.

Þegar þessi upphæð úr ræktunarsjóði og 5% úr veðdeildinni eru lögð á vogarskálarnar annarsvegar, móti þeim 95%, sem kaupstaðir og kauptún hafa fengið úr 5. flokki, þá verður hlutfallið þannig milli þess lánsfjár, sem hefir farið til fasteignalána í kaupstöðum og sveitum á þessu tímabili, að það verður ekki óhagstæðara fyrir sveitirnar en í raun og veru mátti vænta, eftir öllum kringumstæðum. (**Trþ**: Það ber ekki að skoða ræktunarsjóðslán sem fasteignalán, heldur lán til framkvæmda). Það eru fasteignalán yfir höfuð. Getur verið, að eitthvað sje veitt gegn öðrum tryggingum, svo sem ábyrgð sveitarstjórna, en þótt þau sjeu ætluð til framkvæmda, þá er enginn raunverulegur mismunur milli þeirra og veðdeildarlána. Því að öllu venjulegu eru veðdeildarlán einmitt veitt út á nýjar fasteignir og nýjar endurbætur á fasteignum.

Jeg get þess vegna ekki tekið það upp í sambandi við þá ábyrgðarheimild, sem hjer liggur fyrir, hvort stjórnin vilji beina einhverju af því fje, sem þar er um að ræða, til sveitanna. Því að stjórnin hefir yfir höfuð ekki aðstöðu til þess að halda því að Landsbankanum að nota þetta lánstraust,

sem þarna stendur til að opna, á neinn hátt meira en stjórn bankans sjálfri þykir rjett. En hitt get jeg vel sagt hv. þm. Str., að stjórnin hefir ákaflega góðan vilja á því að veita lánsfje til sveita, til hvers þess, sem þar er hægt að framkvæma og arðberandi getur talist. En það liggur í hlutarins eðli, að það verður fremur að fara aðra leið til þess að veita lánsfje til arðberandi framkvæmda í sveit heldur en að nota til þess reikningslánsheimild, sem er veitt til eins árs. Sveitirnar þurfa yfirleitt talsvert lengri tíma fyrir þau lán, sem þar eiga að geta myndað nokkurn verulegan grundvöll undir framfarir, þó að hitt skuli fúslega viðurkent, að sveitamenn þurfi líka að geta fengið sín rekstrarlán. Þau fá þeir að mjög miklu leyti hjá Landsbanka Íslands. Þó að ekki sje mjög mikið veitt hverjum einstaklingi sjer í lagi, þá er það stærsta fjelagsfyrirtæki í sveit, sem einmitt hefir mikið af sínu lánstrausti hjá Landsbankanum.

Jeg held jeg hafi nú nokkurnveginn tekið upp þau atriði, sem máli skifta, úr ræðu hv. þm. Str. Ef honum þykir ósvarað einhverju, sem honum er ant um að fá að vita, óska jeg, að hann geri mjer aðvart, því að ekkert af því, sem hann spurði um, er þess eðlis, að ekki megi alveg eins svara því nú og við 3. umr.

Hjeðinn Valdimarsson: Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að jeg hefði enga ástæðu til að vera á móti frv. með brtt., þar sem jeg gengi út frá, að þetta væri aðeins venjulegt reikningslán handa bankanum sjálfum til styrktar honum. En mjer virðist síðan, að þessu skjóti nokkuð öðruvísi við.

Það er aðallega þrent að athuga við þetta. Í fyrsta lagi er meðferð málsins, í öðru lagi er upphæð lánsins, og í þriðja lagi tilgangur þess.

Um meðferð málsins er það að segja, að mjer finst mjög undarlegt, að hæstv. fjrh. (JÞ) skýrir ekki með einu einasta orði í deildinni frá upphæð lánsins og vaxtakjörum, — sem sagt, frá engu aðalatriði, sem lánið snertir. Og fjhn. þingsins, sem hann mun hafa skýrt frá þessu, hefir hann, að því er jeg veit best, bundið þagnarheiti. (**Forsrh. JÞ:** Ekki gagnvart þingmönnum). Jeg hefi ekki viljað láta binda mig þagnarheiti og þess vegna fengið upplýsingar um málið annarsstaðar; mun jeg koma með þær fram hjer í hv. deild. Bið jeg hæstv. forsrh. að leiðrjetta, ef jeg fer rangt með.

Mjer finst það mjög undarlegt, að þegar um ábyrgð er að ræða, sem skiftir mjög mörgum miljónum, þá skuli ekki mega minnast á það frekar en mannsmorð, hver upphæðin sje, — ekki hjer á Alþingi, sem á að vera sá vettvangur, þar sem þjóðin fái að vita alt um sín stærstu mál. Hver er eiginlega tilgangurinn? Hverju þarf að leyna? Það ætti þó ekki að verða til þess að minka lánstraust landsins, að hægt er að sýna, að við getum fengið stór lán.

Þá er ekkert sagt um vaxtakjörin. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þau sjeu svo ill í sjálfu sjer, að menn mættu ekki vita um þau. En hvers vegna er farið að með þessari leynd? Jeg hefi heyrt, að upphæðin, sem hjer er um

að ræða, nemi 2 milj. dollara, eða rúmum 9 milj. króna, og vextir af þessu fje sjeu 5½%; þóknun, sem greidd er í upphafi, er mjer sagt að sje ¼%. Nú vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. fjrh., hvort þetta sje ekki rjett. Jafnframt því vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh., hver hafi haft með höndum samninga fyrir bankann, hvort það hafi verið einungis bankans starfsmenn, sendiherrann í Kaupmannahöfn, eða hvort það eru einstakir milligöngumenn, sem þá fái þóknunina.

Hæstv. fjrh. sagði, að það sje ekki verið að tala um að veita nýju fjármagni inn í landið, heldur aðeins reikningslán til þess að nota á mestu viðskiftamánuðum ársins. En eftir því, sem mjer er sagt, mun þetta ekki allskostar rjett; því að jeg veit ekki betur en að nú þegar hafi Landsbankinn verið að lána fyrir milligöngu hæstv. fjrh. um 1 milj. kr. til Íslandsbanka upp á þetta væntanlega lán. Þetta var þegar í byrjun ársins, áður en mestu viðskiftamánuðir ársins eru komnir. Þá kemur spurningin: Hvers vegna verður að taka lánið? Og verður að taka það fyrir Landsbankann sjálfan, eða er hæstv. fjármálaráðherra að nota Landsbankann sem millilið til þess að taka lán fyrir Íslandsbanka? Jeg beini þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., hvort upptök að láni þessu sjeu frá Landsbankanum og stjórn hans. Og ef svo er, hvort það sje nauðsynlegt fyrir hann að fá lánið sem stendur — á þessum tíma árs. Jeg hefi heyrt það, að að minsta kosti Landsbankinn standi ekki svo illa að vígi, að hann geti ekki bjargað sjer sjálfur án þess að taka lán fyrst um sinn. Hinsvegar er það á margra vitorði, að Íslandsbanki hefir ekki getað veitt útgerðarmönnum það fje, er þeir þurftu til útgerðarinnar á vertíðinni. Mjer finst það mjög svo varhugavert, ef það er þannig í raun og veru, eins og lítur út fyrir, að lán þetta sje tekið fyrst og fremst vegna þarfar Íslandsbanka og að svo mjög sje þörfin rík, að það sje farið að veita honum meira lán úr Landsbankanum en verið hefir áður en lánið er fengið. Jeg hugsaði satt að segja, að hið opinbera, ríkissjóður og Landsbanki, væri þegar búið að sökkva svo miklu fjármagni í þann banka, að það yrði að minsta kosti ekki án undangenginnar rannsóknar lagt lengra út á þá braut.

Hæstv. fjrh. svaraði ekki neinu fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) um það, í hvaða skyni ætti að nota þetta lán. Og hann ljet svo, að það væri ekki að neinu leyti á valdi stjórnarinnar, hverjum bankinn veitti lán. Jeg hygg háttv. þingmönnum muni það ljóst, að hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) hefir meiri áhrif á það, hverjum veitt eru lán úr Landsbankanum en nokkur annar, og upphæð lána. Þar með meina jeg ekki lán til einstakra manna, heldur til stærsta lántakandans hjá Landsbankanum, Íslandsbanka, sem hæstv. fjrh. virðist bera mest fyrir brjósti.

Í sambandi við þetta vil jeg loks spyrja hæstv. fjrh. um það, hversu stór reikningslán önnur Landsbankinn hefir. Það gæti gefið nokkra skýringu viðvíkjandi því, hvort það sje venja hjá honum að taka 9 milj. króna lán, eins og sagt er að þetta sje.

Frsm. (Klemens Jónsson): Í þessum umr. hefir ekkert komið fram, sem snertir fjhn. í sjálfu sjer. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) tók fram í sinni löngu ræðu, verð jeg að segja það og taka undir með hæstv. fjrh. (JÞ), að hann hefir lagt alt annað í þetta mál en meiningin er. Það skein í gegnum hans löngu ræðu, að hann mundi vera hræddur við, að þetta lán yrði aðallega tekið í því skyni að halda gjaldeyri landsins í því verði, sem hann er nú. En jeg fyrir mitt leyti álít, að þessi hræðsla hans eigi við engin rök að styðjast. Jeg er, eins og hv. þdm. vita, hægfara hækkunarmaður. En þó dettur mjer ekki í hug að ljá liðsinni mitt til þess að taka lán til þess að hækka gildi krónunnar. Jeg hygg það sje ljóst öllum hv. þdm., sem athuga þetta vel, að þessi ætlun hv. þm. Str. getur ekki verið rjett, að lánið eigi að taka í þessu skyni; því að lán, sem aðeins er tekið til eins árs, það er sannarlega ekki til þess hentugt. Nei, hjer getur ekki verið að tala um neitt slíkt. Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá er þetta ekkert annað en lögfesting á gamalli venju, — lögskýring á því, sem þrjár stjórnir að minsta kosti hafa talið sig hafa fulla heimild til.

Auk þess er annað atriði, og það er aðallega vegna þess, að jeg stend upp fyrir hönd nefndarinnar. Hún lítur svo á, að með þessu frv. sje aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en sem þingið hlýtur að taka endanlega ákvörðun um, þegar frv. um seðlabanka, sem liggur fyrir hv. Ed., kemur til atkvæða. Í 15. gr. þess frv. er eitt ákvæði, sem tekur skýrt fram, að stjórninni sje heimilt, eftir tillögu bankaráðs, að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann. Ef seðlabankafrv. verður samþ. óbreytt að þessu leyti, þá er þetta frv. orðið óþarft, og það ber aðeins að skoða sem bráðabirgðaráðstöfun. Á þetta leggur fjhn. aðaláherslluna. Meira að segja hefir nefndin beðið mig að skýra frá því, að þetta hafi verið aðalhugsunin, þegar hún tók málið að sjer. Jeg held þess vegna, að það sje alls ekki rjett hjá háttv. þm. Str., að þetta sje þýðingarmesta málið, sem hefir komið fram á þessu þingi. Vafalaust eigum við eftir mál miklu þýðingarmeiri. En auðvitað geta allir verið samdóma um, að það er altaf þýðingarmikið, þegar ræða er um að taka lán til landsþarfa og takast á hendur ábyrgð fyrir láni, sem er talsvert stórt. En svo framarlega sem hægt er að sanna, að slík lántaka er alveg nauðsynleg, — ekki síst til þess einmitt að viðhalda framleiðslunni, — þá er ekki um annað að gera en að taka þann kost, svo framarlega sem menn eru ekki gagnsýrðir af þeirri hugsun, að alt sje að fara á hausinn, við sjeum að sökkva alveg til botns í feninu. Jeg fyrir mitt leyti trúi ekki, að svo sje komið. Þvert á móti álít jeg, að þótt horfurnar sjeu slæmar, þá muni birta fljótlega aftur. Það hefir oft komið fyrir á seinni árum, að kreppa hefir orðið í svip; en það hefir fljótt sýnt sig aftur, að landið hefir getað losað sig úr þeim örðugleikum.

Jeg tek undir með háttv. þm. Str. um það, — og veit, að allir eru því sammála, — að það er mjög sorglegt, hvað það lánsfje, sem áður hefir verið tekið til atvinnuveganna, hefir skifst ójafnt niður milli landbúnaðar

og sjávarútvegs, að annar aðili fær 95%, en hinn aðeins 5%. En mundi það ekki geta stafað af því, að bændur bera sig ekki eftir björginni eins og sjávarútvegurinn gerir? Jeg er í engum vafa um, að bankastjórn Landsbankans mundi síst af öllu gera upp á milli sjávarútvegs og landbúnaðar, ef nægilegar tryggingar væru fyrir hendi. Þvert á móti er það sagt um að minsta kosti einn af bankastjórunum, að hann sje talsvert hlyntari landbúnaði en sjávarútvegi.

Það var aðallega þetta atriði, sem jeg vildi benda á fyrir hönd fjhn., að hjer er einungis um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en þingið á ekki með þessu frv. að taka endanlega ákvörðun um, hvort það vilji veita hverri stjórn sem er heimild til þess að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann.

Halldór Stefánsson: Af því að mjer virðist mega skilja svo ummæli háttv. frsm. fjhn. (KlJ) í þessu máli, að fjhn. hafi tekið afstöðu til efnisatriða þessa frv., þá vildi jeg lýsa yfir því fyrir mína hönd, að jeg skoðaði það alls ekki þannig. Jeg skildi það aðeins sem formsatriði, að fjhn. bæri fram frv. að ósk stjórnarinnar, og svo var líka frá því skýrt í upphafi. Það hefir verið nokkuð á reiki um þetta mál, eins og sjest af því, að hæstv. fjrh. hefir sjálfur borið fram brtt. við það upphaflega frv., sem hann lagði fram. Þegar menn voru farnir að athuga málið, kom það fljótt í ljós, að ýmsum þótti með frv. færast of ótakmörkuð heimild í hendur stjórnarinnar til lántöku. Og þótti mönnum þá mestu máli skifta að fá að vita sem glegst, á hvern hátt ætti að verja þessu láni. Það hefir nú komið í ljós við þessa umr., að þetta sje aðeins bráðabirgðalán, og að frv. sje ekki annað en formsatriði til staðfestingar því, sem áður hefir tíðkast. Jeg efa ekki, að lánið er hugsað sem bráðabirgðalán. En það er lítil trygging fyrir því, að svo verði í reyndinni. Ef hagur landsins þrengist úr því, sem er, þá er hætt við, að það geti orðið í reyndinni sem fast lán, þó að það að forminu til sje tekið sem bráðabirgðalán.

Það er að vísu svo, að þetta er aðeins formsatriði, en aðalatriðið er þó það að taka *nýtt* lán, sem ekki var þörf á áður. Að því leyti er þetta meira en formsatriði.

Af þeim umræðum, sem hjer hafa farið fram, og við það að kynnast málinu yfir höfuð, þá verður það altaf meira vafaatriði í mínum augum, hvort rjett sje að fylgja þessu máli.

Ástæðan til ábyrgðarheimildarinnar er þörfin á auknu lánstrausti erlendis, sem leiðir af þeirri kreppu, sem nú á sjer stað í atvinnulífi og hag þjóðarinnar. En ástæðan til kreppunnar er meðal annars einmitt sú stefna í gengismálinu, sem hefir verið rekin undanfarið. Og þá finst mjer þetta vera fullkomin aðvörun um það að reka ekki þessa sömu fjármálastefnu áfram, sem sökkur landinu dýpra og dýpra í skuldir og lántökur erlendis.

Mjer finst þess vegna máli skifta á þessu stigi málsins að fá að vita, hvort hæstv. stjórn heldur fast við sína fyrri, þektu afstöðu í gengismálinu. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú ekki þótt ástæða til að svara því í þessu sambandi, en jeg tel einmitt góðar og

gildar ástæður til þess að tala um þetta tvent saman. Því að ef á að reka þessa sömu peningamálastefnu áfram, þá er viðhorfið það, að búast má við, að altaf verði þörf á meiri lánum vegna viðvarandi halla á rekstri atvinnuveganna. Og í sambandi við þetta mál og þessar umræður vil jeg fyrir mitt leyti sem festingarmanns afsala mjer allri ábyrgð á þessari lántöku.

Hæstv. fjrh. sagði, að hækkunarstefna sín bygðist á von um velgengni atvinnuveganna. Mikið gott. Þetta þýðir það, að liggja á velgengni atvinnuveganna svo langan tíma sem þarf til þess að hækka krónuna. En það er alveg ómögulegt að segja, hvað það verður langur tími. Eins og horfir nú við, virðist það geta dregist alllengi, kannske heilan mannsaldur, eða hver veit hvað. Og mjer þykir hætt við, að einstaklingar þjóðarinnar verði ef til vill orðnir ærið bölsýnir, þegar því stríði er lokið.

Jeg vil þá að endingu undirstrika spurningu hv. þm. Str. til stjórnarinnar um það, hvort hún hugsi sjer að halda fast við sína fyrri stefnu í gengismálinu. Svar hennar við því verður það aðalatriði, sem jeg byggi á mína endanlegu afstöðu til þessa frv.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja það, að þá er jeg sá þetta mál komið hjer á dagskrá og hvað var á seiði, þá varð mjer á að hugsa svo: „Verður það, er varir, og svo það, er ekki varir“. Þó verð jeg að játa það, að í fyrra lágu fyrir þinginu tvö mál, sem gátu bent til þess, að slík málaleitan sem þessi mundi liggja fyrir þessu þingi. En eins og þetta hefir að borið, þá datt mjer ekki í hug, að til slíkra óskapa gæti komið.

Um flutning málsins er það að segja, að mjer skilst, að hjer sje verið að fara í feluleik — að hjer sje verið að fara í „laumu“. Mjer er illa við það, og eins og allir vita, þá er ekki haft eins rangt við í neinu spili eins og laumu. Þetta segi jeg í sambandi við þau orð hæstv. fjrh., að hjer væri aðeins um formsatriði að ræða. Jeg neita því algerlega, að svo sje, og tek undir það, er hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að þetta er áreiðanlega stærsta málið, sem fyrir þessu þingi liggur. Og að mínum dómi er allur stjórnmálaferill hæstv. forsrh. (JÞ) einmitt innifalinn í þessum 5 frumvarpslínum.

Út af því, að hjer sje aðeins um formsatriði að ræða, tek jeg það skýrt fram, að til þess var aldrei ætlast, að frv. þetta kæmi fyrir þingið, heldur að hæstv. stjórn ábyrgðist eftir sem áður lán fyrir Landsbankann án íhlutunar Alþingis. Þetta er öllum háttv. þdm. vitanlegt, enda sanna svör og skýrslur hæstv. forsrh. það. Hann hefir skýrt frá því, að frv. sje eingöngu komið fram vegna þess, að banki sá, sem ætlar að lána Landsbankanum fje, hefir heimtað, að til væri skýr og skýlaus lagaheimild fyrir því, að stjórnin mætti takast á hendur ábyrgð á láninu. Og enn er það vitanlegt, að það er langt síðan samningar tókust um þetta lán. Og það hefi jeg frá áreiðanlegum heimildum, að nú sje rekið svo fast á eftir þessu máli vegna þess hvað langt er síðan það kom á döfina.

Það vakir fyrir mjer, að mál þetta sje miklu víðtækara og hafi miklu meiri þýðingu heldur en hjer er lát-

ið í veðri vaka. Jeg skal jafnframt viðurkenna það, að það fer ef til vill best á því að fara ekki berum orðum opinberlega hjer á þingi um ýms fjármálaatriði. Það getur oft verið rjett, að slíkt verði ekki hljóðbært fyr en til framkvæmda kemur. En um þetta mál er það að segja, að jeg álít alls ekki heppilegt, að farið sje í neinn feluleik með það. Segi jeg þetta vegna þess, að kunnugir menn hafa sagt mjer, að fjárhagsástand bankanna hjerna, og þó sjerstaklega annars þeirra, sem ekki má nefna, sje mikið verra en sagt er. Sú yfirhylming er aðeins til þess fallin að ala á þeirri tortrygni, sem lengi hefir gert vart við sig, og kem jeg síðar að því, hve nauðsynlegt er, að dregið sje úr þeirri tortrygni með því að tala hreinskilnislega um ástandið í fjármálunum eins og það er.

Það hefir verið sagt ýmislegt um það, hvernig á því stendur, að þessi lánsábyrgðarbeiðni kemur nú frá Landsbankanum. Jeg held því ekki fram, að rangt hafi verið skýrt frá um það, hvers vegna beiðnin er fram komin, en jeg verð að segja það, að ekki hafa komið fram nægilegar upplýsingar um það, sem mestu varðar um þetta atriði.

Jeg þykist vita, að sjerstök ástæða sje til þess, að mál þetta er fram komið eins og það er í pottinn búið. Það er fjárhagsástand Íslandsbanka. Þó vil jeg ekki drótta því að þeim banka, að hagur hans sje ekki eins og ráða má af gengi hlutabrjefa hans. Hlutabrjef hans munu nú ganga kaupum og sölum fyrir 33. (**KlJ**: 34). Jæja, 34, það munar minstu, því að þetta getur breyst smávegis dag frá degi. En því verður ekki neitað, að hlutabrjefin standa illa og að bankinn hefir ekki traust erlendis.

Jeg bið menn að gæta þess, að jeg er ekki að tala um þau töp, sem Íslandsbanki hefir orðið fyrir. Jeg býst við því, að hann hafi skrifað mikið af af skuldum og að bankastjórnin hafi farið svo gætilega að ráði sínu hin síðari árin, að nokkuð af gróða bankans hafi gengið upp í töpin. En hitt þykir mjer ískyggilegt, hvað innlánsfje bankans hefir minkað mikið á þessu ári, og einmitt vegna þess álít jeg, að hjer sje um stórmál að ræða, þar sem þetta frv. er.

Í árslok 1925 átti Íslandsbanki innstæður á hlaupareikningi, innlánum og sparisjóði alls um 19 milj. króna. Þar frá á svo að draga póstskuld, sem var um 5 milj. danskra króna, eða um 6 milj. íslenskra króna. Þá verða um 13 milj. eftir af innlánsfje bankans. En af kunnugum og gætnum mönnum er mjer sagt, að bankinn hafi á þessu ári mist um 6 milj. króna af innlánsfje, eða nær helming. Þetta er hið varhugaverðasta í þessu máli; vegna þess þarf nú að taka þetta stórlán. Þetta er ekkert leyndarmál; reikningar bankans hljóta að sýna þetta og að vegna þessa þarfnast bankinn hjálpar. Nú er spurningin þessi: Hvernig stendur Íslandsbanki að vígi að uppfylla skyldur sínar gagnvart hinum fjárfrekasta atvinnuvegi þjóðarinnar, að sjá honum fyrir veltufje? Haldi innlánsfjeð áfram að minka, getur hann það alls ekki, einkum vegna þess að til stendur að hætta því að láta bankann gefa út seðla og láta hann kalla inn þá seðla, sem hann hefir nú í umferð. Og þá kemur að

því, að Landsbankinn verður að sjá honum fyrir veltufje, og eykst þá að sama skapi áhætta Landsbankans. Er það því stóra spurningin, hvort halda á lengra áfram á þessari braut en komið er. Íslandsbanki stendur nú í stórri skuld við Landsbankann og stórri skuld við ríkissjóð, þar sem enska lánið er. Jeg held, satt að segja, að fyrir þá menn, sem álíta, að nauðsyn sje á að halda Íslandsbanka — „prívatbankanum" — uppi, þurfi að grípa til annara ráðstafana en þessarar, er hæstv. forsrh. kemur hjer með. Það verður að gera gagngerðar ráðstafanir til þess, að sá banki geti fengið fje og öðlast það traust, sem hann hefir mist.

Jeg hefi tekið þetta fram til þess að hæstv. fjrh. gefist kostur á að ræða þessi atriði málsins. En hafi jeg missagt eitthvað, þá er það af ókunnugleika.

Hæstv. forsrh. hjelt því fram, að lán þetta ætti að fá vegna Landsbankans. Það get jeg ekki fallist á. Landsbankinn á mikið fje aflögu í útlöndum, og miklar líkur eru til þess, að hann hefði ekki þurft á láni að halda fyr en útsjeð var um frv. þau hjer í þinginu, er Lansbankann snerta. Ef þau frv. hefðu ekki verið samþykt, þá var þó enn nægur tími til að koma fram með þetta.

Hæstv. forsrh. sagði, að hjer væri um lausalán að ræða. En sje það nú meiningin, þá skil jeg ekki brtt. hans. sem er miðuð við sjerstakan banka og ætlast til, að lánið sje tekið til eins árs í senn. En fari nú svo, að þessi viðkomandi banki vilji ekki framlengja lánið, þá liggur engin lánsheimild fyrir samkvæmt þessu frv., því að í lok fyrstu greinar á að standa, samkvæmt breytingu hæstv. forsrh.: „Heimilt er ráðherra einnig að endurnýja ábyrgðina frá ári til árs" o. s. frv. Þetta gæti nú verið gott og gilt, *ef* sjerstakur banki væri ekki nefndur á nafn í greininni. Jeg kann heldur ekki við það, að nefndur sje sjerstakur banki í þessu sambandi, enda er það algerlega óþarft, og tilgangi hæstv. forsrh. mátti ná á allan annan hátt en þennan. En úr því að bankinn er nefndur á nafn, er ekki í annað hús að venda. Jeg álít, að nánari skilyrði, er þingið hefði viljað setja um slíka lántöku sem þessa, hefðu mátt koma fram í gerðabók fjárhagsnefndar og að það hefði komið í sama stað niður fyrir hæstv. fjrh., því að það, sem fjárhagsnefnd mundi gera í slíku máli, yrði vitanlega í samræmi við vilja meiri hluta þingsins.

Þá vildi hæstv. fjrh. rengja það, að fjárhagsástæður landsins út á við væru eins slæmar og háttv. þm. Str. hjelt fram. Hann vildi ekki viðurkenna, að það munaði 15 miljónum króna frá því í fyrra. Jeg er þessu nú ekki vel kunnugur, en jeg ætla, að skýrsla hæstv. ráðherra um þetta efni muni vera ærið einlit. Ef út í þá sálma er farið, kemur margt til greina, sem gerir það efasamt, hvort skýrslan um skuldir bankanna fari ekki nærri lagi. Hæstv. ráðherra færði það sem ástæðu til rengingar, að skýrslur um innieign bankanna í fyrra sýndu ekki fjárhagsástandið út á við, heldur bæri að leggja skýrslur um útflutning og innflutning til grundvallar. Jeg hygg, að það muni nú vera deildar skoðanir

um það, hvort hægt sje að leggja innflutningsskýrslur til grundvallar. Þar munu oft vera töluverð vanhöld, einkum á hinum dýrari vörum.

Þá vildi hæstv. ráðherra með einu orði slá striki yfir það, að gengið hafi haft áhrif á skuldirnar. Þessi kenning er afarvafasöm. Árið 1925 töpuðust 300 þúsund krónur í gengismun á einum farmi, og fleira slíkt mun hafa farið á eftir. Þá sagði hæstv. ráðherra, að sjer væri gleðiefni að leggja þetta frv. fyrir. Jeg get nú ekki fyllilega skilið það samkvæmt hans eigin kenningum áður. Í bók sinni „Lággengið" tekur hæstv. ráðherra það skýrt og vel fram, að eigi að halda uppi krónunni, þá verði að minka lánsfjeð sem mest, takmarka útlánin og minka skuldirnar. Með því að leggja til, að nýtt lán verði tekið, breytir hann á móti þessari kenningu sinni. Með því að taka lán má að vísu halda genginu uppi í bili, en það reynist erfitt, er til lengdar lætur, því meir sem erlendu lánin aukast.

Þá er önnur stefnubreyting hjá hæstv. fjrh. frá því í fyrra í gengismálinu. Þá vildi hann afsaka hækkun krónunnar með því, að gildi peninga færi eftir eftirspurn og framboði. En nú kemur það greinilega á daginn, að hann fylgir ekki þessari kenningu sinni, því að ef hann hefði trú á henni, þá væri hann fyrir löngu búinn að fella krónuna.

Þá vildi hæstv. ráðherra neita því, að skattabyrðin hafi aukist á þjóðinni á síðustu árum. Jeg veit að vísu, að hann gerði í fyrra tilraun til að lækka suma skatta, en sú lækkun var hvergi nærri nóg, eftir því sem ástæður voru til. Það var eðlilegt um leið og krónan hækkaði, að reynt væri að lækka skattana. En nú er það svo, að skattarnir eru að mestu leyti hinir sömu og meðan krónan stóð í 50, en nú er hún rúmlega 80, og hafa því hækkað að sama skapi. En það er alviðurkent með öðrum þjóðum, og heimtað harðlega að framfylgt sje, að skattar lækki þegar krónan hækkar.

Þá vildi hæstv. fjrh. ekki svara svo skýrt, að eigi yrði um vilst, þeirri fyrirspurn frá háttv. þm. Str., hvort hann ætlaði að hætta við þá stefnu sína að hækka krónuna. Jeg býst nú ekki við, að hann fáist til þess að lýsa yfir því, að hann sje algerlega horfinn frá þeirri stefnu sinni. Það væri til of mikils mælst. En nú vil jeg spyrja hann að því, hvort hann vill ekki lofa því að vinna ekki að hækkun krónunnar fyr en landið hefir borgað skuldir þær, sem það hefir stofnað til síðan krónan hækkaði. Jeg legg áherslu á þetta, því að jeg er hræddur við hækkun krónunnar meðan skuldir landsins eru of miklar. Jeg vil láta grynna á þeim fyrst.

Hv. 1. þm. Rang. (KlJ) lýsti yfir því, að lán þetta væri bráðabirgðaráðstöfun. Jeg skal játa, að það skiftir öðru máli, ef svo er, en spurningin er, hvort við fáum við það ráðið, að svo verði. Þessi háttv. þm. leit bjart á framtíðina. Jeg er yfirleitt bjartsýnn, en jeg sje ekki enn rofa fyrir. Jeg býst því miður ekki við því, að þessi kreppa sje liðin hjá; jeg er hræddur um, að við eigum eftir að sjá hann svartari. Við verðum að muna eftir því, að altaf geta komið fyrir óhöpp, t. d. höfðum við ekki reiknað með kolaverkfalli, en hygginn maður reiknar altaf með óhöppum. En jeg

vjefengi, að betri tímar sjeu nú framundan, og skal jeg reyna að finna orðum mínum nokkurn stað. Það er vitanlegt, að tekjur ríkissjóðs hafa til þessa verið að þverra, og það svo mjög á seinni hluta ársins 1926, að engan gat órað fyrir því. Hæstv. atvrh. (MG) lýsti yfir því á þingmálafundi í Tryggvaskála í haust, að stjórnin byggist við því, að tekjuafgangur yrði 2 miljónir króna. En hann er enginn. Venjulega eru meiri tekjur seinni part ársins en fyrri partinn. En þær brugðust gersamlega síðara missirið. En það er mjög bjart álitið, að byggja tillögur um fjármál á því, að bráðlega rofi til.

Að síðustu vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JÞ), hvort hann getur sagt um það, hvort lánið muni verða framlengt með sömu kjörum. Það gæti verið, að hjer væri um gildru að ræða. Jeg vil því spyrja hann, hvort vissa sje fyrir því, að lánið verði framlengt með sömu kjörum, ef við ekki getum hreinsað okkur af skuldinni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf ekki að segja margt til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt. Jeg gat þess þá, að jeg mundi ekki taka endanlega afstöðu til þessa máls við þessa umræðu, jeg væri ekki fullkomlega undir það búinn. Jeg skal aðeins taka það fram, að jeg tel mjög hæpið, að við getum staðið í skilum með lán þetta um næstu áramót, eftir því útliti að dæma, sem nú er. Árið sem leið var útkoma atvinnuveganna svo slæm, að hagur okkar er 15 miljónum króna verri en í fyrra. Þessu höfum við tapað á búskapnum. Jeg sje ekki, að betra blasi við framundan. Það lítur ennþá svartara út fyrir landbúnaðinum. Mikill hluti aðalframleiðsluvöru bændanna er óseljanlegur og mjer skilst, að horfurnar sjeu alt annað en glæsilegar hvað sjávarútveginn snertir. Hinsvegar eru engar horfur á því, að kostnaðurinn við framleiðsluna lækki að mun. Það standa stórkostlegar verklegar framkvæmdir fyrir dyrum. Ef verkstjórarnir „misreikna" sig eins og í fyrra, þá verða þeir skæðir keppinautar framleiðslunnar. Jeg verð að telja það víst, þegar jeg hugsa um ástandið, sem blasir nú við okkur, að þegar búið er að taka þetta lán, komi það sem nýtt fjármagn inn í atvinnuvegina og sitji þar fast. Og þá er opnuð leið fyrir þeim fyrirspurnum, sem jeg beindi til hæstv. forsrh. (JÞ), en hann vjek hjá að svara. En geti hæstv. ráðh. bent mjer á vissu fyrir því, að aðstaða okkar sje sú, að við getum borgað lánið upp um næstu áramót, fell jeg að sjálfsögðu frá þeim atriðum í ræðu minni, sem það snerta.

Jeg er búinn að sýna, hvernig þetta mál horfir við mjer. En það er annað atriði einstaks eðlis, sem jeg þarf að fara út í. Jeg hefi vikið að því, að jeg tæki til athugunar, hvernig peningunum væri skift milli atvinnuvega okkar og hvaða áhrif ný lántaka mundi hafa í þá átt. Jeg gat þess, að þetta viki að stjórninni aðallega, en væri ekki þingmönnum óviðkomandi. Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að jeg sem endurskoðandi Landsbankans hefði átt að snúa mjer til stjórnarinnar um þetta. Það hefi jeg ekki gert, heldur hefi jeg snúið mjer til þingsins. Þegar

jeg tókst á hendur að verða endurskoðandi Landsbankans, var það með það fyrir augum að athuga, hvernig peningunum væri skift á milli atvinnuveganna. Fyrsta árið varði jeg til þess mikilli vinnu, og síðan hefi jeg á hverju þingi borið fram hluti bygða á þeim rannsóknum. Fyrsta árið bar jeg fram frv. um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann. Annað árið bar hæstv. ráðh. (JÞ) fram frv. um ræktunarsjóð Íslands, og þá ber jeg fram annað frv. um ræktunarsjóð hinn nýja. Á þriðja þinginu mínu ber jeg svo ásamt hv. 1. þm. N.-M. (HStef) fram brtt. við landsbankafrv., um það, að af verðbrjefaeign bankans skuli ákveðinn hluti vera í jarðræktarbrjefum. Og jeg skal lofa honum því, hæstv. ráðh., að hann skal enn fá að greiða atkvæði um tillögu frá mjer í þessa átt.

Mjer þykja góð þau orð, sem hæstv. ráðh. hefir látið falla um sinn hug í þessu máli, en jeg verð að segja, að þau góðu orð eru ekki í samræmi við verk hæstv. ráðh. Hann var á móti frv. mínu um búnaðarlánadeildina. Á öðru þinginu mínu feldi hann það úr sínu frv. um ræktunarsjóðinn, að Landsbankinn ætti að leggja ákveðna fúlgu til landbúnaðarins, og í fyrra barðist hann gegn því með oddi og egg, að sparisjóðsfje Landsbankans ætti að hverfa til ræktunar. Jeg vona, að hans góðu orð eigi eftir að koma fram í öðrum og betri verkum en áður.

Hv. frsm. fjhn. (KlJ) gat þess, og það kom fram hjá hæstv. ráðh. (JÞ) líka, að það væri misskilningur, að þessi lántaka stæði í sambandi við gengi peninganna. Jeg vil geta þess, að jeg tók fram í minni ræðu, og hæstv. ráðh. viðurkendi, að það væri rjett, að það fje, sem bankarnir eiga í útlöndum, mundi nálega vera á þrotum. Sú „kredit", sem bankarnir eiga utanlands og nota nú til þess að annast yfirfærslu peninga, er að smáþrjóta. Ef þetta lán er ekki tekið, er spurningin bara um, hvað margar vikur sjeu þangað til bankarnir hætta að yfirfæra peninga. Hvað tekur þá við? — Það er ekki gengisnefnd, sem ræður gengi peninganna, ef svo er komið, heldur framboð og eftirspurn. Ef lánið er ekki tekið, má búast við, að krónan falli. Jeg get bent á það, að á síðasta fundi gengisnefndarinnar var gert yfirlit um það, hvað mikið hefði verið notað af erlendum gjaldeyri mánuðina mars, apríl, maí og júní í fyrra. Það voru áætlaðar 17 miljónir. Hinsvegar eru ekki til nema 5—6 miljónir í óseldum afurðum. Þó má að vísu búast við, að eitthvað falli til af nýrri framleiðslu á þessum mánuðum, en það er ekki mikið. Jeg býst nú við, að öllum sje ljóst, að með því lánstrausti, sem bankarnir eiga nú við að búa, er ekki hægt að halda áfram gjaldeyrisverslun. Til þess þarf annaðhvort þessa lántöku eða önnur skilyrði til þess að halda gengi peninganna föstu.

Hv. frsm. fjhn. og hæstv. forsrh. ljetu báðir orð falla um, að það væri misskilningur, að hjer væri stórmál á ferðinni. Jeg verð nú samt að halda fast við mína skoðun. Jeg lít jafnan á það sem stórmál, þegar á að gefa banka heimild til að binda lánstraust landsins í svo stórum stíl. Við megum ekki gleyma því, hvað við erum fáir. Við erum 30 sinnum færri en Danir. Ef um þá upphæð er að ræða, sem hv.

4. þm. Reykv. (HjV) hefir heyrt úti í bæ, svarar hún til 270 miljóna í Danmörku, og það býst jeg við, að þætti mikið þar. Þetta eitt ætti að vera nægilegt til þess að kalla þetta stórmál. En jeg er sannfærður um, að þetta lán verður fast, áframhaldandi lán. Það verður að veita því inn í atvinnureksturinn, og jeg er sannfærður um, að það mun setja sinn stimpil á okkar þjóðlíf, ekki einungis á næstu árum, heldur á næsta mannsaldri. Út frá þessari hlið málsins mun jeg taka afstöðu til 3. umr., bæði um það, sem hæstv. ráðh. hefir svarað, og hitt, sem hann hefir ekki svarað.

Þá á jeg aðeins eftir að gera eina persónulega játningu. Jeg ætla að „citera" í gamlan hlut, þó að jeg í þetta sinn þurfi ekki að fara alla leið aftur í Sturlungu, heldur aðeins til ársins 1922, og jeg ætla að „citera" orð hæstv. núverandi forsrh. Hann var þá stjórnarandstæðingur. Í B-deild Alþt., bls. 117, segir hæstv. ráðherra: „Á slík stjórn sem þessi og ekki skilið, að hénni sjeu afhent tekjuhallalaus fjárlög". Jeg lít svo á, að einhver æðsta skylda hvers þings sje sú, að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. Hæstv. ráðh. áleit, að sjer bæri að hugsa svo, að stjórnin ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög. Mjer dettur ekki í hug að fara eins langt í grimdinni og hæstv. ráðherra. En jeg vil segja, að jeg dæmi núverandi stjórn svo þungt fyrir fjármálastarfsemi hennar, — fyrir það að snúa því góða ári 1924 í illæri —, að jeg mun skoða huga minn um, hvort jeg á að fá slíkri stjórn meiri peninga í hendur, hvort jeg á að gefa heimild til þess, að hún fái í hendur fleiri miljónir, í viðbót við þær miljónir, sem hún hefir látið sökkva.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) sagði, að hann hefði ekki viljað sem þingmaður taka við þeim upplýsingum, sem þingmönnum stóðu til boða, en hann hefði frjett úti í bæ um eitthvað þessu viðvíkjandi og beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort sú frjett væri rjett. Jeg vona, að þó að hv. þm. (HjV) sje ungur og óþingvanur, skilji hann það, að þegar jeg hefi svarað þingmönnum eins og jeg gerði, fer jeg ekki að svara frjettum, sem borist hafa af götunni. Meira hefi jeg ekki að segja hv. 4. þm. Reykv. Aðeins vil jeg óska, að hann þroskist að aldri og þingvisku, því að jeg veit, að til þess hefir hann fulla greind.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) fór út í gengismálið, og einkum var honum ant um að fá yfirlýsingu frá stjórninni um það, hvort hún hjeldi fast við fyrri stefnu sína í því máli. Jeg verð að segja, að það hefði farið betur á því, ef hv. þm. hefði orðað þetta öðruvísi og spurt, hvort stjórnin ætlaði sjer að halda fast við fyrri stefnu hv. þm. sjálfs. Sú stefna hefir verið skýrt yfirlýst af honum hjer, sem sje að stöðva lækkun krónunnar og hækka hana, ef mögulegt er. Jeg ætla ekki að fara að gefa neinar yfirlýsingar hjer. Jeg hefi skrifað um þetta mál í blöðin, og þar má sjá, að mín stefna er fyllilega í samræmi við þessa yfirlýstu stefnu hv. þm. (HStef).

Hv. þm. (HStef) vildi afsala sjer allri ábyrgð á lántökunni, og það er alveg rjett af honum. Það hefir blandast óþarflega mikið inn í umr. um-

hugsunin um það, hvort það væri skynsamlegt af stjórn Landsbankans að taka þetta lán, af því að jeg held, að hvorki þingmenn nje stjórnin hafi tök eða kunnugleika til þess að gera sig að yfirdómara landsbankastjórnarinnar um þetta. Það er heldur ekki það, sem um ræðir í frv., hvort bankastjórnin eigi að taka slíkt lán, heldur hitt, hvort þingið vill veita bankanum ábyrgð ríkissjóðs. Þetta er það, sem um er spurt í frv., og er rjett að gera sjer ljóst, að þetta eitt kemur til atkvæða, eftir því sem enn er fram komið.

Þá sagði háttv. 1. þm. N.-M., að hækkunin væri það, að liggja á velgengni atvinnuveganna. Því skaut upp hjá honum, að alt væri gengishækkuninni að kenna og fyrir því þyrfti engin rök að færa. Jeg vil minna hv. þm. á það, að áður hafa komið ljeleg ár og skuldir safnast í erlendum bönkum, og það meira en nú er. Við þurfum ekki að fara lengra en til ársins 1920. Af hverju stafaði þá þetta sama fyrirbrigði? Var það af gengishækkun árin 1919 og 1920? Það er ekki hægt að kenna því um, því að þá stóð einmitt svo á, að í 1 ár og 10 mánuði samfleytt áður en kreppan byrjaði hafði íslenska krónan altaf verið að falla. Hún fjell úr gullgildi 1. janúar 1919 niður í 50% í nóvember 1920. Úr því að þá fór samt á sömu leið og 1926, er þá ekki dálítið varhugavert að slá því fram, að nú undanfarið hafi gengishækkunin ein verið orsök kreppunnar? Jeg held, að allir hugsandi menn hljóti að viðurkenna, að það liggur nær að hugsa, hvort ekki sjeu sömu ástæður til kreppunnar nú og 1920—1921, enda vita allir, sem það mál vilja kynna sjer, að allar þær ástæður eru fyrir hendi nú. Útflutningsvörur okkar hafa fallið í verði á móts við verðlag alment í heiminum. Jeg get því látið mjer í ljettu rúmi liggja alt hjal hv. þm. (HStef) um fjármálastjórn mína í þessu sambandi. Stjórnin hefir ekki getað ráðið verðlagi á fiski í Miðjarðarhafslöndunum, ekki fremur 1926 en 1920—1921. Því er ver, að stjórn landsins hefir ekki tök á þessu. Enginn hv. þm. gengur þess dulinn, að ef stjórnin gæti ráðið, mundu slík verðföll ekki koma fyrir.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) þarf jeg ekki að svara. Hann var alment tekið að lýsa sinni skoðun á ástandinu og hag bankanna, einkum Íslandsbanka. Jeg vil þó taka undir þau orð hans, að til eru menn, sem álíta fjárhagsástand bankanna verra en það er. Það er óheppilegt, að slíkar skoðanir skuli vera uppi, en það er erfitt við því að gera. Háttv. þm. (MT) sagði, að Landsbankinn ætti óráðstafað fje erlendis. Hann á það ekki, en hann á ónotað lánstraust, og meðal þess er sú tiltrú, sem þessi ameríski banki vill sýna honum.

Háttv. 1. þm. Árn. kunni ekki við, að í brtt. væri nefndur ákveðinn banki. Þetta getur verið álitamál. En sumir hv. þm. óska þess, að ábyrgðarheimildin sje takmörkuð við það lán, sem Landsbankinn ætlar að taka nú, og einmitt til að verða við óskum þessara manna, hefi jeg borið brtt. þessar fram, til þess að einskorða þetta. Þá hafði hann það ekki rjett eftir mjer, að jeg hefði sagt, að mjer væri það sjerstakt gleðiefni að leggja frv. þetta fyrir þingið. Slíkt hefi jeg

aldrei sagt. Jeg mótmælti því bara hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að það hefðu verið neitt sjerstaklega þungbær spor; jeg taldi jafnsjálfsagt að gera það, þegar þess var beiðst, eins og hvert annað verk, sem stjórnin þarf að gera. Þá má náttúrlega segja, að framkoma frv. sje afleiðing af vondri afkomu atvinnuveganna, og að því leyti sje ekkert gleðiefni að flytja það.

Þá spurði hann mig, hvort jeg vildi vera með að hækka krónuna ekki meira. Að sjálfsögðu mun jeg ekki gefa nein ákveðin loforð í því efni fyrir framtíðina, en hinsvegar vil jeg taka það fram, að jeg sem þingmaður og að einhverju leyti sem ráðherra átti minn þátt í þeim lagaboðum, sem sett voru 1924 og miðuðu að hækkun hennar, en þær stjórnarráðstafanir, sem gerðar hafa verið milli þinga, hafa allar hnigið í þá átt að hafa hemil á hækkuninni. Það er því ekki rjett, að stjórnin hafi gert beinlínis ráðstafanir til hækkunar.

Þá spurði hann og ennfremur, hvort lánið mundi fást framlengt með sömu kjörum. Um það er ekki hægt að segja. Bankalöggjöf Bandaríkja bannar að veita slík lán lengur en til eins árs í senn. Verður því Landsbankinn að fara eftir því, sem lánstraust okkar leyfir, og nota gætilega lánsheimildina. Jeg fyrir mitt leyti treysti bankastjórninni vel til þess.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) spurði, hvort ekki væri nægilegt að fá heimild til að ábyrgjast lánið um eitt ár eða svo. Hann hefir því skilið orð mín þannig, að lánið ætti að borgast eftir eitt ár. Um þetta er ekki hægt að segja, því ekki er hægt að vita nú, hvort Landsbankinn getur orðið skuldlaus við þennan banka frekar en aðra í árslok. Annars skýrði jeg í fyrri ræðu minni, hvað væri átt við með lausum lánum; það væru þau lán, sem ekki ættu að standa lengur en brýnasta nauðsyn krefði, aðeins þangað til búið væri að draga inn það fje, sem ætti að borga þau með.

Eins og jeg hefi bent á áður, má ganga að því vísu, að einhverntíma komi betra árferði en 1926, t. d. eins og 1924. Þá borga bankarnir öll lán sín upp, og í stað þess að skulda, eiga þeir inni við erlenda banka.

Þá bjóst hann ekki við, að hægt yrði að borga lánið upp eftir 10 mánuði, sem mjög er sennilegt. Það er því ekki rjett að fá ábyrgðarheimildina aðeins til 10 mánaða, heldur líka til að framlengja lánið, ef það verður ekki borgað upp.

Út af því, að viðskiftum Íslandsbanka og Landsbankans hefir verið blandað inn í umræðurnar, vil jeg taka það fram, að eins og öllum er kunnugt, hefir Íslandsbanki látið seðlaútgáfuna af hendi, og hún því flust til Landsbankans. Hefir það aftur haft í för með sjer, að Landsbankinn hefir færst meira í horf seðlabanka og þar af leiðandi orðið að taka upp þau viðskifti við Íslandsbanka, sem alment er um seðlabanka gagnvart öðrum bönkum, að fá þeim í hendur starfsfje gegn vel trygðum víxlum og öðrum tryggingum. Viðskifti þessara tveggja banka okkar eru því fyllilega eðlileg, þegar það er athugað, að Íslandsbanki er ekki lengur seðlabanki.

Þá afsakaði hv. þm. Str. það, að hann hefði ekki borið fram fyrir stjórnina kvartanir um skiftingu láns-

fjárins milli atvinnuveganna, heldur hefði hann komið með þær til löggjafarvaldsins. Jeg býst við, að hann hafi því aðeins farið með þær til þingsins, að hann hafi ekkert haft við skiftingu bankastjóranna að athuga, sjeð, að því varð ekki kipt í lag nema með breyttri löggjöf.

Að því er snertir ummæli hans um verk mín viðvíkjandi lánum til landbúnaðarins, þá vil jeg taka það fram, að það er ekki nóg að koma með tillögur um bætt lánskjör fyrir hann. Þær till. þurfa að minsta kosti að vera svo úr garði gerðar, að þær reki sig ekki á almenna löggjöf og bankastarfsemi. En eins og kunnugt er, hafa sumar till. háttv. þm. Str. (Trþ) haft þann ágalla. Þá vildi hann og halda því fram, að þessi lántaka væri óhjákvæmileg til þess að halda uppi núverandi gengi á íslenskri krónu. Þó svo væri, tel jeg það engin mótmæli á móti frv., því það ætti öllum að vera ljóst, að eitt hið versta, sem fyrir okkur gæti komið nú, væri það, ef krónan færi að lækka.

Annars er meira, sem þarf að gera en að halda uppi gengi peninganna. Það þarf líka að sjá um, að heilbrigð fyrirtæki í landinu velti ekki um koll; þau þurfa að fá það fje, sem þeim er nauðsynlegt til þess að komast yfir krepputímann.

Þá vissi jeg ekki, hvernig átti að skilja þau ummæli þessa hv. þm., að þeir þm., sem væru með því að veita þessa ábyrgðarheimild, vildu ekki stöðva fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna. Jeg satt að segja skil ekki sambandið í þessu. En það vil jeg taka fram, að það er ekki hin rjetta leið til þess að stöðva þennan straum að leggja sjávarútveginn á höggstokkinn með því að neita honum um fje, sem hann nauðsynlega þarf til rekstrar og erlendir menn vilja lána honum.

Svo lauk hann ræðu sinni með nokkrum velvöldum orðum sem stjórnarandstæðingur, og gerði það með því að slíta út úr sambandi orð, sem jeg hafði sagt 1922. Jafnframt endurtók hann það, sem svo oft hefir heyrst frá honum áður, að þessi stjórn hafi snúið góðærinu í illæri. Þetta var oft sagt um konunga áður, þegar þeim var kent um harðærin. Þannig var einn t. d. kallaður Ólafur hungur. En nú eru það ráðherrarnir, sem eiga að eiga sök á harðærunum.

Jeg hefi oft gert grein fyrir því áður og veit, að hv. þm. Str. skilur það, að afkoma atvinnuveganna mótast af verði afurðanna, sem stjórnin því miður ræður ekki yfir.

Jeg veit ekki, hvort hann ætlar að kenna gengishækkuninni í fyrra um það mikla verðfall, sem varð á íslensku saltkjöti síðastliðið haust í Noregi. (**Trþ**: Já, um 20% af því eða meira). Það held jeg þó, að sje vafasamt. En hafi hann ekki betri vopn á stjórnina en þau, að kenna henni um verðfall þetta á íslensku saltkjöti, sem byrjaði í október í haust og hefir haldið áfram síðan, þá get jeg fyrir stjórnarinnar hönd verið ánægður með þann átakanlega skort hjá háttv. þm. á rjettmætum aðfinslum á hendur stjórninni. Því meiri röksemdaþrot er tæplega hægt að komast í.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil láta þess getið, að mjer finst það ekki sitja á hæstv. forsrh. (Jþ) að vera að

kenna mjer þingsiði, því að hann er víst ekki nema sex ára gamall á þingi, og reynslan af hegðun hans þar, að minsta kosti á fyrsta þingi hans, ekki sem glæsilegust, svo að þar er ekki af miklu að láta. Í þessu atriði finst mjer, að jeg ætti frekar að kenna hæstv. forsrh., hvernig ráðherrum beri að hegða sjer á þingi. Jeg álít það skyldu þeirra að koma fram með málin opinberlega, en ekki að segja við þingmenn: Komið til mín; þá skuluð þið fá að vita alt um þetta mál, og svo tölum við um þetta án þess að aðrir viti nokkuð um það. Þetta er það, sem hæstv. ráðh. (JÞ) gerir nú, en það er rjettur minn og skylda sem þingmanns að fá upplýst opinberlega, hver kjör sjeu á þessu láni, og það er skylda hæstv. ráðh. (JÞ) gagnvart þjóðinni að svara opinberlega þeim spurningum, sem til hans er beint. Að hæstv. ráðh. (JÞ) ekki gerir þetta, það er vottur þess, hvert álit hann hefir á skyldum ráðherra yfirleitt og hversu litla ábyrgð hann telur sig hafa gagnvart þjóðinni.

Jeg hefi ekki viljað fara til hæstv. forsrh. til þess að láta binda mig þagnarheiti, þegar um opinber mál er að ræða, og mjer þykir það, satt að segja, mjög leitt, að sumir af þeim hv. þm., sem hjer sitja, virðast telja það rjetta aðferð, sem hjer hefir farið fram. Það gleður mig samt, að á svari hæstv. forsrh. til mín var hægt að merkja, að það, sem jeg sagði um lánskjörin, var rjett. Það stendur því óhaggað, enda veit jeg, að þær upplýsingar, sem jeg hefi fengið um það mál, voru rjettar. En viðvíkjandi hinu atriðinu, hvernig fjenu ætti að verja, þá hlýtur það að koma í ljós, og er þegar farið að koma í ljós, að þótt lánið sje tekið í nafni Landsbankans, þá er það þó aðallega tekið vegna Íslandsbanka. Það ætti að vera auðvelt fyrir hvern meðalgreindan mann, sem lán tekur, að skýra frá því, hvernig fjenu eigi að verja. Jeg þykist vita, að ef hæstv. forsrh. tæki fje að láni handa sjálfum sjer, þá mundi hann geta sagt, til hvers hann ætlaði að nota fjeð. Það er heldur enginn vafi á því, að vilji Landsbankinn á annað borð taka lán, þá veit hann líka, til hvers hann þarf að nota peningana. Annars vildi bankinn auðvitað ekkert lán taka. En nú er það sannanlegt, að Landsbankanum liggur ekki á fje nú, heldur Íslandsbanka, og hjer er einungis verið að dylja sporin á þeirri krókaleið, sem þinginu er ætlað að fara til að sökkva í hann nýju fjármagni.

Það er að vísu sjálfsagt, að um leið og seðlaútgáfan fer yfir á ríkissjóð og Landsbankann, þá verður nauðsynlegt fyrir Íslandsbanka að útvega sjer nýtt starfsfje. En það fje þarf ekki að koma frá því opinbera. Svo stór banki sem Íslandsbanki er á pappírnum ætti að geta orðið sjer úti um annað fje en frá því opinbera, og með því opinbera tel jeg Landsbankann, þar sem hann er ríkissjóðs eign. En nú er svo farið, að mestalt starfsfje Íslandsbanka er lán frá Landsbankanum og breska lánið frá ríkissjóði. Þegar kemur að því að auka enn þessi opinberu lán til Landsbankans, eins og nú er fyrirhugað, þá verður að athuga, hvaða tryggingar eru fyrir hendi af hálfu Íslands-

banka. En sje það satt, sem haft er eftir nákunnugum mönnum, að bankinn vegi salt milli lífs og dauða, hlutafjeð sje að minsta kosti mestmegnis tapað, verður naumast sagt, að tryggingarnar geti verið góðar og að verjandi sje að sökkva í þann banka meiru af opinberu fje. En það er skiljanlegt, hvers vegna hæstv. forsrh. vill koma málinu fram. Hann er formaður í bankaráði Íslandsbanka og því ekki óeðlilegt, frá hans sjónarmiði, að taka sjerstakt tillit til hagsmuna þess banka. En áhrifa hæstv. forsrh. vita allir, að gætir mjög mikið í Landsbankanum, þar sem hann er fjármálaráðherra.

Jeg mun nú haga atkvæðagreiðslu minni eftir þeim svörum, sem jeg fæ frá hæstv. forsrh. Ef ekki fást opinberlega hjer á þingi upplýsingar um það, hve mikið af láninu eigi að fara til Íslandsbanka, og nánar verði skýrt opinberlega alt viðvíkjandi lántökunni, þá mun jeg greiða atkvæði á móti láninu.

Halldór Stefánsson: Það, sem jeg hefi að segja um þetta deiluatriði, sem hjer er um að ræða, er þannig vaxið, að jeg get eins vel sagt það við 3. umr., til þess að lengja ekki umr. í þetta sinn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vildi aðeins, út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um Íslandsbanka, taka það fram, að eftir þeim upplýsingum, sem stjórnin hefir um hag bankans, þá eru það algerlega órjettmæt ummæli um hann, að hann vegi salt milli lífs og dauða, eins og hv. þm. (HjV) segir.

ATKVGR.

Brtt. 114,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 114,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 130, 139).

Tryggvi Þórhallsson: Þetta mál kemur nú fyrst til umr. afbrigðalaust, og er þá komið til 3. umr., og eru þó, eftir því sem hjer er bókað í málaskránni, ekki nema sex sólarhringar síðan það var lagt fram, og mál, sem hjer hafa verið lögð fram á undan, hafa ekki komið einu sinni til 1. umræðu. Málið var tekið með afbrigðum til 1. umr., við 2. umr. voru veitt afbrigði og útbýtt till., sem gerbreytti frv., svo að ekki stóð eftir af því nema örfá orð síðast í gr., og í gær átti málið að koma til umræðu, en þá var ekki búið að prenta frv., en hitt er skylt að þakka, að tekin var til greina brtt. og leyft, að hún kæmi til umr. og atkv.

Jeg verð að segja enn á ný, að jeg kann illa við það um svona stórt mál, að það sje sótt í slíku offorsi eins og hjer hefir átt sjer stað.

Vil jeg leyfa mjer, í framhaldi af því, sem hjer fór fram við 2. umr., að víkja að því, hverja afstöðu jeg tek til frv. eins og það liggur fyrir nú á þskj. 130, eftir þeim upplýsingum og svörum, sem hæstv. forsrh. (JÞ) hefir gefið.

Jeg beindi fyrst þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvort hjer væri um fast eða laust lán að ræða. Því var svarað svo, að hjer væri um laust lán að ræða, þótt hæstv. ráðh. vildi ekki fortaka, og teldi jafnvel líklegt, að það yrði framlengt. Þrátt fyrir það, þótt hæstv. ráðh. segði þetta, lýsti hann yfir því, að það væri ekki nægilegt, að þessi heimild væri bundin við það tímabil, og liggur í þeim orðum það, að ekki sje víst, að lánið yrði borgað innan 12 mánaða. Í annan stað gerði hæstv. ráðh. ekkert til þess að sýna fram á, eða yfirleitt til að gera það sennilegt, að það væri hægt að borga lánið upp á þessum tíma, og hafði ekki mikið við það að athuga, sem jeg sagði um samanburð á afstöðu atvinnuveganna og bankanna við það sem var í fyrra, og hneigði yfirleitt ekki að því áliti, sem jeg hafði á ástandinu. Með öðrum orðum, hæstv. ráðh. kom ekki með nein rök eða reyndi að mótmæla því, sem jeg sagði, að það væri mjög óvíst og ólíklegt, að lánið yrði borgað upp innan 12 mánaða. Sjerstaklega er það eitt, sem gerir það mjög ólíklegt, þar sem hæstv. ráðh. hefir getið þess, að nokkuð af fjenu — hve mikið, veit jeg ekki — ætti að nota til þess að borga með gamla, áfallna skuld. En ekki hefir verið sagt neitt um það, fyrir hvern ætti að borga þessa gömlu skuld, og mjer er ekki kunnugt um, að það sje Landsbankinn, sem þurfi að nota þetta lán til þess að borga með gamlar, áfallnar skuldir. Út frá þessu öllu verð jeg ekki eingöngu að telja það líklegt, heldur víst, að ef til slíkrar lántöku er stofnað á þessum grundvelli, þá verður þetta lán í raun og veru ekki laust lán, til að veita í bili atvinnuvegum landsins, heldur að einhverju meira eða minna leyti fast lán, sem kemur inn í okkar atvinnulíf sem nýtt fjármagn, og þá opnast það svið, sem jeg kom að í minni ræðu. Út frá þessu dró jeg gengismálið inn í umr.

Jeg spurði hæstv. ráðh., hvort hann vildi lýsa yfir, að þetta lán yrði ekki notað til þess að hækka krónuna, og yfirleitt að ekki yrði að hækkuninni stefnt, og færði rök fyrir þeim fyrirspurnum.

Á því sviði hefir hæstv. ráðh. ekki heldur viljað stíga hálft skref til samkomulags. Þvert á móti. Hæstv. ráðh. sagði, að nú bæri fyrst að halda genginu föstu, og því næst, þegar atvinnuvegirnir gætu risið undir því, þá að hækka. Sá, sem svo á að leggja mat á það, hve mikið atvinnuvegirnir þoli, það er vitanlega hæstv. ráðh. sjálfur, og við vitum það, og allur landslýður veit það, hvaða mat hæstv. ráðh. lagði á það árið 1925, þegar hann bar ábyrgð á því að hækka krónuna svo mjög. Jeg álít það óverjandi að eiga þetta aftur undir mati hæstv. ráðh. — Svar hæstv. ráðh. er beinlínis þveröfugt við það, sem jeg hefði óskað. Þetta nýja lán vill hann nota sem tröppu, til þess að geta komið í framkvæmd nýrri, ranglátri og skaðvænlegri hækkun peninganna. Það vottar

ekki fyrir, að hæstv. ráðh. hafi lært neitt af þeim alvarlegu tíðindum, sem orðin eru í þessu máli. Og ekki verður heldur sjeð, að hann verði var við, hvílíkt ranglæti hann hefir framið og vill halda áfram að fremja.

Þannig voru þá undirtektir hæstv. ráðh. á þessum tveimur sviðum málsins, sem jeg hefi vikið að, og ekki fjellu mjer þær betur í geð á hinum öðrum sviðum, sem jeg vjek að. Hæstv. ráðh. vill alveg leiða hjá sjer að tala um, til hvers á að verja þessu mikla láni; það er eins og hann telji, að þinginu megi vera óviðkomandi, hvort lánstraust landsins er nú bundið í svo stórum stíl til þess að halda uppi hinum óhollustu fyrirtækjum í þjóðfjelaginu. Hið eina, sem hæstv. ráðh. upplýsir í málinu, er, að nokkuð af láninu eigi að nota til þess að borga gamla skuld. Það er með öðrum orðum endurtekning gömlu sögunnar, þegar samverkamaður núverandi forsrh. tók enska lánið og notaði að mestu til að borga gamlar skuldir. Jeg álít þá lántöku einhver sorglegustu mistök í fjármálasögu síðari ára og vil ekki stuðla að því með mínu atkvæði, að slíkt komi fyrir aftur. Jeg vantreysti ekki stjórn Landsbankans; hún hefir ekki þá synd að bera, hvernig enska láninu var ráðstafað. En jeg verð að vantreysta hæstv. landsstjórn í þessu sambandi, vegna þess, hvernig hæstv. forsrh. (JÞ) vjek að þessu atriði við 2. umr. þessa máls, og í öðru lagi af því, að hann er formaður í bankaráði Íslandsbanka og verður því að bera mjög mikla ábyrgð á rekstri þess banka, og jeg álít, að sá banki hafi notað enska lánið á þann hátt, sem ekki var forsvaranlegt. Jeg vil ekkert eiga á hættu um það, hvernig hæstv. ráðh. sem forsætisráðherra, sem formaður bankaráðs Íslandsbanka, sem fulltrúi fyrir spekúlantana í landinu kann að beita sjer gagnvart stjórn Landsbankans.

Loks var það síðasta atriðið, sem jeg beindi til hæstv. ráðh., sem jeg verð að víkja svolítið að. Eins og málið liggur fyrir á þskj. 130, ef þetta fjármagn verður fest í hinum ísl. atvinnuvegum, og þá fyrst og fremst í atvinnurekstri í kauptúnum og kaupstöðum, þá álít jeg það enn nýtt spor í áttina til að auka þá óheppilegu þróun, að efla kauptúnin á kostnað sveitanna. Að svo miklu leyti, sem hæstv. ráðh. gæti beitt áhrifum sínum í þessu efni, ber jeg fylsta vantraust til hans. Fái hann að miklu leyti vald til að beina þessu fjármagni inn á ákveðnar brautir, er jeg viss um, að afleiðingarnar verða alvarlegar, ekki einungis fyrir okkur, sem nú lifum, heldur og fyrir komandi kynslóðir. Og hversu langt er þess að bíða, að alt lánstraust landsins sje bundið í hinum stopulasta atvinnurekstri og að ekki verði hægt að fá fjármagn til viðreisnar landbúnaðinum. — Ofvöxtur bæjanna og þetta öfugstreymi í þjóðlífinu — sem hæstvirt landsstjórn og flokkur sá, sem að henni stendur, ber ábyrgð á — veldur því, að þessarar óheillalántöku er þörf.

Með skírskotun til þess, að þeim fyrirspurnum og bendingum, sem jeg hefi borið fram, hefir verið svarað þannig, að tilgangi þeim, sem í þessu frv. liggur, verður ekki beint inn á heppilega braut, þá verð jeg að lýsa

yfir því, að jeg mun greiða atkvæði á móti þessu frv. eins og það liggur hjer fyrir á þskj. 130, ef það þá kemur til atkvæða eins og það liggur þar fyrir. Hinsvegar hefi jeg notað þann frest, sem gefist hefir, til þess að bera fram brtt. á þskj. 139, sem skýrir sig sjálfa hvað innihaldið snertir; tilgangur hennar er sem sje sá, að þá beinist ábyrgðin að mestu leyti yfir á hendur Landsbankastjórnar. Frá mínu sjónarmiði tel jeg, að sú tilhögun væri miklu nær lagi, því að þá mætti miklu fremur skoða þetta lán sem laust lán, ef Landsbankinn notaði það eingöngu í sínar þarfir, af því að jeg veit ekki til, að hann þurfi að fá útlent lánsfje til þess að festa það við að borga gamlar skuldir. Sömuleiðis er það, að Landsbankinn á ekki þá sögu að baki sjer, að mínum dómi, að hann hafi misnotað það, þegar enska lánið var tekið, til þess að festa það í atvinnurekstri, sem hafi mistekist mjög. Loks hefi jeg þá persónulegu þekkingu, við það að vera endurskoðari í Landsbankanum, að jeg get gjarnan borið fram þá traustsyfirlýsingu til stjórnar Landsbankans, sem felst í þessari till., að hún muni ekki misnota þetta lán á þann hátt, sem jeg hefi óttast, ef landsstjórnin fengi að hafa þetta mál í sínum höndum. Um Íslandsbanka skal jeg færra segja, enda þekki jeg þar lítt til. Jeg álít, að á sínum tíma hafi stjórn hans misnotað enska lánið. Jeg lít og svo á, sem skyldur ríkisins sjeu ekki hinar sömu gagnvart Íslandsbanka sem gagnvart Landsbankanum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. þm. Str. þykir þetta mál hafa hraðan gang gegnum þingið, en það hefir ekki haft hraðari gang hingað til en það, sem rjett er samkvæmt þingsköpum. Það er full vika síðan frv. var útbýtt í þinginu, og þótt því hafi verið leyft með afbrigðum að komast að 1. umr., þá hefir orðið lengra bil milli umræðna en lög standa til, svo að háttv. þm. Str. hefir haft fult tækifæri til að setja sig inn í málið. Jeg mótmæli því þess vegna algerlega, að þetta mál hafi verið sótt með nokkru offorsi, eða að því hafi verið hraðað mjög. Jeg gerði það hv. þm. Str. til geðs í gær að fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta mál yrði ekki látið ganga fyrir öðrum málum, sem hjer voru á dagskrá. Annars er það svo, að æðimargir verða að sætta sig við það að taka mikilsvarðandi ákvarðanir án þess að hafa heila viku til athugunar og umhugsunar. Þá væri margt óskeð í heiminum, sem gott hefir verið gert, ef þeirri föstu reglu væri fylgt að taka aldrei ákvörðun með styttri undirbúningi en þingsköp okkar telja hæfilegan. Það þarf engum að koma á óvart eftir verkefni Alþingis, þótt það beri við, að Alþingi verði að taka ákvörðun svo fljótt sem kringumstæðurnar heimta, eða á skemri tíma en þingsköpin mæla fyrir. Hv. þm. Str. greindi á við mig um það, hvort hjer væri um fast eða laust lán að ræða. Jeg býst nú ekki við, að jeg geti gefið honum þá fræðslu, sem honum dugir, er jeg sje þann litla árangur, sem fræðsla mín við 2. umræðu hefir borið. Þau föst lán, sem hingað til hafa verið tekin erlendis, eru tekin með öðrum hætti. Þau eru óuppsegjanleg af hendi lánveitanda á meðan skuldunautur stend-

ur í skilum með vexti og afborganir; en um vexti og afborganir er gerður samningur, bæði um upphæð vaxtanna og á hve mörgum árum afborganirnar eiga að greiðast. Enska lánið, sem tekið var 1921, átti þannig að greiðast á 30 árum, en lánið, sem Landsbankinn tók í London 1924, átti að greiðast á 20 árum. Þetta eru föst lán, og það hygg jeg, að flestum muni vera ljóst. En laus eru þau lán kölluð, sem ekki er gerður um slíkur samningur, en gert er ráð fyrir, að skuldunautur borgi þegar lánveitandi krefst, og ef lánveitandi gengur ekki eftir því, þá þegar kringumstæður skuldunauts leyfa. Það er ekki samið um afborganir.

Jeg hefi aldrei sagt, að nota ætti þetta lán til þess að borga gamlar skuldir. Jeg hefi sagt, að það gæti verið, að eitthvað af því yrði notað til þess að greiða áfallnar skuldir og eitthvað af því kæmi í stað notaðra eða ónotaðra reikningslánsheimilda Landsbankans við aðra erlenda banka. Það er t. d. svo, að einn af viðskiftabönkum Landsbankans í Kaupmannahöfn hefir komist í kröggur og undir umsjón ríkisins, og má búast við, að reikningslánsheimild, sem Landsbankinn hefir þar, verði færð niður vegna samdráttar bankans. Hinsvegar er ekki hægt að deila um spár hv. þm. Str. um það, hvenær hægt verði að greiða lánið. Það væri óþarfi, ef jeg færi hjer ofan á málalengingar hans um þetta efni að leiða getur að því, hvenær hægt væri að greiða þetta lán, eða að hve miklu leyti væri hægt að komast hjá að nota það. Jeg vjek lítið eitt að þessu við 2. umr. málsins. Jeg tel víst, að um þetta fari svipað og áður, að eftir að þröngt hefir verið í búi hjá atvinnuvegum landsins um nokkurn tíma, þá rýmkist til aftur. En þegar aftur rætist úr um atvinnuvegina, þá verðum við færir um að borga upp öll okkar rekstrarlán og meira til. Jeg segi ekkert um, hvort þetta verður innan 12 mánaða eða lengri tíma. En það er ekki nægilegt að hafa ábyrgðarheimildina til eins árs, því að ekki er hægt að fullyrða nema þurfi að nota hana lengur.

Þá mintist hv. þm. Str. á gengismálið. En gengismálið er þessari ábyrgðarheimild með öllu óviðkomandi, nema ef menn vilja líta svo á, sem þessi lántaka sje liður í því, að hindra lækkun krónunnar úr núverandi gengi. Þess vegna ætla jeg ekki að fara að spilla þeirri ánægju, sem hv. þm. kunna að eiga von á, þegar stýfingarfrv. þessa hv. þm. kemur til umræðu, með því að fara að tala um gengismálið að þessu sinni.

Þá vil jeg mótmæla því, sem háttv. þm. Str. sagði, að það færi eftir mati ráðherra, hvenær atvinnuvegirnir þoli hækkun krónunnar. Þetta hefir ekki verið svo og verður ekki svo eftirleiðis. Það eru seljendur og kaupendur gjaldeyris, sem meta í viðskiftum sín á milli verð á erlendum gjaldeyri og ákveða þar með gengi hinnar íslensku krónu. Jeg gat þess við 2. umr., að afskifti stjórnarinnar af því máli milli þinga hafi ekki verið önnur en þau, að hafa hemil á því, að krónan hækkaði ekki meira en svo, að atvinnuvegirnir gætu risið undir því. Jeg vil bæta því við, að það er líklegt, að þessu þingi auðnist að afgreiða lög, sem losa stjórnina við afskifti af einni hlið bankamálanna.

Jeg á við lögin um seðlabankann. Ef þau lög verða afgreidd, þá verður þar með sett framkvæmdarstjórn og bankaráð yfir seðlabankann, og sú hlið peningamálanna, er að seðlaútgáfu lýtur, kemur þá undir þau stjórnarvöld bankans. Þá er því síður ástæða til þess, að ráðherra sje matsmaður milli kaupenda og seljenda gjaldeyris.

Hv. þm. kvartaði undan því, að jeg hefði ekki sýnt neinn lit á því að koma á móti sjer í því efni, hvernig fjenu væri ráðstafað. Á þessu sviði er hv. þm. búinn að króa sig svo inni, að honum er engin útkomu von. Hjer er um það að ræða að útvega Landsbankanum aðgang að lánsfje, og það er Landsbankastjórnin ein, sem ráðstafar fjenu. Þessi hv. þm. hefir nú lýst trausti sínu á þessari bankastjórn og kveðst ekkert hafa yfir því að kvarta, hvernig hún hafi skift fjenu á milli atvinnuveganna. Að vísu var hann til þess neyddur af mjer að gefa þessa traustsyfirlýsingu. Jeg gat þess við 2. umræðu þessa máls, að annaðhvort yrði hann að lýsa trausti sínu á stjórn Landsbankans, eða þá að játa, að hann hefði vanrækt skyldur sínar sem endurskoðandi bankans, með því að gera landsstjórninni ekki aðvart, ef honum mislíkaði eitthvað. Hv. þm. tók nú þann kostinn, sem viturlegri var, og lýsti trausti sínu á Landsbankastjórninni og tók þar með aftur þær ásakanir, sem hann hefir borið fram ár eftir ár, bæði utan þings og innan, um það, að bankarnir skiftu fjenu misjafnt milli atvinnuveganna.

Þegar þessi hv. þm. fer að ásaka stjórnina fyrir ráðstöfun á enska láninu 1921, þá skýtur hann framhjá markinu. Lánið skiftist þannig á milli bankanna, að Landsbankinn fjekk 80 þús. sterlingspund, en Íslandsbanki fjekk 280 þús. sterlingspund, til þess að greiða áfallnar skuldir. En síðar var tekið lán, 200 þús. sterlingspund, sem alt gekk til Landsbankans, svo það er alveg jöfn upphæð, sem báðir bankarnir hafa fengið.

Hv. þm. komst nú strax í mótsögn við sjálfan sig eftir að hann hafði gefið stjórn Landsbankans traustsyfirlýsinguna. Hann kvaðst ekki geta treyst því, að lánsfjeð yrði ekki misnotað til þess að auka strauminn úr sveitunum til kaupstaðanna. Jeg verð að endurtaka það enn: Landsbankastjórnin ræður ein yfir því, hvernig þessu lánsfje verður varið. Jeg vona því, að hv. þm. geri aðvart, þegar hann sjer spár sínar um misnotkun fjárins rætast. Það er tilhæfulaust með öllu, að jeg sem formaður bankaráðs Íslandsbanka muni ráðstafa að nokkru leyti því fje, sem Landsbankinn kann að nota af þessari reikningslánsheimild. Jeg kann ekki við að heyra, án þess að mótmæla því, að þetta fje muni verða misnotað í þarfir atvinnuvega kaupstaðanna, en þannig fórust hv. þm. Str. orð. Þó allir láti sjer ant um, að landbúnaðurinn rjetti við úr þeim kút, sem hann er nú í, þá má þó eigi telja það misnotkun, þó atvinnuvegir kaupstaðanna fái nauðsynlegt og naumlega skamtað rekstrarfje. Á því hljóta líka vonir hv. Str. um viðreisn landbúnaðarins að byggjast. Hv. þm. telur enga von til þess, að landbúnaðurinn rjetti úr kútnum, nema hann njóti styrks af opinberu fje. Nú getur þessi styrkur af opinberu fje ekki komið frá þeim

atvinnuvegi, sem hjálpa á, heldur hinum. En þá verður líka að halda honum við, svo hann verði aflögufær.

Þá kem jeg að brtt. hv. þm. Str. á þskj. 139. Skýring hans á brtt. er í fám orðum sú, að Íslandsbanki megi ekki fá neitt af þessu lánsfje, þótt slíkt felist nú reyndar alls ekki í tillögunni. Hann gaf þá ástæðu fyrir þessu, að hann gæti ekki greitt atkv. með ábyrgðarheimildinni, ef ekki væri með öllu fyrir það girt, að Íslandsbanki fengi nokkurn hluta af fjenu, vegna þess að hann væri ekki endurskoðandi Íslandsbanka og því ekki nógu kunnugur hag hans til þess að vilja bera ábyrgð á því, að hann fengi eitthvað af fjenu í hendur, án þess þó að hann vantreysti honum. Jeg vil nú segja hv. þm. Str. það, að jeg held, að það sje óhætt fyrir þm. að greiða atkvæði um þetta frv. eftir því, hvort þeir trúa Landsbankastjórninni fyrir fje eða ekki. Þótt stjórn Landsbankans kynni að trúa Íslandsbanka fyrir einhverjum hluta af fjenu, þá mega þeir, sem treysta stjórn Landsbankans, vera ánægðir.

Um brtt. á þskj. 139 er annars það að segja, að hún er þess eðlis, að ógerlegt er að samþykkja hana. Ef hún verður sett inn í frv., svo sem þskj. segir, þá er heimild stjórnarinnar til þess að ábyrgjast lánið bundin skilyrði, sem ekki er á færi lánveitanda að fullnægja. Þegar heimild er veitt til lántöku, þá verður sú heimild að vera hrein. Hún má a. m. k. ekki vera öðrum skilyrðum bundin en þeim, sem lánveitandi getur haft vald yfir. Þetta hljóta allir að skilja. Það má ekki gera heimildina svo úr garði, að ef einhver ráðherra úti á Íslandi hegðar sjer öðruvísi en honum er ætlað að gera, þá verði heimildin ógild gagnvart lánveitanda. Heimildin verður að vera þannig úr garði gerð, að unt sje að nota hana. Þó ekki væri annað en þetta við brtt. að athuga, þá væri það ærið nóg til þess, að ekki væri hægt að samþykkja hana. En auk þess er annað atriði, sem snýr að efni þessarar einu línu, sem hv. þm. Str. vill bæta inn í frv. Brtt. hljóðar þannig: „enda sje hið nýja lánsfje eingöngu notað í eigin þarfir Landsbankans.“ Hvað eru „eigin þarfir“ Landsbankans? Það er rekstrarkostnaður hans, laun bankastjórnar og starfsmanna, laun hv. þm. Str. sem endurskoðanda, hiti, ljós, ræsting o. fl. þess háttar. Jeg get nú fullvissað hv. þm. Str., að engum dettur í hug að nota einn eyri af láninu í þessar eigin þarfir Landsbankans. Það fer alt til viðskiftavina Landsbankans, og svo nota þeir það í sínar þarfir. Mjer skilst nú reyndar, að það hafi verið meining hv. þm. Str., að lánið gengi til viðskiftavina Landsbankans, þótt hann orði þetta svona klaufalega, en tilætlun hans sje sú, að útiloka suma þeirra, svo sem Íslandsbanka. En þessum tilgangi hv. þm. er alls ekki hægt að ná með þessari brtt. Þessi reikningslánsheimild er ekki nema óverulegur hluti af því fje, sem Landsbankinn hefir yfir að ráða. Hvað stoðar það þá, þótt Landsbankanum sje bannað að láta einn af viðskiftavinum sínum fá peninga af þessu láni, þegar honum er frjálst að veita honum lán af öðru fje sínu? Það er ekki líkt farið um peninga og kýr. Það er hægt að segja við kýrnar: Farðu á

þennan bás, Skjalda, farðu á hinn básinn, Skrauta! — En peningar eru hlutir, sem ekki þekkjast hvorir frá öðrum, og það er ókleift að vísa þeim á ákveðna bása eins og kúnum.

Jeg vil því leyfa mjer að sýna hv. þm. Str. þá vinsemd að skora á hann að taka þessa brtt. sína aftur. Hún er hvorki að efni nje formi frambærileg og nær alls ekki þeim tilgangi, sem mjer skilst, að hann ætlist til, að hún nái.

Magnús Torfason: Hæstv. fjrh. (JÞ) svaraði fáum orðum ræðu minni við 2. umr., en þar sem þá var áliðið orðið, hirti jeg ekki um að svara því þá, enda hrakti hann fátt af ummælum mínum. En ræða hans gaf mjer tilefni til þess að standa upp og bera af mjer sakir. Hann sagði, að jeg hefði ekki haft það rjett eftir sjer, að gengi íslenskrar krónu miðaðist við framboð og eftirspurn á erlendum gjaldeyri. (**Forsrh. JÞ:** Hv. þm. skaut þarna inn orðinu „algerlega"). Það hefir mjer aldrei dottið í hug að gera. En hæstv. ráðh. var að bera það af sjer, að hann hefði yfirleitt haft þessa stefnu. En það vill nú svo vel til, að jeg get lesið upp úr þingtíðindunum játningu hans, máli mínu til sönnunar.

Svo stendur eftir hæstv. ráðh. í þingtíðindunum 1926, B., dálki 60:

„— því að það er nú svo, að gengi íslenskrar krónu er ekki hlutur, sem hægt er að ákveða með auglýsingu eða tilkynningu, heldur miðast það við framboð og kaup á erlendum gjaldeyri".

Þarna er svo að sjá, sem það eigi algerlega að miðast við þetta. Það er ekki beinlínis notað orðið „algerlega," en það er ekki heldur undan tekið. — En að jeg tek þetta fram núna, stafar af því, að jeg hefi áður mótmælt þessum skilningi á gengislögmálunum. Sjerstaklega hefi jeg mótmælt þessu á tveim þingmálafundum, þar sem jeg og hæstv. forsrh. höfum verið saman, og mætti hann gjarnan muna a. m. k. annan þeirra. — Jeg hefi tekið það fram, að þessi lögmál, sem hæstv. ráðh. talar um, hafi enn minna að segja hjer en annarsstaðar, og það stafar af því, að við erum svo smáir og af því að við erum að heita má lausir við alt gengisbrask.

Jeg vil nú ekki segja með þessu, að hæstv. forsrh. vilji skrökva, en mjer finst hann vera ósköp þægilega gleyminn maður á alt, sem honum kemur lakar að muna. Jeg get sagt frá öðru atriði, sem sannar það. Hann sver það nú og sárt við leggur, að hann hafi haft hemil á hækkun krónunnar 1925. Jeg vil nú ekki fullyrða, að hann segi þetta ósatt; jeg get vel trúað, að í lok hækkunarinnar hafi hann ekki viljað lengra fara. En á vissum tíma gerði hann áreiðanlega sitt til að hækka krónuna. Það var í fyrra tekið fram í þessari hv. deild, ómótmælt af hæstv. ráðh., að fulltrúi hans í gengisskráningarnefnd hafi a.m.k. einu sinni greitt atkvæði með hækkun, með því fororði, að hann gerði það samkv. vilja síns yfirboðara. — Það veit líka hver maður, að hæstv. ráðh. var fastasti fylgismaður gengishækkunarinnar. Jeg er hissa á, að hann skuli nú vilja draga úr því hrósi, sem hann þóttist eiga á þingi 1926, er hann var að hæla sjer fyrir, hve hátt stökk krónan hefði

tekið, hærra en í nokkru öðru landi. — En það er raunar ósköp skiljanlegt, að hann sje búinn að gleyma, að hann hafi nokkuð verið bendlaður við hækkun krónunnar. Hún hefir ekki reynst svo giftudrjúg.

Síðast þegar þetta mál var hjer á dagskrá, kvaðst hæstv. forsrh. verða að ganga inn á þá braut að auka lánsfje bankanna, enda þótt hann væri hækkunarmaður og það bryti í bág við sína stefnu í gengismálinu. Þegar svona er komið, að menn fara að fara gegnum sjálfa sig, þá sýnir það best, að í óefni er komið. Hitt er annað mál, að það getur undir ýmsum kringumstæðum verið rjettmætt að skifta skoðun. — Jeg vona því, að mönnum skiljist, að jeg get ekki haft neina tröllatrú á gengisvisku hæstv. ráðh. Jeg hugsa, að það sje satt og rjett, sem sagt hefir verið, að hann hafi sjálfur þverbrotið allar sínar stefnur í gengismálum.

Að því er þetta frv. snertir, sem hjer liggur fyrir, þá hlýt jeg að mótmæla því, að jeg hafi sagst vera því andvígur. Miklu fremur hefi jeg látið í ljós þá skoðun, að óhjákvæmilegt muni að taka lán, jafnvel þótt það verði að vera áteyrir, eins og jeg býst við, að fari. Hitt vil jeg undirstrika og leggja áherslu á, sem jeg hefi áður sagt, að jeg álít þessa ráðstöfun algerlega ónóga til rjettingar fjárhagnum, nema rjett sem bráðabirgðabót. En að ekki er farið lengra, það býst jeg við að stafi af því, að skjóta eigi fram af sjer frekari ráðstöfunum, þar til kosningar eru um garð gengnar.

Þess hefir verið getið í umræðum, að jeg vildi skóinn niður af Íslandsbanka. En það er ekki rjett álitið. Það, sem jeg hefi sagt um Íslandsbanka, kom til af því, að annar hv. þm. hafði látið í ljós, að hann væri illa stæður. Þessu mótmælti jeg, en varð þá um leið að koma nokkuð inn á meinsemdir bankans. En jeg vona, að allir hv. þdm. hafi heyrt, að jeg taldi það eitt forsvaranlegt að reyna að bæta mein hans. Það er ekki jeg, sem hefi viljað skóinn niður af Íslandsbanka. — Nei, það er alt annar maður, sem hefir sýnt það í verkinu, að hann vill gera alt, sem hann getur, til að minka bankann. Það er hæstv. forsrh. þessa lands, sem nær hefir komið Íslandsbanka á knje. Hann hefir fyrst og fremst gert það með hinni gífurlegu krónuhækkun á árunum 1924—'25. Hæstv. ráðh. mátti vita, að hinar óvissu skuldir bankans hækkuðu að sama skapi sem krónan, enda er mönnum það kunnugt, að Íslandsbanki stóð lengst á móti hinni óskaplegu hækkun. Þar með lýsti hann yfir því, að hann ætti bágt með að standast hækkunina. Aðstaða hans var líka sú, að hann þoldi krónuhækkunina ver en Landsbankinn, og það vissi hæstv. ráðh. — Hæstv. fjrh. sýndi einnig, að hann er ekki hlyntur Íslandsbanka með frv. því um nýjan banka, sem hann bar fram á þingi í fyrra. En það geta allir menn sjeð, að það hefði drepið Íslandsbanka, ef hjer hefði komið nýr banki, laus við gamlar skuldir og með nóg starfsfje. Jeg skifti mjer samt ekki af þessu í fyrra, en það kom til af því, að jeg hugsaði, að hæstv. ráðh. þættist ef til vill vera búinn að gera svo vel við bankann, að hann hlyti að verða fjárþrota, og því ætti að hafa nýja bankann sem varaskeifu.

Út í deilurnar að öðru leyti vil jeg

ekki fara. Jeg hefi ekki skift mjer af þeim, af því m. a., að jeg skoða þetta frv. aðeins sem bráðabirgðabót og held, að það muni koma aftur að ári í annari mynd, og þá væntanlega þeirri, að Íslandsbanka verði hjálpað til að geta starfað áfram. Jeg segi þetta af því, að jeg mundi ekki þora að vinna að því, að bankinn gæti ekki leyst starf sitt af hendi. Álit Íslendinga mundi bíða við það svo mikinn hnekki, að afleiðingarnar yrðu óútreiknanlegar.

Halldór Stefánsson: Jeg var hlutlaus við atkvgr. við 2. umr., en vil nú lýsa endanlegri afstöðu minni til málsins.

Fyrst langar mig til að víkja að nokkrum ágreiningsatriðum, sem voru milli mín og hæstv. forsrh. (JÞ) við 2. umr. málsins. — Hæstv. ráðh. vildi leita sjer skjóls hjá mjer og sagði, að afstaða sín til hækkunar peninganna væri hin sama og mín hefði verið á þingi 1924, sem hann lýsti rjett með þeim orðum, að jeg vildi stöðva fall peninganna, og hækka þá, *ef við gætum*. Afstaða mín var þannig ekki fyrirvaralaus. Nú er reynsla þess tíma, sem á milli er, fram komin, og mjer sýnist hún þannig, að það muni um megn bæði efnahag þjóðarinnar og mætti atvinnuveganna að hækka krónuna fullkomlega í sitt fyrra gengi. Enda er það sýnilegt, að öðrum þjóðum hefir reynst það fullþung byrði, þótt auðugri væru en Íslendingar og peningar þeirra engan veginn eins lágt fallnir. — Munurinn á mjer og hæstv. forsrh. nú er því aðeins sá, að jeg hefi getað lært af reynslunni, en hann ekki. Jeg get því ekki gert að því, þótt hæstv. ráðh. verði minna skjól af afstöðu minni 1924 en hann vildi láta sýnast.

Þá þótti hæstv. ráðh. það heldur hatramlega mælt af mjer, er jeg sagði, að með hækkun krónunnar væri ætlað að liggja á velgengni atvinnuveganna allan þann tíma, sem hækkunin stendur yfir. En vill hæstv. ráðh. neita því, að hækkunin sje atvinnuvegunum til byrði? — Hæstv. ráðh. kvaðst byggja sína von um að geta hækkað gengið á velgengni atvinnuvega þjóðarinnar. Þetta er nákvæmlega það sama, aðeins sagt með öðrum orðum, því á meðan hækkunin er ekki fullkomnuð, eru með henni teknir möguleikar atvinnuveganna til velgengni og þeim haldið í sífeldri kreppu.

Hæstv. forsrh. talaði svo, sem jeg hefði sagt, að hækkun krónunnar væri eina orsökin til þeirrar kreppu, sem hjer er nú. En jeg sagði aldrei neitt þess háttar, heldur sagði jeg, að hún væri þar stór liður.

Þá spurði sami hæstv. ráðh., hvort verðfallið á íslensku kjöti á tímabilinu okt. 1926 til mars 1927 stafaði af hækkun íslensku krónunnar. Auðvitað gerir það það ekki beinlínis, því að á þessum tíma hefir íslensk króna staðið alveg í stað. En þar fyrir getur þetta átt orsakir sínar að rekja til gengisbreytinga, því að norska krónan hefir hækkað mikið á þessu tímabili, og það gæti hugsast, að hækkun hennar hefði bitið svo bakfiskinn úr kaupmætti neytendanna, að þar lægi nokkur ástæða til verðlækkunarinnar.

Þá þótti hæstv. forsrh., að við festingarmenn ættum að geta tekið því

vel, er hann býðst til að ganga þessi „þungu spor“. Jeg skil þetta sem sáttaboð til okkar, en jeg vil ekki taka því. Það er skiljanlegt, að því meiri lán sem tekin eru erlendis handa bönkunum, því meiri ástæðu hafa þeir til að óska hækkunar, svo að greiðsla lánanna verði þeim sem ljettust. Á þann hátt örva nýjar lántökur viljann til hækkunar hjá þessum stærstu aðiljum og styðja þar með hækkunarstefnuna. Og jeg vil benda á, að ef hækkunarstefnan nær fram að ganga til hlítar, verður hún því meiri byrði á landsmönnum, sem þeir nota meira lánsfje.

Hæstv. forsrh. benti á aðra hugsanlega leið til að komast úr vandræðunum, að reyna að komast hjá nýjum lántökum með því að nota hagsýnilega og sparlega það veltufje, sem við höfum yfir að ráða, og bíða svo átekta. Þetta er leið, sem jeg get mjög vel fallist á og vil fara. Annars þykir mjer undarlegt, hve áfjáðir sumir eru nú að fara þessa lántökuleið, þegar þess er gætt, hver afstaða þeirra var gagnvart lausaskuldum ríkissjóðs. Það getur farið svo, að ekki sje mikill munur á því, hvort landið skuldar sjálft eða hvort það er í ábyrgðum. Og hjer er farið fram á heimild fyrir ábyrgð á upphæð, sem er hærri en það, sem við höfum greitt af skuldum síðan 1924.

Ný lántaka getur komið þannig fram, að hún myndi falska kaupgetu í landinu, en við þeirri hættu hefir enginn varað meira en hæstv. forsrh. Ef þetta lán verður nú fast í atvinnuvegum þjóðarinnar, er, eins og ástæður eru, ekkert líklegra en að það komi einmitt þannig fram.

Mín endanlega afstaða er því sú, að mjer þykir, að ekki hafi tekist að koma frv. í það horf nje að ástæður sjeu þannig, að rjett sje að samþykkja það, og mun því greiða atkvæði á móti því.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir hlýða að gefa hæstv. forsrh. nokkra kvittun fyrir þá ádrepu, er hann gaf mjer fyrir mína fyrstu ræðu.

Hann hóf máls á því sama og jeg, en vildi neita, að málið væri flutt með offorsi og knúð fram með afbrigðum frá þingsköpum. En svo vel vill til, að um þetta má leiða vitni úr bókum þingsins, og mun þá sjást, að þetta er í fyrsta skifti sem málið kemur afbrigðalaust fyrir. — Við 1. umr. þurfti að leita afbrigða til þess að málið mætti koma fyrir. Og við 2. umr. bar hæstv. forsrh. fram brtt., sem gerbreytti öllu frv., svo að ekkert stóð eftir, nema „lög þessi öðlast gildi þegar í stað.“ En hann kom svo seint með hana, að leita varð afbrigða til þess að hún mætti koma fyrir. Og loks átti að knýja fram 3. umr. í gær með afbrigðum, en stóð aðeins á því, að ekki var búið að prenta frv. upp í fundarbyrjun og að ekki þótti tiltækilegt að höggva sundur umr. um annað mál í miðju. — Svo langt hefir verið gengið í að knýja fram málið, að fundartími fjvn. Nd. hefir verið tekinn undir umræður, og þar með í raun rjettri lengdur þingtíminn um einn dag. Þó er hjer verið að fara fram á að binda lánstraust Íslands með stærra bankaláni en nokkru sinni hefir verið farið fram á áður.

Hæstv. forsrh. var að kvarta undan

því, að fræðsla sú, er hann hefði veitt mjer við 2. umr. þessa máls, hefði ekki borið þann árangur, er hann vonaðist eftir. Þetta má eflaust til sanns vegar færa. Það er nú svo orðið um mig, að jeg hefi lítið gert að því upp a síðkastið að sitja á kenslubekkjum. Jeg hefi látið dómgreind mína segja um, hvort þetta eða hitt sje rjett eða ekki, og jeg ætla henni að ráða eftirleiðis eins og hingað til. Þessi fræðsla hæstv. forsrh. var um það, hvort um fast eða laust lán væri að ræða samkvæmt heimild þeirri, er frv. fer fram á, og nú bætir hann því við, að þetta sje laust lán af því að það sje reikningslán. En þetta er að grípa til óyndisúrræða, að láta nafnið skera úr, hvort lánið sje fast eða laust. Hann veit, að þótt reikningslán sjeu upphaflega veitt til stutts tíma, þá verða þau oft föstustu lánin. Meginviðskifti bankanna eru nú orðin í víxlum, sem svo heitir um, að sjeu til 3 eða 6 mánaða, en þó eru þetta föst lán, sem framlengd eru með litlum eða engum afborgunum árum saman.

Hæstv. forsrh. vill því skjóta sjer undan því að gefa þær upplýsingar, sem um er beðið, á þann hátt að svara út í hött. Hann vildi mótmæla því, að lánið ætti að nota til að greiða *gamlar* skuldir, en viðurkendi þó í hinu orðinu, að með því yrðu ef til vill greiddar *áfallnar* skuldir. Jeg verð nú að segja fyrir mig, að jeg skil ekki muninn á þessu, „áfallnar" skuldir og „gamlar" skuldir.

Út frá aðstöðu atvinnuveganna, samanburði á afkomu þeirra nú og í fyrra og núverandi horfum, spáði jeg því, að ef þetta lán yrði tekið, þá væru engar líkur til, að hægt væri að greiða það upp í árslok. Hæstv. forsrh. vildi telja óforsvaranlegt að koma með spár í þessu efni. En mínar spár voru á rökum reistar, eins og jeg hefi tekið fram. Þær eru studdar með hinum óvjefengjanlegustu tölum. Ef þetta lán á að greiðast upp í árslok, þá erum við skyldugir að gera okkur ljósa grein fyrir því, hvort við sjáum nokkra möguleika á því eða ekki. Þegar einstaklingur tekur lán, verður hann að gera sínar spár um það, hvort hann muni geta borgað lánið á þeim tíma, sem um er samið. Og alveg nákvæmlega sömu skyldur höfum við, sem trúað er fyrir fjárreiðum ríkisins. Við verðum að reisa á spám, hvort við getum borgað lánið upp við árslok eða ekki. Og nú kem jeg með mína spá, og hún er sú, að ef þetta lánsfje á að fara framhjá Landsbankastjórninni og festast í gömlum skuldum, þá hefi jeg enga minstu trú á því, að það verði borgað upp við árslok. Hæstv. forsrh. verður þá að koma með nýjar spár, og þær reistar á betri rökum en hann hefir gert hingað til, ætli hann að sanna mjer það gagnstæða.

Þá fullyrti hann enn, að þessi ábyrgðarheimild ætti ekkert skylt við gengismálið. Þetta er að nokkru leyti rjett, ef hægt er að sanna, að hjer sje aðeins um laust lán að ræða, en þó er það vitað, að óvíst er, að bankarnir geti haldið áfram gjaldeyrisverslun-inni án þessarar lántöku.

Þá mótmælir hæstv. forsrh., að það liggi undir mati hæstv. stjórnar, hvort atvinnuvegirnir þoli frekari gengishækkun en orðin er, og vildi fullyrða, að stjórnin hefði haft hemil á því milli þinga, að krónan hækkaði ekki of ört 1925. Jeg neyðist til í þessu sambandi

að draga fram fáein atriði, er snerta þetta mál.

Er þá fyrst á að minnast, að hæstv. fjrh. vildi ekki lofa öðrum bankanna haustið 1925 þeim stuðningi, sem hann hefði þurft til þess að halda áfram að kaupa sterlingspundið á 26 krónur. Í annan stað fóru báðir fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefnd á fund hæstv. stjórnar og áttu tal við alla ráðherrana um málið. Jeg man ekki mánaðardaginn nú, enda skiftir það minstu máli; hjer í hv. deild á hinn fulltrúinn sæti, sem með mjer fór, og getur borið því vitni, að jeg fari hjer með rjett mál. Erindi fulltrúanna var að krefjast þess af hæstv. stjórn, að hún þá þegar kallaði saman aukaþing, svo að hægt væri að sjá afstöðu þess til gengishækkunarinnar, og færðu fulltrúarnir þá ástæðu fyrir þessari kröfu, að það hefði verið vilji Alþingis undanfarið, að krónan hækkaði ekki. En eins og kunnugt er, varð hæstv. stjórn ekki við þessari kröfu fulltrúa atvinnuveganna í gengisnefnd. Öll mótmæli fulltrúa atvinnuveganna gegn hinni öru hækkun, sem nú hófst, voru að engu höfð, bæði af meiri hluta gengisnefndar og af hæstv. landsstjórn.

Hæstv. landsstjórn ber ábyrgð á því að neita kröfu fulltrúa atvinnuveganna um, að Alþingi væri spurt til ráða 1925. Jeg er sannfærður um, að ef hæstv. landsstjórn hefði ekki neitað kröfu okkar þá, hefði hækkunin aldrei orðið slík, og þá hefðum við losnað við mikil vandræði. Þá þyrftum við ekki, meðal annars, nú að ræða um að heimila hæstv. stjórn að taka margra miljóna króna lán, sem óhjákvæmilegt er, að gangi að meira eða minna leyti til þess að jafna þann halla, sem atvinnuvegirnir biðu með gengishækkuninni 1925.

Í þriðja lagi mætti benda á það, að þegar gengið var til atkvæða í gengisnefnd, þá stóð atkvæði móti atkvæði með hækkun krónunnar frá fulltrúum bankanna. Fulltrúar atvinnuveganna höfðu ekki atkvæðisrjett í nefndinni, og gátu því ekki á þann hátt haft áhrif á málið. Og þá tók fulltrúi hæstv. stjórnar í gengisnefndinni það skýlaust fram, að hann greiddi atkvæði með hækkun krónunnar samkvæmt vilja umbjóðenda sinna. Þetta mun hv. þdm. ekki rengja, enda er hjer annar staddur í hv. deild, samnefndarmaður minn í nefndinni (ÓTh), sem getur vottað að slík var atkvgr. í gengisnefndinni.

Það komu líka fram rökstuddar till. um að stöðva krónuna, þegar pundið stóð í 24 krónum, frá fulltrúa landbúnaðarins í nefndinni, en mætti sömu mótspyrnu hjá hæstv. stjórn eins og hinar aðrar till., er bornar voru fram gegn frekari hækkun.

Ábyrgðin, sem hvílir á hæstv. stjórn um þetta mál, er því alveg skýlaus, og frá mínu sjónarmiði sjeð er það þá- og núverandi hæstv. fjrh. (JÞ), sem ábyrgðin hvílir á.

Jeg sem sjerstaklega kunnugur þessu máli verð að lýsa það ósannindi, að aðgerðir hæstv. stjórnar milli þinga hafi verið að hafa hemil á hækkun krónunnar. Jeg verð enn að árjetta það, að ábyrgðin á hinni gífurlegu hækkun krónunnar og hnignandi afkomu atvinnuveganna hvílir algerlega á hæstv. forsrh.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að jeg hefði ekkert haft að athuga við, hvern-

ig Landsbankastjórarnir skiftu fjenu milli atvinnuveganna. Jeg gat þess ekki, en hitt sagði jeg, að jeg hefði ekki komið með till. til hæstv. stjórnar um skiftingu fjárins milli atvinnuveganna. En jeg hefi gert annað. Jeg hefi síðan jeg kom á þing borið fram á hverju ári fleiri eða færri róttækar till. um að beina meira fjármagni til landbúnaðarins.

Mín traustsyfirlýsing til Landsbankans er því alls ekki fólgin í því, að stjórn hans hafi sjerstaklega látið sjer ant um landbúnaðinn, er hún skifti lánsfje sínu milli atvinnuveganna. Traustsyfirlýsing mín byggist á þeim kunnleikum, er jeg hefi af Landsbankanum; hann hefir ekki drýgt þær syndir undanfarið, að jeg mundi efast um, að stjórn hans, ef hún fengi ein þetta nýja lánsfje til umráða, misnotaði það á einn eða annan hátt. Jeg ber þvert á móti það traust til hennar, að hún mundi ekki festa það í atvinnuvegunum, væri hún ein í ráðum, en yrði ekki fyrir þvingandi áhrifum frá hæstv. forsrh., formanni bankaráðs Íslandsbanka.

Þá sleit hæstv. forsrh. nokkur orð út úr rjettu sambandi í ræðu minni og sagðist ekki kunna við, að ómótmælt stæði, að lánsfje bankanna væri misnotað í þarfir atvinnuvega kaupstaðanna. Jeg álít, að hægt sje að misnota slíkt og það hafi verið gert. Og jeg skal þá um leið lýsa því yfir, að jeg álít það ekki einungis hægt, heldur margfalt nauðsynlegra, að peningastofnanir landsins beindu stærri fjárhæðum út í atvinnurekstur sveitanna heldur en hingað til hefir átt sjer stað. Og frá þessari skoðun mun jeg ekki hársbreidd víkja. Jeg hefi rætt um þetta við hæstv. forsrh. á fundum víðsvegar úti um land og jeg hefi fært þau rök fyrir rjettmæti þessarar skoðunar minnar, sem hæstv. ráðherra hefir ekki getað hrakið. Þess vegna sje jeg enga ástæðu til að endurtaka það í umr. okkar hjer.

Hann sagði, að vonirnar um viðreisn landbúnaðarins bygðust meðal annars á því, að viðkoma atvinnuvega kaupstaðanna aukist.

Þarna er jeg algerlega á gagnstæðri skoðun við hæstv. forsrh.

Jeg vil ekki ausa meira fje í sjóinn, en jeg vil veita fjárstraumi út til sveitanna, því þar er engin hætta á ferðum.

Hjer er því um himinvítt djúp að ræða milli skoðana minna og hæstv. ráðherra.

Jeg ætlaði ekki frekar að fara út í afstöðu mína eða traust til Íslandsbanka, en kemst þó ekki hjá að bæta fáum orðum við það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Jeg hefi sagt, að jeg teldi aðrar skyldur við Landsbankann frá hendi þjóðar og Alþingis en við Íslandsbanka, sem er hlutabanki og að mestu eign erlendra manna.

Þess vegna verð jeg að gera mikinn mun á því, þegar verið er að ræða um nýtt miljónalán, hvort það sje Landsbankinn, sem fari með fjeð ótakmarkað, eða hvort Íslandsbanki eigi að fá eitthvað af því til ráðstöfunar.

Það er um þetta, sem jeg er altaf að spyrja, en hæstv. forsrh. verst allra svara. Jeg hefi margtekið fram, að jeg treysti Íslandsbanka ekki til að fara með fjeð, og hefi í fyrri ræðum

mínum tekið fram, á hvaða rökum jeg bygði það, og tel því óþarft að endurtaka þau enn einu sinni.

Að síðustu kom hæstv. forsrh. fram með mikilli blíðu og vinsemd í minn garð og mæltist til þess með nokkrum velvöldum orðum, að jeg tæki nú aftur brtt. mína á þskj. 139. Mjer þykir altaf vænt um hlýtt hugarþel til mín, frá hverjum sem það kemur, og ætla því að endurgjalda það með sömu vinsemd í garð hæstv. ráðherra. Svar mitt við tilmælum hans verður því þetta: Ef hæstv. forsrh. vill nú hverfa frá villu síns vegar í gengismálinu og koma yfir í hóp okkar, sem festa viljum verðgildi krónunnar, þá mun jeg bjóða hann hjartanlega velkominn og kvitta fyrir margar syndir, sem hann hefir drýgt sjer til áfellingar. Þá horfir málið öðruvísi við, eins og jeg hefi áður tekið fram, og þá skal jeg taka til athugunar að taka brtt. mína aftur.

Hann var á móti brtt. vegna formsins og taldi ekki hægt að samþ. hana eins og hún er orðuð. En það er nú svo, að jeg treysti Landsbankanum betur í þessu efni. Og þar sem stjórn Landsbankans hreyfði engum mótmælum gegn formshlið brtt., þá verð jeg að álíta, að hún eigi rjett á sjer. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að „skilorðið“ gerði till. að engu, þá er hjer ekki um annað að ræða en að heimildin beri það með sjer, hvernig lánsfjenu skuli varið. Hitt atriðið, hvernig skýra eigi „eigin þarfir bankans“, er rjett skilið hjá hæstv. ráðh., svo um það erum við sammála. Hæstv. forsrh. verður því að fá yfirlýsingu Landsbankastjórnarinnar um, að fjeð verði notað í eigin þarfir bankans, og þegar þú yfirlýsing er fengin, getur komið til mála að veita ábyrgðarheimildina, en fyr ekki.

Jeg verð því að líta svo á, að þrátt fyrir hlýju hæstv. ráðherra í minn garð, sje þó eitthvað það á bak við vinsemd hans, sem ekki sje jafnhlýtt.

Væri svo í raun og veru, að hæstv. forsrh. teldi efni brtt. á rökum bygt, þá ætti honum að vera innan handar að bæta úr forminu og færa orðalagið í það horf, er hann teldi betur fara. En á meðan hann ekki gerir það og leggur til, að brtt. sje feld, þá mun jeg, sem sagt, ekki finna ástæðu til annars en að halda henni til streitu og bíða átekta um, hvernig hv. þdm. líta á það mál.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til að gera þessi orð mín fleiri út af því, sem farið hefir á milli mín og hæstv. forsrh. út af þessu máli.

Ásgeir Ásgeirsson: Í tilefni af umræðum þeim, sem fram hafa farið um þetta mál, tel jeg mjer skylt að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Ríkisstjórnin ber fram frv. eftir ósk Landsbankastjórnarinnar. Landsbankinn þarf ábyrgðarinnar vegna atvinnuveganna, sem honum sem seðlabanka er skylt að sjá fyrir rekstrarfje að svo miklu leyti sem þeir hafa þær tryggingar að bjóða, er hann telur gildar og samrýmanlegt er útlánsstefnu bankans. Það er ástand atvinnu- og viðskiftalífsins, sem heimtar þessa ríkisábyrgð — en ekki ríkisstjórnin.

Ef hjer hefði verið um lántöku að ræða til greiðslu á gömlum skuldum eða sjerstakra framkvæmda, þá hefði ef til vill verið hægt að neita um

ábyrgðina. En þar sem hjer er um að ræða *viðskiftalán*, þá er ekki hægt að neita — nema menn vilji leggja algerlega árar í bát. Útlitið er að vísu ískyggilegt, en þó má færa rök fyrir því, að yfirstandandi ár verði ekki í tölu hinna verstu ára hvað afkomu atvinnuveganna snertir — og þá aðallega sjávarútvegsins. Þetta er annað eða þriðja kreppuárið. Fiskverð var á síðasta ári mjög lágt og er komið niður undir verðlag fyrir ófriðinn mikla. Bankar, útgerð og fiskverslun starfa með þessa viðvörun fyrir augum. Það gefur nokkrar vonir um, að betur farnist en á horfist. Stærstu áföllin verða þegar stórfeldar verðbreytingar eða gengisbreytingar hitta menn fyrir andvaralausa, en síður eftir óáran um afla og verðlag, sem skotið hafa skelk í bringu þeim, sem fyrir framleiðslunni ráða. Það lætur að vísu hæst í þeim, sem eru vitrir eftir á, þegar aðalhættan er yfirstaðin. En hins þurfum við heldur með, að þingheimur haldi lengst af sínu jafnaðargeði, en fuðri ekki upp af framkvæmdaákafa, þegar sæmilega árar, og sje þá ekki heldur heltekinn af hugleysi og svartsýni, þegar eitthvað harðnar í ári.

Það tjáir ekki að leggja árar í bát, þó á gefi. Bóndinn hættir ekki að búa, þó útlit sje slæmt um árferði eða verðlag. Bankar og atvinnurekendur verða, þegar svo á stendur, að leggja höfuðáherslu á að koma framleiðslukostnaði sem lengst niður til móts við verðlagið á afurðunum. En áfram verður að halda! Það er eins víst og að aukning í atvinnurekstri má ekki eiga sjer stað!

Það er nú svo komið í atvinnulífi voru, að aukna lánsheimild verður að fá til að tryggja það, að hægt verði undir öllum kringumstæðum að hafa þá útlánsstefnu, sem hagkvæmust verður talin fyrir þjóðarbúskapinn. Atvinnuþörf landsmanna og gjaldeyrisverslunin heimtar það. Þó slíkt lán, sem hjer er um að ræða, sje tekið, þá er þar ekki um raunverulega skuldaaukningu að ræða — nema að því leyti, sem atvinnuvegirnir skila ekki fjenu aftur. Og þó vil jeg telja, að áhætta ríkissjóðsins byrji fyrst, þegar atvinnuvegirnir skila minna aftur af láninu en því, sem þeir greiða ríkissjóði í skatta og skyldur. Nú skal jeg ekki gera mig að miklum spámanni um afkomu atvinnuveganna á þessu ári. En jeg vil þó orða það, að ef atvinnuvegirnir væru lausir við hina þungbæru skatta og skyldur, þá býst jeg við, að flestir teldu vísa von um, að þeir mundu geta borið sig. Í sambandi við ríkisábyrgð á viðskiftaláni er þetta ekki þýðingarlaust.

Jeg þykist fyrir mitt leyti hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um það, að þessu viðskiftaláni eigi að verja að mestöllu leyti til atvinnurekstrar á árinu. Og þó að það yrði að einhverju litlu leyti notað til þess að greiða annað reikningslán, þá opnast þar sama lánsheimild, sem verður svo notuð fyrir atvinnureksturinn á þessu ári. Atvinnureksturinn kemur náttúrlega við gengismálinu. Það dettur engum í hug að neita, að slík lán tryggi ekki einungis þann atvinnurekstur, sem Landsbankinn telur þess virði að lifi, heldur tryggi það einnig gjaldeyrisverslunina. Gjaldeyrisversl-

unin er ekki annað en önnur hliðin á atvinnuvegunum. Hitt tel jeg vart þingsins að fjalla um, við hverja viðskiftamenn bankinn skifti. Landsbankinn lánar eftir því, hve góðar tryggingar menn hafa að bjóða, og með tilliti til þeirrar útlánsstefnu, sem hann telur sjer skylt að hafa á hverjum tíma þjóðarinnar vegna. Endurkeyptir víxlar eru ekki verri en víxlar, sem keyptir eru beint, að öðru jöfnu. Og að banna þeim banka, sem á að vera og verður okkar seðlabanki, að endurkaupa víxla, sem annars þyrfti að kaupa beina leið, tel jeg ekki nokkra hæfu í. Um einstök viðskifti bankans verður hjer engin ákvörðun tekin; en sú almenna krafa fylgir vitanlega slíkri lánsábyrgð sem þessari, að Landsbankinn heimti nægar tryggingar af öllum lánþegum og að hann láni með tilliti til þeirrar stefnu, sem hann telur hollasta fyrir þjóðina og hennar afkomu. En þessi skylda stafar ekki á neinn hátt frá ábyrgð ríkissjóðsins, heldur hvílir hún jafnan á bankastjórninni, hvort sem hún þarf að óska eftir ríkisábyrgð eða ekki.

Tilhneiging Alþingis á síðari tímum til þess að ráða einstökum skuldaskiftum Landsbankans stafar vafalaust frá því, að þingið á sem stendur engan fulltrúa í bankastjórninni. Það mun víst ekki til neinn sá ríkisbanki í heimi annar en Landsbanki Íslands, þar sem þingið á engan beinan fulltrúa í bankastjórninni. Mjer virðist það hafa verið fáviska, að kippa gæslustjórunum burt án þess að setja í staðinn fyrir þá nokkurn sjerstakan fulltrúa þingsins. Og ýmsar þær umræður, sem háðar hafa verið á seinni árum á Alþingi um fjármálin, hafa farið miður en skyldi, vegna þessarar vöntunar á fulltrúa þingsins hjá þeirri peningastofnun, sem landið á og rekur.

Það er þegar búið að dragast alt of lengi að gera Landsbankann formlega að seðlabanka. En þó verður að líta svo á, að hann sje samt seðlabanki nú þegar, jafnvel áður en lögin um bankann sem seðlabanka verða afgreidd frá þinginu. Hann hefir toppseðlana, og því fylgir sú skylda að annast seðlabankakvaðir. Sá galli fylgir að vísu þessari seðlabankastarfsemi Landsbankans, að sem stendur er fjrh. nokkurskonar fulltrúi þingsins gagnvart bankanum. Þetta á þó ekki að koma að sök, af þeirri ástæðu, að vald fjrh. er miklu fremur neitunarvald en skipunar. Jeg hygg, að fjrh. geti ekki skipað bankastjórninni að gera neitt, sem henni sjálfri þykir ekki ráðlegt. En það, hversu óviðfeldið þetta fyrirkomulag er, kemur ekki hvað síst fram nú í umræðum um þessa lánsábyrgð, sem jeg veit, að hefði verið talað öðruvísi um, ef hjer væri bankaráð, er fulltrúa hefði frá öllum flokkum.

Jeg hefi einnig — eins og aðrir hv. þm. — fengið upplýsingar um hámark lánsheimildarinnar og kjör lánsins. Hámarkið er fastmælum bundið, og þarf enginn að óttast, að fram úr því verði farið, þó að fjárhæðin sje ekki tiltekin í frv. Og jeg get heldur ekki sjeð, að það sje í sjálfu sjer nokkuð að óttast, þótt þetta hámark lánsheimildarinnar sje töluvert hærra en Landsbankinn telur sjer nauðsynlegt sem stendur. Neitanir á lánsbeiðnum á seðlabankinn ekki að byggja fyrst

og fremst á þessu, sem heyrist oft manna á milli, þegar einn er að „slá" annan: Æ, góði, jeg er alveg „blankur" og get ómögulega lánað þjer. Það er ekkert hættulegt, heldur sjálfsagt, að almenningur viti, að seðlabankastjórnin hafi ráð, ef hún telur lánbeiðendur hafa nægilegar tryggingar og atvinnureksturinn í samræmi við sína útlánspólitík.

Af þessari ástæðu er mjer lítt skiljanlegt, hvernig á því stendur, að það er verið að fela fjárhæðina í frv. Launungin gerir ekki nema ógagn í þessu sambandi. Hún elur á æsingi kringum málið, bæði á þingi og eins í þeim umræðum, sem fara fram um það á eftir. Auk þess er hún tæplega framkvæmanleg. Einn hv. þm. hjer í deild hefir nýlega spurt, hvort rjettar væru þær upplýsingar, sem hann hafði einhversstaðar fengið um lánið, og tilnefndi bæði fjárhæð og lánskjör. Í Morgunblaðinu í morgun stendur, að nú hafi þessi þingmaður kjaftað frá. Í þessu efni finst mjer að vísu vafasamt, hvor það er, sem kjaftar frá, sá sem spyr, eða hinn, sem segir, að rjett sje spurt. Það má náttúrlega deila um það. En jeg býst við, að hæstv. forsrh. hafi haft þetta í huga, þegar hann gaf ekkert svar af neinu tægi. En huliðshjálmurinn, sem á að bregða yfir þessa fjárhæð um stundarsakir, hann á ekki við. Það er yfirleitt ekki vert að viðhafa launung á málum þess opinbera, nema brýn nauðsyn heimti, og slíkt held jeg, að komi mjög sjaldan fyrir, og aldrei nema um mjög stuttan tíma. Í þessu efni mun það að minsta kosti ekki leyna sjer, hvað bankinn notar mikið af þessari lánsheimild, því að það mun koma fram í reikningum bankans ársfjórðungslega.

Jeg fyrir mitt leyti hefi engu lofað um þögn. En vegna þeirra tilmæla, sem fram hafa komið og okkur þm. eru kunnug, þá mun jeg ekki segja frá neinu sjerstöku í þessu sambandi fyr en að því kemur, að jeg þurfi að gera kjósendum mínum grein fyrir því, hvernig jeg hafi farið með þeirra umboð í þessu efni og öðrum. En þá mun jeg ekki telja mig bundinn, enda hafa tilmælin um þögn ekki verið bundin tímatakmarki; og eilíf hefir þögnin aldrei átt að verða.

Jeg nefndi áðan — sem þó vart þarf að taka fram — að svona lán snerta gjaldeyrisverslunina. Hitt er líka auðvitað, að öll mál, sem snerta gjaldeyrisverslunina, eru í sjálfu sjer gengismál að vissu leyti. En þótt eitthvað snerti gengið, er ekki þar með sagt, að skylt sje að skiftast i þeim efnum í flokka á sama hátt og með tilliti til hækkunar og festingar. Umráðin yfir erlendum gjaldeyri eru jafnnauðsynleg okkar þjóðbanka, hvort sem þingið tekur ákvörðun um að hækka eða festa, hvort heldur í núverandi gengi eða því gengi, sem verður talið raunverulegt að afstaðinni rannsókn. Og eins og nú stendur á, þá verður ekki fyrir þessum erlenda gjaldeyri sjeð nema með lánum.

Hæstv. ráðh. hefir nú heitið því í umr. um þetta mál, að þetta lán skuli á engan hátt verða notað til þess að hækka krónuna. Þess var farið á leit við hann. En jeg fyrir mitt leyti vil nú telja, að þess hefði tæplega þurft, nje neinnar yfirlýsingar, því að það

mun enginn hækkunarmaður af þeim, sem nokkru ráða, vera svo blindur að halda, að hægt sje að nota slík viðskiftalán, sem tekin eru af nauðsyn — og vitanlega streyma nokkurn veginn jöfnum höndum inn og út — til gengishækkunar. Það þarf sæmilega velmegun atvinnuveganna til hækkunar, eins og hæstv. ráðh. hefir sagt, enda væri ekki neina velmegun að eyðileggja með hækkun, ef enga væri um að ræða. Eins er það, ef festing á að vera örugg, þá þarf líka sæmilega velmegun þjóðarinnar til þess að örugt sje að framkvæma hana.

Þó að þessar tvær stefnur sjeu fjarskyldar, hækkunarstefnan og festingarstefnan, þá eiga þær samt einn sameiginlegan óvin, en það er stöðvun á gjaldeyrisverslun seðlabankans. Jeg fyrir mitt leyti mun ekki taka neinn þátt í ráðstöfunum, sem gætu orðið til þess að stöðva gjaldeyrisverslun okkar íslenska seðlabanka. Ef stöðvun verður á yfirfærslu, þá verður höfuðfjandi festingarinnar í almætti sínu; en sá höfuðfjandi er einveldi framboðs og eftirspurnar. Hæstv. forsrh. hefir nú þráfaldlega lagt áherslu á, að það sje einmitt þessi regla, sem eigi að ráða. En eins og kunnugt er, höldum við festingarmenn því fram, að þessi regla eigi engu að ráða og þurfi engu að ráða, nema þrot verði gersamlega á lánstrausti og erlendu fjármagni. Að stöðva gjaldeyrisverslun ríkisbankans er sama og að sleppa stýrinu og láta krónuna „kúvenda“ án þess að nokkur hafi stjórn á. Þegar myndast „maximum“ í framboði íslenskrar krónu, en „minimum“ í eftirspurn, á það ekkert skylt við stefnur; það er ofviðri, sem ekkert á skylt við stefnur — heldur stjórnleysi. Verði hrun á gengi af þeim ástæðum, þá fá engar þjóðhagslegar ástæður að ráða, heldur er það gengisbraskið, sem ræður öllu.

Höfuðáhersluna verð jeg að leggja á það, að ef einhverjar breytingar verða á núverandi gengi, þá verða þær að vera af ásettu ráði gerðar og með föstum tökum.

Hæstv. forsrh. gat um það við 2. umr. þessa máls, að ein mesta ógæfa, sem gæti hent þessa þjóð á sviði fjármálanna, væri, ef krónan lækkaði frá því gengi, sem staðið hefir nú 1½ ár, eða vel það. Jeg get tekið undir þetta að því leyti, að það væri mesta ógæfa fyrir þjóðina, ef krónan *hryndi* niður án þess að það væri ákveðin ráðstöfun á bak við, sem bygðist á ítarlegri rannsókn. Aftur á móti ef gengið væri fært til samræmis við það, sem álitið væri eftir rannsókn hinna bestu manna að væri sannvirði krónunnar, þá teldi jeg það ekki tjón, heldur eina af þeim bestu ráðstöfunum, sem hægt er að gera á fjármálasviðinu. Það á ekki skylt nema að nafninu. að gengið færist til. Ef það færist gagnstætt kaupmáttarjafngengi, þá er það til tjóns, en færist það í áttina til þess, er það til gæfu.

Það, hver kann að vera orsök þess, að þörfin fyrir lán hefir skapast, og veldur því, að sótt er um þessa ábyrgð ríkissjóðsins, hefir ekki áhrif á mína afstöðu til þessa máls. Orsökin getur verið ein eða önnur. Ástandið verður að taka eins og það er og byggja allar ráðstafanir á því. Þó blandast mjer ekki hugur um, að gengisbreytingar

1924 og 1925 eiga höfuðsökina á því, að svo er komið fyrir okkur sem nú er.

Hæstv. forsrh. játaði það fúslega, — enda mun því enginn neita — að 20% verðlækkun á heimsmarkaðinum á íslenskum saltfiski hafi haft slæm áhrif og valdið kreppu. En jeg vildi um leið óska þess af hæstv. ráðh., að hann sýni þá sanngirni að játa hitt einnig, að 20% verðhækkun á gjaldeyrinum, þegar hún verður á milli tilkostnaðar og afrakstrar, hafi nákvæmlega þau sömu áhrif og breyting á heimsmarkaðsverði. Og það var einmitt svo haustið 1925, að sú gífurlega gengishækkun hafði orðið fyrir mörgum á þessu tímabili. Þessari gengisbreytingu fylgdi sú versnandi aðstaða fyrir atvinnureksturinn, sem gerir vart við sig í langan tíma eftir að gengishækkunin hefir átt sjer stað, og hún er litlu betri en breyting á heimsmarkaðsverði.

Gengisbreytingin er vitanlega ein af höfuðorsökunum til þess ástands, sem ríkir. En hverjar svo sem orsakir eru, þá er ástandið eins og það er, og með tilliti til þess þarf að taka ákvörðun um lántöku og ríkisábyrgð. Ákvörðun um endanlega verðfestingu ísl. peninga verður aldrei tekin í sambandi við mál eins og þetta. Þá ákvörðun tekur þingið eftir nokkra daga, þegar frv. um það efni verður til umræðu; en verði það tækifæri ekki notað, þá er það þjóðin, sem fær tækifærið við næstu kosningar að taka ákvörðun um málið. Jeg geri ráð fyrir, að gengið, sem nú er, haldist óbreytt þangað til gengismálið kemur til umræðu í þinginu og atkvæða; jeg geri einnig ráð fyrir, að það haldist óbreytt til kosninganna. Og jafnvel þó að festingarmenn biðu ósigur við næstu kosningar, þá skal jeg ekki taka fyrir, að gengið gæti staðið óbreytt til næstu kosninga þar á eftir. En þó er skylt að neyta hvers möguleika, sem upp í hendur kann að berast.

Jeg mun nú greiða atkv. með frv. því, sem fyrir liggur. Það er komið fram fyrir tilstilli og ósk Landsbankastjórnarinnar. Sú ósk byggist á þörf atvinnuveganna. Og að mínu áliti er bankastjórnin einráð um það, hvernig peningunum er varið. Að minsta kosti hefir hún frumkvæði að því; hæstv. ráðh. hefir aðeins neitunarvald, svo að bankastjórnin ber á allan hátt ábyrgð á, hvernig láninu er ráðstafað. Og í trausti þess, að hún muni ekki nota heimildina, þótt stór sje, meira en nauðsyn og velferð þjóðarinnar heimtar, þá greiði jeg atkv. með frv.

Hjeðinn Valdimarsson: Það virðast vera tvö atriði aðallega rædd nú. Annað það, að 9 milj. króna reikningslánið, sem á að ábyrgjast, eigi að vera til þess að tryggja gjaldeyri þjóðarinnar að einhverju leyti frá að falla. Jeg segi fyrir mitt leyti, að að því leyti sem lánið yrði til þess notað, sæi jeg ekki ástæðu til að vera á móti því. Það væri hlutur, sem jeg álít sjálfsagt að gera. Svo er síðara atriðið, hvernig peningunum verður varið. Það hefir greinilega skinið gegnum umræðurnar, hvers vegna nú hefir verið farið fram á að fá þetta lán. Það kann að verða síðar á árinu, að þörf þætti á gengisláni. Nú sem stendur er lánsþörf ekki til staðar, nema að því leyti, að annar banki landsins er fjárvana. Og það er eins og allir vita útgerðin, sem hvílir á Íslandsbanka, sem nú

þarf að fá fje fyrir vertíðina. Það er alkunnugt, að undanfarið hefir það verið svo um Íslandsbanka, að um yfirfærslur hefir ekki verið þar að ræða nema fyrir milligöngu Landsbankans. Það sýnir, að Íslandsbanki er búinn að eyða sínu lánstrausti erlendis nú, þegar í byrjun ársins. Þá kann að vera spurning um, hvað eigi að gera. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg álít það heppilegri leið að fara ekki lengra í að lána Íslandsbanka en orðið er, en Landsbankinn tæki að sjer lífvænleg viðskifti frá Íslandsbanka og tæki þau beint sjálfur, veldi úr þeim útgerðarfjelögum, sem þurfa að fá lán hjá Íslandsbanka, þau er honum virtist von um að rjetta við fjárhagslega, en skildi hin eftir. Íslandsbanki yrði þá að bjarga sjer eins og best gengi og útvega sjer nýtt rekstrarfje, ef hægt væri, á sama hátt og aðrir bankar, sem eru eign einstaklinga.

Það hefir verið skýrt frá því af öðrum þm., að 6 milj. kr. hefðu verið teknar út af innlánum Íslandsbanka síðastl. ár. Er óhætt að segja, að mestur hlutinn af innlánsfje þess banka sje því þorrið nú. Það rekstrarfje, sem hann hefir frá öðrum en hinu opinbera, er því ekki neitt að ráði annað en það, sem kann að vera eftir af höfuðstólnum. Hæstv. forsrh. sagði það með öllu rangt vera, að bankinn vægi salt milli lífs og dauða. Jeg vil taka hæstv. forsrh. trúanlegan í þessu efni fyrst um sinn, þar sem ekki er aðrar sannanir að fá. En hitt mun þó rjett vera, að það er ekki nema lítill hluti af hlutafjenu, sem bankinn hefir til rekstrarfjár, enda eru hlutabrjef bankans ekki skráð á meira en 34 kr. hverjar hundrað krónur, og munu þó síst vera of lágt skráð. Aðalrekstrarfjeð, sem Íslandsbanki hefir nú, er 12 milj. kr. lán úr ríkissjóði og Landsbankanum, og það þykir ekki nóg. Nú á að fara að auka við nýjum lánum frá hinu opinbera. Með öðrum orðum: Íslandsbanki er með þessum framhaldandi lánum aðeins að verða að útibúi Landsbankans hjer, en þó með þeim mismun, að hann heldur áfram að vera „prívat"banki, en ekki undir opinberri stjórn. Jeg er þeirrar skoðunar, að slíkt fyrirkomulag sem þetta sje ekki hagkvæmt. Reikningur Íslandsbanka sýnir það á síðari árum, að stórtöp hafa orðið á rekstri bankans, og síðastliðið ár er kunnugt, að tapast hafa margar miljónir króna á Vestfjörðum. Ástæðan til þessa mikla tjóns er sú, að bankinn hefir veitt of stór lán til einstakra lántakenda, sama ástæða sem fyr olli mestu tapi bankans á fiskhringnum fræga. Það sjest því ekki, að hin nýrri stjórn bankans hafi verið varkárari en hin eldri. Í þessu efni hefir stjórn Landsbankans verið varkárari, hefir dreift meira áhættunni, og er því ekki ástæða til að hlynna að því, að Íslandsbanki hafi meira fje en hann getur aflað sjer án opinberrar aðstoðar.

Þá er þess að geta, að útlánsvextir Íslandsbanka eru stöðugt ½% hærri en Landsbankans til samskonar lána, og gerir því yfirfærsla fjárins úr Landsbankanum yfir í Íslandsbanka almenningi lánin dýrari en ella, og er hjer enn ein ástæðan til að sýna, að Íslandsbanki er ekki hollur milliliður um fjármagnið.

Með till. hv. þm. Str. (TrÞ) er einskorðað, að ábyrgðin verði notuð ein-

göngu handa Landsbankanum sjálfum. Jeg hefði kosið heldur, að þetta hefði verið orðað skýrara, þannig að Landsbankinn yki ekki lán sín til Íslandsbanka fram úr þeirri upphæð, sem verið hefði lánuð á sama tíma í fyrra, en tel þó eftir skýringum hv. framsögumanns, að sami skilningur verði lagður í tillögu hans og mun því greiða henni atkv., en falli hún, mun jeg greiða atkv. á móti frv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Umræður um þetta mál hafa nú orðið alllangar, og vil jeg gera mitt til þess, að málinu geti orðið lokið á þessum fundi, svo að það glepji ekki fyrir nefndarstörfum.

Þó verð jeg að minnast á ýms atriði, sem komu fram í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), þar sem hann varð þess valdandi, að málið tók heilan dag við 2. umr. Vil jeg taka það fram hjer þegar, að á því átti jeg enga sök. Það var einhver hv. þm., sem átti hlut að því, að málið var ekki tekið fyrir fyrri hluta dags, vegna þess að einhver hv. þm. hafði hugsað sjer að halda langa þingræðu, og honum fanst, að ekki hæfði að klippa hana sundur, þannig, að fundarfrestun hefði orðið áður en hann gæti lokið henni. Þó mundi ræðu hans hafa verið lokið fyrir kl. 4, ef hv. þdm. hefðu eingöngu talað um það mál, sem hjer liggur fyrir. En með málalengingum hans, sem fóru út um alla heima og geima, hlýtur hv. þm. að bera ábyrgð á þeim tíma, sem til þess fer, að aðrir verða að mótmæla honum.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) þarf jeg ekki að svara. Hann blandaði inn í málið einhverri atkvgr. frá árinu 1925 í gengisnefnd (**MT:** Það var annar þingmaður.) og sagði, að jeg hefði ekki mótmælt því, sem þar um stendur í Alþt. En þá vil jeg taka fram, að jeg viðurkenni ekki sem neitt sönnunargagn gegn mjer, þótt mjer hafi einhverntíma láðst að mótmæla einhverju því, sem stendur í einhverri ræðu eftir einhvern hv. þm. í Alþt. Það er ekki hægt að tryggja sjer það, að þar sje svo frá ræðum gengið, er ekki koma fram fyr en löngu eftir fundi í þingdeildum, að ekki verði einhverju ósvarað í ræðum ýmsra þingmanna, sem maður hefir ekki tíma til að lesa.

Hv. þm. Str. mintist á hinn mæta mann, sem hjer var borinn til grafar í gær, og sagði, að hann hefði altaf greitt atkvæði í gengisnefndinni í samræmi við skoðanir sinna umbjóðenda, sem sje stjórnarinnar. Út af þessu verð jeg að segja það, að hann sem fulltrúi stjórnarinnar í gengisnefndinni talaði oft við stjórnina um þau atriði, sem fyrir lágu í gengisnefndinni í hvert skifti. Og jeg skal líka taka það fram, að jeg spurði hann altaf fyrst um hans álit í hvert skifti, til þess að vita, hvort mín skoðun í málinu væri í samræmi við hans skoðun og hvað hann hefði hugsað sjer, að ætti að gera. Það verð jeg að segja, að skoðanir okkar í gengismálinu fóru altaf saman. Á þetta hefði jeg þó ekki minst, ef ekki lægi í aðbeining hv. þm. Str. aðdróttun um það, að þessi nýlátni merkismaður hefði greitt atkv. í gengisnefndinni þvert ofan í skoðun sína. Jeg slæ því hjer með föstu, að stjórnin fór aldrei fram á það við þennan mann, að hann greiddi atkvæði öðruvísi en sam-

viska hans sjálfs bauð honum — enda mundi hann ekki hafa gert það.

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að jeg væri fjandsamlegur Íslandsbanka með því, að jeg vildi endilega fá nýjan banka inn í landið. Hv. þm. Str. sagðist ekki trúa mjer fyrir þessu láni, vegna þess að jeg sem forsætisráðherra væri formaður stjórnar Íslandsbanka, og mundi honum því hlutdrægur.

Jeg læt nú þá samherjana, hv. þm. Str. og hv. 1. þm. Árn., um það að rífast um þetta sín á milli.

Hv. 1. þm. N.-M. þarf jeg ekki að svara öðru en því, að mjer finst skjóta undarlega skökku við um skoðanir hans og hv. þm. Str. um afleiðingar gengishækkunarinnar. Hv. þm. Str. kennir gengishækkuninni um það, hvað verð á íslensku saltkjöti hafi lækkað í Noregi að undanförnu. En hv. 1. þm. N.-M. álítur, að gengishækkunin hafi í Noregi haft þveröfug áhrif. Jeg ætla að láta þessum flokksbræðrum eftir að bera saman þessar andstæðu skoðanir sínar og komast að einhverri niðurstöðu um þær.

Vegna þess, að hv. þm. Str. hefir nú talað tvisvar, skal jeg svara honum miklu minna en efni eru til. Jeg ætla ekki að fara út í hugleiðingar hans um laust og fast lán. Það, sem um það hefir verið talað hjer í þinginu, er svo skýrt, að enginn maður ætti að villast um það. En jeg vil grípa þetta tækifæri til þess að láta í ljós ánægju mína um það, að einn Framsóknarmaður, háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), hefir sýnt fram á það, að „Framsókn“ á innan sinna vjebanda mann, sem hefir kjark og vit til þess að vera forystumaður á þessu sviði.

Enda þótt jeg sje búinn að hnekkja ummælum hv. þm. Str. um ráðstafanir stjórnarinnar í gengismálinu árið 1925, þá verð jeg samt að svara honum nokkrum orðum. Vil jeg þá fyrst undirstrika, að hann hefir staðfest það, sem jeg hefi sagt, að stjórnin hefir engar ráðstafanir gert til hækkunar krónunnar. En á hinn bóginn hefir hún ekki gengið eins langt og hv. þm. Str. hefði viljað til þess að hindra hækkun krónunnar. En það, sem hv. þm. Str. misskilur í þessu máli, er það, að munur er á því, hvort ráðstafanir eru ekki gerðar til þess að hindra, að eitthvað komist í framkvæmd, eða menn eiga frumkvæði að því, að það komist í framkvæmd.

Þá sagði hv. þm. Str., að jeg hefði neitað Íslandsbanka um stuðning til þess að halda gengi sterlingspunds í 26 krónum. Jafnvel þótt þetta væri satt, þá væri sú ráðstöfun ekki til þess að hækka gengið, heldur neitun á ráðstöfun til þess að hindra hækkun gengisins. En þetta er alveg ósatt. Jeg skal lýsa yfir því, að Íslandsbanki hefir aldrei farið fram á seðlaútgáfu sjer til handa í því skyni að kaupa sterlingspund fyrir ákveðið verð. En hitt er satt, að það var orðað við mig af manni, sem ekki er í stjórn Íslandsbanka, hvort jeg vildi gera ráðstafanir til þess að verðfesta sterlingspundið. En jeg vildi það ekki.

Um það himindjúp, sem er á milli skoðana okkar hv. þm. Str. um fjárskiftingu milli sveita og bæja, þá er það djúp aðeins í höfði hv. þm. Str., því að hann álítur, sem jeg geri ekki, að landbúnaðurinn sje gjafaþurfi. Jeg verð að segja það, að jeg trúi á land-

búnaðinn og jeg treysti því, að hann taki framförum, enda þótt hann verði að greiða fulla vexti af lánsfje því, er hann fær.

Um till. hv. þm. Str. þarf jeg ekki að ræða. Hann hefir ekki skýrt hana svo vel. En verði hún samþ., þá efast jeg um, að hún verði skilin svo, að framkvæmanleg sje sú greining á fje Landsbankans, sem þar er farið fram á. En um þetta atriði talaði háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) svo ljóst, að jeg þarf engu þar við að bæta. Þó er jeg honum ekki sammála um það, er hann sagði um gengismálið og að því sje um að kenna, hvernig fór um brtt. hans 1925, hvernig nú er ástatt. Það er verðfall afurðanna, sem skapað hefir hinn óhagstæða greiðslujöfnuð árið 1926. Það er býsna mikill munur á því, hvort okkar afurðir falla í verði um 20%, en útlenda varan helst í óbreyttu verði, eða að peningar okkar hækka um 20%, því að þá lækka útfluttar og innfluttar vörur jöfnum höndum í verði. Það hefir mikið að segja og er sitt hvað, hvort okkar vörur lækka í verði um 20% eða gjaldeyrir okkar fellur um 20%.

Magnús Torfason: Jeg ætla alls ekki að biðja afsökunar á því, þótt jeg hafi lagt orð í belg um málið, því að jeg vissi ekki, að því myndi liggja svo mikið á, að ekki mætti fara þinglega með það.

Hæstv. fjrh. (JÞ) þóttist finna einhverja mótsögn í því, er við hv. þm. Str. (TrÞ) mintumst á í sambandi við hann og Íslandsbanka. Þess er þá fyrst að geta, að jeg hefi aldrei haldið því fram, að hæstv. forsrh. væri óvinur Íslandsbanka af ásettu ráði. Jeg býst við, að hann hafi breytt svona gegn bankanum af hreinni og beinni einfeldni.

Hæstv. fjrh. ljet í veðri vaka, að Íslandsbanki hafi verið því samþykkur, að stofnaður væri hjer nýr banki.

Já, jeg segi þá ekki annað en: Guð hjálpi stjórn Íslandsbanka og gefi henni að vaxa að náð og visku!

Það vita margir, að nýr banki yrði Íslandsbanka hættulegur keppinautur. Nýr banki með nóg fje og laus við gamlar skuldir getur lánað út fje með lægri vöxtum en Íslandsbanki og með því móti tekið frá honum bestu viðskiftavinina. Í öðru lagi er það víst, að nýr banki hjer mundi taka mikið af innlánsfje Íslandsbanka, sem nú er upplýst, að hefir minkað mikið þessi síðustu ár, og hefði þó orðið enn meira, ef nýr banki hefði komið hjer. Það fara ekki allir með sparisjóðsfje sitt í Landsbankann hans vegna, heldur vegna hins, að það er ekki í annan tryggari stað að venda.

Hæstv. forsrh. sagði, að landbúnaðurinn ætti ekki viðreisnar von nema því aðeins, að hann fái gjafir, og þá líklega frá útgerðinni. Þetta kalla jeg dálítið grálega mælt og öðruvísi en hæstv. ráðh. talaði á Skeiðunum. **(PO:** Hann sagði, að þm. Str. (TrÞ) hefði sagt þetta). Já, gerði honum upp orðin. Við fulltrúar landbúnaðarins höfum ekki slíka skoðun sem þessa. Við álítum, að landbúnaðurinn gæti heimtað og eigi skilið að fá bætur fyrir þann skaða, sem honum er gerður með þúsunda- og miljónatapi útgerðarinnar og ber nú þungann af. Það er framlag, en ekki gjöf, er sá, sem fyrir skaða

verður, fær bætur frá þeim, sem skaðanum olli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla ekki að gera nema nokkrar athugasemdir.

Mjer fanst það óviðeigandi af hæstv. forsrh. að drepa á það, að hjer hefði verið hafðar málalengingar í frammi. Hæstv. forsrh. verður að vita það, að ekki er hægt hjá því að komast að tala um gengismálið um leið og talað er um þetta mál, því að þau grípa hvort inn í annað.

Jeg ætla einkum að minnast á það, sem hæstv. ráðh. vjek að viðvíkjandi síðustu gengishækkun. Hann hjelt því fram, að jeg segði það ósatt, að hann hefði verið valdur að gengishækkuninni. En hann kannast við, að hann hafi ekki leitast fyrir um ráðstafanir til að hindra hækkunina. Hann játar, að hann hafi ekki gefið Íslandsbanka tryggingu fyrir að fá þá seðla, sem hann hefði þurft til þess að geta keypt sterlingspundið á 26 krónur. Hann játar, að hann hafi ekki orðið við kröfum okkar um að kalla saman aukaþing. Hann játar yfirleitt, að hann hafi ekki beitt þeim ráðum, sem hann hafði í hendi sjer, til þess að koma í veg fyrir gengishækkun. Og hvað er það annað en að hann hafi orðið valdur að hækkuninni?

Þá þarf jeg að segja örfá orð út af ummælum hæstv. ráðh. um afstöðu okkar til landbúnaðarins. Hann sagði, að jeg hefði ekki trú á framtíð landbúnaðarins nema hann fengi gjafir. Jeg mótmæli þessu algerlega. Og mig furðar, að hæstv. ráðh. skuli dirfast að kasta því fram, að landbúnaðurinn hafi fengið gjafir. Nei, þeir, sem hafa fengið gjafir úr opinberum sjóðum, eru mennirnir við sjóinn. Það eru þeir, sem sökt hafa í sjóinn miljónum eða tugum miljóna, eins og reikningar bankanna sýna. Og jeg sje eftir þeim gjöfum, — því að hvað hefir komið í staðinn?

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg veit, að hv. þdm. skilja allir, og hv. þm. Str. (TrÞ) líka, að það er alt annað að neita að hindra straum eða hreyfingu eða rás viðburða, eða hitt, að vera orsök þess straums eða viðburðarásar. (**MT:** Þar er nú vant milli að sjá). Jæja, er það erfitt fyrir hið löglærða yfirvald Árnesinga? Jeg vona þó, að hann hafi rekið sig á það í sinni fræðigrein, að víða er gerður átakanlegur munur á þessu tvennu.

Jeg sagði ekki, að landbúnaðurinn hefði fengið gjafir. Hv. þm. Str. kvartaði yfir því, að hjer hefðu verið drepin frumvörp fyrir sjer á fyrri þingum, sem miðað hefðu landbúnaðinum til gagns. En alt slíkt, sem drepið hefir verið, hefir verið með því sama marki brent, að það hefir verið farið fram á gjafir handa landbúnaðinum. Við höfum verið sammála þar, sem veitt hefir verið fje án þess gjafir fylgdu. Stefnumunur okkar er sá, að hann trúir ekki á, að landbúnaðurinn geti þroskast af eigin krafti. Við getum verið sammála um ýms framlög til þess að ýta af stað hreyfingu, sem við báðir óskum eftir, en við höfum mismunandi traust á því, hvað fengist geti.

ATKVGR.

Brtt. 139 feld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, BSt, HjV, IngB, JG, JörB.

nei: MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, BSv.

MT, HStef greiddu ekki atkvæði.

Tveir þm. (PÞ, SvÓ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, BSv.

nei: JG, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HjV, IngB.

MT greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (PÞ, SvÓ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 130).

Á 26. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þó að dagskráin beri það með sjer, að leita þurfi leyfis hv. deildar um, að mál þetta verði tekið fyrir í dag, þá er það ekki því að kenna, að of skamt sje liðið frá því að hv. Nd. afgreiddi það hingað, heldur er það fyrir ógát skrifstofunnar, að því var ekki útbýtt fyr en í gær. Þó vil jeg geta þess, að frv. eins og það liggur fyrir var útbýtt hjer áður, eða eins og það var eftir 2. umr. í hv. Nd., en síðan hefir það engum breytingum tekið. Þess vegna vildi jeg, að hv. deild leyfði fyrir sitt leyti, að málið mætti koma fyrir í dag, þrátt fyrir þennan formgalla. Jeg mundi þá leggja til, að þessari 1. umr. yrði hraðað svo, að málið kæmist til nefndar í dag, þar sem helgidagur er framundan, og gæfist nefndinni þá kostur á að athuga það betur.

Forseti (HSteins): Það er rjett hjá hæstv. forsrh. (JÞ), að skrifstofunni hefir skotist yfir að láta útbýta frv. það snemma, að ekki þyrfti að leita afbrigða um að taka það fyrir í dag. Hinsvegar vænti jeg, að það komi ekki að sök eða verði til þess að tefja málið, og leyfi mjer þá að bera það upp, hvort afbrigði skuli leyfð eða ekki.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Frv. þetta er upphaflega borið fram af hv. fjhn. Nd. Háttv. þdm. eru nú kunnar orðnar ástæðurnar fyrir því, að það er fram komið, af umr. þeim, sem staðið hafa um málið í háttv. Nd. Sje jeg því ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri nú að þessu sinni, en mælist til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Jón Baldvinsson: Jeg get slept því að ræða um málið nú við 1. umr. þess. En jeg get ekki látið hjá líða að lýsa nú þegar yfir óánægju minni út af þeirri launung og því pukri, sem átt hefir sjer stað í allri meðferð málsins, og það frá fyrstu tíð. Hæstv. stjórn hefir varist allra svara um hinn eiginlega kjarna málsins, þrátt fyrir það, þó óskað hafi verið eftir frekari upplýsingum.

Þegar um það er að ræða erlendis að taka ný lán, þá er venjan, að slíkt mál sje rætt opinberlega í blöðum og

frá öllu því skýrt, sem þýðingu hefir í málinu.

Þessi hula og launung, sem hvílir yfir þessu máli, er aðeins til að koma á stað tortrygni gagnvart þeim stofnunum, sem að þessu standa. Almenningur hugsar sem svo, að úr því ekki eru gefnar sjálfsagðar upplýsingar af hálfu hæstv. stjórnar, þá hljóti eitthvað óttalegt að liggja hjer á bak við. Hæstv. stjórn hefir því farist mjög óviturlega um meðferð málsins og gert það óttalegra í augum fólksins en þörf er á.

Jeg minnist þess nú, að þegar Danir tóku sitt stóra miljónalán til þess að sameina skuldir sínar, þá var þetta mál rætt í blöðum þeirra, og þá frá öllum hliðum, t. d. hvað lánið þyrfti að vera stórt, hvert gagn það mundi vinna, vaxtakjör lánsins o. fl., o. fl., sem gert var til þess að mönnum yrði ljóst, um hvað væri að ræða. Afleiðingin varð líka sú, að málið fór svo að segja umræðulaust gegnum þingið, og var það þakkað því, að búið var að ræða það svo rækilega í blöðunum, og auðvelt var fyrir þm. að taka afstöðu um það.

En þó að þetta mál sje enn með öllu óupplýst, þá mun jeg ljá því atkv. til 2. umr. og nefndar, í þeirri von, að af því verði hjúpuð sú launung, sem yfir því hvílir. Annars er það ekki rjett, að frv. þetta sje borið fram af fjhn. Nd. Hún kom að vísu með frv., en því var breytt svo í meðferð hv. deildar, að það má miklu fremur segja algerlega um nýtt frv. að ræða, sem hæstv. forsrh. (JÞ) er flm. að, en um þetta gefst eflaust tækifæri til að ræða síðar, og get jeg því látið máli mínu lokið nú.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þarf ekki að svara hv. 5. landsk. (JBald) öðru en því, að jeg er reiðubúinn að ræða þessa hlið málsins við hv. fjhn. og aðra hv. þm., ef þeir óska þess.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að gera grein fyrir atkvæði mínu, og hún er sú, að jeg mun fylgja frv. þessu til nefndar, en þar með er engu heitið um það, hvort jeg fylgi máli þessu áfram.

Úr því að jeg kvaddi mjer hljóðs, þá eru það aðallega tvær spurningar, sem jeg vildi beina til hæstv. forsrh. viðvíkjandi vinnutilhögun hans um þetta mál.

Í fyrsta lagi vildi jeg spyrja, hvort hann vildi ekki skýra málið, svo að það lægi ljóst fyrir, og þar með láta hverfa launung þá, sem hvílt hefir yfir þessu máli í allri meðferð hans á því. Jeg er fyllilega sammála hv. 5. landsk. (JBald) um það, að það sje best fyrir alla parta, að hæstv. stjórn dragi nú ekki lengur að skýra opinberlega frá því, hvað meint sje eiginlega með þessari lántöku. Það er talað um, að lánið eigi að vera 9 miljónir, en þó veit enginn, hvað satt er í því, og svo á að taka annað lán síðar í vor. Alt þetta er nauðsynlegt að upplýsa, enda á deildin heimting á því áður en hún segir sitt síðasta orð um málið.

Þá er hin spurningin, að þar sem hæstv. forsrh. ætlast til, að helgidagavinna sje lögð í það að athuga frv., hvort hann búist við því sjálfur að leggja á sig að gefa nefndinni þær upplýsingar, er hún óskar, á helgidegi, og hvort hann jafnhliða veiti

nefndinni það vald, að hún geti kvatt bankastjóra beggja bankanna á fund sinn. Jeg legg mikla áherslu á þetta, að bankastjórarnir komi til viðtals við nefndina og skýri henni frá, hvaða nauðsyn beri til að taka þetta nýja miljónalán. Ætla jeg svo að bíða átekta um það, hvernig hæstv. forsrh. svarar þessum spurningum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem jeg sagði. Þangað til hv. formaður fjhn. kallar mig á fund nefndarinnar, tel jeg ekki skyldu mína að gefa frekari upplýsingar. En þegar hann kveður mig til viðtals, þá mun jeg gegna.

Jónas Jónsson: Hæstv. forsrh. neitar að vinna helgidagavinnu bæði fyrir sig og aðra, og af orðum hans má ráða það, að hann vilji enga hlutdeild í því eiga, að bankastjórarnir komi til viðtals við nefndina. Það er því ætlun hans, að sama launung eigi að vera yfir málinu hjer eftir sem hingað til.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er langt frá því, að jeg neiti að mæta til viðtals við nefndina á helgidegi eða neiti að gefa upplýsingar um málið. Jeg tók það einmitt fram í svari mínu til hv. 5. landsk. (JBald), út frá því sem hann sagði, að jeg væri einnig fús á að ræða þá hlið málsins við hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 182 og 193).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Máli þessu var vísað til fjhn. fyrir fáum dögum, og hefir meiri hl. nefndarinnar falið mjer að segja örfá orð um málið.

Jeg get því miður harla lítið sagt um þetta mál, því að mjög mikil hula virðist hvíla yfir því, hvort sönn þörf er fyrir að taka svo hátt lán. Og enn meiri hula er dregin yfir hag bankanna, sem síst ætti við, er svo stendur á, þegar ríkissjóður á hvað eftir annað að ganga í ábyrgð fyrir þá.

Það, sem fyrst gerist í málinu, er það, að stjórnin ber fram frv. um, að ríkissjóðurinn gangi enn í nýja ábyrgð fyrir bankana fyrir stórláni, og ber þær ástæður fram, „að æskilegt þyki", að Landsbankinn komist í viðskiftasamband í Ameríku. Fleira er ekki sagt um þetta þar, svo að nefndin gat ekki grætt mikið á þessu, og þess vegna leitaði hún til stjórnar Landsbankans, lántakandans sjálfs, og spurðist fyrir um það, hvort þeir bankastjórarnir álitu, að bráðnauðsynlegt væri, atvinnuveganna vegna, að taka slíkt stórlán. Þeir vildu ekkert ákveðið um það segja, en tóku þó fram, að Landsbankinn hefði nægilegt rekstrarfje í bráðina.

Þar næst kom svo röðin að bankastjórum Íslandsbanka, sem nefndin sneri sjer til; þeir könnuðust við, að þeir þyrftu einhverrar hjálpar við, að minsta kosti sem svaraði $^1/_9$ hluta af því láni, sem ætti að taka. Var þá eftir að vita, hver þyrfti á $^8/_9$ hlutum lánsins að halda. Nefndin sneri sjer

þá til ríkisstjórnarinnar, og virtist það vera álit hennar, að atvinnuvegirnir myndu verulega líða við það, ef lánið væri ekki tekið. Eins upplýsti stjórnin, að ekki væri víst, að alt lánið yrði notað, þó að heimild væri til þess, þar sem þetta lán væri reikningslán, og því heimilt að draga af því sem sýndist, og stjórnin áleit, þó að ekki væri bein þörf á láninu í svip, að þá væri þetta nokkurskonar öryggisráðstöfun, ef illa kynni að fara um viðskifti landsins við önnur lönd. Þegar meiri hl. nefndarinnar hafði fengið þessar upplýsingar, þá vildi hann ekki taka á sig þá ábyrgð að vera á móti lántökunni, og vildi ekki á neinn hátt styðja að því, að atvinnuvegirnir biðu tjón af því, og það er þess vegna, sem meiri hl. nefndarinnar hefir fallist á að greiða atkv. með frv.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg hefi að vísu, á þskj. 193, gert nokkuð ítarlega grein fyrir skoðun minni í þessu efni, eftir því sem tími gat unnist til, en jeg get þó ekki komist hjá því, þar sem þetta er langstærsta fjármálið, sem liggur fyrir þinginu í vetur, að fara um það nokkrum orðum, til þess að hæstv. fjrh. (JÞ) geti gefist tækifæri til þess hjer í deildinni að skýra málið nokkru nánar. Það hefir nokkuð verið drepið á það af hv. frsm. meiri hl. (BK), að það hvíldi hula yfir þessu máli, og verð jeg að staðfesta það álit. Þetta er í sjálfu sjer þannig, að það er verið að taka það stærsta lán, sem tekið hefir verið af íslensku þjóðinni frá því að enska lánið var tekið 1921. Þó er því svo varið um þá aðilja, sem nú koma til greina, beint eða óbeint, að enginn þeirra sýnist þurfa þessa láns með, eða þeirrar ákveðnu upphæðar, sem hjer er farið fram á. Vil jeg fyrst taka Landsbankann, sem ranglega virðist vera álitinn þurfandi fyrir þetta lán. Hann virðist ekki hafa játað, að lántakan væri gerð vegna sín eða að hann þyrfti þessa láns með. Landsbankinn er nú, sem betur fer, þannig staddur, að það sýnist ekki vera nein brýn þörf fyrir hann að taka nú lán. Jeg hefi fengið upplýsingar um það síðan nál. var skrifað, að Landsbankinn muni hafa að minsta kosti sem svarar 4 miljónum króna af handbæru fje nú af viðskiftaláni sínu í næstu löndum, og ef ekki væri leitað á hann með neinar óvænlegar þarfir, þá getur maður ekki búist við öðru en að þetta væri nóg handa honum til þess að geta int af hendi sínar skyldur, þangað til gjaldeyrir fer að streyma inn fyrir framleiðslu þessa árs og vörur frá fyrra ári, sem nú eru að seljast. En nú kemur það í ljós, að Landsbankinn sýnist ekki hafa neitt með þetta mál að gera, og landsstjórnin ekki heldur, svona á yfirborðinu. Og þá kemur þriðji aðilinn, og það er Íslandsbanki; hann mun hafa snúið sjer til landsstjórnarinnar og beðið um nokkra aðstoð, eins og hann gerði á þinginu í fyrra. Þá var haldinn fundur fyrir lokuðum dyrum um það, að Alþingi veitti Íslandsbanka nokkra aðstoð, sem og var gert. En jeg get sagt það, að þegar á nefndarfundi var verið að leita að skýringu á þessu máli, og þegar bankastjórar Íslandsbanka voru viðstaddir, og þegar umtalið barst að því, hver hefði beðið um þessa upphæð, þá tók einn bankastjórinn það fram, að það dytti þó

engum í hug, að það þyrfti að taka margra miljóna króna lán, þótt hann þyrfti sem svaraði einni milj. kr. með; og jeg er samdóma bankastjóranum í þessu. Ef Íslandsbanki þarf ekki með nema sem svarar einni miljón, þá er ástæðulaust að taka 9 miljónir. Jeg hefi haldið mjer að þeirri einu tölu, sem komið hefir fram hjer opinberlega og sem stjórnin hefir ekki mótmælt. Jeg get mint á það, að fyrr í kreppunni komu tveir hv. þm. í Nd. fram með þá uppástungu, að stjórninni væri veitt heimild til þess að taka 15 milj. kr. lán, og á þinginu 1923, að stjórnin mætti taka 4 milj. kr. lán, og var tiltekið, til hve langs tíma, svo að þingið hefir gefið það fordæmi og gert ráð fyrir því sem sjálfsagðri skyldu, að það væri beinlínis tekið fram í hvert skifti, hve stór ábyrgðin ætti að vera. Jeg álít þess vegna, að þessi hula, sem er yfir láninu, geti ekki stafað af öðru en því, að stjórnin er hjer með einhverjar ráðagerðir, sem hún vill ekki setja þingið inn í. Það er sem sje óhugsandi, að lánið sje tekið vegna Íslandsbanka, sem þarf ekki nema litla hjálp, og óhugsanlegt, að það sje gert vegna Landsbankans, sem bersýnilega hefir þess ekki þörf fyrst um sinn. Þá er ekki nema landsstjórnin eftir, og jeg geri ráð fyrir því, að hún búist ekki við að nota þetta lán í eyðslueyri. En það er annað til; það getur verið, að landsstjórninni sje ekki ókunnugt um það, í hvaða ástandi atvinnuvegirnir eru, eftir þá framkomu, sem hún ber ábyrgð á og sem hún hefir haldið fram með miklu stolti og dirfsku í blöðum sínum og ræðum hjer, að væri sitt verk. Það eru ekki nema eitthvað tveir mánuðir síðan hæstv. forsrh. birti mönnum þann boðskap sinn um nýja krónuhækkun. Þrátt fyrir það þó að allir sjái, að við erum á leiðinni norður og niður hvað atvinnulífið snertir, gaf hann atvinnuvegunum vonir um það, að það skyldi verða haldið áfram í sama anda og verið hefir eins fljótt og hægt væri. Nú getur þess vegna verið, að landsstjórnin hafi það á bak við, að hún viti, að ástand atvinnuveganna er þannig, að þeir eru svo þjakaðir, að hún búist við miklum fjárhagslegum hörmungum í tiltölulega náinni framtíð, og þótt sú hætta sje ekki beint þannig aðsteðjandi fyrir bankana, að þeir geti sjeð það fyrir, og stjórnin ætli sjer að hafa þetta lán til taks, til þess að grípa til þegar alt annað hrynji, þá hefi jeg í þessu nál. sýnt allítarlega fram á, hvernig það hefir gengið síðan árið 1920, að stjórnin hefir altaf gripið til þess að taka stórt nýtt lán árlega, þegar alt ætlaði um koll að keyra hjer heima, og jeg verð að játa það, að það er að vísu nokkur framsýni hjá hæstv. stjórn að sjá það, að hún geti þurft 8—9 milj. króna lán til þess að jafna skakkaföllin, þótt við förum ekki út í þá sálma að ræða um það, sem hún vill og ætlar að gera, að koma krónunni upp um þá 19 gullaura, sem eftir eru, og það með þeim afleiðingum, sem menn vita, hverjar verða, eftir þeirri reynslu, sem á undan er gengin, þá virðist lántaka þessi vera gengislán.

Samkvæmt þessu þykir mjer sennilegast, að landsstjórnin sjálf vilji leggja mikla stund á að fá þetta lán, og í raun og veru hafi Íslandsbanki nokkra þörf fyrir það, en sem þó hefði

mátt bæta úr með því, að ríkið ábyrgðist 1—2 milj. króna fyrir hann. Þá mætti þetta lán sparast, svo framarlega sem landsstjórnin gengi ekki með einhvern leyndan kvíða fyrir því hreti, sem hún á vofandi yfir sjer.

Jeg get hugsað mjer, þótt jeg sje algerlega mótfallinn þeirri stefnu og aðferð, sem stjórnin hefir haft, að greiða ekki atkv. á móti frv. við þessa umr. málsins, vegna þess að jeg vonast til, að stjórnin kunni að gefa einhverjar þær upplýsingar við 3. umr., að hægt verði að dæma framkomu hennar nokkuð mildara heldur en eftir þeim gögnum, sem nú liggja fyrir. Mjer þætti skaplegra, að tekið væri 1—2 milj. kr. að láni í eyðslueyri heldur en 9 miljónir, og jeg geri ráð fyrir, að ef stjórnin vildi gefa þinginu skýrslu um það, til hvers ætti að nota þetta lán, þá myndi þessari beiðni hennar verða tekið margfalt betur. En það er þó sjerstaklega annað, sem jeg frá stjórnarinnar hendi mundi meta svo mikils, að jeg yrði fáanlegur til að greiða atkvæði með þessu frv. Það væri sem sje sú yfirlýsing frá stjórninni, að hún væri alveg hætt við sína fánýtu drauma um gengishækkun. Þætti mjer tilhlýðilegt, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að þar sem atvinnuvegirnir þyldu illa það, sem komið væri, þá hugsaði hann sjer að festa gjaldeyrinn þar, sem hann nú stæði, og hjeti á stuðning jafnvel andstæðinganna, sem og rjett er að gera í slíku máli sem þessu, til þess að verjast, ef mögulegt væri, að krónan lækkaði aftur. Þetta er sú skýring frá landsstjórninni, sem rjettlætti það, að þjóðin legði á sig byrðar til þess að ekki yrðu stórar sveiflur og ró kæmist á aðalmál viðskiftalífsins, gengismálið, og atvinnuvegirnir gætu lagað sig eftir því. Jeg skal taka það fram viðvíkjandi öðru láninu, að allir viðurkenna þörf á fasteignaláni, ef það er hentugt og ekki þarf að kvíða óhentugri verðsveiflu á krónunni. En margir álíta vafasamt að lokka menn til þess að gera jarðabætur og húsabætur, ef skuldirnar hækka um 20% ofan á háa rentu.

Öll fjármálastarfsemi hæstv. forsrh. er bygð í lausu lofti. Og þótt stjórnin vilji ekki játa, að henni hafi yfirsjest, mun hún þó nauðug ganga þá braut, sem gerir henni örðugt að ná hugsjón sinni. En hver króna, sem tekin er að láni erlendis og verður eyðslufje, er nýr fjötur um fætur hækkunarmanna. Því meiri sem lánin eru og því meiri vextir, sem úr landinu fara, því minna verður álitið á fjármálum hinnar íslensku þjóðar út á við og því minna traustið á gjaldeyri landsins. Mjer finst fara illa á því, að stjórnin skuli ekki vilja gefa yfirlýsingu um þetta og leita stuðnings Alþingis til þess að rjetta við atvinnulífið, með því að festa verðgildi krónunnar. Jeg tek samt þögnina sem svar upp á það, að hún sje að fjarlægjast hækkunina. En hún er hjer að opna sjer aðra leið, sem fáa mun langa í, að minsta kosti ekki mig.

Þeirri skýringu hefir verið haldið fram, að bankarnir þyrftu ekki nema lítinn hluta af láninu. Það er nokkuð undarlegt og fremur ótrúlegt, að Ameríkumenn skuli aldrei vilja lána minna en 9 miljónir króna, eins og stjórnin virðist halda. Þetta minnir mig, í sambandi við ótrúleik þessarar

að framleiðslan býr við það ástand, sem skapaðist þegar Íslandsbanki fór með seðlaútgáfuna. Þá er og verð afurðanna háð gengishækkuninni, og því hefir á endanum alt lánsfje og veltufje bankanna horfið í þessa stórkostlegu skuldahít. Jeg hefi þegar nefnt dæmi um það, hvernig framleiðslan er rekin með tekjuhalla öll þessi ár, nema 1924, og þó var harðæri það ár í nokkrum hluta landsins. Jeg hygg, að þetta sje alment játað. Hvað væri annars orðið af öllum þessum miljónum? Ekki hefir verið ráðist í nein stórvirki, fáar brýr bygðar, engin hafnarvirki gerð, engin járnbraut lögð eða vegir. Yfirleitt hefir, að frátöldu árinu 1926, en þá var unnið allmikið að byggingum o. fl., lítið verið gert af opinberum framkvæmdum. Engin önnur skýring er á þessu en að fjeð hafi farið í tekjuhalla atvinnuveganna.

Jeg get ekki komist hjá því að athuga dálítið, hvernig skuldirnar hafa upphaflega myndast. Kreppan byrjaði nú fyrir alvöru árið 1920. Þá lamaðist Íslandsbanki, og get jeg ekki sagt, að hann hafi rjett við síðan, jafnvel þó að 1921 væri samþykt að taka stórt lán til þess að fylla upp í hítina. — Jeg vona, að jeg geri ekki hæstv. atvrh. (MG) rangt til, þótt jeg segi, að hann hafi á þeim tíma verið á sömu skoðun og jeg er nú um það, að forðast bæri að taka lán. En þörfin var brýn. Og þá tók hann 1921 þetta voðalega lán, 10 milj. kr., með hörmulegum kjörum. En þetta fje varð eyðslueyrir ríkisins og hvarf í skuldir bankanna, einkum Íslandsbanka. Samkvæmt reikningum bankanna eru 8 milj. kr. óborgaðar af þessu láni, 6 milj. hjá Íslandsbanka, en 2 milj. hjá Landsbankanum. Sá hluti lánsins, sem Íslandsbanki fjekk, gekk eingöngu upp í þessa tegund skulda, þ. e. a. s. skuldir, sem mynduðust af tekjuhalla framleiðslunnar. Þetta var fyrsti þáttur kreppunnar, en bankinn var í jafnmiklum vandræðum eftir sem áður.

Næsta skuldaskrefið var stigið, er tveir þm. í Nd. báru fram á þinginu 1923 till. um 4 milj. kr. lántöku. Rökstuddu þeir till. með því, að lánið ætti að nota til þess að borga með lausaskuldir Íslandsbanka, en ekki skuldina við póstsjóðinn danska. Það er út af vandræðum bankans, að þessir tveir þm. (JakM og BJ f. V.), sem þá voru báðir bankaráðsmenn, biðja um ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessu láni. Þá voru skuldir bankans orðnar 15 milj. kr., þegar hjer er komið, 6 milj. kr. af enska láninu, 5 milj. kr. skuld við póstsjóðinn danska og loks þessar 4 milj. í lausum skuldum. En alt þetta fje var horfið í tekjuhalla framleiðslunnar. En þrátt fyrir öll þessi lán, var ástand Íslandsbanka hörmulegt og loks varð hann ekki lengur fær um að gegna skyldum sínum sem seðlabanki. Þess vegna er á þingi 1921 byrjað að útvega Landsbankanum veltufje til að annast starf, sem Íslandsbanki hafði tekið að sjer og bar skylda til að annast. En stjórn bankans hafði hegðað sjer svo gálauslega, að þegar hún tók að sjer að sjá um yfirfærslur á gjaldeyri, var hún raunverulega að þrotum komin.

Þá er það, sem byrjað er að koma til Alþingis og biðja um ábyrgð þess.

það veitti hana í fjáraukalögum 1921, 11. gr., og verður ekki annað sagt en að gálauslega væri frá ábyrgðinni gengið og öll meðferð þingsins mjög vítaverð. Hún hefir getað orðið einskonar málafærslumannsátylla fyrir þær stjórnir, er síðan hafa viljað sniðganga þingið um þess háttar ábyrgðir, því að þarna er strax byrjað með að veita ótakmarkaða heimild.

Út á þessa ábyrgð var svo tekið 4 milj. króna reikningslán í Englandi. Jeg held, að bankanum væri gert rangt til, ef sagt væri, að hann þyrfti nú að taka nýtt lán sjálfs sín vegna. Það er áreiðanlega óhætt að fullyrða, að hann á innieignir í erlendum bönkum, sem svara þessari skuld.

Jeg hefi þingsins vegna viljað benda á það, að þessi sjúkleiki byrjar með ábyrgðinni í fjáraukalögum 1921. Það var stórgalli á ábyrgðarheimildinni, að hún var veitt í fjáraukalögum, sem aðeins gilda fyrir eitt ár í senn. En ábyrgðina hefir altaf þurft að endurnýja, og hefir það í raun rjettri verið gert í lagaleysi þangað til nú, ef þingið samþykkir þetta frv.

Jeg hefi nú skýrt frá lántökunum 1921, hvernig þeim var háttað. Þá voru tekin þrjú stórlán, enska lánið 10 miljónir, reikningslán Landsbankans á 5. miljón og póstsjóðsskuldin danska 5 miljónir.

Nú líður og bíður til ársins 1923. Þá vilja tveir bankaráðsmenn Íslandsbanka fá lánsábyrgð handa bankanum, svo að hann geti greitt lausaskuldir sínar. Alþingi vildi ekki veita þessa ábyrgð, en gerði nokkurn veginn það sama. Því að núverandi atvrh. (MG), sem þá var frsm. fjhn. í Nd., hjelt því fram fyrir nefndarinnar hönd, að heimild væri í fjáraukal. 1921 fyrir meiri lántöku en þá var gerð. Var samþ. dagskrá í þessa átt í deildinni.

Stjórnin bar sig nú borginmannlega og hjelt, að nú þyrfti ekki fleiri lántökur. En í ársbyrjun 1924 var krónan að hraðfalla og ástand atvinnuveganna ömurlegt. Þá var tekið nýtt lán, sem í reikningum Landsbankans er talið 4 miljónir króna. Það var tekið í London á ábyrgð ríkissjóðs og til 20 ára. Hefir ekki verið borgað af því meira en eðlilegt er eftir tímalengdinni. — Fyrir þessari lántöku var notuð sama lögskýring og notuð var nú í aths. frv. í Nd. Þó man jeg ekki betur en að þegar það lán var tekið, hafi verið þingtími eða komið fast að þingtíma. En virðingu þingsins var svo háttað, að stjórnin vildi heldur nota sjer dagskrána frá 1923 en spyrja Alþingi leyfis fyrir ábyrgðinni. Jeg verð að segja, að jeg álít mikla missmíði vera á því að ganga í slíka ábyrgð án þess að láta þingið svo mikið sem vita um hana fyr en eftir á. Þetta lán hefir ekki heldur verið borgað, en hefir runnið til atvinnuveganna og bæst við skuldirnar út á við.

Nú skyldi maður halda, að hægt hefði verið að nema staðar með lántökurnar, þegar rjett ofan í þetta lán kemur góðærið mikla 1924. Og síðan hefir ekkert bjátað á fyrir íslenskum atvinnuvegum *annað en gengishækkunin*. Þetta hafa verið hagstæð fiskiár og nú er t. d. mildara veður á Íslandi en við Dónárósa. En þó kemur landsstjórnin enn á ný og fer fram á heimild til ábyrgðar. Því verður ekki neit-

sögu, á aðra sögu, um húsaprangara hjer í Reykjavík, sem fór í síldarbrask árið 1919. Hann sagði, að Íslandsbanki hefði troðið í vasa sína 50 þús. til þess að fara í síld. Minna mátti hann ekki fá. Þetta fje tapaðist auðvitað alt, sem vonlegt var. Þessi skýring, að ekki sje hægt að taka nema stórlán, er afarósennileg. En líklegast er, að engir segi þetta nema miðlararnir, sem fá því meiri prósentur sem lánin eru stærri. Og ef stjórnin hefir trúað þessu, þá er von, að hún borgi með ánægju það fje, sem milligöngumennirnir fá í sinn vasa. Jeg vona, að hæstv. ráðh. (JÞ) misvirði ekki við mig þessi orð um prósentur, því að svo miklar og áberandi voru prósenturnar af enska láninu, sællar minningar, að jafnvel hjer í fásinninu vissi hver maður, hvað gerst hafði. Það er jafnvel haft eftir mikilsmetnum manni, sem nú er dáinn, en var við mál þessi riðinn, að það liti svo út, sem enginn vildi það lán nema hinir dönsku og íslensku milligöngumenn, sem gerðu sjer eymd landsins að fje.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. upplýsi nú þetta mál og skýri ástæðuna fyrir launungínni. Jeg vil benda á það, að nefndin spurði bankastjórana, sem komu á fund hennar, hvort líkur væru fyrir því, að hægt væri að halda leyndum meðal erlendra fjármálamanna lántökuskilyrðunum og upphæð lánsins, sem Landsbankinn ætlaði nú að taka. Þeir töldu engar líkur á því vera; menn mundu fljótt fá vitneskju um alla málavöxtu, ef við færum að taka lán erlendis. — Jeg sje ekki annað en þetta sje tilraun til þess að láta hina sönnu ábyrgðarmenn, kjósendur landsins, ekki fá að vita neitt um lánsupphæðina. Þetta er rangt eftir reglum þeim, sem gilda í „parlamentariskum“ löndum. Þetta er brot á frumreglum þjóðræðisstefnunnar og persónuleg móðgun við kjósendur, að halda leyndri fyrir þeim lánsábyrgð, sem stjórnin verður að leggja á herðar þeirra. Í tilefni af þessu vona jeg, þótt sú von sje nú allveik, að stjórnin geri hjer hreint fyrir sínum dyrum (svo að jeg nú ekki kveði fastar að orði), áður en málið kemur til endanlegrar atkvgr. Það finst mörgum fleirum en mjer, að hjer vanti enn aðalskýringuna. Það hefir komið í ljós hjá sumum íhaldsmönnum, að jafnvel þar er einnig beðið með óþreyju eftir þeirri skýringu.

Jeg býst við, að hæstv. forsrh. viti, að blöð þau, er styðja stjórnina, og stjórnin sjálf hafa verið óspör á loforðum um að rjetta við fjárhaginn. Það voru ekki liðnir nema 10 dagar frá því að stjórnin settist að völdum, þegar farið var að básúna út um bygðir landsins, að nú ætti að rjetta við fjárhaginn. Og það leit um eitt skeið út fyrir, að svo mundi verða, vegna þess meðal annars, að fyrsta árið, sem stjórnin sat við völd, urðu tekjur landsmanna helmingi meiri en árið áður, og kom það af hinu sjerstaka góðæri. Þá uxu og tekjur ríkissjóðs eðlilega mikið við þetta. Af þessu leiddi, að hægt var að minka skuldir ríkisins, meðfram líka af sparsemi Alþingis 1924 og hinum þungu sköttum, er þá voru lagðir á landsmenn. Jeg býst við, að mönnum, sem ekki hafa neinar yfirdrifnar hugmyndir um fjármálavit hæstv. fjrh. (JÞ), sje það ljóst, að

það er ekki nóg að borga, segjum 8—10 milj. kr. af skuldum ríkissjóðs, ef svo er hrúgað upp öðrum hærri skuldum erlendis, stundum með hættulegri kjörum. — Jeg hefi álitið það skyldu mína — þar sem stjórnin aftur á móti hefir brotið skyldu sína með þessu pukri — að gefa hinum eiginlegu ábyrgðarmönnum, kjósendunum, ofurlítið yfirlit yfir hag landsins, og er það gert í nál. Mjer telst svo til, eftir gögnum þeim, sem fyrir liggja, að öll lánin, bæði þau, sem tekin hafa verið, og eins hin, sem stjórnin vill taka, komi til að nema í vor um 40—50 milj. kr. Einn liðinn, sem er skuld við póstsjóðinn danska, hefi jeg í varúðarskyni áætlað í ísl. kr., en vafi er um það, hvort ekki eigi að borga hana í dönskum kr., og gerir það nokkurn mun. Jeg mála því ástandið ekki svartara en það er. Þar að auki hefi jeg ekki tekið minni háttar skuldir lánstofnananna, sem til útgjalda kunna að koma fyrir þær eða jafnvel landið. Jeg tek það fram, að þótt landið eigi ekki Íslandsbanka, þá á það þó svo mikið hjá honum, að það mundi verða að hjálpa honum, jafnvel þótt vandræði hans kunni að aukast. Mjer finst nú ekki þessi 40 milj. kr. skuld benda til þess, að um viðreisn fjárhagsins sje að ræða. Mjer finst alt benda til þess, sjerstaklega þegar athugaður er tröppugangurinn í þessum lántökum, að Ísland hafi aldrei eftir 1874 verið jafnnálægt því að missa sjálfstæði sitt og verða undirlægja erlendra þjóða og einmitt nú. — Í raun og veru eru hinir sorglegu atburðir í fjármálalífi þjóðarinnar aðallega tveir, og eru þeir nátengdir framkvæmdum hæstv. stjórnar. Annar er hin hóflausa seðlaútgáfa Íslandsbanka fram að vorinu 1920, er náði þá hámarki sínu. En hinn er gengishækkunin 1924 og 1925. Þetta eru þeir tveir höfuðfarvegir, sem eyðslufje landsins hefir streymt eftir. — Fyrri atburðurinn, seðlaflóðið, olli dýrtíð, verðhækkun og fjárglæfrum, sem svo aftur leiddi af sjer fall krónunnar. Og svo hitt aftur á móti, að í stað þess að stöðva gildi krónunnar litlu ofan við lágmarkið og bjarga þannig við atvinnuvegunum, þá tók Landsbankinn og stjórnin þá stefnu að hækka kr., til ómetanlegs tjóns fyrir landið í heild sinni. Það er rjett að geta þess hjer, þar sem búast má við, að mönnum finnist ekki nál. vera hlýtt í garð Íslandsbanka, að bankastjórar þess banka skildu þó betur böl gengishækkunarinnar en forstjórar Landsbankans og fjrh. (JÞ). Vil jeg því bera Íslandsbanka það, að hin síðari villa sje ekki eins mikið honum að kenna og hinum aðiljunum.

Út af þessum tveim undirstöðum fjármálakreppunnar má nú draga ályktanir og skýra það, sem síðan hefir gerst. Seðlaflóð Íslandsbanka, sem þingið og stjórnin ljetu því miður viðgangast, skapaði þann óeðlilega verð- og kaupgrundvöll, sem síðan hefir verið. En þegar krónan hækkaði aftur 1924 og '25, komu skuggahliðarnar í ljós og urðu skýrari með degi hverjum. — Jeg hefi reynt í nál. að gera það ljóst, enda hygg jeg, að ekki verði um það deilt, að þær milj., sem teknar hafa verið til láns, hafa farið í súginn vegna seðlaútgáfunnar og gengishækkunarinnar. Lánin eyddust í tekjuhalla, sem varð á framleiðslunni. En sá tekjuhalli stafar af því,

að, að að þessu sinni vildi hún fara bak við þingið, svo sem fyrri daginn.

En, sem sagt, lántakan 1924 og góðærin síðan hafa ekkert megnað á móti þeim ormi, sem nagað hefir rætur atvinnuveganna, hækkun krónunnar. Jeg geri ráð fyrir, að það sje rjett, sem einn háttv. þingmaður í Nd. sagði, og hæstvirt landsstjórn ljet ómótmælt, að þetta lán sje nálægt 9 miljónum króna og þar af eigi Íslandsbanki þegar í stað að fá álitlega fjárhæð, og meira síðar gegnum endurkaup á víxlum. Jeg býst nú við, að menn geri sjer alment vonir um, að þetta verði síðasta stóra lántakan, sem þurfi að taka í tekjuhalla framleiðslunnar. En jeg sje hvergi nein skilríki fyrir því, að svo verði. Þvert á móti eru sömu ástæður enn starfandi sem áður hafa valdið halla á útgerð, bæði til lands og sjávar. Húsaleigan er t. d. svo há, að jeg hygg mig muna það rjett, að hæstv. atvrh. (MG) hafi sjeð sig knúðan til að skjóta því inn í viðtal, er blaðamaður átti við konu hans, er þau voru í Danmörku, að húsaleiga væri helmingi hærri í Reykjavík en í Kaupmannahöfn. Einu tilraunina, sem gerð hefir verið til að þrýsta niður húsaleigu í Reykjavík, gerði jeg árið 1923, er jeg bar fram frv. um það, að húsaleiga skyldi miðuð við fasteignamatsverð hússins. En þá brutu stuðningsmenn hæstv. núv. stjórnar niður þessa tilraun. Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að bera þetta fram á ný. Það er þeirra að bæta fyrir afglöp sín, sem ekki vildu þekkjast góð úrræði í tíma. — Því tel jeg sennilegt, að skuldasúpan sje enn ekki hætt að vaxa. Þessar 9 miljónir geta orðið fastar og sokkið í tekjuhalla framleiðslunnar eins og allar hinar miljónirnar. Hvað þá? Ef hæstv. fjrh. (JÞ) yrði svo ógæfusamur að vera enn í stöðu sinni eftir fá missiri og þyrfti þá enn á ný að leita til Alþingis um nýja lántöku, vill hann þá ekki segja, hvað við sjeum bættari með að taka ekki karlmannlega á kýlunum þegar í stað? Er nokkur bættari með því, þótt nú sje enn á ný sukkað nokkrum miljónum, áður en gripið er til þeirra ráða, sem til þarf að grípa fyr eða síðar?

Jeg hefi í nál. mínu látið skína í það, sem jeg vil nú gera gleggra. Ef hjer væri betra skipulag á fjármálunum, eins og t. d. hjá Þjóðverjum, væri kannske hægt að líta með góðum vonum til framtíðarinnar. En þar sem ekki blasir annað við en að láta tekjuhallann halda áfram og sökkva ennþá útlendu lánsfje, þá sje jeg ekki glæsilegar framtíðarvonir. Jeg sje ekki, að núverandi stjórn sje trúandi fyrir nýjum lánum, sem eiga að liggja á eftirkomendum vorum eftir að saga núverandi stjórnar er ekki orðin annað en löngu liðin raunasaga.

Í þeim raunum, er nú dynja yfir þetta land, er það að vísu lítil, en þó nokkur huggun, að þeir útlendu fjármálamenn, sem stjórnin hefir staðið í samningum við, hafa komið þannig fram, að þess má vænta, að framvegis verði bæði þing og þjóð betur vakandi í þessum málum. Þessir amerísku bankamenn, sem leitað var til, neituðu að taka gilda ábyrgð hæstv. landsstjórnar án þess að hún sýndi löglegt umboð frá Alþingi.

Það er nú von mín, að þetta verði síðasta lánið, sem tekið verður hjer á landi í skipulagsleysi og að hjer eftir

verði engin landsstjórn á Íslandi svo djörf að nota fjáraukalög eða dagskrá, eða aðeins sína eigin ímyndun, að bakhjarli fyrir lántöku. Jeg hygg, að hjer eftir verði svo frá gengið, að leita þurfi samþykkis Alþingis í hvert sinn. Lántökurnar eru nógu slæmar, þótt löglega sje frá þeim gengið.

Jeg hefi í nál. mínu bent á, að eina vonin til þess, að þetta lán verði ekki til eins mikillar óhamingju og á horfist, sje sú, að Landsbankastjórnin gæti alveg sjerstakrar varfærni um meðferð fjárins. Þar sem Landsbankinn hefir ennþá nokkrar miljónir upp á að hlaupa erlendis, en þessi nýja lántaka vekur almennan kvíða í landinu, þá verður að vænta þess, að stjórn bankans noti lánið þannig, að hægt verði að standa við allar skuldbindingar. Og jeg treysti því, að bankastjórnin sjái, að það er enginn velgerningur við landið að láta undan þeirri ásókn, sem hún fær úr mörgum áttum, að styðja framleiðslu, sem ekki getur borið sig. Einhverntíma verður að gera upp þennan skuldareikning.

Þegar háttv. frsm. meiri hl. (BK) talar um aðhald og aukna tryggingu, þá er jeg honum sammála um, að það væri mjög æskilegt. En jeg er ekki svo bjartsýnn, að mjer komi til hugar, að neins þvílíks sje að vænta frá núv. hæstv. landsstjórn.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg geti að þessu sinni látið staðar numið. Tilgangur minn með þessari ræðu og nál. á þskj. 193 hefir verið að opna augu hv. þd. og allrar þjóðarinnar fyrir þeirri hættu, sem vofir yfir þjóðinni. Er það von mín, að þetta verði síðasta tekjuhallalán, sem tekið verður í okkar tíð.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg held, að hjer þyrfti ekki að búast við mjög löngum umræðum, ef aðeins væru ræddar frumvarpsgreinarnar; þær eru ekki svo margar. Þó verð jeg að víkja ögn að sjálfu frv. og orðalagi þess. Einnig verð jeg að ræða um form frv. og launung þá, sem um það hefir verið. — Það er alveg einstakt, að nokkur landsstjórn hafi búið mál eins illa undir og þetta. Fyrst fær hún hv. fjhn. Nd. til að flytja frv., eins og stjórnin vill, að það sje úr garði gert. En við 2. umr. umturnar stjórnin síðan öllu frv., svo að vart stendur stafur eftir af því. — Um form frv. hefi jeg það að athuga, að nafn bankans, sem lánið skal tekið hjá, er nefnt í frv. Jeg óska að vísu ekki, að nafni bankans sje haldið leyndu. En þetta lán er veitt aðeins til eins árs. Hugsum okkur, að bankinn vildi ekki endurnýja lánið og yrði að flytja það yfir í nýjan banka. Þá mætti stjórnin til að kalla saman Alþingi til að breyta nafni bankans í lögunum.

Þá er það launungin, sem um frv. hefir verið. Hæstv. landsstjórn hefir gert alt til að skapa óróa í kringum þetta mál og gefa ímyndun manna lausan tauminn til að hugsa sjer, að hjer sje alt að fara í kalda kol. Hæstv. ráðherrar hrista aðeins höfuðin, ef þeir eru spurðir um einhverja fjárhæð. Rjettast hefði verið að setja lánsfjárhæðina í frv., en sleppa nafni bankans, og í greinargerðinni átti að segja frá vöxtum og öðrum skilyrð-

um. Dettur hæstv. fjrh. (JÞ) í hug, að hann mundi nokkurntíma skrifa upp á víxil fyrir mann „in blanco“? Alveg því sama er hjer til að dreifa. Mjer finst ómögulegt, að þeir, sem ekki bera traust til hæstv. stjórnar, geti gengið að þessu. Það er a. m. k. óvenjulegt í viðskiftum manna á meðal, að ábyrgðarmaðurinn fái ekkert um það að vita, hvað það er, sem hann gengur í ábyrgð fyrir. En þó skyldi engum manni til hugar koma, að á þennan hátt verði þjóðin leynd hinu sanna um upphæð lánsins, þótt um það sje þagað í þinginu sjálfu. 2—3 dögum eftir að frv. var borið fram var jeg hringdur upp utan af landi og spurður, hvort fjárhæðin væri ekki þessi, vextirnir ekki þessir, afföllin ekki þessi o. s. frv. Svo að þetta er hvergi launung, nema í umræðum á Alþingi, því að alstaðar annarsstaðar vita menn það. Þegar bankastjórar Landsbankans töluðu við fjhn. Ed. spurði jeg þá, hvort þeir menn í fjármálaheiminum, sem annars teldu sig nokkuð vita um Ísland, myndu ekki allir vita, að Ísland tekur þetta lán, hve stórt það væri og með hvaða kjörum. Jú, auðvitað vita þeir það, svöruðu bankastjórarnir. En hvers vegna getur það þá skaðað að segja frá því, úr því að þessir fjármálamenn úti í heimi, sem gætu gert okkur skaða eða spilt fyrir lántöku okkar eða lánskjörum, vita þetta fullvel? Hvers vegna má ekki íslenska þjóðin vita þetta, þar sem hún á þó að ábyrgjast lánið? Frá hvaða sjónarmiði sem þetta er skoðað, þá er algerlega óforsvaranleg launungin, sem hefir verið á þessu máli.

Formið á láninu er jeg áður búinn að minnast á.

Í umræðum þeim, sem fram hafa farið um þetta lán, er búið að upplýsa það, að þörfin er ekki eins brýn og málið benti til í upphafi, þegar hæstv. forsrh. og stjórnin ætlaði að knýja málið í gegnum þingið með afbrigðum á afbrigði ofan. Maður heyrði sagt, að það hefði átt að ganga fram á einum tveim dögum gegnum sex umræður. Einnig sagði hv. frsm. meiri hl. fjhn. (BK) í kvöld í sinni ræðu, að eiginlega væri ekki upplýst, til hvers $^8/_9$ hlutar lánsins eiga að ganga. Það hefir að vísu verið vikið að því af hæstv. stjórn og einnig í umræðum í fjhn. og þinginu, að atvinnuvegirnir þurfi á þessu láni að halda. En það hefir þegar verið upplýst, að aðalbankinn — Landsbankinn — hefir um sinn nægilegt erlent fje, sem þýðir það, að hann getur lánað atvinnuvegunum fje. Það er ekkert launungarmál, að Íslandsbanki hefir átt við einhverja erfiðleika að stríða, og á enn, og muni hafa þörf á erlendu láni. Það er sagt, að Íslandsbanki eigi að fá 1 milj. kr. af láninu. Hitt er heldur ekkert launungarmál, að honum muni ekki vera það fullnægjandi.

Viðvíkjandi því að hjálpa Íslandsbanka til að styðja atvinnuvegina get jeg ekki stilt mig um að minnast á atvinnuvegina sjálfa í sambandi við þennan banka. Jeg ætla aðeins að nefna eitt atriði, þó að það sjeu vitanlega mörg atriði í rekstri bankans, sem mikið er talað um.

Vestur á Ísafirði hefir um langt skeið verið mikill mótorbátaútvegur. Meginþorri þeirra báta hefir haft

rekstrarfje sitt frá Íslandsbanka. Sagt er, að eigendur bátanna hafi tapað ár eftir ár miklu fje. Og á síðasta hausti var talið svo komið, að það væri ekki lengur hægt að halda áfram, heldur yrði að taka bátana af eigendum, til þess að halda ekki altaf áfram í sömu súpunni og verið hefir. Nú voru um síðustu áramót gerðar þær ráðstafanir, sem leiddu af sjer stöðvun bátanna. En að stöðva þessa báta þýddi aftur á móti það, að fjöldi manna á þessum stað varð atvinnulaus. Og jeg verð að segja, að eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið frá stjórn Íslandsbanka í viðtali við blöð, þá virðist það ekki vera fyrir rekstrarfjárskort, að bátarnir voru stöðvaðir. Að vísu er ekkert við því að segja, þótt bankinn hafi tekið bátana af eigendum, ef álitið er, að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. En maður verður að heimta það af þeim, sem höfðu þarna hönd í bagga um að taka bátana og í rekstri bankans á Ísafirði, að þeir hefðu vitað, að aðalvertíð þessara báta byrjaði strax upp úr nýári, svo að af stöðvun bátanna hlaut að leiða stórt tap fyrir hjeraðið. Það er trú manna þar vestra, að útibú Íslandsbanka á Ísafirði hafi hreint og beint gert þetta vitandi vits og gert bæjarfjelaginu þann skaða af pólitískum ástæðum. Bankastjórnin mátti vel vita, að ef bátarnir áttu að geta notfært sjer þann góða afla, sem venjulegast er hjer við Faxaflóa frá því í janúar og fram í mars, þá hefðu bátarnir þurft að vera tilbúnir um áramót. Þess vegna átti bankastjórnin ekki að gera þær ráðstafanir, sem komu svo herfilega niður á bæjarfjelaginu við það, að aðalatvinnuvegurinn stöðvast í 3—4 mánuði, eða hver veit hvað. Þetta er atvinnuvegur, sem bankinn hefir stutt hingað til. En jeg verð að segja, að varla þarf Íslandsbanki rekstrarfje handa þessum bátum, sem liggja uppi í fjöru á Ísafirði og hann virðist engan vilja hafa á að hjálpa. Og þess vegna þarf því ekki að láta hann fá fje af væntanlegu láni. — Hitt atriði málsins, sem er eiginlega á hvers manns vörum, að af útibúinu á Ísafirði sje að einhverju leyti unnið að því að halda bátunum kyrrum, og það er talið stafa af óvilja gegn þeim meiri hluta, sem ræður í bæjarfjelaginu á Ísafirði. Og þá fer maður að skilja, að allir geti naumast verið fúsir til þess að lána slíkri stofnun fje til þess að ráða yfir atvinnurekstri þjóðarinnar. Það hefir þó ekki enn verið bent á neitt, sem bendi til, að brýn þörf sje á lántöku, nema ef Íslandsbanki þarfnaðist einhvers.

Úr því að jeg hefi minst á bankastjóra Íslandsbanka á Ísafirði, sem margir segja að sje hlutdrægur, þá skal jeg lýsa yfir því, að síðan landið skipaði meiri hl. í bankastjórnina mun ekki hafa borið á slíku í aðalbankanum sjálfum. En fram að þeim tíma var ekki ugglaust um, að Íslandsbankastjórn blandaði sjer í atvinnudeilur milli atvinnurekenda og verkalýðsins. Í eitt skifti var enda játað af einum bankastjóra Íslandsbanka, að hann hefði gert tilraun til að hnekkja samtökum sjómanna og notað til þess vald bankans yfir viðskiftamönnum hans. En slíkt getur ekki gert menn fúsa til þess að afhenda þessari stofnun peninga, ef það loðir ennþá við, þó ekki sje nema útibú bankans. Ef alt

hefði verið með feldu um þetta mál, þá hefði jeg getað tekið undir með háttv. 4. þm. Reykv. (HjV), er sagði í Nd., þegar þetta mál var þar rætt, að sjálfsagt væri að fylgja því, ef hjer væri alveg venjulegt rekstrarlán handa Landsbankanum. En mjer skilst alt, sem fram hefir komið, benda á annað, því að Landsbankinn á fje erlendis og þarf því ekki í bili á slíku láni að halda.

Mjer er sagt, að eftir að sú skipun komst á, að toppseðlarnir voru teknir frá Íslandsbanka og fluttir til Landsbankans, þá hafi ríkisstjórnin haft nokkurn hlut um það, hvað Landsbankinn endurkeypti af víxlum frá Íslandsbanka, sem leiddi aftur af því, að ríkisstjórnin væri orðin nokkurskonar bankastjórn, meðan seðlaútgáfurjettinum væri ekki skipað á annan hátt en að stjórnin færi með hann í samráði við Landsbankann. Nú hefir það upplýst, að hæstv. stjórn vill stuðla að því, að Íslandsbanki fái hluta af þessu væntanlega láni. Jeg álít, að „pólitísk" stjórn eigi ekki að blanda sjer inn í slík viðskifti milli bankanna. Því að tilmæli stjórnarinnar til annarshvors bankans um að gera þetta eða hitt, eru vitanlega skoðuð sem skipanir.

Það er að vísu ýmislegt rjett í nál. hv. 1. landsk. (JJ), og reyndar í ræðu hans líka, en þó get jeg ekki verið honum sammála um nærri alt. Hann telur þá hættu við að taka þetta lán, að hæstv. stjórn noti það til þess að hækka gengið. Jeg get ekki skilið, að nokkur búist við að krónan hækki meðan svona stendur. En hitt getur komið fyrir, að það þurfi einhverntíma að taka slík lán. Jeg viðurkenni það hinsvegar hjá hv. 1. landsk., að nokkur hætta getur stafað af skuldum okkar við útlönd á þann hátt, að óorð komist á peningamál okkar. Það hefir að minsta kosti verið litið svo á, að það væri ekki lítið atriði í gengismálinu, að menn hefðu trú á því, að fjármál landsins væru í góðu lagi. Trúin ein getur í þessu efni haft áhrif á gengið. Ef við erum búnir að taka stórlán, getur erlendum bankamönnum hæglega staðið stuggur af því. Þess vegna gæti þetta lán ef til vill orðið til þess að fella krónuna í verði. Og meðan hægt er að sýna fram á, að til er nokkuð af óeyddu fje, sem bankinn getur átt aðgang að erlendis, þá er ekkert í hættu; það er fyrst hætta, þegar fer að verða hörgull á erlendum gjaldeyri.

Jeg býst ekki við að geta greitt atkvæði með þessu máli eftir alt það, sem komið er upp í þessu máli, og sjerstaklega eftir þær upplýsingar, að þörfin fyrir lán er ekki eins brýn eins og látið var af í upphafi. Jafnvel þótt hæstv. stjórn geti knúð þetta fram, þá álít jeg, að það eigi að spyrna við. Hún fór þannig af stað í þessu máli, að það sýnir sig, að það veitir ekki af að setja á hana einhverja „bremsu", svo að hún hlaupi ekki með fjármál landsins í voða, eins og hún hefði getað gert, hefði hún haft öll ráð frá upphafi í þessu máli.

Í þessu alvarlega máli er það reyndar ofurlítið spaugilegt, að enginn hefir getað fundið út, til hvers eigi að nota þessa $^{8}/_{9}$ hluta lánsins. En samt á að taka það svona stórt, að við þurfum ekki að nota nema $^{1}/_{9}$ hluta.

Hitt á víst að vera til þess að sýna, hvað við getum „slegið stórt“ erlendis. Þetta minnir mig á það, þegar leitt var í lög, að enginn mætti kaupa minna af brennivíni en 3 pela flösku. Eitt þjóðskáldið samdi sögu um þetta, og er hún á þá lund, að maður nokkur, sem þótti gott að fá aðeins í staupinu, fór í kaupstaðinn og kemur í búð — en hafði ekki hugmynd um þessi nýju lög — og biður um eitt staup. Búðarþjónninn segir, að hann fái ekki minna en 3 pela. Manninum þótti gott í staupinu og var hætt við að drekka heldur illa; en hann ætlaði í þetta skifti að stilla sig og taka sjer aðeins einn „dramm“. En lögin heimtuðu, að hann tæki 3 pela, og freistingin varð of sterk, svo að hann keypti flöskuna. Náttúrlega fór manngarmurinn á sjóðandi fyllirí og alt lenti í áflogum og gauragangi þegar heim kom.

Jeg vil vona, að það fari ekki eins fyrir hæstv. stjórn, að alt fari í sukk og voða fyrir það, að stjórninni hefir farið eins og þessum manni, að hún tekur mörgum sinnum stærra lán en við þurfum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. meiri hl. nefndarinnar fyrir undirtektir undir þetta mál. Og jeg get ákaflega vel tekið undir þá hugsun, sem kom fram hjá hv. frsm., að það er yfir höfuð ákaflega áríðandi nú — eins og raunar endranær — að bankarnir fari sjerstaklega gætilega með það lánsfje, sem þeir hafa og fá á milli handa. Jeg get fullkomlega tekið undir það, að það lítur svo út, sem í ýmsum tilfellum hafi verið farið of langt í því að halda uppi atvinnurekstri, sem rekinn var með tapi. Auðvitað hafa þeir bankastjórar, sem þetta gerðu og ábyrgð á því bera, eflaust í hverju tilfelli gert það í góðri meiningu. Það getur oft verið mikið vandamál að skera úr, hvenær á að stöðva slíkan atvinnurekstur, eins og raunar átakanlega hefir komið í ljós í þeim ræðum, sem hv. 1. landsk. (JJ) hefir haldið hjer, þar sem hann hefir lagt sjerstaka áherslu á að halda ekki uppi atvinnurekstri, sem rekinn er með tapi, — og í ummælum hv. 5. landsk. (JBald) um það, hver óhæfa hafi verið framin af útibúi Íslandsbanka á Ísafirði, þegar nú var stöðvaður þar rekstur allmikillar mótorbátaútgerðar, sem hefir verið rekin með tapi árum saman. Þetta skapaði náttúrlega nokkuð atvinnuleysi; og það bakar hlutaðeigandi bankastjórn eða útibússtjóra meðal annars ákúrur — að jeg hygg alveg óverðskuldaðar og órjettmætar — fyrir það, að þetta sjeu einhverjar „pólitískar“ brellur hjá andstæðingunum, til þess að skapa neyðarástand.

Um eftirlit ríkisstjórnarinnar með bankanum er það svo, að hún á býsna erfitt með að hafa nokkurt verulegt eftirlit með ákvörðunum um einstakar lánveitingar. En hún getur lýst skýrt yfir við bankastjórnina — og því vil jeg ekki á neinn hátt skorast undan — því áliti sínu, að það verði að gæta ýtrustu varúðar um lánveitingar og ýtrustu varúðar í að halda uppi til langframa fyrirtækjum, sem rekin eru með tapi. Hitt held jeg allir viðurkenni, að þótt það komi fyrir í sjerstökum kreppuárum, að atvinnufyrirtæki, sem sýnt er, að eru heil-

brigð, beri eitthvert tap frá borði, þá sje oft og einatt ekki rjettlátt að velta þeim og stöðva atvinnu vegna slíks.

Hv. 1. landsk. hjelt hjer langa ræðu, og hv. 5. landsk. endurtók sumt úr henni. Að því leyti, sem þessi langa ræða hv. 1. landsk. snerti málið, var hún bygð á einum grundvallandi misskilningi, sem sje að hjer væri um það að ræða, að Landsbankinn tæki í raun og veru stórt lán. Það er ekki það, sem hjer er um að ræða, heldur á honum að verða opin heimild til þess að fá lán eftir hans nauðsynlegu þörfum. Því hefir verið rjett lýst, að þarfirnar fyrir slíkt erlent lán eru nú sem stendur ekki mjög miklar eða aðkallandi. Og það getur vel farið svo — og myndu sjálfsagt allir vilja óska þess —, að sú lánsheimild, sem þessi amerískí banki vill nú opna Landsbankanum, verði ekki notuð nema að einhverju mjög litlu leyti. Það er vitanlega ekki að sökkva sjer í skuldir, þó að einn banki semji svo við annan, að hann geti fengið hjá honum alt að nokkuð mikilli upphæð, ef til þess þarf að taka. Þetta er ekki að taka lán. Það er ekki stofnað til skuldar fyr en ef heimildin til notkunar lánsfjárins er framkvæmd.

Nú mætti náttúrlega segja, að ef lægi fyrir stór og brýn þörf fyrir lánsfje, þá mætti telja líklegt, að notað yrði eftir því mikið af slíkri heimild. En báðir þessir hv. þm., sem jeg nefndi, hafa lýst því rjettilega, að þannig er ekki ástatt nú sem stendur. En þá finst mjer því síður varhugavert fyrir löggjafarvaldið að gera það, sem þarf til þess, að Landsbankinn fái þá tryggingu gegn fjárskorti, sem hjer er um að ræða. Og jeg verð að segja, að það er ekki rjett að vilja neita Landsbankanum um þessa ábyrgð, þó að bankinn eigi nokkra fúlgu af sínu öðru lánstrausti óeydda erlendis. Jeg hefi leyft mjer að benda á það í umræðum málsins í hv. Nd., að móts við þá upphæð, sem bankinn hefir þurft að hafa til umráða og nota af erlendu lánsfje 1926, er sú fúlga ekki stór, sem Landsbankinn á nú ónotaða af sínu erlenda lánstrausti. Það er ekki gert ráð fyrir, að Íslandsbanki muni nota öllu meira erlent lánsfje heldur en hann nú hefir. Og Landsbankinn á ekki ónotað erlendis svo mikið af sínu lánstrausti, sem þó getur komið fyrir að hann þurfi að nota á einu ári, ef kreppan heldur áfram. Það er höfuðástæðan fyrir því að vilja nú útvega tryggingu fyrir, að hann geti haft aðgang að meiru fje, svo framarlega sem nauðsyn krefur.

Það er ekki rjett hugsun hjá hv. 5. landsk., að vilja skjóta slíku máli á frest vegna þess að það er ekki í augnablikinu komin þörf fyrir að nota slíkt reikningslán, sem hjer er farið fram á að tryggja bankanum. Þessi hugsun gæti staðist, svo framarlega sem þingið sæti hjer alt árið eða væri sjerstaklega auðvelt að ná því saman. En svo er einmitt ekki. Alþingi verður að gæta þess að gera meðan það situr þær ráðstafanir, sem duga mega þangað til það á að koma saman aftur.

Það er því algerður misskilningur hjá hv. 1. landsk., að hjer sje verið að taka stærsta lán, sem landið hefir tekið síðan enska lánið var tekið 1921. Það var raunverulegt lán, — öll sú

upphæð var tekin að láni, sem þar var fjallað um; og lánssamningur var gerður, svo sem kunnugt er, um afborganir á 30 árum.

Sama er að segja um lán það, sem Landsbankinn tók í London í ársbyrjun 1924. Það var tekið með ábyrgð ríkisstjórnarinnar án þess að álitið væri, að til ábyrgðarinnar þyrfti sjerstaka lögheimild eða samþykki þingsins. Þetta eru hin raunverulegu lán, sem tekin hafa verið; en hitt, nefnilega reikningslánið í London, er ekki lán í sama skilningi, heldur samningur um heimild til þess að notfæra sjer vissa fjárfúlgu eftir því sem þörf krefur. T. d. má geta þess, að í 2 ár samfleytt, 1924—'25, notaði Landsbankinn sjer ekkert af sínum reikningslánum í London; skuldaði þar ekki neitt.

Nei, það nær ekki nokkurri átt, eins og hv. 1. landsk. (JJ) gerir, að telja skuldir landsins út á við með því að leggja saman raunveruleg lán og reikningslánsheimildir, sem Landsbankinn hefir í erlendum bönkum. Þetta verður að fá út á hverjum tíma með því að taka föst lán og raunverulegar skuldir eða draga frá innieignir hjerlendra banka í reikningslánum hjá erlendum viðskiftaaðiljum.

Að ekki er tekin fram lánsupphæð og lánskjör í lagafrv., er ekki annað en það, sem tíðkast meðal annara þjóða. Þjóðbankinn í Danmörku trygði sjer reikningslán í Englandi og Ameríku og ríkið ábyrgðist. En hvergi var því slegið fram opinberlega, hversu miklu það næmi. Þetta stafar af því, að ef birt væri, mundi það gefa almenningi, sem ekki hefir skilyrði til að átta sig á eðli lánsins, skakka hugmynd um það. Mundi margan henda, eins og hv. 1. landsk. og hv 5. landsk., að rugla saman hámarki lánsheimildar og raunverulegri lántöku.

Í þessu efni hefir ekkert verið dulið fyrir þinginu. Allar upplýsingar hafa staðið því til reiðu. Og stjórn Landsbankans hefir samið um tiltekið reikningslán, og liggur skýrt fyrir hámark lánsupphæðarinnar. En hversu mikill hluti hennar verður notaður, verður ekki sagt um að svo stöddu.

Báðir hv. þm., sem jeg á orðastað við, hafa gert gengið að umtalsefni í sambandi við þessa lántöku. Hv. 1. landsk. sló bæði úr og í. Hann gerði ráð fyrir, að nota ætti lánið til að hækka gengið, en hinsvegar, að það yrði fjötur á fót hækkunarmanna og mundi gera þeim örðugra fyrir að hækka krónuna. Hv. 5. landsk. var með efasemdir um, hvernig það mundi verka, en reyndi þó að setja það í samband við gengismálið. En þar er ekki um hið minsta samband að ræða. Jeg hefi áður lýst því yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að hún álítur öldungis ótækt að gera tilraun til að hækka gengið með erlendum lántökum. Ef krónan hækkar vegna framboðs á erlendum gjaldeyri, er hann öðruvísi til kominn og ekki að láni tekinn, heldur gengur þvert á móti til að borga erlendar skuldir eða safnast fyrir sem innieign erlendis.

Jeg finn ekki ástæðu til að rekja lið fyrir lið þá raunalegu fjármálasögu, sem hv. 1. landsk. hefir flutt bæði í ræðu og nál. sínu. Jeg þarf ekki að taka það fram, að hún er ákaflega ófullkomin og villandi, og mundi ekki verða til annars en málalenginga, sem

þessu máli væru algerlega óviðkomandi, ef jeg tæki mig til og færi að hnekkja einstökum atriðum. En það er einstaklega auðvelt.

En út af ummælum hans ætla jeg að nota tækifærið til að minnast á eitt, sem umbóta er vant. Það eru hagskýrslur þjóðarinnar. Þær þurfa að komast í það horf, að þing og stjórn og aðrir, sem hug hafa á, geti fylgst með í þjóðarbúskapnum í heild sinni, hvernig hann er rekinn og hvernig hann er stæður. En til þess vantar, að gefnar sjeu skýrslur um skuldaskifti landsmanna við útlönd. Af því að þær liggja ekki fyrir, er mögulegt að gefa svo villandi yfirlit og rangt, sem hv. 1. landsk. hefir nú gert. Jeg hefi fært þetta í tal við hagstofustjóra, og hann hefir lofað að gera sitt til að fá þessu kipt í lag, þannig, að hæfilegum tíma eftir áramót mætti fá glögt yfirlit um hreyfanleg skuldaskifti landsmanna við útlönd.

Talsverðar ýkjur voru það hjá hv. þm. (JJ), að alt útlenda fjeð, sem bankarnir hafa fengið að láni, hafi farið í tekjuhalla á rekstri atvinnuveganna.

Jeg hefi áður sýnt, að þótt mikið hafi tapast á rekstri þeirra, má þó benda á aukin verðmæti í landinu, sem fram til 1923 að minsta kosti samsvara skuldaaukningunni við útlönd. Og þótt haldið sje áfram til ársins, sem er að líða, verður útkoman ekki lakari. Þetta segi jeg til þess að leiðrjetta það, sem hv. þm. ofsagði, en ekki til þess að mæla bót því að halda uppi of lengi tekjuhallaatvinnurekstri. En jeg hygg, að stjórnir bankanna leggi nú inn á heilbrigðari brautir og því minni ástæða til að vera hræddur við að trúa bönkunum fyrir auknu lánsfje.

Gott, ef satt væri hjá háttv. 1. landsk., að ekki hefði annað ábjátað hjá okkur en gengishækkunin. Við stæðum vel að vígi þá, ef ekkert verðfall hefði orðið síðan 1925 móti gulli á útfluttum vörum. Auðvelt er að sýna fram á, að ljeleg afkoma ársins 1926 stafar að mestu leyti af þessu verðfalli. Hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að erfiðar horfur landbúnaðarins stafa af verðfalli á kjöti, sem ekkert á skylt við neina gengishækkun, því að það átti sjer stað frá því í okt. síðastl. til þessa, án þess að um gengisbreytingar á ísl. krónu væri að ræða.

Jeg get ofurvel skilið, að háttv. 1. landsk. sem stjórnarandstæðingur vilji ekki trúa stjórninni fyrir lánsfje. Það er að minsta kosti eðlilegt, að hann segi það, hvað sem hann annars kann að álíta um það. En það er ekki rjett, að stjórnin komi hjer til þingsins og biðji um nýtt lán. Hvað sem seinna kann að verða, þá er það ekki gert með þessu frv. Það var því óþarfi fyrir hann að vera að minnast á vantraust sitt á stjórninni í þessu efni í sambandi við þetta frv.

Hv. 5. landsk. fann það að frv., að nafn bankans, sem tekur upp viðskifti við Landsbankann, er nefnt þar. Færði hann þau rök til, að ef hentara þætti að flytja viðskiftin yfir í annan banka, þyrfti nýja heimild. Ef færsla færi fram um áramót, sæti eigi þing á rökstólum og gæti valdið óþægindum. En þetta ber ekki svo að. Lánsheimildin er opnuð Landsbankanum til afnota um 12 mánuði. Ef til breytinga kæmi, yrðu þær um þingtímann næsta ár. Hitt er rjett; ef óskað er að flytja

lánsheimildina í annan banka, þarf til nýja heimild. Það er í samræmi við það, sem gert er með þessu frv., að þar sem landsstjórn var áður heimilt með fullri vitund þings að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbankann, þurfi nú lagaheimild til. Það getur að vísu valdið óþægindum, en jeg viðurkenni, að það hefir líka sína kosti. Það getur orðið óheppilegt, að bankastjórn veit sjer óhætt að gera hverjar þær ráðstafanir, er henni sýnist, og getur hvenær sem er farið til landsstjórnar og krafist nýrrar ábyrgðar af henni, er hún þarf við.

Jeg hefi ekkert við breytinguna að athuga, enda sjálfur flutt hana að efni til sem brtt. við upphaflega frv., til að staðfesta í lagaformi þá heimild, sem stjórnin hefir haft. Getur verið, að betri gætur verði hafðar á útlánum, ef gert er erfiðara fyrir að ná í ábyrgð ríkisstjórnar fyrir nýjum lánum. Í þá átt fer þetta frv.

Það er svo fjarri því, að hjer sje verið að skrifa upp á víxil „in blanco", þar sem upphæðin er ókunn, heldur er um að ræða ábyrgð fyrir tiltekinni lánsupphæð, sem þegar er gengið frá.

Þá ræddi hv. þm. (JBald) um afskifti stjórnarinnar af viðskiftum bankanna sín á milli. Þau eru miklu minni en hann gerir ráð fyrir. Jeg get sagt það, að í minni stjórnartíð hefi jeg sem minst viljað blanda mjer inn í viðskifti þeirra. Landsstjórnin hefir þó að ýmsu leyti þá aðstöðu til bankamála, að hún getur ekki komist hjá allri íhlutun um þetta, þar sem forsrh. er í bankaráði Íslandsbanka og fjrh. er samkvæmt lögum eini maðurinn utan framkvæmdarstjórnar Landsbankans, sem á að ráða um bankans málefni. Það er ekki hægt að vísa til neins annars en fjármálaráðherra, ef eitthvað kemur fyrir, sem bankastjórnin vill ekki taka ákvörðun um. Jeg vona, þegar búið er að skipa Landsbankanum yfirstjórn, sem Alþingi ræður að sínu leyti, þurfi stjórnin ekki að blanda sjer í viðskifti bankanna.

Jeg þakka hv. 1. landsk., að hann ætlar ekki að setja sig á móti frv., sitja hjá eða greiða atkv. með því til 3. umr. Með því sýnir hann, að hann stendur nærri flokksbræðrum sínum í Nd., sem hafa sýnt skilning á þessu máli og gert skýrt og skilmerkilega grein fyrir ástæðum sínum til þess að vera því fylgjandi.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. (JÞ) lauk máli sínu með því að lýsa ánægju sinni yfir því, að jeg muni ekki greiða atkvæði móti frv. En honum láðist að geta þess, að hann hefir ekki gert neitt til þess að uppfylla þau skilyrði, er jeg setti fyrir því. En eins og menn geta iðrast á banasænginni, svo má og vel vera, að um síðustu forvöð sjái hæstv. ráðh. að sjer. Jeg er ekki eins bráður og hann að drepa frv. strax við 1. umr. Hann tók sárt til ölvuðu embættismannanna, er frv. mitt var á ferðinni, og brá fæti fyrir það þegar. Jeg býst við, að hann geti ekki lagt mjer það út til lasts, þótt jeg fylgi ekki slíkri slátrunaraðferð, jafnvel þó að um slæmt mál sje að ræða eins og nú, þegar hann kynokar sjer ekki við að sporna við framgangi góðs málefnis, sem verður þrátt fyrir alt samþykt eftir 1—2 ár.

Annars held jeg það sje ljósasti vottur um slæman málstað hæstv.

ráðh., að hann þakkar öllum, líka þeim, sem húðstrýkja hann. Því að ekki andaði miklu trausti í hans garð hvorki í nál. nje ræðu frsm. Yfirleitt sjer á, að hæstv. ráðh. vill rifa segl. Hann finnur málstað sinn veikan og vill ekki láta á sjer bera nema sem minst. Hyggur, að með því móti kunni þetta að fljóta í gegn. Þótt hann þurfi að lítillækka sig, vonast hann til, að árangurinn bæti úr lítillækkuninni við að koma þessu fram.

Jeg tek það fram, að hæstv. ráðh. hefir ekki á nokkurn hátt getað hrakið, að skuldirnar verði eins miklar og jeg sagði. Jeg tel það enga mótsönnun, þó að einhver lánsheimild sje ekki að fullu tæmd. En ný lánsheimild bendir á, að svo muni verða að áliti ráðherra innan skamms.

Þess er og að gæta, að jeg hefi aðeins talið þær viðurkendu skuldir og ábyrgðir. Íslandsbanki mun t. d. vera í ábyrgð fyrir nýju fyrirtæki hjer í Reykjavík, sem enginn er kominn til að segja, að geti borið sig, og margar slíkar ábyrgðir munu vera til.

Í sinni löngu ræðu hefir hæstv. ráðh. ekki sagt eitt orð til varnar meðferð hans og stjórnarinnar á þessu máli, að ætla sjer að taka lán án þess að spyrja þingið leyfis og hvernig gerð var tilraun til að hraða málinu óeðlilega og með afbrigðum gegnum þingið. En um aðalatriði ræðu minnar, ástæðuna til hinnar miklu skuldaaukningar, hefir hæstv. ráðh. játað, að tekjuhallafyrirtækjum væri haldið hjer uppi. Þannig hefir Íslandsbanki tapað 1 miljón fyrir skömmu á einu fyrirtæki á Vesturlandi.

Til þess að gera enn berari bláþráðinn í ræðu hæstv. ráðh., skal jeg víkja að einstökum atriðum. Hann tekur undir þá ósk mína, að vel og gætilega verði farið með lánsfjeð. Upphæðin, sem farið er fram á, er sannarlega ekki gætileg, og það er víst ekki síst að þakka kröfum mínum og mótstöðu þeirri, sem þessi lánsheimild hefir fengið, að hæstv. ráðh. vill fara gætilega með fjeð.

Hæstv. ráðherra dró þá ályktun af orðum mínum, að jeg vildi stöðva atvinnulífið með svipuðum hætti eins og gert var á Ísafirði. Jeg er ekki kunnugur á Ísafirði, en því hefir verið haldið fram í blöðum, að þessi stöðvun hafi ekki verið gerð af hagfræðilegum ástæðum, heldur pólitískum, og það af flokksbróður hæstv. ráðh. Auðvitað er það óverjandi að stöðva atvinnufyrirtæki í einum bæ úti á landi og ekki annarsstaðar. Það er kunnugt, að hjer eru sum atvinnufyrirtækin altaf á hausnum. Mjer er kunnugt um einn stuðningsmann stjórnarinnar, kaupmann af Norðurlandi, sem skuldaði Íslandsbanka 600 þús. kr. í fyrra. Hann mun hafa fengið meiri hluta þess eftirgefinn og svo nýtt rekstrarfje. En honum gekk illa aftur, og nú er hann enn kominn og vill enn fá uppgjöf á svo sem 75%, og svo nýtt lán að auki. Þetta er eitt dæmi þess, hvað gerist úti á landsbygðinni. Hvernig mun því þá varið um þá, sem betur eru settir og njóta íhaldsstjórnarinnar hjer í Reykjavík? — Jeg hefi ekki sagt orð um það, að jeg áliti þessa stöðvun á Ísafirði rjetta. En jeg býst við, að sum fyrirtæki sjeu sjúk þar eins og annarsstaðar. Hjer eru mörg sjúk fyrirtæki, sem jeg álít ekki rjett að ausa fje í, eins og þennan norðlenska kaupmann, sem jeg nefndi.

það var slíkt ráðlag, sem jeg vítti. Ein aðalvörn hæstv. ráðh. var sú, að Landsbankinn muni ekki þurfa alt þetta lán. Það er nú alment álitið, að Landsbankinn kæri sig ekkert um þetta lán. Landsbankinn virðist hafa nægilegt fje fyrir sig, svo að útlit er fyrir, að hjer sje um að ræða utanaðkomandi pressu. Eitt af því, sem haldið hefir verið fram um þetta lán og sem gerir ósennilegt, að Landsbankinn taki það án þess að vera undir áhrifum stjórnarinnar, er það, að bankinn verður að greiða framlengingargjald, sem svarar tvennum ráðherralaunum. Það er rangt hjá hæstv. ráðh., að órjett sje að reikna með hámarki reikningslánsins, því ef illa gengur, er það hámarkið, sem gildir. Það hefir ekki verið skilið eftir í lögginni hingað til undir svipuðum kringumstæðum. Og nú er talið, að hæstv. ráðh. muni þegar vera búinn að ráðstafa 1 miljón af þessu láni yfir í reikningslán Íslandsbanka. Með því er verið að færa skuld hlut hafanna yfir á bak allrar þjóðarinnar. Því er haldið fram af þeim, sem eru svo vitrir að sjá, að þetta hlýtur að verða fast lán, að stjórnin búist einmitt við því. Annars hefði ekki þurft ákvæðið um framlenginguna. Með því að ýta undir þessa 9 miljóna lántöku, og sjerstaklega með því að ráðstafa hluta þess áður en þingið samþykti lántökuna, hefir stjórnin gert það, sem hún gat, til þess að lánið yrði fast. Ef Íslandsbanki hefir verið að biðja stjórnina um lán til þess að bjarga láni, er ólíklegt, að hann geti staðið í skilum til Ameríku fyrir næstu áramót. Þá verður þessi summa föst á ábyrgð landsins. Stjórnin gengur í ábyrgð fyrir reikningsláni, sem hún ætlast til, að verði fast lán. Og svo hirðulaus er hún, að þótt Bandaríkin banni föst lán til annara landa, ætlar hún samt að ganga í gildruna til þess að færa lausaskuldir Íslandsbanka yfir á landið.

Þá hefir hæstv. ráðh. haldið því fram, að sjer væri sjerstök gleði að því að geta komið þessari ráðstöfun á meðan þingið situr. En hann gleymir því, að í upphafi ætlaði hann að gera þetta á bak við þingið, og hann hefir ekki vott af afsökun sjer til handa í því efni. Hæstv. ráðh. ætti að gera sjer ljóst, að það þarf meira en að vera lítill vexti og hafa ofbeldistilhneigingu til þess að stofna hjer til Ítalíu-ástands. Jeg vildi óska, að hæstv. ráðh. lærði nú af reynslunni og áreitti ekki þingið framar á þennan hátt. — Röksemdir hæstv. ráðh. um, að ekki mætti blanda saman reikningsláni og föstu láni hefi jeg svarað. Hvernig fór um póstsjóðslánið danska? Varð það ekki fast lán af því að ekki var hægt að borga það á tilsettum tíma? — Út af launungunni um þetta mál hefir hæstv. ráðh. ekki aðrar varnir fyrir sig að bera en danskt fordæmi og tísku hjá bræðraþjóðinni. Það vakir víst fyrir hæstv. ráðh. að setja einskonar fjármála-drengjakoll á þjóðina, gera ísl. þjóðarkollinn snoðinn með eftiröpun eftir Dönum. Jeg held, að rjettara væri að líkja eitthvað annað eftir Dönum en þetta. Annars hefir hæstv. ráðh. líklega hlaupið undir pilsfald dönsku mömmu í þetta sinn af blygðunarsemi yfir skuldasúpunni, sem sífelt er að magnast, þrátt fyrir lofsöng hinna mörgu blaða ráðherr-

ans yfir því, að hann sje að rífa skuldafjötrana af þjóðinni. Hjer vottar fyrir blygðunarsemi hjá hæstv. ráðh., sem vekur vonir um, að hann kunni að snúa málinu til betra horfs áður en það fer út úr deildinni. Jeg tel það vott hins betra, að stjórnin skyldi fyrirverða sig fyrir að láta þjóðina vita, hve mikið skaðlegt hún var að gera.

Hæstv. ráðh. sagði, að hjer hefðu komið fram tvær skoðanir viðvíkjandi notkun þessa láns, að það yrði notað til að hækka krónuna og gæti hinsvegar orðið til þess að lækka hana. Ráðh. tók skýrt fram, að hann vildi ekki hækka krónuna með lánsfje. Þar með er fengin sú lítilfjörlega viðurkenning, að barnaskapur ráðh. sje ekki svo mikill, að hann ætli að nota þetta lán til að hækka krónuna. — Hæstv. ráðh. vildi neita því, að þetta lán stæði í sambandi við gengismálið. En í blaði, sem hæstv. ráðh. borgar ekki svo lítið af tekjuhallanum á, er játað, að ástand þess firma, sem næst því stendur, sje svo, að það geti hvorki borgað tekju- nje eignarskatt, og það er ekki gefin nein ástæða fyrir þessu önnur en gengishallinn. Því fer fjarri, að þetta sje eina fjelagið, sem hefir tapað. Mörg fjelög hafa lifað með tekjuhalla á kostnað bankanna. Það er því rangt hjá hæstv. ráðh., að þörfin fyrir lánið sje ekki vegna gengishækkunarinnar.

Þá hjelt hæstv. ráðh. því fram, að skuldaskýrsla mín væri ekki rjett. Hún er bygð á Lögbirtingablaðinu og Þingtíðindunum. Jeg vildi gjarnan, að í henni væri villa og skuldirnar minni. En því er miður, að ástandið er svona. Hæstv. ráðh. getur ekki hrakið skýrslurnar. Þessar skuldir hafa safnast undir fjármálastjórn núverandi atvrh., en nú lítur út fyrir, að starfsbróðir hans fái þá ánægju að ganga feti framar í þessu efni. Í þessu er fólgin sú viðrjetting fjárhagsins, sem mest hefir verið gumað af. Svona er fjármálaheilsan undir forustu þessarar virðulegu stjórnar.

Hæstv. ráðh. neitaði því, að gengishækkunin væri höfuðböl landsmanna. Hann nefndi m. a., að kjötið hefði fallið á útlendum markaði. Mjer þykir ósennilegt, að hæstv. ráðh. viti ekki, að Norðmenn eiga líka við gengishækkun að stríða. Þar ráða sömu hvatir og hjer. Því er þar eymd og volæði eins og hjer. Kaupmáttur Norðmanna er lamaður vegna gengishækkunarinnar. Þeir geta ekki keypt vörur okkar, þó að þeir vildu. Hæstv. ráðh. hefir komið því upp, að alstaðar fylgir sama bölið gengishækkuninni, og þarna grípur það inn í okkar viðskiftalíf á skaðlegan hátt. Hæstv. ráðh. reyndi ekki að neita, að 1924 hefði verið gott ár að því er sjávarafla snerti. Þetta ár hefði átt að kasta langri birtu fram. En skuggi gengishækkunarinnar lagðist yfir þrátt fyrir sæmilega góð ár 1925 og 1926. Gengishækkunin er sú mikla uppspretta böls og erfiðleika, sem nú gengur yfir bæði Ísland og nágrannalöndin.

Hæstv. ráðh. hefir nýlega hjer í deildinni reynt að hindra það, að skatti væri ljett á landbúnaðinum. Ef hann hefði kynt sjer rit Keynes eða Cassels, mundi hann vafalaust fá að vita, hvaða áhrif tollar hafa til þess að skapa tekjuhallaframleiðslu eins og hjer um ræðir.

Í sambandi við þau orð hæstv. ráðh., að gengishækkun geti ekki gert nema lítið til þess að lama atvinnulíf þjóðanna, vil jeg benda honum á, að 2 nálæg lönd, þar sem atvinnulífið er í fullum blóma, nefnilega Þýskaland og Finnland, byrjuðu með því að kasta af sjer lággengisskuldum með stöðvun gjaldeyrisins. Að alt er í slíkum blóma, kemur til af því, að hvorugt þessara landa hefir dregið yfir sig skugga deflationarinnar. Ef litið er á ástandið í hækkunarlöndunum, Englandi, Danmörku og Noregi, þá er það hið hörmulegasta. Í Danmörku eru 100 þúsundir atvinnulausra manna. Það má segja, að fátækt Englands út af hækkun hafi spilt dönskum markaði. Sú hækkun, sem gerð var í Frakklandi í síðasta mánuði, varð svo tilfinnanleg, að iðnforkólfarnir snjeru sjer til íhaldsstjórnarinnar og báðu hana að hætta að hækka, til þess að þeir yrðu ekki gereyðilagðir. Það er öllum vitanlegt, að sú þjóð, sem var ríkust í Evrópu fyrir stríðið og átti erfiðast með að sætta sig við festingu á gjaldeyrinum, nefnilega Frakkar, ætla nú að festa. Og er þó ólíku saman að jafna, þar sem hjer eru litlar gamlar innieignir, en Frakkar eiga geysimiklar innieignir, bæði í landinu sjálfu og utanlands, sem auðvitað falla í verði með mynt landsins.

Hæstv. ráðh. hefir ekki bætt fyrir sjer á neinn hátt. Hann hefir aðeins gert mönnum ljósara en áður, að hann er hræddur við lánið. Hann finnur, að það er rothögg á hans fyrri fjármálapólitík, sem hann svo mjög hefir látið hrósa sjer fyrir. Sú lömun á sjálfstrausti hæstv. ráðh., sem olli því, að hann ætlaði að fara á bak við þingið í þessu máli, er gleðilegur vottur þess, að hann óttast afleiðingarnar af sínum misstígnu sporum.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 18. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 130, n. 182, 193).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg vil aðeins leiðrjetta eitt atriði í ræðu hv. 1. landsk. (JJ). Hann ásakaði stjórnina fyrir laumuspil í þessu máli, af því að lánsupphæðin hefði hvergi verið tekin fram. Út af þessum ummælum háttv. þm. (JJ) vil jeg geta þess, að nefndin spurði bankastjórn Landsbankans, hvort ekki mætti setja lánsupphæðina í frumvarpið, en hún var alveg á móti því. Jafnframt tók bankastjórnin það fram, að hún hefði átt upptökin að því, að farið var að leitast fyrir að fá þetta lán, og ætti því sjálf sök á því, ef um sök væri að ræða. Þessi „hula", sem jeg nefndi í gær, átti meðal annars við það, hve mjög öll starfsemi bankanna er hulin fyrir þingmönnum og jafnvel stjórninni líka.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Það var nærri óvenjulegt að heyra ræðu hæstv. fjrh. í gær. Í raun og veru gekk hann inn á allar þær aðfinningar, sem hafa komið fram gegn frv. þessu, bæði um form þess og efni. Hann hefði því átt að lýsa því yfir eftir ræðuna, að hann gæti ekki lengur verið með því, að þessi lánsheimild væri samþykt, af því að meðferð málsins hefði verið svo ómöguleg frá upphafi. Svo jeg víki nánar að

þessu, þá játaði hæstv. ráðh., að eftir orðalagi frumvarpsins væri ekki hægt að framlengja lánið, ef það fengist ekki áfram hjá sama bankanum. Jeg held því, að rjettara hefði verið fyrir stjórnina að hafa ábyrgðarheimildina þannig úr garði gerða, að hún hefði getað gengið frá láninu þegar það fjelli næst. Þá sagði hæstv. ráðh., að lánið væri veitt til 12 mánaða, miðað við þann tíma, sem það væri opnað. En fari nú svo, að lánsheimildin verði ekki veitt fyr en í næstu viku og bankinn opni lánið ekki fyr en í apríllok eða jafnvel ekki fyr en í maí, þá gæti svo farið, að næsta þing væri úti þegar kæmi til að framlengja lánið, ef framlengja þarf frá ári til árs, og því ekki hægt að fá heimild hjá þinginu til lántöku til að greiða þetta lán.

Þá vjek hann að því, sem jeg drap á starfsemi útibús Íslandsbanka á Ísafirði, og virtist líta svo á, að jeg hefði krafist svars hans um það, af hverju stöðvaður hefði verið atvinnurekstur-inn á Ísafirði að því er vjelbátana snerti, og sagði jafnframt, að jeg hefði verið að finna að því. Það má vel vera, að það hafi verið nauðsynlegt að taka bátana af gömlu eigendunum. En jeg sagði, að kauptúninu hefði verið gert hið mesta tjón með því að stöðva bátana yfir einn besta veiðitímann, og jeg sagði það vera álit margra, að útibús-stjóri Íslandsbanka á Ísafirði hefði gert þetta vegna pólitískrar fjandsemi við ráðandi flokkinn á Ísafirði. Slík ráðsmenska útibúsins gerir mann því síst viljugan til að ganga í ábyrgð fyr-ir láni handa þessum banka. Annars er það hrein og bein skylda bankanna að halda uppi atvinnurekstrinum eftir því sem þeir mögulega geta, og hjer var um sæmilegan atvinnurekstur að ræða. Bátarnir töpuðu ekki á fiski-veiðunum, eftir því sem fullyrt er, heldur stöfuðu töp þeirra aðallega frá síldarsölubraski eigendanna árin 1919 —'21.

Mjer finst ekki nema eðlilegt að hafa hliðsjón af meðferð bankanna á lánsfjenu og hvernig þeir beita sjer gagnvart atvinnuvegunum, þegar ver-ið er að tala um að taka lán handa þeim til þess að styðja atvinnuvegina með. Jeg tel framkomu Íslandsbanka í þessu máli á Ísafirði vítaverða, og margir líta svo á, eins og áður er sagt, að það hafi verið gert af pólitískum ástæðum, til þess að hefna sín á bæj-arstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, sem úti-bússtjórinn var í andstöðu við.

Þá sagði hæstv. forsrh., að við hv. 1. landsk. hefðum blandað þessu láni saman við eyðslulán, en þetta lán væri aðeins tekið til nota fyrir atvinnuvegi-na, sem þeir myndu skila aftur bráð-lega. Það er aldrei nema satt, þannig á það að vera, en út af því getur brugð-ið, og reynslan hefir sýnt það þráfald-lega, að ekki hefir verið hægt að end-urgreiða slík lán að fullu á gjalddaga. Þannig var 6 milj. kr. lánið, sem Lands-bankinn tók 1924; það var tekið til að festa lán, sem tekin höfðu verið sem rekstrarlán, en ekki verið hægt að borga á rjettum tíma.

Í gær sagði hæstv. ráðherra, að ekk-ert samband væri milli þessa láns og gengisins; en eftir því, sem mjer er skýrt frá, er þetta öfugt við það, sem hann hjelt fram í neðri deild. Þar sagði hann, að vel gæti komið til, að lánið yrði notað til að halda uppi genginu.

Hjá mjer er enginn ótti við, að gengið muni falla meðan Landsbankinn hefir nægilegt fje til kaupa á erlendum gjaldeyri, eftir því sem þörfin krefur. Og það hefir hann nú. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að ekki sje þörf að taka svona stórt lán og það geti beinlínis orðið hættulegt vegna gjaldeyris okkar, því að ekkert er líklegra en að trú erlendra fjármálamanna á gjaldeyri okkar minki, þegar þeir heyra um þessa miklu lántöku og miklu skuldir. Að verjast lántökum er því til að auka tiltrú okkar.

Á það hefir ekki verið minst, enda þótt því hafi verið lýst yfir, að hjer sje um að ræða að taka stærra lán en þörf sje fyrir, af því að ekki sje hægt að fá minna lán en þetta. En þetta kalla jeg harla undarlegt, því jeg hefi heyrt, og því hefir ekki verið mótmælt, að hægt hefði verið að fá helmingi minna lán í Ameríku en þetta. Það hefði þó verið sönnu nær.

Út af aðfinningum þeim, sem komið hafa fram gegn framburði þessa máls í þinginu, játaði hæstv. forsrh., að nú væri málið þó komið í gott horf, og þakkaði sjer það, því nú kæmi það skýrt og ákveðið fram, að lánsheimildin væri aðeins bundin við ákveðin lán. Hann sagði ennfremur, að það væri gott, að bankastjórnirnar gætu ekki heimtað af stjórninni ábyrgðir, heldur yrðu þær að ganga til þingsins. Þetta finst mjer undarleg skoðunarbreyting hjá hæstv. forsrh. Hann sem vill láta það ákvæði standa í 15. gr. Landsbankafrumvarpsins, að ríkisstjórninni sje heimilt að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann þegar þess er þörf. Og til þess að sýna, hvaða áherslu hæstv. ráðherra leggur á þetta, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp greinargerð 15. gr. frv. Hún hljóðar þannig:

„Stjórn Landsbankans hefir bent á það, að mest af því lánstrausti, sem Landsbankinn hefir haft erlendis, hafi verið með ábyrgð ríkisstjórnarinnar, og sje því ástæða til að taka upp í frv. heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka á sig slíka ábyrgð fyrir bankann. *pykir óhjákvæmilegt* að taka þessa bendingu til greina.“

Þetta segir hæstv. ráðherra þarna, en nú kemur hann úr þveröfugri átt. Hvað ætlar stjórnin að gera, þegar Landsbankafrv. kemur? Ætlar hún þá að fullkomna hringsnúninginn í þessu máli? Þessar hugleiðingar hæstv. ráðh. (JÞ) sýna, hve veilurnar eru miklar á máli þessu. Hann hefir í atriði, sem hann fyrir nokkrum mánuðum áleit óhjákvæmilegt að setja í lög, talið í þessu máli sjálfsagt, að ekki sje sett í lög. Hann ætti að gera grein fyrir því, hvers vegna hann skiftir um skoðun í þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að mjer væri kunnugt um, að ekki væri verið að skrifa hjer á víxil „in blanco“. En hvað er þá lánið? Það liggja engin önnur plögg fyrir en frv. um það. Þar er aðeins gefin almenn heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ganga í ábyrgð fyrir Landsbankann hjá tilteknum banka. Eins og frv. var upphaflega frá fjhn. neðri deildar, en hún flutti það fyrir hæstv. ráðh. (JÞ), er það í samræmi við það, sem stendur í bankafrv. stjórnarinnar. Þar er ekki gefin upp nein fjárhæð, sem ábyrgjast skuli. Í þessu frv., sem hæstv. ráðh. hefir samið, er heldur ekkert minst á það,

upp á hvað mikið lánið eigi að hljóða. Er þá ekki um að ræða að skrifa upp á „in blanco"? Það er ekkert opinbert um þetta lán annað en það, sem fram hefir komið hjá þm. í umræðum, og almenningur veit um það aðeins af þessum umr., en ekki hafa neinar upplýsingar komið frá stjórninni opinberlega. En hver á að ábyrgjast það? Ekki þingmenn persónulega, heldur þjóðin. Fari svo, að ekki verði hægt að borga lánið á tilsettum tíma, verður þjóðin að borga það með því að leggja á sig nýja skatta með tilliti til þessa láns. Það er alveg eins og þegar hæstv. ráðh. heimtaði há hafnargjöld af Vestmannaeyingum vegna skuldar þeirra við erlendan banka, er landssjóður ábyrgðist. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að afskifti stjórnarinnar af bönkunum sjeu minni en jeg haldi. Það getur verið, en hitt er vitanlegt, að stjórnin hefir afskifti af þeim. En jeg veit ekki, hver hefir átt upptökin að þessari lántöku. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að bankinn hefði átt þau, en hæstv. ráðh. hefir eigi þóst muna það. Stjórnin hefir farið fram á, að Landsbankinn veitti tiltekna fjárhæð af þessu láni til Íslandsbanka. Afskifti stjórnarinnar er hjer hrein og bein lánveiting til Íslandsbanka. Þetta sýnir aðeins það, að stjórn Landsbankans hefir alls ekki verið fús til þess að veita þetta lán, því þá hefði ekki þurft til þess afskifti ríkisstjórnarinnar. Það ætti nú að vera svo, að stjórnin blandaði sjer ekki inn í lánveitingar bankanna, en þegar hún gerir það, þá er það til þess að knýja þá til að gera það, sem þeir eru sjálfir ekkert viljugir til að gera. Þetta er enn alvarlegra vegna þess, að stjórnin hefir ekki þá aðstöðu til að geta dæmt um það eins og stjórn Landsbankans, sem kunnug er öllum viðskiftum, getur. Afskifti stjórnarinnar af Landsbankanum eru ekkert lítil, ef hún hefir gengið í það eða komið með tilmæli til bankans um það, að hann veitti 1 milj. kr. lán til Íslandsbanka af þessu væntanlega láni. Stjórnin hefir hjer veika aðstöðu; hún hefir hringlað fram og aftur í málinu. Stefna hennar í þessu lántökumáli er nú orðin alt önnur heldur en kemur fram í Landsbankafrv. og heldur en kom fram í Nd., þegar fjhn. kom með þetta frv. Stjórnin kemur með nýja tilhögun, sem hæstv. ráðh. segir góða, en er þveröfug við alt annað, sem hún hefir áður lýst sem stefnu sína í þessum málum.

Hulan yfir þessu láni gerir það ekki glæsilegt fyrir þingmenn að vera því samþykkir að veita slíka ábyrgðarheimild sem þessa. Eftir þeim umr., sem hjer hafa farið fram, get jeg ekki annað en sannfærst um, að lítt nauðsynlegt sje að taka þetta lán, eða svona stórt lán. Það hefði verið æskilegast, að hæstv. ráðh. hefði lýst lánskjörunum, því að þjóðin á heimtingu á því að fá að vita um þau, þar sem hún verður að borga það með auknum sköttum, ef illa fer.

Jeg lít svo á, að jeg sje frsm. 3. hl. nefndarinnar. (**Forseti HSteins:** Hv. þm. getur það ekki, þar sem hann hefir ekki komið með neitt nál.). Í Nd. er álitið svo, að allir nefndarhlutar eigi hver sinn frsm., þótt þeir komi eigi fram með sjerstakt nefndarálit. Jeg get þá nú þegar látið prenta nál., svo að jeg öðlist rjett sem frsm.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það hefði nú eiginlega verið rjett að geyma til 3. umr. að svara háttv. 1. landsk. (JJ) og hv. 5. landsk. (JBald). Þeir hafa nú endurtekið í annað sinn sömu ræðurnar og þeir fluttu við 1. umr. Þeim hefir fundist þörf á þessari endurtekningu eftir þau fáu orð, sem jeg hefi sagt í þessu máli, því að þeim hefir fundist, að fullyrðingar sínar verði þeir að endurtaka til þess að þeim verði trúað.

Jeg ætla nú í þetta sinn að víkja frá þeirri reglu, sem jeg oft viðhef til þess að fækka innihaldslausum og andlausum ræðum þessara hv. þm., nfl. að spara mjer svör til þeirra, þó jeg með því gefi þeim tilefni til að halda 3. ræðuna hvorum fyrir sig.

Hv. 1. landsk. ljet í ljós sorg sína yfir því, að feld hefðu verið frá 2. umr. nokkur af þessum frv., sem hann er að flytja og eru svo illa samin, að deildin getur ekki litið við þeim. Getur þetta verið skýring á því, hvernig skapsmunum hans er nú háttað viðvíkjandi þessu máli. Hv. þm. byrjaði ummæli sín með því að segja, að það hlyti að vera þörf fyrir lánið, annars sje það tóm vitleysa. Jeg hafði nú gert grein fyrir þessu láni með því að segja, að þetta sje tryggingarráðstöfun gegn fjárskorti. Þetta veit jeg, að hv. þm. hefir skilið; en þyki honum ekki þörf á því að gera þessar ráðstafanir, nema fyrirsjáanlegt sje, að til hennar þurfi að grípa, þá fer honum eins og manni, sem hugsar sem svo, þegar hann brunatryggir muni sína, að þeir hljóti innan skamms að brenna, því að annars sje vitleysa að vera að brunatryggja þá. Þegar um er að ræða að tryggja atvinnuvegina, verður að meta það, hvort svo dýrt sje að tryggja þá, að það borgi sig að kaupa öryggið því verði, sem í boði er. Jeg held nú, að engum þeim þm., er kynt hefir sjer lánskjörin og skilmálana, sem láninu fylgja, geti blandast hugur um það, að þetta tryggingargjald sje svo lágt, að ekki sje í það horfandi að greiða það til tryggingar og öryggis atvinnuvegum þjóðarinnar.

Sami hv. þm. (JJ) sagði, að málið hefði ekki fengið þinglega afgreiðslu. Það var nú borið fram af nefnd, og þá er ekki siður að vísa slíkum frv. til nefndar.

Þá kom hv. þm. að stöðvun útgerðarfyrirtækjanna á Ísafirði. Bæði hv. þm. og eins hv. 5. landsk. (JBald) segja hana af pólitískum rótum runna, án þess þó að færa nokkur rök fyrir því. Hv. 5. landsk. framdi það ógætnisverk í gær að segja, að útibússtjóri Íslandsbanka þar hefði verið hlutdrægur síðan 1924. En hv. þm. gáir ekki að því, að það var ekki hann, heldur aðalbankastjórnin hjer í Reykjavík, sem gekk að þessum 3 fyrirtækjum; en þá vildi hv. þm. það ólán til, að hann var nýbúinn að gefa henni óhlutdrægnisvottorð.

Hv. 1. landsk. sagði, að stjórnin væri potturinn og pannan í því að hafa lánið svona stórt. Jeg hefi nú gefið nefndinni upplýsingar um þetta, og þarf engu þar við að bæta, nema því, að ekki hafði jeg hugmynd um, að Landsbankinn væri að leita samninga við þennan ameríska banka, fyr en mjer barst skeyti um það frá Kaupmannahöfn, að Landsbankinn hefði samið við þennan bankastjóra þar á staðnum um lán, að áskildu samþykki ríkisstjórnarinnar. Jeg hefi oft gert

grein fyrir því, að þetta eigi ekki að verða fast lán, en þá þarf heimildin að vera svo rúm, að reikningslánssamninginn megi framlengja eftir 12 mánuði. Menn geta aldrei treyst því, að tilkostnaður atvinnuveganna verði kominn inn eftir 12 mánuði; það getur dregist lengur, að afurðirnar seljist. Og þótt verð þeirra sje komið inn eftir 12 mánuði, þá getur verið þörf á tilsvarandi stuðningi við atvinnuvegina á næsta ári eins og á hinu fyrra, þannig að á hverju ári þurfi eitthvað að nota það. Þá fór hv. 1. landsk. að tala um áfall, sem jeg hefði orðið fyrir. Ónei, ekki hefir það komið ennþá. Við sjáum nú til, hvernig málið fer út úr þinginu. Hv. þm. ætti ekki að hrósa neinum sigri fyr en lokið er vopnaviðskiftunum.

Um pólitíska tísku og fjármáladrengjakoll ætla jeg ekki að ræða, en gott væri fyrir hv. þm. að hugsa þá hugsun á enda, hversu ómögulegt og óstarfhæft löggjafarþing þjóðarinnar yrði, ef þar ættu sæti 42 menn eins og hv. þm. (JJ) sjálfur.

Þá fór hv. þm. á víð og dreif út fyrir málið, talaði um skuldaskýrslur sínar og heilsuleysi atvinnuveganna, nokkuð sem jeg ætla ekki að þreyta hv. deild á að tala um. En jeg verð að benda hv. þm. á eina fjarstæðu, sem hann hjelt fram, að gengishækkun norsku krónunnar hefði orðið til þess að fella verð á íslensku saltkjöti í Noregi. Þetta sama sagði einn flokksbróðir hv. þm. í Nd. (HStef). En rjett áður hafði annar flokksmaður þeirra (TrÞ) í Nd. sagt, að hækkun ísl. krónunnar hefði valdið meiri innflutningi hjá okkur, vegna aukinnar kaupgetu, en við raunverulega gætum risið undir. Hjer koma fram tvær andstæðar skoðanir á því, hvaða áhrif gengishækkunin hafi á kaupgetu manna: Á Íslandi örvar hún innflutninginn um of, en í Noregi verkar hún þannig, að Norðmenn geta ekki keypt frá útlöndum þá matvöru, sem þeir eru vanir að kaupa. Þegar menn hampa svona andstæðum röksemdum, aðeins til þess að styðja þær fullyrðingar, sem þeir í þann svipinn setja á oddinn, þá geta þessir menn ekki búist við því, að röksemdir þeirra verði teknar gildar. Þær ályktanir, er hv. þm. (JJ) dró af gengishækkuninni, að hún sje uppspretta alls böls og ófarnaðar í heiminum, eru sama staðleysan og alt annað hjá þessum hv. þm. Það var umrót og tjón styrjaldarinnar, sem er undirrót þeirrar fátæktar og kreppu, sem nú er í heiminum.

Þá talaði hv. þm. um blómgun atvinnuveganna í Finnlandi og Þýskalandi. Það er nú svo, að í Þýskalandi hafa gengið yfir sárari hörmungar en í nokkru landi öðru og almenningur þar hefir átt við hungursneyð að búa og á við megnan skort að búa enn í dag, meðan okkur hefir liðið vel og við haft svo að segja alls nægtir. En þjóðin hefir barist fyrir tilveru sinni með miklum krafti, lengt vinnutímann svo, að almenningur vinnur þar fyrir mjög lágt kaup og lifir við mjög þröngan kost, sem stafar af því, að atvinnuvegirnir hrundu, er aftur leiddi til þess, að allir urðu öreigar aðrir en þeir, sem áttu fasteignir. Að fara að vísa á það eymdarástand og syngja gengishruninu lof sem einhverju allsherjar hjálparráði, það lýsir alveg yfirgengilegri vanþekkingu. Hv. þm. (JJ) lauk ræðu sinni með því að segjast

vera hræddur við þetta lán. En sú hræðsla getur ekki stuðst við neitt annað en að stjórn bankans sje ekki fær um að fara með þetta fje. Jeg er á þveröfugri skoðun og tel, að hún muni ekki misnota það.

Hv. 5. landsk. (JBald) byrjaði ræðu sína með því að segja, að jeg hefði gengið inn á allar aðfinslurnar við þetta frv. Jeg vil nú taka það fram vegna þeirra manna, sem lesa þessar umr., að þetta er tómur hugarburður. Sami hv. þm. fann ennfremur að því, að ekki væri hægt að skifta um banka, svo að hægt væri að láta annan banka hafa það, ef hentugra reyndist. Þetta er nú aðeins 2. umr., og getur hv. þm., ef honum finst þetta veigamikið atriði, því komið með brtt. við 3. umr. um þetta. Jeg skal hjálpa honum til þess að orða hana, ef hann er ekki einfær um það. Það þarf ekki annað en að bæta við nokkrum orðum um, að endurnýja megi lánið í öðrum bönkum. Hv. þm. (JBald) ætti, í stað þess að tala svo mjög um annmarka frv., að reyna að lagfæra þennan smíðisgrip minn. Hv. þm. lýsti því einnig, hversu mikið böl af því leiddi fyrir þjóðina, ef atvinnuvegirnir stöðvuðust. En nú er það einmitt hlutverk Landsbankans að halda atvinnuvegunum uppi, og því er það bein skylda löggjafarvaldsins að veita bankanum alla aðstoð í því efni, sjerstaklega þegar þess er gætt, að bankinn er ríkiseign. En það er einmitt fram á það, sem farið er með frv. Væri því í sjálfu sjer eðlilegra, að hv. þm. væri stuðningsmaður frv. en andófsmaður þess. Háttv. þm. kveðst heldur ekki sannfærður um nauðsyn þessa máls. Taldi hann það mjög óheppilegt, að pólitísk stjórn blandaði sjer inn í bankamál. En hjá því verður ekki komist eins og bankalöggjöf vorri er nú háttað. En sje það óheppilegt, að ríkisstjórnin blandi sjer inn í bankamál, þá er það ekki síður óheppilegt, að hver og einn þingmaður geri sig að yfirdómara í þeim málum. En hv. þm. hefir gert sig að yfirdómara yfir bankastjórn Landsbankans um þörfina á lántöku þeirri, sem um er að ræða. Jeg skil það vel, að menn haldi því fram, að bankastjórnin verði að vera sjálfstæð gagnvart hinum pólitísku valdhöfum, en þá verður hún einnig að vera sjálfstæð gagnvart hverjum einstökum þingmanni. Hv. þm. verður að draga þá rjettu ályktun af orðum sínum, að setja sig ekki sem yfirdómara yfir Landsbankastjórninni um nauðsyn lántöku þeirrar, er frv. fer fram á.

Hv. þm. mintist á 15. gr. frv. til laga um Landsbanka Íslands, sem nú er á ferðinni, og spurði um það, hver afstaða þeirrar greinar væri til lántökunnar. Það atriði liggur alveg opið fyrir. Eftir að samkomulag er orðið um þetta frv. og það er orðið að lögum, þá tæki ríkisstjórnin ekki ábyrgð á öðrum lánum en þeim, sem löggjafarvaldið hefði gefið henni skýlaust leyfi til að ábyrgjast. Þá væri búið að taka fullnaðarákvörðun um það atriði í 15. gr. Landsbankafrv., og mætti það því falla í burtu úr því frv., því það væri þá leitt til lykta með þessu frv.

Við samþykt slíks frv. sem hjer er um að ræða, virðist rjett og óhjákvæmilegt að taka til greina athugasemdir bankastjórnarinnar við Landsbanka-

frv. og bendingar hennar um það, að nauðsynlegt sje að kveða á um ábyrgð ríkissjóðs á lántöku Landsbankans. Jeg lít svo á, að ábyrgðin sje svo ríflег, að bankinn þurfi ekki að biðja um frekari ábyrgð. En færi svo, að bankastjórninni þætti þörf á frekari ábyrgð, þá gæti það ekki komið af öðru en að svo stórkostleg breyting yrði á ástandinu, að eðlilegt væri, að það kæmi einnig fyrir Alþingi.

Út af ummælum hv. þm. um það, að ábyrgðarheimild frv. væri eins og heimild til þess að skrifa upp á víxil „in blanco", þá skal jeg taka það fram, að háttv. þm. hefir viðurkent, að honum sjeu kunn ákvæði lánssamningsins. Það er því ekki hægt að segja, að hjer sje um ábyrgð „in blanco" að ræða — ekki frekar en ef hv. þm. skrifaði upp á víxil án þess að skýra frá því, hversu hár hann væri. (**JBald:** Hvað er víxillinn hár?). Það veit hv. þm. (**JBald:** Vill hæstv. ráðh. ekki skýra frá því? — Stendur á svari?).

Út af lokaummælum hv. þm. þá skal jeg taka það fram, að það verður vitanlega stjórn Landsbankans, sem ráðstafar því fje, sem notað verður.

Frsm annars minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. (JÞ) hóf mál sitt með því, að hann vildi hlífa deildinni við innihaldssnauðri ræðu, og sýndi hann með því, að hann hafði rjetta skoðun á ræðumensku sinni. Og hann sýndi ennfremur, að hann hafði rjetta skoðun á því, hvernig deildin lítur á ræður hans. En þó að andinn væri að vísu reiðubúinn, þá var holdið veikt. Er þetta í raun og veru gott tákn um starfsemi hæstv. ráðh. Hann vill gera gott, en það, sem hann gerir, er óheppilegt.

Hæstv. ráðh. mintist á frv. mitt um ölvun embættismanna. Efni þess var, að embættismenn mættu ekki vera druknir við embættisstörf sín. — Jeg skal aðeins gefa þá skýringu, að frv. þetta var borið fram eftir eindreginni ósk templara, og var samið af einum af helstu lögfræðingum þessa bæjar og manni, er lengi hefir setið hjer á þingi. Jeg tók málið til flutnings af þessum ágætismanni og mín dýrð af frv. var ekki önnur en að bera það fram. En reynsla mín er sú hjer á þingi, að mál þau, er jeg hefi borið fram, hafa að jafnaði, þó þau hafi haft mótstöðu Íhaldsins fyrst í stað, fengið fylgi þess síðar, og svo mun enn reynast. Eftir svo sem 1—2 ár verður frv., sem gengur í sömu átt og frv. þetta, að öllum líkindum samþykt. Skal jeg sem dæmi minna á það, er jeg kom fyrst með það inn í þingið að veita fje til stofnunar nýbýla. Þá var það ein af mótbárunum gegn frv., að verið væri með því að gera menn að betlurum. En nú er svo komið, að starfsbróðir hæstv. ráðh., hæstv. atvrh. (MG), og 2 fylgifiskar stjórnarinnar hafa lýst blessun sinni yfir frv., og einn af mönnum þeim, sem hæstv. ráðh. lagði mikla stund á að koma inn á þingið í haust, hefir borið fram till., er fer í sömu átt og frv. mitt. Að ári liðnu mun hæstv. ráðh. vilja leggja blessun sína yfir frv. mitt, og er það ekki að undra, þegar þess er gætt, að hann hefir nú á 3 mánuðum algerlega snúist í máli því, sem hjer er um að ræða, eins og 15. gr. frv. til Lands-

bankalaga ber með sjer. — Jeg segi þetta aðeins vegna ósanngjarnra ummæla hæstv. ráðh. um frv. mitt. Það vill svo til, að frv. mín sigla yfirleitt í hagstæðum byr í höfn, þó að Íhaldið sje andstætt þeim í fyrstu. En frv. þau, er hæstv. ráðh. ber fram, standa eins og blýkökkur fyrir brjósti þingmanna. Svo drepandi er dómur þingsins um þau frv. Jeg hefi því í sannleika ástæðu til þess að gleðjast yfir því, hversu reynslan hefir sýnt, að frv. mín eru í samræmi við þróun tíðarandans.

Það kom fram í Nd., að fjhn. þar bar fram frv. þetta eingöngu af greiða við ríkisstjórnina, enda greiddi einn þm. í nefndinni atkv. á móti frv. Frv. hefir aldrei verið rannsakað neitt í Nd. nje því veitt þingleg meðferð. Öðru máli gegnir um meðferð Ed. á því. Hjer hefir verið rætt um frv. við hlutaðeigandi bankastjórn og leitað allra upplýsinga um málið, er hægt var að fá, en ekki tekið við frv. af stjórninni og því hraðað gegnum þingið eins og gert hefir verið í Nd.

Hæstv. ráðh. leiddi ástandið á Ísafirði inn í umræðurnar um þetta mál. Þó að jeg að vísu játi, að skera beri niður þau fyrirtæki, er ekki bera sig fjárhagslega, þá stendur nokkuð öðruvísi á þar, enda hefir það komið fram, að hæstv. ráðh. hefir þar fundið vöntun á fjármálahæfileikum flokksbróður síns.

Hv. frsm. meiri hl. (BK) hefir lýst yfir því, að hann teldi það sannað, að Landsbankinn þyrfti og vildi lán og að hann ætti frumkvæði að lántöku þeirri, sem um er að ræða. Þó að hæstv. ríkisstjórn vilji skjóta sjer á bak við Landsbankann í máli þessu, þá getur hún ekki hrakið þá staðreynd, að Landsbankinn á enn eftir 4 milj. króna viðskiftafjár erlendis. Það er því bæði ónauðsynlegt og óskynsamlegt af bankanum að óska eftir nýju láni.

Það er augljóst af öllu, að ríkisstjórnin hefir fengið tilmæli frá Íslandsbanka um peningahjálp. Hefði verið eðlilegast, að stjórnin hefði sjálf snúið sjer til þingsins um þau tilmæli, því að þá hefði þingið getað rætt um það, hve mikið það vildi lána bankanum. En stjórnin treysti sjer ekki til þess að fara þessa beinustu leið, heldur ýtir hún undir Landsbankastjórnina til þess að æskja láns, sem miðla á Íslandsbanka af.

Hæstv. ráðh. sór yfirskotseið, er hann sagðist ekki hafa vitað um samningana við National City Bank fyr en bankastjórarnir hefðu sagt honum frá því. En landsstjórnin hefir getið þess, að hún hafi verið í vandræðum, — en ekki vitað um samningana við þennan erlenda banka. Þetta sýnir ekki annað en það, að hæstv. landsstjórn vill ekki sverja fyrir, að hún hafi verið í lánsbraski, en hefir á sama staðið, í hvaða Keflavíkinni róið var. Og það er mikið vafamál, hvort ekki var búið að lofa Íslandsbanka peningum þegar áður en þessir lánssamningar voru gerðir í Kaupmannahöfn. Það, sem hjer hefir gerst, er það, að hæstv. ríkisstjórn ýtir undir Landsbankastjórnina um peningalán erlendis, sem Landsbankinn hefir ekkert með að gera.

Hæstv. ráðh. reyndi í gær að verja það, að það væri annað reikningslán en fast lán. Jeg benti þá hæstv. ráðh. á það, að svo gæti farið, að reikningslán yrðu að föstum lánum, og því til sönnunar drap jeg á það, að reiknings-

lán Íslandsbanka í Englandi og í Danmörku væru orðin að föstum lánum og að hjálp hæstv. ráðh. nú við Íslandsbanka væri í því fólgin að taka lán í Ameríku, til þess að bankinn gæti greitt þau reikningslán, sem nú væru orðin að föstum lánum. — Þá er það og algerlega óhrakið, sem jeg hefi haldið fram, að allar líkur væru fyrir því, að tekjuhalli haldi áfram á atvinnurekstri þjóðarinnar, og að þegar lán það, sem nú er verið að taka, er upp jetið, þá sje ekki annað fyrir hendi en að taka nýtt lán, og svo koll af kolli. Nú hefir hæstv. ráðh. orðið að flýja úr virkinu, því að það eru tíu líkur á móti einni um, að lán þetta verði að föstu láni. Til frekari sönnunar því skal jeg geta þess, að það er upplýst í nefndinni, að 700 þús. kr. lán, sem Íslandsbanki fjekk í Landsbankanum með Alþingisábyrgð í fyrra vetur, er ennþá ekki greitt nema að litlu leyti. Lán þetta er því orðið fast að mestu leyti og landið situr ennþá í ábyrgðinni. Þetta er sú reynsla, sem alloftast hefir fengist um þessar lántökur.

Jeg hefi í fyrri ræðu minni í þessu máli gefið hæstv. ráðh. kost á því að láta viðhorf sitt í ljós um skuldir landsins. Hann gat þess í ræðu, er hann hjelt á Austurlandi og eitt af flokksblöðum hans hafði eftir honum, að hann ætlaðist til, að landið yrði skuldlaust árið 1943. En hvernig fylgir hæstv. ráðh. fram þeirri stefnu sinni? Nú er verið að taka lán á lán ofan. Og hæstv. ráðh. hefir jafnvel gengið svo langt, að stappar nærri stjórnarskrárbroti, með lántöku án leyfis þingsins eigi alls fyrir löngu. Nú hefir hæstv. ráðh. ætlað að gera samskonar afglöp um þetta lán, sem hjer er um að ræða, en það er aðeins fyrir tilstilli lánveitanda, að málið er komið fyrir Alþingi.

Jeg vil leyfa mjer að skora á hæstv. ráðh. að skýra frá því, hvort hann sje nú kominn að þeirri niðurstöðu, að sú kenning hans forðum hafi verið röng, að landið ætti að vera skuldlaust 1943. Hvort það hafi verið einskonar bjartsýni hveitibrauðsdaga lengi þráðra en ófenginna valda, sem hafi ráðið þessum orðum hans, og að hann reyni nú að láta landið vera í sem mestum skuldum 1943.

Það er t. d. svo um sigurinn, sem stjettarbróðir hæstv. ráðh. vann 1921, þegar hann tók enska lánið, veðsetti tolltekjurnar og ljet 15% afföll, sem runnu m. a. til þeirra, sem útveguðu lánið. Þessi slæmu kjör bygðust vitanlega á eymd landsins og á því, að Íslandsbanki var kominn á knje og hafði tekið landið með sjer í fallinu. — Jeg vil ekki óska hæstv. ráðh. svo ills, að hann vinni marga slíka sigra. Þó að jeg sje stjórnarandstæðingur, vil jeg ekki óska stjórninni þess, að hún komi landinu enn meira á höfuðið en orðið er.

Það gladdi mig, að hæstv. ráðherra fjell frá dönsku fyrirmyndinni um að leyna öllu um svona lántökur, enda var það hlægileg vitleysa. Jeg held, að það hefði verið betra fyrir hæstv. ráðh. að segja þegar í stað alveg hreint um það, hve stór ábyrgðin er, og fylgja þar með almennri venju.

Ennfremur dró í sömu seglin og áður hjá hæstv. ráðh. um gengi norsku krónunnar. Hann byrjaði í gær með

að segja, að það væru aðrar ástæður en stækkun krónunnar, sem hefðu lækkað verðið á ísl. kjöti, og nefndi þar til erlendar verðbreytingar. Jeg svaraði því, að enda þótt verðlag ísl. krónu hafi ekki breyst, þá hafi hækkað gengi norskrar krónu. Sú gengishækkun hefir orðið til þess að lama norsku þjóðina. Nú vill svo til, að hæstv. ráðh. er ekki *svo* fáfróður, að hann geti neitað þessu. Hann hefir fyr á tímum lesið Cassel og hefir því hugmynd um, að „deflation" lamar kaupmátt fólksins. Af því að hæstv. ráðh. stóð sig ekki við að gera sjálfan sig þann glóp að neita þessu, greip hann til þess úrræðis að vitna í, að mismunandi skýringar hafi komið fram á áhrifum gengishækkunar í hv. Nd. Hann kvað einn hv. þm. hafa haldið fram því sama, sem hjer hefir verið sagt, en annar segir hæstv. ráðherra, að hafi haldið því fram, að gengishækkun yki kaupgetu manna óeðlilega mikið. — Nú vil jeg enn halda áfram þeirri fræðslu hæstv. ráðh. til uppeldisbóta, sem hann byrjaði sjálfur að leita eftir fyrir nokkrum árum með lestri erlendra fræðirita, enda þótt sú sjálfsfræðsla fjelli bráðlega niður. Nú vil jeg sýna hæstv. ráðherra, að þetta mikla „ósamræmi", sem hann talaði um, getur vel farið saman í hinu sama landi. Við skulum taka sementskaupmann til dæmis. Hann hefir grætt margar 50-aura krónur og lagt í sjóð. **(Forsrh. JÞ:** Það gerir enginn sementskaupmaður!). Það er ekki „teoretisk" vissa fyrir því, að allir sementskaupmenn sjeu á hausnum. — Já, sementskaupmaðurinn hefir lagt í sjóð margar 50-aura krónur. Síðan hækkar gengið, máske fyrir þá sök, að sementskaupmaðurinn verður ráðherra eða kemst í aðra þá aðstöðu, að hann geti haft áhrif á peningagengið. Nú vænti jeg, að öllum sje ljóst, að kaupgeta þessa manns eykst með hækkuninni, að hann getur nú keypt meira af óþarfa frá útlöndum en áður. Ef hæstv. ráðh. hefir skýrt rjett frá um skoðun hv. þm. í Nd., þá hefir hann eflaust átt við þetta. Á hinn bóginn er fátækur maður, sem byggir sjer steinsteypuhús fyrir lánsfje meðan krónan er 50 gullaurar. Síðan hækkar krónan upp í 100 gullaura, áður en skuldin borgast. Þá hefir hækkunin raunverulega gert skuldina helmingi meiri en hún átti að vera. Sannarlega hefir gengið lamað kaupgetu þessa manns. — En það eru aðrir menn, og margfalt fleiri, sem skaðast á gengishækkuninni. Þess vegna er „deflation" fordæmd í öllum löndum af hinum bestu mönnum. Ræðustúfur hæstv. ráðh. sannar ekki annað en það, að hann botnar ekkert í einföldustu gengislögmálum, og skilur meira að segja ekki sjálfan sig. Það er svo að sjá, sem hann viti ekki, að það eru samskonar menn og sementskaupmaðurinn, sem jeg nefndi áðan, er alstaðar heimta hækkun, eingöngu af því að þeir sjálfir hagnast á því. Í fyrra voru það aftur á móti atvinnurekendur landsins, sem ljetu það koma í ljós, eftir því sem hver hafði kjark til, að þeir vildu taka svo mikið tillit til hinnar skuldugu framleiðslu, að þeir gætu ekki sætt sig við að „deflationin" hjeldi áfram. Í þessum hóp voru jafnvel sumir stuðningsmenn hæstv. stjórnar. — Jeg vil vona,

að þessi litla fræðsla verði til þess, að hæstv. ráðh. geri ekki oftar það þjóðgat í gengismálinu, sem hann gerði í dag.

Næst fór hæstv. ráðh. dálítinn útúrdúr til annara landa og vildi halda því fram, að gengishækkun væri hvergi álitin hafa erfiðar afleiðingar í för með sjer fyrir atvinnuvegina. Jeg vil ráðleggja hæstv. forsrh. að lesa það, sem forsætisráðherra Dana hefir skrifað um þetta. Jeg vil ráða honum til að kynna sjer ástandið í Noregi eða í Englandi, eftir að hækkunin varð í þessum löndum. Alt þetta benti jeg á í gær, en hæstv. ráðh. kaus þann kostinn, sem honum var vænstur, að þegja um þetta. Hann veit, að ekki verður um það deilt, að vandræðaástandið í þessum löndum stafar af hækkun gengisins. En um Finnland, sem lamað var bæði af heimsstyrjöldinni og borgarastríðum, má segja, að það hefir rjett við á skömmum tíma, sakir þess, að það tók öfuga stefnu við hæstv. ráðh. í gengismálum. Þar voru atvinnuvegir landsins ekki særðir holsári með óeðlilegri gengishækkun. — Þrautasvar hæstv. ráðh. var, að ómögulegt væri að líta til Þýskalands, sem jeg hafði nefnt til samanburðar, sakir þess hve þar hafi alt verið komið í niðurníðslu. Það er rjett, að þar var áður íhaldsstjórn, sem steypti landinu út í heimsstyrjöldina. En hinu gekk hæstv. ráðh. fram hjá, að þetta land, sem var svo traðkað og þjakað, gat nú í sumar boðið sigurvegurunum hjálp til að rjetta við fjárhag þeirra. Þjóðverjar buðu Frökkum hjálp til að rjetta við gengi þeirra, og annari sigurvegaraþjóð, Belgum, buðu þeir að kaupa af þeim þýska landspildu fyrir einn miljarð gullmarka, svo að Belgía mætti rjetta við fjárhag sinn. Jeg verð að halda fram, að aðstaða þýska þjóðbankastjórans hafi verið dálítið önnur, þegar hann var að gera þessi boð, heldur en aðstaða bankastjóranna hjer, þegar þeir eru að aura saman fje upp í tap framleiðslunnar, sem orðið hefir að miklu leyti fyrir tilstuðlan hæstv. ráðh. (JÞ).

Allar stríðsþjóðirnar hafa liðið mikið, en það er aðdáunarvert, hversu margar þeirra hafa rjett við með því að lækna peningasjúkdóm sinn. Það, sem Þjóðverjar gerðu í því efni, er aðalfyrirmyndin fyrir okkur. Þeir gátu komið framleiðslunni til að bera sig með því að lækka framleiðslukostnaðinn. Fram hjá þessu hefir hæstv. ráðherra algerlega gengið. Hann hefir forðast að afsaka það einu orði, að ekkert spor hefir verið stigið hjer í þessa átt. Hjer hefir ekki verið sagt eða gert neitt í þá átt að koma betra skipulagi á útgerðina, fækka framkvæmdarstjórum eða lækka laun skipstjóra eða neitt þesshátt, ekki einu sinni reynt að koma í veg fyrir það, sem nú á sjer stað, að skipstjórar hafi beinan hag af brúttóeyðslu skipanna. En það hljóta allir menn að sjá, að lækkun framleiðslukostnaðarins er aðalatriðið. Sakir þeirrar lækkunar var það, sem Þýskaland gat boðið sigurvegurum sínum peningahjálp. Hæstv. ráðh. getur ekki komist utan um neitt af þessu með fáfræði sinni.

Hæstv. ráðh. endaði mál sitt með því að segja, að mjer virtist standa stuggur af þessu láni. Eins og í nál. mínu segir, eru það ekki þessar 9 miljónir frekar en allar hinar lántökurnar síðan 1920, sem fylla mig kvíða.

Út af fyrir sig er þessi 9 milj. kr. skuld ekkert verri en hver önnur jafnhá upphæð áður. En mjer virðist svo sem hrunið sje þegar orðið svo mikið, að kominn sje tími til að stöðva það.

Þar sem hæstv. ráðh. (JÞ) ljet í ljós, að í andmælum mínum fælist vantraust á stjórn Landsbankans, þá lítur út fyrir, að hann hafi ekki lesið nál. mitt. Þar stendur það einmitt skýrum stöfum, að eina lífsvonin sje, að stjórn bankans geti haft svo mikinn hemil á lánveitingum, að lán þetta verði ekki að þjóðarvoða. Þessi von hefði í sjálfu sjer getað verið nægileg, ef það hefði ekki sannast fyrir hinu háa Alþingi, að í bankann er kominn nýr yfirbankastjóri, að nafni Jón Þorláksson, og það er hann, sem er sá óttalegi leyndardómur í þessu máli. Vegna sinnar röngu stefnu notar hann vald sitt til að sökkva hverri miljóninni af annari í tekjuhallaframleiðsluna. Hann vill heldur sjá miljónirnar hverfa í hyldýpið en viðurkenna, að hann hafi tekið skakka stefnu. Hann getur sagt með spiltasta konungi Frakklands: „Það er gott, ef alt flýtur mína tíð, hvernig sem fer á eftir". — Það er annars fleira svipað með hæstv. forsrh. og Lúðvíki XV., eða a. m. k. er ástand landsins að sumu leyti svipað ástandi Frakklands á dögum þess konungs. Ef marka mætti t. d. nokkurt orð, sem ritstjóri stjórnarblaðsins segir, þá vill flokkur hæstv. ráðherra hlúa að þeim saurugustu og siðspiltustu bókmentum, sem hjer á landi hafa nokkru sinni verið skrifaðar og líkastar eru frönskum bókmentum frá dögum Lúðvíks XV. Slíkar bókmentir kallar stjórnarritstjórinn óvenjulegar „að stílkrafti og andagift". Þetta kemur auðvitað ekki beinlínis við því máli, sem hjer um ræðir, en það sýnir, að það er víðar en í fjármálunum einum, sem siðleysið ætlar að breiðast út fyrir tilverknað Íhaldsins.

Það óttalegasta í þessu máli held jeg þó að sje það, að yfirbankastjórinn er nú þegar búinn að ráðstafa miklum hluta af þessu láni þannig, að það hlýtur að verða fast í atvinnuvegunum. Því stendur mönnum stuggur af öllu framferði þessa ráðh. (JÞ) og óttast, að eftir hans dag fari eins hjer á landi eins og fór á Frakklandi eftir daga Lúðvíks XV. *þá kom syndaflóðið.*

Forseti (JKr): Þá hefir háttv. 5. landsk. kvatt sjer hljóðs, og getur hann fengið leyfi til stuttrar aths.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil víkja því til hæstv. forseta (JKr), að jeg hefi þegar afhent nál., sem nú er í prentun og gefur mjer rjett til að halda þriðju ræðuna í þessu máli.

Forseti (JKr): Engu slíku nál. hefir verið útbýtt, og fyr getur hv. þm. (JBald) ekki öðlast framsögumannsrjett. Því stendur sá úrskurður, sem þegar hefir verið gefinn, að þetta verður aðeins stutt aths.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Mjer þótti það undarlegt hjá hæstv. forsrh. (JÞ), þegar hann var að tala um framkvæmdirnar á Ísafirði, að hann kvað mig hafa eyðilagt allar aðfinslurnar með því ógætnisverki að gefa bankastjórum Íslandsbanka heiðarleikavottorð. Eng-

inn hefir nú farið ver með þessa bankastjóra heldur en hæstv. ráðh. sjálfur, með því að lýsa yfir því, að hann álíti þá ekki þinghæfa. Því er engin furða, þótt honum þyki undarlegt, að jeg vil ekki bendla þá við hlutdrægni eða óhlutvendni. Einstaka maður hefir nú verið svo illkvittinn að láta sjer detta í hug, að þessi dómur hæstv. ráðh. um Íslandsbankastjórana væri ekki fram kominn vegna þeirra allra, heldur mest sakir eins þeirra, sem sumir vilja kalla keppinaut hæstv. ráðh. á vissum sviðum. — Það er samt því undarlegra, að hæstv. ráðh. vill ekki leyfa mönnum að tala virðulega um þessa bankastjóra, þar sem sjálfur hann þóttist vera að verja þeirra málstað. — En það er víst aðallega þessi elskulegi flokksbróðir hæstv. ráðh. á Ísafirði, sem ekki má anda á. Vitanlega er það eftir hans tillögum, sem málum er svo komið, sem orðið er. Það liggja fyrir fullkomnar sannanir um það, að hann hefir reynt að selja út úr bænum bátana, sem þar á Ísafirði eru aðalatvinnutækin. Hann hefir rökstutt það með því, að útsvörin væru svo há á Ísafirði, að ómögulegt væri fyrir framleiðsluna að bera þau. En það er sannanlegt, að útsvör eru ekki hærri þar en hvar annarsstaðar. Við einn bæjarfulltrúann á Ísafirði hefir þessi dýrlingur Íhaldsmanna sagt: „Þið hafið komið öllu á hausinn með útsvörunum; nú er best, að þið takið við öllu“. En það er við þessi orð að athuga, að bátarnir tapa, þótt útsvörin sjeu ekki reiknuð með, og hjer er því aðeins verið að ná sjer niðri á pólitískum andstæðingi. Jeg hefi hjer aðeins tekið eitt dæmi úr bankastarfsemi þessa manns. En jeg á bágt með að trúa því, að hæstv. forsrh. hafi farið varhluta af þeim orðrómi, sem fer af bankastarfseminni bæði á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, því að það er öllum kunnugt, að á þessum stöðum er hlynt að Íhaldsmönnum fram úr öllu hófi. En þó þetta sje viðurkent, þarf það enganveginn að skerða heiðarleik bankastjóranna í Reykjavík, því að vitanlega ráða útibússtjórarnir öllu um daglega starfsemi sína.

Hæstv. forsrh. skaut því til mín, að jeg skyldi semja brtt. við frv., og bauðst jafnvel til að verja nokkru af sínum dýrmæta tíma til þess að hjálpa mjer að gera þær formlega úr garði. Mjer finst þetta tilboð nú ekki svo ógurlega glæsilegt, því að hæstv. ráðherra hefir sett inn í Landsbankafrv., sem fyrir hv. deild liggur, ákvæði um almenna ábyrgð ríkissjóðs á öllum lánum bankans, og að öðru leyti hefir hann klúðrað þetta mál svo, að hann verður tæplega talinn hinn ákjósanlegasti leiðbeinandi.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri skylda ríkisstjórnarinnar og ríkisvaldsins að veita bönkunum nauðsynlega aðstoð. Jeg get vel tekið undir þetta, en vafamálið er, hvenær um nauðsynlega aðstoð sje að ræða. Mjer skilst t. d., að hjer geti ekki verið um nauðsynlega aðstoð handa Landsbankanum að ræða. Það hefir upplýst í málinu, að Landsbankinn á ekki að nota þetta fje handa sjálfum sjer, heldur fyrst og fremst til þess að geta lánað Íslandsbanka erlendan gjaldeyri. Það er þetta, sem má teljast hið óheilbrigða í málinu, að fá Landsbankann til að taka lán, sem hann sjálfur hefir enga þörf fyrir, og skipa

honum síðan að lána það öðrum, sem hann ef til vill hefir ekki það traust á, að hann vilji lána stórfje. Loks þegar þetta er komið vel á veg, að koma þá til Alþingis og knýja það til að leggja blessun sína yfir alt saman. Það hefði verið ólíkt hreinni og drengilegri framkoma að leita til Alþingis um það, hvort því sýndist rjett að ganga í ábyrgð fyrir Íslandsbanka sjálfan. Jeg fyrir mitt leyti hefði tekið slíka málaleitun til mjög velviljaðrar yfirvegunar.

Það er enginn efi á því, að hæstv. ráðh. getur haft mikil áhrif um það, hvernig þessu láni er varið. Það er líka beint sannað í þessu máli, að hann hefir ráðstafað af því nokkrum hluta, og það kalla jeg miklu meiri afskifti en jeg hefði búist við af hæstv. ráðherra. Það er þvert á móti því, sem hann gerði ráð fyrir. **(Forseti JKr:** Athugasemdin hlýtur að fara að verða búin. Jeg gef þingmanninum eina mínútu enn).

Mjer finst það hart hjá hæstv. forseta að takmarka svona við mig málfrelsi, þegar hann veit, að nál., sem gefur mjer rjett til þess að halda eina ræðu enn og athugasemd til, er væntanlegt á hverri stundu. Já, hæstv. forseti má gjarnan nudda hnallinn til þess að hringja bjöllunni; en hann veit, að þetta er í raun og veru ekki rjett hjá honum að meina mjer að tala. — Jeg er rjett að verða búinn, svo að það verður ekki nema töf hjá hæstv. forseta að taka fram í.

Hæstv. ráðh. getur ekki skilið, að hann og stjórnin hafi orðið til hálfgerðrar minkunar fyrir þetta form um ábyrgð fyrir bankann á erlendum lánum. Honum finst það svo gott og blessað, þegar við erum nú komnir niður á þetta gullfallega form á þskj. 130, sem raunar margir efast um, að sje heppilegt, — þá sje búið að finna lausnina og verði að sjálfsögðu að breyta bankafrv. í það form, að feld sje niður sú heimild stjórnarinnar til þess að — — **(Forseti JKr:** Þingmaðurinn hefir lokið máli sínu). Jeg beygi mig fyrir því, sem hæstv. forseti úrskurðar, en vænti þess, að nál. komi, sem veitir mjer rjett til að tala frekar í máli þessu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Til þess að greiða fyrir framgangi málsins ætla jeg að bíða með mín svör til 3. umræðu, ef ekki taka fleiri til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi að svo stöddu ekki annað að segja út af þessu litla frv. en þakka þær góðu undirtektir, sem það fjekk við 2. umr. Sjerstaklega þakka jeg hv. 1. landsk. (JJ) fyrir það lið, sem hann ljeði frumvarpinu við atkvæðagreiðsluna, sem óneitanlega var vel gert af honum, eftir að hafa þó eytt svona löngu nál. og svona mörgum og löng-

um ræðum til þess að gera grein fyrir sínu atkvæði.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Eins og lesið var upp hjer á fundi á laugardaginn, hefir verið útbýtt nál. frá öðrum minni hl. fjhn. í þessu máli. Þar hefir raunar orðið sú villa — sem blað hæstv. stjórnar hefir gripið fegins hendi sem mikilvægt atriði í málinu —, að þar stendur „frá öðrum meiri hluta", þótt rjett væri í handriti mínu. Nú hafði jeg sýnt hæstv. forseta þetta plagg áður en það fór til prentsmiðjunnar, til þess að taka af allan vafa um það, að jeg ætti þann rjett, sem þingsköp heimila frsm. minni hl. í málum. Nú er ekki svo að skilja, að jeg álíti þörf á því, að fram komi nál. til þess að öðlast slíkan rjett. Og forseti Nd. hefir einmitt í bankamálinu, sem lá þar fyrir á síðasta þingi, úrskurðað handa minni hl. fjhn. rjett til þess að halda þrjár ræður og gera stutta athugasemd. **(Forseti HSteins:** Þetta er ekki á dagskrá). Hæstv. forseti má ekki misvirða þetta við mig, af því að jeg lít svo á, að það hafi verið nokkuð hastarlega að farið hjá hæstv. 1. varaforseta (JKr), þegar hann svifti mig rjetti til að halda áfram ræðu minni. — En hv. 6. landsk. (JKr) vildi jeg aðeins ráðleggja, að hann skuli ekki um skilning á þingsköpunum fara hvorki eftir bendingum eða augnaráði hæstv. forsrh. (JÞ); því að ef hann hefir kynt sje dálítið þingsögu hans, þá má hann vita, að hann er ekki heppilegur ráðunautur um þau mál. Hv. þm. gæti þá komist að raun um, með því að kynna sjer gerðabók Nd.. að hæstv. forsrh. hefir verið í meira lagi syndugur við þingsköpin, ef til vill meir en nokkur annar maður, sem nú á sæti á Alþingi. Jeg segi þetta í allri vinsemd við hv. 6. landsk., ef hann skyldi eiga oftar — sem jeg vona — að taka sæti í þeim virðulega stól. — Jeg vil að lokum segja út af þessu máli, að það er eins mikill vandi að tala úr forsetastóli eins og þingmannssæti, og alveg eins hægt að skjöplast þar, eins og forseta (JKr) henti við síðustu umr.

Þá ætla jeg að víkja að því, sem fyr var frá horfið. Varð jeg að stöðvast einhversstaðar í miðri setningu, þar sem jeg var að ræða við hæstv. forsrh. um bankamálin, — um það atriði, sem dálítið er deilt um. Hæstv. stjórn hefir sem sje lýst yfir því sem sinni skoðun, að það sje búið að slá því föstu í því frv., sem liggur fyrir um lánsheimild Landsbankans eða ábyrgð ríkisstjórnarinnar, að ákvæði, sem hún hefir sett inn í Landsbankafrv., eigi ekki við. Er þá hæstv. stjórn búin að skifta um skoðun í málinu. Jeg vil undirstrika það, að það er ákaflega illa farið, að ríkisstjórnin skuli hafa gert sjer svona litla grein fyrir þeim ákvæðum, sem hún setur inn í bankafrv. Það gefur mönnum ástæðu til að lesa með varúð og jafnvel tortryggni þau ákvæði, sem stjórnin að þessu sinni hefir bætt inn í bankafrv., af því að það er ekki bygt á neinni grundvallarskoðun á bankamálum, heldur er það tilviljun, sem ræður hjer um í einu og öðru. Undir eins og hæstv. stjórn mætir einhverjum andblæstri, þá segir hún bara: Það má þá vera eins og þingið vill. —

Þetta er því miður orðið nokkuð títt hjá hæstv. ráðherrum, að haga algerlega skoðunum sínum eftir því, sem vindur blæs byrlega í þinginu, reyna að koma fram með sem minst sjálfstætt og halda engu fram til streitu. Má segja, að losaralega sje haldið um stjórnartaumana að því er snertir stefnu stjórnarinnar í löggjafarmálum.

Jeg verð í hvert skifti, sem jeg tek til máls, að leggja áherslu á það, að hæstv. stjórn skýri opinberlega frá því, hve lánið er hátt. Jeg hefi gert margar fyrirspurnir til hæstv. forsrh., en hann hefir ekki viljað svara. Hæstvirtur ráðherra sagði, að það færi mikið eftir því, hvaða traust menn bæru til Landsbankastjórnarinnar um það að verja þessu láni vel, að því væri ekki eytt í fallvölt fyrirtæki, þar sem fje tapaðist. Þetta er misskilningur. Menn geta borið fult traust til stjórnar Landsbankans, þó að þeir vildu ekki ganga inn á slíka ábyrgðarheimild fyrir ótakmarkaðri lánsfjárhæð. En það er eiginlega þegar að nokkru leyti upplýst, að Landsbankanum er ekki brýn þörf á láni, og í öðru lagi er það sannað hjer í þinginu, að ríkisstjórnin noti sjer sitt vald til þess að hafa áhrif á, hvernig þessu fje skuli varið.

Nú ber jeg ekki svo mikið traust til stjórnarinnar, að jeg trúi því, að hennar tillögur um notkun lánsfjárins verði þær heppilegustu. Jeg hefi ekki ástæðu til þess af þeim tillögum, sem fram eru komnar um notkun þess og búið er að skýra frá opinberlega, að ætla, að hennar síðari tillögur kunni að verða heppilegar.

Þess vegna er þetta ekki vantraust á stjórn Landsbankans, heldur á hæstv. ráðherra (JÞ), og vantraust á því, að hans till. í þessu máli verði landinu til góðs.

Bæði hæstv. ráðh. og hv. 1. landsk. þm. töluðu um það, hve fljót þýska þjóðin hefði verið að ná sjer eftir ófriðinn mikla og hve atvinnuvegir hennar stæðu í miklum blóma.

Hæstv. ráðh. vildi þakka það því, hvernig atvinnulöggjöf er háttað þar í landi, löngum vinnutíma og lágu kaupi. En mjer er óhætt að segja, að þetta er hin herfilegasta villa. Það er ekki þetta, sem hefir endurreist atvinnuvegi þeirra svo fljótt, heldur dæmalaus dugnaður, hárfín nákvæmni og vísindaleg þekking, er þeir beita við hverja atvinnugrein sem er. Langur vinnutími er jafnan til bölvunar. Fyrir því opna menn augun æ meir og meir. Því var á fyrsta fundi eftir stríðið send áskorun til stjórna allra ríkja í heimi þess efnis, að þær lögleiddu stuttan (8 stunda) vinnudag. Nú fyrir skömmu hefir þýska stjórnin, sem er hálfgerð íhaldsstjórn, komið með frv. til laga um stytting vinnutímans. Franska þingið samþykti 8 stunda vinnudag með nær því samhljóða atkvæðum.

Einmitt atvinnurekendurnir kvarta undan of mikilli framleiðslu; það þurfi að vinna minna. Svo er það hjer í landi. Hæstv. ráðh. er það kunnugt, að til þess að framleiða minni fisk hafa togararnir legið inni.

Einn hv. fylgismaður stjórnarinnar sagði í Nd., er rætt var um kæliskipið, að ekki mætti auka sauðfjárrækt landsmanna, því að þá fjelli kjötið í verði. Annar hv. þm. — jeg ætla það væri hv. þm. N.-Ísf. — sagði fyrir 2—3 árum, að ekki mætti bæta við tog-

araflotann, því að þá bærist of mikill fiskur á markaðinn. Sjálfur hjálpaði hann þó til þess með því að bæta togara í hópinn skömmu seinna.

Nei, það er ekki langur vinnutími, sem gerir þjóðunum eða atvinnuvegum þeirra mest gagn, heldur miklu frekar hitt. Mestu iðjuhöldum heimsins kemur saman um það, að hátt kaup og stuttur vinnutími sje það æskilegasta, frá hvaða sjónarmiði, sem það er skoðað, hvort heldur frá sjónarmiði verkamannsins eða þess, er verkið lætur vinna.

Það stingur dálítið í stúf við þær kenningar, er forsætisráðherra Íhaldsflokksins á Íslandi heldur fram.

Við vorum, hæstv. ráðherra og jeg, að ræða um Íslandsbanka í sambandi við þetta mál, af því að hann á að tilhlutun hæstv. stjórnar að fá dálítinn part af umræddu láni. En jeg er ófús á að láta það viðgangast. Jeg minti á útibú Íslandsbanka á Ísafirði og atvinnurekstur þann, er hann hefir þar stutt, en nú er í kaldakolum og hefir hlotið hörmuleg afdrif vegna hlutdrægni í meðferð Íslandsbanka á honum. Jeg mintist lítið á önnur útibú bankans. En nú vill svo til, að komið hefir fyrir atvik í Vestmannaeyjum, sem ber vott um óforsvaranlegan bankarekstur. — Maður vel stæður tók lán í Íslandsbanka. Á tilskildum tíma átti hann að borga, en gat ekki í svip, vegna óseldrar framleiðslu sinnar. En við framlenging lánsins var ekki komandi. Ástæður útibússtjóra eru ekki frambærilegar. Þær voru ekki það, að bankinn þyrfti á fjenu að halda eða hefði lögmæta kröfu til að innheimta það strax. Nei, það var ekki það, sem hann sagði. Heldur sagði hann: Þú ert ekki í útgerðarmannafjelagi, og þú hefir tekið þátt í stofnun sjómannafjelags, og þess vegna þýðir þjer ekkert að koma í þessum erindagerðum hingað. — Þessi voru ummæli hans, orðrjett eða efnisrjett. Útibússtjóri hefir þar sýnt algerlega óverjandi misbeiting ráðsmensku sinnar um bankastarfsemina. Fleiri dæmi þessu lík mætti eflaust til tína. Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð fyrir láni til bankastofnunar, er hagar svona lánveitingum sínum.

Margar ástæður eru til þess, frá mínu sjónarmiði, að ekki beri að samþykkja þessa ábyrgðarheimild yfirleitt. Í fyrsta lagi er láns eigi þörf. Í öðru lagi er sú krókaleið, sem fara á, til þess að veita Íslandsbanka sinn skerf af láninu. Í þriðja lagi er sú hula og leynd, er þetta hefir hjúpast frá upphafi, rjett eins og dylja skuli þjóðina þess, hvernig beita eigi lánstrausti hennar út á við og verja fje hennar.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vantreysti stjórn Landsbankans til þess að fara með lánið. En jeg vantreysti hæstv. ríkisstjórn til að hafa heppileg áhrif um notkun þess. Jeg tel auk þess varhugavert að taka stór lán erlendis, vegna hættu á verðfalli ísl. peninga. Jeg mun því halda áfram þeirri stefnu, er jeg hefi tekið, og greiða atkv. móti frv. En jeg vil bæta því við, að jeg mundi vera samþykkur að ábyrgjast Landsbankanum hæfilega stórt lán til eigin þarfa og eigin ráðstafana, en ekki eins og hjer er í pottinn búið og upplýst er um þetta lán.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil leyfa mjer að segja nokkur orð, áður en þetta mál fer endanlega út úr deildinni.

Jafnvel þó að orðið hafi nokkrar misfellur á meðferð þessa máls, leit jeg samt svo á þegar í upphafi, að ekki væri heppilegt að gera það að flokksmáli. Þarf margt að takast til greina bæði með og móti.

Jeg get verið sammála hv. 1. landsk. (JJ) um það, að æskilegast sje, að þeir, sem völdin hafa, landsstjórn og bankastjórnir, fari gætilega í lántökur. Jeg hefi áður gert grein fyrir því, á hverju sú skoðun mín byggist. En til álita kemur eðlismunur hinna ýmsu lána. Því verður ekki mótmælt, að hann er mikill. Við skulum líta á þetta reikningslán, sem sumum stendur stuggur af, því upphæðin er nokkuð há á pappírnum. En það er meira í orði en á borði, þótt óspart sje notað til þess að hafa áhrif á hugi kjósenda. Mjer finst í slíku falli sem þessu þurfi að skýra frá því rjett og nákvæmlega, hvers eðlis lán það sje, er ríkið stendur á bak við eða ábyrgist.

Jeg álít, að lán, sem ríkið tekur til nauðsynjafyrirtækja, verði þjóðinni til hagsældar, t. d. lán, sem varið er til verðbrjefakaupa, veðdeildar o. s. frv. Það er undarlegur hugsunarháttur að vilja gera mikið úr, hvað það sje hættulegt. Mjer er spurn: Hvaðan vænta menn framfara, ef ekki má taka lán, sem menn eru sammála um að verja til frambúðarfyrirtækja og nytsemda? Jeg hygg þau sjeu ekki mörg lánin, sem ekki er þannig varið. Að minsta kosti er jeg ekki svo ýkjasvartsýnn á því sviði.

Þá er að athuga bankalánin. Mjer skilst þau vera tvenskonar, þótt ekki sje gert ráð fyrir, að nein lán, sem bankarnir taki, verði beinlínis að eyðslufje. Þau geta verið bæði föst og laus, eða með öðrum orðum tekin til lengri eða skemri tíma. Ef við tökum hin eiginlegu lán Landsbankans, eru þau eins og kunnugt er: hans hluti af enska láninu og 4 milj. kr. lán síðar. Jeg álít þessar lántökur ekki hættulegar. Það er enginn vafi á, að bankinn er þess megnugur að standa straum af vöxtum og afborgunum. Ennfremur hafa þessi lán komið einhverjum að gagni, orðið nauðsynlegum fyrirtækjum að liði. Jeg sje því ekki ástæðu til að óttast þessi lán.

Þá koma lausu lánin. Um þau er mjer ekki eins fullkomlega kunnugt. En það er ekki upplýst, að laus lán Landsbankans fari fram úr 4—5 milj. króna. Og þegar þess er gætt, að jafnan er nokkurt handbært fje erlendis og á hverjum tíma eru fyrirliggjandi innanlands verðmæti í afurðum, sem hægt er að koma í verð með stuttum fyrirvara, og ef það er rjett, að nú sje fyrir hendi sem svarar 4 milj. kr., þá verður ekki annað sagt en hagur hans sje í besta lagi og viðskiftum hans við útlönd vel borgið.

Þá er þessi margumtalaða lánsheimild, sem hjer er um að ræða og skoðanir manna skiftast um. En skoðanamunurinn um það, hvort heppilegt eða æskilegt sje, að hún verði veitt, er ekki gerður að aðalatriði, heldur aðferð, sem mátt hefði vera á annan veg en orðið er. Jeg skal þá víkja að því, hvernig jeg lít á þessa lánsheimild. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hún sje

fyrst og fremst hættulaus og þar næst þarfleg. Það hefir verið fundið að, að hún væri óþarflega og ótilhlýðilega há. Það er sem sje opinbert leyndarmál, að upphæðin sje um 9 milj. kr. Það má vel vera, að hún sje óþarflega há. En eftir eðli lánsins, þar sem um reikningslán er að ræða, geng jeg út frá því, að heimildin yrði ekki notuð út í æsar og aldrei fram yfir það, er ýtrasta nauðsyn krefur. Gagnið af heimildinni álít jeg í því fólgið, er nú skal greina: Svo er háttað hjer á landi, að öll framleiðsla afurða, hvort heldur er til lands eða sjávar, tekur langan tíma frá fyrsta tilkostnaði og þar til þeim er endanlega komið í peninga. Ef nú engar tryggingarráðstafanir eru fyrir hendi og erlendum kaupsýslumönnum, er hafa nú eða í framtíðinni viðskifti við landsmenn, er það kunnugt, að fjárhagurinn sje svo þröngur, að bankarnir hafi ekki ráð á fje til þess að hjálpa atvinnurekendum til að greiða áfallinn kostnað, þá er hætta á, að þeir sjái sjer leik á borði að bjóða svo lágt verð fyrir afurðirnar, að smánarboð megi kalla. Þessi yfirvofandi hætta hefir ráðið mestu um afstöðu mína til málsins. Fyrir mjer er hún aðalástæðan.

Jeg álít jafnframt rjett að geta þess, þótt þess þurfi ekki með, því að hv. þm. eiga sjálfir að vera færir um að gera sjer grein fyrir afleiðingum bæði þessa máls og annara, að það er fjarri því, að verið sje að stofna bönkunum í hættu með þessu. Því að þeir hafa á flestum tímum næga trygging í verðmætum, þar sem þeir eiga ráð á óseldri vöru, sem nemur að verðgildi að minsta kosti tvöfaldri þeirri upphæð, sem hjer er farið fram á. Það er því ekki að neinu leyti varhugavert.

Jeg vildi gjarnan komast hjá að vera mjög langorður, en fæ þó ekki komist hjá að minnast örfáum orðum á samband Íslandsbanka og ríkisins.

Þegar enska lántakan var í undirbúningi, leit jeg svo á, að æskilegast væri að komast hjá henni og lengra væri gengið en nauðsynlegt var. En með því að lánið var tekið og fjell mest í skaut Íslandsbanka, er sambandið milli hans og ríkisins orðið svo náið, að ekki verður hjá því komist, að ríkisstjórn og löggjafarvald hafi talsvert mikinn íhlutunarrjett um starfsemi hans. Eins og allir vita, er ákvæðið um stjórnskipuðu bankastjórana sett með hliðsjón af þessu. Það var mönnum ljóst, að til mála gæti komið, að ríkið yrði að taka stofnunina í sínar hendur.

Eins og öllum er kunnugt, hefir hagur bankans mjög þrengst, eins og ekki er óeðlilegt, þar eð fje hans hefir mjög gengið til þurðar upp á síðkastið, af því að innlánsfjeð hefir gengið í aðrar áttir en áður.

En þegar alls er gætt, álít jeg, að ekki sje auðhlaupið að því að láta þessa stofnun sigla sinn eiginn sjó úr því sem komið er og láta hana afskiftalausa, er á reynir. Jeg hygg, að menn hljóti að mega treysta því, að hinir stjórnskipuðu bankastjórar telji það sína æðstu skyldu að gera þingi og stjórn viðvart, hvenær sem um hættu gæti verið að ræða. Jeg fyrir mitt leyti treysti því.

Það er ekki þar með sagt, að heppilegt eða æskilegt sje, að ríkið veiti honum ótakmörkuð lán, hvort heldur

er með beinum lántökum til hans eða gegnum Landsbankann, heldur er því slegið föstu, að ábyrgjast verði honum eitthvert starfsfje á næstu árum. Aðalatriðið er að komast að fastri niðurstöðu um hag stofnunarinnar og það, hversu langt þarf að ganga til þess að veita henni nægilegan stuðning. Sem sagt verður að bera það traust til hinna stjórnskipuðu bankastjóra, að þeir sjái hvað líður og geri viðvart, ef hætt er komið. Það er líka sú hlið á málinu, sem nú er að koma allgreinilega í ljós, að Íslandsbanki virðist hafa sjeð sig knúðan til þess að ganga allhart að viðskiftamönnum sínum og innheimta lán með harðri hendi. Jeg tilfæri engin dæmi, en þetta gefur bendingu um, að tími sje til þess kominn að gera sjer ljóst, hvort fært sje að styðja hann verulega meir en orðið er, án þess þing og stjórn geri aðra skipun á fyrirkomulagi hans. Því þó að Landsbankinn hafi mjög gott traust í útlöndum, álít jeg dálítið varhugavert, að hann taki þar lán á lán ofan um fram það, sem hjer er um að ræða. Jeg er ekki að segja, að þessi lántaka sje varhugaverð, en ef svo skyldi verða álitið, að í náinni framtíð þyrfti að taka meira lán til þess að veita Íslandsbanka hluta af því, þá gæti jeg ekki verið því fylgjandi nema fyrir lægju frá ríkisstjórninni nákvæmar upplýsingar um hag bankans og fyrirhugaðan rekstur hans í framtíðinni.

Jeg þykist nú hafa gert grein fyrir því, hvers vegna jeg er þessari lánsheimild fylgjandi. En það er óþarfi að líta á fylgi mitt við þetta mál sem traustsyfirlýsingu til núverandi stjórnar, því að jeg álít, að ríkisstjórnin eigi að hafa sem allra minst áhrif á stjórn Landsbankans að því er lánveitingar snertir, enda hygg jeg líka, að hún hafi ekki beitt sjer mikið í því efni og muni ekki leggja stund á það í framtíðinni. Hitt væri nær sanni að segja, að þeir, sem greiða atkvæði með málinu hjer, veiti stjórn Landsbankans fulla traustsyfirlýsingu. Að afgreiða málið með það fyrir augum, að þörf sje á þessari heimild og ekki stafi af henni hætta, — í því liggur fullkomin traustsyfirlýsing til Landsbankastjórnarinnar.

Jeg þarf svo ekki að eyða um þetta fleiri orðum og mun leiða hjá mjer frekari umræður, nema sjerstakt tilefni gefist.

Jónas Kristjánsson: Jeg hefi orðið fyrir því óláni að valda einum hv. þm. tjóni, enda þótt jeg ætlaði ekki annað að gera en gæta skyldu minnar. Eftir því sem hv. 5. landsk. (JBald) segir, þá datt úr honum botninn við þetta tækifæri, og tel jeg það illa farið. En það er víst alveg rjett, því að jeg varð ekki var við neinn botn í þessari ræðu hans.

Jeg hefi altaf fylgt þeirri reglu, þegar jeg hefi þegið ráð, að fara heldur að ráðum þess, sem jeg treysti betur. Jeg hefi líka jafnan leitast við að gefa góð ráð, þegar jeg hefi ráðlagt öðrum. Nú skal jeg gefa hv. 5. landsk. það góða ráð, að gefa Alþýðuflokknum sem fæst ráð. Jeg held, að málum þess flokks væri betur komið, ef hann hefði færri ráð þegið af þessum hv. þm.

Jeg skal þá víkja fáeinum orðum að þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir einkum verið sakaður um tvent: að vilja taka óþarft lán og hafa ætlað í upphafi að gera

það með leynd. Þeim, sem eru í fjhn. þessarar hv. deildar, er vel kunnugt, að það var ekki hæstv. ráðh., sem átti upptökin að þessari lánsheimild, heldur stjórn Landsbankans. Í öðru lagi var það ekki hæstv. ráðh., sem óskaði eftir þessari leynd, heldur Landsbankinn.

Ef nokkur veit um þörf bankans, þá er það auðvitað bankastjórnin. Og hverjum er kunnugt um lánsþörf bankanum til handa, ef ekki bankastjórninni? Jeg geri ráð fyrir, að hún finni til ábyrgðar sinnar og geri sitt besta. Þess verður að gæta, að hjer er aðeins um að ræða heimild fyrir reikningsláni, sem gripið verður til, ef þörf krefur. Bankastjórnin er svo forsjál að vilja hafa peninga tiltæka, ef á þarf að halda. Það er ekki langt síðan einn fjármálaráðherra okkar varð fyrir því óláni, að tekjur ríkisins komu svo seint inn, að við lá, að allar verklegar framkvæmdir yrðu að stöðvast á miðju sumri. Þetta er dæmi um óforsjálni. Ef bankinn gerir ekki ráðstafanir til þess að hafa handbært fje til að geta lánað atvinnuvegunum nægilegt fje þar til framleiðsla þeirra er komin í verð, fer honum líkt og skipstjóra, sem leggur út á Atlantshaf án þess að líta eftir kolabirgðum skipsins. Ef kolin þrjóta á miðri leið, lendir skipið í vandræðum, og sama máli er að gegna um atvinnuvegina, ef rekstrarfje þrýtur þegar verst gegnir. Jeg skil ekki þá menn, sem vilja fordæma þessa forsjálni bankans.

Jeg get ekki sagt, að hv. 5. landsk. (JBald) sje engilhreinn í þessu máli. Hann mun heldur hafa stutt að hækkuðum kaupkröfum, og mjer er sagt, að hann hafi líka stutt að verkföllum. En þetta hvorttveggja miðar í þá átt að gera sjávarútveginum örðugt fyrir. Mjer finst það því koma úr hörðustu átt, þegar þessi hv. þm. sakar hæstv. ráðh. um það, sem hann er sjálfur valdur að.

Jeg sje mjer ekki annað fært en að greiða atkvæði með þessari heimild, því að hjer er um að ræða öryggisráðstafanir til handa atvinnuvegunum, sem telja verður nauðsynlegar. Jeg tel illa farið, ef menn láta flokksofstæki leiða sig svo langt, að það geti komið atvinnuvegunum á kaldan klaka. Þá væri mjög fávíslega að farið. Jeg vil fyrir mitt leyti gefa mönnum það góða ráð að blanda hjer ekki saman ólíkum hlutum, heldur gæta þess vel, hvað er aðalatriðið í þessu máli, sem er það að sjá atvinnuvegum landsmanna borgið. Jeg veit, að hæstv. ráðh. stefnir að því marki. Það var mjög fávísleg mótbára, sem hv. 5. landsk. kom með, þar sem hann vildi ekki láta samþykkja þessa lánsheimild af því að einn bankaútibússtjóri hefði, að hans dómi, beitt hlutdrægni í lánveitingum. Þó að þetta væri satt, væri í meira lagi fávíslegt að láta heila atvinnuvegi gjalda slíks ranglætis af hendi eins manns.

Einar Jónsson: Jeg hefi látið þess getið á öðrum stað, að mjer hefði þótt æskilegt, að ekki hefði þurft að auka á ábyrgðir fyrir nýjum lánum að þessu sinni. En mjer skilst, að allir sjeu sammála um, að hjer sje aðeins um öryggisráðstafanir að ræða, og jeg þykist vita, að hv. 1. og hv. 5. landsk. (JJ, JBald) sjeu þessu samþykkir, þótt þeir hagi orðum sínum á annan veg. Jeg hygg, að ástæðurnar hjá okk-

ur sjeu svo, að ekki sje öðrum betri ráðum til að dreifa en þessu. Jeg hefi ekki hlustað á umr. í Nd. um þetta mál. En jeg heyrði af tilviljun, að einn þm. þar lýsti því yfir, að hann hefði lengi hugsað sig um, hvort hann ætti að segja já eða nei við þessari lánsheimild, og hann hefði komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að segja já. Þetta var sá fróði maður, hv. þm. V.-Ísf., Ásgeir Ásgeirsson, og jeg met hans skynsamlegu orð miklu meir en alvöruleysi þeirra hv. 1. og 5. landsk., sem reyna alstaðar að brjóta sig út úr, þótt þeir sjeu með málinu í raun og veru.

Jeg treysti svo vel ríkisstjórninni og Landsbankastjórninni, að jeg þykist þess fullviss, að með þessari lánsheimild sje ekki farið fram á annað en nauðsynlegar og sjálfsagðar öryggisráðstafanir, sem eigi verði misbrúkaðar í þeirra höndum og atvinnuvegunum geti komið að gagni.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Við 2. umræðu þessa máls lýsti jeg allítarlega ókostum þess eins og stjórnin hafði borið það fram.

Jeg ljet í ljós, er jeg hafði hrakið allan vef hæstv. ráðh. (JÞ), að óhugsandi væri annað en að hann kæmi með brtt. við 3. umr., sem gerði málið forsvaranlegt. Þar sem jeg veit, hvað hæstv. ráðherra er seinn að hugsa, eins og nýlega kom fram í athugasemd hans við gerðabók Nd., fanst mjer vingjarnlegt af mjer að vænta þess, að honum nægðu 2 nætur til þess að snúast í þessu máli. Jeg gerði mjer vonir um, að hann mundi hætta við laumuspil sitt, og ef hann hefir í huga að taka 9 milj. kr. lán, þá mundi hann þora að segja þjóðinni frá því. Jeg bjóst við, að þegar hann liti yfir stjórnmálaferil sinn og sæi, að þrátt fyrir góðærið hefir honum tekist með stjórnarráðstöfunum sínum að verða orsök til gjaldþrota, vesældar og atvinnuleysis, þá mundi hann lýsa því yfir um leið og hann bæði um nýtt lán, að hann væri fallinn frá þeirri stjórnarstefnu, sem hefir borið þessa ávexti. En þó að jeg sýndi hæstv. ráðherra þetta traust og greiddi frv. atkvæði til 3. umræðu, í von um að stjórnin betraði sig, get jeg ekki fylgt því lengur. Jeg sje, að hæstv. ráðherra ætlar að halda áfram sömu óstjórninni og láta skeika að sköpuðu um, hve langt verður þar til aftur þarf að taka 9 milj. kr. lán til þess að borga vexti og töp af því, sem nú er tekið.

Jeg skal enn drepa á helstu galla þessa frv. Í fyrsta lagi er það laumuspil, sem hjer hefir verið viðhaft, fordæmt af mörgum, m. a. hefir hv. 1. þm. G.-K. (BK) rjettilega tekið það fram á nefndarfundi, að hjer væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Þingið gæti ekki gefið heimild fyrir ótakmörkuðu láni án þess að brjóta stjórnarskrána. Jeg er samþykkur hv. þm. (BK) um þetta. Stjórnin hefir reynt að framkvæma stjórnarskrárbrot, og þó að hæstv. ráðh. hyggist að gera bragarbót með einhverri málamyndabókun, er það engin trygging gagnvart þjóðinni. Form laganna stendur, hvað sem hæstv. ráðh. krotar í gerðabækur einhverra nefnda hjer í þinginu.

Í öðru lagi er hjer verið að taka lán handa banka, sem ekkert hefir með það að gera. Landsbankinn hefir nú 4 miljónir af handbæru fje er-

lendis. Fyrir sjálfan sig hefir hann ekkert við þessa viðbót að gera. Má vera, að stjórnin hafi misnotað aðstöðu sína gagnvart bankanum með því að skjóta honum fram fyrir sig. Hæstv. ráðh. hefir ekki reynt að fóðra það, enda ekki hægt, að þegar Íslandsbanki biður hann um hjálp, fer hann ekki beint til þingsins, heldur hygst hann að ýta Landsbankanum fram fyrir sig til að taka lán, sem ráðh. telur sig þurfa handa öðrum banka. Stjórnin tekur sjer vald, sem hún ekki hefir, og ætlar ekki að láta þingið vita um þessa ráðstöfun, þótt það sje starfandi. Það var útlendum mönnum að þakka, að þingið fjekk að vita hvað var á seiði. Stjórnin veit, að þetta er lán aðeins til eins árs. Hún veit, að í landinu, sem lánið er tekið, eru það lög, að ekki megi lána fje til annara ríkja nema til eins árs. Hún veit, að vel gætu þau atvik orðið, að lánið yrði að greiða eftir eitt ár. Þrátt fyrir það ráðstafar hún hluta af láninu til banka, sem engar líkur eru til, að geti endurgreitt það eftir eitt ár. Íslandsbanki hefir reikningslán í Englandi, svipað því, sem hjer er um að ræða. Þetta lán mun hann nú hafa notað upp að fullu og eitthvað meira. Hvaða líkur eru þá til þess, að Íslandsbanki geti staðið í skilum 1927, þegar hann getur ekki nú staðið í skilum við viðskiftabanka sinn í Englandi, sakir fjárkreppu þeirrar, sem hæstv. ráðherra hefir búið til, auk þess sem hann þarf að standa í skilum við viðskiftabanka sína í Danmörku og víðar? Að vísu hafa gerst kraftaverk, en jeg býst tæplega við að þau verði hjer. Í þessu sambandi má og minna á það. að ennþá hefir Íslandsbanki ekki greitt Landsbankanum lán það, sem hann fjekk í fyrra og hæstv. forsrh. beitti sjer svo mjög fyrir á einkafundi í sameinuðu þingi. Ennþá hefir hæstv. ráðherra ekki gert hina minstu tilraun til að verja, hvernig komið er fyrir atvinnuvegum landsins fyrir hans tilstilli. Á honum þó að vera það fyllilega ljóst, fyrst og fremst af hans eigin blaði, og ennfremur hefir einn úr miðstjórn Íhaldsflokksins lýst því, hvernig komið er fyrir þeim sökum hinnar miklu gengishækkunar, sem hæstv. ráðherra á mesta sökina á. Honum er og kunnugt um, hvernig komið er fyrir sumum útgerðarfjelögunum. Eitt getur hvorki greitt tekjuskatt eða útsvar, eftir því, sem framkvæmdarstjórinn segir, og mörg eru svo lömuð, að þau bíða þess seint eða aldrei bætur. Þannig telur t. d. maður nákominn „Kára"-fjelaginu, að það fjelag hafi tapað 80 þús. króna fyrir gengishækkunarráðstafanir hæstv. stjórnar. Þetta meðal annars sýnir átakanlega, hver áhrif gengishækkunin hefir haft á afkomu atvinnuveganna. Þá er þess ekki að vænta, að ástandið hjá hinum aðalatvinnuveginum sje betra, því hann hefir engu síður orðið fyrir böli gengishækkunarinnar. Enda mun nú þröngt fyrir dyrum hjá mörgum bóndanum. En jeg býst við, að það gleðji hæstv. forsrh., að bændur í fæðingarsýslu hans, Vestur-Húnavatnssýslunni, eru þegar orðnir þroskaðri í þessum gengismálum og skilja þau betur en hann og hans fylgifiskar, því að síðastl. vetur samþyktu þeir — að viðstöddum íhaldsþingmanninum Þórarni Jónssyni — tillögu, sem var fullkomið van-

traust á gengispólitík hæstv. ráðherra. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir mótmæli þingmannsins, stuðningsmanns hæstv. ráðherra bæði í þessu máli sem öðrum.

Mjer er kunnugt um, að síðan jeg skrifaði nefndarálit mitt í máli því, sem hjer er til umræðu, og lýsti, hvernig skuldamálunum er nú komið, hvílíkt dýpi þau eru að verða, þá hefir um fátt verið tíðræddara í herbúðum Íhaldsins, og er það síst að undra, því flest lán ríkisins og ábyrgðir eru undirskrifuð af ráðherrum Íhaldsins. Og það virðist undarleg rás viðburðanna, að núverandi hæstv. forsrh. og fjrh. skuli, þegar fram á þetta ár kemur, verða kominn fram úr stjettarbróður sínum, hæstv. atvrh. (MG), með lántökur og skuldbindingar fyrir ríkisins hönd, þeim hinum sama manni, sem hann hefir áður hirt og flett ofan af fyrir ógætilega fjármálastjórn.

Þetta ástand er þegar orðið mikið áhyggjuefni öllum hugsandi mönnum. Menn hjeldu ekki, að viðreisn fjárhagsins, sem hæstv. forsrh. hefir svo mjög gumað af og haft fyrir slagorð á síðustu árum, væri fólgin í því að sökkva landi og þjóð dýpra og dýpra niður í hyldýpi skulda og volæðis, eins og reynslan virðist ætla að staðfesta í þessu tilfelli.

Aðalverkefni þjóðarinnar eins og nú er komið verður fyrst og fremst það, að reyna að losna við þá mjög óhæfu menn, sem að þarflausu hafa sökt landinu í botnlausar skuldir og komið atvinnuvegunum í þá kreppu, sem þeir seint komast úr.

Í sambandi við þau slagorð hæstv. forsrh., að hann ætli að vinna að því, að landið verði orðið skuldlaust 1943, vil jeg minna hann á frv. um síldarsölu, sem samþykt var í fyrra. Frv. það var borið fram af tveimur Íhaldsmönnum og fjekk þegar nokkurn stuðning hjá Framsóknarflokknum. En til þess að koma frv. þessu gegnum þingið, urðu ráðherrarnir og samherjar þeirra að snúa baki við ársgamalli fortíð frá síðasta snúningi, að láta ekki ríkisvaldið grípa inn í til þess að laga verslun. Við Framsóknarmenn rjettum þeim hjálparhönd og glöddumst af því, að þessar villuráfandi sálir voru þar komnar inn á rjetta braut. En heimild sú, sem felst í lögum þessum, liggur ónotuð enn, og eftir því, sem heyrst hefir, vegna skuldabyrðanna erlendis. Er þá svo komið, að útlendar þjóðir hafa það vald yfir málum okkar, að þær setja hnefann framan í landsstjórnina og segja: Þetta viljum við hafa og þetta viljum við ekki hafa. Hæstv. stjórn hefir því verið hrædd frá að nota heimild þessa.

Þetta er nú alls ekki annað en það, sem búast má við, að fari að koma yfir „þessa þjóð", eins og svo margar aðrar þjóðir, þegar þær eru kreptar svo í skuldafjötrana, að þeir lykja um þær eins og ósýnilegir hlekkir. Svo er t. d. um Kínverja nú.

Ef hæstv. forsrh. skyldi nú, mót trú minni, öðlast þá dirfsku að bera á móti því, að hjer sje um útlent kúgunarvald að ræða, þá skora jeg á hann að skýra frá því, hvers vegna síldarsölulögin frá síðasta þingi hafa ekki verið notuð ennþá.

Að vísu er það hæstv. atvrh. (MG), sem hjer hefir orðið fórnardýr fyrir Íhaldið, og hefi jeg heyrt, að hann segist ætla að gefa leyfi til að nota heimildarlög þessi eftir næstu

áramót. Hvort þetta er satt, veit jeg ekki. En sje svo, þá býst jeg við, að það stafi af því, að hæstv. stjórn búist ekki við að kemba lengi hærurnar eftir næstu kosningar, og sje því sama, á hverju veltur úr því. Þetta er því aðeins dæmi, sem sýnir, hvernig stjórnin veltur undan brekkunni, eins og allar þær stjórnir, sem reyna að fleyta skakkaföllunum yfir á eftirkomendurna.

Nú ekki alls fyrir löngu var hæstv. forsrh. á ferð á Austurlandi; var þá sól og sumar bæði yfir landi og þjóð. Hjelt hann þá fram, að stefna sín væri sú, að vinna að því, að landið yrði skuldlaust 1943. Um þetta er ekkert að segja, ef það hefði verið annað en slagorð. Jeg lít nú svo á, að þær umræður, sem hjer hafa orðið um þetta mál, sjeu sú fyrsta aðvarandi rödd móti stefnuskiftingu hæstvirtrar stjórnar í þessum málum, rödd, sem sýnir, að þjóðin vill ekki þá stefnu, sem stjórnin hefir tekið.

Hv. 4. landsk. (MK) var meðal þeirra, sem fyrstir sáu vítin. Hann sá þegar, að við þurftum að tryggja verslun landsmanna með því að safna í varasjóð, og sem forstjóri landsverslunarinnar byrjaði hann á því. En svo var hann ofurliði borinn af fylgismönnum núverandi stjórnar. Virki það, sem hann hafði komið upp til þess að gera okkur fjárhagslega sjálfstæða, var rifið niður. Verður sú ráðstöfun vart til sóma þeim, sem fyrir henni stóðu, því með henni brutu þeir á bak aftur þá einu af þeim stofnunum, sem hugsanlegt var, að gæti bjargað okkur frá skuldafjötrum erlendra þjóða. En nú er svo komið, að hv. 4. landsk. sjer sig neyddan til að greiða atkvæði með þessari lántöku, því honum sýnist, að hag landsins sje svo komið, að undan slíkri lántöku verði ekki flúið, þar sem fjármálapostulinn, hæstv. forsrh. (JÞ), hefir komið hag landsmanna í slíkt óefni, að slíks eru ekki dæmi áður.

Jeg veitti því eftirtekt, að háttv. 6. landsk. (JKr) kvaddi sjer hljóðs við 2. umr. þessa máls, en stóð aldrei upp, sem jeg hygg, að hafi verið sakir þess, að hann var í forsetastól. En nú hefir hann látið ljós sitt skína, og þó að ræða hans hefði lítið að innihalda af viti, var þar þó nóg af fjarstæðum og fáfræðikenningum. Hann fortók, að stjórnin bæri ábyrgð á þeirri leynd, sem altaf hefir verið yfir þessu máli. En slíkt nær engri átt, því að það er upplýst, að Landsbankinn hefir ekki þörf á að fá þetta fje. Hann hefir ennþá handbærar erlendis 4 milj. kr. frá f. á. Ennfremur vil jeg benda honum á, að stjórn Landsbankans hefir lýst því yfir skýrt og skorinort, að þessi launung hefði ekkert að þýða erlendis, því að þar væri þetta öllum kunnugt, sem viðskifti hafa við Ísland.

Þá sagði háttv. 6. landsk. ennfremur, að það væri flokksafstaða, sem kæmi fram í því að vera ekki með þessu máli, og jafnframt ráðlagði hann að láta flokksfylgi ekki leiða sig í gönur. Jeg verð nú að segja, að þessi áminning kemur úr hörðustu átt, þar sem hún kemur frá þessum hv. þm., því eins og kunnugt er, varð atburður hjer í deildinni fyrir fáum dögum, sem þegar er orðinn landfleygur, að þessi sami þingmaður, sem kosinn var á þing einungis til að vinna

að bindindismálunum, skyldi vera með því að fella frá 2. umr. frv., sem gekk í þá átt að hafa hemil á ofdrykkju embættismanna. Þegar hv. þm. greiðir atkv. á móti því, að ölvaðir embættismenn sjeu sektaðir, þegar það kemur fyrir, að hann í fyrsta skifti, sem hann greiðir atkvæði um þessi mál, er leiddur til þess að greiða atkvæði á móti útrýmingu áfengisins, þá má segja, að það sje af flokksofstæki og engu öðru. Jeg get sagt hv. þm. það, að þetta atvik vekur langmesta athygli úti um land, vegna þess að það er yngsti maður þingsins, sem lætur hafa sig til að gera það, sem er rangt og skammarlegt. Það er flokksofstækinu að kenna, að hv. þm. hefir látið draga sig niður í saurinn. En sá, sem svo er fallinn, ætti ekki tilefnislaust að áfella aðra fyrir sína eigin yfirsjón.

Hv. 2. þm. Rang. (EJ) þarf jeg ekki að svara, þar sem hann hefir samviskubit og segist greiða atkvæði öðruvísi en sjer þætti skemtilegt. En þessi hv. þm. sagði eina setningu, sem er móðgandi fyrir mig. Hann nefndi mig sem einn af þeim, sem væru að brjótast út úr Íhaldsflokknum á þingi. Jeg mótmæli því, að háttv. þm. hafi nokkurn rjett til að ætla mjer svo lágar og lítilfjörlegar hvatir, að jeg sje fylgjandi Íhaldsflokknum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þarf ekki að svara hv. 5. landsk. (JBald). Það, sem háttv. þm. sagði í aths. sinni við 2. umr., og það, sem hann hefir sagt nú, er ekki annað en endurtekningar, sem búið er að hrekja. Jeg sný ekki aftur með það, að það var ógætnisverk af honum, er hann gerði sig beran að þeirri mótsögn, er hann gaf bankastjórn Íslandsbanka traustsyfirlýsingu og vottorð um óhlutdrægni, en spann síðan upp hlutdrægnissögu um þessa bankastjórn viðvíkjandi útgerðinni á Ísafirði. En með þessu ógætnisverki hv. þm. sannaðist málshátturinn: Skýst þótt skýrir sjeu. Og þegar of mikið er talað, þá er hætta á, að samræmið vanti. Gæti nú háttv. þm. dregið þann lærdóm af þessu, að tala færri orð framvegis í málunum, þá gæti hann sneitt hjá svona mótsögnum.

Þá endurtók hv. þm. þá staðhæfingu, sem hefir verið harðlega mótmælt, og sem meðbróðir hans, hv. 1. landsk. (JJ), líka hefir endurtekið, að stjórnin eða fjrh. hafi ráðstafað nokkru af fje því, sem hugsanlegt er, að stjórn Landsbankans taki til láns. Jeg hefi sagt það og segi enn, að stjórnin hefir engu ráðstafað og að ráðstöfun fjárins sje eingöngu á valdi bankastjórnarinnar. Þá talaði hv. þm. um, að þetta væri lánsheimild handa Landsbankanum. Það er fullkominn misskilningur, að svo sje. Bankastjórn Landsbankans er gefin full heimild til að taka lán með lögum 18. sept. 1885. Hún hefir aldrei þurft að koma til þingsins í slíkum erindum, því hún hefir ótakmarkaða heimild til lántöku. En hjer er aðeins um að ræða heimild til ábyrgðar ríkisstjórnarinnar á tilteknu reikningsláni.

Að hv. þm. lýsi vantrausti á stjórninni, það finst mjer ekkert undarlegt; jeg mundi ekki óska eftir neinni annari yfirlýsingu frá honum. Og jeg skal geta þess — þótt það sje of snemt — að þegar hann er kominn í stjórnarsess,

þá má hann vera viss um, að jeg geri honum sömu skil. Annars verð jeg að segja það, að afstaðan til þessa frv. verður að fara eftir því, hvort Alþingi ber traust til stjórnar Landsbankans til þess að fara með þetta fje eða ekki. Þetta traust verður ríkisstjórnin að bera til stjórnar Landsbankans, sjerstaklega þó þegar þess er gætt, að hann á að verða seðlabanki ríkisins. Það verður að vera hægt, án tillits til flokkaskiftingar, að bera fult traust til bankans. Jeg ætla ekki að fara út í hugleiðingar hv. þm. um lenging vinnutímans í Þýskalandi. En jeg vil aðeins segja það, að haldi hv. þm., að það hafi verið gert til að minka framleiðsluna, þá skýst honum hraparlega. Það sýndi dugnað og þrek þjóðarinnar að grípa til slíks þegar að krepti.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að hv. 1. landsk. (JJ). Hann hjelt langa ræðu við 2. umr., sem jeg ætla að svara aðeins að litlu leyti.

Fyrst talaði hann um sína dýrð. Svo talaði hann um, að hann hefði fengið efnið í frv. sitt annarsstaðar frá. En hvað það er mikil dýrð! Það er von, að hv. þm. sje hreykinn af henni! Svo fór hann að tala um byggingar- og landnámssjóðsfrv. sitt; þar væri hann skrýddur sínum eigin fjöðrum. En það verð jeg að segja, að það frv. er sjerkennilegt fyrir þennan hv. þm. Hann tekur mál, sem hann veit, að er mál allrar þjóðarinnar, að auka ræktun landsins með tilliti til fjölgunar sveitabýla, setur saman frv. um það, sem er svo illa samið, að ótrúlegt myndi alstaðar þykja, hvernig tekist hefði að senda mann á þing, er sýndi svo mikinn skort á hæfileika til að bera fram mál, að hann beinlínis óvirti það. En þegar svo aðrir menn koma fram með skynsamlegar till. í sama máli, segir hv. þm.: Sko, hvað jeg er mikill, þeir eru að taka upp eftir mjer. — Þetta er ekkert annað en tilraun til að skreyta sig með annara fjöðrum. Hv. þm. getur engum vilt sýn um það, að nokkur skynsamleg lausn þessa máls eigi nokkra rót að rekja til endemis frv. þess, er hann flutti málinu til spillingar fyrir nokkrum árum.

Þá hefir hv. þm. í þessum tveim ræðum gert tilraun til að láta líta svo út, sem hjer væri um að ræða lántöku handa ríkissjóði, hjer væri verið að halda áfram því, sem gerðist á árunum 1917—1923, að taka lán til að borga tekjuhalla ríkissjóðsins. Hann hermir það upp á mig, að jeg hafi á fundum á Austurlandi sett það fram sem stefnuskrá Íhaldsflokksins, að landið yrði skuldlaust 1943. Þetta hefi jeg ekki gert. En jeg sagði, að ef við gætum borgað lausu skuldirnar og við stæðum við aðrar greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs án þess að taka ný lán, þá yrði ríkissjóður skuldlaus 1943. En jeg hefi ekki sett það fram sem stefnumark, að hann *skyldi* vera skuldlaus þá. Hafi það verið sett fram einhversstaðar, þá hefir mínum orðum verið vikið við. Það getur margt drifið á dagana og of snemt að spá, hvað verði 1943, enda óvíst, hvort rjett sje að keppa að því, að ríkissjóður verði þá algerlega skuldlaus. En hitt er stefna Íhaldsflokksins, að varna hleðslu skulda á ríkissjóðinn og að taka ekki lán nema til arðvænlegra fyrirtækja. Hjer er alls ekkert lán til ríkissjóðs um að ræða, hjer ræðir aðeins um það, að tryggja, að atvinnu-

vegirnir kyrkist ekki af fjárskorti. Og það get jeg sagt háttv. þm., að illa hefir hann skilið stefnu Íhaldsflokksins, ef hann heldur, að flokkurinn geti horft upp á það, að atvinnuvegirnir kyrkist vegna fjárskorts. Það er annað aðalatriðið í stefnuskrá Íhaldsflokksins að efla atvinnuvegi þjóðarinnar. Það má vera öllum vitanlegt, að í landi, sem hefir miklar auðsuppsprettur, en hefir tekið við litlum fjármunaarfi af forfeðrunum, verður ekki komist hjá því að byggja atvinnuvegina upp með erlendu fje að nokkru leyti, er látið er renna beint til þeirra, en ekki látið í ríkissjóð til afskifta þeirra manna, sem kunnir eru að því að vilja fara djúpt í ríkissjóðinn til hins og þessa, sem þeim býður svo við að horfa. Hv. þm. má gjarnan taka þetta til sín, því að hann ber ekkert skyn á hina fjárhagslegu hlið málanna. En slíkar ráðstafanir og þær, sem frv. fer fram á, eru í fullu samræmi við stefnu Íhaldsflokksins, og jeg held jeg megi fullyrða, að þær sjeu ekki í ósamræmi við stefnu neins stjórnmálaflokks í landinu. Og þar sem hv. þm. lýsir því sem stefnu síns flokks að vera á móti þessu máli, þá held jeg, að hann sje einn um þá skoðun.

En hitt verða menn að geta horft upp á, að misjafnt ári fyrir atvinnuvegunum. Menn mega ekki fyllast ljettúð, þótt stundum gangi vel; en það er erfitt fyrir marga að verjast því að eyða þá of miklu. Hitt er jafnslæmt, að gefast upp, þótt móti blási. En það vill háttv. þm., ef nokkuð er að marka hans mörgu orð. Af því að nú er þröngt í búi hjá atvinnuvegunum og þeir geta ekki skilað öllu lánsfje sínu, vill hann láta herða snöruna að hálsi þeirra. En allir, sem þessu máli eru fylgjandi, geta skilið það, að rjett sje að þrauka fram úr erfiðu árunum og halda öllum heilbrigðum fyrirtækjum lifandi. Svo koma góðu árin og þau munu skila svo miklum tekjuafgangi, að hann geti borgað halla erfiðu áranna og meira til. Svo mun fara nú. Það getur farið svo, að í staðinn fyrir þá óglæsilegu mynd, er hv. þm. dró upp af gjaldþrotum, vesöld, hörmungum og hruni, fái hv. þm. að sjá framan í aðra mynd, þjóðinni kærkomnari en ef til vill honum sjálfum.

Jeg ætla að láta ótalað um alt umtal hv. þm. um stjórnarskrárbrot í sambandi við þetta mál. Það hefir enginn minst á það annar en hann. Það er augljóst, að háttv. þm. kemur með þetta af eintómri fátækt af árásarefnum á stjórnina, aðeins til þess að álasa stjórninni fyrir eitthvað, sem hún hefir ekki gert. Það er sannarlega öfundsvert hlutskifti, sem stjórnin hefir, að andstæðingar hennar verða altaf að gefast upp við að finna árásarefni á hana. En þegar svo er komið, verða þeir að búa sjálfir til fjarstæðar hugmyndir um eitthvað, sem stjórnin á að hafa gert, og nota þær svo sem árásarefni. Svo ráðast þessir veslings þm. á sín eigin afkvæmi.

Þá hafa þeir báðir hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk. haldið því fram, að hjer væri verið að taka lán handa Landsbankanum, er hann þyrfti ekki með. Það væri nú út af fyrir sig ekkert óðæði, þótt bankanum væri trygt fje, sem hann þyrfti ekki. En hann á ekki svo mikið fje inni erlendis, að rjett væri þess vegna að hindra þessa lán-

töku. Háttv. þm. segja, að hann eigi óeyddar 4 milj. af lánstrausti sínu erlendis. Sveiflurnar eru stærri en það, að hægt sje að fullyrða, að 4 milj. sjeu nægilegar í ársbyrjun. Hjer við bætist, að Landsbankinn hefir 2 milj. kr. af sínu lánstrausti hjá Landmandsbanken, og því er ekki að treysta, að sá banki geti látið Landsbankann fá sömu upphæð áfram. Högum þess banka er svo háttað, að verið er að kreista hann saman með innheimtu útistandandi skulda, vegna tapa hans, sem talið er að nemi um 500 milj. kr. Að vísu eru í veltunni eftir um 700—800 milj. kr., en eftir svona mikil töp er eðlilegt, að bankinn þurfi að kippa að sjer hendinni með útlán. Það væri því ógætilegt að ganga svo á móti þessu máli, að Landsbankanum væri ekki trygt lánsfje í stað þess, ef afturkippur yrði hjá Landmandsbanken.

Þá fór hv. 1. landsk. hörðum orðum um það, að stjórnin hefði ætlað að taka sjer vald til að ábyrgjast þetta lán. Hv. þm. ætti að tala varlega um þetta meðan hann fær að vera í Framsóknarflokknum. Hafi núv. stjórn ekki haft þetta vald, þá er illa komið fyrir stjórn þeirri, er sat að völdum 1922—1924 og Framsóknarflokkurinn bar ábyrgð á, því að hún tók sjer einmitt þetta vald. Hafi hún haft það, þá hefir núverandi stjórn það. Og sje það ámælisvert af stjórninni að *ætla* að nota þetta vald, þá ætti háttv. þm. að reikna út, hvaða ábyrgð ætti að koma a hendur hans eigin stjórn fyrir að *hafa* notað það.

Það fer stundum fyrir þessum hv. þm. eins og segir í rímunni:

Ekki sjer hann sína menn,
svo hann ber þá líka.

Jeg hefi þegar svarað ásökun hv. þm. um það, að það sje lögbrot, þótt láninu sje ráðstafað lengur en til eins árs. Þetta er fjarstæða, samboðin hv. þm. Stjórnin hefir engu ráðstafað. Hún álítur, að stjórn Landsbankans sje fyllilega trúandi til þess að fara með þetta fje, eins og hún líka hefir heimild til að ráðstafa því á þann hátt, sem hún telur rjettast til þess að fullnægja þörfum viðskiftamanna bankans. Í þessu sambandi mintist hv. þm. á það, að Íslandsbanki hefði ekki ennþá greitt þær 700 þús. krónur, sem hann fjekk að láni hjá Landsbankanum meðan síðasta þing stóð yfir. Það er alveg rjett hjá hv. þm., að bankinn hefir ekki ennþá endurgreitt þetta lán nema að nokkru leyti. En lánveiting þessi var þannig tilkomin, að Íslandsbanki ljet Landsbankann fá upp í lánið víxla, sem trygðir voru með fiski af framleiðslu ársins 1926, og áttu víxlarnir að greiðast jafnóðum og fiskurinn seldist, og þá peningarnir auðvitað jafnóðum að ganga til Landsbankans upp í skuldina. En nú standa svo sakir, að fiskurinn er ekki ennþá allur seldur, og af þeim ástæðum hefir Íslandsbanki ekki ennþá endurgoldið alt lánið.

Þá hljóp hv. þm. út í það að tala um Kárafjelagið og sagði það eftir stjórn fjelagsins, að það hefði tapað um 80 þús. kr. á ráðstöfun stjórnarinnar á þinginu í fyrra. (**JJ**: Jeg sagði, á gengispólitík stjórnarinnar). Hvað viðvíkur Kárafjelaginu, þá skal jeg taka það fram, að landsstjórnin hefir ekki gert neinar ráðstafanir, er

snerta fjelagið, aðrar en þær, sem stjórn fjelagsins sjálf hefir beðið um. Jeg leyfi mjer því að draga það í efa, að háttv. þm. hafi þetta rjett eftir stjórn fjelagsins, að það hafi tapað á ráðstöfunum landsstjórnarinnar. — Jeg veit ekki, hvort jeg á að vera að elta hv. þm. lengra í útúrdúrum hans. Þó skal jeg minnast á nokkur atriði ennþá í ræðu hans. — Næst hljóp hv. þm. í þingmálafund í Vestur-Húnavatnssýslu og svo í nál. sitt á þskj. 193. Mig furðar ekkert á því, þó að hv. þm. þyki mikið til þeirrar ritsmíðar sinnar koma, því að það er nú einu sinni svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur. En út af þeim góða vitnisburði, sem háttv. þm. gaf mjer, þar sem hann gat þess, að jeg væri sjerstaklega seinn að hugsa, þá skal jeg segja hv. þm. það, að jeg vona, að forsjónin gefi mjer það sem lengst að vera ekki fljótur að hugsa á þann hátt sem hann. Jeg hefi hingað til verið alveg ánægður með þann tíma, sem það hefir tekið mig að hugsa. En um hinn alkunna hugsanaflótta hv. þm. skal jeg taka það fram, að þó að honum finnist hann smellinn, þá líta bæði jeg og aðrir öðruvísi á það, því jeg hefi aldrei fyrir mjer hitt mann með lifandi holdi og blóði, sem kemst nálægt hv. þm. um þann ágalla að vera lauslopalegur í hugsun og máli. Minnist jeg þess að hafa lesið í merkilegu skáldverki snjalla lýsingu á persónu, sem eins er farið í þessu efni og hv. þm. Hugsun hennar er haldlaus og hvarflar úr einu í annað, tengd saman á bláþráðum án þess um nokkurt eðlilegt samhengi sje að ræða. En höfundurinn veit, hvað hann er að gera. Hann er að lýsa hugsanaferli geðveikrar persónu. Ætti hv. þm. að taka Lear konung eftir Shakespeare og lesa romsurnar, er konungurinn lætur frá sjer fara í sjúkdómsköstum sínum. Þar fengi hv. þm. glögga mynd af samhengisleysinu í ræðum sínum hjer í þinginu. — Þá ætla jeg ekki að fylgja hv. þm. lengra í hugarhvarfli hans. Hann mintist á árið 1943 og þaðan hljóp hann í síldareinkasöluna. Þar skaut upp í huga hans eins og vant er einhverju um útlenda kúgun, sem gert hefði það að verkum, að einkasalan væri ekki ennþá komin til framkvæmdar. Þetta er algert hugarfóstur hv. þm. sjálfs. Hv. þm. talaði um ríkisverslun í sambandi við síldareinkasöluna, en jeg veit ekki til þess, að það hafi verið hugsað til þess að hafa ríkisverslun í sambandi við hana.

Annars vorkenni jeg hv. þm. vandræði þau, sem hann er í sem stjórnarandstæðingur, að hann skuli þurfa að þyrla upp auðvirðilegum andmælum gegn jafnsjálfsögðu máli og þessu, til þess að láta ekki bera á því, að hann sje ráðþrota um að finna að stjórninni.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. 4. landsk. (MK) hefir lýst yfir fylgi sínu við þetta mál og telur, að ekki verði hjá því komist að samþykkja frv., þó að hann vilji ekki gera það athugasemdalaust. Kveðst hann eigi sjá sjer annað fært en að greiða því atkvæði sitt atvinnuveganna vegna. Hinsvegar virtist kenna nokkurrar mótsagnar hjá honum, þar sem hann talaði um, að það þyrfti að öllum líkindum bráðlega að taka nýtt lán, en að hann gerði ráð fyrir því,

að hann gæti ekki verið með því. En hvenær á að stöðva þessar lántökur? Hafa hv. þm. gert sjer grein fyrir því? Ef menn segja, að ekki verði hjá því komist að taka lán nú, getur þá ekki farið svo, að menn líti eins á næstu lántöku? Jeg lít svo á, að nú sje einmitt ástæða til að stöðva lántökurnar, ekki hvað síst þegar þess er gætt, að Landsbankinn hefir nægilegt fje og ekki hefir verið sýnt fram á það með neinum rökum, að atvinnuvegum landsins væri brýn þörf á þessu láni. Ef þessi lántaka verður samþykt, þá getur vel farið svo, að samþykt verði á næsta þingi að taka 18 milj. kr. lán, o. s. frv.

Hv. þm. (MK) hjelt því fram, að landið hefði, með því að leggja enska lánið í Íslandsbanka, bundið sig svo, að það væri óhjákvæmilegt fyrir það að styðja bankann áfram. Stuðningur landsins við Íslandsbanka var því skilyrði bundinn, að bankinn drægi inn seðla sína eftir föstum reglum, er þá voru settar. Ef þetta hefði verið gert, þá hefði ef til vill getað komið til mála að styðja bankann, en á meðan svo stendur, sem nú er, þá er það allsendis óforsvaranlegt af þingi og stjórn, eða af stjórn Landsbankans, að láta Íslandsbanka hafa meira fje. Jeg get ekki sjeð, við hvað sú skoðun hv. 4. landsk. hefir að styðjast, að erlendir kaupsýslumenn myndu ná frekari yfirráðum yfir afurðasölu landsins, ef lánið væri ekki tekið, þar eð þeir gætu boðið smánarverð fyrir afurðirnar, ef bankarnir hefðu ekki nægilegt fje til rekstrar atvinnuvegunum. Hv. þm. hefir einu sinni verið kaupmaður sjálfur og farið með afurðaverslun, og ætti því að vita, að slík hætta getur engu síður stafað af innlendum kaupmönnum.

Það var gott, að hv. 6. landsk. (JKr) tók ekki til máls í þessu máli á föstudaginn var, því að hann fjekk tækifæri til þess að íhuga málið betur áður en hann ljeti ljós sitt skína um það. Hv. þm. (JKr) hafði haft afskifti af málinu á tvennan hátt. Hann hafði skrifað undir nál. meiri hl. og fallist á framsögu hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem ekki var laust við að væri nokkuð stíf í garð hæstv. stjórnar. Auk þessa hafði hv. þm. blandað sjer inn í umr. um málið með því í embættisnafni og úr forsetastóli að taka orðið af andmælendum þess. Það var því gott, að hann fjekk tíma til þess að semja ræðu í málinu, þó að hann hafi ekki látið hana koma fram fyr en nú. Það var auðheyrt á ræðu hv. þm., að hann þóttist hafa gert gott strik fyrir hæstv. stjórn, að stöðva mig í ræðu minni og setja úr mjer botninn, eins og hann komst að orði. Hann sagði reyndar seinna, að hann hefði ekki orðið var við neinn botn í ræðu minni. Þetta ósamræmi hjá hv. þm. minnir átakanlega á söguna um pottinn, sem maðurinn fjekk lánaðan hjá granna sínum. Þegar hann var krafinn um pottinn, þá sagði hann fyrst, að hann hefði engan pott fengið lánaðan, því næst að hann hefði verið brotinn, þegar hann fjekk hann, og loks, að hann hefði verið heill þegar hann skilaði honum. Hv. þm. sagði, að hann vildi ávalt hlíta ráðum góðra manna. Hann fór líka dyggilega eftir bendingum og augnaráði hæstv. forsrh. En hv. þm. hafði það eina sjer til afsökunar, að hann vissi ekki, hvílík-

ur voðamaður forsrh. er um meðferð á þingsköpunum. Ef hann hefði vitað það, mundi hann ekki hafa farið að ráðum forsrh., er hann tók af mjer orðið. Mjer þótti það dálítið undarlegt, að hv. þm. sagði, er hann mintist á ráðleggingar mínar, að hann vildi gefa Alþýðuflokknum það heillaráð að þiggja ekki ráðleggingar frá 5. landsk. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg geri ráð fyrir, að mínar tillögur yrðu þar meira metnar en hans, þó að hann þykist mikill vinur alþýðunnar. Jeg hygg, að það verði tæplega eins holt fyrir alþýðuna að fylgja tillögum hans eins og mínum. En það má vel vera, að hv. þm. sje ekki alt sjálfrátt, sem frá honum kemur, að hann fari um of eftir ráðum þeirra manna, sem misjafnt vilja. Hv. þm. spurði mig að því, hvort jeg hefði ekki stutt að kaupkröfum, er komið hefðu atvinnuvegum landsins á knje. Jú, jeg hefi stutt að kaupkröfum verkamanna. En hví spyr háttv. þm. svo? Hefir hann engan skilning á því, hvaða þýðingu það hefir fyrir menn, að þeir hafi nóg fyrir sig að leggja í lífinu? Eða hefir hann ekki skilning á öðru en því, að atvinnurekendur hafi nóg fyrir sig? Þá spurði sami hv. þm. mig að því, hvort jeg hafi ekki stutt að verkföllum. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg álít verkföll nauðsynlegt vopn verkalýðnum eins og nú er ástatt til þess að koma fram rjettmætum kröfum sínum. Er það af skilningsleysi hv. þm. á atvinnulífinu í landinu, að hann talar þannig, eða ann hann ekki verkalýðnum í landinu þess að fá bætt kjör sín? Hvað eru atvinnuvegirnir? Veit háttv. þm. það ekki? Er sjávarútvegurinn t. d. ekkert annað en hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) eða hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), en ekki fólkið, — verkafólkið, sem að honum vinnur? Þetta bregður skíru ljósi yfir það, hversu hollar skoðanir hv. þm. eru í garð verkalýðsins í þessu landi. Hann skilur ekki, að verkafólkið eigi rjett til þess að hafa lífvænleg kjör. Þm. sjer ekkert nema atvinnurekendurna. En þeir eru ekki þjóðin. Það er verkalýðurinn, sem er þjóðin, hinir vinnandi menn til sjávar og sveita.

Að svo búnu get jeg látið úttalað um annað það, er hv. þm. mintist á í ræðu sinni. Hann kvaðst ekki ætla að fara út í persónulegar deilur, en þeir, sem heyrðu ræðu hans í dag, geta borið um það, hvort ekki hafi komið þar fram tilraun til persónulegrar ádeilu. Hafi nokkur blandað saman óskyldum efnum í máli þessu, þá er það hv. 6. landsk. Hann hjelt því meðal annars fram, að stjórn Landsbankans hefði átt frumkvæðið að þessari lántöku. Það fer nú tvennum sögum af því. Lántaka þessi er gamalt mál, enda vill hæstv. ráðh. ekkert fullyrða um það, að stjórn Landsbankans hafi átt frumkvæðið. Landsbankastjórnin tók það fram á fundi fjhn., þar sem hv. 6. landsk. var viðstaddur, að hún vildi sem minst eða kannske ekkert af láninu nota, þar eð hún teldi hentugra að nota reikningslán hjá bönkum, sem kunnugir væru íslensku viðskiftalífi, en hjá nýjum og ókunnum viðskiftamanni.

Þá skal jeg með örfáum orðum minnast á ræðu hv. 2. þm. Rang. (EJ). Hann talaði mikið um alvöruleysi 5. landsk. og 1. landsk. í þessu máli. En hann virtist þó hafa talsverða samvisku af því að vera með þessari láns-

heimild. Hann gat og þess, að hann hefði sagt áður en hann kom á þing, að hann myndi verða því mótfallinn, að tekin yrðu fleiri lán en þegar hafa verið tekin.

Hv. þm. (EJ) hjelt því fram, að jeg hefði sagt, að það þyrfti ekkert lán að taka. Jeg hefi aldrei sagt það. En jeg sagði, að það ætti ekki að taka meira lán en þyrfti nauðsynlega að nota, og það hefir ekki ennþá verið sýnt fram á það með rökum, að nota þurfi meira en $^1/_9$ hluta þess láns, sem ætlast er til, að tekið verði. Og það hefir heldur ekki verið sannað, að Landsbankinn þurfi á þessu lánsfje að halda.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. Hann hefir bitið sig fast í það að kalla það óaðgætnisverk hjá mjer að gefa hinum þjóðskipuðu bankastjórum Íslandsbanka traustsyfirlýsingu, en lýsa vantrausti mínu á útibússtjórum bankans. En þetta getur vel farið saman. Útibússtjórarnir eru yfirleitt einráðir um framkvæmdir út á við í daglegum rekstri útibúanna. En það eru einmitt þessar framkvæmdir, sem jeg hefi fundið að. Það mætti ef til vill segja, að það væri rangt af bankastjórunum að halda útibússtjórunum áfram í stöðu þeirra eins og þeir hafa hagað sjer um lánveitingar gagnvart einstökum mönnum og gagnvart bæjarfjelögum. Hæstv. ráðh. hefir engu svarað þeirri spurningu minni, hvers vegna hann telur bankastjóra Íslandsbanka ekki þinghæfa, þá menn, sem hann þó vill láta hafa miljónir króna til að ráðstafa. Hæstv. ráðh. mótmælti þeirri staðhæfingu minni, að landsstjórnin hefði þegar ráðstafað hluta af þessu fyrirhugaða láni. Hefir hæstv. ráðh. þá ekki mælst til þess við bankastjórn Landsbankans, að hún lánaði Íslandsbanka eina miljón af láninu? (**Forsrh. JÞ:** Jeg hefi ekki minst á það einu orði við bankastjórnina). Hefir hæstv. ráðh. ekki játað það fyrir fjhn., að hann hafi mælst til þess, að Íslandsbanki fengi fje fyrirfram út á þetta lán? — Hæstv. ráðh. kvaðst ekki óska eftir neinu öðru frekar frá mjer en vantrausti. Jeg er þess ákaflega fús að verða við þeirri ósk hans. En hræddur er jeg um, að hæstv. ráðh. hafi fullmiklar hugmyndir um óskeikulleika sinn sem stjórnmálamanns. Jeg er hræddur um, að hæstv. fjrh. komi það betur, að ekki sje farið mjög langt út í þetta mál. En úr því að hann læst vera svona saklaus, er rjett að rifja upp örfá atriði til að sanna, að hæstv. landsstjórn er ekki *alveg* syndlaus í stjórnmálum landsins og löggjafarmálum. Það er t. d. ríkislögreglan; hæstv. ráðh. er vanalega ekki mjög vel við að hún sje nefnd. (**Forsrh. JÞ:** Þvert á móti). Hinn ráðherrann man kannske eftir stað, sem heitir Krossanes. — (**Forseti HSteins:** Svona umræður má geyma til eldhúsdags). — Mjer finst hæstv. forseti ekki þurfa að láta svona, þó að hann sje stuðningsmaður stjórnarinnar. Jeg skal þó gera það fyrir hann að fara ekki lengra í syndaregistrinu, enda býst jeg við, að skapstilling hæstv. stjórnar megi illa við meiru. (**Forsrh. JÞ:** Þetta er óþarfur blíðleikur!). Hvað á jeg að gera? Hæstv. forseti bannar mjer að segja meira um þetta efni. En jeg hefi nú altaf hugsað mjer, að hann fengi innblástur

frá hæstv. forsrh.; það er svo skamt á milli stólanna og rjett eins og liggi taug á milli þeirra. — Nei, stjórnarferill hæstv. ráðh. er hvorki hreinn nje flekklaus. — M. a., sem finna má að með fullum rökum, er þetta mál. Hæstv. stjórn ætlaði í fyrstu að heimta ótakmarkaða heimild til að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann. Og það ætlar hún sjer enn í frv. um Landsbankann, sem fyrir þinginu liggur. Og svo er hið óforsvaranlega form á þessu frv., að engin upphæð er nefnd. Jeg óska, að þetta verði ekki ólánsmál, hvorki fyrir hæstv. landsstjórn nje fyrir þjóðina, en óneitanlega virðast öll merki benda í þá átt, að svo muni fara.

Fyrir hálfum mánuði heimtaði hæstv. stjórn, að þetta mál yrði þá afgreitt næstkomandi mánudag. En fjhn. efri deildar kom í veg fyrir, að svo yrði, svo að landsstjórnin varð að láta undan síga. Nú vill hún aftur, að málinu sje komið frá á mánudegi. Það eru margir, sem hafa ótrú á mánudagsverkunum, en jeg vona, að það komi nú ekki að sök, þó hjer sje illa til stofnað.

Jónas Kristjánsson: Það er nú svo fátt eftir, sem jeg þarf að svara ræðum hv. 5. landsk. og hv. 1. landsk., en þó vildi jeg segja fáein orð. Það var víst hv. 1. landsk., sem vjek nokkuð að ræðu minni. Jeg gætti ekki að því að punkta það niður hjá mjer, enda vjek jeg ekki sjerstaklega að honum í ræðu minni. En jeg verð að minna þennan hv. þm. á það viðvíkjandi ábyrgð ríkissjóðsins fyrir lánum, sem bankinn þarf, að hann ætti að athuga það, að Samband íslenskra samvinnufjelaga er ekki óverulegur viðskiftavinur bankans, og gæti farið illa fyrir því, ef það ætti ekki kost á fje úr bankanum, af því að það væri ekki fyrir hendi. Virðist mjer þess vegna óvarlegt fyrir hann að greiða atkv. móti því, að þessi ábyrgð verði veitt. Mjer finst hann verði að gæta að því að reiða ekki öxina að rótum þess meiðs, sem hann þykist vilja hlynna að.

Það er svo, að bændur þurfa oft að fá lán á haustin, bæði til þess að borga kaupafólki og til annara nauðsynlegra útgjalda. Og það er ilt, að þeir geti ekki staðið við sínar skuldbindingar fyrir þá sök, að bankinn fengi ekki að njóta ábyrgðar eða hafa þetta varafje, ef á þarf að halda.

Jeg þarf svo ekki að inna frekar að þessu. En svo tók hv. 1. landsk. (JJ) útúrdúr, sem ekki kom málinu við, og mintist á frv., sem hann flutti hjer í þinginu og jeg hefði greitt atkv. á móti. Þó að þetta komi ekki við þessu máli, vil jeg með leyfi hæstv. forseta svara þessu fáeinum orðum. Er jeg hv. þm. þakklátur fyrir að gefa mjer ástæðu til að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Þetta er sem sje málið um ölvun embættismanna og fleiri. Jeg var strax ráðinn í að greiða atkv. móti þessu frv., og það af fleiri en einni ástæðu. Fyrst og fremst er slíkum lögum þannig háttað, að erfitt er að fá menn til þess að hlýða þeim. Það eru fáir, sem vilja gefa sig í að kæra, þótt einhver sæist drukkinn eða eitthvað kendur, við skulum segja skipstjóri, læknir eða aðrir embættismenn, ef sá maður getur farið allra sinna ferða sem ekki væri. Því verða lög þessi að engu virt

og í öðru lagi vekja þau andúð móti því máli, sem þarna er látið líta svo út, að barist sje fyrir. Og það er vissulega það óheppilegasta, sem fyrir goodtemplararegluna getur komið og bindindið. Jeg tel, að þessu máli sje þannig komið, að það megi svo heita, að háð sje lokabaráttan um það, hvort takist að útrýma víndrykkju úr landinu. Og jeg er á því, að þetta takist því aðeins, að til þess sje notuð, ekki eitruð vopn, heldur góð vopn. Jeg vil vinna að þessu máli eins og öllum góðum málum með fræðslu, með því að veita fólkinu rjetta fræðslu um áfengi, en ekki með vopnum haturs og ofsókna. Þau vopn gefast illa, þegar til lengdar lætur, þó að þau bíti í bili; það fer vanalega svo, að þau snúast í hendi þeirra, sem halda á þeim, og gegn þeim sjálfum. Jeg óttaðist, að slíkt yrði pólitískt ofsóknarefni, og mjer er of vel við þetta mál til þess að jeg geti ljeð mitt atkvæði til slíks. (**Forseti HSteins:** Jeg vil biðja hv. þm. að eyða ekki mjög löngum tíma um þetta, af því að það er fyrir utan dagskrána). Jeg bið hæstv. forseta afsaka, en máli mínu er nú senn lokið.

Jeg álít sem sagt, að þetta mundi verða til þess að auka óhlýðni við landslög; jeg var hinsvegar í engum vafa um, að frv. var líka borið fram í því skyni að sjá, hvernig jeg brygðist við og greiddi atkv. Jeg er ekki feiminn við að sýna alþýðu og öllum þingheimi, að jeg greiði atkv. sjálfstætt í þessu máli. Og ef hv. flm. þessa máls heldur, að hann geti læknað vínhneigð manna með þessu, þá skil jeg ekki hans hugsanagang.

Fáeinum orðum þyrfti jeg að víkja að því, sem hv. 5. landsk. (JBald) beindi til mín. Reyndar var mest af ræðu hans útúrsnúningar, sem ekki eru svara verðir. Býst jeg við, að okkur hv. 5. landsk. komi illa saman um þessi efni. Jeg er þó sannfærður um, að mjer er eins ant um verkalýðinn og honum, og ekki síður, og þykist hafa sýnt það í allri umgengni minni við það fólk. En jeg hefi það álit, að vinnuveitendur og vinnuþiggjendur verði að vinna saman í góðu bræðralagi, til þess að báðum farnist sem best. Og ef hv. 5. landsk. skoðar það sem atvinnu sína að sá fræum sundrungar milli þessara tveggja aðilja, þá öfunda jeg hann ekki af því. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að mjer hefði þótt það koma úr hörðustu átt, að hann hvetti menn til þess að hækka kaupkröfur einmitt á þeim tíma, sem atvinnuvegirnir voru sem tæpast staddir, svo framarlega, sem hann vildi verkalýðnum verulega vel. Ef bændur geta t. d. ekki greitt kaupafólki, sem þeir þurfa til heyvinnu, hvernig fer þá? Verkafólkið sveltur blátt áfram. Báðir aðiljar verða að laga kröfur sínar eftir hvors annars þörfum. Þannig fer það best, að allir reyni að bera byrðarnar hver með öðrum. Jeg tel þá óþörfustu mennina, sem sá fræi sundrungar, hvar sem er.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg er nú svo kvefaður, að óvíst er, að skrifarar heyri til mín. En jeg vildi gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðh. Hann neitaði því, að hafa gert nokkrar ráðstafanir á þessu láni frá sinni hálfu. Hann hefir margjátað það fyrir nefndinni, að Íslandsbanki eigi að fá stóra tilgreinda upphæð fyrir tilstilli landsstjórnarinn-

ar. Ennfremur kom það ljóst fram, að Landsbankinn gat ekki orðið við þessari bón hæstv. ráðh., nema með aukinni hjálp utan að frá. Þetta sýnir, að tilefni málsins er þessi beiðni hæstv. ráðh. Það er meira að segja ástæða til að halda, að Íslandsbanki hafi nú þegar fengið hjálp frá Landsbankanum upp á vonina á þessu láni.

Hæstv. forsrh. var að ávíta mig fyrir, að jeg hefði ekki búið vel úr garði það frv., sem jeg bar hjer fram nýlega. Þegar jeg benti honum á, að það var samið í samráði við einn af bestu lögfræðingum, þá virtist hann hringsnúast alt í einu og játa, að reyndar hefði það verið gott að formi til. Hann hefir þá líklega verið að setja út á innihaldið, — sem sje að taka megi ölvaða embættismenn og láta sæta ábyrgð, eins og taka má ölvaða bílstjóra. Þarna eru stjettarhagsmunir, en það er ekki verið að hugsa um góðu mennina — sem eru líklega flestir — heldur úrhrökin, sem maður skyldi þó halda, að stjórnin vildi sigta úr.

Jeg hafði bent hæstv. forsrh. á það, að hlutverk okkar Framsóknarmanna er að koma með hugmyndir og ala hinn skilningslitla hluta þingsins og þjóðarinnar upp til meiri manndóms. Tekur þetta auðvitað misjafnlega langan tíma. Má taka dæmi um byggingar- og landnámssjóð, sem hæstv. forsrh. rjeðist á móti 1925 með mikilli grimd og vildi fella málið frá 2. umr. Nú er svo komið, að „stemningin" utan af landinu er farin að anda skarpt í þessa átt, svo að menn treysta sjer ekki til annars en að játa fylgi sitt við hugmyndina. Þetta er ekkert nýtt. Það er gamla sagan. Framsóknin skapar það nýja. Hún verður svo að toga í íhaldið áfram, þangað til það lætur undan. Alveg eins var þetta í sjálfstæðismálinu. Þar voru það þeir menn, sem djarfastir voru og hugsuðu stærst, sem sköpuðu það formlega frelsi, sem við höfum. Það voru þunglamalegu silakeppirnir, sem drógu úr, þangað til tilfinning þjóðarinnar rak þá áfram. Þeir þorðu ekki annað. Í dag vorum við vitni að framkvæmd einnar slíkrar hugsjónar, þar sem skip bar að landi. Það skip var bygt eftir tillögum og rannsókn tveggja Framsóknarmanna í milliþinganefnd í kæliskipsmálinu. Á þeirri miklu stund, þegar rætt var um, hvort taka skyldi til framkvæmda eða ekki, þá brugðust tveir Íhaldsmenn, — þeir sáu ekki nauðsyn á slíkum umbótum. En þjóðin sannfærðist um gildi þessarar hugsjónar, sem þessir tveir Framsóknarmenn leiddu rjett rök að. Og svo fór í fyrra, að Íhaldið sá sjer ekki annað fært en að styðja þetta mál.

Af því að hæstv. forsrh. var að vitna í kveðskap, þá vildi jeg viðvíkjandi þeim hugsunarhætti, sem kemur fram hjá Íhaldinu — ekki einungis hjer, heldur í öllum löndum — taka 2—3 línur eftir eitt af okkar mestu þjóðskáldum. Þær hljóða svo:

Að verma sitt hræ við annara eld,
að eigna sjer bráð, sem af hinum var
feld,
var grikkur að raumanna geði.

Hæstv. forsrh. kom þá að peningamálunum aftur. Hann virtist neita, að hann hefði nokkurntíma alið þá hugsjón, að landið ætti að vera skuldlaust út á við á því mikla ári 1943. En jeg vil benda á, að blað hans flokks, sem jeg ætla að „Hænir" hafi heitið þá,

sagði frá 3 fundum, á Seyðisfirði, Egilsstöðum og Eskifirði, og sagði beint, að hæstv. ráðh. hafi sett það fram, að Ísland myndi þá verða eina landið í Evrópu án ríkisskulda. Nú er áreiðanlegt, að ritstjórinn var á fundinum á Seyðisfirði, og mjög sennilega á Egilsstöðum líka; og að einni fundargerðinni var hann sjónarvottur. Þó að maðurinn sje kannske ekki sjerlega skýr, þá er engum blöðum um það að fletta, að hjer er rjett hermt; hann hefði heldur varla farið að gera hæstv. forsrh. misrjetti í þessu, sínum samflokksmanni.

Þegar jeg var búinn að benda hæstv. forsrh. á þessa hugsjón í vetur og að farið væri að bóla á því, að hann ætlaði að hafa hana að engu, þá mun hafa komið í blaði hæstv. forsrh. einhver afsökun. En hann hefir aldrei getið upp á því, hvort ritstjórinn hafi upphaflega skrökvað þessu, að hæstv. ráðherra vildi vinna að því, að landið yrði skuldlaust 1943.

Um leið og hæstv. ráðh. afneitaði þessari hugsjón, vildi hann gera mun á því, hvað væri ríkisskuld og ábyrgð. Náttúrlega er þar nokkur munur, meðan ekki þarf að borga ábyrgðina. En úr því er munurinn lítill. Nú skulum við hugsa okkur, að Íslandsbanki — sem 1921 fjekk lán, sem ennþá standa eftir af 6 milj. — verði fyrir stöðugum óhöppum og tapi trausti, eins og hann virðist hafa tapað því í vetur sem leið, þegar hann misti 6 milj. af sínu innstæðufje. Óhöppin geta orðið svo mögnuð, að hann verði í vandræðum með að standa skil á þessu. Getur ekki komið að því, að þetta, sem í raun og veru er skoðað sem ábyrgð, verði í skuld? Við vonum að sjálfsögðu allir, að svo verði ekki. En jeg tek þetta dæmi. Og ef til þess kemur, að bankinn getur ekki greitt þetta, þá er það aðeins af því, að atvinnuvegirnir eru lamaðir. Og hæstv. forsrh. veit, hver hefir valdið þeirri lömun í seinni tíð. Í vor verður landið komið í ábyrgð fyrir 30—40 milj. króna, og þar við bætist, að bankarnir, sjerstaklega Íslandsbanki, geta skuldað stórfje að auki, sem þar við á að leggjast, svo sem póstsjóðsskuld Íslandsbanka. Og þá tel jeg sennilegt, að ef við eigum nú að taka seinasta fimtunginn til þess að krónan komist í gullgildi, þá muni hætt við, að eitthvað af þessari nýju ábyrgð lendi á ríkinu og verði þar með ríkisskuld. Og hæstv. fjrh. er ekki svo skyni skroppinn, að hann viti það ekki, að ábyrgð getur í mörgum tilfellum orðið hið sama og skuld.

Jeg hefi áður sýnt fram á, hvað það er, sem setur bankana hjer á kaldan klaka, en það er misvægi það, sem orðið er á verði íslenskra afurða og erlendrar vöru. Og ef þetta misvægi helst áfram eða magnast, þá er hætt við, að íslenskum atvinnuvegum blæði til ólífis og þá fari svo, að þetta lán, sem ríkið á nú að ábyrgjast, verði ríkisskuld.

Jeg skal minnast hjer á eitt lítið dæmi um það, hvernig farið getur í viðskiftalífinu. Á Vesturlandi var fyrirtæki, sem var eign útlendinga. Til þess að þetta fyrirtæki gæti orðið íslensk eign, lagði Íslandsbanki fram eina miljón króna, og gerði hann það vafalaust í góðri trú, og hafði það fyrir augum að koma hjer upp innlendri iðju í stað hinnar útlendu. En þegar á fyrsta ári hefir bankinn tapað þessu öllu. Jeg þykist vita, að hæstv. fjrh.

sje svo fjárglöggur maður, að hann viti það, að eins lítil þjóð og Íslendingar eru er lengi að vinna upp einnar milj. kr. tjón. En nú er ekki svo sem þetta sje eina tjónið. Nei, bankarnir hjer hafa tapað mörgum miljónum, Íslandsbanki t. d. 5 milj. kr. á einu fyrirtæki.

Nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh. út af þessu: Er ekki hættan komin áður en varir? Er ekki þessi ábyrgð skollin á ríkissjóði áður en varir og orðin ríkisskuld?

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki mætti miða við það, þótt þröngt yrði í búi eitt ár, því að þegar góðæri kæmi, þá mundu hinar feitu kýr Faraós jeta upp hinar mögru. Jeg veit nú ekki betur en að hjer hafi komið góðæri fyrir skemstu, og dugði þó ekki til. Mörg erlend vara er nú lítið ódýrari en var meðan krónan var 60 aura gullsígildi. En hvernig er svo verðið fyrir afurðir okkar? Það er vissa, en ekki nein tilgáta, að væri krónan nú 60 aura gullsígildi, þá mundi allur almenningur ekki finna neitt til þess, en allar íslenskar afurðir mundu vera í hærra verði og atvinnuvegirnir standa miklu betur að vígi en raun er á. Og hjer er sjón sögu ríkari um það, hvað fjármálastefna hæstv. fjrh. hefir kostað landið, því að ekki þyrfti að koma til þingsins og biðja um lán á lán ofan, ef hún væri góð.

Eins og jeg hefi tekið fram í nál. mínu, eru nú góðar horfur á því, að lánsstofnanir landsins muni bráðlega skulda 40 milj. króna erlendis, eða meira. Hæstv. fjrh. mun kunnugt um það, að allar þessar skuldir hafa safnast seinustu árin, því að árið 1919 áttu bankarnir þó nokkuð fje inni erlendis. En síðan 1919 hefir altaf sigið á ógæfuhlið.

Eins og jeg tók fram hjer í dag, þá er það heiðarlegt, að margir Íhaldsmenn hjer í bæ bera þetta mál mjög fyrir brjósti og óttast þessa lántöku. Þeir hræðast hreint og beint þessi sífeldu lán, sem þeim koma ókunnuglega fyrir sjónir, einmitt vegna margítrekaðra og margendurtekinna ummæla og loforða hæstv. fjrh. Og mjer er kunnugt um það, að einn kunnur og sterkur Íhaldsmaður sagði fyrir fám dögum — hann sagði það að vísu ekki við mig, heldur við kunningja minn —, það var þegar hann heyrði, að þetta frv. væri á ferðinni. Hann sagðist vona, þótt hann væri á móti Framsóknarflokknum, að honum yrði þó helst trúandi til að afstýra þessari vitleysu.

Hæstv. ráðh. viðurkendi það, sem jeg hafði sagt áður, að hann hefði framið stjórnarskrárbrot með 15. gr. Landsbankalagafrv., er nú liggur fyrir þinginu, og eins með þessu, en hann gerði það ekki fyr en elsti maður hjer í deildinni, og jeg hygg elsti maður á þingi, skar upp úr með það, að þetta væri stjórnarskrárbrot. En þegar þessi hv. þm. skar upp úr með þetta, þá mun hæstv. forsrh. hafa viðurkent þetta með sjálfum sjer, og þá fór hann, eftir gömlum vana, að pára í bækur, — að þessu sinni ekki í gerðabók deildar, heldur í gerðabók fjárhagsnefndar. Og með þessu tel jeg því slegið föstu, að hjer sje um stjórnarskrárbrot að ræða, þar sem á að afhenda

stjórninni ótakmarkað vald til þess að ábyrgjast lántökur fyrir Landsbankann.

Sá bankastjóri, er vann að lántökunni erlendis, var spurður að því á fundi fjárhagsnefndar, hvort Landsbankinn þyrfti lán nú sem stæði. Hann svaraði svo, að bankinn þyrfti þess ekki. Nefndin fjekk líka hjá honum aðrar upplýsingar, og af þeim kom skýrt fram, að svo framarlega sem Íslandsbanki hefði getað staðið straum af viðskiftunum út á við í hlutfalli við þau viðskifti, sem hann hefir hjer innan lands — ef hann hefði getað yfirfært fje til Danmerkur og Englands, þá hefði Landsbankinn ekki þurft að fá eina krónu að láni. Það er kreppa Íslandsbanka, sem nú hefir kastast yfir á herðar Landsbankans og orsakar það, að þetta lán á að taka. En þetta stafar aftur alt saman af því, hvernig gengishækkunin hefir farið með Íslandsbanka.

Þá vildi hæstv. forsrh. skjóta sjer undir verndarvæng fyrirrennara sinna og sagði, að árið 1924 hefði þáverandi stjórn veitt slíka ábyrgð sem þessa án leyfis Alþingis. Þótt jeg álíti lögskýringu þáverandi ráðherra og samflokksmanns míns ranga, þá vil jeg minna á það, að bak við ábyrgðina 1924 lá að dómi þingsins heimild frá 1921, og sú upphæð, sem ríkið ábyrgðist 1924, var lægri heldur en heimildin frá 1921 leyfði. Þetta var þó, að mínu áliti, aðeins óformleg heimild og óþingleg, en túlkun flokksbræðra hæstv. forsrh. á henni á þinginu 1923 gerir það afsakanlegt, þótt stjórnin veitti ábyrgðina 1924, og verður hún varla áfeld fyrir það.

En að sú skoðun sje rjett hjá mjer, að heimildin hafi verið óformleg, sjest best á því, að hinir amerísku fjármálamenn telja hana ekki fullnægjandi og heimta nú sjerstök og ákveðin lagafyrirmæli um þetta. Í þessu sambandi vil jeg minna hæstv. fjrh. á það, út af afsökunum hans vegna þess að Íslandsbanki gat ekki staðið í skilum í fyrra með bráðabirgðalán sitt, er hann hafði fengið hjá landinu, að jeg er hræddur um, að slíkar afsakanir mundu hinir amerísku fjármálamenn ekki taka gildar.

Hæstv. fjrh. reyndi að flýja frá því að minnast á, hvernig sumir flokksbræður hans líta á gengispólitík hans, og að þeir eru mjer sammála. Þetta tek jeg sem algerða uppgjöf frá hans hálfu, og það skal jeg fullvissa hæstv. fjrh. um, að margir bændur og útvegsmenn vita vel, hvað gengishækkunin hefir þýtt.

Í seinustu ræðu sinni fór hæstv. fjrh. út á það svið, sem enginn mun hafa búist við, að hann hætti sjer út á, þar sem hann fór að tala um listir og skáldskap. Það er nú einn af megingöllum hæstv. ráðherra, að hann ber ekki hið minsta skynbragð á það, sem kallað er fagrar listir og skáldskapur; hann hefir engar gáfur til að meta það og enga þekkingu heldur. Þetta veit hann líka ósköp vel sjálfur, og því hættir hann sjer sjaldan út á þann hála ís að tala þar um. Hann líkist í þessu efni vissum húsdýrum, sem eru furðu góð að klöngrast slysalítið yfir mýrar og foræði, en þýðir ekki að hætta sjer út á svell. Já, hæstv. forsrh. var að vitna í Lear konung eftir Shakespeare. Ef hann hefði gáfnafar til

þess að skilja Shakespeare, þá mundi hann ekki halda jafnvitlausar ræður hjer á þingi eins og hans er vandi. En úr því að við erum nú hjer farnir að tala um lán, veðsetningar og skáldskap, þá ætla jeg að hafa hjer yfir vísu eftir eitt stærsta þjóðskáldið okkar, vegna þess að hún á vel við um hæstv. ráðherra og stefnu hans og flokk hans:

„Það hefir ekki þennan svip,
þar sem stafna milli
alt er veðsett, von og skip,
væskla' og þræla hylli."

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 6. landsk. (JKr) og minnast á það, sem hann var að tala um, að jeg ætti að hafa meiri samúð með kaupfjelögunum, sem öllum væri vitanlegt að skulduðu stórfje og þyrftu nú enn á miklu lánsfje að halda. Jeg skal þá benda honum á það, að ef ekki væru aðrir stærri og verri skuldunautar en kaupfjelögin eða S. Í. S., þá væri ekki hundrað í hættunni, því að bankarnir hafa eigi enn tapað einum eyri á viðskiftunum við S. Í. S. Og á mestu krepputímunum, þegar Landsbankinn átti erfitt með að yfirfæra, þá ljet S. Í. S. bankann fá 1 miljón króna í erlendum gjaldeyri, og hjálpaði þá um leið keppinautum sínum, kaupmönnum, bæði á Sauðárkróki og annarsstaðar, þannig að þeir gátu fengið erlenda „valuta" í gegnum bankann. Og jeg skal nú þegar taka það fram, og jeg fullyrði það, að þessar 9 miljónir, sem nú á að taka að láni, eru ekki fengnar vegna kaupfjelaganna nje S. Í. S.

Vegna þess hvað jeg er kvefaður og á bágt með að tala, þá verð jeg að geyma það betri tíma, með leyfi hæstv. forseta, að svara sjálfsjátningu hv. 6. landsk. (JKr) um syndafall hans í því máli, sem mest umtal og mesta athygli hefir vakið úti um land allra þeirra mála, sem fyrir þetta þing hafa komið, og á jeg þar við frv. um viðurlög við ölvun embættismanna og skipstjóra. Frv. þessu var ekki beint að háttv. 6. landsk., því að allir vita, að hann er aldrei ölvaður við embættisverk sín. En í þessu máli brást hann öllum þeim vonum og öllu því trausti, er menn höfðu gert til hans, þá er hann notaði þingatkvæði sitt til þess að drepa þetta mál, sem borið var fram eftir eindreginni ósk goodtemplara, styrktarmanna hans.

Jeg efast um, að jeg taki oftar til máls í kvöld, en mjer þykir vænt um, að mjer hefir tekist, bæði í nefndinni og hjer í hv. þingdeild, að leggja fram þau gögn í máli þessu, að miklar líkur eru til þess, að lánið verði betur notað og með meiri gætni heldur en hæstv. stjórn mun hafa hugsað sjer í öndverðu.

Hæstv. forsrh. (JÞ) barði sjer á brjóst og sagðist hvergi smeykur við að taka þetta lán, þótt kosningar væru fyrir dyrum. (**Forsrh. JÞ:** Þar kom það!). Mjer er engin gleði að hans óförum, en ástand það, sem hann hefir skapað hjer í landinu með gengispólitík sinni, hlýtur að miða að því, að annaðhvort fari þjóðin í hundana eða hún verður að losa sig við þessa tvo menn, sem nú eiga sæti í stjórninni.

Að svo mæltu skal jeg láta staðar numið, en jeg vil enda með þeim orðum, sem einn mætur maður, Einar Ásmundsson í Nesi, sagði um skuldirnar: „Þær eru þrælsband, þó að engill sje lánardrottinn."

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þarf litlu að svara hv. 5. landsk. (JBald).

Jeg álít, að hver og einn af núverandi bankastjórum Íslandsbanka sje þinghæfari en háttv. 1. landsk. (JJ) eða hv. 5. landsk. En ef tekin er upp sú stefna, að stjórnskipaðir bankastjórar og útibússtjórar bankanna skuli ekki eiga sæti á þingi, þá á það að ganga jafnt yfir alla.

Jeg má ekki vera harður við hv. 1. landsk. þm. Bæði er honum erfitt um mál vegna hæsi og svo hefir ádrepa mín í dag haft þau áhrif, að hann er sýnu stiltari nú en áður, ef dæma skal eftir ræðum hans.

Hv. þm. sagði ýmislegt um þetta mál og önnur því skyld, sem vert er að leiðrjetta. — Hann tók aftur þau ummæli sín, að stjórnin hefði þegar ráðstafað lánsfjenu. En í stað þess vildi hann halda því fram, að hún hafi mælst til við Landsbankann að verja vissri upphæð fjárins á tiltekinn hátt, og væru slík tilmæli sama sem ráðstöfun. Þetta er að klóra í bakkann, þegar kraftana brestur til að komast upp úr ófærunni af eigin rammleik. Hv. þm. veit vel, að það er fjarri því að vera nokkur ráðstöfun, þó að um slík tilmæli væri að ræða. Hann veit ennfremur, að ekki verður hjá því komist, eins og nú er háttað bankamálum, að stjórnin hafi meiri afskifti af þeim heldur en ef seðlaútgáfunni væri komið í það horf, sem æskilegast er.

Hv. þm. hljóp í ölvunarfrv. sitt og frá því aftur í þetta mál, sem hjer liggur fyrir, þó að það virðist nú óþarflega krókótt leið, það er misskilningur, að jeg beri stjettarhagsmuni embættismanna fyrir brjósti með því að vera á móti því frv. Jeg fæ ekki sjeð, að um neina hagsmuni geti verið að ræða fyrir eina stjett manna eður aðra, þó að það kunni að henda einhverja innan hennar að verða ölvaðir.

En þar sem hann talaði um úrhrök í embættismannastjett, þá vil jeg minna hann á það, að hann ætti að fara varlega að taka sjer það orð í munn. Til þess hefir of mikið verið talað um, hvar ætti að skipa sjálfum honum sess innan hans eigin stjettar. Að óþörfu ætti hann ekki með neinum dilkadrætti að vera að minna menn á að raða. Röðunin kynni að koma illa við hann sjálfan.

Þá mintist hv. þm. á Framsóknarflokkinn og sjálfan sig og rómaði mjög ágæti beggja. Var lofið engu líkara en ellimörkum gamalla karla á raupsaldri svokölluðum, er hugga sig við það í getuleysi sínu, að alt nýtt og nýtilegt, sem fram kemur og framkvæmt er, sje áður fætt af þeim að hugmyndinni til.

Elsti flokkur þingsins er hann, Framsóknarflokkurinn, ekki vantar það. En brjóstumkennanlegur er hann, ef hann er svo lítilþægur að geta látið sjer nægja, er aðrir stjórnmálaflokkar hrinda þörfum málum í framkvæmd, að raupa af því, að einhver maður innan flokksins hafi öðrum fyr fætt hugmyndina, og eigna sjer þar með heiðurinn af verkinu. Slíkt tal er ekki tekið alvarlega. Menn vita sem er, að þegar um mikilvæg þjóðheillamál er að ræða, er aldrei hægt að benda á einn einstakan mann, sem skilyrðis- og fortakslaust hafi fyrstur

átt upptökin. Slík mál eru jafnan knúin fram af víðtækri þörf þjóðfjelagsins. Fyrst hugsa margir um þau, síðan tala menn um þau og loks framkvæma menn þau.

Þá hljóp hv. þm. aftur að skuldleysinu 1943.

Í blaði á Seyðisfirði var frásögn um ræðu, er jeg hjelt þar eystra 1924. Var þar dálítið vikið við orðum mínum, svo skilja mátti sem jeg hefði sett upp sem stefnumark, að ríkissjóður yrði skuldlaus 1943. Ef satt skal segja, þá hefi jeg aldrei fundið tilefni eða ástæðu til að leiðrjetta þessa meinlausu missögn opinberlega. Hefði jeg gert það og vildi vera í samræmi við sjálfan mig, yrði jeg að bæta við mig miklu meira verki við að leiðrjetta þó ekki væri nema lítinn hluta allra þeirra missagna, sem háttv. 1. landsk. ungar út í blaði flokks síns, heldur en forsvaranlegt væri um mann, sem er á fullum launum í þjónustu landsins. Síst situr á háttv. 1. landsk. að víta meðbræður sína í blaðamenskunni fyrir það, þó að þeir fari ekki allskostar með rjett mál. Ofurlitlar kröfur verður hann þó að gera til sjálfs sín um það, er hann heimtar af öðrum.

Háttv. þm. sagði, að Íslandsbanki hefði mist álit og traust, og gerði ráð fyrir, að fjeð kynni að verða að fastri skuld hjá honum. Mjer þykir í þessu sambandi rjett að geta þess, að bankaeftirlitsmaðurinn hefir á síðastliðnu ári og fyrsta mánuði þessa árs framkvæmt nákvæma skoðun á bankanum og útibúum hans. Að lokinni rannsókn hefir hann gefið þá yfirlýsingu, að bankinn sje fortakslaust tryggur fyrir öllum sínum skuldbindingum. Eins og kunnugt er, er Íslandsbanki að afhenda seðlaútgáfuna í hendur Landsbankans. Af því og öðru leiðir, að Íslandsbanki verður að draga saman viðskiftaveltu sína. Að því var stefnt með löggjöf 1921. Ef þessar breytingar eiga ekki að verða atvinnulífi landsins til kyrkingar, verða tilsvarandi viðskifti að færast yfir í Landsbankann, meðan ekki eru til fleiri bankar í landinu en þeir tveir.

Þetta er nú að gerast í þeirri mynd, að Landsbankinn endurkaupir víxla af Íslandsbanka. Við því er ekki annað að segja en það, að þetta er sú braut, sem löggjafarvaldið sjálft hefir vitandi og viljandi stefnt þessum málum inn á. Þá dugir ekki, þegar Íslandsbanki þarf að láta Landsbankann endurkaupa af sjer víxil, að skoða það sem einhvern sjúkleikavott hjá honum. Nei, það er ekki annað en sú eðlilega rás viðburðanna, sem orsakast af þeirri stefnu, sem rjett hefir þótt að taka, að yfirfæra seðlaútgáfuna frá Íslandsbanka til Landsbankans.

Vitanlega gæti tilfærslan farið fram á þann hátt, að í stað þess að endurkaupa af Íslandsbanka kaupi Landsbankinn sömu víxla beint af viðskiftamönnum Íslandsbanka. En það er vel skiljanlegt, að Landsbankastjórnin vilji heldur hafa ábyrgð Íslandsbanka líka heldur en atvinnurekanda eins, ef hann kaupir víxil beint af honum. Það er yfirleitt tryggari tilhögun fyrir bankann meðan færsla viðskiftanna er að fara fram.

Þetta er rjett að taka fram, af því að þessi viðskifti valda talsverðum

misskilningi, enda þótt ábyrgðarheimildin komi þeim ekki sjerlega mikið við.

Háttv. 1. landsk. heldur því fram í öðru orðinu, að það sje gengishækkunin, sem veldur fjárhagsáhættu atvinnulífs landsins. En svo er ósamkvæmnin mikil, að hann gætir ekki að því, að í næsta orði telur hann upp nokkur stærstu töpin, sem svo heppilega eða óheppilega vill til um, að hægt er að sanna, að standa ekki í neinu sambandi við áhættu af gengishækkun, eins og hann vill vera láta. Hann getur þess, að Íslandsbanki hafi tapað alt að 5 milj. kr. á einu fyrirtæki. Jeg býst við, að hann eigi þar við „fiskhringinn" frá 1920. Þá var ekki um neina gengishækkun að ræða. Svo er og um flest stærri töp atvinnuveganna eða einstakra fyrirtækja, að þau hafa gerst á þeim tíma, er engri gengishækkun var til að dreifa sem orsök. Hún kom sem bein afleiðing af velgengni atvinnuveganna 1924—1925. Menn þurfa því ekki að óttast hana í framtíðinni, því að þegar hún kemur, þá er velgengni atvinnulífsins orsökin, en afleiðingin verður sú, að aftur greiðist til bankanna lánsfjeð, er þeir hafa látið úti.

Hv. þm. sagði, að skuldirnar út á við yrði í vor um 40 milj. kr., ef stjórnin fengi vilja sínum framgengt um þessa ábyrgðarheimild. En sannleikurinn er sá, að þær verða hvorki meiri nje minni í vor, þótt frv. sje samþykt, eftir því sem lítur út fyrir.

Hann sló á þá strengi, að uggur væri í embættismannastjett landsins út af þessari ábyrgðarheimild. En það hlýtur að vera fullkominn misskilningur. Embættismenn okkar eru yfirleitt svo vel mentaðir, að þeir skilja, að því aðeins getur ríkið goldið þeim lífvænleg laun, að atvinnuvegirnir sjeu reknir svo vel, að þeir gefi afrakstur í ríkissjóð. Jeg vil leyfa mjer að fullyrða, að meðal embættismanna sje sú skoðun fullkomlega ríkjandi, að landsstjórn og bönkum beri skylda til að sjá atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegu rekstrarfje. Ef þessir aðiljar gera það ekki, eru fyrst og fremst stöður og laun embættismannanna í hættu vegna getuleysis ríkissjóðs af kreppu atvinnuveganna.

Ef ekki væri öðru um að kenna en gáfnaskorti og þekkingarleysi mínu, að landsmenn skulda út á við, þá er hægurinn hjá að bæta úr því. Þá þyrfti ekki annað en fela einhverjum greindari manni en mjer mitt starf, og alt fjelli í ljúfa löð. En mjer er óhætt að segja það, að þessi fullyrðing hv. 1. landsk. lýsir næsta ljelegri þekking hans á högum og afstöðu atvinnuveganna. Hversu greindur maður, sem sæti í ráðherrasessi, þá gæti hann ekki haft nein veruleg áhrif á fiskverð suður á Spáni eða kjötverð í Noregi, eða önnur þau atriði, sem ráða mestu um fjárhagsafkomu þjóðarinnar.

Það verður að segja það eins og það er, að um skuldleysi getur ekki verið að ræða á vorum tímum, nema heft hefði verið sú framför, sem orðin er á atvinnurekstri, borin uppi af útlendu fjármagni bankanna. Taki maður burt alt útlenda fjármagnið og alt, sem af því hefir skapast, hvað er þá eftir annað en getuleysi og athafnaleysi og kyrstaða, sem mundi skila okkur aftur á það þroskastig, er atvinnulífið var á fyrir aldamótin, þegar árlegar tekjur landssjóðs voru

innan við 1 milj. króna og geta hins opinbera varð auðvitað að sníðast eftir þeim litla efnahag.

Það kom berlega fram í niðurlagi ræðu hv. þm., að alt skraf hans og tal í þessa átt á að vera kosningabeita. En jeg veit fyrir víst, að hann fær landsmenn aldrei til að leggja aftur inn á þá kyrstöðubraut, sem þjóðin var á frá því hún fjekk sjálfsforræði 1874 alt fram undir aldamótin 1900. Eftir að menn eru einu sinni komnir upp á að notfæra sjer þetta erlenda fjármagn, verður ekki snúið til baka. Áframhaldið hlýtur að verða það, að sá atvinnuvegurinn, sem aftur úr er orðinn, sem sje landbúnaðurinn, leggi einnig út á þá braut hina sömu, að nota lánsfje sjer til viðrjettingar og viðgangs, þó með allri þeirri hægð og gætni, sem honum er eiginleg.

Til þess að halda ræðuþræðinum ekki alveg beinum, vjek hv. þm. að stjórnarskrármálinu og vísaði allri ábyrgð af sjer um stjórnarskrárbrot yfir á annan hv. þm. Kalla jeg það ekki karlmannlegt af honum að vilja klína því á alsaklausan mann, sem hefir aldrei haft neitt slíkt í frammi.

Þá hafði hann það eftir einum af bankastjórum Landsbankans, að bankinn þyrfti lánsins ekki með. Þetta er vitanlega öryggisráðstöfun, til þess að bankinn sje við því búinn að geta int af hendi skyldur sínar við atvinnuvegina. Það er þannig rjett, að það er ekki farið fram á þetta lán af þeim ástæðum, að bankinn sje kominn í neitt öngþveiti eða þurfi að nota þetta fje strax.

Hitt hlýtur að vera missögn hjá hv. þm., sem hann hefir eftir bankastjóranum, að Landsbankinn eigi innstæður erlendis. Innstæður á bankinn engar erlendis, en hann á ónotað lánstraust, og það er vitanlega alt annað.

Háttv. þm. lýsti því aftur, að hann teldi lögskýringu fyrirrennara míns um heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann ranga. En nú fór hann að breiða yfir það með því að vísa í heimild frá þinginu, sem var viðurkent, að var algerlega óformleg. En það er gagnslaust og enda óþarfi fyrir hv. þm. að vera að þessu. Fyrirrennari minn hafði nefnilega miklu rjettari skilning á þessu heldur en háttv. þm. (JJ). Hann vísaði ekki í óformlega þingheimild, heldur vísaði hann í þá lögskýringu, að ríkið á Landsbankann. Það er margviðurkent og á hverju þingi hefir komið fram nokkurskonar yfirlýsing um það, að ríkisstjórninni væri heimilt að ganga í ábyrgð fyrir bankann, og það síðast á þinginu 1926 í nál. fjhn. Nd. — Það hefði óneitanlega farið betur á því, að hv. 1. landsk. hefði gert þetta upp við fyrv. ráðherra síns eigin flokks; þá hefði hann ekki þurft að hlaupa á sig hjer og bera lögleysur á ráðuneyti það, sem Framsóknarflokkurinn bar ábyrgð á.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði játað það, að fjeð yrði bundið. Það hefi jeg aldrei sagt; þvert á móti hefi jeg sagt það, að það væri engin ástæða til að óttast, að fjeð yrði bundið, eftir horfunum að dæma. — Þá mintist hv. þm. á þingmálafund í Vestur-Húnavatnssýslu og sagði, að stuðningsmenn hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefðu samþykt ályktun í gengismálinu, sem væri í ósamræmi við mína stefnu í því máli.

Jeg hefi nú spurt hv. þm. V.-Húnv.

um þetta, og hann hefir sagt mjer það, að það voru ekki stuðningsmenn hans eða flokksmenn mínir, sem samþyktu þessa ályktun. Það voru flokksmenn hv. 1. landsk., sem smalað hafði verið rösklega saman, sem samþyktu hana, eins og þeirra var von og vísa.

Næst kom hv. 1. landsk. að orðum mínum um samhengisleysið í ræðum hans, og skal jeg fara lítið út í það. Jeg skil það, að þar hafi jeg komið við viðkvæmt mál. En mjer finst það of mikill misskilningur til þess að óleiðrjett megi standa, að halda það, að jeg hafi verið að hrósa þm. fyrir vissa andlega yfirburði. Jeg veit ekki, hvað jeg á að segja um það lítillæti, sem gengur svo langt að taka það fyrir hrós að vera líkt við persónu í leik, sem á að sýna geðveikismerki. Jeg verð að segja það, að mjer finst það of mikið lítillæti. Það var ekki meint sem hrós, og hv. þm. má ekki taka það sem hrós.

Þá gerði hv. þm. ráð fyrir því, að fyrir sín mörgu orð yrði þetta reikningslán notað varlegar en ella. Þetta getur nú verið, en svo framarlega sem það hefir verið meining hans að ná þessum árangri, þá hefði hann heldur átt að halda ræður sínar niðri í Landsbanka yfir bankastjórninni en hjer í þinginu yfir okkur. Jeg er nú ekki alveg viss um, að Landsbankastjórnin hafi svo mikið álit á ræðum þessa hv. þm., að hún geri sjer far um að ná í ræður hans til lestrar áður en þingtíðindin verða prentuð. En ef það skyldi nú dragast svona eftir venju, að þingtíðindin berist bankastjórninni í hendur, þá hygg jeg, að sá tími verði að mestu liðinn, sem hún hefir til þess að ráðstafa þessu láni.

Í niðurlagi ræðu sinnar vjek hv. 1. landsk. að því, sem vitanlega hefir verið aðalefni þessa máls hjá honum, kosningunum í sumar. (**JBald:** Það er nú ekki búið að ákveða, að þær verði í sumar). Nei, að vísu, en fyrsti vetrardagur er nú svo nærri sumrinu. Jeg skil það vel, að honum þyki þörf á því seint og snemma að tala um næstu kosningar, því ekki mun honum þykja af veita. Hv. þm. (JJ) flytur þann boðskap hjer, sem hann ætlar að flytja þá, sem sagt þann, að annaðhvort hljótum við að týna fengnu frelsi eða að hafa stjórnarskifti. Já, honum er velkomið að flytja þennan boðskap. Hann var að burðast með þetta sama í sumar og fyrsta dag þessa vetrar, og ef dæma má eftir niðurstöðum þeirra kosninga, þá hygg jeg, að þjóðin sje fullkomlega fær um að hlusta á slíkar fullyrðingar hv. 1. landsk. og fylgifiska hans, án þess að hún láti villa sjer sýn um það, hvar rjett sje að láta atkvæði sín lenda.

Einar Jónsson: Þó að jeg hafi hlustað á miklar og langar umræður um þetta mál, er jeg enn jafnsannfærður um það og jeg var þegar í byrjun, að þetta verði að gerast. Þessi lánsheimild verður að veitast, og það er sanngjarnt að veita hana. Og jeg er líka viss um, að þeir tveir hv. þdm., hv. 1. landsk. (JJ) og hv. 5. landsk. (J-Bald), sem mest hafa mótmælt þessu, eru líka sannfærðir um, að þetta verður að gerast. Þessir menn eru bara haldnir af þeim ósköpum að langa til að halda uppi umr., en hafa þó sannarlega ekki síður en aðrir vit á því að samþ. það, sem á að samþ.

þegar menn athuga, að þessi lánsheimild snertir svo mjög atvinnuvegina og hag þeirra, er það augljóst, að ekki er hægt að sporna við henni.

Hv. 5. landsk. hafði ekki alveg rjett eftir mjer það, sem jeg sagði í dag. Hann lýsti yfir því, að jeg hefði sagt, að jeg væri nauðugur á öll lán og að jeg hefði lýst því yfir á þingmálafundi heima í hjeraði, að jeg vildi engin lán taka. Þetta er ekki rjett að öðru leyti en því, að jeg vildi auðvitað helst, að við þyrftum aldrei að taka lán. En hjer er heldur ekki um beint lán að ræða, heldur ábyrgð, og jeg hefi heldur aldrei haldið því fram á þingmálafundum, að ekki mætti taka nein lán, hvernig sem á stæði.

Jeg vildi aðeins mótmæla þessu hjá hv. þm. (JBald), því að jeg hefi ekki rekið mig á það fram að þessu, að hann gerði sjer far um að rangfæra orð mín, þó að honum hafi verið borið það á brýn af öðrum. En hvað snertir hv. 1. landsk., þá sjá allir, hve lamaður hann er orðinn eftir þá dembu, sem hann fjekk í dag, og er það ekki að undra, því að það er einhver sú svæsnasta hríð, sem jeg hefi heyrt. Enda heyrist nú ekki til hans hálft á móti því, sem áður var. En sigraður maður sættir sig við alt; en í sannleika sagt, mjer finst hún ganga helst til langt meðferðin á hv. 1. landsk., að hæstv. forsrh. skuli nota sjer svo yfirburði sína. Mjer finst það tæplega forsvaranlegt, þó af ráðherra sje. — Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg sje engar aðrar útgöngudyr í þessu efni en að samþykkja þessa lánsheimild. Hversu gjarnan sem jeg vildi komast hjá lántökum, tel jeg nauðsynina svo brýna fyrir atvinnuvegi vora, að á móti henni verði ekki gengið.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Hvað snertir formið á þessari lánsheimild, þá er það svo, að ef heimildin væri samþykt nú, þá hefir stjórnin heimild til að framlengja þetta lán meðan það heldur áfram hjá sama banka, og er það rjett að því leyti, að málið er þá laust við þingið, nema að því leyti, að þingið getur breytt þessum lögum eða numið þau úr gildi og gert þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að greiða upp lánið, ef á þarf að halda. Það, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni síðustu ræðu til mín, var ekki annað en andsvar út af bankastjórum Íslandsbanka. Hæstv. ráðherra vildi halda því fram, að þeir væru þinghæfari en jeg. Það getur vel verið, en það var dálítið merkilegt, sem hann sagði í viðbót. Hann sagði, að ef sú regla væri tekin upp, að stjórnskipaðir bankastjórar Íslandsbanka mættu ekki sitja á þingi, þá ætti hið sama að gilda um bankastjóra og útibússtjóra. En hvernig er þetta nú í framkvæmdinni? Hefir ekki, nú einmitt í tíð íhaldsstjórnarinnar, verið skipaður alþingismaður í bankastjórastöðu, þvert ofan í þá reglu, sem upp var tekin fyrir nokkrum árum? Og jeg veit ekki betur en að íhaldsstjórnin lafi enn á atkvæði þessa eina manns, sem eftir áliti hæstv. stjórnar á ekki að sitja á þingi.

Svo þjettur og fastur, sem hæstv. forsrh. þykist vera, þá eru skoðanir hans svo lausar, að menn geta aldrei vitað, hvenær hann gengur frá skoð-

unum sínum, þeim, sem hann hefir haldið fram. Annars þótti mjer einkennilegt, að hæstv. ráðh. svaraði ekki einu atriði í ræðu minni. Hann svaraði því reyndar með látæði, þegar jeg sagði það, en hann svaraði engu þegar hann stóð upp til að tala. Jeg spurði hann að því, hvort Íslandsbanki væri ekki þegar búinn að fá erlendan gjaldeyri lánaðan hjá Landsbankanum upp á þetta væntanlega dollaralán. Hæstv. ráðherra hristi höfuðið, en það getur þýtt allan skollann og ekki gott að vita, hvað meint er með því.

Það verður ekki hjá því komist að tala um Íslandsbanka í þessu sambandi. Það vita allir, að fyrir hann er þörfin brýnust, honum liggur á peningum. Jeg veit, að hann á að fá eina miljón, og er ef til vill þegar búinn að fá eitthvað af henni. Hæstv. ráðh. var í dag að afsaka þetta og sagði, að Íslandsbanki væri að afhenda seðlaútgáfuna í hendur Landsbankans. En nú vil jeg biðja hæstv. ráðh. um upplýsingar í þessu máli. Er það ekki svo, að Íslandsbanki skuldi Landsbankanum meira en sem svarar seðlum þeim, sem hann dregur inn? Ef svo er ekki, þá hefir bankinn fengið fje í staðinn fyrir þá seðla, sem hann hefir dregið inn, og þarf þá ekki að leita til Landsbankans um lán, nema það sjeu þessar „aðrar ástæður", sem valda því, að Íslandsbanki er í fjárþröng.

En hverjar eru þessar „aðrar ástæður", sem hæstv. ráðh. talaði um? Kannske það sje það, sem háttv. 1. landsk. talaði um í dag, að bankinn hefði mist mikið af sparisjóðsfje, sem nema mundi um 6 milj. kr. En ef svo er, er þá ekki verið að leyna þingið og þjóðina einhverju? Heldur þá ekki áfram sama svikamyllan þangað til búið er að hirða alt það, sem hægt er að hirða, og nota lánstraust landsins út í æsar án þess fullkomin vitneskja sje gefin um ástand peningastofnananna? Það er margt líkt með skyldum. Á þinginu 1921 var um það rætt að taka stórt erlent lán. Bjarni heitinn frá Vogi flutti frv. um að taka 15 milj. kr. lán til stuðnings bönkunum. En það form fjekk ekki að standa fyrir núverandi hæstv. atvrh. (MG), sem þá var fjrh.

Ástæðurnar fyrir breytingunni á þessu formi 1921 voru þær, að ráðh. vildi ekki láta umheiminn vita, að við ætluðum að taka svona stórt lán. Það er líklega það sama, sem vakir fyrir hæstv. forsrh. nú. Það minnir óneitanlega á strútinn, sem stingur hausnum niður í sandinn, þegar hann vill fela sig, og heldur þá, að enginn sjái sig. Því auðvitað vita allir fjármálamenn, hvað lánið er stórt. Hæstv. forsrh. og Íhaldsmönnum þykir gaman að skreyta sig með þessum sparnaðarfjöðrum og láta svo sem þeir vilji lækka skatta o. s. frv. Það kemur því mönnum undarlega fyrir sjónir, að í þeirra tíð skuli safnast stærstu skuldirnar og að þessir menn skuli bera fram glannalegustu lánsheimildirnar.

Þegar hæstv. ráðh. lagði fram fjárlögin fyrir 1928, mælti hann þau varnaðarorð í lok ræðu sinnar, að nú yrði að fara einstaklega gætilega með fjármálin. Honum hefir þó sennilega verið kunnugt um, að þessi lánsheimild væri á döfinni. Engu að síður notar hann þetta íhaldsorðtak, þó að hann sje ráðinn í að stofna til nýrrar

skuldar og koma óorði á landið erlendis með stöðugum lántökum. — Lánstraust landsins virðist nú farið að þverra í Danmörku. Í Englandi höfum við hið fræga enska lán, og nú á að leita til ameríska banka, þótt þegar sje upplýst, að bankinn, sem lánið á að fá, hafi ekki brýna þörf fyrir það. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sje ekki sama sem að eyða fje, því ekki sje víst, að fjeð verði notað. Hann segir, að þrátt fyrir þessa lántökuheimild munum við ekki skulda einum eyri meira út á við. Hvernig má það ske á annan hátt en þann, að lánið verði ekki notað? Og hví á að festa lánstraust landsins í þessu nýja láni, ef ekki er tilætlunin að nota það? Jeg veit nú ekki, hvort það er rjett af mjer að hrella hæstv. ráðh. meir út af þessu máli. En að síðustu vil jeg leggja fyrir hann þá spurningu, hver sje upphæð lánsins og með hvaða kjörum það sje tekið, til þess að svör hans komi fram í Alþt. Hann getur ekki skorast undan að svara þessum spurningum, þar sem þjóðinni allri er ætlað að ábyrgjast þetta lán.

Hv. 6. landsk. (JKr) var svo ákaflega góður og vægur í ræðu sinni í kvöld, að jeg þarf raunar ekki að svara honum neinu. Hann brá mjer að vísu um útúrsnúning, en hann gerði það svo linjulega, að jeg held, að enginn hugur hafi fylgt máli. Hann talaði um einhvern, sem gjarn væri á að strá fræi sundrungar, og átti víst að skiljast svo, sem það væri jeg. En jeg met slíkar dylgjur einskis. Hefði hann fært einhver rök fyrir því, að jeg væri valdur að sundrungu, hefði jeg tafarlaust svarað. En slík rök getur hann ekki fundið. Það er ekki hægt að segja, að jeg sje að sá fræi sundrungar, þótt mjer líki ekki tölur hans eða sje ekki á sama máli og þeir, sem hann er sammála. Annars var ræða þessa hv. þm. sömu endurtekningarnar um, að ekki mætti auka á óánægju verkafólksins, þegar atvinnuvegirnir stæðu höllum fæti. En atvinnuvegirnir þýða oft í munni þessara manna einhverja örfáa atvinnurekendur. Af óánægju getur margt gott leitt. Hún er einmitt undirrót flestra framfara. Það er sagt, að hv. þm. (JKr) sje góður í sinni iðn. En það á hann vafalaust því að þakka, að hann hefir verið óánægður með sjálfan sig og kunnáttu sína í læknisvísindunum, og sú óánægja hefir knúð hann til þess að afla sjer meiri og betri þekkingar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir þótt rjett að láta ekki nægja þessa fjórðu þynningu af ræðu sinni, sem hann bar fram síðast, heldur kemur nú með 5. þynninguna, og á kannske eftir að halda lengur áfram. Jeg man ekki eftir, að hann kæmi með neitt nýtt í þessari ræðu nema dylgjurnar um það, að hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sæti ólöglega hjer á þingi. Jeg held það hljóti að vera orðið of framorðið fyrir þennan hv. þm. til þess að halda áfram ræðum sínum, þegar hann kemur með annað eins og þetta. Svo vel hefir hann fylgst með í því, sem hjer hefir gerst síðan þm. Ísaf. var kosinn, að hann veit, að farið hefir að öllu löglega um kosning hans og þingsetu samkvæmt úrskurði rjetts aðilja þar um, sem er Alþingi. Jeg veit ekki, hvort hv. þm.

hefir meint hitt, að þm. Ísaf. hafi ólöglega verið gerður að útibússtjóra á Ísafirði. En það lýsir ærið lítilli lagaþekkingu hjá hv. þm., hafi hann viljað halda því fram. En það skiftir ekki miklu, hvort heldur hann hefir meint, því hvorttveggja er jafnmikil fjarstæða.

Þá spurði hv. þm., hvort Íslandsbanki væri ekki búinn nú þegar að taka lán hjá Landsbankanum út á þetta lánsfje, sem hann heldur, að Íslandsbanki eigi að fá af þessu erlenda reikningsláni. Jeg veit ekki til þess. En ef Íslandsbanki er búinn að fá þessa upphæð, þá fær hann hana víst ekki aftur úr þessu reikningsláni. Jeg hefi ekki heyrt frá þessum hv. þm. (JBald), sem annars segir meira í þessu máli en aðrir vita, að Íslandsbanki fengi sömu upphæðina tvisvar. Þá spurði hv. þm., hvort Íslandsbanki skuldaði ekki meira í Landsbankanum en næmi umferð seðlanna. (**JBald**: Þeirra, sem hann hefir dregið inn). Því get jeg ekki svarað. En hitt get jeg upplýst, að Íslandsbanki skuldar Landsbankanum meira en það, sem Landsbankinn hefir nú í umferð af seðlum.

Það fór eins fyrir hv. 5. landsk. og hv. 1. landsk. Þeim þykir svo glæsileg og góð stefna Íhaldsflokksins, að þeir finna ekkert betra til að gylla sig með í augum kjósenda sinna en að segja: Það erum við, sem höldum fram stefnu Íhaldsflokksins betur en hann sjálfur. Háttv. þm. getur reynt þetta. Hann getur reynt að stofna til fundar í Bárubúð. Jeg býst samt ekki við, að hann fengi marga áheyrendur, nema ef við lofuðum honum að auglýsa, að við kæmum líka. Þá mundi hann fá fult hús. Jeg held samt, að það væri óvarlegt fyrir hann að hrósa sjer mjög fyrir varfærni í fjármálum. Til þess á hann of margar till. í þingtíðindunum, sem lýsa þeirri hlið hans. Jeg get yfirleitt verið ánægður, ef andstæðingarnir finna ekki annað betra ráð til þess að þóknast kjósendum en að þykjast taka upp stefnu Íhaldsflokksins í fjármálum og reyna að fá kjósendur til að trúa því.

Þá reyndi hv. þm. að villa ummæli mín í svari til hv. 1. landsk. um það, hvaða áhrif þessi lánsheimild hefði á skuldaskifti okkar út á við. Hann gerði það með því að sleppa tveim smáorðum úr því, sem jeg sagði. Hv. 1. landsk. hafði lýst því, hvað skuldirnar yrðu miklar í vor, ef þessi lánsheimild yrði samþykt. Jeg sagði honum, að þetta hefði engin áhrif á skuldaskifti okkar í vor. Í dag er 21. mars. Jafndægur eru því á morgun, svo að ekki er langt að bíða vorsins. Jeg fullyrti ekkert um, hvort þetta hefði áhrif á skuldaskifti okkar í sumar, en fram á vorið hygg jeg, að fje það, sem Landsbankinn hefir ráð á erlendis, muni duga honum.

Loks spurði hv. þm., hver upphæð lánsins væri og með hvaða kjörum það fengist. Jeg hefi margsagt, að ekki væri hægt að gefa svar um það, hve stórt lán bankinn tekur. Ef hámarkið væri nefnt, væri um leið gefin skökk mynd af þeirri lántöku, sem hjer er um að ræða. Jeg vil ekki gefa slíkar villandi upplýsingar með því að nefna hámarkið. Hv. þm. getur spurt stjórn

Landsbankans, og hann mun jafnan geta fengið upplýsingar hjá henni um það, hve stórt lán hafi verið tekið á hverjum tíma hjá þessum ameríska banka.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EJ, JóhJóh, JÞ, JKr, MK, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ.

Tveir þm. (IHB, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

---

36. Fjárlög 1928.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 (stjfrv., A. 21).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Áður en jeg vík að frumvarpi því til fjárlaga fyrir árið 1928, sem hjer liggur fyrir til umræðu, skal jeg samkvæmt venju gefa yfirlit yfir fjárhagsafkomu ríkissjóðs á nýliðnu ári. Upphæðir hinna einstöku tekju- og gjaldaliða geta þó tekið einhverjum breytingum, áður en gert verður upp til fullnaðar, því að innborgunum og útborgunum er ekki lokið ennþá.

TEKJUR:

Fjárlgr.		Áætlun kr.	kr.	Reikningur kr.	kr.
2. gr.	1. Fasteignaskattur	215000		243000	
	2. Tekju- og eignarskattur	800000		1200000	
	3. Lestagjald af skipum	30000		42000	
			1045000		1485000
	4. Aukatekjur	325000		449000	
	5. Erfðafjárskattur	35000		71000	
	6. Vitagjald	250000		330000	
	7. Leyfisbrjefagjöld	10000		13000	
	8. Stimpilgjald	300000		363000	
	9. Skólagjöld	20000		30000	
	10. Bifreiðaskattur	22000		32000	
			962000		1288000
	11. Útflutningsgjald		800000		857000
	12. Áfengistollur	530000		785000	
	13. Tóbakstollur	450000		1135000	
	14. Kaffi- og sykurtollur	975000		1154000	
	15. Annað aðflutningsgjald	115000		241000	
	16. Vörutollur	1400000		1406000	
	17. Verðtollur	800000		1292000	
			4270000		6013000

Fjárlgr.		Áætlun		Reikningur	
2. gr.		kr.	kr.	kr.	kr.
	18. Gjald af sykurvörugerð		15000		20000
	19. Pósttekjur	350000		552000	
	20. Símatekjur	1150000		1354000	
			1500000		1906000
	21. Víneinkasala		375000		275000
	22. Tóbakseinkasala		275000		
	23. Steinolíueinkasala		60000		
3. gr.	1. Eftirgjald eftir jarðeignir	33000		30000	
	2.—3. Tekjur af silfurbergi og kirkju	15100			
			48100		30000
4. gr.	1. Tekjur af bönkum	50000		8000	
	2. Tekjur af ræktunarsjóði	25000			
	3.—4. Tekjur af bankavaxtabrjefum	55000		68000	
	5.—7. Tekjur af vöxtum	100000		115000	
			230000		191000
5. gr.	1. Óvissar tekjur	50000		43000	
	2. Endurgreiðslur	2000		17000	
	3. Endurgr. lán og andv. seldra eigna	175000		163000	
	4. Úr viðlagasjóði	37666		37000	
			264666		260000
	Tekjur af skiftimynt				152000
			9844766		12477000

GJÖLD:

Fjárlgr.		Áætlun		Reikningur	
		kr.	kr.	kr.	kr.
7.	I. Vextir	1031341		709000	
	II. Afborganir	1507147		976000	
	III. Framlag til Landsbankans	100000		100000	
			2638488		1785000
8.	Borðfje konungs		60000		60000
9.	Alþingiskostnaður		199800		242000
10.	Ríkisstjórn		268480		303000
11.	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	607678		662000	
	B. Sameiginlegur kostnaður	125000		167000	
			732678		829000
12.	Læknaskipun og heilbrigðismál		914855		986000
13.	A. Póstmál	427366		489000	
	B. Vegamál	499320		760000	

Fjárlgr. 13. gr.	Áætlun kr.	kr.	Reikningur kr.	kr.
C. Samgöngur á sjó	297000		337000	
D. Símamál	951000		1305000	
E. Vitamál	176420		335000	
		2351106		3226000
14. A. Andlega stjettin	324556		300000	
B. Kenslumál	1115726		1195000	
		1440282		1495000
15. Vísindi, bókmentir, listir		251910		252000
16. Verkleg fyrirtæki		715440		725000
17. Almenn styrktarstarfsemi		460200		647000
18. Eftirlaun og styrktarfje		180493		185000
19. Óviss gjöld		100000		230000
20. Lögboðnar fyrirframgreiðslur		4000		23000
23. I. Eimskipafjelag Íslands			60000	
II. Samband íslenskra samvinnufjelaga			86000	
				146000
26. Gjöld samkvæmt sjerstökum lögum				1295000
		10317732		12429000

Samkvæmt þessu yfirliti ætti þá að vera tekjuafgangur yfir árið um 48 þúsund krónur, en þær breytingar geta hæglega orðið á upphæðunum, að hann hverfi alveg, og þykir mjer því rjettast að líta svo á, sem tekjur og gjöld ársins hafi staðist á.

Tekjurnar á árinu virðast munu nema tæpum 12½ milj. kr., og fara fullum 2½ milj. kr. fram úr áætlun fjárlaganna. Þeir liðir, sem hafa farið mest fram úr áætlun, eru:

Tekju- og eignarskattur, um 400 þús. kr., og stafar af því, að árið 1925 var að mörgu leyti hagstætt atvinnuár, þótt erfiðleikar byrjuðu undir árslokin.

Tóbakstollurinn hefir farið 685 þús. krónur fram úr áætlun fjárlaganna, en þetta stafar af breyttri löggjöf. Á móti þessu fellur niður liðurinn tekjur af tóbakseinkasölu, sem var áætlaður 275 þús. kr., svo að raunverulega hafa tekjur af tóbaki orðið 410 þús. kr. umfram áætlun. Fyrir utan þetta var flutt inn tóbak á liðna árinu, sem var í tollgeymslu á áramótum, er svarar 142 þús. kr. í tolli, en sú upphæð er ekki meðtalin í tóbakstollinum hjer, af því að rjettara þykir að telja hann á sínum tíma með tekjum ársins 1927.

Þá hefir verðtollurinn farið 492 þús. kr. fram úr áætlun.

Þá hafa pósttekjur og símatekjur hvorar um sig farið um 200 þús. kr. fram úr áætlun. En gjöldin hafa líka farið fram úr áætlun, við póstmálin þó einungis um rúmar 60 þús. kr., en við símann rúml. 350 þús. kr.

Gjöldin voru í fjárlögunum áætluð 10 milj. 318 þús. kr., og hafa þannig orðið rúmum 2 milj. kr. hærri.

Á 7. gr. hafa sparast um 320 þús.

kr. af vöxtum og um 530 þús. kr. af áætluðum afborgunum, hvorttveggja stafandi af því, að greiðslu lausaskuldanna var lokið í ársbyrjun, en fyrir því hafði ekki verið ráð gert þegar fjárlögin fyrir 1926 voru sett. Aftur hefir á öðrum fjárlagagreinum, frá 8. til og með 20., orðið umframeyðsla samtals um 1 milj. 470 þús. kr. Þetta stafar að dálitlu leyti af því, að dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins reyndist hærri en áætlað var, 67⅓% í stað 60%, en líka að nokkru leyti af því, að stjórnin leyfði ýmsar framkvæmdir, sem fje var ekki veitt til, einkum vegaviðgerðir, brúargerðir, símaendurbætur, vita og sjómerki. Margt af þessu var orðið mjög aðkallandi, vegna undanfarinnar kyrstöðu verklegra framkvæmda, og þótti ekki rjett að neita um það með öllu, þegar fje var fyrir hendi, sem ekki þurfti að nota til skuldagreiðslu. — Stærstar hafa umframgreiðslurnar orðið á þessum liðum:

Landssíminn	354	þús. kr.
Vegamálin	261	— —
Vitamálin	159	— —
Berklakostnaður	179	— —
Óviss gjöld	130	— —

Teknir í heild hafa gjaldaliðir fjárlaganna sjálfra þannig eigi farið nema um 670 þús. kr. fram úr áætlun.

Að öðru leyti stafar umframeyðslan af gjöldum utan fjárlaga samkv. nýjum og eldri lögum, og eru þetta aðalupphæðirnar:

Til kæliskipskaupa	350	þús. kr.
— ræktunarsjóðs	275	— —
— Flóaáveitunnar	226	— —
Vegna Vestm.-hafnar	108	— —
Kostnaður við skiftimynt	24	— —
Gengisnefndin	10	— —
Fyrirhleðsla Markarfljóts	10	þús. kr.
Ýmsar upphæðir, sem teknar verða í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1926	288	— —

Á fjárlögunum fyrir 1926 var áætlaður tekjuhalli um 473 þús. kr. Það hefir þannig í reyndinni tekist að afstýra þessum tekjuhalla. Ennfremur hefir verið unt að greiða kæliskipsframlagið af tekjum ársins, en þegar lögin um kæliskip voru sett á þinginu 1926, var í rauninni ekki búist við því, að framlagið yrði greitt af tekjum ársins 1926, heldur af sjóði þeim, sem fyrir hendi var í ársbyrjun. En niðurstaða ársins gerir það að verkum, að ekki hefir ennþá þurft að skerða sjóðinn, a. m. k. ekkert verulega. Þá er og rjett að geta þess sjerstaklega, að í gjöldum ársins er innifalin afborgun af skuldum nærri ein milj. kr., framlag til Landsbankans 100 þús. kr. og afturkræf upphæð til Flóaáveitunnar rúml. 150 þús. kr. Loks er rjett að geta þess, að seðlagjaldið frá Landsbankanum, sem er lagt til hliðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 53, 1926, og auðvitað er eign ríkisins, hefir numið á árinu 100 þús. kr., sem standa í viðskiftabók við Landsbankann og eru ekki taldar með tekjum í framangreindu yfirliti.

Þótt fjárhagsafkoma ríkissjóðs þannig hafi orðið eftir öllum vonum á liðnu ári, þá felur hún í sjer ýmsar sterkar áminningar um að fara nú gætilega í fjármálum. Tekjurnar hafa orðið yfir 4 milj. kr. lægri en næsta árið á undan — og því skyldu þær ekki geta haldið áfram að lækka?

Mjer sýnist þess vegna rjett að segja nokkur orð um horfurnar fyrir afkomu ríkissjóðs á þessu nýbyrjaða ári 1927.

Síðustu 2 árin hafa útgjöld fjárlaganna hækkað í meðferð Alþingis um hátt upp í 1 milj. kr. hvort árið, frá því sem stjórnin hafði stungið upp á í fjárlagafrumvarpi sínu. Jafnframt hefir svo tekjuáætlun stjórnarinnar verið hækkuð til þess að forðast alt of bágborinn jöfnuð á fjárlögunum. Afleiðingin af þessu er m. a. orðin sú, að sumir tekjuliðir eru bersýnilega of hátt áætlaðir í fjárlögunum fyrir þetta nýbyrjaða ár. Sem dæmi nefni jeg útflutningsgjaldið. Það er áætlað 1 milj. kr. í fjárlögum 1927, en hefir ekki reynst nema 857 þús. kr. árið 1926. Eftir reynslu ársins 1926 er líklega mjög hæpið að vænta 500 þús. kr. tekna frá áfengisversluninni, eins og fjárlögin 1927 þó gera ráð fyrir.

Tekjur ríkissjóðs fara að talsverðu leyti eftir afkomu atvinnuveganna, með þar af leiðandi breytingum á kaupgetu manna og eyðslu. En reynslan sýnir, að tekjur ríkissjóðs mótast fult svo mikið eftir afkomu atvinnuveganna og almennings næsta ár á undan sem eftir ástandi hvers yfirstandandi árs. Hinar miklu tekjur 1925 stöfuðu þannig fremur af góðærinu 1924 en af því, að sjálft árið 1925 væri svo framúrskarandi hagstætt. Árið 1926 var nú fremur erfitt ár fyrir atvinnuvegina, en ríkissjóður hefir að talsverðu notið þess, að árið 1925 var yfir höfuð afkomugott ár. En aftur hljóta tekjur ársins 1927 að mótast talsvert af erfiðri afkomu hins nýliðna árs; það verður að búast við þeim talsvert minni en tekjum ársins 1926. Þar við bætist nú, að tekjur ársins 1927 hafa verið skertar nokkuð með löggjöf, eftir að tekjuáætlun fjárlaganna fyrir það ár var fullgerð. Jeg á hjer við breytinguna á vörutollslögunum, nr. 54, 1926, með lækkun á kola-, salt- og steinolíutolli og burtfelling tunnutolls og kornvörutolls.

Í fjárlögum þessa nýbyrjaða árs eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 10 milj. og 834 þús. kr., eða rúmlega 1 milj. og 600 þús. kr. lægri en þær reyndust síðastliðið ár. Mjer sýnist samkvæmt framansögðu sennilegt, að svo geti farið, að tekjurnar geri ekkert meira en að ná áætlun. En fjárveitingar gjaldamegin í þessum sömu fjárlögum eru 276 þús. kr. hærri, og þar að auki er fyrirfram vitanlegt um ýms útgjöld, sem hafa ekki verið tekin upp í fjárlögin. Mjer virðist því alveg ljóst, að það muni verða mjög erfitt að halda jöfnuði milli tekna og gjalda á þessu nýbyrjaða ári, og það getur farið svo, að þetta verði ómögulegt. Í þessu sambandi þykir mjer því rjett að minna á ummæli mín á síðasta þingi, þegar frumvarp um lækkun vörutollsins var til umræðu. Jeg taldi þá, að vegna afkomu ársins 1926 væri ekki ástæða til að hafa á móti frumvarpinu, en áskildi stjórninni að koma með tekjuaukafrumvörp á þessu þingi, ef þá þætti sjáanlegt, að ríkissjóður þyldi ekki þennan tekjumissi árið 1927. Stjórnin hefir nú ekki afráðið ennþá, hvort hún vill fara fram á slíka tekjuaukalöggjöf, eða reyna að komast af án hennar þrátt fyrir erfitt útlit, en mun bera sig saman við fjárhagsnefndir þingdeildanna um þetta. En hvað sem ofan á verður í þessu efni, þá mun stjórnin reyna að gæta sparnaðar á ríkisfje

eftir ýtrasta megni þetta ár, meðal annars með því að ganga ríkt eftir því við forstöðumenn ríkisframkvæmda og stofnana, að þeir noti ekki fje umfram fjárveitingu nema í brýnni nauðsyn, og þá ekki nema eftir fyrirfram fenginni heimild.

Þá skal jeg snúa mjer að fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir 1928. Tekjurnar eru áætlaðar 10 milj. 494 þús. kr., og gjöldin 103 þús. kr. lægri. Tekjuáætlunin ber talsverðan svip af þeim hækkunum, sem þingið hefir gert á tekjuáætlun stjórnarinnar tvö undanfarin ár. Það er skoðun mín, að ekki sje leyfilegt að hækka hana að óbreyttri löggjöf og óbreyttum horfum, og einn einstakur liður (tekjur af áfengisverslun) er hærri en stjórninni hefði þótt þorandi, ef vitneskja um afkomu ársins 1926 hefði legið fyrir, þegar frv. var samið. Gjaldamegin hefir verið reynt að sníða frv. eftir þeirri verðlækkun, sem er afleiðing hins hækkaða peningagengis. Launauppbæðir eru áætlaðar með dýrtíðaruppbót 45%, og lækkanir eru áætlaðar á öðrum liðum 10 til 15% frá tilsvarandi upphæð í fjárlögunum 1927, nema þar sem ástæða hefir þótt til raunverulegrar hækkunar. Hinsvegar hefir stjórnin viljað halda í frv. fjárveitingum til verklegra framkvæmda svipaðra og 1927; þar á meðal eru fjárveitingar til sjúkrahúsbygginga 270 þús. kr., til nýrra þjóðvega (akvega) 285 þús. kr., til brúargerða 225 þús. kr., til nýrra símalagninga 275 þús. kr. og til nýrra vita 100 þús. kr. Þótt sumar krónutölur til slíkra verklegra framkvæmda sjeu lægri í frv. en tilsvarandi upphæðir í fjárlögum 1927, þá hygg jeg, að þær svari nokkurnveginn til jafnmikilla framkvæmda, vegna lækkaðs verðlags. Við lauslegan samanburð hefir mjer talist svo til, að í fjárlögum 1927 sjeu veittar um 1567 þús. kr. til allskonar nýrra mannvirkja, að frátöldu tillagi til sýsluvega og því um líkt, en í þessu frv. um 1320 þús. kr., eða milli 15 og 16% lægri krónutala.

Það hefir alls ekki verið tilætlun mín með því, sem jeg hjer hefi sagt um meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpi tveggja undanfarinna ára, að veita Alþingi neinar átölur. En af öllu framansögðu vona jeg, að það sje ljóst, að gagnvart þessu frv. verður þingið að taka aðra afstöðu, ef fjárhag ríkissjóðs á ekki að tefla í tvísýnu. Það er ekki forsvaranlegt að hækka tekjuáætlunina, að mínu áliti, en þá mega gjöldin ekki heldur hækka í meðferð þingsins svo neinu nemi, nema ný tekjulöggjöf sje jafnframt sett og geri hækkun gjaldanna forsvaranlega. En við meðferð þessa frv. liggur annað verkefni fyrir þinginu, og þá sjerstaklega fyrir hv. fjárveitinganefndum. Það er að endurskoða hvern einstakan gjaldlið til athugunar á því, hvort niðurfærsla í hlutfalli við lækkað verðlag sje þegar komin fram í frv., eða ekki megi ganga lengra í því efni en stjórnin hefir gert. Jeg hygg, að slík yfirskoðun sje öldungis rjettmæt og muni bera nokkurn árangur. Yfir höfuð hygg jeg, að ef þingið í þetta sinn vill koma inn nýjum eða hækkuðum útgjöldum, þá verði að reyna að finna niðurfærslur gjalda þar á móti.

Loks skal jeg minnast á nokkur at-

riði úr afkomu liðna ársins, önnur en þau, sem áður er getið og varða fjárhag ríkissjóðs beinlínis.

Gengi íslensku krónunnar hefir verið óbreytt alt árið, um 81,6% af lögmætu gullgildi hennar.

Hinir nýju flokkar veðdeildar Landsbankans tóku til starfa á árinu, hinn 1. október. Ríkislán, að upphæð 2½ milj. danskar kr., voru tekin í Danmörku, hjá Statsanstalten for Livsforsikring og tryggingarfjelaginu „Hafnia", til kaupa á veðdeildarbrjefum 5. fl. Lánin eru veitt ríkissjóði með 5% vöxtum til 30 ára, og með afföllum svo að svarar því, að raunverulegir vextir verða 5⅔% á láninu hjá Statsanstalten (2 milj. d. kr.) og 6% á hinu láninu (½ milj. d. kr.). Bankavaxtabrjef þau, sem ríkissjóður eignast fyrir þetta lánsfje, bera einnig 5% vexti og eru keypt með þeim afföllum, að ríkissjóður á að vera skaðlaus af lántökunni, eða vel það, þegar inndrætti brjefanna verður lokið. Á þessum 3 mánuðum, frá 1. okt. til ársloka, voru veitt úr 5. flokki, sem ríkissjóður kaupir allan, 306 lán að nafnverði 2375500 kr., og úr 6. flokki, sem er til sölu, 47 lán að nafnverði 310600 kr. Fram til 5. þ. m. höfðu alls verið veitt úr báðum flokkum 487 lán að upphæð 3544700 kr. Eftirspurnin eftir þessum lánum hefir verið mjög mikil, og er langt frá því að lokið sje við að fullnægja henni. Að hún hefir orðið svona mikil, stafar meðfram af því, hve óaðgengilegt hefir þótt að nota 4. flokk veðdeildarinnar, sem sjá má af því, að þau 12 ár, sem hann starfaði, voru eigi veitt nema 61 lán að meðaltali á ári úr veðdeildinni, og árleg samtala lánanna ekki nema um 415 þús. kr. að meðaltali. Í rauninni lá því fyrir nú, og liggur að nokkru leyti fyrir enn, að fullnægja samansafnaðri fasteignalánsþörf margra ára.

Úr ræktunarsjóði voru veitt á árinu 281 lán að upphæð alls 876450 kr. Síðan sjóðurinn tók til starfa eftir hinum nýju lögum, 1. okt. 1925, hefir hann veitt nokkuð yfir 1 milj. kr. í lánum.

Á þessu nýliðna ári hefir verið gerð fyrsta tilraun til þess að fá jafnóðum mánaðarskýrslur um verðmæti innfluttrar vöru, en áður var byrjað að gera slík mánaðaryfirlit yfir verðmæti og vörumagn útfluttrar vöru. Það eru sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur og lögreglustjórinn í Reykjavík, sem safna skýrslunum, hver úr sínu umdæmi. — Hagstofan leggur svo saman tölurnar af öllum hinum einstöku innflutningsskýrslum úr Reykjavík, en utan Reykjavíkur leggja sýslumenn og bæjarfógetar saman og síma niðurstöðuna mánaðarlega til fjármálaráðuneytisins. Er það mikið verk, sem með þessu hefir bæst á mörg embættin. Yfirleitt virðist þetta hafa tekist eftir vonum. — Þessu verður haldið áfram, og er þess vænst, að það leiði m. a. til þess, að fullkomnar verslunarskýrslur fyrir hvert ár geti verið tilbúnar frá Hagstofunni fyr en verið hefir. Til þess að viðunandi yfirlit yfir viðskiftahag landsins út á við sje jafnan fyrir hendi, vantar þó enn að gera hagskýrslur, að minsta kosti um hver áramót, um skuldaskifti landsmanna við útlönd, og er nú verið að vinna að því að koma einnig þessu í lag.

Árið 1926 hefir verið óhagstætt fyrir atvinnuvegi landsins að því er fjár-

hagshliðina snertir. Verð íslenskra afurða fjell mjög mikið síðustu mánuði ársins 1925, og hið lága verð hefir haldist á aðalvörutegundunum. — Kaupgjald og annar tilkostnaður á árinu var aftur á móti hátt, að miklu leyti miðað við hið háa verð á afurðum og hið lægra peningagildi, er atvinnuvegirnir áttu við að búa 1924 og meiri hluta ársins 1925. Hjer við bætist svo mjög mikil aðkreppa og tilkostnaður fyrir sjávarútveg og siglingar af kolaverkfallinu í Englandi. Farmgjöld milli landa hækkuðu mjög af sömu ástæðu, en slík hækkun er tilfinnanleg fyrir sjávarútveginn.

Þessir erfiðleikar hafa m. a. komið fram í því, að verslunarjöfnuður landsins hefir orðið óhagstæður í samanburði við undanfarin ár. Eftir þeim skýrslum, sem nú liggja fyrir og vonast er eftir að sjeu nokkurnveginn tæmandi, hefir verið innflutt á árinu:

Vörur allskonar fyrir	48 milj.	285	þús.	kr.
Skip	— 2 —	254	—	—
Samtals innfl.	50 milj.	539	þús.	kr.
En útfl. vörur fyrir	47 —	864	—	—
Mismunur	2 milj.	675	þús.	kr.

sem vantar til að útflutningur borgi allan innflutning, að skipum meðtöldum. Skipin, sem hjer eru talin innflutt, eru strandgæsluskipið „Óðinn“ og 4 botnvörpuskip, sem flutt voru inn snemma á árinu. Þessi erfiði verslunarjöfnuður stafar ekki eingöngu af hinu óhagstæða verslunarárferði, heldur einnig af því, að framkvæmdir voru miklar í beinu framhaldi af árgæskunni undanfarið, bæði óvenjumiklar húsabyggingar í kaupstöðum og skipakaup þau, sem nefnd voru, og fleira. Vegna þessara framkvæmda hefir innflutningur árið 1926, að skipum frátöldum, orðið sem næst alveg jafnmikill að gullverði og árið áður, eða aðeins ¾ milj. kr. lægri, eftir því sem enn verður vitað. Útflutningur ársins 1926 virðist vera að vöxtum eða vörumagni um 4% minni en 1925, en að gullverðmæti hefir hann orðið 24,2% minni 1926 en árið áður, að því er Hagstofan telur. Í rauninni er það furða, hve langt útflutningurinn, þrátt fyrir þetta mikla raunverulega verðfall, hefir hrokkið til að borga hinn mikla innflutning.

Bankarnir skulduðu til útlanda í árslok nálega 360 þús. sterlingspd., en höfðu átt inni í ársbyrjun um 225 þús. sterlingspunda. Ennfremur hefir Landsbankinn selt á árinu erlend verðbrjef fyrir tæpa ½ milj. ísl. kr. Þessi mikla hreyfing á greiðslujöfnuði bankanna út á við stafar ekki nema að nokkru leyti af óhagstæðum verslunarjöfnuði eða greiðslujöfnuði landsins í heild á árinu. Að æðimiklu leyti stafar hreyfingin af því, að erlent fje, sem streymdi hingað á árinu 1925 frá útlöndum, hefir á síðasta ári verið dregið heim eða notað til kaupa á íslenskum útflutningsvörum.

Seðlaútgáfa ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922, nam 3 milj. 701 þús. kr. í byrjun ársins, og komst aldrei jafnhátt á árinu. Seðlaveltan er venjulega lægst að vorinu, en hæst að haustinu. Ef talið er á mánaðamótum eingöngu, þá náði útgáfa ríkissjóðsseðla síðastliðið vor lágmarki 1. maí með 1 milj. 776 þús. kr., sem svarar til seðlaveltu alls um 7½ milj. kr. Há-

marki haustsins náði hún 1. nóv. með 3 milj. 271 þús. kr. af ríkissjóðsseðlum í umferð, sem svarar til seðlaveltu alls 9 milj. kr. Nú í árslok var seðlaútgáfa ríkissjóðs komin niður fyrir vorlágmarkið, eða í 1 milj. 474 þús. kr., sem svarar til seðlaveltu í heild rúml. 7 milj. kr. Lágmark seðlaveltunnar í vor hefir þannig verið sem næst hið sama og vorið 1925, 7½ milj. kr., en bæði hausthámarkið og áramótaveltan er á þriðju miljón kr. lægra en á sama tíma 1925.

Afkoma atvinnuveganna og bankanna á liðna árinu felur þannig, eigi síður en afkoma ríkissjóðsins sjálfs, í sjer sterka aðvörun um það að fara nú einstaklega gætilega með fjármálin, þangað til þessi kreppa er liðin hjá. Skal jeg svo enda mál mitt með þeirri einlægu ósk, að Alþingi megi takast að leysa af hendi með fullum heiðri hið vandasama starf sitt á þessu sviði.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var fram haldið 1. umr. um frv.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi ekki annað fram að færa fyrir hönd nefndarinnar en þá ósk, að frv. gangi sem greiðast til 2. umr. En verði þeirri venju fylgt, að þetta tækifæri verði notað til þess að koma fram með aðfinslur í garð hæstv. stjórnar, er líklegt, að það taki langan tíma. Hinsvegar mætti koma því svo fyrir, að vantrauststill. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og eldhúsdagurinn fjellu saman.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er vanur að nota þetta tækifæri til eldhúsverka, en þar sem nú stendur svo á, að umr. um vantrauststillögu standa fyrir dyrum, get jeg komið öllum mínum aðfinslum að við það tækifæri, og ætla jeg því ekki að fara í eldhúsið nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 234, 233, 284, 294).

Forseti (BSv): Meðferð fjárlagafrv. verður samkv. venju hagað svo, að fyrst verða teknar til umr. og atkvgr. 1.—13. gr., en að því loknu 14.—25. gr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Fjárlagafrv. kemur nú seinna til umr. en oft áður, og seinna en nefndin hefði óskað, en drátturinn stafar sjerstaklega af því, að ýms stór mál og smá hafa legið fyrir til umr. hjer í deildinni, svo að frv. hefir ekki komist til umr. nú á aðra viku síðan því var útbýtt. Störfum nefndarinnar og því mikla verkefni, sem hún hafði með höndum, er lítillega lýst í nál., og skal jeg ekki um það fjölyrða. Það er ósk nefndarinnar, að umræður um þennan kafla fjárlagafrv. gætu gengið sem greiðast, og mun jeg því gera mitt til að þær verði sem stystar, enda er það víst, að langar umr. hafa ekki mikla þýðingu, þó að sjálfsagt sje að skýra málin sem kostur er á.

Eins og hv. deild er kunnugt af nál.,

þá hefir niðurstaða nefndarinnar af brtt. hennar við frv. orðið þannig:

Tekjuafgangur frv. ..	kr.	103091,67
Lækkunartill. nefndarinnar	—	143030,00
Samtals	kr.	246121,67
Hækkunartill. nefndarinnar	kr.	188608,00
Lækkuð tekjuáætlun	—	50000,00
Tekjuafgangur	kr.	7513,67

Þessari niðurstöðu hefir nefndin náð með því að koma fram með sem minst af nýjum brtt. í útgjaldaáttina og með því að leggja til, að felt verði niður á útgjaldahlið frv.

Nú á síðari þingum hefir verið best gengið frá fjárlögunum á þinginu 1924. Ástæðan til þess er auðsæ. Fjárhagurinn var þá svo erfiður, að vá var fyrir dyrum. Síðan hefir þetta farið smáversnandi, eftir því sem fjárhagurinn varð glæsilegri, og sá straumur hefir ekki orðið stöðvaður. Nú erum við í hnignun í fjárhagslegu tilliti, og allir geta litið sömu augum á kringumstæðurnar og viðurkent, að nú þarf að taka eins föstum tökum á þessum málum og 1924 og takmarka útgjöldin. Og meira að segja, það þyrfti líka að takmarka skattabyrðina, er svo mjög hefir reynt á gjaldþol þjóðarinnar. En það verður nú ekki gert, og því brýnna er hitt, að forðast útgjaldaaukann. Þegar menn velta fyrir sjer fjárlögunum og reyna að gera sjer grein fyrir, hvernig útkoman verði, þá er alt á huldu. Og fari menn að leita leiðarvísis í þessu efni, þá er helst að rannsaka, hve mikið tekjur og gjöld hafa farið fram úr áætlun á undanförnum árum. Þetta er geysimisjafnt. Þannig var það árin 1920 og 1921. Þá fóru gjöldin um og yfir 100% fram úr áætlun. Síðan hefir þetta jafnast mikið. Og á árunum 1923—1925 er það frá 30—40%. Tekjurnar hafa jafnan farið mikið fram úr áætlun, og stundum meira en gjöldin. En nú er það óbrigðult, að þegar kreppa gengur yfir, eða í fjárhagslegri óáran, fara tekjurnar minst fram úr áætlun, eða með öðrum orðum, það gengur út yfir tekjurnar. Þess vegna má búast við því, að nú fari svo, að tekjurnar fari tiltölulega minna fram úr áætlun en undanfarið. En hvað má ætla um gjöldin? Undanfarið hafa þau farið 30—40% fram úr áætlun, eins og jeg tók áður fram. Ef byggja ætti á þessari undanförnu reynslu, þá fara gjöldin nú yfir 3 milj. kr. fram úr áætlun. Eru nokkrar líkur til þess, að tekjurnar nái þeirri hækkun? Nefndin telur það ólíklegt. Því á þetta sjerstaklega að vera til þess að vekja varkárni þingsins nú, svo að það hækki útgjöldin hóflega.

Jeg skal þá leyfa mjer að gefa stutt yfirlit yfir breytingar nefndarinnar.

Á 2. gr. frv. er lækkun á tekjum 50 þús. kr. Á 10. gr. er lækkun á gjöldunum 47 þús. kr. og á 11. gr. 8 þús. kr. Á 12. gr. er lækkun 5760 kr., en hækkun 63 þús. kr., og því samtals hækkun á greininni 57240 kr. Á 13. gr. er lækkun 70 þús. kr., en hækkun 15600 kr., og nemur því lækkunin á þeirri gr. 54400 kr. — Lækkunartillögur nefndarinnar á útgjaldahlið nema samtals 109400 kr., en hækkunartill. 57260. Lækkunin á þessum kafla gjaldabálksins er því samkv. till. nefndarinnar 52140 kr.,

en lækkunartill. hennar við tekjubálkinn nemur 50 þús. kr. Má því svo heita, að eftir till. nefndarinnar haldist lækkun og hækkun í hendur.

Um 1. brtt. nefndarinnar, við 2. gr. 21, að lækka hinar áætluðu tekjur um 50000 kr., er það að segja, að nefndinni virtist ófært annað en að lækka þann lið, þar sem síðastliðið ár hefir orðið tekjuminna en búist var við, og sama útlit er nú á yfirstandandi ári. Tekjurnar af víneinkasölunni hafa orðið að meðaltali frá 1923—1926, eða í 4 ár, 380 þús. kr. á ári. Mestar urðu þær 1925, 550 þús. kr., en á árinu 1926 ekki nema 275 þús. kr. Vegna þessarar reynslu virtist nefndinni, að áætlun frv. væri of há, og hefir nefndin því lagt til að lækka liðinn um 50 þús. kr. eins og áður segir. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, eins og vikið er að í nál., að hið megnasta ólag virðist vera á innheimtunni við verslunina. Líklega verður ekki hjá því komist, að verslunin láni út vörur sínar að einhverju litlu leyti, vegna þeirrar venju, sem á er komin, en nefndin vill aðeins benda á það, að nauðsynlegt er, að farið sje varlega í því efni og ekki látnar standa ógreiddar stórupphæðir árum saman án minstu tilraunar til innheimtu.

Þá kem jeg að 2. brtt. nefndarinnar, við 10. gr. III. 1. a.—c., um sendiráðið í Kaupmannahöfn. Meiri hluti greiddra atkvæða í nefndinni var með því að fella niður laun og kostnað við sendiherraembættið, eða með öðrum orðum að leggja það niður. Jeg skal strax taka það fram, að jeg vil fyrst líta á þetta mál frá sjónarmiði minni hl., sem jeg er í, og svo gera grein fyrir ástæðum meiri hl.

Á þinginu í fyrra var sendiherrann settur inn í embættið af þinginu, og hafði þá verið óskipað í það um tveggja ára skeið. Störf sendiherrans hafði þá Jón Krabbe skrifstofustjóri í íslensku stjórnardeildinni haft með höndum og rækt þau svo vel, að hvarvetna mæltist vel fyrir. Í fyrra sagði hann af sjer starfanum og lá sú afsögn þá fyrir þinginu. Gekk þá þingið inn á, að skipaður yrði reglulegur sendiherra í embættið, og var það skilyrði margra, að embættisveitingin væri bundin því skilyrði, að einmitt sá maður yrði skipaður, sem nú þjónar embættinu. Það var afsakanlegt, þó að það mætti mótspyrnu þá að skipa í embættið, en nú sýnist þetta horfa öðruvísi við. Þó að þingið gengi inn á að fella niður þennan lið, þá eru engar líkur til þess, að ríkissjóður losnaði við útgjöldin, heldur mundi hann þurfa að greiða þessum embættismanni launin jafnt eftir sem áður. Jeg skal taka það fram, að það er vitanlegt, að störf þau, er þessi maður hefir haft með höndum — utanríkismálin —, eru bæði mikil og margvísleg, og má þar t. d. nefna kjöttollsmálið o. fl., sem hann hafði áður starfað að. Nú hefir hann haft miklar annir við samninga um óafgerðar sakir síðan á stríðsárum, svo sem eins og ullartollskröfu Svía og tunnutoll Norðmanna. Og eru nú mestar líkur til, að til samkomulags dragi. Þetta sýnir, að störfin eru ærin og umfangsmikil, eins og allir skilja, sem eitthvað hafa þessu kynst. Og hitt er líka jafnvíst, að ef sendiherrann væri enginn, myndi

kostnaður við sendifarir og sendi*nefndir* verða miklum mun meiri. Jeg þykist vita, að hv. deildarmenn heyri, að jeg tala hjer ekki fyrir munn þeirra manna, sem lagt hafa til, að liður þessi sje feldur niður. En jeg veit, að það er eingöngu af sparnaðarástæðum, sem þeir leggja þetta til, og um leið vegna þess, að þeir álíta embættið óþarft.

Þá kem jeg að 3. brtt., við 10. gr. III. 3, ríkisráðskostnaður, að fyrir 6 þús. kr. komi 4 þús. kr. Nefndin hefir ekkert um þessa niðurfærslu að segja annað en það, að hún telur starf það, sem þessar 6000 kr. eru greiddar fyrir, svo lítið, að það muni vera fulllaunað með 4000 kr. Það má vera, að slík störf sem þessi sjeu hátt launuð, þótt lítil sjeu, en nefndin sjer ekki, að nein sjerstök ástæða sje til þess fyrir okkur að fara eftir því.

Þá kemur kostnaðurinn við hæstarjett, að fyrir 8000 kr. komi 5000 kr. Eins og kunnugt er, eru innifalin í þessum lið: „Annar kostnaður við hæstarjett" laun hæstarjettarritara. Nú hafa laun hans ekki verið ákveðin í fjárlögum, eins og lög um breyting á hæstarjettarlögunum frá 1924 mæla fyrir, heldur hefir stjórnin greitt honum laun og sett á þennan lið. Nú hafði nefndin átt tal við stjórnina um það, hvað hæfilegt væri að greiða fyrir þetta verk í framtíðinni, og taldi hún hæfilegt að greiða 2500 kr. En hitt skal jeg taka fram, að þó að hæstv. dómsmálaráðherra (MG) teldi þetta hæfilegt í framtíðinni, þá vildi hann þó, að þeim manni, sem nú situr í embættinu, yrði greidd meiri þóknun. Jeg býst líka við, að nefndin ætelji það ekki, þótt slíkt verði gert.

Þá kemur næst brtt. við 11. gr., um að skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta verði lækkaður úr 100 þús. kr. niður í 96 þús. kr. Í stjfrv. er liðurinn hækkaður um 8 þús. kr. frá núgildandi fjárlögum. Eins og háttv. deildarmenn muna, komu fram á þinginu í fyrra háværar kröfur um hækkun á þessum lið. Aðalkrafan var þá, að sýslumennirnir og bæjarfógetarnir fengju skrifstofukostnað sinn greiddan samkv. reikningi eins og bæjarfógetinn og lögreglustjórinn hjer. Niðurstaðan varð þá sú, að liðurinn var hækkaður um 8 þús. krónur. En þegar hækka átti lið þennan á ný um 8 þús. kr., þá fór nefndin að kynna sjer, í hverju sú hækkun væri fólgin. Eftir upplýsingum hæstv. dómsmálaráðherra (MG) eru það aðallega tveir staðir, Vestmannaeyjar og Ísafjörður, sem valda hækkuninni, þótt ef til vill væri nokkur þörf að bæta víðar upp. Á þessum stöðum hafa störfin aukist frekar en annarsstaðar, einkum þó í Vestmannaeyjum, sem liggur í því, að umsjón á leigulóðum ríkissjóðs þar í Eyjum hefir verið í ólagi, er þarf að ráða bót á, og þess utan er mikil ný lóðaútmæling til ræktunar. Eykur þetta mjög störf bæjarfógetans þar. Nefndin áleit þó, eftir því sem hún kynti sjer þetta og aukna erfiðleika á hinum stöðunum, að nægja mundi til sæmilegrar uppbótar 4000 kr., og lækkar því liðinn um þá upphæð, eða niður í 96000 kr. Jeg þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum; jeg vænti, að hv. dm. sjái, að nefndin er söm við sig og vill ekki fara lengra í hækkunum en hún finnur, að bersýnilega er ástæða til.

Þá er borgun til setu- og varadóm-

ara færð úr 6000 kr. niður í 5000 kr. Frv. til laga um uppkvaðning dóma og úrskurða, sem er hjer á leið í gegnum þingið og telja má víst, að verði að lögum, hefir í för með sjer mikinn sparnað í greiðslu til setu- og varadómara. Því leggur nefndin til þessa lækkun. Auk þess getur þetta líka verið bending í þá átt, að hæstv. stjórn fari að öllu fjárhagslega hyggilega í því, er skipa skal setu- og varadómara. Þó er þetta engin aðalástæða, heldur hitt, sem jeg fyr nefndi, því að nefndin hefir ekki út á neitt að setja hjá stjórninni í þessu efni.

Þá er næsta brtt. lækkun á kaupi starfsfólksins á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi, Kleppi og Vífilsstöðum. Nefndin hefir komið fram með þessa brtt. vegna þess, að hún hefir rannsakað launakjör þessa starfsfólks og komist að þeirri niðurstöðu, að þau sjeu í ósamræmi við verðlag í landinu, í ósamræmi sín á milli og í ósamræmi við kaupgreiðslur á búum úti um land. Jeg skal nú draga fram kaup nokkurra þessara starfsmanna, til þess að sanna mál mitt með tölum:

Yfirhjúkrunarkonan	á Vífilsstöðum	hefir kr.	3000
——	á Kleppi	— —	2400
——	í Laugarnesi	— —	2400
Ráðskona	á Vífilsstöðum	— —	3000
——	á Kleppi	— —	900
——	í Laugarnesi	— —	1500
Bílstjóri	á Vífilsstöðum	— —	2100
—	á Kleppi	— —	2100
— -	í Laugarnesi	— —	1800
Fjósamaður	á Vífilsstöðum	— —	1680
——	á Kleppi	— —	1680
——	í Laugarnesi	— —	1200
Vinnukonur	á Vífilsstöðum	frá kr.	600—780
——	á Kleppi	— —	220—600
- ——	í Laugarnesi	— —	600

Með því að mikið innbyrðis ósamræmi er á þessu kaupi, og auk þess þykir nefndinni það ganga langt úr hófi, samanborið við samsvarandi kaupgreiðslu annarsstaðar, þá hefir hún lagt til, að kaup þetta yrði lækkað um 10%. Hún fer ekki lengra að þessu sinni, en væntir þess, að frekari lækkun geti átt sjer stað á árinu 1928. Það er dálítið einkennilegt að bera laun þessara starfsmanna saman við laun annara starfsmanna. — Fjósamaðurinn á Kleppi hefir ca. 1700 kr. og alt frítt. Einhleypur maður þarf að hafa hjer í Reykjavík um 3500 kr. til þess að vera eins vel settur. Annar bókavörður við Landsbókasafnið, kennarar við stýrimannaskólann, símritarar, aðstoðarmenn í stjórnarráðinu, sóknarprestar úti um land — allir þessir starfsmenn mættu þakka fyrir að vera fjósamenn á Kleppi. Það er eitthvað bogið við þetta. Auk þess er það ilt fyrir aðra atvinnurekendur,

sem þurfa að ráða til sín samskonar hjú. Vinnukonukaup er hjer eins hátt og hærra en kaup vinnumanna úti um land. Þá má benda á það, að ráðskonan á Vífilsstöðum hefir 3000 kr. í laun, en ráðskonan á Kleppi ekki nema 900 kr. Þetta sýnir viðleitni læknisins á Kleppi til þess að færa þetta í betra horf, enda tók hann þessum till. vel, kvaðst mundu verða fyrsti maður til þess að koma betra skipulagi á þessi launamál, en hann vildi líka, að þá yrði komið á samræmi í hinum stöðunum. Jeg vænti þess nú, að hæstv. stjórn sjái um, að þessu verði kipt í lag, enda veit jeg, að hún er hlynt því.

Þá er næsta brtt., að hækka styrkveitinguna til sjúkraskýla og læknabústaða. Það, sem nefndin leggur til að hækka liðinn, er alt óumflýjanlegt, eins og sjá má á nál. Liggur þessi hækkun í því, að sumum þessum sjúkraskýlum, sem á árinu sem leið höfðu lokið við byggingar sínar, ýmist að nýju eða umbætur, varð ekki greiddur hinn venjulegi styrkur að fullu og reikningar þeirra ekki fullgerðir fyr en á þessu ári. Greiðsluheimildin í fjárlögunum 1926 hrökk þá ekki til og upphæðin í núgildandi fjárlögum er ætluð sjúkrahúsinu á Siglufirði, sem væntanlega verður bygt á þessu ári. Einnig má gera ráð fyrir, að nýtt sjúkraskýli og læknisbústaður verði bygður í Hofsóshjeraði á árinu 1928, þótt ekki sje það þó fullvíst. Annars leggur landlæknir til, að til þessara mála sje veitt alls 1928 30 þús. kr. Er þá ekki tekið til greina tillag til fjórðungsspítala eystra, sem fyrirhugaður er í næstu framtíð. Annars skal jeg geta þess, að í brjefi til stjórnarinnar í des. síðastl. býst landlæknir við því, að sjúkrahús verði reist í Reykhólahjeraði. En af viðtali við landlækni er nefndinni kunnugt um það, að nú sem stendur eru litlar eða engar líkur til þess, að það verði gert, þar sem málið strandar á jarðarkaupum undir læknisbústað, sem hjeraðið vill, að ríkið geri, en landlæknir leggur á móti. Nefndin tekur þetta því ekki upp í áætlunina. Jeg skal að síðustu geta þess, að tölur þær, sem nefndin hefir tiltekið, eru rúmar tölur; getur verið, að sumir liðir verði lítið eitt hærri eða lægri, og verður ekki rekist í slíku.

Næst leggur nefndin til, að Heilsuhælisfjelagi Norðurlands verði veittur alt að 56 þús. kr. lokastyrkur, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Um þennan lið er það eitt að segja, að nefndin hefir ekki sjeð sjer annað fært en taka þennan styrk upp. Fyrirheit var gefið í fyrra um greiðsluna og þá fyrst lá fyrir ákveðin áætlun um byggingarkostnaðinn. Nú er byggingin það á veg komin, að fullvíst má telja, að henni verði lokið í næstkomandi októbermánuði. Þessi upphæð mun nægja til þess að koma á móti jöfnu framlagi annarsstaðar frá.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka tillagið til akfærra sýsluvega um 10 þús. kr. Þessi hækkun byggist á því, að hvaðanæfa eru háværar kröfur um fje til vegagerðar á sýsluvegum, og svo eru 5 þús. kr. af fje þessu ætlaðar til ákveðins vegarkafla sem aukatillag. Jeg verð að víkja dálítið nánar að þessu, því að vegur þessi er í mínu kjördæmi. Vænti jeg þess, að jeg geti

sannfært hv. deildarmenn um, að hjer er ekki um neina ósanngirni að ræða, enda er þetta gert að tillögu vegamálastjóra. Vegarspotti þessi er frá Vatnshorni í Vesturhópi í Húnavatnssýslu að hreppamörkum milli Kirkjuhvamms- og Þverárhreppa. Hann er tengilína milli sýsluvegarins í Þverárhreppi og þjóðvegarins, sem nú liggur um svo nefndan Múlaveg hjá Vatnshorni. Vegarspotti þessi er 4½ km. á lengd og áætlaður að kosti um 18 þús. kr. Ber ríkissjóði að greiða þar af helminginn, eða 9 þús. kr. Hinn helminginn, 9 þús. kr., leggur vegamálastjóri til, að ríkissjóður greiði 5 þús. kr. og sýslusjóður 4 þús. kr. Vegur þessi, sem liggur í Kirkjuhvammshreppi, er sýsluvegur, en aðeins eitt býli í þeim hreppi, er gæti haft not vegarins. Sá hreppur leggur því ekki fje í þennan veg til þess að gera hann akfæran, en aftur á móti er þessi kafli hindrun fyrir Þverárhrepp að komast á þjóðveginn. Og þegar þess er gætt, að Þverárhreppur verður að bera uppi að sínum hluta 100 þús. kr. dýran sýsluveg austan Vatnsnesfjalls, þar sem búa aðeins 200 menn, þá sýnist það vera óhæft ranglæti að leggja þess utan á hann ósanngjarnar byrðar. Eins og hv. deild man, var á þingi 1924 lagt til, að þjóðvegurinn lægi um Vesturhópið. Þá hefði þessi sveit fengið veg á löngum parti frítt. Jafnframt því að þessi tillaga var gerð um breyting á legu þjóðvegarins, var því heitið, að Fram-Víðdælingar, sem verst hefðu orðið úti vegna færslunnar, fengju veg á kostnað ríkissjóðs af þjóðveginum hjá Vatnshorni og ofan í Víðidal, sem var þá eins og þessi vegur tengivegur, en miklu lengri og dýrari. Auk þess var orð á því, að ríkissjóður kostaði aðra brú á Víðidalsá fram í dalnum. Þegar nú ríkissjóður fríast við þetta alt og þess utan að þjóðvegurinn, þar sem hann nú á að liggja, er að minsta kosti 60 þús. kr. ódýrari, sýnist þetta ekki vera nema sanngjarnt. Nefndin felst því á tillögu vegamálastjóra, að ríkissjóður leggi 5 þús. kr. aukatillag til þessa vegarkafla.

Þá er næst orðabreyting við styrkinn til vöruflutninga austur yfir fjall; orðin „til vörubifreiða sjerstaklega“ eiga að falla niður. Þetta byggist á því, að ætlast er til, að nokkur hluti þessa styrks gangi til þess að halda veginum austur opnum og færum bifreiðum að vetrarlagi. Telur vegamálastjóri, að aðaláherslu beri að leggja á það að styrkja vetrarferðirnar, en sumarferðir sje óþarfi að styrkja, þar sem samkepni sje orðin svo mikil um þær milli hinna einstöku bifreiðafjelaga, en hinsvegar áhættusamt að halda uppi reglubundnum ferðum að vetrinum og venjulegast lítill flutningur. Því hefir þessu orðalagi verið breytt.

Næsta brtt. er við 13. gr. D. II., að liðinn skuli orða svo: „Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð“. Jeg þarf ekki að eyða orðum að þessari brtt. Það gefur að skilja, hve sjálfsagt er, að fyrirfram fáist samkomulag um það, hvern hlut hjeruðin vilja taka í flutningi efnis o. s. frv. Því er þessi brtt. tekin upp eftir tilmælum landssímastjóra.

Þá er brtt. við 13. gr. D. III. 7—9, að orðin „ásamt bæjarsímakerfinu“ falli niður. Þetta gefur ekki heldur

tilefni til neinna aths., er aðeins tilfærsla. Það á heima undir viðbót og viðhald stöðvanna í V. lið.

Næst kemur nýr liður, 13. gr. D. III. 17, „Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors". Þessa brtt. ber nefndin fram eftir ákveðinni ósk Forbergs heitins landssímastjóra, þar sem þetta fólk hefir starfað við símann frá upphafi við lág laun.

Þá er hækkun á upphæðinni til leiðarljósa, 15 þús. í stað 10 þús. Það er álit vitamálastjóra, að upphæðin í stjfrv. sje of lág til að vinna það, sem til er ætlast. Hann var raunar í upphafi ekki viss um, hvernig hann ætti að verja upphæðinni, en svo kom nýtt atvik fyrir, sem fjekk hann til að taka ákvörðun. Skipstjórafjelagið Ægir fór þess á leit við Útgerðarmannafjelagið eða Fjelag ísl. botnvörpuskipaeigenda, að það gengist fyrir því, að reistur yrði viti á Hópsnesi við Grindavík. Erindi þetta er sent til ráðuneytisins og hefir það svo fengið umsögn vitamálastjóra í brjefi dags. 20. sept. 1926. Brjefið er ekki svo ákveðið, að út af því sjerstaklega hafi nefndin lagt til hækkun þessa liðs, en í viðtali við nefndina var vitamálastjóri miklu ákveðnari og lagði áherslu á, að liðurinn væri hækkaður með tilliti til þessa vita, þar sem hann kostaði ekki minna en 14 þús. kr. Fjvn. hefir tekið það trúanlegt, að mikil þörf væri á þessu leiðarljósi, því fremur sem henni barst skýrsla um, að á þessum slóðum hefðu 24 skip strandað og slitnað upp frá 1850—1926.

Loks leggur nefndin til, að niður falli fjárveiting til byggingar Hornstrandavitans. Það var vitanlega óljúft verk fyrir fjvn. að fresta þessu, þar sem hún þekkir þýðingu svona framkvæmda. En vegna stefnu sinnar um að hafa fjárl. tekjuhallalaus, var hún neydd til að leggja til, að einhverjum framkvæmdum væri slegið á frest, og var afráðið að leggja til, að þessi viti væri feldur niður. Jeg get tekið það fram, að það er síður en svo, að þetta sje gert með samþykki vitamálastjóra. En hvað snertir það atriði, að sjálfsagt sje, að vitagjöldin gangi öll til byggingar nýrra vita, þá sýnist það engan veginn vera svo. Má í því sambandi minna á, að lögbundið er, að tekjur af símanum gangi til byggingar 3. fl. lína, en því hefir aldrei verið fylgt. Er því einsætt, að til þessa er engin sjálfsögð krafa hvað vitana snertir. Fyrir því hefir nefndin ekki getað tekið þessa ástæðu til greina. — En þegar hún leggur til að fresta byggingu Hornstrandavitans, er síður en svo, að það sje af nokkurri mótstöðu til þessara mála. Auk stefnu fjvn. um að hafa fjárlögin tekjuhallalaus, bætist við sú ástæða, að vitamálastjóri hefir sagt nefndinni frá hinum nýju radiovitum, sem víða hafa verið reyndir með mjög loflegum árangri. Býst fjvn. við, að mjög háværar kröfur verði um fjárframlög til þeirra á næstunni og ekki verður undan því komist að leggja þar fje fram.

Áður en jeg skilst við þessa grein, vil jeg undirstrika það, sem í nál. segir um rekstrarkostnað vitanna. Vitamálastjóri gerir ráð fyrir, að kostnaður þessi verði á árinu 1928 80 þús. kr., í brjefi til stjórnarráðsins 13. sept. síðastl. Síðan hefir hann farið

fram á hækkun á þessum lið upp í 110 þús. kr. Hefir hann haldið mjög fast við þá hækkun og talið fyrri áætlun sína alveg óáreiðanlega. Fjvn. felst á, að rekstrarkostnaðurinn muni verða hærri en áætlað er, en hún vill draga úr kostnaði með því að breyta því fyrirkomulagi sem nú er, þannig, að hætt verði að nota sjerstakt skip til efnisflutninga, en flutningarnir hafðir á venjulegan hátt til næstu staða við vitann. Útgerð þessi hefir orðið svo dýr, að enginn vegur sýnist vera til að halda henni áfram. Í fyrstu ætluðu landssímastjóri og vitamálastjóri að hafa skip þetta í sameiningu til flutninga fyrir vitana og símann, en landssímastjóri gafst strax upp við þessa útgerð sakir kostnaðar. Ekki er alveg vonlaust, að selja megi skipið fyrir eitthvert fje, þótt það sje dýrt í rekstri.

Áður en jeg sest niður vil jeg lýsa fyrir hv. deild, hvaða brúargerðir fyrirhugaðar eru á næstu árum, þar sem margir hv. þm. hafa ekki greiðan aðgang að komast að því.

Vegamálastjóri telur æskilegt að geta varið á næstu þrem árum að minsta kosti 700 þús. kr. til nýrra brúargerða, og eru sumar þeirra mjög dýrar. Helstu brýrnar eru á:

Hjeraðsvötn á Grundarstokk, Hvítá í Borgarfirði, mesta mannvirkið, sem áformað er. Selá og Hofsá í Vopnafirði, Húseyjarkvísl í Skagafirði, Víðidalsá og Gljúfurá í Húnavatnssýslu, Brunná í Öxarfirði, Bjarnadalsá og Sanddalsá í Borgarfirði og Laxá á Stykkishólmsbraut. Þess utan endurbygging á nokkrum gömlum timburbrúm fúnum. Og ennfremur tillag til brúargerða á sýsluvegum og smábrýr á þjóðvegum.

Vegamálastjóri hefir hugsað sjer, að árin 1927 og 1928 sje fje varið til brúnna eins og hjer segir:

1927	Kr.	1928	Kr.
Hvítárbrú	70000	Hvítárbrú	60000
Hjeraðsvatnabrú	85000	Svartá í Skagaf.	20000
Selárbrú í Vopnafirði	25000	Djúpadalsá	8000
Bjarnadalsá o. fl.	30000	Sanddalsá	16000
Víðidalsá	24000	Auðólfsstaðaá	8000
Gljúfurá í Húnavatnssýslu	7000	Laxá á Stykkishólmsbraut	20000
Gljúfurá í Vopnafirði	4000	Ásavatnsbrú	20000
Mógilsá á Kjalarnesi	4000	Svarfaðardalsá í Eyjaf.	50000
Skallá á Heljardalsheiði	2500	Stóra-Laxá í Árnessýslu	50000
Þorvaldsdalsá í Eyjaf. 2/3	3500	Grímsá á Völlum	25000
Hjaltadalsá í Skagaf. 2/3	5500	Tungufljót í Árnessýslu	15000
Hallá í Húnavatnssýslu 2/3	3500	Ytri-Laxá í Húnavatnssýslu	15000
Djúpá í Laugardal 2/3	3000	Glerá í Dalasýslu	8000
Brunná	25000		

Jeg þykist ekki þurfa að geta þess, að þrátt fyrir þessi áform geta auðvitað orðið ýmsar breytingar, tilfærslur milli ára o. s. frv. Skal jeg nú láta staðar numið, og vænti jeg þess að þurfa ekki miklu að svara aftur. —

Brtt. einstakra hv. þdm. mun jeg ekki gera að umtalsefni, fyr en þeir hafa sjálfir mælt fyrir þeim.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það gleður mig að sjá í nál. hv. fjvn., að hún telur ekki rjett, að þetta þing afgreiði fjárlög með tekjuhalla. Jeg hygg, að margir fleiri en jeg vilji taka undir þessar góðu fyrirætlanir hv. fjvn. Þó skilst mjer, að jafnvel eftir till. hv. nefndar sje það hæpið, að þetta takist. Að vísu ber hún fram till. um 143 þús. kr. lækkanir á útgjöldum. En af því eru a. m. k. 45 þús. kr. kostnaður við sendiherra í Kaupmannahöfn, sem hefir ekki einu sinni náð samþykki meiri hl. í hv. nefnd, að því er hv. frsm. upplýsti. Auk þess mátti hv. nefnd vita það fyrirfram af reynslu fyrri ára, að þessi niðurfelling mundi ekki ná fram að ganga. — Loks virðist mjer það orka tvímælis, hvort löglegt sje að fella niður fjárveitingu til embættis, sem stofnað er með lögum og maður skipaður í. Vil jeg leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að taka þetta atriði til yfirvegunar.

Jeg mun því að öllu athuguðu ekki reikna með þessari brtt., og ef það er ekki gert, er þegar kominn tekjuhalli á fjárlögin, eins og hv. nefnd gengur frá þeim, í stað 100 þús. kr. tekjuafgangs í stjfrv. Þetta stafar af því, að þótt hv. nefnd leggi til nokkrar lækkanir á útgjöldum, þá eru þó hækkanirnar ennþá meiri, eða nálægt 188 þús. kr. Eftir því, sem reynslan hefir verið á undanförnum árum, má búast við því, að allar hækkunartill. háttv. fjvn. verði samþ., lækkunartill. hennar sæti misjöfnum dómum og loks verði samþ. ýmsar hækkunartill. frá einstökum hv. þdm. Síðan á frv. eftir að ganga gegnum hv. Ed., og má búast við svipaðri meðferð þar. — Mjer finst því, að hv. nefnd hafi misstigið nokkuð fyrsta sporið við þá góðu fyrirætlun sína að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus.

Annars eru ekki margar brtt. við þennan kafla, sem mig snerta sjerstaklega. Jeg felst fúslega á þá till., að lækka áætlaðar tekjur af víneinkasölunni úr 500 þús. kr. í 450 þús. kr. Eins og jeg gat um við 1. umr., hefði stjórnin ekki sett þessa upphæð svo háa í frv., ef niðurstaða af rekstri verslunarinnar árið 1926 hefði verið kunn, þegar frv. var samið. — Um næstu till. — að fella niður útgjöld við sendiherraembættið — hefi jeg þegar sagt mitt álit, að ekki geti komið til mála að samþykkja hana. — Þegar framkvæmd þessara laga var frestað um stundarsakir fyrir fám árum, stóð svo á, að þáverandi sendiherra hafði sagt lausu embættinu. Þá vildi svo vel til, að í bili var hægt að fá mjög vel hæfan mann til að taka að sjer störf sendiherrans svo að segja endurgjaldslaust. En það skipulag gat ekki haldist til lengdar, af því að þessi maður var ofhlaðinn störfum, svo að heilsa hans gat ekki þolað þetta til lengdar. Engar slíkar ástæður eru nú fyrir hendi, og þótt embættið væri lagt niður, eru engar líkur til, að hægt yrði að fá sendiherrastörfin leyst af hendi án tilfinnanlegs kostnaðar. Þar á ofan bætist það atriði um formshlið málsins, er jeg nefndi áður og skaut til hæstv. forseta. — Næsta brtt. er um lækkun á ríkisráðskostnaði úr 6 þús. kr. í 4 þús. kr. Jeg vil geta þess,

að ríkisráðsritari er jafnframt orðuritari, og því starfi hefir hann til þessa gegnt án sjerstaks endurgjalds. Jeg er því mjög hræddur um, að verði þóknun hans sem ríkisráðsritara færð niður, verði nauðugur einn kostur að veita honum aukaþóknun fyrir starf hans við fálkaorðuna. Yrði því raunverulegur sparnaður af þessari niðurfærslu mjög lítill eða enginn. — Þetta eru þær brtt., sem mjer koma sjerstaklega við. En sumar aðrar af lækkunartill. hv. nefndar eru svo vaxnar, að þær orka mjög tvímælis, svo sem ýmsar áætlunarupphæðir. T. d. má nefna till. um að lækka áætlunina á „öðrum kostnaði við hæstarjett" úr 8 þús. í 6 þús. kr. Þessu fylgja þau ummæli frá hv. nefnd, að hún ætli hæstarjettarritara 2500 kr., en hefir þó ekki á móti, að þeim manni, sem nú gegnir því starfi, sje greitt eitthvað meira. Þessi „önnur útgjöld" urðu á árinu 1925 rúml. 5 þús. kr. auk launa hæstarjettarritara. Veit jeg ekki, hvort hæstv. dómsmrh. (MG) sjer sjer fært að gera ráðstafanir til, að þessi útgjöld lækki svona mikið. Það er ekki til neins að færa niður áætlunarupphæðir, nema nokkur vissa sje fyrir, að það sje rjettmætt. — Mjer fyrir mitt leyti þykir náttúrlega ágætt, ef hægt er að lækka eitthvað þennan kostnað. — Sama er að segja um 6. brtt. hv. nefndar, að færa borgun til setu- og varadómara úr 6 þús. í 5 þús. kr. Þessi kostnaður var árið 1925 8800 kr., og efast jeg um, að hæstv. dómsmrh. hafi tök á að lækka hann svo mjög sem hv. fjvn. vill.

Loks vil jeg geta þess, að fyrirætlanir þær, sem hv. frsm. (ÞórJ) las upp um brúargerðir á næstu árum, eru vitanlega bundnar því skilyrði, að nægilegt fje verði veitt. Af hálfu fjármálaráðuneytisins mun verða gengið mjög ríkt eftir því, að ekki verði greitt af hendi meira en ákveðið er í fjárlögum.

Bernharð Stefánsson: Jeg á aðeins eina litla brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og vil þá nota tækifærið til að gera örlitla grein fyrir henni.

Þessi brtt. mín er sú VII. í röðinni á þskj. 284, við 13. gr. B. II. a. 7., og fer fram á að hækka styrkveiting til Þelamerkurbrautarinnar um 10 þús. krónur, eða úr 10 þús. kr. upp í 20 þús. krónur.

Í fjárlögunum fyrir 1926 og 1927 hefir staðið þessi upphæð, 10 þús. kr., sem veitt hefir verið til þessa vegar, en sú upphæð hefir þó verið mun lægri en veitt hefir verið til ýmsra vega í sama flokki. Þetta hefi jeg látið mjer nægja að undanförnu, en get það nú ekki lengur, og eru til þess þær ástæður, er nú skal greina.

Þessi akbraut, sem liggur fram Þelamörk, hefir legið meðfram gamla veginum, og því altaf hægt að nota brautina eftir því sem hún lengdist og komast þá á gamla veginn þegar hana þraut. En nú í sumar var stefnu brautarinnar breytt, svo að ekki verður komist af brautarenda á gamla veginn, þar sem hún endar nú, og verður því ekki hægt að nota þennan nýja kafla fyr en brautin er komin að Bægisá, enda verður hún lögð yfir ófærar mýrar, sem ekki er hægt að komast yfir fyr en brautin kemur. Nú er áætlað, að þessi kafli, sem eftir er að leggja fram að Bægisá eða þangað til aftur kemur að veginum, muni kosta

um 30 þús. krónur. Þar af eru í gildandi fjárlögum 10 þús. krónur, og fer jeg því fram á, að vegarlagningu þessari sje flýtt um eitt ár, svo að kafla þessum verði lokið 1928 og brautin geti þá komið að fullum notum.

Eins og gefur að skilja, eru menn, sem lengi hafa búið við illar samgöngur, eins og t. d. Öxndælir og Hörgdælir, óþolinmóðir að bíða lengi eftir því að geta notfært sjer þessa vegabót til fullnustu, og telja því afarmikils virði, að hægt sje að flýta þessu. Að vísu má segja, að það muni ekki miklu fyrir þessa menn að bíða eitt árið enn, en þó er þeim það mjög bagalegt. Hitt virðist heldur ekki nema tilhliðrunarsemi hjá ríkissjóði, að tvöfalda fjárveitinguna 1928, því að þá mætti fella hana alveg niður 1929.

Vænti jeg því, þar sem svona sjerstaklega stendur á, að þessi brtt. mín mæti ekki mótstöðu, þegar heldur er ekki um neina stóra upphæð að ræða.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi átt tal um þetta efni við vegamálastjóra, og gat jeg ekki heyrt á honum, að hann hefði neitt á móti því, að þessi till. næði fram að ganga.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira og ekki tala um einstakar till. nefndarinnar nje annara þingmanna. Aðeins get jeg ekki stilt mig um það, að gefa einni till. mín bestu meðmæli, þrátt fyrir það, þótt hv. flm. hafi ekki gert grein fyrir henni enn. Jeg veit hann muni sýna fram á, hve sjálfsagt er að samþykkja hana. Hún er V. liður á þskj. 284 og fer fram á styrk til Jóns Kristjánssonar veitingamanns á Akureyri. Hv. flm. þessarar till. (B-L) sýndi ljóslega fram á í fyrra, hversu sjálfsagt er að bæta þessum manni að nokkru þann skaða, sem hann hefir orðið fyrir. Og þar sem svo hóflega er farið í sakirnar með þessari till. nú, að farið er fram á aðeins 1 þúsund, þá skil jeg varla annað en að hv. deild líti á þetta mál með þeirri sanngirni, að hún samþ. till.

Jeg tek þetta fram aðeins af því, að svo vill til, að jeg er öllum málavöxtum í þessu efni kunnugur og get borið um það, að þessi till. er af fylstu rökum fram borin.

Hákon Kristófersson: Jeg á við þennan kafla fjárlaganna aðeins eina till., undir tölulið IV. Af athugaleysi hefir hún orðið dálítið skökk hjá mjer; jeg hafði farið eftir frv., en gætti þess ekki að miða hana við brtt. hv. fjvn., svo að jeg leyfi mjer að taka hana aftur til 3. umr.

Um ýmsar brtt. frá hv. þm. og fjvn. ætla jeg ekki að tala, því að jeg álít það enga þýðingu hafa.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Hefði jeg gjarnan kosið, að hæstv. stjórn hefði sparað mjer það. Slík till. var samþ. á síðasta þingi, og jeg hygg, að þeir, sem ljeðu henni atkv., hafi verið sannfærðir um, að þar var samþ. rjettmæt fjárveiting. Nú hefir svo viljað til við samningu þessa fjárlagafrv., að þessi fjárveiting hefir verið feld niður. Jeg vil að óreyndu telja þetta aðeins óviljaverk hjá hæstv. stjórn, að þessi liður var feldur niður, og vil jeg með till. gefa hæstv. stjórn og hv. þm. kost á að leiðrjetta þá óaðgæslu.

En ef vera skyldu einhverjir hv. deildarmenn, sem litu öðrum augum á þetta og teldu ekki eins sjálfsagt og

jeg hefi bent til, þá vil jeg ekki láta hjá líða að fara um till. nokkrum orðum. Reyndar mætti skírskota til þeirra ummæla, sem komu fram á síðasta þingi; en til þess að gera hv. þdm. hægra fyrir, svo að þeir þurfi ekki að blaða í þingtíðindunum, tel jeg ekki eftir mjer að færa nokkrar ástæður fyrir rjettmæti till.

Það er fyrst að segja, að þarna er aðalumferðin um það leyti árs, sem dýrast er að sinna ferjustörfum, sem sje um hásláttinn. Bæði innlendir og útlendir menn ferðast með bílum austur um sveitir til þess að skoða ýmsa fræga staði. Þeir fara margir hverjir til Þingvalla og austur með Hlíðum, yfir um hjá Geysi og Gullfossi og austur um Hreppa, yfir hjá Þjórsárholti, á ferju yfir Hrosshyl og til Heklu. Þaðan niður um Fljótshlíð og þá aftur til baka til Reykjavíkur. Ýmist fara þeir syðri leiðina austur um Fljótshlíð, þaðan um Rangárvelli eða vestur Hreppa, og þá á ferju yfir Hrosshyl. En þessi umferð er einmitt mest um mesta annatímann. Nú býr einyrki í Þjórsárholti og hann hefir miklu öðru að sinna en ferja menn um sláttinn. Þetta hefir hann þó gert um mörg ár, hvernig sem hefir staðið á fyrir honum. Ferjan er afarerfið og tímafrek, en ferjutollur er tekinn of lágur, svo að þessi maður hefir ekki nema tjón eitt af því að halda uppi ferjunni. Hann gerir þetta meira af góðsemi við vegfarendur en af nokkru öðru.

Þótt aðalumferð sje þarna á þessum tíma árs, þá er ekki fyrir það að synja, að nokkur umferð er allan ársins tíma. Fólki í grendinni, bæði í Eystrihrepp og á Landi, kemur einkar vel, að ferjan er þarna. Síðan bílferðir hófust austur um sveitir og upp á Skeið, hafa Landmenn — eftir því sem mjer er sagt — fengið allmikið af vörum þarna upp að ánni. Alt þetta verður til þess að gera ferjuna á þessum stað nauðsynlegri en áður, en að því skapi til þess að auka þessum manni umstang og fyrirhöfn, sem vissulega er ekki nærri fullgreidd með ferjutolli. Byggi þarna maður, sem liti mest á sinn hag, myndi hann áreiðanlega leggja niður ferjuna og sinna að engu óskum manna í því efni. Slíkt teldi jeg afarilla farið, og myndu víst margir gjarnan vilja koma í veg fyrir það, með því að veita þennan lítilfjörlega styrk. — Jeg ber það traust til hv. deildar, að hún vilji veita þessa upphæð óskerta, ekki stærri en hún er, — eins og hún var samþ. í fyrra. En jeg sje brtt. fram komna við þessa brtt. mína. Hv. samþingismaður minn hefir ekki búist við góðum undirtektum og því lagt til að lækka upphæðina niður í 200 kr. Hún er — því miður — stíluð við brtt. mína, svo að hún mun eiga að koma fyr til atkv. En jeg vil lýsa því yfir, enda þótt jeg teldi manninum nokkra bót að fá þessar 200 krónur, þá greiði jeg atkv. móti till., jafnvel þó það gæti orðið til þess, að maðurinn fengi engan ferjustyrk. Vil jeg gjarnan, að það sjáist, hver er manndómur þessarar hv. deildar, ef hún ætlar að rjetta við fjárhag landsins með þessum 100 kr. frá þessum fátæka einyrkja.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till. og ekki að ræða aðrar, sem liggja fyrir. Tel það aðeins tíma-

eyðslu, en læt nægja að sýna með atkv. mínu, hvernig jeg lít á hverja einstaka.

Björn Líndal: Við þennan kafla fjárlaganna á jeg aðeins tvær brtt. Um þá fyrri er það að segja, að jeg tek hana aftur til 3. umr. Hin brtt. er sú, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) mælti vel fyrir áðan, og kann jeg honum þakkir fyrir. Þessi till. er gamall kunningi hjer í hv. deild, bæði frá 1925 og 1926. Jeg býst ekki við, að jeg geti gert skýrar eða betur grein fyrir rjettmæti hennar nú en jeg hefi áður gert. En með leyfi hæstv. forseta vildi jeg lesa upp kafla úr ræðu, sem jeg hjelt í fyrra:

„Hjer stendur svo á, að gistihúshaldarinn á Akureyri varð fyrir því óláni, að taugaveiki kom upp í húsi hans. Læknirinn áttaði sig ekki strax, hvað hjer væri um að vera. Margir veiktust og gistihúsinu var lokað, og er saga þessa máls sú, að flest heimilisfast fólk hjá gistihúshaldaranum veiktist, og voru legudagar þess 169 í sjúkrahúsi og 314 heima, samtals 483 legudagar heimafólksins. Það var í sóttkví langan tíma, frá 10. febr. til 31. mars. Er það langur atvinnuleysistími og öllum auðsætt, að hjer hefir verið um stórtap að ræða".

Þetta er sagan í stuttu máli. Auk þess getur hver maður sagt sjer sjálfur, sem þekkir hræðslu fólks við hættulega sjúkdóma, að það var eðlilegt, að fólk þyrði ekki að koma í þetta gistihús talsvert langan tíma eftir að sóttinni ljetti af.

Það, sem er sjerstaklega eftirtektarvert — og hv. þm. eru beðnir að taka vel eftir því — er það, að hjer liggur nokkur sök á læknunum. Þeir áttuðu sig ekki í tíma á því, að þetta væri taugaveiki, svo að mikil brögð urðu að veikinni áður en læknirinn skarst í leikinn og sóttkvíaði húsið.

Jeg tók það fram áður, og tek það fram enn, að í landi, þar sem jafnmikið er gert fyrir heilbrigðismálin og til þess að ljetta byrðar þeirra, sem verða fyrir veikindum, finst mjer það óverjandi ósanngirni að neita um lítilsháttar þátttöku í slíku fjártjóni, sem hjer er um að ræða, þar sem þetta fjártjón stafar að mestu leyti af opinberum ráðstöfunum í þarfir almennings. Jeg hefi á tveimur undanförnum þingum farið fram á talsvert hærri upphæð. Nú er hjer aðeins um lítilsháttar viðurkenningu að ræða, sem er alveg hverfandi samanborið við það tjón, sem maðurinn varð fyrir. Það er óhætt að fullyrða, að þegar alt er reiknað, megi meta tjónið upp undir 10 þús. kr. Beint fjártjón var af óvilhöllum, greindum og skilríkum mönnum metið nál. 6 þús. kr. Erfiðara er að reikna út tjónið af því, að enginn maður þorði þangað að koma um alllangan tíma; en það þurfa ekki að vera ýkjamikil brögð að slíku á stóru veitingahúsi til þess að tjónið hlaupi fljótlega upp í nokkur þúsund krónur. Jeg sem sagt trúi því ekki fyr en jeg tek á, að Alþingi sýni ekki þá sanngirni að veita þessa litlu fjárhæð, til þess að sýna í verkinu, að það viðurkenni, að ekki verði hjá því komist, að það opinbera taki lítilsháttar þátt í slíku gífurlegu fjártjóni, sem þannig er til komið. Auk þess hefir slíkt verið gert áður undir líkum kringumstæðum; var þó líklega síður ástæða til,

því að um miklu minna tjón var að ræða. Jeg á við gistihúshald í Borgarnesi árið 1923.

Að lokum vil jeg geta þess, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) getur ekki mætt í deildinni í dag. Jeg átti tal við hann um seinni brtt. mína, og kom okkur saman um að bera fram öðruvísi orðaða till. sama efnis við 3. umr. Hann bað mig að taka þessa till. sína aftur að sinni.

Klemens Jónsson: Jeg verð nú að segja, að jeg varð fyrir talsverðum vonbrigðum, þegar jeg sá þær mörgu brtt., sem fjvn. hefir borið fram. Jeg verð að taka undir með hæstv. fjrh. (JÞ), að mjer virðist ekki útlit fyrir, að fjárlögin muni fara tekjuhallalaus út úr þinginu að þessu sinni. Eftir því sem mjer telst til, eru komnar fram nú þegar brtt. frá 14 þm. og nefndum, auk allra brtt. frá fjvn. sjálfri. Alls telst mjer til, að 107 brtt. sjeu fram komnar nú þegar. Má nærri geta, að eftir 3—4 daga umræður muni nokkrar hafa bæst í hópinn, enda eru 3 fram komnar á þessum fundi. Nær allar þessar brtt. fara fram á aukin útgjöld, svo að víst er, að fjárlögin verða afgr. með tekjuhalla, og honum miklum.

Jeg á enga brtt. hjer að svo stöddu, og þess vegna hefði jeg ekki þurft að standa upp; en jeg get ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um einstakar brtt., sem fram eru komnar, auk þess, sem jeg er knúður til að skýra frá afstöðu samgmn. gagnvart 13. gr. C. Jeg kom ekki með neina brtt. við fjárlögin í fyrra og nú hefi jeg í hyggju að koma aðeins fram með lánsheimild upp á 3000 krónur, sem jeg vænti, að fái almennan byr.

Um eitt skeið var það talin skylda fjhn. að athuga tekjuhlið fjárlaganna. Það var óeðlileg skifting á verkum, að láta fjhn. athuga tekjubálkinn, en fjvn. gjöldin, enda er þessi skifting horfin. Samt sem áður hefir það verið regla fjhn. þessi undanfarin 4 þing, sem jeg hefi átt sæti í henni, að þessu meðtöldu, að hún hefir tekið þetta til athugunar sjerstaklega; að þessu sinni hefir hún ekki gert það í heild sinni, en jeg hefi þó gert það. Og jeg get ekki sjeð betur en að tekjuáætlunin sje mjög varleg og rjettmæt, svo að jeg hefi ekki fundið ástæðu til að koma með brtt. við hana. Hygg jeg, að tekjuliðirnir sjeu svo varfærnir, sem hægt er að heimta með tilliti til þess, hve löngu fjárlögin eru samin áður en þau ganga í gildi. Fjvn. fer fram á að lækka einn tekjulið. Virðist mjer það eðlilegt og rjett og mun greiða því atkv. Annars ætla jeg að fylgja þeirri reglu, sem jeg hefi fylgt undanfarið, að reyna með mínu atkv. að stuðla að því, að sem sparlegast verði á haldið, og mun þess vegna yfir höfuð greiða atkvæði móti bitlingum og óþörfum hækkunum, sem mjer virðast. Auðvitað verður lengi álitamál, hvað er óþarft og hvað ekki, og kallar einn þarft, sem annar telur óþarft. Um það er ekki að fást. En samgöngubótum mun jeg fylgja eins og jeg sje mjer fært og eins og jeg hefi altaf verið vanur.

Þá ætla jeg að fara fáum orðum um einstakar brtt. og byrja á brtt. fjvn. Er þá fyrst 2. brtt. hennar á þskj. 233, um sendiráðið í Kaupmannahöfn, —

Jeg veit, að öllum háttv. þm. er það kunnugt, að frá því fyrsta hefi jeg verið mjög mótfallinn að hafa sjerstakan sendiherra í Danmörku. Jeg álít, að sá maður, sem hafði forstöðu skrifstofunnar á hendi áður fyr, sje fullfær til að inna þessi störf af hendi. En úr því að fjárveiting var tekin upp í fyrra samkv. lögum og þetta er lögfest embætti, þá verð jeg fyrir mitt leyti að segja, að jeg tel alveg óforsvaranlegt, að næsta þing, skipað að mestu sömu mönnum, fari að rifta því. Jeg skal ekki fullyrða um, hvort hægt sje að svifta sendiherrann stöðunni eftir eitt ár, en hitt veit jeg, að það er óforsvaranlegt og ósamboðið landinu að vera að flækja honum milli landa ár frá ári. Jeg get ekki skilið annað en sendiherrann eigi fullkominn rjett til skaðabóta af þinginu, ef hann er sviftur þeirri stöðu, sem hann var skipaður í í fyrra. Hann hlýtur að verða fyrir stórtjóni, ekki einungis við að flytja milli landa með fjölskyldu sína, heldur líka — og ekki síður — fyrir það, að hann varð að láta af hendi málaflutningsembætti og ýms trúnaðarstörf. En það vita allir, hversu erfitt er að ná aftur öllu slíku, sem maður hefir einu sinni mist.

Jeg get ekki sjeð, að þessi brtt. sje á fullum rökum bygð. Og þótt skoðun mín á þessum málum sje í aðalatriðum sú sama og verið hefir, get jeg ekki lagt brtt. liðsinni.

Viðvíkjandi 5. brtt. nefndarinnar skal jeg geta þess, að mjer blöskrar alveg skrifstofukostnaður sýslumanna, og býst jeg við, að svo fari fleirum hjer í hv. deild. Jeg veit af eigin reynslu, að starfið er mikið, en útgjöldin frá ríkissjóði hafa aukist gífurlega mikið. Eitt embætti, sem jeg hefi gegnt og hafði hæst 6 þús. kr. tekjur af og borgaði þar af allan skrifstofukostnað, það þarf nú í laun og skrifstofukostnað fullar 30 þús. kr., auk bæjarstjóraembættis á Akureyri, sem jeg veit ekki, hvað kostar mikið. Jeg vildi óska, að nefndin hefði sjeð sjer fært að færa þennan lið lengra niður en hún hefir gert. Jeg býst við, að hæstv. stjórn þyki nóg um þennan skrifstofukostnað og vil skjóta því til hennar að skrifa bak við eyrað, hvort henni þyki ekki lengra farið en rjett er.

Hv. frsm. tók í einu liðina 8—10, um laun starfsmanna á Vífilsstöðum, Kleppi og Laugarnesi, og tók þar fram rjettilega, að þar er gífurlega mikill munur á launum einstakra starfsmanna og full ástæða að athuga það. En hinsvegar hefði jeg getað búist við að nefndin sæi sjer fært að færa niður kaupið meira en hún hefir gert. Hv. frsm. tók þó fram, að hann byggist samt sem áður við, að þessi laun mundu ekki þurfa að vera eins mikil 1928, og vildi jeg óska, að það væri rjett mælt. Jeg vænti þess vegna, að hæstv. stjórn gefi þessari bendingu háttv. fjvn. gaum og reyni að lækka kaupið, eða að minsta kosti að samræma það betur.

Jeg ætla svo ekki að fara frekari orðum um brtt. nefndarinnar, en kem þá að 13. gr. C. Jeg verð viðvíkjandi henni að taka fram, að samgmn. hefir ekki haft þá aðstöðu enn, að hún hafi sjeð sjer fært að koma fram með brtt. við frv. við 2. umr., en hún býst við að gera það við 3. umr., og

hefir það verið svo oft áður um fjárlagafrv., að till. samgmn. hafa beðið til 3. umr.

Þá langar mig til þess að minnast á einstöku brtt. frá hv. þingmönnum. Er þá fyrst brtt. á þskj. 284, sem er fyrsta brtt. (um skólagjöld). Jeg mundi hafa greitt þessari brtt. atkv., en þar sem hún hefir nú verið tekin aftur, þá verður að sleppa því. Þetta mál lá fyrir fjhn. í fyrra og einstakir menn í nefndinni báru fram brtt. um, að skólagjöld fjellu niður. Býst jeg við, að þeir hinir sömu menn hafi sömu skoðun nú, því þetta gjald kemur órjettlátlega niður, sjerstaklega á kaupstaðarbúa.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM) undir tölul. III. Þessi brtt. fer ekki fram á nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur að láta falla niður vexti og afborganir af láni Jóns Kristjánssonar læknis. Þessa till. styð jeg. Hæstv. stjórn hefir sýnt það með því að taka mann þennan upp í fjárlagafrv., og hv. fjvn. samþykt það með þögn sinni, hversu mikils hún metur starf hans. Nú sem stendur er erfitt að fá greidd læknisgjöld, og þar sem þessi maður hefir mjög stóra fjölskyldu, á hann við fremur bágan hag að búa, og því álít jeg rjett, að honum sje veitt þessi ívilnun. Vænti jeg, að hv. 1. þm. Reykv. tali betur fyrir þessari till.

VI. og VII. brtt. hafa, ef fram ná að ganga, talsverðan aukinn kostnað í för með sjer til vegabóta (Vesturlandsvegur og Þelamerkurvegur). Fari svo, að fjárlögin eigi að afgreiða frá Alþingi með miklum tekjuhalla, þá vil jeg heldur, að það stafi af fjárframlögum til samgöngubóta en einhverju öðru. Jeg á altaf bágt með að greiða atkvæði á móti samgöngubótum, en þótt jeg treystist varla til að ljá þessum brtt. lið, þá eru þær þó að mínum dómi betri heldur en allskonar óþarfi, sem kominn er inn í brtt. við fjárlagafrv.

Hvað VIII. brtt., frá hv. 2. þm. Árn. (JörB), snertir, þá verð jeg að segja eins og hann, að mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin fór að sleppa þessari litlu fjárveitingu úr frv. Jeg hygg, að það muni vera rjett, að hæstv. atvrh. (MG) hafi skotist yfir hana í ógáti. Tel því sjálfsagt, að hún verði samþykt.

Magnús Torfason: Jeg bjóst ekki við því að þurfa að taka til máls, en mjer hafa svo mjög þótt stangast rökin hjer í hv. deild, að jeg sje mjer ekki fært að sitja hjá, þar sem fjvn. fær rokna skammir hjá hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ) fyrir það að hafa gengið illa frá fjárlagafrv.

Þegar litið er á brtt. fjvn., þá nema hækkunartill. um 200 þús. kr., en lækkunartill. um 90 þús. kr., svo að jeg hygg, að ekki sje hægt að segja, að nefndin hafi verið „flott" á fjenu. Vitanlega koma altaf frá einstökum þm., og sjerstaklega þeim, sem ekki eru í flokki stjórnarinnar, ýmislegar fjárbeiðnir, og er það eðlilegt. Allar þær fjárbeiðnir, er nefndinni bárust, voru athugaðar, en þeim var fæstum sint. Og jeg verð að segja það hjer, að jeg mundi blygðast mín fyrir störf fjvn. — ekki fyrir það, að hún hafi veitt of mikið fje, heldur fyrir hitt,

að hún hafi gengið of skamt í því að veita fje — ef fjárhagsútlitið væri ekki jafnljótt og nú er. Jeg verð líka að segja það, út af þeim orðum, sem hjer hafa fallið, að það fer að verða óþarfi að vera með nokkurt fjárlagafrv., ef fjvn. má ekki gera svo mikið sem hækka það um 100 þús. krónur, eða um 1%. Jeg hafði því búist við, að hnútur þær, sem nefndin fengi, yrðu fyrir það, að hún hefði gengið of skamt, en ekki of langt. Og þó eru þeir sömu menn, er hnýta í hana fyrir bruðlunarsemi, á móti sparnaðartill. hennar, en vilja styðja hækkunartill., eins og fram er komið.

Jón Guðnason: Það hafa fallið orð um það, að fjárlögin færu ekki að verða glæsileg, og því er það ekki vinsælt verk að tala fyrir hækkunartill.

Jeg hefi borið hjer fram brtt. við 13. gr., á þskj. 284,VI, um 25 þús. kr. til Vesturlandsvegar frá Dalsmynni að Fellsenda. Þetta er að vísu gamall góðkunningi hv. þd., því að beiðni þessi hefir oft verið borin hjer upp, þótt aldrei hafi hún náð fram að ganga.

Jeg hefi nú leyft mjer að taka upp þetta mál að nýju, og það er auðvelt að sýna fram á það, að þessi till. á eins mikinn rjett á sjer og aðrar samskonar fjárveitingar, sem í frv. eru. Jeg hefi verið að líta yfir þær fjárveitingar til nýrra akvega, sem í frv. eru, og komist að þeirri niðurstöðu, að veita á fje til vega í öllum sýslum nema Austur-Skaftafellssýslu og á Vesturlandi fyrir vestan Snæfellsnes. Þetta eru einu svæðin, sem eru alveg undanskilin.

Dalasýsla á við einhverjar örðugustu samgöngur að búa á landi hjer. Má svo segja, að samgöngur hennar á landi út úr hjeraðinu, suður á bóginn, sjeu enn að mestu leyti eins og þær voru á landnámstíð, og er þó ekki nema um 20 km. vegarlengd að ræða til þess að hún nái sambandi við vegakerfið í Mýrasýslu. Það er því tilfinnanlegra fyrir sýsluna að hafa svona örðugar samgöngur suður á bóginn, þar sem hún er í námunda við miðstöð dýrtíðarinnar í landinu, Reykjavík, og verður að búa við ýmsar þær búsifjar, sem af því leiða, en hefir ekki hlotið nein þau þægindi, er vega þar upp á móti.

Dalasýsla er ekki fjær Borgarnesi en ýmsir Borgarfjarðardalir, en aðstaðan er gerólík, eins og nú er varið samgöngum. Jeg held því fram, að á undanförnum árum hafi Dalasýsla átt við mikið misrjetti að búa, samanborið við aðrar sýslur og hjeruð landsins. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 285 þús. kr. til akvega á næsta ári, en enginn eyrir til þess hjeraðs, er svo hefir farið varhluta af vegagerðum á undanförnum árum.

Það má öllum vera vitanlegt, að sú upphæð, sem jeg fer fram á í brtt. minni, er ekki nema lítill hluti af því fje, sem þarf til að gera þær vegabætur í sýslunni, sem nauðsynlegar eru. En það er sjerstök knýjandi nauðsyn til þess, að byrjað sje á þessu verki sem fyrst. Með því að fá þennan veg getur Dalasýsla haft gagn af vegunum um Norðurárdal, og hefir nokkurt gagn þeirra nú þegar, en sjerstaklega þó, er brú kemur á Bjarnadalsá hjá Dalsmynni. Þessi á er oft hinn versti þröskuldur fyrir ferðamenn og liggur þvert á leið Dalamanna. En þótt brú

sje á ánni, hafa Dalamenn ekki fult gagn af henni, ef ekki fæst fje til vegar frá Dalsmynni og vestur í Dali, því að núverandi vegur vestan úr Döllum er á alt öðrum stað, og þegar vond er færð, er ekki hægt að komast að brúnni með öðru móti en því, að fara yfir túnið í Dalsmynni. En bóndinn þar gerir ráð fyrir, að á sumum tímum árs muni af þessu stafa svo mikill átroðningur, að hann neyðist til að banna alla umferð yfir túnið hjá sjer.

Jeg vona, að háttv. þdm. líti með sanngirni á þetta nauðsynjamál og ætli nú Dölum sama rjett og öðrum hjeruðum, og það því fremur, sem þeir hafa svo lengi verið settir hjá um vegabætur.

Ólafur Thors: Á síðasta þingi sendi sjávarútvegsnefnd Nd. atvinnumálaráðherra áskorun um það að láta rannsaka loftskeytamerki sem siglingaleiðbeiningar. Tók ráðuneytið vel í þessa málaleitan og fór vitamálastjóri utan til þess að kynna sjer þetta mál. Síðan gaf hann ráðuneytinu skýrslu um för sína og rannsóknir, og hefir nú sent sjútvn. afrit af skýrslunni. Fróðleikur minn um þetta málefni er að miklu leyti fenginn þaðan.

Mjer þykir nú hlýða að gera örstutta grein fyrir því, hvernig radiomerki eru nú notuð í þágu siglinganna. Á landi eru settar stöðvar, er senda út radiohljóðmerki, en slík merki ná ekki mannlegu eyra. Hinsvegar hafa verið fundin upp tæki, er breyta merkjunum, svo að hægt er að heyra þau. Með þessum tækjum er þó ekki hægt að ákveða stefnu hljóðgjafans, en til þess hafa verið fundin önnur tæki, svo að nú er hægt frá skipum, er slíkum tækjum eru búin, að ákveða stefnuna til þess staðar á landi, er radiomerkið er sent frá. Heyrist frá skipi til tveggja slíkra landstöðva, er auðvelt að ákveða nákvæmlega, hvar skipið er statt, nefnilega í skurðarpunkti stefnu línanna til landstöðvanna.

Það liggur alveg í augum uppi, hve þýðingarmiklar eru þessar framfarir. Með þeim eru þeir erfiðleikar, er þoka og dimmviðri valda, að velli lagðir. Þessar miðunarstöðvar eru nú af sumum álitnar öruggari og betri í dimmu veðri heldur en ljósvitar í björtu veðri, því radiogeislarnir ná yfir miklu stærra svæði heldur en nokkrir ljósgeislar frá venjulegum vitum. Enda hefir uppgötvun þessi náð viðurkenningu sjerfróðra manna um allan heim.

Það getur nú ekki orkað tvímælis, að eftir því sem miðunarstöðvum fjölgar á landi, fjölgar og þeim skipum, sem miðunartæki hafa. Og kunnugir menn spá því, að innan fárra ára muni það verða sárfá skip, er ekki hafa miðunartæki, enda verði þau þá talin jafnnauðsynleg og áttaviti. Þessi miðunartæki kosta nú 2500 krónur. Má vænta þess, að áður en langt líður verði þau miklu ódýrari, fyrir nýjar uppfinningar á þessu sviði.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp örfá orð úr skýrslu vitamálastjóra:

„Jeg þykist viss um, að með því móti fáist sú besta trygging, sem nú er kostur á, fyrir líf sjómanna og skip þeirra, meiri trygging fyrir sjómennina en nokkrum manni fyrir 10—15 árum datt í hug, að hægt væri að ná. Það mun nú vera hægt með því móti

að hafa radiovita á Dyrhólaey og Ingólfshöfða að byrgja alveg fyrir hina hættulegu Meðallandsbugt, og það alveg hvernig sem viðrar. Þokan verður aldrei það dimm, hríð ekki það svört, að radiogeislarnir fari ekki sína leið og segi til landsins. Og að því mun koma innan margra ára, að radioáttavitinn verði talinn jafnsjálfsagt áhald í hverju skipi eins og segulmagnsáttavitinn og önnur þau tæki, sem nú eru lögboðin —".

Og vitamálastjóri er í þessu efni í samræmi við sjerfræðinga annara þjóða, enda líka bera framkvæmdir margra erlendra þjóða vott um það.

Danir hafa nú þegar reist radiovita, og nú er í ráði, að þeir komi á í sambandi við Englendinga og Þjóðverja fullkomnu radiovitakerfi. Þó eru Frakkar og Bandaríkjamenn komnir lengst áleiðis á þessu sviði. Þannig hafa þá menningarþjóðirnar viðurkent nauðsyn þessa máls. En ef öðrum þjóðum er það nauðsyn, þá er það okkur nauðsyn ekki síður, og miklu fremur, þar sem okkar strandlengja er miklu ver ljósvitum búin en nokkur önnur í menningarlöndum, og mörgum hættulegri.

Þetta hefir vitamálastjóri skilið til fulls og lagt ríka áherslu á, að áður en mörg ár líði, verði komið upp radiovitakerfi kringum strendur landsins. Hann telur, að með 14 slíkum vitum verði öll ströndin umlukt radiogeislum, svo að skip, sem búið er slíkum miðunartækjum, geti náð sambandi við eina stöð að minsta kosti — en venjulega tvær eða þrjár — í 35 sjómílna fjarlægð.

Þarf ekki að orðlengja það, hver fengur siglingunum er að slíku. Jeg þori að fullyrða, að ströndin mundu að mestu falla úr sögunni, ef radiovitar kæmust upp, en þau eru, sem kunnugt er, geigvænlega tíð. Mundi við það sparast stórfje, farmur og skip varðveitast frá glötun, og svo öll mannslífin, sem ekki verða metin til fjár.

Vitamálastjóri áætlar stofnkostnaðinn allan 300 þús. kr.

Rekstrarkostnaðurinn er mjög smávægilegur. Er ljett verk og vandalaust að gæta vitanna. Er svo til ætlast, að þeir sendi merki í 10 mínútur hvern klukkutíma að jafnaði, en gangi að staðaldri, ef þoka er. Hann telur meðferð þeirra alla auðvelda og vitavörðum ekki ofætlun að annast hana, gegn aukaþóknun vitanlega. Hann telur svo að vísu, að sjerfræðing þurfi til að ferðast um og líta eftir tækjunum 1—2 sinnum á ári, en fyrst um sinn megi koma því í samband við landssímaeftirlitið, meðan radiovitakerfið er ekki orðið svo umfangsmikið, að fult verksvið sje fyrir einn mann.

Sjútvn. hefir lagt til, að veittar yrðu 75 þús. kr. til 3 radiovita á Suðurlandi og Vesturlandi, og á Austurlandi (en það hefir fallið burt í till.), er reistir verði á árinu 1928. En þó er vitamálastjóra ætlað að ákveða það nánar. Hefir nefndin hugsað sjer vitana setta, einn á Kambanes á Austurlandi, annan á Dyrhólaey á Suðurlandi og þriðja á Gölt'nn á Vesturlandi.

Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hv. þdm. á því, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar eru tekjur af vitamálum áætlaðar 300 þús. kr., en útgjöld 244 þús. Af þeim útgjöldum leggur fjvn. til að skera niður 70 þús. kr., lækka þau

með öðrum orðum niður í 174 þús. kr., og ætlast til ágóða af þessum lið, sem nemur 126 þús. kr. En hann verður meiri, því að reynslan sýnir, að tekjur af vitum verða jafnan meiri en áætlað er. Jeg ætla ekki nú að orðlengja um þetta tiltæki hv. fjvn.

Í mínum augum er það alveg ósæmilegt, að við, sem búum í eylandi og lifum á sjónum og af sjónum, þ. e. sjávarútvegi, gerum vitana að tekjulind, jafnframt því sem við viðurkennum, að vitakerfi okkar sje mjög ábótavant. Og jeg hefi góða samvisku af því að gera þá kröfu, að þegar í stað verði fallið frá þeirri stefnu. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að hv. þingdeild viðurkenni þá kröfu og bæti fyrir brot hv. fjvn. með því að samþykkja þessa till. frá sjútvn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera langorður um þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, því að jeg þarf ekki að minnast á nema fáar brtt. Vil jeg fyrst segja nokkur orð um brtt. hv. fjvn.

Verður þá fyrst fyrir að athuga brtt. háttv. nefndar við einn lið um hæstarjett. Vildi jeg árjetta það, er háttv. frsm. fjvn. sagði og mjer þótti vænt um, að nefndin ljeti óátalið, þótt núverandi ritara hæstarjettar væru greidd hærri laun en öðrum mundu vera greidd, af því að embætti hans er lagt niður og hann hefir ekki enn sem komið er fengið annað. En þessi maður, sem um er að ræða, er svo þektur, að ólíklegt er, að það dragist lengi, að hann fái embætti við sitt hæfi.

Jeg sje, að hv. nefnd hefir fært skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta niður um 4000 kr. Jeg viðurkenni fúslega, að upphæðin í þessum gjaldalið er há. En ástæður til hækkunarinnar eru sífeldar kvartanir sýslumanna um, að þeir komist ekki af með það fje, sem veitt hefir verið hingað til. Kvarta þeir undan því, að altaf sje verið að bæta við þá nýjum störfum. T. d. nú nýlega hefir verið gerð til þeirra sú krafa að safna og senda mánaðarlega skýrslur um út- og innflutning í sínu umdæmi. Fylgir því mikið umstang og fyrirhöfn. Jeg vil því mjög mæla með, að tillaga stjórnarinnar fái að standa óbreytt.

Næst koma brtt. nefndarinnar við 12. gr. frv., um laun starfsfólks á holdsveikraspítalanum, Kleppi og Vífilsstöðum. Það er ekki nema sjálfsagt, að stjórnin reyni að fá þau sett niður og samræmd við það, sem laun og verkkaup er annarsstaðar. En sum störf þessa fólks eru þann veg, að ekki er hægt að bera þau saman við störf annarsstaðar, og verða því launin ekki miðuð við þau. T. d. er sumum vinnukonustöðunum á Vífilsstöðum svo háttað, að stúlkurnar, sem gegna þeim, eiga að þvo þvott á hverjum einasta degi. En það er svo erfitt, að enginn kvenmaður heldur það út til lengdar, og fást þær því ekki til slíks starfa fyrir venjulegt kaup. Annars skorast jeg ekki undan að reyna að setja kaupið niður eftir atvikum; það skal gert.

Út af liðnum um fjárframlag til Kristsneshælisins vil jeg geta þess, að óhjákvæmilegt er að koma með brtt. við 3. umr. um fje til rekstrar heilsu-

hælinu árið 1928. Vildi jeg biðja hv. nefnd að taka það til athugunar, en ef henni sýnist ekki rjett að koma með till. um það, mun jeg fyrir mitt leyti gera það. Það er erfitt að segja, hversu mikill sá styrkur skuli vera, en mjer hefir dottið í hug 5000 kr. Það verður áætlunarliður og af því leiðir, að þótt of lágt sje reiknað, verður borgað það, sem umfram er.

Það er að vísu ekki útilokað, að hælið beri sig, ef borgað er fyrir berklaveika sjúklinga, en því er ekki að treysta á fyrsta ári. Sem sagt er gott að hafa þar lið í fjárlögum til þess að taka til, ef með þarf.

Þá er að minnast á brtt. fjvn. um að fella niður bygging Hornstrandavitans, sem áætlað er, að kosti 70 þús. kr., og um leið á till. sjútvn. um að láta reisa 3 radiovita.

Jeg tek undir með hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að það er hart að farið að fella niður þennan vita og setja ekkert í staðinn, þar sem í stjfrv. er áætlað minna til vitamála en vitagjöldin nema. En jeg get ekki skrifað undir þá skoðun vitamálastjóra, að ríkið eigi á ári hverju að byggja nýja vita fyrir alt vitagjaldið.

Ríkið gerir vissulega hreint fyrir sínum dyrum, ef tekin er upp sú regla að veita til rekstrar og nýbygginga vita yfirleitt jafnmikið fje og tekjur af þeim nema. Og jeg álít, að ekki eigi að vera mikill munur á þessum tvennum fjárhæðum. En það er nú svo, að ef bæði Hornstrandavitinn væri látinn standa og radiovitarnir reistir, þá væri meira krafist úr ríkissjóði en vitagjöldin gefa af sjer. Eftir frv. stjórnarinnar eru ætlaðar 250 þús. kr. til vitamála, en tekjur áætlaðar 300 þús. kr. Vantar þá 50 þús. kr. til þess að reglunni sje fullnægt, að tekjur og framlög standist á. En athugavert er það, að rekstur vitanna fer jafnan fram úr áætlun. Mjer dettur í hug, þar sem háttv. fjvn. mun standa saman um að fella niður Hornstrandavitann og háttv. sjútvn. fylgir fast fram kröfum um að láta reisa radiovita, þá sje rjettast að gera samkomulag um að sleppa Hornstrandavitanum og veita 70—75 þús. kr. til nýrra vita og láta stjórnina ráða, hvort hún notar þessa fjárhæð til radiovita eða annara vita.

Örfáum orðum vil jeg þá fara um brtt. einstakra þingmanna.

Verður þar fyrst fyrir brtt. nr. VI á þskj. 284, frá hv. þm. Dal. (JG), um 25 þús. kr. til Vesturlandsvegar. Það er rjett, að felt var á undanförnu þingi að veita fje til þessa vegar, meðfram vegna þess, að hið opinbera hefir verið að leggja veg, sem er upphaf þess vegar, og áður var ákveðið af þingi að halda sem fyrst áfram með þann veg norður yfir Holtavörðuheiði. Þegar stjórnin var að sníða þetta frv., gerði hún vegamálastjóra aðvart um, hvað mætti áætla til vegalagninga, og ljet hann um, hverja vegi hann teldi þýðingarmesta, og man jeg ekki til, að stjórnin viki neitt frá till. hans. Verður því að álykta svo, að hann álíti þennan veg ekki svo bráðnauðsynlegan, að hann geti að svo stöddu gengið fyrir öðrum. Hvað seinna verður, veit jeg ekki. En af því, hve mikið er áætlað til vegamála samkvæmt frv., tel jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði með brtt.

Svipað má segja um VII. brtt. á sama þskj., frá hv. 2. þm. Eyf. (B-St), um hækkun á framlagi til þelamerkurvegar um 10 þús. kr.

En ef bærilega stendur á fyrir ríkissjóði um fje 1928, gæti vel komið til mála — og jeg fyrir mitt leyti mundi leggja með því —, að það sumar yrði unnið fyrir tvennar 10 þúsundir, eða með öðrum orðum notuð væntanleg sama fjárveiting fyrir árið 1929.

Jeg veit ekki, hvort hv. 2. þm. Eyf. vill sætta sig við þau málalok. En þetta hefir oft verið gert, þegar vegir enduðu á ófærum svæðum og komu ekki að neinum notum nema haldið væri lengra áfram. Hinsvegar finst mjer hæpið að skuldbinda ríkissjóð til þess að greiða umfram þessar 10 þús. 1928, en rjett að stuðla að því, að unnið verði fyrir fjárveiting ársins 1929 sumarið 1928, ef unt verður.

Þá er brtt. frá háttv. 2. þm. Árn. (JörB) um ferju á Hrosshyl í Þjórsá. Hv. flm. gerði ráð fyrir, að gleymsku væri um að kenna, er fjárveiting til ferjunnar er feld úr frv. En svo er ekki. Ástæðan er sú, að ferjan er ekki á landssjóðsvegi. Jeg vil segja hv. flm. það, að jeg mun greiða atkv. með brtt. hans. Jeg hefi sjálfur farið þessa leið og þekki, hve erfiður ferjustaður þar er. Og jeg mun greiða atkvæði með hærri till. án þess jeg vilji ámæla háttv. 1. þm. Árn. (MT) þótt hann kæmi með varatill., til þess að tryggja framgang einhvers styrks. Jeg vona, að þetta verði ekki að sundurþykkju samþingismönnunum.

Því verður ekki neitað, að ekki má ganga út frá, að það eigi að verða reglan að taka inn í fjárlögin styrk til hverrar lögferju. En ástæðan til þess, að jeg get gengið inn á það í þessu tilfelli, er sú, að ferjan á þessum stað er sjerstaklega erfið.

Jakob Möller: Jeg hefi nú ekki mikið að segja að þessu sinni, því eins og hv. þdm. sjá, er mitt nafn ekki bendlað við nema eina brtt. við þennan kafla. Um aðrar till. sje jeg ekki ástæðu til að segja mikið; þó skal jeg fyrir mitt leyti taka það fram, að mjer finst sumar af brtt. fjvn. tilgangslitlar, þeirra er ganga í þá átt að minka útgjöldin. T. d. vil jeg nefna tillögu nefndarinnar um hæstarjett, þar sem þó jafnframt er tekið fram, að nefndin muni ekki átelja stjórnina, þó út af sje brugðið, því jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn muni nota sjer þau ummæli nefndarinnar í fylsta mæli. Svipað má segja um till. nefndarinnar viðvíkjandi starfsmönnum opinberra stofnana. Jeg tók svo eftir, að yfirhjúkrunarkonan á Kleppi hafi 3000 kr. laun. Jeg lít nú svo á, að ef ekki er hægt að fá fullkomna hjúkrunarkonu í þessa stöðu fyrir minna, þá sje ekkert við því að gera.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að nú liggur fyrir þinginu frv. til laga um nýja flokka opinberra starfsmanna, nefnilega skipverja á varðskipunum. Og þó að laun þeirra sjeu ákveðin mjög lág, þá eru þau samt hærri en laun annara opinberra starfsmanna, er verða að kosta miklu til náms.

Þá er tillaga nefndarinnar um að leggja niður sendiherraembættið, sem þó hefir ekki fylgi nema nokkurs hluta nefndarinnar.

Þetta er till., sem mjer sýnist fara fullnálægt stjórnarskránni, ákvæði

hennar um það, að ekki megi breyta lögum með ákvæði fjárlaga. Sendiherrann er skipaður samkv. lögum frá 1921, og það er vitanlega ekki hægt að upphefja þá skipun með fjárlagaákvæði. Þessi tillaga er því algerlega þýðingarlaus, því að það hvorki má nje er hægt að fara eftir henni. Jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti telur sjer fært að bera hana undir atkvæði, en jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hans athugunar, hvernig hann lítur á það.

Þá skal jeg víkja að brtt. minni undir III. lið á þskj. 284, um að heimila stjórninni að láta niður falla vexti og afborganir af viðlagasjóðsláni Jóns Kristjánssonar læknis árin 1924—1926. Hæstv. stjórn hefir tekið upp í fjárlagafrv. styrkveitingu til nuddlækningastofu þessa læknis, og má af því sjá, að hún telur hann styrks verðan, og hv. fjvn. hefir ekki gert aths. við þetta. Nú hefir læknirinn farið fram á þessa ívilnun á láni sínu úr viðlagasjóði, sem felst í brtt. minni, og byggir hann umsókn sína á því, að hann hafi eftir tilmælum hæstv. stjórnar tekið að sjer að stunda mænusóttarsjúklinga, en hann hafi gert ráð fyrir, að þeir yrðu miklu fleiri en raun varð á. Í þeim tilgangi að geta leyst þetta vel af hendi, rjeði hann til sín hjúkrunarkonu og kostaði öðru til, en vegna þess að sjúklingarnir urðu svo fáir, svöruðu tekjur hans af þessum lækningum hvergi nærri til þess kostnaðar, sem hann hafði af þeim, og hefir hann því beðið talsvert fjárhagslegt tjón við þessa samninga. Umsókn læknisins um þetta fylgja meðmæli frá landlækni og hjeraðslækni, og kveða þeir svo að orði, að þessi lækningastofa sje nú orðin þjóðnýt stofnun, sem ekki megi án vera, því að sjúklingar sæki nú til hennar víðsvegar af landinu. Tekjur læknisins svara hinsvegar alls ekki til þess starfs, sem hann leysir af hendi; innheimtur ganga mjög misjafnlega, enda er þessi maður alls ekki eftirgangsharður í þeim sökum. Jeg hefi orðið þess var, að ýmsum hv. þdm. eru þessar ástæður allar kunnar, og vænti þess því fastlega, að þeir taki vel í þessa till. mína.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð út af orðum, sem fjellu hjá hæstv. atvrh. (MG). Hann tók vel undir till. sjútvn. um radiovita, en fanst hinsvegar, að ekki næði nokkurri átt að veita bæði fje til radiovita og vita þess, sem hv. fjvn. hefir lagt til, að væri feldur niður, nefnilega vitans á Horni, því að þá myndu útgjöldin fyrir árið 1928 verða meiri en tekjurnar af vitunum. Á síðustu árum mun jafnan hafa verið tekin hliðsjón af því, hvað vitarnir gefa í aðra hönd, og jeg get fyrir mitt leyti sætt mig við það, en jeg get alls ekki sætt mig við það, að ekki sje varið jafnmiklu til vitakerfisins eins og það gefur ríkissjóði í tekjur. Eins og tekið hefir verið fram hjer í kvöld, er framlag ríkissjóðs til vitanna áætlað 245 þús. krónur, en tekjurnar af þeim hinsvegar áætlaðar 300 þús. krónur. Þar munar þá 55 þús., sem tekjurnar eru hærri en gjöldin. Á landsreikningi fyrir árið 1925 má sjá, að tekjur af vitunum hafa numið 392 þús. kr. og árið sem leið munu þær hafa orðið yfir 300 þús. kr., 330—340 þús., eftir því sem jeg

best veit. Svo þótt bæði Hornvitinn og radiovitarnir verði bygðir, ættu útgjöld ríkissjóðs ekki að fara fram úr tekjum af vitunum. Og þó að gera megi ráð fyrir, að þessir radiovitar verði eitthvað dýrari í rekstri, er ekki líklegt, að útgjöldin fari fram úr tekjunum af vitakerfinu.

Til árjettingar því, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði um það, að til vitanna ætti að verja eigi minna en þeir gefa í aðra hönd, er gaman að athuga, hvað landið hefir lagt til vitanna á síðustu árum, og til samanburðar, hvað þeir hafa gefið ríkissjóði í aðra hönd. Á tímabilinu frá 1914—1925 hefir ríkissjóður lagt til vitanna 137 þús. krónum meira en vitagjöldin hafa gefið ríkissjóði í tekjur. En á hitt er að líta, að eignir vitakerfisins eru nú metnar á 1110900 krónur, og þetta er alt eign ríkissjóðs. Ef athugað er frá byrjun, frá því að vitagjöldum var fyrst komið á hjer, verður mismunurinn sá, að ríkið hefir alls lagt fram ca. 187 þús. krónum meira en vitagjöldin hafa numið. Og það er vitanlega ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkissjóður leggi meira til þessa en tekjurnar nema meðan vitakerfið er svo ófullkomið eins og það er enn. Hitt er ekki nema sjálfsagt, að ríkissjóður fái samsvarandi tekjur, þegar þessum málum hefir verið komið í gott horf. — Hvað snertir till. hv. fjvn. um það að fella niður byggingu Hornvitans, þá verð jeg að segja það, að mjer þykir einkennileg sú grein í nál. Hv. nefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að einhverjum framkvæmdum verði að fresta, og þá finst henni sjálfsagt að láta það koma þarna niður. Til samanburðar má benda á, hve mikil upphæð er árlega lögð til samgangna á landi. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt, ef ríkissjóði er það ekki um megn. En það má ekki vera gert á kostnað annara umbóta, sem skylt er að gera, ekki aðeins vegna skipaflota okkar, heldur vegna allra siglinga til og frá landinu.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það liggur nærri, að jeg geti fallið frá orðinu; það er svo lítið, sem jeg þarf að svara. Mjer þykir þó vöntun, að hæstv. stjórn skuli ekki vera hjer viðstödd, því að jeg þurfti að víkja til hennar örfáum orðum. Hæstv. forsrh. (JÞ), sem mest hefir um þetta mál að segja, kvaðst að vísu virða þá viðleitni nefndarinnar að vilja skila tekjuhallalitlum fjárlögum. En hann gat þess þó jafnframt til, að hækkunartill. nefndarinnar mundu verða samþyktar, en lækkunartillögur hennar feldar. Mjer kom þetta talsvert á óvart. Mjer fanst í þessum orðum hæstv. ráðh. liggja óbein yfirlýsing þess, að svona ætlaðist hann til, að farið yrði með till. nefndarinnar.

Jeg skal fyrst minnast á liðinn til ríkisráðsritarans, sem nefndin hefir lagt til, að yrði lækkaður um 2000 krónur. Það hefir verið upplýst, að sá maður hafi með höndum einhver störf við íslensku orðuna. Nefndin veit ekki, hve mikil störf þar er um að ræða, en hjer er nefnd, sem fjallar um þetta sama, svo að varla getur verið um ýkjamikil störf að ræða, sem þessi maður hefir á hendi vegna orðunnar. Nefndin getur því ekki fallist á, að þetta sje sönnun þess, að hjer sje farið fram á of mikla niðurfærslu. Hitt

vita allir, að sem ríkisráðsritari hefir maðurinn lítið að gera.

Þá taldi hæstv. ráðh. (JÞ), að kostnaður við hæstarjett væri færður of mikið niður. Nefndin leit svo á, að þessum manni, sem um er að ræða, mundi fljótlega verða fengið embætti; annars mundi hún ekki átelja, þó að einhver umframgreiðsla yrði að fara þarna fram. — Jeg get ekki verið að fara út í fleira, sem hæstv. ráðh. mintist á, af því að hann er ekki viðstaddur.

Skal jeg nú drepa á fáein atriði frá öðrum hv. þm. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) talaði um hækkun á tillagi til þelamerkurbrautar. Hann færði fram þá ástæðu, að ef unnið væri fyrir aðeins 10 þúsund, mundi nýi vegurinn enda í ófæru og kæmi því ekki að fullum notum. Jeg hefi átt tal um þetta við vegamálastjóra. Hann sagðist ekki geta sett sig á móti því, að þarna væri unnið frekar, en taldi ekki líklegt, að hægt yrði að vinna vorvinnu fyrir svona mikið fje. En ef horfið væri að því ráði að hafa þarna flokk manna yfir sláttinn, væri vafasamt, að menn fengjust, enda sú vinna dýr. Hann sagðist ætlast til, að þessi vegur yrði fullgerður 1929, og einnig brú yfir Bægisá. Nefndin lagði á móti þessari hækkun, fyrst og fremst vegna álits vegamálastjóra og svo vegna þess, að hún hafði hugsað sjer að takmarka sem mest fjárveitingar, sem þyldu bið.

Hv. þm. Barð. (HK) tók sína till. aftur, og þarf jeg því ekki að svara honum. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) þarf jeg ekki að svara heldur. Nefndin hefir óbundin atkvæði um till. hans um ferju á Hrosshyl.

Hv. þm. Ak. (BL) hefir flutt till. um greiðslu til Jóns Kristjánssonar veitingamanns á Akureyri, til að bæta honum skaða, er hann beið vegna sóttvarnarráðstafana. Þessi styrkbeiðni hefir legið fyrir tveimur undanförnum þingum, en fjvn. hefir jafnan verið á móti. Henni virðist óhugsandi, að þingið geti tekið að sjer að bæta mönnum svona skaða. Það hefir að vísu áður verið samþykt samskonar styrkbeiðni, en sú beiðni var ekki samþ. með atkv. fjárveitinganefndar. Það var deildin, sem rjeði. Nefndin hefir því enn lagst á móti þessari till.

Hv. 1. þm. Rang. (KlJ) er því miður ekki viðstaddur. En það væri ástæða til að þakka honum fyrir hönd nefndarinnar ummæli hans í hennar garð. Hann hefir líka oft áður viljað fylgja nefndinni í því að takmarka útgjöldin. Honum þótti það helst á skorta, að nefndin hefði sumstaðar gengið of skamt í lækkunaráttina, og nefndi til þess skrifstofukostnað sýslumanna og laun starfsmanna við spítalana. Nefndinni þótti ekki fært að lækka skrifstofukostnaðinn meira, því að störfin hafa farið vaxandi, sem þar koma til greina. Að því er snertir síðara atriðið hefir stjórnin lofað að taka í taumana, og þarf því ekki fleiri orð um það.

Hv. þm. Dal. (JG) á hjer till. um að ríkissjóður leggi fje til Vesturlandsvegar. Þetta hefir áður legið fyrir þinginu og verið felt. Jeg hefi leitað álits vegamálastjóra um þetta enn að nýju, og voru ummæli hans á þá leið, að hann gæti ekki álitið þetta tímabært mál. Það hefir ekki enn verið ákveðið, hvar vegur þessi skuli liggja, og engin kostnaðaráætlun gerð. Vega-

málastjóri kvaðst fyrst og fremst verða að leggja áherslu á að koma Norðurlandsveginum áleiðis og ekki geta mælt með þessari fjárveitingu að svo stöddu.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. G.-K. Hann átaldi nefndina mjög fyrir að leggja til að fresta byggingu Hornstrandavitans. Um leið og hann upplýsti, hver nauðsyn væri á að fá þessa radiovita, taldi hann sjálfsagt, að ljósvitarnir yrðu bygðir eins og fyrirhugað hefði verið. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að setja sig vel inn í þetta mál eða leita umsagnar vitamálastjóra. En henni hafði dottið í hug, að ljósvitarnir hefðu ekki eins mikla þýðingu eftir að radiokerfið væri komið á. Hv. sjútvn. hefir ekki getað gefið nefndinni neina ábyggilega fræðslu í þessu efni, svo varla er hægt að segja, að fjvn. sje mjög ásökunarverð fyrir þessa till. Hún er ekki borin fram í þeim tilgangi að gera sjútvn. eitthvað til miska, en þar sem taka varð það ráð að fresta framkvæmdum svo sem hægt væri, varð einhversstaðar að bera niður. Það kom til mála, að nefndin færi miklu lengra í frestunaráttina, ef þingið samþ. mjög mikil útgjöld, því að fjárlögin má ekki afgreiða með miklum tekjuhalla. En þar sem nefndin virðist nú ekki mega vænta stuðnings stjórnarinnar í þessu efni, er eðlilegt, að menn hugsi og tali um, hvort ekki sje rjettast að sleppa öllu lausu.

Að því er snertir till. sjútvn. um radiovita gat nefndin ekki annað, að órannsökuðu máli, en lagt á móti þeim. En hún vill gjarnan sýna samvinnu í þessu efni, ef sjútvn. vill koma og leita samkomulags.

Hæstv. atvrh. (MG) tók yfirleitt vel í till. nefndarinnar. Hann kvaðst mundu leitast við að færa niður kaup verkafólks við spítalana, en gat þess þó, að sum störfin væru ekki oflaunuð, og nefndi í því sambandi þvottakonur. En þeirra laun munu vera tiltölulega rýrust. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að fólk fengist ekki til þessara starfa nema fyrir hátt kaup. En það má benda á, að hjúkrunarkonulaun á Vífilsstöðum eru 3000 kr., en ekki nema 2400 á Kleppi, og er þó víst ekki ljettara starfið á Kleppi en Vífilsstöðum. Að minsta kosti hefir læknirinn á Kleppi sagt, að hvergi væri verra að vera starfsmaður í þessari grein en þar. — Jeg held jeg þurfi ekki að víkja að ræðu háttv. 1. þm. Reykv. að öðru leyti. Viðvíkjandi till. hans um liðinn til Jóns Kristjánssonar skal jeg láta þess getið, að meiri hl. fjvn. hefir tjáð sig þar á móti.

Jeg held jeg hafi þá svarað flestu, sem sjerstaklega var ástæða til.

Jeg skal geta þess, að nefndin hafði gleymt að bera fram till. um eftirgjöf á láni til sjúkraskýlis á Þórshöfn, en það verður gert við 3. umr.

Jeg býst ekki við, að mjer gefist frekara tilefni til andmæla, og vænti þess, að atkvæðagreiðsla geti farið fram sem fyrst.

Ólafur Thors: Það er örstutt athugasemd. Jeg vildi fyrir hönd sjútvn. þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir undirtektir hans undir till. nefndarinnar. En þar sem hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, skal jeg ekki fara út í að ræða einstök atriði, sem annars var ástæða til að minnast á og ágreiningi gætu valdið.

Hæstv. atvrh. stakk upp á, að sjút-

vn. tæki till. aftur til 3. umr. og kæmi þá aftur með sömu upphæð, sem skyldi varið annaðhvort til Hornstrandavitans eða þriggja radiovita. Jeg álít, að við eigum kröfu á að fá hvorttveggja. En ef annað verður að víkja, þá kýs jeg heldur að fá radiovitana.

Jeg ætla svo aðeins að segja örfá orð út af ummælum hv. frsm. (ÞórJ). Hann kvaðst hafa spurt mig, hvort Hornstrandavitinn væri nauðsynlegur, ef radiokerfið kæmist á, sem jeg hefi áður talað um. Jeg sagði hv. frsm., að jeg væri ekki dómbær um það, en nú get jeg frætt hann á því, að jeg hefi spurt vitamálastjóra um þetta, og hann telur alveg nauðsynlegt, að höfuðvitarnir, sem búið er að áætla, verði reistir jafnframt, með hliðsjón af minni skipum, sem engin radiotæki hafa.

Hv. frsm. vildi gefa í skyn, að fjvn. hefði felt niður þessa fjárveitingu til Hornstrandavitans af því að nefndinni væri kunnugt um, að radiovitar væru að ryðja sjer til rúms. Það er eflaust rjett, en það vekur þá spurningu hjá okkur hinum, sem erum að berjast fyrir rjetti sjófarenda, af hverju hv. fjvn. hefir ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til radiovitanna. Það er bert af nál., að tilgangurinn er ekki sá, að veita fje til slíkra vita nú, því að í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ætlast nefndin til þess, að í framtíðinni, þegar reynslan hefir enn frekar staðfest það álit, sem nú er á vitum þessum, og fjárhagurinn jafnframt leyfir, að þessari nýju vitategund verði sýndur maklegur stuðningur í fjárframlögum."

Af þessu er bert, að tilgangur nefndarinnar er sá, að vitamálin verði ríkissjóði tekjustofn 1928. Annars vil jeg feginn þiggja stuðning hv. nefndar í þessu máli og mun ekki deila frekar á hana, því það kynni að verða til þess að orsaka tregðu frá hennar hálfu um stuðning við málið. Jeg skal þess vegna verða við að taka tillögu sjútvn. aftur til 3. umr. Ástæða mín til þess er meðfram sú, svo að jeg vitni í einkasamtal við hv. frsm. eins og hann vitnaði í einkasamtal við mig, að hv. frsm. hefir látið á sjer skilja við mig, að ef fjvn. fái tækifæri til þess að ræða málið og athuga það, þá megi telja vísan stuðning fjvn. í þessu máli.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) taldi, að fjvn. hefði ekki felt niður fjárframlög til Hornstrandavita til þess að taka inn radiovita. Það er alveg rjett og það var af ráðnum hug, að nefndin gerði það, því að, eins og þegar hefir komið fram, grunaði hana, að Hornstrandavitinn væri óþarfur, en vildi hinsvegar fá fyllri reynslu um radiovitana en fengin er. En hvernig samkomulag verður milli fjvn. og sjútvn., er annað mál. Jeg hefi aldrei sagt hv. 2. þm. G.-K., að fjvn. mundi fallast á þetta mál. Jeg gat ekkert um það vitað, en hitt sagði jeg, að jeg væri því ekki óhlyntur. En vitanlega er það svo um fjvn., að ef eitthvert mál er borið undir hana af fullu viti og sanngirni, tekur hún það altaf til greina.

Hv. þm. hefir að óþörfu farið hörðum orðum um afstöðu fjvn. í þessu máli. Vitamálastjóri hefir aldrei komið á þann stað, sem um er að ræða og Hornviti á að standa, og veit ekki hversu hæfur hann er. Sömuleiðis er

nú upplýst, að þar muni enga byggingu þurfa yfir vitavörð, og margt fleira mætti telja.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð til leiðrjettingar því, sem hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að stjórnin vildi ekki veita fjvn. fylgi í því að afgreiða fjárlögin án tekjuhalla. Jeg hjelt þó, að jeg hefði tekið vel í það, enda er mjer óhætt að segja, að það er jafneinlæg ósk stjórnarinnar eins og hv. nefndar. Hitt, sem jeg sagði um líkurnar fyrir meiru fylgi við hækkunar- en lækkunartillögur, ber fremur að skoða sem svartsýnisspádóm af minni hálfu en þannig, að stjórnin vilji draga úr sínum stuðningi við áform hv. fjvn. Jeg get að vísu ekki stutt hv. nefnd með mínu atkv. í þessari þingdeildinni, en jeg vildi segja þessi orð, til þess að enginn misskilningur ætti sjer stað um stefnu stjórnarinnar í þessu máli.

Hákon Kristófersson: Mjer skildist á hv. frsm. (ÞórJ), um kaup starfsfólksins á Kleppi, Laugarnesi og Vífilsstöðum, að ummæli hans væru aðeins bending til hæstv. stjórnar um þá niðurfærslu, sem nefndin hefir gert. Jeg verð að líta svo á, að hv. fjvn. hafi farið alt of skamt í þessu efni, og jeg vil beina þeirri áskorun til hæstv. stjórnar að láta málið til sín taka, því að þetta kaup er ekki í nokkru samræmi við hliðstæða kaupgreiðslu víðsvegar á landinu.

Það virðist ekki vera óviðeigandi, að hv. þm. Str. (TrÞ), sem sæti á í hv. fjvn. og er málsvari bænda hjer á Alþingi, ljeti þetta mál til sín taka. Það nær engri átt, að ábyrgðarlausir vinnumenn skuli fá 150 krónur á mánuði og frítt húsnæði, ljós og hita, þegar tekið er til samanburðar kaupgjald annara manna, t. d. margra embættismanna. Það er því ósk mín, að hæstv. stjórn taki í taumana og sýni, að hún láti málið til sín taka, svo hinar stóru misfellur, sem hjer eiga sjer stað, verði lagaðar.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir undirtektir hans undir till. mína um hækkun framlags til þelamerkurvegarins. Hann sagði, að ef bærilega stæði á 1928, þá mundi hann vilja styðja að því, að unnið væri að þessum vegi fyrir 20 þús. kr., þannig að notuð verði fyrirfram fjárveiting í fjárlögunum 1929.

Eftir atvikum get jeg verið mjög ánægður með þessar undirtektir. Komist þetta í framkvæmd, þá hefi jeg náð því takmarki, sem tillaga mín stefndi að, sem sje, að þessum vegarkafla verði lokið á árinu 1928. Jeg sje því ekki ástæðu til þess að halda tillögu minni til streitu að þessu sinni og læt hæstv. forseta vita, að jeg tek hana hjer með aftur.

Þar sem till. mín er tekin aftur, er gagnslaust að vera að svara hv. frsm. (ÞórJ) að því leyti, sem hann vjek að henni. Jeg get aðeins tekið fram, að jeg skil ekki, að ekki sje hægt að vinna fyrir þessar 20 þús. kr. yfir vorið. En sem sagt skiftir það engu máli að fara lengra út í þetta, þar sem jeg hefi tekið till. aftur í trausti til ummæla hæstv. atvrh.

AÞKVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 284,I tekin aftur.

— 233,1 samþ. með 17:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseti (BSv): Um brtt. á þskj. 233,2 hafa komið fram þær skoðanir, bæði frá hæstv. stjórn og einstökum hv. þm., að hún mundi brjóta bág við lög, og hefir því verið vikið til úrskurðar forseta, hvort sú tillaga mætti koma til atkvæða.

Um sendiherra í Kaupmannahöfn eru lög frá 1921, og segir svo í 1. gr. þeirra: „Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar", o. s. frv. Ennfremur segir í 2. gr.: „Laun sendiherra, húsaleiga, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga".

Samkvæmt þessum lagaákvæðum virðist mjer, að það sje vafalaust, fyrst, að sendiherra sje í Kaupmannahöfn, og í öðru lagi, að ákvæði um laun hans skuli standa í fjárlögum. — Brtt. á þskj. 233,2 brýtur því bág við lög og kemur ekki til atkvæða.

Brtt. 233,3 samþ. með 14:9 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 233,4 samþ. með 17:9 atkv.

— 233,5 samþ. með 21:4 atkv.

— 233,6 samþ. með 19:3 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 284,II tekin aftur.

Brtt. 284,III samþ. með 15:10 atkv.

— 233,7 samþ. með 21:1 atkv.

— 233,8 samþ. með 21:1 atkv.

— 233,9 samþ. án atkvgr.

— 233,10 samþ. með 21:1 atkv.

— 284,IV.a—b teknar aftur.

— 233,11 samþ. með 18:4 atkv.

— 233,12 samþ. með 19:1 atkv.

— 284,V samþ. með 14:11 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 284,VI tekin aftur.

— 284,VII tekin aftur.

— 233,13 samþ. með 20:6 atkv.

— 294,I tekin aftur, en tekin upp af þm. Borgf. (PO) og feld með 16:7 atkv.

— 284,VIII samþ. með 20:4 atkv.

— 233,14 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 233,15 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 233,16 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 233,17 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 233,18 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, HStef, IngB, JG, JK, JS, JörB, MG, MT, PO, Þþ, SvÓ, Trþ.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, JakM, JAJ, JÓl, KlJ, ÓTh, SigurjJ, BSv.

Tveir þm. (HjV, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 284,IX tekin aftur, en tekin upp af 1. þm. Reykv. (JakM) og feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JG, JÓl, JörB, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, BSv.

nei: IngB, JK, JS, KlJ, MG, MT, PO, Þþ, Trþ, ÞorlJ, ÞórJ, HStef, HK.

Tveir þm. (MJ, HjV) fjarstaddir.

Brtt. 233,19 samþ. með 19 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 21, 233, n. 234, 284, 294, 304).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mun ekki fremur venju fara út í almennar aths. við þennan kafla fjárlagafrv. Jeg vil þó geta þess, að fjvn. bárust fleiri erindi en nokkru sinni áður, og var tekið harðar á þeim en venja hefir verið.

Fjvn. leggur til, að 14. gr. fjárlagafrv. hækki um 41500 kr., 15. gr. um 1800 kr., 16. gr. um 63730 kr., 17. gr. um 1000 kr. og 18. gr. um 7208 kr. Samtals eru þá hækkanir nefndarinnar á þessum kafla 115238 kr. Á móti þessari hækkun koma svo lækkunartill., sem nema 17040 kr., svo að nettóhækkun nefndarinnar á þessum kafla frv. nemur 98198 kr. Svo hafa einstakir hv. þm. borið fram till., sem nema 104250 kr. hækkun, svo að allar hækkunartillögur á þessum kafla, bæði nefndarinnar og einstakra þm., nema samtals 202448 kr.

Sje nú þessi útkoma borin saman við samskonar tillögur undanfarinna ára á þessum kafla, þá hefir fjvn. lagt til þessar nettóhækkanir: 1925 220 þús. kr., 1926 170760 kr. og nú í ár 98198 kr., sem er ekki alveg helmingi lægra en í fyrra. En nettóhækkunartill. einstakra þm. eru þessar: 1925 380 þús. kr., 1926 128680 kr. og 1927 202448 kr.

1. brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. er sú, að nefndin leggur til, að greitt sje 5000 kr. álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar. Jeg get vísað í ummæli nefndarinnar í nál. Það má telja víst, að samkomulag náist við söfnuðinn á þessum grundvelli um afhending kirkjunnar, og telur nefndin rjett, að að því sje stefnt, að söfnuðum verði afhentar þær kirkjur, sem enn eru í umsjón landsins. Um aldamót var gert ráð fyrir, að ríkissjóður þyrfti að borga 3200 kr., og ef það er borið saman við núverandi verðgildi peninganna, þá er þessi upphæð, sem nú er farið fram á að borga með, raunverulega lægri. Það er skylda ríkissjóðs eins og hvers annars kirkjuhaldara að halda kirkjunum vel við, og það verður ekki staðið á móti því að búa kirkjurnar orgelum og ofnum. Söfnuðurinn hefir borið fram kröfu um þetta og áður en langt líður verður að reisa kirkjuna að nýju. Nefndin áleit því frá fjárhagslegu sjónarmiði rjettast og hyggilegast að losna við kirkjuna og telur, að best verði sjeð fyrir henni, ef söfnuðurinn annast hana sjálfur. Biskup hefir mælt með afhendingunni á þessum grundvelli, og hæstv. dómsmrh. (MG) hefir óskað þess, að nefndin bæri þessa tillögu fram.

Næsta brtt. nefndarinnar er sú, að fella niður námsstyrkinn til Markúsar Kristjánssonar. Þar sem nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að sinna neinu af hinum mörgu styrkbeiðnum til náms ytra, vill hún, samræmisins vegna, láta sama gilda um þennan námsmann.

Þá er 22. brtt. um 1500 kr. til vornámsskeiðs fyrir barnakennara. Frá

því að kennaraskólinn var stofnaður og alt til 1923 voru þessi námsskeið haldin á hverju vori. Aðsókn var mikil, 15—20 manns á hverju námsskeiði. Þessi námsskeið kosta lítið, kenslukraftar eru þeir sömu og námsskeiðskenslan liður í starfi þeirra. Húsnæðið er til og um upphitun er ekki að ræða úr miðjum maí og í júní. Það er mikil hressing, mikil vakning fyrir kennarana að koma hingað t. d. 5. hvert ár, og þessi styrkur á að gera þeim kleift að sækja námsskeiðið. Skólastjóri kennaraskólans, sjera Magnús Helgason, hefir mælt mjög fastlega með því, að styrkur þessi verði veittur.

Næst kemur 23. brtt., um 9000 kr. viðbótarfjárveitingu til Hvanneyrarskóla. Um bændaskólana er það að segja, að eins og hv. þm. muna, var í fyrra veitt fje í fjárlögum til búauka á Hólum. Skólastjóri setti það sem skilyrði fyrir því, að hann tæki við búinu, að það væri aukið, og var fallist á það. Ennfremur var byrjað að veita til fjárhúss og hlöðu á Hólum og nú er í stjfrv. aftur veitt fje til þessa, enda vita það allir kunnugir, að staðurinn er, eins og er, alls ekki viðunanlega húsaður. Hliðstætt erindi barst nefndinni frá skólastjóranum á Hvanneyri. Fjósrúm og hlöðurúm er orðið óviðunandi lítið, svo að búið líður mjög við. Auk þess þarf gamla fjósið höfuðaðgerðar við, sem skólastjóri framkvæmir á eiginn kostnað. Hefir húsameistari gert áætlun um viðbót við fjósið og nýja hlöðu. Vegna aðstöðu annara húsa verður hlöðurúmið sjerlega ódýrt. Áætlunarupphæðin nemur 18 þús. kr. Leggur nefndin til, að helmingur þeirrar upphæðar verði veittur nú, en helmingur bíði næsta árs.

Þá er komið að Blönduósskólanum. Nefndin leggur til, að honum verði veittar 6000 kr. til raflýsingar. Þess var getið í fyrra, að hann hefði ekki fengið hlutfallslega jafnháan styrk upp í stofnkostnað sinn og aðrir skólar, og svo er enn. Þessi skóli hefir verið prýðilega rekinn, kenslan hefir verið góð og skólinn vel sóttur. Hefir reglugerð skólans verið breytt og námstíminn lengdur, svo að hann nær nú frá 15. sept. til 20. júní, án þess að farið hafi verið fram á hærri rekstrarstyrk. Í fyrra var veitt fje til miðstöðvar upp í skuld ríkissjóðs við skólann, vegna vangoldins stofnstyrks; nú leggur nefndin til, að veitt verði fje til raflýsingar í skólanum. Eins og sjá má af þessari tillögu, og fleirum, sem á eftir fara, hefir nefndin fallist á að veita meira fje en áður til húsmæðrafræðslunnar í landinu; álítur nefndin, að ríkið hafi vangert í því efni hingað til, en þar sje um að ræða mjög þýðingarmikla fræðslu. — Óski einhverjir háttv. þm. frekari upplýsinga um Blönduósskólann, mun hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) geta gert betur grein fyrir honum.

25. brtt. er orðabreyting á aths. samkvæmt ósk fræðslumálastjóra.

Næst kemur 26. brtt., um styrk til unglingaskóla, að í staðinn fyrir 38 þús. komi 45 þús. kr. Um þetta atriði leitaði nefndin umsagnar fræðslumálastjóra, og gat hann þess, eins og kemur fram í nál., að vöxtur þessara skóla væri svo mikill, að óhjákvæmilegt sje að hækka styrkinn til þeirra,

svo framarlega sem ríkið ætlar að styrkja þá í eitthvað svipuðum stíl og áður. Samkv. brjefi fræðslumálastjóra hafa hjeraðsskólarnir hvergi nærri fengið svo mikinn styrk sem athugasemdin gerir ráð fyrir og sem ætlað er, að hinn væntanlegi samskóli Reykjavíkur fái, samkv. frv. hæstv. stjórnar. Um stærstu skólana gildir t. d., að eftir því hlutfalli, ¾ af kostnaði við skólahaldið, hefði Hvítárbakkaskólinn árið sem leið átt að fá 12668 kr., en hann fjekk 9100 kr. Laugaskóli hefði átt að fá 16767 kr., en hann fjekk 10500 kr., og Núpsskólinn hefði átt að fá 8081 kr., en hann fjekk 6000 kr. Aðrir skólar, t. d. unglingaskólinn á Ísafirði, hafa líka orðið hart úti. Fræðslumálastjóri lagði til að hækka þennan styrk upp í 50 þús. kr., en nefndin treysti sjer ekki til að fara hærra en í 45 þús. kr. En þó að það verði samþykt, þá er þó ekki nærri eins vel búið að þessum skólum eins og t. d. Flensborgarskóla, kennaraskólanum í Reykjavík og Eiðaskóla.

27. brtt. er um aukinn styrk til kvenfjelagsins „Ósk“ á Ísafirði, til húsmæðraskólahalds. Nefndin leggur til að hækka styrkinn úr 3000 kr. upp í 5000 kr. Lá fyrir nefndinni umsókn, þar sem gerð var grein fyrir því, að kostnaðurinn við rekstur skólans hefði farið fram úr 10 þús. krónum í fyrra. Skólinn er mjög myndarlega rekinn og hefir náð miklu áliti. Kvenfjelagið óskaði eftir 8 þús. kr. styrk, en nefndin treysti sjer ekki til að fara hærra en þetta.

Þá vill nefndin enn leggja til, að húsmæðrafræðslan í landinu sje styrkt með því að veita með venjulegum skilyrðum ⅔ stofnkostnaðar til væntanlegrar húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga á Litlu-Laugum, alt að 11 þús. kr. Jeg tel ekki þörf í sambandi við þessa tillögu, fremur en í sambandi við hinar, að gera sjerstaka grein fyrir nauðsyn húsmæðrafræðslunnar. En það liggja alveg sjerstakar ástæður til þess að taka þessari fjárbeiðni vel. Laugaskólinn er rekinn með meiri myndarbrag en nokkur hjeraðsskólanna og betur að honum búið en nokkrum öðrum. Það er því sjerlega aðlaðandi að koma þar upp fjölbreytilegri kenslu. Vitanlega gætu báðar þessar skóladeildir haft hinn besta styrk hvor af annari, kenslukraftar notast betur o. s. frv. Þá hafa þingeyskar konur svo myndarlega hafið fjársöfnun til þessa skóla, að einsætt þykir, að fjárveitingavaldið komi á móti þeim áhuga. Hafa þær haft forgöngu: Helga Kristjánsdóttir, kona Arnórs skólastjóra á Laugum, Kristbjörg Marteinsdóttir, ekkja Sigurðar Jónssonar ráðherra, og Hólmfríður Pjetursdóttir, ráðherra Jónssonar, kona Sigurðar á Arnarvatni. Liggur fyrir þinginu mjög rökstutt erindi frá þeim um nauðsyn þessa máls, og það ætla jeg, að hjer sje um að ræða eitt stóra sporið í fræðslumálum okkar og vildi gjarnan, að þingið sæi sóma sinn að styðja þessa merku starfsemi. Fjárhæðin er sett með hliðsjón af áætlun Jóhanns húsameistara Kristjánssonar, sem fylgdi umsókninni.

Um 29. brtt. nægir að vísa til nál. Þar er aðeins um leiðrjettingu að ræða.

Erindi barst nefndinni frá hinu nýstofnaða Færeyjafjelagi „Grími Kambaní“ um styrk til starfsemi, sem það vill reka. Standa að því fjelagi ýmsir mætir mentamenn hjer í bænum og Færeyjavinir. Tilgangur fjelagsins er að efla menningarsamband milli Íslands og Færeyja. Telur nefndin fjelag þetta þarft og nauðsynlegt, en hún lítur svo á, sem meiru skifti fyrir það að fá á sig opinberan stimpil en að fjárhæðin sje há, og leggur til, að því sje veittur 300 kr. styrkur.

Dr. Jón Stefánsson hefir tvisvar áður fengið styrk af opinberu fje til Íslandssögu á ensku, sem hann hefir í smíðum, og enn leggur nefndin til, að honum sje veittur 1500 kr. styrkur í því skyni að gera honum fært að hafa mikið af vönduðum myndum í bókinni.

Jeg skal geta þess, að dr. Jón Stefánsson hefir skrifað nefndinni erindi, sem jeg býst við, að háttv. þm. þætti fróðlegt að lesa. Nefndin treystir vel manninum til þessa starfa og vill styðja að því, að sagan geti orðið sem myndarlegust. (**KlJ**: Það eiga að vera nýjar myndir). Já, það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. Rang. (KlJ), að hjer er um nýjar myndir að ræða, sem kasta munu nýju og skýrara ljósi yfir menningarsögu Íslendinga, sjerstaklega að því er viðskifti við England snertir.

31. brtt. nefndarinnar er viðvíkjandi listamannastyrknum. Er hún borin fram eftir ósk hæstv. dómsmrh. (MG). Honum þóttu tormerki á því að úthluta styrknum, er enginn mátti fá minna en 1000 kr. Meiri hl. nefndarinnar vildi því leggja til, að í stað 1000 kr. komi 500 kr.

32. brtt. er sjálfsögð, þar eð sá mæti maður er látinn. Jeg skal geta þess, að nefndin mun bera fram brtt. síðar um styrk í 18. gr. til ekkju hans.

33. brtt. er um það að fella niður af 15. gr. styrkinn til veðurathugana. Það fer betur á því að taka hann heldur upp í 16. gr.

Þá kem jeg að brtt. við 16. gr. Fyrsta brtt. þar, sem er 34. brtt. nefndarinnar, er um það að fella niður styrkinn til dýralækninganáms. Eins og segir í nál., lýkur sá maður prófi á þessu ári, sem þennan styrk hefir haft. Nefndinni er ókunnugt um, að nokkur annar maður sje að stunda þetta nám. Sjer hún ekki ástæðu til þess að láta þennan lið standa áfram í fjárlögum.

35. brtt. er um veðurstofuna. Jeg skal geta þess, að niðurstaða upphæðanna er sú sama og var í 15. gr. Einnig vil jeg geta þess, til athugunar fyrir skrifstofuna, að það þarf að útfæra heildarupphæðina síðar. Nefndinni þótti rjett að sundurliða upphæðina fyrir þm., svo að það komi skýrt fram, hvernig fjenu væri varið. En sundurliðunin er gerð eftir till. forstöðumannsins, og hefir nefndin þar engu breytt.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka styrkinn til Fiskifjelags Íslands um 5000 kr. Hjer er þó ekki um hækkun að ræða frá því í fyrra, því að í núgildandi fjárlögum eru veittar 70 þús. kr., en í stjfrv., sem nú liggur fyrir, er þessi upphæð lækkuð. Forseti fjelagsins kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þörfum fjelagsins og upplýsti, hvernig fjenu væri varið. Nefndin álítur, að ekki beri að lækka styrkinn. Annars munu

sumir aðrir þm. vera fróðari í þessum sökum en jeg, og býst jeg við, að þeir muni gera frekari grein fyrir þessu, ef því verður mótmælt.

37. brtt. nefndarinnar er aðeins leiðrjetting á óaðgæslu í stjfrv., eins og segir í nál. Það eru talin laun eins matsmannsins í staðinn fyrir laun þeirra allra.

Um 38. brtt. get jeg verið stuttorður. Í nál. er gerð grein fyrir umsóknum um styrk til bryggjugerðar. Nefndin leggur til, að þessi liður verði lækkaður um 5000 kr. En umsóknirnar frá Breiðdalsvík, Búðardal og Akranesi telur hún alveg sjálfsagðar. Hjer er um mjög þarfar og nauðsynlegar umbætur að ræða. Liggja fyrir nefndinni skjöl viðvíkjandi þessum mannvirkjum, og get jeg vísað til þeirra og svo nál.

Þá hefir nefndin tekið aftur upp í fjárlögin styrk til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, og nemi hann helmingi kostnaðar. Hafa áður verið veittar til þessa verks 10 þús. kr. Af þeim hafa nú verið notaðar 4600 kr., og eru því 5400 kr. endurveiting. Það sjest á till., að nefndin hefir fallist á þá ósk þeirra manna, sem hlut eiga að máli, að ekki verði krafist nema helmings framlags á móti, eins og gert er viðvíkjandi brimbrjótnum í Bolungarvík. Ástæðurnar fyrir þessari ósk eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi hefir kauptúnið orðið fyrir því áfalli, að stærsta verslunarfyrirtækið, Ingólfur, sem þar hefir verið, starfar nú ekki lengur. En það var einmitt einn stærsti þátttakandinn í kostnaðinum við að dýpka Snepilrásina. Kemur hann því þyngra niður á hinum, sem eftir eru. Þá verður hlutfallslega dýrari grafturinn eftir því sem dýpkar. Í þriðja lagi hefir þorpið orðið fyrir miklu áfalli, eins og kemur fram í annari till., við brunann í vetur. Nefndin verður því að fallast á, að ekki komi nema helmingur á móti framlagi ríkissjóðs.

Þá er 40. brtt., þar sem nefndin leggur til, að veittar verði 20 þús. kr. styrkur til brimbrjótsins í Bolungarvík, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Það er enginn nýr gestur, sem hjer um ræðir. Síðan 1910 hefir hann meira og minna staðið í fjárlögum. Það var sagt í hitteðfyrra, er nefndin lagði til, að 16 þús. króna lán, sem tekið var til hans, yrði gefið eftir, að það yrði þá skoðað sem lokaveiting. Samt var enn veitt til hans í fyrra. Loks hefir nefndin nú ekki sjeð sjer annað fært en að verða við óskum manna þar vestra. Samkvæmt athugunum hygg jeg, að búið sje að veita til brimbrjótsins af opinberu fje rúmlega 83 þús. kr. Verður því upphæðin um 100 þús. kr., ef samþ. verður að veita þessar 20 þús. kr., sem nefndin leggur til. Ástæðan fyrir því, að nefndin hefir lagt þetta til, er sú, að upplýst hefir verið, að það er um líf eða dauða að ræða fyrir þorpið að fá gert við þetta mannvirki, enda hafa þorpsbúar lagt mikið á sig til að koma því upp og halda því við. En það, sem þegar hefir verið unnið við það, er í hættu, ef verkið verður ekki fullgert sem fyrst. Jeg býst við, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) muni geta gefið frekari upplýsingar, ef þess yrði óskað. Ekki getur þó nefndin fallist á þá aðferð, sem höfð er af hálfu hreppsnefndarinnar í Hólshreppi, að vilja snúa baki við allri fagþekkingu um

eftirlit með verkinu og færa þannig áætlunina meira niður en eðlilegt er. Nefndin getur ekki sætt sig við það, og um leið og hún leggur til, að styrkurinn verði veittur, vill hún beina því til hæstv. stjórnar að hafa svo gott eftirlit með verkinu, að það verði forsvaranlega af hendi leyst. Eins og kunnugt er, áætlar hreppsnefndin kostnaðinn um 70 þús. kr., en vitamálastjóri áætlar hann allmiklu hærri. Hjer er ekki gert ráð fyrir að veita alt, sem veita þarf til þessara framkvæmda, heldur verður það auðvitað á valdi síðari þinga, hvort þau vilja veita meira síðar.

Þá er 41. brtt. Er það líka gamall kunningi. Niðursuðuverksmiðjan „Mjöll" hefir nokkrum sinnum áður fengið styrk. Í núgildandi fjárlögum eru henni veittar 2 kr. á hvern kassa mjólkur, sem hún framleiðir. Nú leggur nefndin til, að verksmiðjan fái 1 kr. og 50 aura á hvern kassa, alt að 6000 kr. En þótt nefndin lækki þannig styrkinn um ¼, vill hún samt halda áfram að styrkja þessa starfsemi. Gerist þess og þörf, þar sem slík fyrirtæki eiga oft við mikla byrjunarerfiðleika að stríða. Er því nauðsynlegt að styrkja þau í fyrstu.

42. brtt. er um mál, sem áður hefir legið fyrir þinginu. Nefndin leggur til, að kvenfjelagi Hvammshrepps í Mýrdal verði veittar 600 kr. til heimilisiðnaðarnámsskeiðs. Er þetta sama upphæð og stendur í núgildandi fjárlögum, en stjórnin hefir lækkað hana um ¼ hluta. Liggur erindi þaðan að austan fyrir nefndinni. Hefir fjelagið rekið þessa heimilisiðnaðarkenslu prýðilega og er mjög vinsælt, enda eru námsskeiðin vel sótt. Nú hefir það ákveðið að auka þessa starfsemi sína, og mælir því öll sanngirni með því, að það fái sama styrk og áður.

Að því er snertir 43. brtt. get jeg vísað til nál. Fyrir nefndinni lá erindi frá Jóni Sívertsen skólastjóra verslunarskólans um styrk til utanfarar, til þess að kynna sjer starfrækslu erlendra kaupþinga. Fylgdi því langt erindi um nauðsyn þess vegna afurðasölu og verðbrjefasölu, og eindregin meðmæli frá verslunarráðinu. Nefndin getur fallist á nauðsyn þess að undirbúa stofnun kaupþings hjer á landi. Leggur hún því til, að þessi styrkur verði veittur, og komi hann í stað þess styrks, sem verslunarráðið fær til símskeytasendinga, sem fremur virðist eiga að koma til greina eftir að kaupþingið er stofnað.

44. brtt. er um það, að hætt verði að starfrækja Helgustaðanámuna. Leggur nefndin til, að liðurinn falli niður og vill helst, að hætt verði við framleiðsluna þegar á þessu ári. Get jeg vísað til nál. og landsreikninganna í þessu efni. Náman er nú ávalt rekin með tapi. Hefi jeg fyrir mjer ummæli fjármálaráðuneytisins um það, að litlar líkur sjeu fyrir því, að 70 þús. kr. lánið, sem tekið var til þessarar starfsemi, fáist endurgreitt. Mikið af silfurbergi er fyrirliggjandi, en lítið selst. Er því ástæðulaust að vera að grafa meira. En nefndin vill, að stjórnin fái sjer ódýrari aðstoð en nú er til þess að sjá um sölu silfurbergsins. Hefir sumum nefndarmönnum komið til hugar, að stjórnin fengi t. d. hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem mjög er vel að sjer í þessum efnum, sjer til aðstoðar við sölu silfurbergsins, ef hann gæfi kost á sjer til þess.

Tvö fordæmi eru fengin fyrir því að veita styrk til að gera fossa laxgenga, er skýr gögn hafa verið lögð fram og tilskilið framlag annarsstaðar að. Nú liggur hjer fyrir erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands um styrk til þess að gera Lagarfoss laxgengan. Rannsókn hefir farið fram um það, hvort líkindi væru til þess, að lax gengi í Lagarfljót, ef fossinn yrði gerður laxgengur, og jafnframt, hvort hægt væri að gera hann laxgengan. Vegamálastjóri hefir áætlað kostnaðinn við þetta 10 þús. kr. Nefndin leggur til, að styrkurinn verði veittur á sama grundvelli og áður hafa verið veittir styrkir til slíkra fyrirtækja og í sama hlutfalli, sem sje ⅓ kostnaðar. Ef þetta gengur vel, er ekki að efa, að það geti komið að gagni fyrir stór hjeruð. Og þegar á það er litið, virðist miklu rjettmætara að veita þennan styrk heldur en þá, sem veittir voru í fyrra, þar sem um mun minna gagn var að ræða, jafnvel þótt vel takist.

Þá kem jeg að 46. brtt., sem er um það að lækka framlag ríkissjóðs til að gera skipulagsuppdrætti úr 6000 kr. niður í 4000 kr. Þetta er gamalt deilumál. Stóð það glögt í fyrra og sundruðust þá um það allir flokkar, en þó tókst ekki að fella það. Lítur nefndin svo á, að ríkinu skuli heimilað að leggja fram fje til þessa, en það miðist við það, hve mikið unnið er. Hinsvegar þótti henni rjett að draga ofurlítið saman seglin, og vill því lækka þessa upphæð um ⅓ hluta.

Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð um 47. brtt. a, sem er styrkur til flugnáms, 2000 kr. Nefndin hefir ekki bundið þessa fjárveitingu við neinn sjerstakan mann. En það getur haft þýðingu á sínum tíma, að stjórnin hafi hjer fje til þess að ráðstafa, ef þurfa þykir.

Síðasta brtt. við 16. gr. er um 10 þús. kr. styrk til Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns, en er bundinn því skilyrði, að honum verði varið til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni, sem hreppurinn tók vegna brunans. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. Árn. (MT og JörB) geri frekari grein fyrir þessu, ef þurfa þykir. Við þennan bruna mistu margir smáatvinnurekendur aleigu sína. Þá eyðilögðust bæði veiðarfæri og beita, sem þeir höfðu tekið lán til þess að geta útvegað sjer. Stóð því hreppurinn mjög höllum fæti. Fiskiveiðasjóðurinn kom til hjálpar og veitti hreppnum 5000 kr. styrk og landsstjórnin veitti honum 10 þús. kr. viðlagasjóðslán, eins og minst hefir verið á. Vitanlegt er, að eins og sakir standa, eru engin líkindi til þess, að lánið verði hægt að borga. Nefndinni þótti rjett að láta þetta koma fram sem styrk, en með því skilyrði, að viðlagasjóðslánið yrði greitt með honum.

Við 17. gr. er aðeins ein brtt. Er hún um það að hækka styrkinn til stórstúkunnar upp í 10 þús. kr., eins og hann var í fyrra. Jeg býst við, að menn sjeu alment sammála um, að góður árangur hefir orðið af þessari bindindisstarfsemi. Útbreiðsla fjelagsins er nú meiri en nokkru sinni áður. Vona jeg því, að hv. þdm. sjeu fúsir til að veita því lið. Orðalaginu vill nefndin líka breyta eftir ósk stórstúkunnar.

Þá kem jeg að brtt. við 18. gr. Þarf jeg lítið um þær að segja, enda eru þær sjálfsagðar.

Sigvaldi Kaldalóns læknir hefir nú fengið embætti í Flatey og er því ekki ástæða til þess, að hann fái eftirlaun í 18. gr.

50. brtt. er styrkur til ekkju Ólafs Gunnarssonar læknis. Gerir nefndin ráð fyrir því, að hún fái einnig venjuleg eftirlaun úr ríkissjóði og framlag með börnunum.

51. brtt. er um eftirlaunaviðbót til tveggja presta, sjera Björns Þorlákssonar á Dvergasteini og sjera Stefáns Jónssonar á Staðarhrauni. Er þessi uppbót veitt til þess, að eftirlaun þeirra komist upp í 1000 kr.

Nefndin vill hækka eftirlaun Helgu Skúladóttur, ekkju sjera Pjeturs Jónssonar á Kálfafellsstað, um 230 kr., og verða þau þá samtals 300 kr.

Þá vill nefndin veita ekkju Þorvalds Arasonar póstafgreiðslumanns 300 kr. styrk. Þorvaldur var lengi starfsmaður hins opinbera og reyndist hinn nýtasti maður.

54. brtt. er um eftirlaun þriggja pósta. Hefir aðalpóstmeistari eindregið mælt með þeim öllum, enda hafa þeir starfað lengi í þjónustu landsins. Liggja fyrir erindi frá þeim öllum.

Þá er 55. brtt., sem er skáldastyrkur til Einars Benediktssonar. Kom erindi frá prófessorum heimspekideildar háskólans og landsbókaverði þess efnis, að Einari Benediktssyni yrðu veitt árlega hæstu prófessorslaun. Nefndin er á einu máli um það, að úr því að veitt eru skáldalaun á annað borð, þá verður Einar Benediktsson að teljast þeirra verðugur. Er því lagt til, að honum sje veittur styrkur jafnhár þeim hæsta, sem veittur er sem skáldalaun í 18. gr.

Nefndin leggur til, að þrem ljósmæðrum sje veittur ellistyrkur. Fleiri umsóknir lágu fyrir. En þessar konur hafa allar starfað yfir 35 ár og getið sjer hið besta orð. Það var auðvitað ekki hægt að sinna öllum, sem sóttu, en nefndinni þótti rjett, eftir því sem áður hefir verið gert, að veita þessum þrem ljósmæðrum smáupphæðir.

Þá kem jeg loks að síðustu brtt. þar er farið fram á að hækka eftirlaun Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar, úr 400 kr. upp í 600 kr. Er það gert eftir ósk hæstv. forsrh. (JÞ). Samkvæmt umtali við þáverandi forsrh., Sigurð Eggerz, voru konu þessari veittar ívilnanir um húsnæði, er hún flutti úr stjórnarráðshúsinu. Hefir síðan verið greidd húsaleiga fyrir hana úr ríkissjóði. En nú verður þessi húsaleiga ekki greidd lengur, og hefir því nefndin fallist á að hækka eftirlaun hennar.

Þá hefi jeg mælt með öllum till. fjvn. og skal ekki fjölyrða um þær frekar. En um afstöðu nefndarinnar til brtt. einstakra þm. ætla jeg ekki að tala fyr en þeir hafa mælt fram með þeim.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla mjer ekki að fara út í almennar umræður um fjárlagafrv. Jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 284,XLII við 51. brtt. hv. fjvn. á þskj. 233, staflið a, um Björn Þorláksson fyrv. prest. Leggur háttv. nefnd það til að hækka hin lögboðnu eftirlaun hans um 208 kr. á ári, en tillaga mín fer í þá átt að hækka þau

um 408 kr. Eins og háttv. þdm. mun kunnugt, þá liggur frammi í lestrarsal umsókn frá sjera Birni í þessa átt, og hefir hv. fjvn. haft hana til athugunar, eins og hv. frsm. þessa kafla fjárlagafrv. (TrÞ) gat um. Hv. fjvn. sendi umsókn þessa herra biskupnum til umsagnar, og hefir hann mælt með því, að sjera Birni yrði veitt þessi uppbót á eftirlaun hans. Háttv. fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að fara lengra en að veita rúman helming þess, sem biskup leggur til, eða 208 kr., og styður hún till. sína með því, að venja hafi verið undanfarið að veita gömlum uppgjafaprestum nokkra viðbót eftirlauna þeirra, er lögmælt eru, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Þannig er nú í fjárlagafrv. 6 uppgjafaprestum auk sjera Bjarnar veitt uppbót, 325—780 kr. til hvers um sig.

Um sjera Björn er það að segja, að hann hefir alveg óvenju langan embættisaldur að baki sjer, rúm 50 ár, auk þess sem hann alla þá tíð hefir haft margvíslegum opinberum störfum að gegna.

Í niðurlagi umsóknar sinnar kemst sjera Björn þannig að orði:

„Fyrir því vil jeg leyfa mjer að óska þess, að hið háa Alþingi taki til íhugunar, hvort jeg sje þess maklegur að fá þegar frá fardögum 1926 viðbót við lögmælt eftirlaun mín, með sjerstöku tilliti, bæði til þess að jeg hafði á hendi prestsembætti í 51 ár, — lengur en hinir 6 nefndu uppgjafaprestar, að fráteknum einum, G. V., svo og með tilliti til þess, að jeg gegndi margvíslegum störfum í þjóðfjelaginu í meira en helming aldar.“

Ástæðan til þess, að jeg hefi flutt þessa brtt., er sú, að mjer finst hv. fjvn. ekki með sanngirni hafa tekið til greina verðleika þessa manns og hið langa og nytsama starf hans í þágu þjóðfjelagsins. Jeg, sem hefi persónuleg kynni af þessum manni, veit, að störf hans öll eru sjerstaklega ábyggileg og traust.

Ef nú hv. þingdeild skyldi fallast á brtt. hv. fjvn., þá verður það svo, að þessi merki maður kemur til að fá lægstu viðbótarlaun uppgjafapresta á þessu landi. Stendur það óneitanlega í öfugu hlutfalli við embættisaldur hans, þar sem hann er einn af þeim embættismönnum, er lengst hafa verið í embætti. Vona jeg því, að hv. deild taki brtt. minni vel, svo að þessi öfugu hlutföll verði ekki staðfest í afgreiðslu málsins.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að rísa svo snemma úr sæti, en þar eð enginn hefir kvatt sjer hljóðs og með því að jeg á hjer á þskj. 284 3 smáskornar brtt., þá þykir mjer hlýða að fara um þær nokkrum orðum.

Jeg get sagt það um allar þessar till. mínar, að ef mjer hefðu verið kunnar brtt. þær, sem ýmsir hv. deildarmenn hafa borið fram um aukin fjárframlög til einstakra hjeraða, þá myndi jeg hafa farið nokkru lengra í till. mínum og haft upphæðirnar hærri. En jeg takmarkaði mig í till., til þess að sýna, að jeg vildi styðja þá viðleitni hv. fjvn. að auka ekki útgjöld í fjárlögunum óhóflega mikið að þessu sinni, því að jeg tel það mikilsvert, að tekjuhallinn verði þó sem minstur, eða viðráðanlegur.

Jeg ætla mjer ekki að gera brtt. hv. fjvn. að umtalsefni; jeg tel það óþarft,

en skal geta þess, að þó að jeg fylgi ekki hv. nefnd alstaðar í till. hennar, þá mun jeg þó fylgja henni víðast hvar.

Fyrsta brtt. á þskj. 284, sem jeg á, er XXI. brtt., við 14. gr. B. XV. Fer jeg þar fram á, að veittar verði til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi, 1500 kr.

Kona sú, er hjer um ræðir, hefir undanfarin ár haldið uppi námsskeiðum fyrir stúlkur í handavinnu, vefnaði og öðrum þjóðlegum hannyrðum kvenna, auk þess sem hún hefir einnig leiðbeint þeim í húsmæðrastörfum öðrum. Hefir hún sýnt það, að hún er einkar vel til slíkrar kenslu fallin og hefir getið sjer góðan orðstír. Nú er hjer á ferð í þinginu frv., sem fer í þá átt að stofna húsmæðraskóla að Hallormsstað, og er ráð fyrir því gert, að kona þessi taki að sjer stjórn þess skóla, ef til kemur. Hvort sem frv. þetta nær samþykki þingsins nú eða ekki, þá má altaf búast við því, að framkvæmd á stofnun húsmæðraskólans eystra dragist, vegna þess meðal annars, að kvennaskólasjóður Austurlands, sem væntanlega verður lagður móti ríkistillagi í stofnun skólans, er enn sem komið er varla megnugur þess að leggja fram nægilegt fje eftir frv. Tel jeg því rjett til bráðabirgða að styðja með nokkru fjárframlagi þessa viðleitni konunnar og nota hæfileika hennar, og í því skyni hefi jeg leyft mjer að bera fram þessa till. Verði hún samþykt, er þegar fenginn vísir að húsmæðraskóla og bætt aðstaða til þess að halda uppi þeim námsskeiðum, sem haldin hafa verið undanfarið.

Nú er lítilfjörlegur styrkur veittur konu þessari í 16. gr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, og í fjárlagafrv. komandi árs er gert ráð fyrir lítilsháttar styrk til hennar. Jeg hefi í dag afhent brtt. um það að fella niður þennan styrk í 16. gr. fjárlagafrv., í trausti þess að þessi till. mín á þskj. 284 verði samþykt. Annars þykist jeg ekki þurfa að mæla frekar með till., því að konan er áður þekt af starfi sínu þarna eystra og auk þess af ritgerðum, sem eftir hana liggja í blöðum og tímaritum, eins og líka af umræðum á Alþingi undanfarin ár um starf hennar.

Til þess að tefja ekki tímann, skal jeg láta mjer þetta nægja um þessa brtt., en snúa mjer að næstu tillögu minni á sama þskj. Hún er XXVII. brtt. og við 15. gr. 17 d. Fer jeg þar fram á, að veittar verði til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín 1200 kr. Eins og kunnugt er, þá eru honum ætlaðar 2000 kr. í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Er það fyrsti styrkurinn, sem hann hefir fengið af opinberu fje. Hann mæltist að þessu sinni til þess að fá 4000 kr., en jeg hefi ekki treyst mjer til að fara fram á meira en þessar 1200 kr. Vona jeg, að vel verði í það tekið af hv. dm., því jeg álít hjer mjög hóglega í sakir farið, en verðleika Þórarins mikla og þörfina brýna.

Maður þessi er sjerstaklega vel gefinn, fær í tónlist, og verk hans hafa vakið athygli til og frá í löndum Evrópu. Eru skjöl, er fjalla um ný verk hans, geymd hjer hjá bæjarbúa einum, en því miður gat jeg ekki náð í þann mann, er jeg reyndi það fyrir nokkrum dögum. Nýlega var Þórarni

boðið til Parísar til þess að hlýða þar á hljómleika, en þar átti að leika tvö tónverk, er hann hefir samið, en fiðlusnillingurinn Wollner hefir leikið þar og í Þýskalandi.

Þrátt fyrir fátækt hefir Þórarinn barist þetta áfram á 3. ár við erfitt nám. Og jeg veit, að skuldir þær, er hann hefir nú á baki, eru svo miklar, að líkur eru litlar til, að hann geti endurgreitt þær og lokið námi. Stuðningsmenn hans hafa lagt mikið af mörkum til hans, bæði sem gjafir og einnig í ábyrgðum, og munu þær nema 8 þús. kr. Væri ilt til þess að vita, að hann yrði nú að hverfa frá námi fyrir fátæktar sakir áður en hann hefir náð fullum þroska í list sinni. En þetta blasir við, ef honum verður ekki rjett hjálparhönd. Lítil fjárhæð, sem farið er fram á hjer í því skyni, gæti þó orkað miklu.

Jeg hefi frjett, að Þórarinn geri ráð fyrir að koma hingað heim að afloknu námi, ef hann sjer líkur fyrir því að geta starfað hjer. Hann er starfsvanur maður frá æsku, er íslenskur sjómaður, fær til allrar vinnu, en mundi þó sennilega helst vilja færa sjer kunnáttu sína í nyt að námi loknu. Skal jeg ekki fjölyrða um þetta atriði frekar, enda er ferill Þórarins flestum hjer kunnur.

Þá á jeg XXXI. brtt. á sama þskj., við 16. gr. 9. c. Er þar farið fram á 6000 kr. til húsabóta á Hallormsstað.

Árið 1921 voru veittar 5500 kr. til húsabóta á þessum stað. En þær húsabætur komust upp í 7500 kr., og var það, sem fram yfir áætlun fór, veitt í fjárlögum 1922, að því er mig minnir. Húsabætur þessar voru framkvæmdar þegar alt byggingarefni var sjerstaklega dýrt og aðstaðan því óhæg um byggingar. Reyndust því bæturnar allsendis ónógar, enda aðeins bygt búr og eldhús. Hefir því til þessa orðið að búa við fornfálega og gamla baðstofu, löngu úrelta. En á slíkum stað sem þessum, sem er heimsóttur af fjölda ferðamanna, erlendra og innlendra, og sem auk þess er einn af allra fegurstu stöðum landsins, er það næsta óviðfeldið, að ekki skuli vera bygging, er samsvari sæmilegum íslenskum sveitabæ. Fje það, sem veitt var 1921 utan fjárlaga, entist tæplega til þess að reisa eldaskála, búr og þvottaklefa, svo sem jeg áður nefndi, en upphæðin var svo takmörkuð, að ekki var vegur að endurbæta íbúðina. Því stendur þarna enn þann dag í dag 70 eða 80 ára gamall baðstofuendi og hafður til íbúðar.

Fyrir hv. fjvn. hefir legið erindi frá skógarverðinum og meðmæli frá skógræktarstjóra, auk áætlunar frá byggingarráðunaut um húsagerðina. Er þar lýst húsakynnum og gerð grein fyrir, hvað mest vanhagar um. En auk þess fylgir uppdráttur af húsunum eins og þau eru og ætlast er til að þau verði.

Upphæðin, sem farið er fram á hjer, er lág, ef til vill of lág, en byggingaráðunautur hefir áætlað kostnaðinn 6—7 þús. kr. Að sjálfsögðu væri hægt að leggja fram fje þetta án þess að það stæði í fjárlögum, þar sem hjer er um húsabætur að ræða á ríkiseign og ríkissjóði skylt að annast þær. En stjórnin hefir daufheyrst við öllum óskum um þetta, og því verður að leita þingsins.

Skógarvörðurinn hefir í einkabrjefi til mín skýrt mjer frá, að ýmislegt, er til byggingarinnar þarf, fáist á staðnum, og má því vel vera, að kostnaðurinn fari ekki fram úr þessum 6 þús. kr., enda er byggingin eftir teikningu og áætlun ekki stór.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg á ekki margar brtt. við fjárlagafrv. Brtt. mína I. á þskj. 284 tók jeg aftur í gær, og mun jeg ekki koma fram með hana aftur fyr en við 3. umr.

Jeg vil þá fyrst víkja að brtt. minni á þskj. 284 undir tölulið XXXVI við 16. gr. 40. Er það nýr liður, til Byggingarfjelags Reykjavíkur 5000 kr. Hafa styrkbeiðnir frá fjelaginu verið á ferðinni hjer á hv. Alþingi tvisvar sinnum áður og komist í fjárlög, en þá verið bundnar skilyrðum um meiri styrk annarsstaðar frá, sem hefir brugðist, svo að fjeð hefir ekki verið greitt fjelaginu.

Fjelag þetta var stofnað á ófriðarárunum, þegar dýrtíðin var sem mest, og reisti það þá nokkur hús. Það má auðvitað segja, að fje það, sem fjelagið byrjaði með, hafi verið of lítið; það var aðeins 13 þús. kr. En það var þá úr vöndu að ráða, þar sem margir fátæklingar stóðu uppi húsnæðislausir. Þá var tekið lán til þess að reisa húsin. Síðan hefir fjelagið tapað allmiklu vegna þess að verð á húsum og þar með húsaleiga hefir lækkað að miklum mun. En nú er það ætlun stjórnar fjelagsins, ef þessi styrkur fæst, að reyna að grynka á skuldum þess, svo að hægt verði að lækka húsaleiguna enn meira en gert hefir verið, og þó rjetta nokkuð við fjárhaginn. Í húsum fjelagsins búa nú á annað hundrað manns, svo að þessi hjálp mundi taka til margra manna. Hingað til hefir fjelagið getað staðið í skilum án þess að þurfa að leita til annara, og mundi geta það nú, ef þessi styrkur fengist.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. mína á sama þskj. undir tölulið XXXVIII, við 17. gr. 3. Er það einnig nýr liður, 3500 kr. til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Er þessi till. sama efnis og sú, er samþ. var í fyrra, en nú í ár láðist að senda umsókn til stjórnarinnar, svo að styrkurinn stóð ekki í fjárlagafrv. Að sjóði þessum standa um 2000 manns, sem greiða árgjöld í hann, auk þess sem vextir renna í sjóðinn af stofnfjenu. Samkvæmt reikningum fjelaganna hafa styrkveitingar úr sjóðnum numið alls 7800 kr., eða um 165 kr. á mann að meðaltali, þó að töluverður munur sje á upphæðunum, frá 50 upp í 600 kr.

Upprunalega var tilætlunin, að þetta væri aðallega slysatryggingarsjóður, en eftir að hin almenna slysatrygging var sett á stofn, var ákveðið, að sjóðurinn tæki einnig til manna, er ættu við langvint heilsuleysi að búa. Sýna reikningarnir, að sjóðurinn hefir komið að miklu gagni, og vænti jeg, að till. fái góðan byr hjá hv. dm.

Loks vil jeg minnast á brtt. XXXIX, við 17. gr. 3, um 3000 kr. styrk til sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem jeg flyt ásamt háttv. 1. og 3. þm. Reykv. Eftir upplýsingum, sem gefnar hafa verið, sjest það, að nú eru í landinu alls 9 samlög í flestum stærstu stöðum landsins, en þó ekki öllum. En ef sjúkratrygging á að verða almenn, þá verður að gera eitthvað til þess að

setja á stofn ný sjúkrasamlög. Sjúkrasamlag Reykjavíkur vill nú gangast fyrir þessu, bæði að stofna ný sjúkrasamlög og svo að koma á landssambandi milli þeirra, sem þegar eru stofnuð. Eins og nú er, þá eru óþarfir örðugleikar gerðir mönnum, er flytja úr stað, þar sem sjúkrasamlag er, og í annan stað, þar sem sjúkrasamlag er fyrir. Þeir verða að byrja á nýjan leik í þessu nýja sjúkrasamlagi, í stað þess að komast þar inn án nokkurs sjerstaks biðtíma. En úr þessu mundi verða bætt, ef komið væri á sambandi milli allra sjúkrasamlaga landsins. Þá er slíkt landssamband væri komið, mundi og vera mögulegt að koma á sambandi við landssambönd sjúkrasamlaganna í öðrum Norðurlöndum, svo að menn, sem færu utan um lengri eða skemri tíma, gætu þar notið rjettinda sinna áfram sem sjúkrasamlagsmeðlimir. Þessi fjárveiting til sjúkrasamlags Reykjavíkur getur því komið að miklu gagni og er bráðnauðsynleg, ef ætlast er til, að frjáls sjúkratrygging í landinu aukist.

Bernharð Stefánsson: Jeg á aðeins eina litla brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., undir XXII. lið á þskj. 284, um að styrkur til sundlauganna verði hækkaður úr 4 þús. upp í 5 þús. kr. Í núgildandi fjárlögum eru veittar 5 þús. kr. í þessu skyni og mjer er kunnugt um það, að ekki veitir af þessari upphæð til þess að ríkissjóður geti greitt sinn hluta, ⅓ kostnaðar, við sundlaugar þær, sem áætlað er að bygðar muni verða á árinu. Það er því auðsætt, að þessi upphæð má ekki minka frá núgildandi fjárlögum. Til skýringar máli mínu skal jeg geta þess, að ungmennafjelög Svarfdæla í Eyjafjarðarsýslu hafa í hyggju að byggja sundlaug, helst á þessu ári. Þetta mál er nú allvel undirbúið. Jeg skal taka það fram, að teikning og kostnaðaráætlun hefir verið gerð, og jeg veit ekki betur en þær hafi legið hjer frammi á lestrarsal. Það er gert ráð fyrir, að sundlaugin muni kosta rúml. 12600 kr. Upp í þennan kostnað á fjelagið til í peningum og tryggum loforðum rúmar 4 þús. kr. En svo munu fjelögin leggja fram mikla vinnu við framkvæmd verksins. Það má því með sanni segja, að mál þetta sje vel undirbúið. Það stendur nú ekki á öðru en því, til þess að hafist verði handa, að vissa sje fyrir því, að ⅓ kostnaðar fáist hjá ríkissjóði. Þar sem hjer er um að ræða miklar framkvæmdir, en þeir, sem fyrir framkvæmdunum standa, eru aðeins tvö ungmennafjelög, þá er ekki von, að í þetta verði ráðist án þessarar litlu hjálpar. Styrkur sá, sem fyrirtæki þessu ber úr ríkissjóði, ef bygt er á kostnaðaráætluninni, er um 2500 kr. En nú hefir mjer skilist, bæði á hlutaðeigendum sjálfum og svo á stjórnarráðinu, að ekki muni vera hægt að láta svona mikið fje á þessu ári úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis. Mjer hefir skilist, að hægt væri að fá nokkra upphæð, en ekki fyllilega ⅓ kostnaðar. En þó svo færi, að ekki væri hægt að greiða fult tillag úr ríkissjóði á þessu ári, þá mundi þó eigi að síður verða ráðist í þetta fyrirtæki, ef trygging væri fyrir því, að það, sem á vantar, fengist á næsta ári. Það kann að vera, að það yrði hægt að veita fjelögunum þetta af þessum 4 þús. kr.,

sem áætlaðar eru, svo ekki þyrfti þess vegna að samþykkja þessa brtt. mína. Það væri gott að fá að heyra álit hæstv. ráðherra um það. En þó kannske væri hægt að bjarga þessari sundlaug Svarfdælinga án breytinga á þessum lið, þá hygg jeg, að víðar sjeu brýnar þarfir í þessu efni og því rjett að veita sömu upphæð í þessu skyni og þá, sem er í núgildandi fjárlögum. Jeg geri ráð fyrir því, að allir geti verið sammála um það, að fáar íþróttir sjeu nauðsynlegri en sundið og því vert að styðja þá íþrótt, og það þótt meira væri en ráð er fyrir gert í brtt. minni. Sundið er fögur íþrótt og heilsusamleg og oft hafa menn bjargað lífi sínu og annara sakir kunnáttu sinnar í sundi. Jeg geri ráð fyrir því, að sá tími komi, og jeg vona að það verði sem fyrst, að það verði talið sjálfsagt, að að minsta kosti allir, sem nálægt sjó búa, kunni sund. En því aðeins er hægt að læra sund, að til sjeu einhver tæki til að kenna það. Jeg vænti því, að hv. deild verði fús á að samþykkja þessa brtt. mína, þar sem hjer er gott mál á ferðinni, en hinsvegar um litla fjárupphæð að ræða. Um brtt. annara hv. þm. ætla jeg ekki að tala, en mun með atkvæði mínu sýna, hvernig jeg lít á þær.

Jón Ólafsson: Á þskj. 284 á jeg þrjár brtt. Hvergi ræ jeg þó einn á báti; við erum alstaðar tveir og þrír um hverja. Það er óþarfi að geta þess, að þessar brtt. fara fram á aukin útgjöld úr ríkissjóði. En jeg er ekki hræddur við það, þótt nokkrum smáupphæðum sje bætt við það, sem áætlað er, því að það hefir oft sýnt sig, að í þessum áætlunum Alþingis hefir ekki staðið steinn yfir steini, svo það er því síður en svo, að þessar áætlanir um tekjur og gjöld sjeu óskeikular.

Þá skal jeg fyrst minnast á brtt. þá, sem jeg flyt ásamt hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um 3000 króna ferðastyrk til Ríkarðs Jónssonar til þess að kynnast þjóðlegri húsgagnalist í Noregi og Svíþjóð. Þennan styrk hefir hann sótt um vegna áskorana frá fjölda mörgum mönnum. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, eru Norðmenn og Svíar búnir að vinna að þessu hjá sjer um langt skeið og eru komnir manna lengst í þeim efnum að eiga þjóðlegan húsgagnastíl. Á hinn bóginn hafa komið hjer á landi fram háværar raddir um það, að við þyrftum að fá fastan og þjóðlegan stíl í húsgögn okkar, stíl, sem einkendi þau frá öðrum húsgögnum. Ef þetta er krafa þjóðarinnar, að fá sjerstakan þjóðlegan stíl, þá er sjálfsagt að senda þann mann út til rannsóknar og athugunar í þessu efni, sem færastur er á þessu sviði. Ríkarður Jónsson mun nú vera flestum kunnur sem listamaður. Hann hefir lagt stund á þessa iðn; hann hefir fengist við útskurð og húsgagnagerð hjer innanlands og þykir mjög listfengur og þjóðlegur í ment sinni. Alþingi hefir líka sjeð, að þessi maður er verður styrks, því að það hefir styrkt hann ár eftir ár. Því ætti Alþingi að vera ljúft að styrkja hann til utanferðar í þessu skyni. Því er ekki hægt að neita, að þessi fjölhæfi listamaður, með sína góðu greind og glögga auga, hefir öðrum fremur skilyrði til þess að verða að liði á þessu sviði. Hann hlýtur að allra dómi að vera líklegasti maðurinn til þess að

geta komið hjer á þjóðlegum stíl í húsgagnagerð. Bera því vitni verk hans og lærisveina hans, sem eru dreifð víðsvegar út um land, sem eru til prýði og ánægju á hverju heimili. Jeg vænti því, að háttv. deild taki þessari brtt. vel og samþykki hana.

Þá á jeg brtt. ásamt háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. 4. þm. Reykv. (HjV), þess efnis að veita sjúkrasamlagi Reykjavíkur alt að 3000 kr. styrk. Hv. 4. þm. Reykv. hefir nú mælt fyrir henni, og get jeg því sparað mjer langt mál. Þetta er fjelagsskapur, sem miðar að því að hjálpa einstaklingunum til þess að hjálpa sjer sjálfum. En það er gott starf. Sumir eru þannig gerðir, að þeir vilja heimta alt af hinu opinbera án þess að leggja nokkurn skapaðan hlut á sig sjálfa, en fjelagar í slíkum fjelagsskap sem þessum leggja á sig töluverð fjárútlát til þess að þurfa ekki að vera upp á aðra komnir. Að minni hyggju á því að styrkja þennan fjelagsskap í þessari viðleitni sinni. Það er ætlast til, að þessum styrk verði varið til þess annarsvegar að stofna ný sjúkrasamlög úti um landið og hinsvegar til þess að koma á sambandi milli þeirra sjúkrasamlaga, sem fyrir eru, svo og einnig til þess að koma þeim í samband við dönsku sjúkrasamlögin. Jeg vil taka það fram, að það er ekki meiningin, að þessi fjárupphæð standi áfram í fjárlögunum, heldur sje þetta veitt í eitt skifti fyrir öll. Jeg vil undirstrika það, að hjer er ekki um að ræða styrk til eyðslu án þess nokkuð komi í aðra hönd. Jeg vænti, að hv. dm. kunni vel að meta það, sem á móti þessu kemur.

Þá kem jeg að 3. brtt. minni, sem jeg flyt ásamt háttv. 2. þm. Árn. (JörB), þess efnis að veita Böðvari Magnússyni á Laugarvatni alt að 20 þús. kr. lán til þess að byggja upp bæjarhús á jörðinni. Jeg hygg nú, að þeim, sem mest skrafa og skrifa um hátíðahöld á Þingvöllum 1930, ægi það ekki, þótt fram komi ýmsar tillögur, sem miða að því að prýða Þingvelli eða umhverfi þeirra. Ein af þeim bollaleggingum, sem jeg hefi heyrt talað um, er að leggja veg austur í Laugardal. Það eru nú skiftar skoðanir um það, hvar sá vegur eigi að liggja, og er um tvær leiðir að velja. En það vill nú svo til, að það er sama, hvor leiðin sem valin er; hið fyrsta, sem ferðamennirnir rekast á, er Laugarvatn, eitt hið fegursta býli á landinu. Það hefir legið við borð, að skóli yrði reistur þar, en nú er vafasamt, hvort úr því verður, þótt samkomulag náist annars um skólann. Mjer hefir skilist á bóndanum, að svo muni ekki verða, og þá verður ekkert úr byggingu þar skólans vegna. Mjer fyndist nú, að hin svo kallaða Þingvallanefnd ætti að taka það til athugunar, að það er ekki mest um vert til þess að sýna menningu landsmanna að hrúga byggingum upp á Þingvöllum sjálfum, heldur verður líka að gera nokkuð til þess, að umhverfi Þingvalla bæri sem mest menningarmerki. — Þessi bóndi, sem við förum fram á styrk handa, er svo sem menn vita fátækur maður. Hann hefir alið upp fjölda barna — jeg held 13 —, sem eru hvert öðru mannvænlegra. Jörðin er í besta lagi hirt, en bónda vantar nokkra aðstoð til að koma upp góðum húsakynnum. Bærinn er í þjóðbraut, en bóndi hefir ekki getað hýst ferðamenn til þessa.

Er það leiðinlegt, þegar komið er á slíkt höfuðból að fegurð og stórfengleik í landslagi, að geta ekki staðið við nokkrar nætur. Jeg veit þess dæmi, að merka útlendinga hefir langað til að staldra þar við, en ekki hefir verið hægt að láta þeim húsrúm í tje, þrátt fyrir besta vilja bóndans. Í fyrirsjáanlegri framtíð er ekki hægt að vænta þess, að bóndi geti komið upp góðum byggingum af eigin ramleik. Því leitar hann nú til hins háa Alþingis og biður það að styrkja sig með lánveitingu. Jeg vil sjerstaklega benda mönnum á, að hjer er ekki verið að tala um neina eyðslu, heldur aðeins lán, sem hæstv. landsstjórn mundi væntanlega sjá fyrir, að yrði nægilega trygt. En þar fyrir gæti það komið manninum að góðu liði. Jeg vona, að ekki þurfi um þetta mikið fleiri orð, og vænti jeg þess, að bæði hv. þd. og hv. fjvn. sjái, að hjer er um sanngjarnt mál að ræða. Er það ósk mín, að hv. fjvn. sjái sjer nú fært að verða með bæði þessari og öðrum brtt. mínum; og þótt henni kunni að þykja nokkuð nærri gengið fjárhagnum á árinu 1928 með þessum og öðrum fjárveitingum, þá veit hv. nefnd lítið um það enn, hvernig það ár verður. Henni hefir brugðist spásagnargáfan um undanfarin ár, og það má búast við, að svo fari enn.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil fyrst minnast þess, að háttv. 1. þm. Rang. (KlJ) beindi þeim aths. til hv. deildar í gær, að honum þætti sumum brtt. nokkuð seint útbýtt, og þar með vera tekinn upp siður, sem ekki ætti að eiga sjer stað. Þessi hv. þm. er nú vanur að koma þannig fram, að jeg veiti orðum hans og gerðum alveg sjerstaka athygli. Falla mjer hans skoðanir venjulega vel í geð, þær eru hreinar og einbeittar, hæfilega frjálslyndar og bornar fram með lipurð og ljúfmensku, frekar en hjá flestum öðrum hv. þm. Hv. þm. (KlJ) mintist sjerstaklega á eitt þskj. með nokkrum brtt., sem ekki var útbýtt fyr en á fundi í gær. Flestar þessar brtt. voru frá mjer, og er mjer sjerstök ánægja að fá tilefni til að skýra frá ástæðum til þessa. Jeg varð sem sje fyrstur allra manna til að leggja mínar brtt. fram á skrifstofuna, er forseti hafði tilkynt þann frest, er menn hefðu til að koma með brtt. En einmitt þetta er líklega orsök til þess, að brtt. mínar gleymdust í skrifstofunni, þegar farið var með þær till., er löngu seinna komu, til prentunar. Er þskj. 284 með brtt. einstakra þm. hafði verið útbýtt í hv. deild og jeg sá, að mínar brtt. voru þar ekki, sneri jeg mjer þegar í stað til skrifstofustjóra og bað um að láta prenta mínar till. Bjóst jeg við, að það yrði gert svo fljótt, að þeim yrði útbýtt ekki síðar en í fundarbyrjun í gær. En því var nú ekki að heilsa. Hjer hafði verið á ferðum þetta venjulega frjálslyndi, sem hjer er iðkað, og voru mínar brtt. látnar bíða, til þess að sjá, hvort ekki kæmu einhverjar eftirlegukindur, sem gætu orðið á þskj. með þeim, þótt frestur til að koma með brtt. væri löngu útrunninn. Svona stendur nú á því, að brtt. mínum var ekki útbýtt fyr en seint á fundi í gær. Þetta er ekki stórt atriði í sjálfu sjer, en jeg vona, að hv. 1. þm. Rang. (KlJ) geti nú litið á

brtt. mínar með vinsemd, þar sem hann er hverjum þm. sanngjarnari og fremri að dómgreind. Því fremur þori jeg að vænta þessa, sem þessi hv. þm. hefir nýlega fengið mig og marga aðra góða menn til að greiða atkvæði með einni allsherjar brtt. við okkar þjóðskipulag, sem hann ljet sjer mjög ant um, að næði fram að ganga. Jeg vil kannast við, að jeg fylgdi honum þar með fúsu geði og að jeg ber fult traust til, að jafnan sje óhætt að fylgja því, sem þessi ósjerplægni hv. þm. beitir sjer fyrir. Vona jeg nú að fá fylgi hans með mínum brtt. til verðugs endurgjalds fyrir atkv. mitt í hinu málinu.

Þá get jeg snúið mjer að brtt. mínum á þskj. 294. Fyrst eru brtt. við 15. gr. 17. d., tveir nýir liðir, sem jeg hefi merkt a. og b. A.-liðurinn er 1500 kr. til Guðmundar Kristjánssonar til sönglistarnáms. Pilturinn er nú við þesshättar nám á Ítalíu. Hann hefir hvað eftir annað fengið bestu vottorð frá kennurum sínum, sem jeg kann ekki nöfn á. Hjer fyrir hinu háa Alþingi liggja m. a. nokkur meðmæli frá þeim, bæði á frummálinu og í íslenskri þýðingu. Síðast á þinginu í fyrra bar jeg fram samskonar brtt. og þá, er hjer liggur fyrir. Þessi efnilegi piltur fann þá ekki náð fyrir augum hv. fjvn. frekar en nú. Þess vegna gerði jeg, er fjárlögin komu þá hjer til síðustu umr., tilraun til að koma að sjerstökum styrk til hans, en gekk þó inn á að taka aftur brtt. mína, í þeirri von, að hann fengi styrk af því fje, sem stjórnin hefir til úthlutunar. Hann hefir þó enn ekki fengið neitt af þeim styrk, og mjer virðist borin von, að hann fái hann á þessu ári. En hvað sem öðru líður, er þessi piltur svo fátækur, en þó efnilegur, að óhætt er að mæla með honum framar flestum öðrum. Vænti jeg því, að hv. deild sjái sjer fært að liðsinna honum, því fremur sem aðrir söngmenn hafa notið góðs af styrk frá þinginu.

Hinn liðurinn, b-liður, er um 800 kr. náms- og utanfararstyrk til Ásgeirs Bjarnþórssonar málara. Hann er hv. þd. e. t. v. ekki eins kunnur og hinn pilturinn, sem jeg var að tala um, en hefir þó haft málverkasýningar hjer í bænum. Hann dvelur nú í Suður-Frakklandi til að fullnuma sig í málaralist og er mjög efnilegur maður. Jeg hefi leyft mjer að bera hann hjer fram, sakir þess að hann hefir ekki fengið neitt af þeim listamannastyrk, sem landsstjórnin hefir til úthlutunar. Geri jeg þetta í því trausti, að hv. þd. sjái sjer fært að liðsinna þessum efnilega manni.

Önnur brtt. mín er við 16. gr. 36, og er nýr liður, styrkur til Jóns Helgasonar til að gera vindknúinn þrýstiloftsumbúnað til raforkuframleiðslu. Samskonar brtt. og þessa bar jeg fram við fjárlögin á þingi í fyrra. Þá lágu tvær umsóknir af þessu tægi fyrir hv. fjvn., og vildi hún aðeins sinna annari. Nú er mjer ekki kunnugt um, að fleiri slíkar umsóknir hafi komið fram, en hitt veit jeg, að þessi umsókn hefir legið fyrir hv. fjvn. ásamt meðmælum mínum. Hv. nefnd hefir nú ekki viljað sinna þessari beiðni, og ber jeg hana því fram á ný. — Jeg hefi sett hjer þá upphæð, sem maðurinn fer fram á, og ætla jeg ekki að þessu sinni að útlista, til hvaða framkvæmda hann ætlar að nota fjeð. Jeg gerði rækilega

grein fyrir því í fyrra, og þykist jeg vita, að það sje flestum hv. þdm. í fersku minni. Hafa fyrirrætlanir hans ekki breyst síðan, nje heldur trú þeirra, sem þekkja manninn, hugvit hans og vilja til að nota náttúruöfl í þjónustu manna á þann hátt, sem ekki hefir áður verið gert. Jeg vænti þess, að flestir hv. þdm., sem litið hafa í þingmálafundargerð í Borgarnesi í vetur, hafi veitt því athygli, að þar er þess æskt, að þessi maður fái styrk frá hinu opinbera. — Jeg veit, að hv. fjvn. hefir tekið þá stefnu að fara nú enn varlegar en nokkru sinni fyr um styrkveitingar. Það þykist jeg sjá m. a. á till. hennar um að veita ekki námsmönnum eða listamönnum styrki. Þótt hv. nefnd vilji nú ekki víkja frá stefnu sinni um þessa menn, ætti hún að sjá, að öðru máli er að gegna um verklegar framkvæmdir og framfarir. Og það þykist jeg hafa fyrir satt, að hv. nefnd þyki hjer um þarft hlutverk að ræða. Samskonar fyrirtæki, sem í fyrra var styrkt eftir till. hv. nefndar, hefir ekki sýnt nein mistök, svo að jeg viti. Þó er vitanlega ekki við að búast, að á það sje enn komin full reynsla. En þetta er svo þýðingarmikið og merkilegt atriði, að ástæða er til að afla sjer reynslu um það á fleirum en einum stað sem fyrst, enda þótt hagur ríkissjóðs sýnist ekki upp á það besta.

Þriðja brtt. er við 22. gr. og er nýr liður, alt að 20 þús. kr. lán handa Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöðvar. Fyrir Alþingi hefir legið umsókn um þetta frá hreppsnefndinni og nokkur fleiri gögn til að byggja á. Hjer stendur svo á, að fyrir nokkrum árum var sett á stofn stöð í Borgarnesi til að framleiða rafmagn, aðallega til ljósa, en þó einnig til hitunar lítið eitt. Þessi stöð var knúin með mótor og hafði og hefir venjulega raforkugeyma. Nú er það vitanlegt, að allir raforkugeymar, a. m. k. við smærri vinslu, vilja eyðast nokkuð fljótt. Sama er að segja um steinolíumótora, að þeir ganga fljótt úr sjer. Enda er nú svo komið í Borgarnesi, að þar þarf að endurbyggja stöðina algerlega, og segja fróðir menn, að ekkert sje hægt að nota aftur nema leiðslurnar. Því hefi jeg nú farið fram á, að hv. deild vildi veita hreppnum nokkurt lán, t. d. 20 þús. kr., til að endurbyggja stöðina. Jeg vil biðja hv. þd. að athuga, að mikill munur er á því, hvort farið er fram á fjárveitingu eða aðeins lán, og það því fremur, sem ekki er um stórlán að ræða og til nauðsynlegs fyrirtækis. Þetta er eitt hið minsta lán, sem beðið hefir verið um undir svona kringumstæðum. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að þessi brtt. fái ekki aðeins atkv. margra eða flestra hv. þdm., heldur vona jeg, að einhverjir gerist nú til þess að veita mjer stuðning í að tala fyrir henni.

Jeg hefi aldrei verið gefinn fyrir að tala lengi, en þó þarf jeg enn að minnast á tvö atriði í þessu máli. Það er þá fyrst brtt. á þskj. 284, XXXIV, sem hv. 4. þm. Reykv. flytur. Þessi hv. þm. (HjV) var um daginn í öðru máli að minnast á umtal í Reykjavík. Mjer datt nú í hug, að sitthvað mætti heyra hjerna um ýms málefni. T. d. hefi jeg heyrt talað um Byggingarfjelagið á þann hátt, að jeg efast um, að það sje takandi trúanlegt. Því er fleygt manna á meðal, að árangurinn af stofnun

þessa fjelags hafi orðið annar en til var ætlast, og að styrkur sá, sem það hefir fengið af almannafje, hafi ekki verið notaður svo sem vera bar. Jeg efast ekki um, að fjelagið hafi mikið getað mildað kjör þeirra snauðu manna, sem notið hafa góðs af starfsemi þess. En jeg hefi altaf hugsað mjer, að fjelagið ætti að geta rjett smám saman við úr skuldakröggum sínum, án þess beinlínis að fá nú opinberan styrk. Þó mun jeg ekki hafa neitt á móti þessu, ef hv. flm. (HjV) getur gert mjer ljósa grein fyrir fjárhag fjelagsins og hvernig það hefir varið því fje, sem því var veitt í upphafi. Mjer liggur nærri skapi að greiða atkv. með þessari brtt., en þó er óvíst, að jeg sjái mjer það fært, ef hv. flm. hennar verður eigi við tilmælum mínum.

Hitt atriðið er nú eiginlega um frv. sjálft. Jeg hefi jafnan verið gjarn á að vilja hafa gott skipulag á öllu því, sem jeg hefi færst í fang um dagana eða fjallað um, og jeg hefi veitt því eftirtekt, að hæstv fjrh. (JÞ) hefir verið það umhugað að hafa gott skipulag á fjárlagafrv., og yfir höfuð reikningum ríkisins, þá stund, sem hann hefir látið það til sín taka. En þó vildi jeg leyfa mjer að benda á eitt atriði í frv., sem mjer finst, að vanti til þess að fult samræmi sje um skipulagið, og það er 7. liður 16. gr. Mjer finst, að sá liður sje settur á rangan stað og að hann mundi fremur eiga heima í 13. gr. Ef hæstv. fjrh. eða hv. fjvn. vildi fallast á þetta, mætti bera fram brtt. um það við 3. umr. Að vísu er það fleira í 16. gr., sem mjer virðist, að betur ætti heima í ýmsum öðrum gr. frv., þótt jeg fari ekki frekar út í það nú, enda skiftir það ekki miklu máli.

Loks skal jeg geta þess, að hjer hefir verið á ferðinni undirskriftalisti þess efnis að skora á hæstv. forseta að halda áfram fundi þangað til lokið verður umr. og atkvgr. Jeg vildi ekki skrifa undir þennan lista, en hinsvegar skal jeg styðja að því fyrir mitt leyti, að þetta geti tekist, og á þann hátt að segja ekki meira.

Jakob Möller: Jeg á fáeinar brtt. við þennan kafla fjárlaganna, sem jeg ætla að láta fylgja fáein orð. Þær eru allar á sama þskj., 284, og sú fyrsta er þar undir tölulið XIV. Hún er um námsstyrk handa Valgarði Thoroddsen stúdent. Síðustu árin hefir slíkur styrkur verið veittur ákveðinni tölu stúdenta, er nám stunda við erlenda háskóla. En frá þessu hefir þó stundum verið vikið, og virðist benda til þess, að þingið hafi ekki viljað binda svo hendur sínar, að ekki mætti frá þessari venju bregða í einstökum tilfellum. Um þennan stúdent er það að segja, að hann er sonur Sigurðar yfirkennara Thoroddsens, sem um langt skeið hefir verið í þjónustu landsins með litlum launum. Hann hefir átt fyrir stórri fjölskyldu að sjá og á erfitt með að standa straum af því, sem kostar að manna börn sín og menta. Pilturinn er efnilegur að dómi þeirra manna, sem hann þekkja; hann ætlar að leggja stund á rafmagnsfræði, en þar er þó um verkefni að ræða, sem komið gæti þjóðinni að haldi, þegar farið verður að virkja fossa hjer á landi.

Það er talið, að nám þetta kosti um

2—3 þús. kr. yfir árið, eða frá 7—10 þús. kr. yfir allan námstímann, svo það er augljóst, að það sje erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir mann með lágum launum, eins og faðir hans er, að standa straum af því. Jeg skal geta þess, að umsókn þessari fylgja meðmæli Steingríms Jónssonar verkfræðings, sem mun manna kunnugastur þessari fræðigrein, og hann leggur eindregið til, að styrkur þessi verði veittur. Pilturinn hefir um tíma unnið á vegum Steingríms, sem telur hann mjög efnilegan og hæfan til þess að stunda þetta nám. Vænti jeg því, að hv. deild sjái sjer fært að veita þennan styrk.

Næsta brtt. er sú XXVI. í röðinni og er um það að hækka styrkinn til Hljómsveitar Reykjavíkur um 700 kr. Á síðasta þingi var þessi styrkur settur inn í fjárlögin og var þá 2000 kr., en hæstv. stjórn hefir í frv. sínu lagt til, að hann lækkaði niður í 1800 kr., og mun sú lækkun hafa verið gerð í samræmi við aðrar lækkanir frv. En jeg vil aðeins benda á, að um þennan styrk er talsvert öðru máli að gegna en ýmsa aðra, sem lækkaðir hafa verið.

Það stendur svo á, að hljómsveitin þarf meira fje en í fyrra. Tekjur hennar eru ekki aðrar en styrkur frá þingi og bæjarstjórn og svo afgangur sá, sem verða kann af hljómleikum hennar. En vegna örðugs fjárhags almennings, hefir þessi styrkur af leikum hennar orðið mjög hverfandi.

Þingið leit svo á í fyrra, að það væri ekki vansalaust fyrir okkur að hafa ekki hljómsveit, sem stæði fyllilega á sporði samskonar sveitum erlendis, og með tilliti til hátíðahaldanna 1930 er það talið okkur mjög nauðsynlegt, að þessi sveit verði þá til taks og svo skipuð, að okkur megi það til sóma verða. Í fyrra var sveitin skipuð 18 mönnum, en nú mun hún telja 24 menn, og því haldið fram, að þeim þurfi að fjölga upp í 30, til þess að fullnægja þeim kröfum, sem gera verður til hljómsveitar, sem koma á fram fyrir landið við opinber tækifæri. En þessi fjölgun eykur kostnað sveitarinnar til muna, auk þess sem hún þarf að kaupa hljóðfæri eftir þörfum. Hún hefir síðastliðið ár bætt við sig nýjum hljóðfærum og sömuleiðis styrkt menn til náms erlendis, sem vantaði í sveitina.

Sveitin hafði gert ráð fyrir, að þessi 2000 kr. styrkur, sem hún naut í fyrra, mundi nægja þetta næsta ár, en þegar hún sjer fram á minkandi tekjur af hljómleikum sínum, hefir hún ekki sjeð sjer annað fært en að sækja til þingsins um þennan viðbótarstyrk, sem jeg hefi leyft mjer að leggja til, að yrði samþyktur. Vænti jeg því, að hljómsveitin mæti þeirri velvild meðal hv. þdm., að þeir sjái sjer fært að samþ. þessa brtt.

Þá er næsta brtt. mín sú XXVIII. í röðinni, og þó að hún sje í mörgum liðum, lúta þeir þó allir að því sama, leiklistinni.

Það er styrkur til Freymóðs Jóhannssonar, til að fullnuma sig í leiktjaldamálun, utanfararstyrkur til Friðfinns leikara Guðjónssonar, til Hallgríms Bachmanns, til þess að kynna sjer ljósaútbúnað og ljósbreytingakerfi í leikhúsum erlendis, og loks er það styrkur til Einars Markans söngmanns.

Allir þessir styrkir lúta að því sama,

sem sje þjóðleikhúsinu, sem stendur til að reisa og margir hafa vænst eftir, að komið yrði upp um 1930. Hjer er enginn sjerstaklega leikinn í því að mála leiktjöld, enda er það sjerstök list út af fyrir sig, eins og best sjest á því, að í öðrum löndum, þar sem leiklist er talin á háu stigi, þá eru það sjerstakir listamenn, sem leggja stund á að mála leiktjöld og gera ekkert annað. Þess vegna mundi þjóðleikhúsið ekki verða sæmilega úr garði gert, ef **það getur ekki fengið þau leiktjöld til sýninga sinna, sem því eru samboðin.** Hinsvegar er Freymóður Jóhannsson efnilegur listmálari, sem lagt hefir stund á leiktjaldamálun í tómstundum sínum og þótt vel takast. Hann þarf því ekki annað en æfingu og að komast út til þess að kynnast þessu frekar.

Friðfinn Guðjónsson þekkja allir sem sjerstaklega skemtilegan leikara. Hann hefir leikið hjer í mörg ár og haft alveg sjerstakt lag á því að koma mönnum í gott skap. Hann hefir aldrei út fyrir landsteinana komið, en langar nú til að fara utan. Og þar sem sú venja hefir verið upp tekin í þessu skyni, vænti jeg, að hv. þingdeild sýni það við atkvgr., að hún telji Friðfinn maklegan að verða þessa styrks aðnjótandi.

Hallgrímur Bachmann Jónsson hefir sjeð um ljósaútbúnað Leikfjelags Reykjavíkur og þótt takast það svo vel, að hann hefir fyrir það þegið lof almennings. Hv. þm. hafa ekki átt kost á að sjá þetta, eins og við Reykvíkingar, eða að kynnast hæfileikum mannsins á þessu sviði. En jeg skal sjerstaklega geta þess, að í haust leiddi hann fram einkennilega fallega ljósbrigði, sem allir áhorfendur dáðust að. Og fyrir þjóðleikhús er það nauðsynlegt að hafa hæfum manni á að skipa, er stjórni og ráði ljósbúnaði öllum við hinar einstöku sýningar. Þess vegna vænti jeg, að þessi tillaga mín finni einnig náð fyrir augum hv. deildar. Og þá er loks eftir styrkur til Einars Markans söngmanns. Hann hefir áður fengið styrk, er talinn mjög efnilegur söngvari, sem þjóðleikhúsinu mundi mikill styrkur að, þegar farið verður að sýna hjer stærri söngleiki. Vænti jeg því, að háttv. deild geti fallist á að styrkja hann, eins og hún gerði í fyrra.

Næsta brtt. mín er sú XXX. í röðinni, og hana bið jeg hv. þdm. sjerstaklega að athuga. Hún er um það að veita Einari Ó. Sveinssyni 2500 kr. styrk til þess að ljúka námi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla. Um þennan mann stendur alveg sjerstaklega á, og eftir meðmælum þeim, sem umsókninni fylgja og eru gefin af Sigurði prófessor Nordal, er hann sjerstaklega góðum gáfum gæddur. Nordal fer þessum orðum um hann:

„... Honum er svo farið um flest, sem ungum fræðimanni má best vera: ágætum gáfum gæddur, starfsamur og áhugamikill, alvörugefinn og sjálfstæður í hugsun og sannarlegt prúðmenni í hvívetna".

En nú er svo ástatt fyrir þessum manni, að hann á aðeins eftir að ljúka námi, en hefir tafist frá því um þrjú ár vegna veikinda. Var hann kominn að því að ljúka prófi, er hann veiktist. Nú hefir hann frískast það mikið, að hann hefir tekið námið upp aftur, en telur þó engin líkindi þess að geta lokið því, nema hann fái þennan styrk,

Faðir hans er ekki það efnum búinn, að hann geti styrkt hann, enda hefir hann orðið að leggja mikið af mörkum þessum syni sínum til styrktar; fyrst námskostnað bæði innan lands og utan, og svo bættist við sjúkdómskostnaður hans. Hann er maður hniginn á efri ár, orðinn blindur og hættur að geta unnið fyrir sjer, enda segir hann í umsókninni, að tekjur sínar sjeu ekki aðrar en þær að selja og veðsetja það litla, sem hann eigi eftir, sem lítið sje þó annað en nokkur smíðatól og partur í húsi.

Vænti jeg því, þegar svona alveg sjerstaklega stendur á, að hv. deild geti fallist á, að nauðsyn beri til að hjálpa þessum unga efnilega manni til þess að ljúka námi sínu.

Þá kem jeg að XXXIII. brtt., sem er einnig nýr liður og fer fram á, að upp í fjárlög sje tekinn 500 kr. styrkur til Kvenrjettindafjelags Íslands.

Það virðist næsta undarlegt, að Alþingi skuli ekki áður hafa viljað styrkja þetta fjelag, þar sem það hefir þó styrkt Samband norðlenskra kvenna og Bandalag kvenna hjer í Reykjavík. Kvenrjettindafjelag Íslands er þó elsta kvenfjelagið, sem stofnað hefir verið hjer á landi, og hefir langmest unnið fyrir mál kvenna. Þess vegna virðist það eiga vel skilið að verða einhvers styrks aðnjótandi af opinberu fje. Þess má líka geta, að það eitt allra kvenfjelaga hjer er í hinu stóra alþjóðakvenrjettindasambandi kvenna, og þá um leið eina kvenfjelagið hjer, sem erlend kvenfjelög snúa sjer til um allar upplýsingar. Það hefir líka sent fulltrúa á sambandsfundi erlendis, en það út af fyrir sig er ekki lítils virði, að Ísland komi þar fram sem sjerstakt ríki. En kvenfjelag þetta hefir beitt sjer fyrir fleiru en utanferðum. Það hefir t. d. látið landskosningarnar til sín taka, og landsspítalann má að mestu þakka því. Nú hefir þessu fjelagi verið falið að standa fyrir næsta landsfundi kvenna, sem verður hjer í Reykjavík 1930, en slíkur undirbúningur hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer, og það er meðal annars með það fyrir augum, að þessi styrkbeiðni er fram komin, og þegar ekki er um stærri upphæð að ræða en öll sanngirni mælir með að hún sje veitt, vænti jeg, að þessi brtt. mín verði samþykt.

Þá er það XXXIV. brtt., um 1500 kr. styrk til Jóns Eyjólfssonar, til sölutilrauna á söltuðum og reyktum rauðmaga erlendis. Það er nú svo um þessa veiði, að það berast feiknin öll af þessum nytjafiski á land, en hinsvegar er markaðurinn mjög takmarkaður fyrir þessa vöru innanlands, en ekkert til þess gert að leita að nýjum markaði erlendis. Virðist það því ómaksins vert að styrkja mann til þessara sölutilrauna og freista þess, hvort ekki megi færa út markaðinn. Hinsvegar hefir maður þessi meðmæli frá velþektum mönnum, svo sem Sveinbirni Egilsyni, ritstjóra Ægis, Geir Sigurðssyni, skipstjóra, og Jes Zimsen, kaupmanni, sem allir eru fróðir í þessu efni, og vísa jeg því til ummæla þeirra sem sjerstakra fræðimanna á þessu sviði og að hjer sje ekki um neina vitleysu að ræða.

Þá á jeg nú aðeins eftir að minnast á tvær brtt., sem báðar eru við brtt. nefndarinnar og fara báðar í sömu átt, að hækka eftirlaun tveggja manna,

Fyrri brtt. er sú XLIII. í röðinni og fer fram á að hækka ellistyrk Hans Hannessonar pósts úr 300 kr. (sem hv. fjvn. leggur til) upp í 1000 kr.

Þessi maður hefir verið póstur um langan tíma, eða yfir 30 ár, og er nú farinn mjög og slitinn, er hann lætur af starfi. Jeg skal að vísu játa, að allmikill munur er á upphæð þeirri, sem jeg legg til að greidd verði þessum manni, og því, sem venja hefir verið um aðra pósta fram að þessu. En hjer stendur líka sjerstaklega á. Þessi maður hefir verið austanpóstur um alllangt skeið, og síðari árin orðið að leggja í allmikinn kostnað, sem fylgdi af bættum samgöngum. Hann hefir orðið að hafa marga hesta og vagna, en síðari árin hafa bílarnir tekið frá honum mestan póstflutninginn á meðan þeir geta gengið, og hestarnir því orðið ómagar. Þeim gat hann þó ekki fargað vegna vetrarferðanna. Svo má líka líta á það, að hann er búsettur í Reykjavík, þar sem allur framfærslukostnaður er margfalt hærri en víðast úti um land. Mun því síst fjarri, að sumir úti um land sjeu eins vel settir með 300 krónur til þess að lifa af eins og menn í Reykjavík með 1000 kr. Jeg hefi ekki annað heyrt en að maður þessi hafi staðið prýðilega í stöðu sinni, og þá virðist mjer ekki annað hægt en að veita honum þessa uppbót, sem hjer er farið fram á, og með því votta honum lítilsháttar þakkir fyrir langt og vel unnið starf.

Um styrkinn til Steinunnar Sigurðardóttur sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja. Þar er um svo litla hækkun að ræða frá því, sem nefndin leggur til, að jeg leyfi mjer að skjóta því til hv. deildar, að hún sjái sjer fært að samþykkja það.

Jón Guðnason: Jeg á hjer nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlaganna og vil leyfa mjer að minnast á þær nokkrum orðum. Fyrsta brtt., sem jeg flyt ásamt hv. 2. þm. Reykv. (MJ), er á þskj. 284,X, við 14. gr., þess efnis, að verja megi alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land. Þessi aths. var sett inn í fjárlögin í fyrra, en hefir nú láðst að taka hana upp aftur. Eftir því, sem jeg hefi komist næst, mun það ef til vill hafa stafað af því, að búist var við, að veita mætti upphæðina áfram án þess að hún stæði í fjárlögum.

Þessi till. miðar í sjálfu sjer ekki að því að hækka fjárlögin neitt frá því sem er, heldur að verja nokkru af því fje, sem sparast á þessum lið nú, til andlegu stjettarinnar. Og úr því að Alþingi varð einu sinni svo vingjarnlegt í garð kirkjunnar að taka upp þessa upphæð, þá veit jeg, að það fer ekki þegar í stað að fella hana niður. Jeg vil leyfa mjer að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að hv. þdm. geri það með ljúfu geði að taka þessa aths. upp í fjárlögin nú.

Næsta till. er námsstyrkur. Fyrst til Sigurkarls Stefánssonar, sem nú stundar stærðfræðinám við háskólann í Kaupmannahöfn. Nú í vetur tók hann annað aðalprófið með hæstu 1. einkunn. Þessi stúdent útskrifaðist hjeðan úr stærðfræðideild mentaskól-

ans fyrir hjer um bil 5 árum með allra hæstu einkunn, hafði hjer um bil 7 út í meðaleinkunn. En eins og gefur að skilja, hefir hann haft mikinn kostnað af námi sínu og sjer fram á mjög mikla erfiðleika á að ljúka því. Hinsvegar býst jeg við, ef hann fengi nokkurn styrk, að hann gæti lokið námi sínu í vor. Þessi stúdent hefir hin ágætustu meðmæli bæði frá kennurum sínum við háskólann í Danmörku og einnig frá dr. Ólafi Dan, sem lögð eru hjer fram. Hann telur hann með allra efnilegustu námsmönnum, sem hann hefir kent síðan hann kom að mentaskólanum, og mun með þeim orðum nokkuð mikið sagt. Það vill svo til, að það er mikil þörf vegna skóla okkar að fá góðan mann og vel lærðan í þessari grein. Vænti jeg því, að hv. þdm. geti ljeð þessum litla styrk, sem er lokastyrkur, atkvæði sitt.

Þá er undir sama lið styrkur til Kristjáns Einarssonar, til þess að nema rafmagnsfræði í Þýskalandi. Þessi piltur hefir stundað gagnfræðanám á Akureyri og einnig framhaldsnám, svo að hann átti ekki langt eftir til stúdentsprófs. En hugur hans horfði reyndar aldrei í þá átt, heldur miklu fremur að verklegum efnum. Nú hefir hann bráðum í heilt ár starfað hjá bræðrunum Ormsson hjer í Reykjavík, til þess að undirbúa sig verklega, áður en hann færi lengra út á þessa námsbraut. Auk þess nýtur hann líka bóklegrar tilsagnar í þessum fræðum. Jeg þekki vel þennan unga mann, hefi að nokkru leyti undirbúið hann til náms; og jeg get fullyrt það, að hann er með þeim allra efnilegustu námsmönnum, sem gerast, — ágætlega gefinn, iðjusamur og í alla staði reglusamur. Það, sem einkum vakir fyrir honum með námi sínu, er að beina síðar starfsemi sinni til rafmagnsvirkjunar á sveitabæjum.

Þá flyt jeg á sama þskj. XVII. till. ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), þess efnis að hækka um 1 þús. kr. styrk til húsmæðraskóla á Staðarfelli, sem stendur til, að reistur verði nú í vor. Eins og gefur að skilja, er allmikill áhugi á því þarna vestra, að skólinn geti farið sem allra myndarlegast af stað. Á þingmálafundum í vetur komu fram eindregnar áskoranir um, að hlynt væri að honum sem best, svo að hann gæti náð sem best tilgangi sínum. Fyrir því er það, að við flytjum þessa tillögu, því að okkur er ljóst, hversu er mikilsvert, að skólinn geti notið sín þegar í byrjun. Og ekki mun honum veita af þessum styrk, því að byrjunarörðugleikarnir eru vissulega miklir og margvíslegir. Þótt að ýmsu leyti sje vel í garðinn búið á Staðarfelli, eftir því sem um er að gera um sveitaheimili, þá er það vitanlega margt, sem þarf að gera með tilliti til skólastofnunarinnar.

Það væri þá heldur ekki lítils vert fyrir stjórnina, þegar hún setur reglugerð fyrir þennan skóla, að geta sjeð, hvaða stefnu Alþingi ætlar að taka, svo að hún sníði ekki skólanum of þröngan stakk og geri of litlar kröfur til hans. Mjer virðist, að minni en 4 þús. kr. megi styrkurinn ekki vera, ef hann á að geta náð tilgangi sínum. Að minni hyggju væri skóli þessi í raun og veru alls ekki vel settur í samanburði við ýmsa aðra skóla, sem styrkt-

ir eru af almannafje, þótt hann fengi þennan styrk.

Þá er brtt. XXXII, um styrk til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga. Þessi maður, sem nú er kominn á sextugsaldur, hefir reyndar frá því hann varð fulltíða maður altaf unnið nokkuð á þessu sviði, af því að hann hefir altaf verið einkar nákvæmur og umhyggjusamur að hjálpa skepnum, sem mikil þörf er fyrir í hans nágrenni, þar sem langt er til dýralæknis. Næstliðinn vetur hefir hann notið tilsagnar hjá Magnúsi Einarsyni dýralækni, bæði bóklegrar og verklegrar, og eðlilega kostað til þess allmiklu fje. Nú er það ósk bæði hans og hjeraðsbúa þarna vestra, að hann geti framvegis gefið sig enn meir að þessum störfum og honum verði gert það mögulegt með því að veita honum dálítinn styrk, eins og Alþingi hefir í mörg ár styrkt Hólmgeir Jensson dýralækni.

Jeg vil sjerstaklega taka það fram um þennan mann, að það, sem einkennir hann í þessu — eins og í öllu öðru — er framúrskarandi gætni og nákvæmni. Allir, sem þekkja hann, hafa mikla trú á hans hæfileikum í þessum efnum.

Þá er enn ein till. á sama þskj., XIII, sem jeg er nokkuð við riðinn. Hún er flutt af mentmn. og hefir hennar áður verið getið hjer í deildinni. Till. fer fram á, að háskólanum verði veittar 2 þús. kr. til þess að halda kennara í grísku, sökum þess að gríska dósentsembættið verður lagt niður. Eins og hv. þdm. vita, hefir háskólinn lagt ríka áherslu á þetta, að slík kensla mætti alls ekki missa sig. En hinsvegar, eins og nú standa sakir, er ekki hægt að koma því til leiðar, að neinn af núverandi háskólakennurum taki að sjer þá kenslu fyrir ekki neitt.

Undir sama lið er önnur upphæð, sem minst var á í sambandi við dósentsembættið. Það er alt að 2000 kr. til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, sem halda fyrirlestra í háskólanum.

Þegar frv. um dósentsembættið var á ferð, var gerð grein fyrir þessari till., og get jeg vísað til þess, sem þá var sagt. Jeg vona, að hv. þdm. setji ekki fyrir sig að greiða atkvæði þessari litlu upphæð, svo mikið gagn sem má af henni leiða.

Fleiri brtt. er jeg ekki við riðinn. Um brtt. annara hv. þm. ætla jeg ekkert að fjölyrða. En það er ein till., frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), sem jeg vildi mæla mjög með. Þegar þess er gætt, hversu sund er holl og nauðsynleg íþrótt, þá finst mjer óhætt að segja, að of lítið er gert til þess að styrkja þá íþrótt af því opinbera, í samanburði við það, sem á sjer stað um aðrar greinir íþrótta og menta.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil byrja með því að þakka hv. fjvn. fyrir b-lið 47. brtt. hennar. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, átti sjer stað mjög mikill bruni á Stokkseyri á síðasta hausti, er gerði sveitarfjelaginu mjög mikið tjón. Mun það hafa numið í óvátrygðum munum nær 60 þús. kr., eða jafnvel meira. Tjón útgerðarmanna á nokkrum bátum, veiðarfærum og þesskonar áhöldum nam um 30—40 þús. kr. Þeir leituðu til Fiskifjelagsins og fengu þar nokkurn fjár-

styrk til þess að afla sjer veiðarfæra aftur, og sömuleiðis til stjórnarráðsins, sem tók málaleitun þeirra vel og lánaði þessa upphæð, sem hjer er nefnd, 10 þús. kr. Þetta var ákaflega vel gert og kom að góðu haldi. En hinsvegar er það svo, að ef þeir eiga að endurgreiða þetta, er fyrirsjáanlegt, að þeir geta ekki rönd við reist. Þess má geta, að síðasta ár var vertíð þeim ákaflega óhagstæð. Útgerðarkostnaður er þar ætíð mikill; verður venjulega að sækja fiskinn langt og sjósókn stopul, meðal annars vegna hafnleysisins. Jeg vænti þess vegna, að hv. deild sjái nauðsyn þessara manna og samþ. till. hv. fjvn. Það er altaf vel til fallið, að Alþingi hlaupi undir bagga með þeim hjeruðum, sem bíða slíkt tilfinnanlegt tjón, svo að menn hafi möguleika til að stunda áfram sína atvinnu og geti staðið á eigin fótum. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till., en vænti hins besta af hv. þdm.

Þá flyt jeg 2 till. á þskj. 284, og að 3. till. er jeg meðflutningsmaður. Aths. við XI. lið var sett í fjárlög í fyrra. Það var gert ráð fyrir, ef Suðurlandsskólinn tæki til starfa, að þá veitti sjera Kjartan prófastur í Hruna honum forstöðu. Ætlast var til, að hann fengi öll sín prestslaun áfram. Með því móti átti að tryggja honum laun við skólann. Nú er kominn afturkippur í þetta mál. Veit jeg ekki, hvort skólinn verður reistur á þeim tíma, er þessi fjárlög gilda. En mjer þykir rjett og í alla staði kurteisara gagnvart sjera Kjartani, að þetta ákvæði, sem komst inn í fjárlög í fyrra, fái að standa þar áfram. Það eyðir engu, ef skólinn verður ekki kominn upp. Færi hinsvegar svo, að skólinn yrði það snemma upp kominn, að hann færi að veita honum forstöðu, þá kemur vitaskuld til að greiða launin. En Alþingi hefir áður lýst yfir vilja sínum í þessu efni, og því vona jeg fastlega, að hv. deild samþ. þessa aths. við 14. gr., þar sem hún var sett í fyrra. Sjera Kjartan er alls góðs maklegur. Er mjög æskilegt, að skólinn yrði reistur það snemma, að hann geti tekið að sjer stjórn hans. Hygg jeg, að allir þeir, sem láta sjer ant um mentun ungmenna þessa lands, vildu gjarnan, að hann veitti skólanum forstöðu og telji rjett að tryggja honum þessi laun. Eftir þeim veðramerkjum, sem jeg hefi veitt eftirtekt á þessu þingi um mentamálin, finst mjer það mjög svo illa við eiga að samþ. ekki þessa heimild til fjárveitingar.

Næst kemur brtt. undir XXIV. lið, um að veita Sigurði Skúlasyni háskólanema styrk til þess að halda áfram íslenskum fræðiiðkunum erlendis. Er hann búinn að ljúka fyrri hluta prófs við háskólann, mjög góðu prófi, og ætlar að ljúka námi í vor. Hefir hann í hyggju að fara utan og dvelja líklega 2—3 ár til þess að halda áfram fræðiiðkunum sínum og semja síðan allmikla ritgerð um einn þáttinn í menningarsögu vorri.

Þeir sjóðir, sem styrkja nemendur frá háskólanum, eru svo settir, að hann getur ekki vænst styrks þaðan fyr en eftir 2—3 ár. Það þykir honum óþægilegt; hann vill þegar halda áfram, uns því er lokið. Þessi maður, Sigurður Skúlason, hefir sótt upphaflega um meiri styrk en þetta, en þó

tel jeg honum bót að því, þótt hann fái ekki meiri styrk en till. mín nær. Með aðaltillögu minni hefi jeg farið fram á það, að þessum unga og efnilega manni verði veittar 2500 kr. til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis, og til vara, að honum verði í sama skyni veittar 2000 kr.

Það skiftir að vísu litlu máli fyrir ríkissjóð, hvor upphæðin samþ. verður, en fyrir manninn sjálfan skiftir það þó nokkru máli. Fyrir mitt leyti vil jeg þó lýsa yfir því, að jeg gerði mig ánægðan með það, þótt varatill. væri samþ., eða ljeti mjer það lynda að minsta kosti.

Jeg veit það vel, að margir eru þeir námsmenn, sem vilja fá styrk til utanferðar. Jeg skal ekki dæma á milli þeirra, hver þeirra mundi verðugastur til þess að hljóta slíkan styrk, sem hjer er farið fram á, en um þennan mann þori jeg að fullyrða, að hann er reglusamur, áhugasamur og hefir stundað nám sitt ágætavel. — Hann leggur stund á þá fræðigrein, sem mikils er um vert fyrir oss Íslendinga að fá góða menn til að nema. Og jeg álít, að gott sje fyrir þjóðerni okkar og tungu að leggja þeim mönnum lið, sjerstaklega ef þeir eru efnilegir, sem vilja gefa sig að íslenskum fræðum. Og jeg tel það skilningsskórt hjá Alþingi, ef það skyldi hafa á móti því að styrkja efnilega menn til þessa náms.

Að svo mæltu fel jeg hv. þdm. þessa brtt. og vona, að þeir geti fallist á hana.

Þá er jeg meðflutningsmaður að seinustu till. á þskj. 284, en þar sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hefir þegar gert glögga grein fyrir þeirri till. og jeg hefi þar engu við að bæta, get jeg látið mjer nægja að vísa til ummæla hans. Þó vil jeg geta þess, að hjer er ekki um neina ölmusugjöf að ræða til þessa manns. Hjer er aðeins um lán að ræða, og það er ekki aðeins í þágu hlutaðeiganda, heldur margra annara. Hann þarf að fá þennan styrk til þess að geta komið upp hjá sjer sæmilegri byggingu. Og þeir, sem þekkja til og vita, hve marga gesti ber þarna að garði, vegmóða vegfarendur, sem þarfnast gistingar, þeir vita líka, hve brýn þörf er á því að bæta, fremur en gert hefir verið, húsakynnin á Laugarvatni. Hjer er ekki um nein sjerstök útgjöld að ræða, heldur aðeins lán, sem mikil þörf er á að veita, og vona jeg því, að hv. þdm. taki þessari till. vel.

Um brtt. hv. fjvn. ætla jeg ekki að fjölyrða, nje heldur um brtt. einstakra háttv. þm., því að það yrði bara til þess að tefja tímann. Jeg mun sýna það við atkvæðagreiðsluna, hvern hug jeg ber til hverrar tillögu.

Sigurjón Jónsson: Jeg skal byrja á því að þakka hv. fjvn. fyrir 27. brtt. hennar á þskj. 233, þar sem hún hefir fallist á að veita kvenfjelaginu „Ósk“ á Ísafirði nokkru hærri styrk en upprunalega var í frv. Fjelag þetta sótti um að fá 8000 kr. styrk, en hv. fjvn. hefir lagt til, að hann verði 5000 kr. Fyrir mitt leyti hefi jeg ekki gert ráðstafanir til þess að fá þennan styrk hækkaðan fram úr þessu og læt mjer nægja það, sem hv. fjvn. hefir lagt til, vegna þess að jeg sje góðvilja hennar og viðurkenning á þessu máli

í till. hennar. Þessi skóli er okkur Vestfirðingum nauðsynlegur, en það hefi jeg skýrt betur áður, svo að jeg skal nú ekki orðlengja um það.

Á þskj. 284 á jeg enn tvær brtt., en þær miða lítið að því að hækka útgjaldahlið fjárlaganna, og önnur þeirra alls ekki neitt. Hin mun, ef samþykt verður, hafa í för með sjer 600—800 króna útgjöld. Það er brtt. undir XXV, þar sem farið er fram á það að veita Leikfjelagi Ísafjarðar styrk, gegn ákveðnu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar. Leikfjelagið sendi beiðni um það til Alþingis, að það veitti sjer 1500 kr. styrk, en fjvn. sá sjer ekki fært að taka það upp. Þó er fordæmi fyrir þessu í fjárlögum, þar sem er styrkur til leikfjelagsins á Akureyri. Leikfjelagið á Ísafirði á ekki síður skilið að fá styrk, því að þeir menn og konur, sem halda þar uppi leiklist, vinna jafnan kauplaust, aðeins af áhuga fyrir listinni, og þurfa oft og tíðum að leggja af mörkum þó nokkurt fje úr eigin vasa þar að auki. Því verður ekki neitað, enda hefir Alþingi viðurkent það áður, að leiklistin er til mikils gagns í hverju þjóðfjelagi. Ætti það því ekki að mæta neinni mótspyrnu hjá Alþingi að sýna henni viðurkenningu. Og þar sem hjer er farið fram á mjög lítinn styrk, fel jeg þessa tillögu góðvilja hv. þdm.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj., undir XIX. lið, þar sem farið er fram á það að veita 7500 kr. af fje því, er unglingaskólunum er ætlað, til unglingaskólans á Ísafirði. Jeg hefi borið hjer fram í þinginu frv. um að stofna gagnfræðaskóla á Ísafirði; það frv. er nú hjá mentmn. og líður víst mjög vel þar. Ekkert hefi jeg heyrt til þess, síðan það fór til þessarar hv. nefndar. Svo mikið er víst, að jeg geri mjer litlar vonir um, að það frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa brtt. við fjárlögin.

Jeg þarf ekki nú að lýsa þessum skóla, er hjer um ræðir, því að það gerði jeg um leið og jeg lagði fram frv., er jeg mintist á áðan; en þess vil jeg geta, að styrkur sá, sem þessi skóli hefir notið, er miklu lægri en styrkur sá, er aðrir ungmennaskólar í landinu fá, svo sem Eiðaskólinn, Akureyrarskólinn og Flensborgarskólinn. Sje reiknað eftir námsvikum, er hinn opinberi styrkur skólans á Ísafirði sjö sinnum lægri heldur en styrkur skólans á Akureyri, og 10 sinnum minni heldur en styrkur skólans á Eiðum. Styrkur á námsviku hvers nemanda við þessa skóla er eins og hjer segir:

Eiðaskóla	kr.	20,86
Flensborg	—	9,92
Akureyri	—	14,40
Ísafirði	—	2,06

En sjeu nú tekin dæmi af hinum alþýðuskólunum, svo sem Laugaskólanum, Núpsskólanum og Hvítárbakkaskólanum, þá verður mismunurinn svipaður. Árið 1926 er námsstyrkur í Laugaskólanum 6,90 kr. á viku, eða þrisvar sinnum meiri en á Ísafirði. Í Hvítárbakkaskólanum er hann miklu hærri, eða 12,60 kr., og á Núpi kr. 19,50 á viku, en það stafar af því, að þar voru fáir nemendur þetta ár. Jeg hefi talað um þetta við fræðslumálastjóra, og er hann mjer sammála um það, að samræma verði styrkgreiðslur ríkissjóðs til ungmennaskólanna.

Jeg var fyrst að hugsa um það að

bera fram till. um þessa hækkun við 14. gr. fjárlaganna B. XIV, 2, en þegar jeg sá brtt. hv. fjvn. um að hækka styrk til unglingaskóla úr 38 þús. í 45 þús. kr., þá fjell jeg frá því.

Það má nú ef til vill segja, að það sje stórt stökk hjá mjer að vilja þrefalda þennan styrk, en þótt þetta fengist, þá er þó styrkur þessa skóla lægri heldur en styrkur til hinna ungmennaskólanna. Hjer ber þess að geta, að jeg ætlast alls ekki til þess, að ungmennaskólar í kaupstöðum eigi að njóta eins mikils styrks eins og skólar í sveitum, vegna þess að sveitaskólar verða jafnaðarlega dýrari í rekstri vegna heimavistar og ýmislegs fleira, sem þar kemur til greina. En jeg álít, að skólar í kaupstöðum, svo sem eins og Flensborgarskólinn og skólinn á Ísafirði, eigi að njóta svipaðs styrks úr ríkissjóði.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, og ekki minnast á neinar aðrar brtt. Þó vil jeg leggja einni þeirra lið. Það er XLVI. brtt. á þskj. 284, um það að veita Jóni Stefánssyni málara alt að 10 þús. kr. lán til þess að reisa hjer í Reykjavík vinnustofu, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar. Jeg veit ekki til þess, að þessum manni hafi verið sýndur nokkur sómi opinberlega, og þó má hiklaust telja hann með efnilegustu listamönnum vorum. Í fyrra voru ýmsum listamönnum veittir styrkir, en þá var það felt að veita honum styrk. Nú horfir talsvert öðruvísi við, þar sem hjer er ekki um styrk að ræða, heldur lán, og finst mjer, að Alþingi geti ekki neitað þessum manni um svo litla viðurkenningu, sem í brtt. felst.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla aðeins að mæla hjer örfá orð til skýringar á beiðni Hólshrepps um fjárframlög til þess að fullgera brimbrjótinn í Bolungarvík, og um leið vil jeg þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir nú enn sem fyr snúist vel við þessu mikla vandamáli.

Viðbót sú, sem gerð var við brimbrjótinn 1923, var ótrygg frá upphafi og lá nærri, að hún eyðilegðist á fyrsta ári. Hólshreppur tók þá á sig mikla fjárhagslega byrði til þess að endurbæta brimbrjótinn. Kostnaður við það, sem áætlaður var 32 þús. kr., komst upp í 58 þús. kr., og af þeirri upphæð varð Hólshreppur að bera 38 þús. kr. Þó er þetta mannvirki hvergi nærri trygt enn og þarf að byggja talsvert við það, svo að trygt verði.

Síðastliðið vor átti hreppsnefndin kost á því að kaupa steinnökkva, 57 metra langan og 9 metra breiðan, vandaðan og sterkan, til þess að sökkva fyrir framan brimbrjótsendann og lengja hann með því og fullgera. Steinnökkvar sem þessi voru smíðaðir í Englandi á stríðsárunum og kostuðu þá um 1 milj. kr., en þennan nökkva mátti fá fyrir 20 þús. kr. Vitamálastjóri sagði, að þetta væri tryggasta ráðið til þess að gera brimbrjótinn vel úr garði og fulltryggan, og þess vegna keypti hreppsnefnd Hólshrepps steinnökkvann. Hefir verið gerð áætlun um það, hve mikið þetta alt muni kosta, steinnökkvinn og verkið við að sökkva honum og koma honum fyrir í sambandi við brimbrjótinn, og er talið, að kostnaðurinn muni nema 70 þús. kr. En áætlun sú, er vitamálastjóri hefir gert um

fullnaðarframkvæmd verksins, er 90 þús. kr. Hreppsnefnd Hólshrepps hefir þó farið í gegnum þessa áætlun og allar teikningar henni aðlútandi og segir, að mikið megi draga úr þessum áætlaða kostnaði. Í brjefi til fjvn. hefir hreppurinn nú boðist til þess að taka að sjer að fullgera þetta mannvirki á sína ábyrgð fyrir 70 þús. kr.

Það hefir nú verið svo, að þótt verk þetta, það sem af er, hafi verið framkvæmt undir stjórn og eftirliti vitamálastjórnar, þá er það ekki viðunandi, og hreppsnefnd Hólshrepps og ríkissjóður hafa tapað tugum þúsunda króna á því, hvað það hefir verið illa gert. En byrjunina, fyrsta spotta brimbrjótsins, hefir aldrei þurft að endurbæta. Þennan spotta gerðu Bolvíkingar sjálfir á eiginn kostnað og hann hefir aldrei haggast, þótt mest reyni á hann, þar sem brimsúgurinn er mestur uppi við land. Það sýndi sig og einu sinni, að verkfræðingur sá, sem stjórnin lagði til, stóð uppi ráðþrota við það að koma fyrir kassa fyrir framan brimbrjótinn. Þá var fenginn frá Ísafirði maður, sem kipti þessu öllu í lag, þótt ólærður sje. Nú er í ráði að fela þessum manni framkvæmd verksins, sem eftir er, og er það óhætt, þar sem hann hefir sýnt, að hann tekur lærðum verkfræðingum fram. Jeg vænti því, að þar sem hjer er um að ræða svo örugga og ódýra bót á þessu mikla mannvirki, þá taki háttv. þdm. ekki ver í þetta mál heldur en hv. fjvn. hefir gert. Tillögur hreppsnefndar eru ábyggilegar, og jeg vænti þess, að stjórnin sjái sjer fært að taka þann mann fyrir verkstjóra, sem áður hefir sýnt, að hann kann vel til verksins og hreppsnefnd hefir hugsað sjer að fá. Jeg veit ekki, hvort vitamálastjóri hefir nú nokkrum manni á að skipa til þessa verks, enda er það undir hælinn lagt, hvort maður, þótt verkfróður sje, muni reynast til jafns við þennan mann, er jeg talaði um, eða betri.

Fáist þessi bót á höfninni í Bolungarvík, fær ríkissjóður framlag sitt endurgoldið með tímanum. Sjómennirnir þar vestra fá þá meiri afla með minni kostnaði, en af því koma aftur auknar tekjur í ríkissjóð.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer 2 brtt., sem jeg vildi þó helst hafa verið laus við, vegna þess að báðar fara þær í hækkunaráttina. Er það þá fyrst brtt. við 14. gr. A. b. 7, um húsabætur á prestssetrum, að sá liður hækki um 7000 kr.

Jeg hefi átt tal við háttv. fjvn. um þessa brtt., en hún hefir tjáð mjer, að hún hafi ekki getað tekið afstöðu til hennar vegna þess, að hún hafi ekki haft tækifæri til þess að ráðfæra sig við biskup. Jeg hefi því ákveðið að taka þessa brtt. aftur við þessa umr., í þeirri von, að hv. fjvn. taki hana til rækilegrar yfirvegunar.

Þá kem jeg að hinni brtt. minni, XXXVII. á þskj. 284, þar sem jeg fer fram á það, að þessi hv. deild fallist á að veita Patrekshreppi í Barðastrandarsýslu 20 þús. kr. eftirgjöf á viðlagasjóðsláni. Hreppsnefnd vildi fara fram á að fá helming eftirstöðva eftirgefinn, en jeg sá mjer ekki fært að fara svo langt. Upprunalega var lánið 90 þús. kr., en eftirstöðvar nú 72 þús. kr.

Jeg vil taka það fram, að lán þetta var, sem kunnugt er, tekið fyrir mörg-

um árum til rafveitu á Patreksfirði. Var til þessa fyrirtækis stofnað í byrjun ófriðarins mikla og hafði verið gerð áætlun um, að það mundi kosta í mesta lagi 20 þús. kr. En þá skall á ófriðurinn og hver óhappaaldan eftir aðra og gerði það að verkum, að kostnaðurinn varð svona hár, eða fullkomlega 4 sinnum meiri en áætlað var.

Má nærri geta og þarf engum orðum að því að eyða, að litlu hreppsfjelagi sem þessu er langsamlega ofvaxið að rísa undir slíkri byrði. Með það fyrir augum snýr það sjer nú til Alþingis, ef verða mætti, að það sæi sjer fært að ljetta þann bagga að nokkru.

Í sambandi við þessa málaleitan vil jeg geta þess, að afborganir og vexti hefir hreppurinn borgað til viðlagasjóðs um 50 þús. kr.

Fram að árinu sem leið hefir hann ætíð getað staðið í skilum. En þá kom kreppan yfir það bygðarlag sem önnur, og það er nú svo lamað, að fullhart mun vera, að það geti klofið þær sjálfsögðustu greiðslur, sem gengið er út frá, að verði að borgast.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að það er erfitt að fara fram á svona nokkuð. En þess ber að gæta, að það er ekki alveg fordæmalaust. Þarf ekki lengra að vitna en til síðasta þings, er slík eftirgjöf átti sjer stað gagnvart ýmsum hreppum. (**Trþ**: Það náði ekki fram að ganga. Var felt). Nú, jæja, það er þá misskilningur, sem jeg bið velvirðingar á. En nokkuð er það, að fast var það sótt. (**KIJ**: Já, það var alt annað). Þar stóð líka öðruvísi á en hjer. Þegar slíkar rafveitur máttu heita óþektar hjer á landi, ráðast þessir fátæku hreppsbúar í það stórræði að koma upp hjá sjer einni slíkri rafveitu. Mega þessar fáu krónur því skoðast sem viðurkenningarvottur fyrir framtakssemina. — Ef þetta fyrirtæki hefði ekki mætt mótstöðu og áföllum eftir að verkið var hafið, efast jeg ekki um, að það hefði orðið viðkomandi bygðarlagi til hinnar mestu blessunar. Í stað þess hefir snúist svo fyrir viðburðanna rás, að hreppsfjelagið getur nú ekki lengur staðið straum af því.

Jeg skal kannast við það, að eins og nú er háttað hag ríkissjóðs, er mjer næsta ógeðfelt að fara fram á þetta. En hvernig sem á er litið, er þó hagur ríkissjóðs betur kominn en þessa bygðarlags, sem hjer á hlut að máli.

Það er þýðingarlaust að tala langt mál um þetta, enda ætti mönnum að vera þegar ljóst af því, er jeg hefi sagt, að hjer er knýjandi nauðsyn fyrir dyrum.

En jeg verð þó að geta þess, að þegar litið er til hinna mörgu þúsunda, er óeftirtalið af mjer fara til hinna ýmsu landsfjórðunga til brúa- og vegagerða, þá er ekki ósanngjarnt, að við Vestfirðingar fáum ívilnun hvað þetta snertir. Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, höfum við ekki af neinum þvílíkum styrk að segja. Það er ekki á Vesturlandi nokkur spotti af því, sem kallast þjóðvegir. Og með símalínum, sem lagðar hafa verið ekki í sambandi við aðallínur, höfum við orðið að leggja á okkur stórfje. Við því er náttúrlega ekkert að segja. En jeg vænti þess, að þeir háttv. þm., sem fengið hafa ekki ólaglegar upphæðir til vegagerða o. s. frv.

í sínum kjördæmum, hiki við að leggjast gegn þessu, sjerstaklega þar sem um er að ræða efnahagsatriði annarsvegar.

Læt jeg svo útrætt um það. Jeg var ekki viðstaddur, er hv. þm. Dal. (JG) hjelt sína ræðu, en býst við, að hann hafi minst á styrkbeiðni í brtt. nr. XXXII á þskj. 284 handa Eggerti Magnússyni til dýralækninga.

Jeg beini þeirri spurningu til hv. þm. Dal., hvort þetta sje sá sami Eggert, sem eitt sinn var búsettur í Barðastrandarsýslu. (**JG:** Jú, svo mun vera). Nú, einmitt það. Kannast jeg við manninn, en ekki var mjer það kunnugt, að hann hefði fengist við dýralækningar. (**JG:** Ekki í Haga). Háttv. þm. þarf ekki að snúa út úr orðum mínum. Jeg spurði kurteislega og bjóst ekki við, að hann mundi taka það illa upp.

Jeg skal gera ráð fyrir, að þessi maður hafi fengist við dýralækningar í Dölum og hv. þm. (JG) flytji ekki þessa brtt. af öðrum ástæðum en þeim, að viðkomandi hafi gert sig þessa styrks maklegan. (**JG:** Jeg gat um það alt í ræðu minni). En mjer er ekki kunnugt um hans dýralækningar annað en það, að hann þótti heldur laghentur við að gelda hesta. Aðrar dýralækningar þekti jeg ekki til hans, er hann var í Barðastrandarsýslu, og býst jeg við, að jeg sje þar kunnugri en hv. þm. Dal. Síður en svo, að jeg sje að reyna að koma þessari till. fyrir kattarnef. Upphæðin er svo lítil, til þess að gera. En ef við tökum upp þá reglu, að allir þeir, sem lagnir eru að fara með skepnur, fái opinberan styrk, þá yrðu nokkuð margir styrks maklegir og vandaðist málið að sinna öllum þeim styrkbeiðnafjölda, er rigna mundi yfir þingið. Jeg tel þá stefnu dálítið varhugaverða.

Af gamalli vinsemd get jeg brtt. XVII. á þskj. 284, frá sama hv. þm. (JG) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Mjer kemur sú till. ekki á óvart. En jeg vona, að hv. flm. taki mjer það ekki illa upp, þótt jeg geti ekki fylgt till. þeirra samkvæmt fyrri afstöðu minni. Mjer vitanlega liggur ekkert fyrir um það, að skólinn verði þessa styrks maklegur eða hve mikill nemendafjöldi verði þar og þvíumlíkt.

Jeg held jeg láti hjer staðar numið að sinni.

Jeg treysti hv. þm. til þess að hugsa sig vel um og oftar en einu sinni, áður en þeir greiða atkvæði á móti þessari eftirgjöf á hluta af viðlagasjóðsláninu. Mætti það verða til þess, að hreppurinn geti betur staðið í skilum um það, sem eftir verður af láninu.

Það segir sig sjálft, að ríkinu er enginn hagur að eiga útistandandi skuldir, sem skuldunautarnir geta ekki staðið í skilum með. Eina ráðið er að gera þeim það kleift.

Og loks vil jeg bæta því við, að það er til þingfyrirheit um það, að þetta lán yrði eftirgefið að meira eða minna leyti. Þegar lánið var veitt, spáði þáverandi þm. V.-Ísf. (Matthías Ólafsson) því, að þar kæmi, að lánið yrði alt eftirgefið. Notaði jeg þá tækifærið og sló því föstu, að hjer væri um fyrirheit að ræða. Mótmælti því enginn. En sjáum til um efndirnar.

Björn Líndal: Jeg á 3 brtt. á þskj. 284. Af þeim ætla jeg að taka til baka

fyrstu brtt., nr. XVIII. Önnur brtt., nr. XL, er um hækkun á eftirlaunum Páls Árdals. Hæstv. stjórn hefir að vísu lagt til í fjárlagafrv. sínu, að honum verði veitt 600 kr. eftirlaun, en þetta verð jeg að telja miklum mun of lítið, þótt betra sje en ekki neitt, þegar litið er yfir æfistarf þessa mæta manns, sem nú er kominn yfir sjötugt.

Hann hefir fengist við kenslu í 44 ár og þótt samviskusamur og góður kennari, svo að allir róma, er til þekkja. Auk þess hefir hann fengist við vegaverkstjórn um 15 ár, og ljúka allir upp einum munni, hve vel það starf hafi farið honum úr hendi, enda lýkur vegamálastjóri miklu lofi á fyrirmyndarverkstjórn hans.

Ekki er öll iðja hans þar með talin. Enn hefir hann verið skáld og fræðimaður. Hann hefir gefið út ágrip af náttúrufræði, sem þótti góð kenslubók á sínum tíma. Af skáldritum hafa komið út eftir hann 2 ljóðasöfn, sem mjer er óhætt að segja, að nutu og njóta enn mikilla vinsælda, og 4 sjónleikir, sem sama má segja um. Aldrei hefir hann farið fram á að fá skáldastyrk, þótt Alþingi hafi margan verðlaunað, er síður skyldi. Nú er hann kominn yfir sjötugt og orðinn steinblindur og efnalaus. Það væri hreinasta vanvirða fyrir þjóðina að láta hann nú líða neyð í elli sinni.

Hvers hann er metinn á Akureyri, má sjá af því, að er hann var að hætta kenslu sakir sjóndepru, samþykti bæjarstjórnin að greiða honum 200 kr. mánaðarlega til ársloka þessa árs, en frá þeim tíma var þess vænst, að honum yrði veittur sæmilegur styrkur úr ríkissjóði. Vænti jeg þess, að hann verði ekki skorinn við neglur frekar en bæjarstjórnarstyrkurinn.

Jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir að hafa tekið upp dálitla ellistyrktarfjárveiting til nokkurra aldraðra og farlama ljósmæðra. Það hefir tíðkast á síðustu þingum að bæta þeim að nokkru upp margra ára illa launað en vel unnið starf með lítilsháttar ellistyrk. Þessi ljósmóðir, sem jeg ber fyrir brjósti, Sigurfljóð Einarsdóttir, getur að vísu ekki hrósað sjer af 50 ára ljósmóðurstarfi, en hátt upp í það. Hún hefir gegnt ljósmóðurstörfum í 48 ár, að því er jeg best veit, að meira eða minna leyti, þótt hún hafi ekki verið í opinberri þjónustu allan þennan tíma óslitið. Hjerað hennar hefir verið erfitt útkjálkahjerað, Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu, og hún hefir verið sótt jafnvel til Grímseyjar, á árabát í illu veðri og ísreki. Það er erfitt ferðalag á vetrardag fyrir konu. Hún er nú orðin 77 ára gömul, svo að jeg býst ekki við, að hún verði lengi þessarar þóknunar aðnjótandi.

Í fjárlögunum eru 4 eða 5 ljósmæður, er hafa þessa upphæð, 500 kr. Með allri virðingu fyrir þeim, þá álít jeg þessa ekki síður hins sama maklega, og þó jafnvel miklu fremur. Jeg vona því, að háttv. deild sjái sjer fært að vera með þessari litlu hækkun um 200 kr.

Áður en jeg sest niður, vil jeg geta þess, að af brtt. hv. fjvn. vakti mesta undrun mína 28. brtt., við 14. gr., þar sem lagt er til, að veittar verði 11000 kr. til þess að koma upp húsmæðradeild við Laugaskóla í Þingeyjarsýslu. Það væri þörf á að tala langt mál og alvarlegt um alt þetta skipulagslausa

skólafargan, sem nú gengur eins og farsótt um þetta land, en jeg ætla þó ekki að gera það að sinni.

Er einkennilegt í meira lagi, að slík tillaga sem þessi skuli hafa komið fram, þar sem vitanlegt er, að Alþingi samþykti 1917 lög um húsmæðraskóla á Norðurlandi. Er þar gefið loforð um, að reisa skuli þennan skóla jafnskjótt og efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunanlegum kjörum. Meðan dýrtíðin ríkti, var þess vegna ekki farið fram á, að skólinn yrði reistur, en lögin fela í sjer ótvírætt loforð Alþingis, að byrjað skuli á byggingu skólans jafnskjótt og dýrtíðinni ljetti. Nú má segja, að það sje sök norðlenskra kvenna, að ekki hefir verið hafist handa fyr og krafist uppfyllingar á loforðinu. En orsökin til þessa var sú, að þær hafa litið svo á, að of mikils væri krafist, að fara samtímis fram á að fá reist heilsuhæli Norðurlands og húsmæðraskólann. En svo mikil nauðsyn sem er á húsmæðraskóla, þá er þó meiri nauðsyn á að bjarga lífi fólks, sem er í hershöndum dauðans.

En verði nú þessi deild stofnuð á Laugum, er auðsætt, að erfiðara verður að fá loforðið frá 1917 uppfylt, enda engin þörf á þessari húsmæðradeild við Laugaskólann, þegar hinn skólinn er kominn upp.

Þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að þær mætu og merku konur í Þingeyjarsýslu — jeg tek það fram, að tvær þeirra, sem jeg þekki, eru mjög mætar og merkar konur —, sem standa fyrir þessari beiðni um fjárframlag til þessarar húsmæðradeildar, skýra ekki rjett frá fyrirhugaðri stofnun húsmæðraskóla í Eyjafirði. Það er skýrt fram tekið í lögunum, að við skólann skuli reka búskap og þar skuli vera heimavistir fyrir 40—50 námsstúlkur. Með öðrum orðum: skólinn á ekki að vera í kaupstað. Mjer er ekki skiljanlegt, hvernig skólinn ætti að reka búskap á Akureyri, ef hann væri bygður þar. Auk þessa er það skýrt tekið fram í lögunum, að skólann skuli reisa í grend við Akureyri.

Einkennilegt er það líka við þessa skólahugmynd, að þær mætu konur skýra heldur ekki rjett frá kostnaðarhliðinni. Þær gera ráð fyrir 24 þús. kr. tilkostnaði og hugsa sjer að greiða þar af helminginn sjálfar. En húsameistari áætlar 26—28 þús. kr. Og í þeirri áætlun er ekki gert ráð fyrir öðru en allslausum hússkrokknum, en líklega þarf einhvern húsbúnað, og hann kostar líka fje, ekki síður en annað. Hv. fjvn. hefir skilið, að þetta er ekki nema fálm út í loftið og áætlar 11 þús. kr. ⅔ kostnaðar. En jeg geri ráð fyrir, að skólinn verði miklu dýrari en þetta og að lítið eða ekkert sje að byggja á þessari ónákvæmu bráðabirgðaáætlun, er hjer liggur fyrir. Og það eykur ekki trú mína á þessa áætlun, að þessi stofnun á að standa í sambandi við Laugaskólann, sem fyrir löngu er orðinn alræmdur fyrir það, hvernig fjármálum hans hefir verið stjórnað. Jeg ætla ekki að fara út í fjárhagsástæður hans nú. En benda má á, að skólinn er í botnlausum skuldum og veðsettur fyrir 25 þús. kr. Veittar voru 5 þús. kr. til byggingar sundlaugar þar að

Laugum, en þegar til kom, kostaði hún 12 þús. kr.

Þykir mjer í meira lagi einkennilegt, ef Alþingi fer að samþykkja að byggja þennan skóla, án þess að sýna lit á að efna 10 ára gamalt loforð um að reisa slíkan skóla í Eyjafirði strax og efni leyfðu. Verður fróðlegt að vita, hvernig hv. 2. þm. Eyf. (BSt) greiðir atkvæði um þessa fjárveiting.

Þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að mál þetta er algerlega óundirbúið og í lausu lofti hvað fjárhagshliðina snertir. T. d. liggur ekkert fyrir um fjársöfnun til þessa. Þær mætu þingeysku konur hugsa sjer að greiða helming kostnaðar. En hvernig? Þess geta þær ekki. Hinsvegar liggja fyrir upplýsingar um það, að svo var ætlast til í upphafi, að við Laugaskólann yrði húsmæðradeild, og er það atriði tekið upp í fyrstu reglugerð skólans. Það er því vitanlegt, að konur í Þingeyjarsýslu hafa þegar lagt fram fje til Laugaskólans með það fyrir augum, að húsmæðradeild starfaði þar jafnframt. Um þetta lágu fyrir ákveðin loforð, sem ekki hafa verið efnd af hálfu þeirra manna, er sölsað hafa undir sig öll völd yfir skólanum. Má vera, að aðsókn að sjálfum alþýðuskólanum hafi valdið því, að af því varð ekki, svo sem til var ætlast. Það er rjett, að aðsókn þangað er mikil. En hitt mun orka tvímælis, hver þjóðarheill stafi af þeirri aðsókn.

Jeg vil biðja þá hv. herra, sem altaf þykjast vera að berjast fyrir aukinni fræðslu og fleiri skólum, að athuga það vel, hvort það muni altaf vera full sönnun fyrir ágæti hvers skóla, að mikil sje aðsókn að honum. Jeg tel það ekki sjerlega eftirsóknarvert, að mæðurnar og feðurnir sjeu alein og hjálparlaus heima við bústörf og gegningar, meðan börn þeirra þyrpast saman í stofnanir, sem skólar eru kallaðir, en stjórnað er á þann hátt og í þeim anda, að betra væri, að unglingarnir hefðu aldrei þangað komið. Ef svo hraklega tekst til, að þetta verði samþ., verð jeg að skora á hæstv. stjórn að sjá um, að það fje, sem leggja á fram gegn ríkissjóðsstyrknum, sje í raun og veru fyrir hendi og lagt til, án þess að þess verði aftur krafist eða sje aðeins lán, sem krafist verði veðtryggingar fyrir í stofnuninni sjálfri, eins og farið hefir með Laugaskólann. Laugaskólinn er nú í botnlausum skuldum, búinn að veðsetja alt, og verð jeg að krefjast þess, ef til kemur, að sjeð verði um, að fjárreiður þessa skóla komi ekki í neitt samband við fjárhag þessarar fyrirhuguðu húsmæðradeildar.

Jeg sje, að hv. þm. S.-Þ. (IngB) hefir kvatt sjer hljóðs og jeg hlakka til að svara honum. En jeg býst naumast við að gera það fyr en við 3. umr., þegar jeg hefi aflað mjer nægra upplýsinga.

Jón Guðnason: Þótt jeg sje vanur að sitja nokkuð fast hjer á fundum, varð mjer þó á að ganga burtu áðan, en þegar jeg kom aftur, var hv. þm. Barð. (HK) að tala fyrir sínum till. Hv. þm. mintist að nokkru á mínar brtt., og fanst mjer, að að minsta kosti sumar þeirra stæðu nokkuð öfugt í höfði hans. Þessi till., sem hv. þm. var einkum að amast við, er

XXXII. till. á þskj. 284. Hann vildi ekki kannast við, að þessi maður fengist við dýralækningar, og taldi sig mundu hafa vitað um það, ef svo hefði verið, þar sem Eggert hefði eitt sinn verið búsettur í Barðastrandarsýslu. En milli hans og hv. þm. var svo langt, að þess er tæplega að vænta, að hv. þm. sje kunnugt um starf hans. Það ber sjaldan mikið á þeim störfum, sem unnin eru í kyrþey, enda mun hv. þm. sjaldan hafa farið þar um, sem þessi maður bjó, líklega helst á vorum, þegar hann hefir haldið leiðarþing. Hinsvegar mun mörgum í kjördæmi háttv. þm. kunnugt, hve laginn og heppinn þessi maður hefir reynst við að hjálpa skepnum. Nú hefir hann fullkomnað sig í starfi sínu með því að læra hjá dýralækninum í Reykjavík. Dýralæknirinn í Stykkishólmi hefir á engan hátt amast við honum, þótt hann væri í hans hjeraði og gæti skoðast sem keppinautur hans. Þvert á móti hefir hann gefið honum bestu meðmæli. Jeg skal taka það fram, að meiningin með þessum styrk er meðfram sú, að þessi maður geti aflað sjer nauðsynlegra áhalda til þess að geta hjálpað skepnum. Það var fyrir eindregin tilmæli manna vestra, að þessi maður lagði út í þann kostnað að afla sjer meiri þekkingar í þessum efnum.

Jeg veit, að hv. þm. Barð. lætur sjer mjög ant um allan hag kjósenda sinna, og þar sem gera má ráð fyrir, að starf þessa manns nái inn í hans kjördæmi, vil jeg vænta þess, að hann greiði atkvæði með þessari till. minni.

Mjer kom það ekki á óvart, sem sami hv. þm. sagði um Staðarfellsskólann; jeg skil það vel, að hann vill fá hann til sín. En jeg vona þó, að hv. þm. verði mjer sammála um það, að úr því að skólinn er kominn á stofn, þá sje rjett að búa svo að honum, að hann eigi hægt með að ná tilgangi sínum. Og svo skamt er á milli Staðarfells og Barðastrandarsýslu, að jeg efast ekki um, að skólinn muni þarna, í vestanverðri Dalasýslu, verka til menningarbóta fyrir kjördæmi háttv. þm., og vænti jeg því fastlega, að hann fylgi einnig þessari till. minni, enda þótt aðrir en kjósendur hans njóti einnig góðs af þessum skóla.

Ingólfur Bjarnarson: Mjer fanst anda nokkuð kalt frá hv. þm. Ak. (BL) til hins fyrirhugaða húsmæðraskóla Þingeyinga. Mjer þykir verst, að hv. þm. er ekki viðstaddur nú, því þótt jeg ætlaði ekki að fara í neinar kappræður út af þessu, vildi jeg hinsvegar gefa nokkrar upplýsingar.

Það, sem háttv. þm. taldi till. um byggingu húsmæðradeildarinnar einkum til foráttu, var það, að þessi skólastofnun kæmi í bága við hinn fyrirhugaða húsmæðraskóla Eyfirðinga, í grend við Akureyri, sem lofað hefði verið fyrir 10 árum síðan. Um þetta er það að segja, að þó að loforðið um þennan skóla sje þetta gamalt, ber ekki á því, að framkvæmdirnar sjeu nálægar, og svo hitt, að þó að þessi skóli komi, held jeg, að ærið verkefni verði fyrir þá báða. Þörfin fyrir þessa skóla er nú svo mikil, að t. d. varð síðasta haust að vísa 50 umsækjendum frá Blönduósskólanum. Um það, hvar húsmæðraskólinn skyldi reistur, stóð allmikil deila á sínum tíma milli kvenna á Akureyri annarsvegar og þingeyskra og eyfirskra

kvenna hinsvegar, sem lauk þannig, að hann var ákveðinn á Akureyri. Og einmitt af því að þingeyskar konur urðu þannig að lúta í lægra haldi með þá hugsjón sína, er þær hafa barist fyrir í meira en 20 ár, að fá húsmæðraskóla í sveit, mun stofnað til þessarar húsmæðradeildar.

Hv. þm. (BL) mintist á það, að af þeim 3 konum, sem standa að þessari skólahugmynd, væru 2 þeirra mjög merkar, sú þriðja sennilega minna merk. (**BL:** Jeg þekki hana ekki). Nú, hv. þm. hefir þá komist svona að orði af varkárni einni, en ekki í ófrægingarskyni, og má við svo búið standa. En það, sem fyrir mjer vakti, var að skýra frá, hvað langt væri komin fjársöfnun til þessa skóla. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið nýverið, munu konur þær, sem að þessu starfa, hafa um 10 þús. kr. handbærar, sumt innborgað og sumt í loforðum. Auk þess hafa þær fylstu von um, að sýslan muni á sínum tíma styrkja byggingu skólans að verulegu leyti. Þá sagði hv. þm., að konur þessar hefðu eigi skýrt rjett frá kostnaðarhlið málsins. Þetta er að því leyti rjett, að þegar Jóhann Kristjánsson húsabyggingarmeistari var á ferð nyrðra síðastl. sumar, gerði hann lauslega áætlun um byggingarkostnað skóladeildar þessarar, og taldist honum svo til, að hann yrði um 24 þús. kr., og á þessari áætlun bygðu svo forgöngukonurnar í umsókn sinni. En þegar þetta var athugað betur síðar af sama manni, varð áætlunarútkoman hærri, eða 26—28 þús. kr. En það var eftir að konurnar höfðu samið og sent umsóknarbrjef sitt til þingsins. Í fyrstu var það ætlunin að fara fram á helming kostnaðar úr ríkissjóði, en síðar var horfið frá því, og þótti rjett að fylgja venjunni um framlag til alþýðuskóla og fara fram á ⅖ hluta byggingarkostnaðarins.

Hv. þm. talaði nokkur hlýleg orð og að vanda vinsamleg! til alþýðuskólans á Laugum. Sagði, að aðsókn að honum væri mikil, en vafasamt, hve mikil þjóðarheill fylgdu því, skólinn væri í botnlausum skuldum o. s. frv. Þetta ber aðeins vott um, hvern hug hv. þm. Ak. ber til þessa skóla, og margkunnugt er áður. En dylgjur hans og rangfærslur í garð skólans álít jeg hinsvegar alls ekki svaraverðar.

Um undirbúninginn undir byggingu skólahússins og annað því viðvíkjandi held jeg megi fyllilega segja, að hann sje í góðu lagi. Þar sem hv. þm. var að skora á hæstv. stjórn að greiða ekki fje í þessu skyni fyr en fullvíst væri, að eitthvað væri fyrir hendi til að leggja á móti, þá er ekki til þess ætlast, og því ekkert við því að segja.

Yfirleitt ætla jeg ekki í þetta sinn að fara að pexa við hv. þm. um skólamálin í Þingeyjarsýslu, og jeg held, að jeg hafi ekki fleiri upplýsingar að gefa að sinni í þessu máli, umfram það, sem áður er fram komið.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf að geta hjer nokkurra till. á þskj. 284, sem jeg ásamt öðrum er flutningsmaður að. Skal jeg fyrst nefna styrk til Ríkarðs Jónssonar til að kynnast þjóðlegri húsgagnalist í Noregi og Svíþjóð. Ríkarður er vafalaust manna best fallinn til þess að fást við þessi efni, því að hann er manna kunnugastur íslenskri húsagerðarlist og trjeskurðarlist og er því mjög vel undir þetta starf búinn.

Í Noregi og Svíþjóð er að ryðja sjer til rúms þjóðlegur og svipmikill stíll í húsgagnalist, og nú er einmitt rjettur tími til að vekja slíka hreyfingu hjer, því að húsagerð er hjer mikil og að nokkru leyti með nýju sniði. En í gömlu húsunum eru engin húsgögn, sem hægt er að flytja í nýju húsin, og því er einmitt nú sjerstök þörf á nýjum leiðbeiningum í þessu efni, til þess að hægt sje að koma menningarblæ á íslensku heimilin. Á fyrsta þinginu, sem jeg sat á, bar jeg fram till. um, að veitt yrðu verðlaun fyrir tillögur um híbýlaprýði, en sú tillaga var feld, og bar nokkuð á, að menn kölluðu slíkt munað. En það er alls ekki rjett, því að það er mál, sem miklu skiftir, að íslensku heimilin geti fengið þjóðlegan og stílhreinan menningarblæ, en húsgögnin setja svip á heimilin. Jeg vona, að hv. deild fallist á að veita nokkurt fje manni, sem gerast vill brautryðjandi í þessu efni og hefir bæði áhuga og hæfileika í þessa átt. Jeg held, að þessi styrkveiting sje ein hin þarfasta, sem farið er fram á, ef menn annars vilja fallast á, að menningarblær á heimilunum sje nokkurs virði.

Þá skal jeg minnast á styrk til Þorsteins M. Jónssonar á Akureyri til hinnar ágætu bókaútgáfu hans, sem „Lýðmentun“ kallast. Hjer er farið óvenjulega vel af stað og útlit fyrir, að þetta verði eitt hið besta alþýðubókasafn, sem Íslendingar hafa eignast. Þarna rita ágætir fræðimenn um mikilvæg efni, og ef hægt verður að selja bækurnar lágu verði, má búast við, að þær nái mikilli útbreiðslu. En það getur varla orðið nema ríkið veiti nokkurn styrk til útgáfunnar, miðað an við arkafjölda. Hjer er um að ræða styrk til alþýðufræðslunnar í landinu. Svona fyrirtæki getur orðið nokkurskonar alþýðuháskóli í formi góðra bóka, sem dreift er út um landið fyrir lítið verð.

Þá hefi jeg borið fram tillögu um styrk handa Guðmundi Guðjónssyni, sem bráðlega lýkur námi í húsgerðarlist við þýskan háskóla. Jeg flutti þessa styrkbeiðni á síðasta þingi, og fjekk hún þá fylgi ýmsra mætra manna, sem kunnugt er um dugnað og elju þessa unga manns. En hann hefir hlotið ýmsar viðurkenningar í skólanum fyrir hæfileika og iðni. Í fjárlögunum er ekki ákveðinn neinn slíkur almennur styrkur, og er eftirsjón að því. Það varð því að flytja sjerstaka till. um þetta, og þar sem hjer er um lokanám að ræða, vænti jeg þess, að varatill. a. m. k. verði samþykt.

Þá á jeg þátt í till. um lán handa Jóni Stefánssyni listmálara. Tillaga um styrk handa þessum ágæta listamanni var feld hjer í fyrra, og er hann víst sá eini af hinum meiri háttar listamönnum okkar, sem aldrei hefir fengið styrk frá þinginu. Jeg vænti þess nú, þegar hann biður um lán gegn tryggingu, að honum verði veitt áheyrn. List Jóns Stefánssonar er þung, alvörumikil og sjerkennileg. Það er skiljanlegt, að slíkur listamaður sem Jón þurfi að hafa góða vinnustofu til þess að njóta sín. Slík vinnustofa er ekki til hjer, og verður hann því að reisa hana sjálfur. Nú er farið fram á, að greitt sje fyrir honum með láni, svo að hann geti komið sjer upp vinnustofu, og væri ómaklegt að synja honum um þetta, þar sem hann

hefir ekki enn verið styrktur að neinu leyti.

Á þskj. 233,21 er lagt til að fella niður styrk handa Markúsi Kristjánssyni. Hjer er um stúdentsstyrk að ræða, sem veittur var á síðasta þingi, af því að þessi maður hafði tekið próf við danskan skóla og gat því ekki fengið styrk af því fje, sem ætlað er íslenskum stúdentum við erlenda háskóla. Þótti rjettara að veita svona einstakan styrk heldur en að breyta lögunum um stúdentastyrkinn. Þetta er því ekki sambærilegt við þá stúdenta, sem sótt hafa um styrk hjer heima, en ekki fengið. En þegar stúdent er veittur svona styrkur, ber honum að njóta hans í 4 ár, ef hann sýnir vottorð um elju og ástundun. Jeg hefi hjer í höndum vottorð um, að Markús Kristjánsson stundi nám sitt af elju og sje ágætum hæfileikum búinn til hljómlistarnáms, en það nám stundar hann. Er hann fyrsti Íslendingurinn, sem fer háskólaleiðina í þessu efni. Það væri brigðmælgi gagnvart þessum manni að fella styrkinn niður, enda hefir stjórnin litið svo á, að hann ætti að standa. Það væri æskilegt, að hv. fjvn. tæki þessa till. aftur, enda hefir hún væntanlega ekki athugað, að styrkurinn var bundinn við 4 ár. En það er nú stundum svo, að menn eru tregir á að taka aftur það, sem þeir hafa sagt eða gert, og ef svo fer um hv. fjvn., vænti jeg þess, að deildin láti ekki þennan mann gjalda athugaleysis hennar.

Út af till. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um að áskilja unglingaskólanum á Ísafirði 7500 krónur af fje því, sem veitt er til unglingaskóla, vildi jeg segja það, að jeg teldi æskilegt, að hv. þm. vildi taka þá till. aftur. Ekki af því, að skólinn sje ekki alls góðs maklegur, heldur af því, að ef einn skóli er tekinn þannig út úr, raskast þau hlutföll, sem lögð eru til grundvallar fyrir útdeilingunni. Væri hætt við, að fleiri skólar kæmu á eftir, og gæti þá vel farið svo, að úthlutunin yrði ekki eins rjettlát og vera bæri. En till. mín um 50 þús. kr. styrk til unglingaskóla er bygð á því, að unglingaskólinn á Ísafirði fái sinn styrk hækkaðan upp í 5000 kr. Jeg viðurkenni, að þessi skóli er alls góðs maklegur, og jeg teldi æskilegt, að háttv. þm. (SigurjJ) bæri fram till. um nokkra hækkun á liðnum til unglingafræðslunnar, með sjerstöku tilliti til Ísafjarðarskólans. Væri skólanum þá vel borgið fyrir hans tilstilli. Jeg tel ekki óeðlilegt, þó till. um hækkun á styrk til unglingaskólans á Ísafirði komi fram, því að þetta er einhver myndarlegasti unglingaskólinn í kaupstöðum landsins, þó að hann hafi ekki fengið að njóta vaxtar síns og viðgangs um styrk úr ríkissjóði. Það hefir atvikast svo, að sveitaskólarnir hafa fengið bróðurpartinn af þessum styrk. Nemendafjöldi og lengd skólatímans ráða miklu um úthlutunina, en tilkostnaður og venjur ráða og nokkru. Það hefir ekki þótt eiga við að lækka styrk til skóla, sem ekki hefir farið hnignandi, en af því hefir hitt leitt, að skólar í vexti hafa ekki fengið að njóta vaxtar síns. Þetta hefir ekki síst komið niður á unglingaskólanum á Ísafirði. En það má ekki dragast lengi, að styrkurinn til hans tvöfaldist, eða jafnvel þrefaldist, og trygg-

asta leiðin til þess er að hækka upphæðina, sem ætluð er til unglingafræðslu. Önnur leið er ekki til í því efni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins gera athugasemd við till. um listamannastyrkinn. Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er ákveðið, að styrkur til skálda og listamanna megi ekki vera minni en 1000 kr. til hvers. Styrkinn geta því ekki fengið nema 8 menn. Nú hafa 38 menn sótt um þennan styrk, og eins og að líkindum lætur, er talsvert erfitt að gera upp á milli þessara manna. Jeg fór þess því á leit við hv. fjvn., að hún gerði þá brtt., að styrkurinn mætti vera minst 500 kr. Um leið og jeg óska, að þessi brtt. verði samþykt, skal jeg taka það fram, að jeg vil líta svo á, að eftir samþykt hennar sje mjer einnig heimilt að láta þetta ákvæði ná til styrkveitingarnar fyrir þetta ár.

Það er svo um þessa umsækjendur, að þeir eru bláfátækir og mjög erfitt fyrir stjórnina að gera upp á milli þeirra. En vegna fátæktarinnar munar þá mikið um 500 kr., og jeg álít því rjettara að skifta nokkru af fjenu í 500 kr. hluti. Ef ekki koma fram andmæli gegn þeirri ráðstöfun, skoða jeg það svo, sem hv. deild sje mjer sammála um, að ekki sje rjett að binda upphæðirnar við 1000 kr., ekki heldur á yfirstandandi ári. Jeg minnist þess, að í fyrra kom fram brtt. um að hafa lágmarkið 600 kr., en hún var feld með litlum atkvæðamun. Einmitt vegna þess, að sú tillaga kom fram, vona jeg, að þessi tillaga verði samþykt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg sje enga ástæðu til að fara að gera neinar einstakar brtt. við þennan kafla fjárlaganna að umtalsefni út af fyrir sig, en jeg skal geta þess að því er snertir hækkunartillögur hv. nefndar, að mjer virðast ýmsar þeirra vera þess eðlis, að þær mættu niður falla nú, þar sem fjárhagslegar horfur ríkissjóðs leyfa ekki aukin framlög til málefna, þó að nauðsynleg sjeu, sem að skaðlausu geta beðið betri tíma. Jeg þykist ekki þurfa að benda hv. dm. á, hvaða tillögur þetta sjeu. Það segir til sín sjálft, sem er þess eðlis, að ekki er sjerstök ástæða til þess að sinna því nú, en síðar, þegar betur stendur á.

Um brtt. hv. þm. yfirleitt vil jeg geta þess, að þær hækkunartillögur, sem nema verulegri upphæð, eru þess eðlis, að rjettara er að láta þær bíða betri tíma.

Af þessum greinum fjárlaganna er þó ein grein, sem heyrir undir mig, sem sje 18. gr. Um hækkunartillögur á þeirri grein frá einstökum þm. skal jeg taka það fram, að mjer finst þurfa að gæta vel að því að ætla ekki einstökum mönnum, þótt mætir sjeu, hærri upphæðir en venja er að ætla öðrum, sem eftirlaun hafa samkvæmt þeirri grein. Slíkt ósamræmi hlýtur að leiða til þess, að eftir á verður farið að líta á lægri upphæðirnar, sem fyr voru settar inn, og því hætt við breytingum. Annars er ekki sjáanlegt, að það hafi borið neinn fjárhagslegan árangur

fyrir ríkissjóð, að eftirlaun voru afnumin með lögum fyrir nokkrum árum. Síðan hefir þingið farið þess lengra í að veita eftirlaun ýmsu fólki, sem ekki hefir þau samkvæmt lögum. Þetta nemur þegar töluverðri upphæð og rík tilhneiging virðist vera til þess að bæta við þá upphæð. Því er það svo, að þó að eftirlaun embættismanna minki, fara ekki eftirlaunin í 18. gr. fjárlaganna neitt lækkandi.

Mjer er skylt að benda á það fyrir atkvgr., að það virðist nú þegar vera komið of langt á þessari braut. Jeg tel þess vegna, að þær brtt., sem fram eru komnar til hækkunar á 18. gr., eigi ekki rjett á sjer. Meira að segja hefir hv. fjvn. farið lengra í þessum tillögum sínum en rjett er, og eru tillögur hennar ekki einu sinni í samræmi við venju á síðustu þingum. Það hefir verið svo, að hjá þeim embættismönnum, sem rjett eiga samkvæmt lögum til eftirlauna, hefir það verið siður, að þingið bætti einhverju við, þegar um mjög lítil efni er að ræða, þannig að fátækir embættismenn eru taldir þurfa meira en það, sem þeim er áætlað lögum samkvæmt. En í þetta sinn hefir verið stungið upp á viðbót til vel efnaðra manna, sem eru alveg nýfarnir úr embætti.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að verja tillögur nefndarinnar. Af hálfu hinna mörgu, sem talað hafa, hafa ekki fallið nema fá orð í hennar garð. Jafnframt því sem gerðar hafa verið örfáar aths., hafa nefndinni borist góð orð frá hv. þm. í þeirra ræðum, hvernig sem atkvgr. kann að fara.

Jeg ætla fyrst að víkja að einstökum atriðum, sem komið hafa fram út af tillögum nefndarinnar. Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði síðast og ljet þannig orð falla, að að minsta kosti sumar brtt. nefndarinnar hefðu mátt bíða betri tíma. Þetta er vitanlega sá sami mælikvarði, sem nefndin lagði á hinar afarmörgu beiðnir, sem henni bárust. Hvað má bíða til næsta árs eða næstu ára og hverju á að sinna nú? Ef hæstv. ráðherra (JÞ) athugar, hvað óhemjumikið lá fyrir nefndinni af umsóknum, þá veit jeg, að hann játar, að í gegnum það sigti, sem við höfðum, hafi lítið smogið. Hver og einn getur svo dæmt um það, hvernig nefndinni hafi tekist að rata meðalhófið. Tillögur nefndarinnar nú og sá samanburður, sem jeg gerði á hækkunartillögum nú og í fyrra og hitteðfyrra, sýna, að sigtið var þrengra nú en nokkru sinni áður.

Um það, sem hæstv. ráðh. vjek sjerstaklega að hækkunartill. á 18. gr., hygg jeg, að mjer sje óhætt fyrir hönd nefndarinnar að segja, að nefndin er sammála hæstv. ráðh. um, að þar ríður á samræmi innbyrðis. Fjvn. hefir reynt að uppfylla það skilyrði, enda hefir hæstv. ráðh. ekki nefnt einstök atriði, sem sanna, að svo sje ekki.

Þá þarf jeg að svara hv. þm. Mýr. (PÞ) nokkrum orðum. Hann beindi að vísu máli sínu aðallega til hæstv. forsrh. (JÞ), en ummæli hans voru þess eðlis, að nefndin verður að taka þau til sín. Það er ekki rjett, að fjárveiting til Vestmannaeyjavegarins ætti að vera í 13. gr., heldur á hún að vera í 16. gr., þar sem ekki er um samgöngubót að ræða. Það er ekki stjórnin, heldur fjvn. Nd., sem hefir borið

þetta fyrst fram. Háttv. þm. (PÞ) gleymist, að þessi vegur er fyrst og fremst ræktunarvegur, og ber því að líta á hann sem jarðabót, en ekki samgöngubót.

Einni harðri árás hefir fjvn. orðið fyrir frá hv. þm. Ak. (BL). Hann veittist að nefndinni fyrir till. hennar um fjárveitingu til Laugaskólans. Hv. þm. hefir áður, að jeg ætla tvisvar sinnum, vikið að þeim skóla. Nú vóg hann í þriðja sinn í þann knjerunn, sennilega með viðlíka miklum árangri og áður. Annars þarf jeg ekki mikið um þetta að segja, því að hv. þm. S.-Þ. (IngB) hefir svarað því að efninu til.

Hv. þm. Ak. talaði um „skólafarganið". Það eru misjafnar skoðanir á því efni. Fjvn. lítur ekki á húsmæðraskólana sem „fargan", heldur sem eitt hið nauðsynlegasta, sem stofnað er til úti um landið. Háttv. þm. (BL) benti á, að hann sem þm. Akureyrarkaupstaðar mætti taka þessa till. illa upp, því að lög væru til um húsmæðraskóla í Eyjafirði, og hjer sagði hann, að væri verið að hlaupa í kapp við þann skóla. Kvenfólk í Þingeyjarsýslu hefir sýnt mikinn áhuga og fórnfýsi og safnað fje fyrst til Laugaskólans sjálfs og nú til þessa húsmæðraskóla. Fjvn. telur rjett, að svo framarlega sem þær hafa safnað nægilegu fje, eigi ríkissjóður að koma á móti, enda ætti hv. þm. að bera það traust til hæstv. landsstjórnar, að hún fari ekki að veita fje úr ríkissjóði fyr en trygging sje fengin fyrir því, að fje komi á móti.

Hv. þm. sagði, að þetta mál væri óundirbúið. Það er ekki rjett. Konurnar hafa útvegað áætlun og hafið fjársöfnun. En fje verður ekki veitt úr ríkissjóði, fyr en málið er fullundirbúið.

Þó er það einna spaugilegast, þegar hv. þm. er að finna að Laugaskólanum. Hann er sárastur yfir því, hvað aðsókn að skólanum sje mikil og að varla sje hægt að hemja ungt fólk heima. Þetta er einmitt ljós vottur þess, hvað skólinn er góður.

Þá held jeg, að jeg eigi ekki eftir að svara nema einum hv. þm., hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann andmælti því, að styrkurinn til Markúsar Kristjánssonar væri feldur niður og upplýsti, að sjerstaklega stæði á með þennan mann; hann stundaði hljómlistarnám við háskóla og væri útskrifaður frá Kaupmannahöfn. Taldi hv. þm. styrk hans vera bindandi fyrir 4 ár. Þessi skjöl lágu ekki fyrir fjvn. og hún hefir ekki getað haldið fund síðan þessar upplýsingar komu fram. Jeg hefi því ekkert umboð frá nefndinni til þess að taka till. aftur, enda býst jeg ekki við, að nefndin viðurkenni, að styrkurinn sje bindandi fyrir 4 ár. Jeg vil spyrja þá hv. dm., sem flytja slíkar tillögur nú, hvort þær eigi að skilja svo, að ef þær verði samþ. nú, sje styrkurinn bindandi fyrir svo og svo mörg ár.

Þá mun jeg hverfa að því að gera grein fyrir afstöðu fjvn. til þeirra tillagna, sem einstakir þm. hafa borið fram. Jeg vil taka það fram, að langflestar þeirra hafa legið fyrir nefndinni og hún hefir athugað þær. Það má engum koma á óvart, þó að nefndin leggi á móti þeim.

Tveir hv. þm. bera fram fyrstu till.

Hún er gamall kunningi, sem fjvn. bar fram í fyrra, um styrk handa prestvígðum mönnum til þess að ferðast um landið og halda fyrirlestra og ræður. Í fyrra náði hún samþykki í hv. Ed., en ekki hjer. Nú hefir orðið að samkomulagi í nefndinni, að hún vill sjá til, hvernig þetta reynist, en hún vill ekki, að það verði fastur liður.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) flytur till. þess efnis, að ef Suðurlandsskólinn verði stofnaður, þá megi greiða sjera Kjartani Helgasyni í Hruna prestslaun og dýrtíðaruppbót, ef hann taki við stjórn skólans og láti af prestsskap. Þetta stendur í núgildandi fjárlögum. Í fyrra var gert ráð fyrir, að skólinn yrði stofnaður og sjera Kjartan yrði skólastjóri. Nú horfir málið öðruvísi við, þar sem skólinn tekur ekki til starfa eins fljótt og haldið var. Hinsvegar hefir þingið lýst því yfir, hvernig það líti á þetta mál, og því var óþarfi að bera þessa till. fram nú.

Næst er till. frá hv. þm. Barð. (HK) um hækkun styrks til húsabóta á prestssetrum. Mjer skildist hann hafa tekið þá till. aftur, í von um, að fjvn. athugaði málið, og það mun hún að sjálfsögðu gera, ef hún fær þau skjöl, sem um það fjalla, en um þetta mál hefir ekkert legið fyrir nefndinni.

Hv. mentmn. ber fram tvær till. undir XIII. lið. Hv. þm. Dal. (JG) hefir mælt með þeim. Fyrsti liðurinn er um að veita 2000 kr. til grískukenslu við háskóla Íslands. Hv. þm. Dal. gat þess, að þessi tillaga kæmi fram af því, að leggja ætti niður kennaraembættið í grísku. En það hefir ekki verið afgreitt í gegnum þingið enn, svo að ástæðulaust er að setja slíkt ákvæði, meðan ósjeð er um, hvort embættið verður lagt niður. Jeg vil geta þess, að þó að embættið verði lagt niður, þá álítur fjvn. þessa upphæð of háa. Jeg vil því beina því til hv. mentmn., hvort hún vilji ekki láta þessa tillögu bíða.

Seinni till. mentmn. er um það, að 2000 kr. verði veittar til heimsókna erlendra vísindamanna til þess að halda fyrirlestra við háskólann hjer. Þetta hefir legið fyrir fjvn., en með hliðsjón af því, hvað nefndin hefir á öllum sviðum orðið að draga saman seglin, treystir hún sjer ekki til að styðja þetta.

Næst koma námsstyrkir til stúdenta. Fyrstu till. undir XIV.—XV. tölulið eru frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. Dal. (JG), um styrk til þriggja ungra manna, og fleiri slíkar tillögur koma síðar. Jeg gat þess áðan, að fjvn. treysti sjer ekki til þess að mæla með þessum styrkjum. Miklu fleiri umsóknir en þetta lágu fyrir fjvn. Annars væri æskilegt, að háttv. þm. ljetu í ljós, hvort þeir álíta slíka styrki bindandi til margra ára, ef þeir verða samþ.

Hv. þm. Dal. (JG) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) bera fram tillögu um að hækka framlag til Staðarfellsskólans. Fjvn. hefir borið fram tillögu um að hlynna að húsmæðrafræðslu í landinu, og í samræmi við það mun hún ekki mæla á móti þessu, en nefndarmenn hafa óbundin atkvæði.

Hv. þm. Ak. hefir tekið aftur till. sína undir XVIII. lið.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) ber fram tillögu um, að á undan aths. við 14. gr. B. XIV, 2. komi ný málsgr., svo

hljóðandi: „þar af til unglingaskólans á Ísafirði 7500 krónur“. Nefndin vill láta í ljós, að hún telur Ísafjarðarskólann hafa orðið hart úti, og mun því líta í velvild til hans. Hitt getur hún ekki fallist á, að með athugasemdum í fjárlögum sje farið að ráðstafa til einstakra skóla allmiklum fjárhæðum; um það gæti orðið reipdráttur milli skólanna. Nefndin vill því láta fræðslumálastjóra hafa með höndum úthlutun styrksins. Jeg vil svo fyrir hönd nefndarinnar beina því til hv. þm. Ísaf., hvort hann vilji ekki falla frá till. með skírskotun til þess, sem jeg hefi nú tekið fram.

Þá hefir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) borið fram till. um að veita frú Sigrúnu Pálsdóttur Blöndal 1500 kr. til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi, og hefir jafnframt borið fram tillögu um að fella niður af 16. gr. styrk til þesskonar fræðslu. Þetta er því nokkurskonar tilfærsla, og geri jeg því ráð fyrir, að meiri hluti nefndarinnar geti fylgt till. hans.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vill fá styrkinn til sundlauga hækkaðan, sjerstaklega með tilliti til sundlaugar í Svarfaðardal. Nefndinni er alls ekki kunnugt um, að skortur sje á fje á þessum lið; að minsta kosti hefir hæstv. atvrh. ekki upplýst það, og yfirleitt hefir hún ekki fengið upplýsingar um, að nauðsyn sje á að hækka liðinn. Getur hún því ekki fallist á þessa till.

Þá bera þeir hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fram till. um að veita Ríkarði Jónssyni 3 þús. kr. ferðastyrk til að kynnast þjóðlegri húsgagnalist í Noregi og Svíþjóð. Hafa flm. mælt mjög skörulega með till. þessari og vitnað í kröfur listarinnar um nauðsyn þessarar fjárveitingar. Það væri að vísu æskilegt að geta veitt fje í þessu skyni. En jeg á að skila frá nefndinni, að með tilliti til þess, að hún vill spara á öllum sviðum, getur hún ekki mælt með till. þessari.

Hv. þm. V.-Ísf. mælti með styrk handa Þorsteini M. Jónssyni, til bókaútgáfu, og sagði, að með slíkri bókaútgáfu væri verið að stofna til nokkurskonar háskóla fyrir alþýðu. En nefndin gat eigi að síður ekki fallist á till. þessa.

Þá óskar hv. þm. Ísaf. að fá styrk handa Leikfjelagi Ísafjarðar og vitnar sjerstaklega í það, að fordæmi hafi verið gefið með samskonar styrkveitingu til Leikfjelags Akureyrar. Þessu er því til að svara, að fjvn. var aldrei með styrknum til Akureyrarfjelagsins, og getur því ekki frekar verið með að þessi styrkur sje veittur.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) leggur til, að styrkurinn til Hljómsveitar Reykjavíkur verði hækkaður um 700 kr., og benti jafnframt á, að stjórnin hefði lækkað styrk þennan frá því í fyrra. Hann taldi, að hljómsveitin þyrfti meiri styrk en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., sökum minkandi aðsóknar o. fl. En svo mun um fleiri listamenn hjer á landi, að þeir þurfi meira fje en þeir fá, því að flestir þeirra eiga við þröng kjör að búa. Nefndin sjer ekki, að nein sjerstök ástæða sje til að hækka styrkinn til þessara listamanna frekar en annara og getur því ekki mælt með, að brtt. nái fram að ganga.

Þá koma þrjár brtt. um að styrkja menn til söngnáms og málaranáms.

Hv. 1. þm. S.-M. leggur til, að þór-

arni Jónssyni verði veittar 1200 kr. til söngnáms, og hv. þm. Mýr. (PÞ) leggur til, að Guðmundi Kristjánssyni verði veittar 1500 kr. til sönglistarnáms og Ásgeiri Bjarnþórssyni 800 kr. til málaranáms. Þetta eru 3 menn af mörgum, sem sótt hafa til fjvn. um sjerstakan styrk í fjárlögum, en nefndin getur ekki tekið þessa menn út úr þeim mikla hóp, sem sótt hefir, og leggur því til, að brtt. þessar verði ekki samþyktar.

Þá ber hv. 1. þm. Reykv. fram beiðni um utanfararstyrk til fjögurra manna: 2500 kr. til Freymóðs Jóhannssonar til þess að fullnuma sig í leiktjaldamálun, 2500 kr. til Friðfinns Guðjónssonar leikara, 1800 kr. til Hallgríms Bachmanns Jónssonar, til að kynna sjer ljósaútbúnað og ljósbreytingakerfi í leikhúsum erlendis, og loks 2000 kr. til Einars Markans söngmanns. Þessar styrkbeiðnir eru flestar vegna leiklistarinnar, en eigi að síður getur nefndin ekki mælt með þeim. Þó stendur sjerstaklega á um einn manninn, Friðfinn Guðjónsson, að hann er öllum bæjarbúum o. fl. að góðu kunnur fyrir leiklist sína og hefir mörgum skemt. Jeg held því, að sumir nefndarmanna myndu geta verið með styrk til hans, ef um minni upphæð væri að ræða.

Þá vil jeg frá eigin brjósti nota tækifærið og bera fram fyrirspurn til hv. 1. þm. Reykv., hvort hann líti ekki svo á, að þegar menn eru styrktir til utanferða til leiklistarnáms, þá eigi að mega ætlast til, að þeir starfi hjá leikfjelagi að náminu loknu.

Þá eru tvær styrkbeiðnir til þess að ljúka námi í norrænum fræðum. Hv. 2. þm. Árn. sækir um 2500 kr. handa Sigurði Skúlasyni stud. mag. til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis, og hv. 1. þm. Reykv. um 2500 kr. til handa Einari Ó. Sveinssyni til að ljúka námi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla. Það er hið sama um þessa námsstyrki eins og aðra, nefndin getur ekki lagt með þeim.

Háttv. 1. þm. S.-M. leggur til, að veittar verði 6000 kr. til húsabóta á Hallormsstað. Erindi um þetta lá fyrir nefndinni, og voru þar færðar fram þær ástæður, að þetta væri nauðsynlegt vegna gestakomu á þennan stað. Þetta má vel vera rjett að mörgu leyti, en nefndin lítur svo á, að slíkar húsabætur gætu ekki orðið til frambúðar, þar sem fyrir hv. Ed. liggur frv. um stofnun húsmæðraskóla á þessum stað, og mikill áhugi er vaknaður fyrir því máli á Austurlandi. Jeg vil því beina því til hv. 1. þm. S.-M., hvort hann vilji ekki taka till. aftur við þessa umr., og tala svo frekar við nefndina, ef verða mætti til þess að færa till. til betra samræmis við óskir manna þar eystra.

Þá ber hv. þm. Dal. fram till. um 700 kr. styrk til Eggerts Magnússonar til dýralækninga. Nefndinni þykja ekki nægileg rök færð fyrir þessari fjárbeiðni og getur hún því ekki mælt með henni. Sama er að segja um styrkinn til Kvenrjettindafjelags Íslands. Enn gildir það sama um styrk til að gera sölutilraun á söltuðum og reyktum rauðmaga. Nefndinni er ekki kunnugt um, að svo mikil framleiðsla sje af þessari vörutegund, að ekki sje nægilegur markaður fyrir hana hjer í Reykjavík.

Hv. þm. Mýr. ber fram tillögu um, að Jóni Helgasyni í Borgarnesi verði

veittar 8 þús. kr. til þess að gera vindknúinn þrýstiloftsumbúnað til raforkuframleiðslu. Hv. þm. bar þessa till. fram í fyrra, og treysti nefndin sjer ekki þá til þess að mæla með henni, og getur það ekki frekar nú.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) ber fram till. um, að Byggingarfjelagi Reykjavíkur verði veittur 5000 kr. styrkur. Telur hann þetta vera endurveitingu, sem nota eigi til þess að borga skuldir fjelagsins með, svo húsaleiga lækki. Hann kemur með aðrar upplýsingar hjer í deildinni um málið en lágu fyrir nefndinni. Gæti því komið til mála að láta till. þessa bíða til 3. umr., án þess að jeg með því sje að gefa vilyrði fyrir meðmælum með henni frá nefndinni.

Hv. þm. Barð. (HK) ber fram till. um eftirgjöf á 20 þús. kr. viðlagasjóðsláni til Patrekshrepps. Fyrir nefndinni lágu ekki glöggar upplýsingar um þetta mál; gat hún því ekki sannfærst um, að hjer væri um rjettmæta kröfu að ræða, og treysti sjer því ekki til að mæla með till. En vel má vera, að hv. flm. till. hafi með sinni snjöllu ræðu hrært til meðaumkunar eitthvað af hv. deildarmönnum og komi henni því í gegn.

Um brtt. hv. 4. þm. Reykv. um 3500 kr. styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík eru óbundin atkvæði nefndarmanna.

Þá bera þrír hv. þm. Reykjavíkur fram tillögu um, að sjúkrasamlagi Reykjavíkur verði veittur 3000 króna styrkur til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og stofna ný sjúkrasamlög. Hafa tveir flm. mælt allvel fyrir till. þessari, en eigi að síður getur nefndin ekki mælt með henni; hún lítur svo á, að upphæðin sje of há. Væri ekki ómögulegt, að sumir nefndarmenn gætu fylgt lægri upphæð í þessu skyni.

Þá er komið að brtt. við 18. gr. Jeg get tekið undir það með hæstv. fjrh., að samræmi þurfi að vera í þeim till., og skal jafnframt geta þess, að fjvn. heldur fast við sínar till., og getur því ekki mælt með þessum brtt. Á það við till. um Pál Árdal, læknisekkjuna og sjera Björn Þorláksson. Sömuleiðis á það við till. um póstinn, yfirsetukonuna og ekkju Magnúsar Vigfússonar dyravarðar. Vil jeg svo minna á, að till. fjvn. eru gerðar í fullu samræmi við hliðstæða styrki í 18. grein.

Þá eru eftir till. við 22. gr. Hv. þm. Mýr. ber fram 20 þús. kr. lánbeiðni til endurbyggingar raforkustöðvar í Borgarnesi. Stöð þessi er mótorstöð, og hefir reynslan orðið sú, að þær stöðvar hafa gefist illa. Erum við sjerstaklega mintir á það með till. hv. þm. Barð., og virðist nefndinni, að fje viðlagasjóðs sje betur komið í eitthvað annað.

Þá bera tveir hv. þm. fram till. um viðlagasjóðslán handa Jóni Stefánssyni málara. Það mun ekki hafa verið gert áður að veita lán úr viðlagasjóði til þess að koma upp vinnustofum; getur meiri hl. nefndarinnar því ekki fallist á þessa tillögu.

Síðasta till. er um að veita Böðvari Magnússyni á Laugavatni alt að 20 þús. kr. lán til þess að byggja bæjarhús á jörðinni. Hv. flm. till., 3. þm. Reykv. og 2. þm. Árn., mæltu með henni. Hv. 3. þm. Reykv. taldi byggingu á þessum stað einn liðinn í

undirbúningnum fyrir 1930; þyrfti að byggja þar, svo hægt væri að taka á móti gestum. En það lágu fleiri beiðnir fyrir nefndinni, sem fóru í þessa átt, en þessi, og getur nefndin því ekki veitt henni stuðning.

Björn Líndal: Jeg þarf ekki að halda langa ræðu, því að jeg hefi engu að svara, hvorki hv. þm. S.-Þ. (IngB) eða hv. frsm. nefndarinnar (TrÞ). En það var þó dálítið atriði í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem jeg hjó eftir og vildi fara um nokkrum orðum.

Jeg vil byrja á að taka það fram, að jeg tel það ekki rjett af Alþingi að styðja að því með ógætilegum fjárveitingum, að sýslusjóðum landsins sje stofnað í fjárhagslegan voða. Hv. þm. S.-Þ. veit eins vel og jeg, að sýslusjóðurinn í Þingeyjarsýslu er ekki svo vel stæður, meðfram sakir fjárframlaga til Laugaskólans og ábyrgðar fyrir hann, að á hann sje bætandi nýjum fjárframlögum til nýrra skóla og rekstrarkostnaði þeirra. Jeg býst við, að þeim, sem bera Laugaskólann mjög fyrir brjósti, ætti að koma það best, að sem minst væri um hann talað hvað fjárreiður hans og námsgreinir snertir. Jeg ætla aðeins að minnast á eitt atriði í ræðu hv. frsm. (TrÞ), þar sem hann taldi mig hafa sagt eitthvað í þá átt, að jeg áfeldi skólann eða öfundaði fyrir það, hve mikið hann væri sóttur. Þetta er misskilningur. Jeg játaði, að skólinn væri mikið sóttur, en vildi ekki jafnframt játa, að hann væri sjerlega eftirsóknarverður, og vil jeg í því sambandi spyrja hv. frsm., hvort hann álíti, að þessi mikli fólksstraumur, sem er úr sveitunum til Reykjavíkur og kaupstaðanna, sje sönnun þess, að þetta ástand sje til blessunar fyrir þjóðina. Jeg hygg, að það, sem dregur fólkið til Reykjavíkur, eins og til Laugaskólans, sje það, að þar er fyrst og fremst kostur meiri gleðskapar og skemtana en á fámennum sveitaheimilum. Mjer er kunnugt um, að í Laugaskólanum fær unga fólkið sannarlega að leika sjer. Þar er verið að læra sund, dans og eitthvað verið að káka við smíðar og bókleg fræði, og má vel vera, að sumt af þessu komi að einhverju gagni. En það hefir lítið verið prófað, hvað fólkið kann eftir þennan lærdóm. Jeg vil, að það sje sýnt í verkinu, hvort þetta fólk hefir lært nokkuð það, sem getur orðið því að gagni í lífinu, en á meðan mjer er ekki grunlaust um, að þetta unga fólk læri þar sumt, sem góðir foreldrar vilja helst ekki láta börn sín læra heima hjá sjer, þá tel jeg þetta aðstreymi að skólanum til engra bóta. Hv. frsm. sagði, að jeg hefði verið að tala um skólana yfirleitt og notað þar orðið skólafargan. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Jeg taldi það skólafargan, þegar einstakar konur og menn úti um sveitir þessa lands heimta svo og svo mikið fje úr ríkissjóði til þess að koma á stofn skólum, fyrirhyggjulaust og skipulagslaust. Þetta skólafargan er að verða hreinasta landplága og veldur þjóðinni stórtjóni, ef ekki er við gert í tíma.

Núverandi fræðslumálastjóri kom einu sinni með drög til laga um slíkt skipulag inn á þing, og var það mjög virðingarvert af hv. þm. (ÁÁ), en að það rísi upp menn einhversstaðar á

landinu, sem safna loforðum um fjárframlög til skóla, sem svo verður kannske seint og illa eða kannske aldrei borgað, og heimti svo stórkostleg tillög úr ríkissjóði, það er fargan, sem ekki á að líðast.

Að síðustu mintist háttv. frsm. á það, að jeg mundi bera það traust til hæstv. stjórnar, að jeg mundi treysta henni til þess að veita ekki fje til slíkra skólastofnana, nema því aðeins, að fulltrygg skilyrði væru fyrir, að fje yrði lagt fram annarsstaðar frá á móti. En nú hefir þessi hv. þm. sagt, að þessi stjórn yrði ekki langlíf, og ef hv. þm. reynist sannspár um það, að þessi stjórn sitji ekki að völdum árið 1928, þá verður það sjálfsagt flokkur hv. þm., og þá kanske hann sjálfur, sem fer með völdin, og verð jeg þá að segja, að jeg ber alls ekkert traust til þeirrar stjórnar. — Hjer stendur, að ríkissjóður eigi að leggja fram $^2/_5$ kostnaðar, en ekkert um það, hvort það eigi að vera gegn $^3/_5$ annarsstaðar frá, og heldur ekkert um það, hvort eigi að byrja á að borga þessa $^2/_5$, áður en nokkuð er komið annarsstaðar frá. Nei, varist spor Laugaskólans; þau hræða! Mjer finst, að aldrei verði nógu varlega farið, þegar er að ræða um fjárveitingar, sem snerta Laugaskólann; og ef eitthvað þykir athugavert við þessi orð mín, þá er jeg reiðubúinn að gera frekari grein fyrir ummælum mínum með tölum, sem ekki verða hraktar.

Bernharð Stefánsson: Jeg hafði nú ekki ætlað mjer að taka aftur til máls enda er það ekki sanngjarnt, að jeg sje að tefja hjer umr., vegna þess að jeg hefi stutt að því, að umr. og atkvgr. geti orðið lokið í kvöld, en það voru ummæli hv. þm. Ak. (BL) í fyrri ræðu hans áðan, sem komu mjer til að standa upp, en jeg skal ekki tala langt mál.

Hv. þm. ljet í ljós sjerstaka forvitni um það, hvernig jeg myndi greiða atkvæði um 28. brtt. nefndarinnar á þskj. 233, sem fer fram á byggingarstyrk til húsmæðradeildar við Laugaskólann. Það er þó ekki svo, að jeg ætli beinlínis að svala þessari forvitni hv. þm.; það er svo skamt eftir til atkvæðagreiðslunnar, að það getur beðið þangað til, að hv. þm. getur sjeð það eða heyrt. (**BL:** Jeg er ánægður, ef það verður nafnakall). Enda sagði jeg það í gær, þegar jeg gerði grein fyrir einni lítilli brtt., sem jeg á við þennan kafla fjárlaganna, að jeg myndi sýna það með atkvæðagreiðslu minni, hvernig jeg liti á einstakar tillögur, og við þetta ætla jeg að láta sitja. En mjer þykir þó rjett að taka það fram, út af orðum hv. þm. (BL), að jeg tel hann hafa gert of mikið úr því, hvað þessi húsmæðradeild, sem fyrirhuguð er þarna á Laugum, myndi verða skæður keppinautur þessum fyrirhugaða húsmæðraskóla á Norðurlandi, í grend við Akureyri.

Það er ekki ætlast til, að þetta verði nema deild við Laugaskólann, og jeg tel, að þrátt fyrir það, þótt hún kæmist á, myndi sá skóli, sem fyrirhugaður er í grend við Akureyri, eiga fullan tilverurjett, og að þessi deild við Laugaskóla myndi ekki tefja stofnun hans. Jeg hefi ekki orðið var við, að nein sjerstök hreyfing væri á því máli, að koma upp fyrirhuguðum skóla í

grend við Akureyri, en ef hv. þm. hefir svo mikinn áhuga á því máli eins og ræða hans í dag virðist bera vott um, þá virðist mjer það vera rjettara fyrir hv. þm. að berjast fyrir þeirri stofnun og framkvæmd laganna frá 1917, heldur en að láta þennan áhuga sinn koma fram í því að amast við deildinni við Laugaskólann. Jeg vík að þessu, af því að jeg gat ekki betur heyrt en að hv. þm. teldi það skyldu þingmanna Eyfirðinga að leggjast á móti þessum styrk, því að hv. þm. getur annars ekki verið að heita á mig til fylgis við þessa stefnu sína. En ef það er svo, að hv. þm. hafi meint þetta, þá verð jeg algerlega að mótmæla því, að það geti sjerstaklega verið skylda þingmanna Eyfirðinga að leggjast á móti þessari styrkveitingu, því að jeg get ekki sjeð, að þetta geti skaðað Eyfirðinga, heldur jafnvel þvert á móti; því að á meðan ekki er um þennan skóla að ræða í Eyjafirði, þá álít jeg þó betra fyrir eyfirskar stúlkur að geta fengið tilsögn í þessum fræðum austur á Laugum heldur en hvergi. Jeg vil því taka það fram, að afstaða mín til þessa máls byggist alls ekki á því, að jeg er þingmaður Eyfirðinga, heldur á hinu, hvort jeg tel það gott mál eða ekki, og mun jeg alls ekki láta neina hreppapólitík ráða í því efni. Svo sje jeg heldur ekki betur en að í frv. og brtt. við það sje farið fram á styrki til húsmæðrafræðslu á ýmsum stöðum, þar sem mjer sýnist vera um eins mikið að ræða, þegar farið er fram á rekstrarstyrki, og er þar þó aðeins um smádeildir að ræða, en hjer er aðeins farið fram á 11000 króna stofnkostnað, og úr því að ekki er farið fram á meira, er ekki hægt að sjá, að þessi deild muni verða svo stór, að hún geti orðið eyfirska skólanum hættuleg.

Jeg skal ekkert fara út í hugleiðingar hv. þm. um skólana yfirleitt, þar sem hann var að tala um, að sjer virtist það vera orðið einskonar þjóðarböl þetta skólafargan, og að einstök hjeruð rykju upp með að stofna þessa skóla án þess að það lægi fyrir bein ákvörðun um, hvernig ætti að skipa þessum málum í heild. Jeg lít nú svipað á þetta, en finst aðeins, að þessi skoðun komi dálítið í bág við gerðir hv. þm. og flokks hans, þar sem þeir studdu það „fargan", sem er svo margfalt stórkostlegra heldur en nokkurt annað fargan, sem farið hefir verið fram á í skólamálum. **(BL:** Við hvað á hv. þm.?). Jeg á þar við samskóla Reykjavíkur.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg vildi mega segja nokkur orð til þess eindregið að mótmæla dylgjum hv. þm. Ak. (BL) um það, að alþýðuskólinn á Laugum væri í fjárhagslegu öngþveiti. Eftir því sem mjer skildist á skrafi hv. þm., átti að geta verið hætta á því, að skólahúsið yrði tekið upp í skuldir, af því að það væri veðsett. Einnig væri sýslusjóður þingeyinga illa staddur og í mikilli hættu staddur vegna ábyrgðar fyrir skólann. Út af þessu vil jeg upplýsa, að skólinn hefir að vísu fengið 25 þús. kr. söfnunarsjóðslán, — sem afborgast á 20 árum, — gegn ábyrgð sýslu-

sjóðsins. En þetta tel jeg aðeins formsatriði, því að sýslusjóðurinn hefir ábyrgð 20 hjeraðsmanna fyrir því, að honum stafi engin hætta af þessari ábyrgð. Jeg get nú hugsað mjer, að hv. þm. (BL) geri nú lítið úr ábyrgð þessara 20 manna. En jeg leyfi mjer að fullyrða, að þótt þeir sjeu, hver um sig, sjálfsagt ekki jafnmiklir burgeisar og hv. þm. sjálfur, þá sjeu þeir margfaldlega ábyrgir fyrir láninu, svo að hvorki þurfi sýslusjóðurinn að bíða halla vegna ábyrgðarinnar, nje því síður, að skólahúsið geti verið í nokkurri hættu statt. En svo skal jeg benda á það, að eins og skóli þessi hefir farið af stað, þá má fastlega vona, að hann verði fullkomlega fær um að sjá fjármálum sínum borgið, þar með vitanlega talið að standa í fullum skilum með greiðslu vaxta og afborgana af skuld sinni. Til þessa hjálpar bæði mikil aðsókn og ágæt aðstaða.

Jeg endurtek það því, að hjer er um óhróðursdylgjur einar að ræða hjá hv. þm. Ak., sem ekki eru á neinum rökum reistar, og vil skjóta því í allri vinsemd til hv. þm., hvort hann álíti ekki, að ástæða geti verið til þess að bera meiri áhyggjur út af ýmsum öðrum skuldum en þessari, sem honum þykir svo skelfileg.

Þá vil jeg einnig mótmæla því, sem skilja mátti á hv. þm., að sýslusjóður S.-Þingeyjarsýslu sje illa stæður. Jeg lít miklu fremur svo á, að hann megi eftir öllum atvikum telja vel stæðan. Er því mjög óviðkunnanlegt, að hv. þm. skuli vera að reyna að vekja grun um hið gagnstæða hjer á hv. Alþingi. Sannast hjer hið fornkveðna, að „heggur sá, er hlífa skyldi". Jeg vil benda þeim þm., sem ef til vill hafa tekið mark á ummælum hv. þm. Ak., á það, að jeg hefi í höndum síðasta efnahagsreikning sýslusjóðs S.-Þing., og geta þeir, sem það vilja, fengið að sjá hvernig hagur sýslusjóðsins er.

Þá var hv. þm. með dylgjur í garð skólans viðvíkjandi ljelegri kenslu og slæmu andrúmslofti þar yfir höfuð. Jeg lít svo á, að þetta sje ekki svara vert með öðru en því að benda á það, sem alkunnugt er, að skólinn á bestu vinsældum að fagna í hjeraðinu og nýtur almenns trausts. Sannast það best á hinni miklu aðsókn. Nú eru þar yfir 60 nemendur og svo áskipað sem mögulegt er. Og nú eru þegar komnar umsóknir um inntöku í skólann fyrir næsta vetur svo miklar, að langt er fram yfir það, sem hægt er að sinna. Jeg held, að ummæli háttv. þm. Ak. hljóti að vera komin fram af einhverri óskiljanlegri löngun til þess að sverta og óvirða menn og málefni heima í sínu eigin hjeraði. Hefir það komið fram í ræðum hans hjer á Alþingi áður. En jeg tel ekki rjett að ganga langt í því að draga þetta inn í umr. hjer, og mun því ekki taka frekari þátt í þeim umr., þó svo fari, að hv. þm. haldi áfram að kasta auri að skólanum á Laugum og aðstandendum hans.

Sveinn Ólafsson: Jeg geri ráð fyrir því, að fleirum en mjer hafi þótt hv. frsm. fjvn. (TrÞ) leggja nokkuð fast á móti ýmsum till. á þskj. 284. Jeg skil að vísu, að fjvn. á talsvert erfitt með að gera upp á milli hinna mörgu fjárbóna, er fyrir liggja, og þó sjálfsagt misjafnlega erfitt. — Eftir atvik-

um get jeg unað undirtektum háttv. frsm., að því er kemur til 21. brtt. á atkvæðaskránni, þar sem farið er fram á 1500 kr. fjárveiting til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi. Jeg hafði líka gert mjer von um góðar undirtektir um þetta, þar sem nefndin hefir verið tiltölulega örlát um fjárframlög til samkynja starfsemi annarsstaðar. Jeg skal því ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að svona sanngjarnleg ósk verði viðurkend.

Að því er snertir 27. liðinn á skránni, sem er ósk um 1200 kr. til Þórarins Jónssonar tónlistarnema, þá skildist mjer á hv. frsm., að hann synjaði fullkomlega fyrir hönd nefndarinnar um fylgi við hann. Þó er jeg ekki viss um að hafa skilið það rjett. Yfirleitt lagði hv. frsm. á móti þeim styrkjum, sem lúta að námi og auknum frama námsmanna þeirra, er hjer hafa verið bornir fram á bænarörmum einstakra þm. En jeg vil segja um þennan mann, að hann á sjálfsagt fult eins mikinn rjett á áheyrn og hver annar, sem um styrk sækir í þessu skyni. Þetta er bláfátækur alþýðumaður, sem staðið hefir upp af þóftunni í fiskibát til þess að leggja út á þessa erfiðu braut og er nú eftir 3 ára baráttu fjelaus svo langt kominn, að hann er langþektastur utan landssteina Íslands þeirra manna íslenskra, sem tónlistarnám stunda. Það væri reyndar aðeins lítil viðurkenning á dugnaði og hæfileikum umkomulausa og fátæka drengsins, að þessi upphæð yrði veitt. Auðvitað er þetta ekki nema lítið brot af því, sem þörf hans krefur, en óviðjafnanleg uppörvun væri það þó. Jeg hlýt að eiga það undir hv. þdm., hvort þeir vilja nú í annað sinn, er leitað er á náðir þingsins, sýna hjer lítilsháttar viðurkenningu. Það hefir af ýmsum verið á það minst, að Þórarinn Jónsson væri manna líklegastur til þess að undirbúa eitthvað, sem þjóð vorri mætti til sæmdar verða á sviði tónlistarinnar á þúsund ára hátíðinni, sem í hönd fer. Sumir hafa um þetta í spaugi talað, en það er mín trú, að hann muni líklegri flestum eða öllum öðrum til þess, ef honum endist aldur.

Þá skal jeg koma að 31. brtt. á sama þskj. Er þar farið fram á 6000 kr. fjárveitingu til húsabóta á Hallormsstað. Háttv. frsm. mæltist til þess, að jeg tæki till. aftur til 3. umr. svo að nefndin gæti athugað hana nánar. Sje jeg ekkert á móti því, sjerstaklega vegna þess að mjer finst endilega, að nefndin hljóti að hallast að stuðningi við till., er hún hefir kynt sjer málið betur. Það er ekki rjett hjá hv. frsm., að bygging þessi verði ekki til frambúðar. Húsið á að vera steinsteypt og eftir teikningu byggingarráðunauts Jóhanns Kristjánssonar, bygt í öðru formi en gamla timburhúsið, með það fyrir augum, að þegar gamla timburhúsið fellur, þá verði hægt að lengja eða bæta við steinsteypta húsið, sem nú er ætlað að komi fyrir baðstofuna fornu og nægt geti um mörg ár með timburhúsinu gamla. Þá er það heldur ekki rjett, að þessi bygging á Hallormsstað sje ætluð sjerstaklega til móttöku gesta. Þar skortir einmitt íbúð, og því verður að nota þar ævagamla baðstofu og ljelega, eitthvað um 70 ára, — af því að engin önnur íbúð er til. En þessi baðstofa er löngu orðin óforsvaranleg til íbúðar. Það hefir verið beðið eftir lækkuðu verði

byggingarefnis til þess að koma upp þessari viðbótarbyggingu fyrir sem minst fje.

Til bygginga á Hallormsstað hefir nauðalítið verið áður lagt. Þær 7500 kr., sem veittar voru til þeirra 1921 og '22, voru lagðar fram þegar gengi peninga var lægst, eða undir hálfvirði, og má því segja, að í raun og veru hafi ekki verið veittur nema helmingur þeirrar upphæðar. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg get eftir atvikum fallist á tilmæli hv. frsm. um að taka þessa till. aftur til 3. umr., í þeirri von, að hv. fjvn. kynni sjer þetta mál nánar og athugi allar aðstæður. Jeg ætla ekki að tefja tímann með því að fetta fingur út í brtt. annara hv. þm. Mun jeg við atkvæðagreiðsluna sýna hug minn til þeirra.

Hákon Kristófersson: Það var fjarri mjer, að jeg vildi móðga hv. þm. Dal. (JG) með því, sem jeg sagði viðvíkjandi brtt. XXXII. á þskj. 284, síðast þegar þetta mál var hjer til umræðu. Jeg leit svo á, að þótt þetta væri í sjálfu sjer ekki verulega há upphæð, þá gæti þó verið varasamt fordæmisins vegna að veita hana. Það má í hverri sveit landsins finna menn, sem eru lagnir við meðferð veikra skepna, svo það getur verið vafi á því, hvort ástæða sje til þess að veita þessum manni styrk fremur öðrum. Hv. þm. sagði, að það mundi stafa af ókunnugleika mínum, að jeg væri á móti þessu; jeg mundi sjaldan hafa komið á þær slóðir, sem þessi heiðursmaður dvaldist. En þetta er ekki rjett. Jeg er mjög kunnugur austanvert í Barðastrandarsýslu; má segja, að jeg þekki þar hvert heimili og því nær hvern mann. Jeg heyrði þess hvergi getið, að þessi maður hafi fengist sjerstaklega við dýralækningar, en hann mun hafa fengist eitthvað við geldingu graðhesta og tekist það mjög vel. Annars er margt vel um mann þennan að segja og kunnur er hann að því að vera laginn til hvers þess, er hann leggur hönd á, og persónulega er mjer vel við hann; hann hefir ekki sýnt mjer nema gott eitt, svo hv. þm. Dal. má ekki taka það illa upp fyrir mjer eða halda, að það sje af andúð eða vantrausti gegn þessum heiðursmanni, að jeg legst á móti styrkveitingu þessari. Það er einungis fordæmisins vegna, eins og jeg tók fram áðan. Það sýnir líka mikla sjálfsafneitun hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að vera á móti þessu, því að hann hefði átt að hafa sjerstaka hvöt til þess að vera því fylgjandi. Hv. þm. Dal. sagði, að góð meðmæli fylgdu frá dýralækninum í Stykkishólmi. Já, það vantar nú sjaldnast meðmæli þegar svona styrkir eru á ferðinni, og legg jeg ekki hið minsta upp úr því. Því eins og jeg hefi áður bent til, eru menn nálega í hverjum hreppi, sem öðrum fremur eru hæfir til að fara með veikar skepnur og finna ráð við ýmsum kvillum í þeim.

Það var nú ekki sjerstaklega þessi brtt. eða ummæli hv. þm. Dal. henni viðvíkjandi, sem kom mjer til að standa upp að þessu sinni, heldur ummæli þau, sem sami hv. þm. vjek að mjer í sambandi við Staðarfellsskólann. Hann sagði, að jeg hefði reynt að toga hann til míns kjördæmis. Þetta er alrangt, enda gat hv. þm. ekki fært rök að því á einn eða neinn hátt. Það var vitanlegt, að jeg var á móti Staðarfellsskólanum eingöngu á þeim

grundvelli, að hann ætti að rekast með því fje, er Herdís sáluga Benediktsen gaf á sínum tíma. Jeg hefi aldrei mótmælt því, að skólinn yrði reistur, en jeg hefi mótmælt því sem algerlega heimildarlausu, að slá nefndu fje saman við skólann á Staðarfelli. Ef hið háa Alþingi skyldi sjá svo illa sóma sinn og gera það, þá virðir það að vettugi síðustu ráðstafanir þessarar heiðurskonu. Hv. þm. Dal. sagðist vona, að jeg færi ekki að leggjast á móti hagsmunum míns eigin kjördæmis. Þetta er nú vel meint hjá honum, og þakka jeg honum fyrir gott hugarfar í minn garð, en jeg þykist ekki vinna á móti hagsmunum míns kjördæmis, þótt jeg sje andstæður þessari aukningu til húsmæðraskólans á Staðarfelli. Ef kvennaskóli verður settur á stofn fyrir fje frú Herdísar, þá á hann vitanlega ekki að vera á Staðarfelli. Jeg vil slá því föstu, að hagræðis vegna og allrar aðstöðu á sá skóli að standa vestar en suður í Dalasýslu.

Þá mintist hv. frsm. fjvn. (TrÞ) á brtt. mína XII. á þskj. 284 og sagði, að það vantaði öll skjöl viðkomandi þessu. En jeg hefi tekið þessa brtt. aftur, vegna þess að mjer skildist, að fjvn. vildi leita ráða hjá biskupi.

Þá sagði hv. frsm. fjvn. einnig viðvíkjandi brtt. minni XXXVII. á þskj. 284, um leið og hann bar mjer þau boð frá nefndinni, að hún legðist á móti henni, að þar væru sömuleiðis engin gögn fyrir hendi, en gat þess um leið, líklega þó í skopi, að ekki væri ósennilegt, að ræða mín gæti snúið fjvn. Jeg hefi nú ekki þekt það fyrri hjer, að það þyrfti skjallegar sannanir fyrir hverju máli, sem hjer er fram borið. En auk þess er það ekki rjett, að hjer hafi ekki verið skjöl fyrir hendi, því að í þessu tilfelli skildi jeg eftir brjef þessu máli viðvíkjandi hjá hv. fjvn., að vísu á síðustu stundu, það skal jeg játa. Hv. frsm. fjvn. gat þess í sambandi við aðra till., að þegar litið væri til þessarar till. þm. Barðstrendinga, þá mætti segja, að fje viðlagasjóðs væri á annan hátt betur varið en til lánveitinga, sem efasamt væri um, hvort nokkurntíma yrðu endurgreiddar. Ójá, þetta má nú kannske til sanns vegar færa. En jeg hafði bent á, að þessi hreppur, sem hjer er um að ræða, hafði orðið fyrir óhöppum, sem stafaði af afleiðingum stríðsins, og hefir Alþingi þá oft hlaupið undir bagga með hreppum, þegar slíkum ófyrirsjáanlegum óhöppum er um að kenna, en ekki því, að af lítilli forsjá eða heimsku hafi verið ráðist í einhver glannafyrirtæki. En því er ekki hjer um að kenna. Jeg man ekki betur en þessi hv. þm. (TrÞ) væri ekki mikið á móti því í fyrra, að hreppi í hans eigin kjördæmi væri gefið upp viðlagasjóðslán. Jeg segi þetta ekki þessum hv. þm. til ámælis; þetta lýsir umhyggju hans og dugnaði fyrir sitt kjördæmi. En framkoma hv. þm. í lánveitingaeftirgjöfum í fyrra sýnir það best, hvað þessi hv. þm. er laginn á það að gera verslun við aðra, þannig að mestur hagnaðurinn lendi hjá honum sjálfum, en minna hjá þeim, sem hann verslar við. En nú finst honum það alveg ósæmilegt að styrkja hrepps- eða sýslufjelag, nema fyrirfram sje full vissa fyrir því, að lánið fáist endurgreitt. Það er nú sýnt af undirtektum hv. fjvn. að því er þetta snertir, að jeg þarf ekki að vera henni

þakklátur, og það er í sjálfu sjer altaf gott að þurfa ekki að standa í þakkarskuld við aðra. En það er einkennilegt, að þeir hinir sömu menn, sem leggjast á móti þessu, skuli geta mælt með að verja mörgum þúsundum til stórfyrirtækis eins og þess að koma á stofn húsmæðrakenslu á Laugum. En það kann nú að vera af því, að sá skóli er í þeim landshluta, sem meiri hl. hv. fjvn. finnur sjer skyldara að styðja en þau hjeruð, þar sem andstæðingarnir eiga heima. En þá held jeg nú, að rjettdæmið fari að hallast, ef pólitísk aðstaða á að verða þess valdandi, að rjettmætar kröfur úr andstæðingahjeruðunum verða niður slegnar. En hvað sem þessu líður, þá er það alveg óframbærileg ástæða hjá hv. fjvn. að leggjast á móti þessu vegna þess, að engin skjöl liggi fyrir viðkomandi þessu, svo fremi sem nefndin vill ekki stíga sporið fult og segja, að jeg skýri ósatt frá um það. Og það er undarlegt, að nefndin skuli ekki geta fylgt þessu fullkomna rjettlætis- og sanngirnismáli, þegar hún ber fram stórar fjárveitingar í ýmsum öðrum tilfellum og oft, að því er virðist, án knýjandi nauðsynjar.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) beindi þeirri ósk til mín út af XI. brtt. á þskj. 284, að jeg tæki hana aftur, þar sem Alþingi hefði samþykt í fyrra að greiða sjera Kjartani Helgasyni full laun úr prestlaunasjóði, þótt hann tæki við stjórn Suðurlandsskólans, og nefndin skoðaði það sem útkljáð mál, þingið væri búið að lýsa yfir vilja sínum um þetta efni. Fyrir mjer vakti, að það væri rjettara, að þetta ákvæði stæði í fjárlögum, en þar sem þetta mun vera rjettur skilningur hjá háttv. fjvn., og hinsvegar ekki víst, að skólinn taki til starfa á næsta ári, þá get jeg vel tekið till. aftur, því að tilgangur minn var ekki annar en sá, að tryggja sjera Kjartani Helgasyni þessi laun, þegar til þess kæmi, að hann tæki við stjórn skólans.

Sigurjón Jónsson: Aðeins örfá orð um leið og jeg lýsi yfir því, að jeg tek aftur brtt. *mína XIX á þskj. 284.* Þessa tillögu bar jeg fram til þess að tryggja það, að unglingaskólinn á Ísafirði nyti jafnrjettis um fjárframlög úr ríkissjóði við aðra hliðstæða skóla. Jeg tók það fram, að það væri ekki tilgangur minn, að þessi skóli stæði öðrum hliðstæðum skólum framar um fjárframlög úr ríkissjóði; jeg tók það meira að segja fram, að jeg teldi rjettmætt, að styrkur til sveitaskólanna væri einhverju hærri, en gat þess um leið, að jeg gæti ekki unað því, að hagur þessa skóla væri lengur svo fyrir borð borinn sem gert hefir verið að undanförnu. En þar sem hv. frsm. fjvn. (TrÞ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), núverandi fræðslumálastjóri, hafa báðir tekið í sama streng og jeg, þá álít jeg, að þar með sje tilgangi mínum með till. náð. En jeg vil ekki verða þess valdandi með till. minni, að fleiri skólar komi á eftir og heimti sjerstöðu, þótt jeg hinsvegar teldi rjett, að þessi skóli hefði nokkra sjerstöðu, þar sem það er eini fullkomni unglingaskóli, sem til er á Vesturlandi. Tek jeg svo brtt. aftur., eins og áður er fram tekið.

Pjetur Þórðarson: Mjer skildist hv. frsm. fjvn. helst koma með þá mótbáru gegn till. minni II. 3 á þskj. 294, að það yrði að taka fyrir lán úr viðlagasjóði til hreppsfjelaga, vegna þess að það kæmu altaf fram á eftir óskir um að fá slík lán eftirgefin. En það er nú búið að ganga svo langt á þessari braut, að það er varla hægt að stemma stigu fyrir því nú eða í framtíðinni. Það væri fólgið í því hið mesta misrjetti, að taka nú upp þann sið að neita vegna þessa, ef að öðru leyti eru ástæður fyrir hendi til slíkra lánveitinga. Þótt ekki liggi hjer fyrir skýrsla um hag viðkomandi hreppsfjelags, þá vænti jeg þess, að hv. deildarmenn geti trúað því, sem jeg segi um það. Þessi lánbeiðni er alveg við hæfi efnahags þessa hreppsfjelags, og er því síður en svo, að það reisi sjer hurðarás um öxl með henni. Þetta sveitarfjelag er betur statt en mörg önnur, og á ekki við þá dutlunga að búa, sem komið geta fyrir í kaupstöðum þeim, sem algerlega eru háðir afkomu sjávarútvegsins. Hjer er því ekki um annað en lán að ræða, og það lán, sem sveitarfjelagið hefir bæði vilja og getu til þess að endurgreiða, svo að hjer mun ekki verða farið fram á eftirgjöf.

Annars vildi jeg geta þess í sambandi við þá hræðslu, sem bólar á hjá sumum hv. þdm., að um lán þessi sje vanalega sótt með það fyrir augum að fá þau síðar eftirgefin, og þess vegna eigi að hætta að veita þau, að jeg hygg, að þessi skoðun sje ekki rjett. Þá er rjettara og sanngjarnara að taka alveg fyrir að gefa lánin eftir heldur en að hætta að veita þau.

Jeg held því, að engin hætta sje að lána þessu sveitarfjelagi, og þar sem ekki er um hærri upphæð að ræða, vænti jeg að hv. þdm. geti fallist á það. Með hliðsjón af öllum öðrum lánbeiðnum, sem fyrir hv. fjvn. hafa legið, þá held jeg, að þessi lánveiting, sem jeg er hjer að mæla fyrir, standi mörgum öðrum framar að sanngirni og rjettlætiskröfum.

Björn Líndal: Jeg býst ekki við, að hægt verði að ræða til hlítar þetta mál, Laugaskólann, við hv. þm. S.-Þ. (IngB), því að hann ber höfðinu við steininn, eins og fyrri, og segir ekki nema undan og ofan af um fjárreiður skólans. En jeg held, að það sje betra að þegja og skýra engu frá um fjármál skólans heldur en að gera það jafn hlutdrægt og gallað eins og hv. þm. (IngB) gerir.

Hann veit það, hv. þm., að skólinn skuldar langtum meira en þessar 25 þús. krónur, sem hann er altaf að stagast á. Jeg veit ekki hvað mikið, og þess vegna vil jeg einmitt fá það skýrt út sagt, af vörum hv. þm. S.-Þ., eða þá einhvers annars, hvað skuldir skólans eru miklar. En um þetta er vendilega þagað og svarað með eintómum blekkingum og vafningum.

Það mætti líka minna á, að þessi bakábyrgð er tímabundin, miðuð við 15 ár, að því er jeg best veit, enda áreiðanlegt, að lánið verður ekki endurgreitt á þeim tíma, eða þá eins víst — ef menn þessir borga —, að svo gæti farið, að þeir gengju að skólahúsinu, því að eflaust er það ekki lengur lán en ljeð er hjá sumum þeim mönnum, sem að bakábyrgðinni standa. Þeir hafa trygt sig svo, þessir guðsmenn og góðir menn, að þeir sleppa. Þess vegna er sýslan í hættu stödd,

en ekkert um það hægt að segja, hve stór sú hætta er, af því allar fjárreiður skólans eru á huldu.

Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að skólinn væri rekinn með þeirri fyrirhyggju, að hann gæti á sínum tíma borgað allar sínar skuldir. En engin rök færði hann fyrir því, sem heldur ekki er von, því að það er alkunnugt, að skólar hjer í landi eru engin gróðafyrirtæki, jafnvel þótt reknir sjeu af mestu forsjálni og fyrirhyggju, hvað þá heldur þegar reksturinn er í höndum þeirra manna, er engu kunna vel að stjórna. — Auk þess er það auðskilið mál, að skóli, sem engar tekjur hefir aðrar en opinbert fje og skólagjöld, þarf þeim mun meira af þessu fje, því meira sem hann skuldar, til vaxtagreiðslu og afborgana. Laugaskólinn getur því ekki komist úr skuldum sínum nema hann fái til þess beinlínis eða óbeinlínis fje úr opinberum sjóðum, eða taki miklum mun hærri skólagjöld en ella þyrfti, og er hvorttveggja ilt og óverjandi. Það gengur ósvífni næst að fara í vasa annara eftir fje til þess að greiða skuldir, sem stofnað hefir verið til með frekju og fyrirhyggjuleysi nokkurra pólitískra angurgapa. Til þessa skóla var leitað frjálsra samskota um sýsluna, og átti hann upphaflega að rísa skuldlaus frá grunni, svo að fyrir það væri bygt, að hann þyrfti að koma á eftir til sýslufjelagsins og beiðast hjálpar þess. En frá þessu heilbrigða marki var horfið og anað út í fyrirtækið fyrirhyggjulaust.

Hv. þm. (IngB) vildi láta það lesast út úr orðum sínum, að jeg hefði frá upphafi verið sjerstaklega óánægður yfir því, hvað litlu jeg hefði getað áorkað í þessu skólamáli. Jeg þykist nú vita, að slíkt muni varla hryggja hann mjög, heldur gleðja, og get jeg vel unt honum þeirrar gleði, gleðinnar yfir því, að ekki hefir tekist að koma í veg fyrir, að skólinn lenti í því öngþveiti, sem í er komið.

Þá sagði hann, að jeg hefði óstjórnlega löngun til þess að sverta og ófrægja menn og málefni í mínu hjeraði. Því mótmæli jeg harðlega. En hitt skal jeg játa, að jeg hefi oft óstjórnlega löngun til þess að segja satt og rjett um menn og málefni, hvort sem öðrum líkar það betur eða ver. En sannleikurinn er því miður oft og einatt þannig, að hann verður ekki sagður án þess að verði einstökum mönnum og málefnum til ófrægingar og álitshnekkis.

Jakob Möller: Það eru aðallega fáein atriði í ræðu hv. frsm. (TrÞ), sem jeg finn ástæðu til að svara örfáum orðum. Hann spurði, hvort stúdentastyrkirnir ættu að skoðast sem framtíðarstyrkir eða ekki. Jeg held brtt. beri það með sjer. Annars er því til að svara um þessa tvo styrki, sem jeg legg til að verði veittir, að annar er til þess að byrja með nám og því líklegt að veita verði hann áfram, en hinn er lokastyrkur, til þess að hjálpa efnilegum manni en blásnauðum til þess að ljúka námi. Um þetta hefi jeg svo ekki fleira að segja, en vil aðeins endurtaka það, sem jeg sagði á laugardaginn, að mjer finst óheppilegt að binda þessa styrki við ákveðna stúdentatölu á ári. Getur farið svo, að í ár útskrifist enginn, sem sjerstök ástæða

sje til að styrkja, og að þeir stundi nám við háskólann hjer. Svo geta komið önnur ár, þar sem margir útskrifast, sem þörf er á að styrkja og því ilt að hafa styrkinn svo takmarkaðan, að ekki sje hægt að sinna rjettmætum kröfum.

Um Valgarð Thoroddsen stendur svo sjerstaklega á, að þar er um nýtt nám að ræða, en kostnaðarsamt, sem getur eflaust komið okkur til góðs, er stundir líða.

Um hinn styrkinn er það að segja, að ekki hefði til þess komið að veita hann, ef ekki stæði svona sjerstaklega á, að maðurinn hefði veikst og föður hans orðið um megn að kosta hann.

Styrkinn til hljómsveitarinnar skildist mjer, að hv. frsm. vildi bíða með að hækka, af því að það væri svo margt annað, sem þyrfti að styrkja, en yrði þó að sleppa, og þó að margir þættust þurfa að fá meira, þá yrði þó að skera fjeð við neglur sjer. Þegar sýnt er, að vantar skólaáhöld eða eitthvað þess háttar, þá er ekki látið bíða þangað til einhverntíma með að kaupa það. Nú stendur svo á, að sveitina vantar hljóðfæri og fleira, sem óhjákvæmilegt er að kaupa; þess vegna er það nauðsynlegt að styrkja hana, svo að hún nái sem mestri fullkomnun og geti fullnægt þeim kröfum, sem verður að gera til hennar, af því að hún er styrkt af opinberu fje.

Um styrkina undir XXVIII. tölulið hefi jeg ekki miklu við að bæta. Þeir miða allir að því sama, að efla leiklist hjer á landi, og eru nauðsynleg ráðstöfun og undirbúningur vegna þjóðleikhússins, sem hlýtur að verða reist bráðum. En út af fyrirspurn hv. frsm. um það, hvort ekki væri ætlast til, að menn, sem styrktir væru til utanfarar og náms í þessu skyni — að læra að leika —, störfuðu síðan hjá Leikfjelaginu, þá virðist mjer slíkt hljóti að liggja í augum uppi, enda mun svo vera að jafnaði. Þó að hlaupi snurða á samvinnu einstakra manna innan Leikfjelagsins í bili, þá raknar úr þræðinum aftur, þegar alt hefir jafnað sig.

Þá virtist mjer hv. frsm. ekki vilja taka XXXIV. brtt. alvarlega og taldi ekki veiðast það mikið af þessum fiski, að ekki væri hægt að selja vöruna hjer innanlands. En jeg vil taka þetta alvarlega, af því að mjer er kunnugt um, að af vöru þessari berst svo mikið á hinn takmarkaða innanlands markað, að erfitt er að koma henni í verð. Annars skírskota jeg til vottorða þeirra, sem umsókninni fylgja. Af þeim má sjá, að hjer er um fulla alvöru að ræða. Þau eru líka gefin af þeim mönnum, sem enginn efast um, að sjeu færir að dæma um þetta, eða að minsta kosti kunnugri þessum málum heldur en við báðir til samans, hv. þm. Str. (TrÞ) og jeg.

Þá vil jeg víkja að XLIII. brtt., um styrkinn til Hans Hannessonar pósts, og vildi jeg þá leyfa mjer að vekja athygli hv. þdm. á því, að það stendur alveg sjerstaklega á með þennan mann, ekki aðeins vegna þess, að hann hefir starfað vel og lengi í þjónustu landsins með framúrskarandi árvekni, dugnaði og samviskusemi, heldur verður að gæta hins, að síðari árin hefir hann haft hlutfallslega meiri kostnað af starfinu en áður, og borið þó minna úr býtum, eftir að bifreiðarnar komu til sögunnar og tóku frá honum flutninginn að mestu leyti.

Jeg vil líka leyfa mjer að vekja at-

hygli á fjárstyrk þeim, sem hv. fjvn. leggur til, að manni þessum verði veittur. Hún miðar styrkinn við þá venju, sem gilt hefir um pósta, þegar þeir hafa látið af starfi. En það er ekki sambærilegt í þessu tilfelli. Þessi styrkur er alt of lítill fyrir mann, sem búsettur er í Reykjavík. Það má ekki eingöngu miða ellistyrk við það, sem hægt er að fleyta sjer á úti í sveitum landsins. Því aðeins getur ellistyrkur komið að þeim notum, sem ætlast er til, að hann sje miðaður við kringumstæðurnar á hverjum stað. En að mæla alla á sama kvarðann og hafa svo alla styrkina jafnháa, er ekki rjett, enda getur úr því orðið mesta misrjetti og ranglæti.

Fleira ætla jeg ekki að segja um brtt. mínar. En þó að hv. frsm. (TrÞ) hafi heldur tekið þeim þunglega, vænti jeg, að hv. þdm. sjái nauðsyn þeirra og greiði þeim því atkv. sitt.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Eiginlega hefi jeg mjög litla ástæðu til þess að taka til máls. Yfirleitt hafa hv. þdm. vikið mjög lítið að mjer eða fjvn. í ræðum sínum, að undanteknum hv. 1. þm. Reykv. (JakM), hv. þm. Barð. (HK) og hv. þm. Ak. (BL), sem ekki er viðstaddur sem stendur. Hann óð ennþá einu sinni á móti Laugaskólanum með því sama forsi, sem hann er kunnur að í því máli. En hv. þm. S.-Þ. (IngB) hefir nú svarað þessari árás hans, svo að jeg hefi þar litlu við að bæta. Eitt meðal annars, sem hv. þm. Ak. færði Laugaskólanum til lasts, var skipulagsleysi það, er þar ætti að ríkja um alla stjórn skólans. En þetta er ekki á neinum rökum bygt, enda er það kunnugt, að til þessa máls hefir verið betur vandað um allan undirbúning en um mörg önnur mál, sem þó eru talin lýtalaus, og að síðan skólinn tók til starfa hefir rekstur hans gengið ágætlega.

Annars vil jeg í þessu sambandi minna á frv., sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) bar hjer fram í fyrra um skipulag unglingaskólanna í landinu. Á þetta frv. lauk hv. þm. Ak. miklu lofsorði, og hefi jeg ekkert við það að athuga. En frv. þetta var samið af þeim í sameiningu skólastjóranum á Laugum og Á. Á. Þess vegna finst mjer, að undarlega stingi í stúf um skipulagsleysið á Laugum, þegar vitað er, að skólastjórinn hefir unnið að samning þessa frv., sem hv. þm. Ak. lofar svo mjög og einmitt fyrir það skipulag, sem þar er bent á.

Hann vitnaði í latneska setningu: Vestigia terrent, sem þýðir: sporin hræða — og vildi heimfæra þetta til Laugaskólans. Jeg kom að Laugum í sumar og undraðist, hve vel er þar frá öllu gengið. Jeg sá að vísu ekki kensluna, en á öllu mínu langa ferðalagi kom jeg ekki á neinn stað, sem mjer leist betur á en einmitt Laugaskólann. Þar er svo vel fyrir öllu sjeð og kostað kapps um að láta hið unga fólk búa við holl skilyrði, bæði líkamlega og andlega. Skólinn hefir nýlega gefið út myndarlegt ársrit, og eru þar meðal annars birtar ritgerðir eftir nemendurna, sem bera það með sjer, að skólann hefir sótt efnilegt gáfnafólk. Jeg segi því ekki: Vestigia terrent! Spor Laugaskólans hræða mig ekki, heldur lít jeg svo á, að skóli þessi geti orðið til fyrirmyndar um

heppilegt skipulag unglingaskólanna í framtíðinni.

Þá er það hv. þm. Barð. (HK), sem jeg þarf að svara örfáum orðum. Honum þótti það undarlegt af mjer að vera með því í fyrra að veita hreppi í Strandasýslu eftirgjöf á láni, en leggjast nú á móti sinni brtt. En eins og hann veit, er það fyrir hönd fjvn., sem jeg mæli með eða móti brtt. einstakra þm. Annars verð jeg að segja það, að þarna er ólíku saman að jafna. Það stendur öðruvísi á fyrir hreppum, sem við harðindi og óáran ýmiskonar hafa að búa — og ekkert undarlegt þó að þeir þurfi að fá eftirgjöf — heldur en hreppum, sem betur eru settir af náttúrunni, en hafa til lána sinna stofnað með lítilli fyrirhyggju. Jeg tel rjettara að styrkja þá hreppa, ef kostur er, sem orðið hafa sjerstaklega illa úti vegna harðinda, eða annara óviðráðanlegra orsaka, heldur en hina, sem hafa ráðist í fyrirtæki með litlum hyggindum, en sem vel máttu bíða.

Þá fanst mjer hann fyrstur allra væna nefndina um hlutdrægni í brtt. sínum. Hann sagði meðal annars, að meiri hl. fjvn. væri fylgjandi fjárveitingu til Laugaskólans af pólitískum ástæðum. (**HK**: Hvað er hv. frsm. að segja?). Jeg er að svara hv. þm. Barð. (**HK**: Það getur ekki verið). Hv. þm. var að tala um hlutdrægni nefndarinnar í þeim brtt., sem hún flytur. En mjer finst þetta ekki viðeigandi, og enda ómaklegt að bera slíkt á nefndina. En hitt má kannske segja, að fjvn. hafi tilhneigingu til að styðja þau hjeruð að einhverju leyti meira, sem skera sig út úr um allan myndarskap og framtakssemi. Þess vegna leyfi jeg mjer að mótmæla því fast og ákveðið, að fjvn. hafi sýnt nokkra hlutdrægni í till. sínum. Annars vildi jeg óska, að þessi mæti maður vildi færa einhver rök fyrir þessari ásökun sinni, ef honum er það þá alvara að bera slíkt á nefndina.

Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) get jeg skilað því frá fjvn., að hún lítur ekki svo á, að ríkissjóður hafi tekið að sjer að styrkja Hljómsveit Reykjavíkur með það fyrir augum að sinna öllum hennar þörfum. Fjvn. lítur ekki svo á, að ríkissjóður hafi komið upp sveitinni og beri ábyrgð á henni, eins og t. d. skólum, sem stofnaðir hafa verið úti um land og styrks njóta úr ríkissjóði.

Sama er og að segja um skilning sama hv. þm. á eftirlaunum. Nefndin getur ekki fallist á röksemdir hans fyrir því, að eftirlaun eigi að vera hærri hjer í Reykjavík en úti um land, og verður því á móti þessari brtt. hans. Þetta ætla jeg að láta mjer nægja, og vænti þá, að senn fari nú að líða að atkvgr.

ATKVGR. um 14.—25. gr.

Brtt. 284,X feld með 20:6 atkv.
— 284,XI tekin aftur.
— 284,XII tekin aftur.
— 233,20 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 284,XIII.a feld með 14:8 atkv.
— 284,XIII.b samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JÓl, JK, KlJ, MG, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HjV, JakM, JAJ, BSv.

nei: JS, JörB, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HStef, HK, IngB.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 233,21 feld með 14:11 atkv.
— 284,XIV feld með 14—12 atkv.
— 284,XV.a (aðaltill.) feld með 17:4 atkv.
— 284,XV.a (varatill.) tekin aftur.
— 284,XV.b feld með 16:3 atkv.
— 233,22 samþ. með 20:2 atkv.
— 284,XVI tekin aftur.
— 233,23 samþ. með 15:8 atkv.
— 284,XVII samþ. með 14:10 atkv.
— 284,XVIII tekin aftur.
— 233,24 samþ. með 16:2 atkv.
— 233,25 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 233,26 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 284,XIX tekin aftur.
— 284,XX tekin aftur.
— 233, 27.a—b samþ. með 18:3 atkv.
— 233,28 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, BSv.

nei: ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SigurjJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 284,XXI samþ. með 14:9 atkv.
— 233,29 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 284,XXII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HStef, HjV, JakM, JAJ, JG, JörB, KlJ, PÞ, SigurjJ, SvÓ, BSv.

nei: BL, HK, IngB, JK, JÓl, JS, MG, MT, ÓTh, PO, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 284,XXIII feld með 16:8 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 233,30.a samþ. með 17:5 atkv.
— 233,30.b feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JS, JörB, MT, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, BL, BSv.

nei: HK, HjV, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, KlJ, MG, ÓTh, PÞ, ÁJ, ÁÁ, HStef.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 284,XXIV feld með 14:10 atkv.
— 284,XXV (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.
— 284,XXV (varatill.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HjV, JakM, JAJ, JÓl, JörB, KlJ, ÓTh.

nei: PO, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, HK, IngB, JG, JK, JS, MG, MT, BSv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 233,31 samþ. með 18:5 atkv.
— 233,32 samþ. án atkvgr.
— 284,XXVI feld með 14:6 atkv.
— 284,XXVII feld með 14:10 atkv.
— 284,XXVIII.a feld með 14:8 atkv.
— 284,XXVIII.b samþ. með 17:2 atkv.
— 284,XXVIII.c feld með 19:2 atkv.
— 284,XXVIII.d feld með 15:4 atkv.
— 294,II.1.a feld með 16:3 atkv.
— 294,II.1.b feld með 17:4 atkv.
— 233,33 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 284,XXIX (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.
— 284,XXIX (varatill.) samþ. með 15:10 atkv.
— 284,XXX feld með 14:9 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 284,XXXI tekin aftur.
— 233,34 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 284,XXXII feld með 18:2 atkv.
— 233,35.a—g samþ. með 20 shlj, atkv,

Brtt. 233,36 samþ. með 15:4 atkv.
— 233,37.a—c samþ. án atkvgr.
— 233,38 samþ. með 16:1 atkv.
— 233,39 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 233,40 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 233,41 samþ. með 16:1 atkv.
— 304 tekin aftur.
— 233,42 samþ. með 15:2 atkv.
— 284,XXXIII feld með 15:9 atkv.
— 233,43 samþ. með 16:6 atkv.
— 233,44 samþ. með 22:1 atkv.
— 233,45 samþ. með 18:3 atkv.
— 284,XXXIV feld með 14:5 atkv.
— 284,XXXV (aðaltill.) feld með 17:5 atkv.
— 284,XXXV (varatill.) samþ. með 15:10 atkv.
— 294,II.2 feld með 16:3 atkv.
— 233,46 tekin aftur.
— 233,47.a samþ. með 18:6 atkv.
— 233,47.b samþ. með 15:8 atkv.
— 284,XXXVI tekin aftur.
— 284,XXXVII feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JörB, KlJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK.

nei: JG, JK JÓl, JS, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, HjV, IngB, JakM, BSv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

16. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 284,XXXVIII samþ. með 14:9 atkv.
— 284,XXXIX feld með 17:8 atkv.
— 233,48 samþ. með 15:3 atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 233,49 samþ. án atkvgr.
— 284,XLI (aðaltill.) feld með 17:3 atkv.
Brtt. 284,XLI (varatill.) feld með 15:8 atkv.
— 233,50 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 284,XLII feld með 16:7 atkv.
— 233,51.a samþ. með 15:4 atkv.
— 233,51.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 233,52 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 284,XL feld með 14:10 atkv.
— 233,53 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 284,XLIII feld með 17:4 atkv.
— 233,54.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 233,54.b—c samþ. með 20 shlj. atkv.
— 233,55 samþ. með 16:2 atkv.
— 284,XLIV feld með 15:6 atkv.
— 233,56.a—c samþ. með 20:1 atkv.
— 284,XLV feld með 17:7 atkv.
— 233,57 samþ. með 20 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

21. gr., með þeim breytingum, sem leiðir af þeim breytingum, er gerðar höfðu verið á öðrum greinum frv., samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 284,XLVI samþ. með 15:7 atkv.
— 284,XLVII feld með 16:7 atkv.
— 294,II.3 feld með 14:10 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

23.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl var frv. tekið til 3. umr. (A. 319, n. 325, 336, 345).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það eru sárfáar brtt. frá fjvn. við fyrri kafla fjárlagafrv., sem nú liggja fyrir, og get jeg því verið stuttorður.

Eins og hv. þdm. hafa sjeð, hefir fjárlagafrv. raskast allmikið við 2. umr., svo að nú er tekjuhallinn 58 þús. kr. En í frv. frá stjórnarinnar hendi var tekjuafgangur 90 þús. kr., svo að það eru um 150 þús. kr., sem gjöldin hafa hækkað í meðferð deildarinnar.

Niðurstaðan á meðferð fyrri kaflans við 2. umr. er sú, að gjöldin hafa hækkað um 44 þús. kr., og stafar það mest af því, að stærsta lækkunartill. nefndarinnar var feld. Nefndinni var ljóst, að vel gæti svona farið, og því hafði hún ekki reitt sig á þessa lækkun. Hún hafði gengið svo frá fyrri kaflanum, að hann þyldi þessa hækkun. En á síðustu stundu varð að taka upp 56 þús. kr. lið til heilsuhælis Norðurlands, og við það hefir niðurstaðan raskast allmikið. Jeg get þessa hjer af því að hæstv. forsrh. (JÞ) ljet svo um mælt við 2. umr., að till. nefndarinnar svöruðu ekki til tilgangs hennar, þar sem telja mætti víst, að þessi stærsta lækkunartillaga yrði feld.

Nú liggja enn fyrir allmiklar brtt. á frv. Hækkunartill. nefndarinnar á þessum kafla nema 53200 kr., en till. frá einstökum þm. 129500 kr. Við þetta er það að athuga, að tvær till. (frá nefndinni og einstökum þm.) falla saman, svo að samtals er hækkunin 132700 kr. Þetta er samt mikil hækkun, og þegar litið er yfir allar hækkunartill. við frv., munu þær nema um 430 þús. kr.

Nefndinni þykir leitt að þurfa að leggja frv. fram í þessari mynd, en hún hefir þó ekki viljað á þessu stigi málsins gera till. um lækkun á einstökum liðum. Hún vill sjá fyrst, hvernig þessum brtt. reiðir af, sjá hve gjöldin hækka mikið, áður en hún leggur til að fresta framkvæmdum eða fella niður einstakar fjárveitingar. Mjer mundi blöskra, ef allar þessar hækkunartill. yrðu samþ., sem hjer eru á ferðinni. Til þess að vega á móti þeim lætur nærri, að fella yrði niður sem svarar öllu framlagi til vega og viðhalds þeirra. Nú má ennfremur gera ráð fyrir einhverjum hækkunum í Ed. Það fer því að verða full ástæða til að athuga nokkuð nákvæmlega á hverju skift er. Nefndin er enn þeirrar skoðunar, að varlega beri að treysta tekjum þessa árs, en hinsvegar hækka gjöldin venjulega um 30—40%. Hjer er því mikil alvara á ferðum.

Jeg skal nú víkja að einstökum brtt. nefndarinnar við þennan kafla, en þær eru sárfáar. Um brtt. einstakra þingmanna mun jeg ekki láta uppi álit mitt fyr en þeir hafa gert grein fyrir þeim sjálfir.

Fyrst er þá brtt. III. á þskj. 336, um endurgreiðslu á láni. Jeg gat þess við 2. umr., að nefndin hefði gleymt að bera þessa till. fram þá, og skal jeg nú gera grein fyrir, hvers vegna nefndin felst á hana. Það var byrjað að byggja sjúkraskýli og læknisbústað í Þistilfjarðarhjeraði árið 1916 og lokið 1917. Kostnaðurinn var áætlaður 12 þús. kr. áður en verðhækkun stríðsáranna kom til, en varð 40 þúsund. Af þessum 12 þús. kr. voru aðeins greiddar 3000 úr ríkissjóði. Nú urðu hlutaðeigandi hreppar að taka 28 þús. króna lán vegna kostnaðaraukans. Hafa þeir síðan farið fram á að fá 7000 króna eftirgjöf af viðlagasjóðsláni, og yrði

þá tillag ríkissjóðs alls 10 þús. kr., eða ¼ kostnaðar. Nefndinni finst hjer um sanngirnismál að ræða og leggur til, að þetta sje samþykt.

Þá er brtt. V. á sama þskj., um 1200 kr. styrk til augnlæknis á Akureyri. Sú málaleitun hefir komið fram frá ýmsum mönnum á Norðurlandi, að æskilegt væri að fá einn augnlækni til að setjast að á Akureyri. Reynslan hefir sýnt, að erfitt er að sækja þessa læknishjálp hingað. Fjarlægðin gerir það að verkum, að menn kynoka sjer við að sækja hingað, draga það því of lengi og missa kannske sjónina þess vegna. Ferðir augnlækna kringum land eru þannig vaxnar, að menn hafa þeirra ekki not nema að tiltölulega litlu leyti, af því að þeir geta ekki dvalið nema svo skamma stund á hverjum stað. Því hefir þess verið farið á leit við Guðmund Guðfinnsson augnlækni, að hann settist að á Akureyri og fengi þá til yfirsóknar Norður- og Austurland. Hann mun ekki hafa tekið þessu fjarri, en gerir þó ráð fyrir, að það hefði í för með sjer tekjumissi fyrir sig, nema ríkissjóður legði fram 1200 kr. styrk og sjer væri tryggður 500 króna ferðastyrkur eins og áður, og hefði hann síðan til yfirsóknar Norður- og Austurland. Þessi læknir mun þó ekki hafa gefið fullkomið loforð um að setjast þarna að, en nefndin taldi rjett að taka styrkinn upp, því að einhver annar læknir yrði þá til þess að taka þetta að sjer. Nefndin væntir þess, að þetta verði álitið nauðsynjamál, því að aðstaða manna í þessum landshlutum til að ná í augnlækni í tæka tíð batnar að miklum mun með þessari tilhögun, og getur þetta orðið til þess að bjarga sjón margra manna. Eins og jeg tók fram, áskilur læknirinn sjer að halda sínum hluta af ferðastyrk þeim, sem hann hefir haft.

Þá flytur nefndin tillögu um rekstrarkostnað heilsuhælisins í Kristnesi, sem nemur 4000 krónum. Hæstv. atvrh. (MG) talaði um þetta við nefndina og landlækni. Má búast við því fyrst í stað, meðan verið er að koma búi á laggirnar í Kristnesi, að afurðir þess verði ekki svo miklar, að þær lækki rekstrarkostnaðinn. Nefndin hefir því fallist á að setja þessa upphæð í fjárlög.

Næst er tillaga um hækkun á framlagi til sjúkraskýla og læknisbústaða. En í þessu eru vitanlega þær 7 þúsundir, sem komnar eru tekjumegin. Í raun og veru eru það 8 þúsundir, sem ætlaðar eru til byggingar í Reykhólahjeraði. Jeg gat þess við 2. umr., að þessi bygging væri ráðgerð. Þá var mikið rætt um að fá jörðina til kaups, en landlæknir lagði á móti því. Nefndinni virtist því mundi stranda á þessu, þar sem hún hafði heldur engin sönnunargögn um það, að annar undirbúningur, t. d. fjársöfnun, væri á þann veg, að þetta gæti orðið. Nú hefir hv. þm. skrifað nefndinni um þetta og óskað þess, að tillag væri ætlað úr ríkissjóði og að minsta kosti bygt þarna eins og í ráði var. Hann hefir fengið yfirlýsingu húsameistara ríkisins um kostnaðinn og auk þess meðmæli landlæknis. Nefndinni virtist því ekki hægt að vera á móti þessu, þó að henni væri ekki fullkunnugt um, að nægileg fjársöfnun hefði farið fram í hjeraðinu. En það er vitanlega um þetta eins og aðrar slíkar tillögur, að ríkissjóður leggur ekki fram fje, fyr en málið er fullundirbúið.

Þá eru ekki eftir nema tvær tillögur frá fjvn., undir XXI. lið. Sú fyrri er við 13. gr. E. V.a, um að liðurinn orðist svo: Til nýrra vita og leiðarljósa 50 þúsund krónur. Við 2. umr. varð um þetta nokkur ágreiningur og fjvn. átalin fyrir, að hún hafði lagt til að fresta skyldi byggingu Hornvitans, og þótti hún hafa tekið óvægilega á þessum lið. Aðalástæða fjvn. fyrir þessari afstöðu sinni voru þessir nýju radiovitar. Tillaga um þá fjell, og nú hefir fjvn. viljað koma á móti sjútvn. og leggur til, að 50 þúsund krónur verði veittar til nýrra vita og leiðarljósa. Af þeirri upphæð eiga 35 þúsundir að ganga til vitabygginga, en 15 þúsundir til leiðarljósa. Að fjvn. hefir ekki farið hærra en þetta, er af því fyrst og fremst, að henni virtist málið ekki nægilega undirbúið og ekki fengin nóg reynsla fyrir hinum nýju vitum. Heldur ekki var vitamálastjóri viss um, hve kostnaðurinn yrði mikill, nje hvað víða þyrfti að byggja. Hv. sjútvn. gerði ráð fyrir þrem vitum, á Suðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi, en fjvn. áleit nóg til reynslu að hafa tvo, og væri því þessi upphæð nægileg, að minsta kosti í bráðina. Jeg vona, að hv. sjútvn. geti fallist á þessa tillögu fjvn., einkum þar sem hún miðar ekki við sömu upphæð og við 2. umr., en hefir lækkað sína tillögu niður í 60 þúsundir, því að við nánari upplýsingar kom í ljós, að þessir vitar eru ekki eins dýrir og nefndin bjóst við.

Þá kemur 2. brtt. nefndarinnar, um að niður falli liðurinn um dufl á Valhúsgrunni í 13. gr. E. V.b. Jeg býst jafnvel við, að fjvn. muni taka þessa tillögu aftur. Hún hefir fengið frekari upplýsingar um, að þessu hafi í raun og veru verið lofað í fyrra, gegn því að hjeraðið legði jafnt á móti. Jeg hefi samt ekki umboð frá nefndinni til að taka hana aftur að svo stöddu.

Þá hefi jeg ekki fleira að segja fyrir hönd fjvn. Jeg þykist ekki hafa tekið mikinn tíma, og vænti jeg þess, að svo geti orðið um fleiri, svo að sem greiðlegast gangi að ljúka þessum kafla.

Sveinn Ólafsson: Jeg á eina litla brtt. á þskj. 336, XVI, þar sem jeg fer fram á 9000 króna fjárveitingu til vegar á Hólmahálsi, þó með því skilyrði, að ¼ kostnaðar komi annarsstaðar frá. Eins og kunnugt er, er með vegalögunum frá 1924 gert ráð fyrir, að Fagradalsbraut haldi áfram til Eskifjarðar, eða með öðrum orðum, að vegurinn milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar sje þjóðvegur.

Nú er svo komið, að á þessum kafla vegarins hefir verið gert við stærsta farartálmann, þar sem Eskifjarðará hefir verið brúuð. Kaupstaðarvegurinn frá Fljótsdalshjeraði liggur til Reyðarfjarðar, og öll aðalviðskifti uppsveitanna fara fram þar. Frá Reyðarfirði til Eskifjarðar eru 15 km. og sá hluti þjóðvegarins er ólagður. Hólmaháls er erfiðasti hluti þess vegar. En með því að bæði aðallánsstofnun hjeraðsins er á Eskifirði og sýslumaður Suður-Mýlasýslu er búsettur þar, á mikill fjöldi þeirra, sem um Fagradalsbraut fara, leið til Eskifjarðar. Síðan hætt var að fara lestaferðir af Hjeraðinu, eru þessir menn ver settir en áður og verða venjulega að leigja sjer mótorbát til ferðarinnar

milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, því að ekki er nærri altaf hægt að fá hesta. Það er því talsverðum erfiðleikum bundið að ná til sýslumanns og þess, sem sækja þarf til Eskifjarðar. Leggja því búendur á þessu svæði mikið kapp á að fá sem fyrst þennan veg, svo að hægt verði að nota sömu farartækin til Eskifjarðar og frá Hjeraðinu til Reyðarfjarðar. Áhugi þeirra sýnir sig best í því, að þeir bjóðast til að leggja fram fjórða hluta kostnaðarins og losa þannig ríkissjóð við gjöldin.

Þessi litla upphæð, sem um er beðið, er aðeins brot af því, sem þarf. Jeg hefi spurt vegamálastjóra, hvað allur vegurinn muni kosta. Hann giskar á ekki minna en 100 þúsund krónur. En sú er bót í máli, að ef akfær vegur kemst yfir Hólmaháls, þá er vegurinn víðast svo greiðfær, sem eftir er, að hægt verður án mikilla erfiðismuna að aka hann með ljettu hlassi.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um þessa tillögu. Þar sem hlutaðeigendur bjóða fram 25% af kostnaðinum, ættu þeir öðrum framar að sitja fyrir slíkri fjárveitingu. Auðvitað kemur vegurinn á sínum tíma, þótt þeir leggi ekki fram fje, en með þessari fórn frá hjeraðsbúum ætti að takast að fá hann fljótlega.

Um leið og jeg ber fram þessa tillögu, vil jeg gera tilraun til að spara ekki minni upphæð á fjárlögunum. Þess vegna hefi jeg borið fram brtt. við 16. gr. fjárlagafrv., um 20 þúsund króna niðurfellingu á einum lið. Þetta liggur samt ekki fyrir til umr. nú, og tala jeg nánar um það, þegar þar að kemur.

Hjer liggur að vísu fyrir tillaga undir XVII. um færslu á þessum sama lið frá 16. gr. yfir í 13. gr. Sú tillaga er þvert ofan í mína tillögu við 16. gr., en jeg býst við, að annaðhvort fresti hv. flm. tillögunni, atkvæðagreiðslu um hana, eða taki hana aftur, og fjölyrði jeg því ekki frekar um hana að sinni.

Aðrar brtt., sem hjer liggja fyrir, læt jeg afskiftalausar. Mjer skilst, að fyrir hv. þdm. vaki að koma umr. af í dag. Jeg skal geta þess, að þó að jeg sje mótfallinn mörgum af tillögunum, er jeg yfirleitt hneigður til að styðja þær, sem lúta að hjálp við veika menn og nauðstadda, hvaðan sem komnar eru.

Jón Guðnason: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Það er að vísu tillaga, sem jeg flutti við 2. umr., í nýrri mynd. Þá tók jeg hana aftur, en ber hana nú fram á ný. Hún fer fram á, að til Vesturlandsvegar verði veittar 15 þúsund krónur, í stað 25 þúsunda við 2. umræðu. Jeg lýsti þá hinni miklu nauðsyn þessa vegar og þarf ekki að endurtaka það. Ástæðan til þess, að ekki hefir verið ráðist í þetta fyr, er meðal annars sú, að ekki er fyllilega rannsakað vegarstæðið yfir sjálfa Bröttubrekku, en eftir því, sem vegamálastjóri hefir tjáð mjer, ætlar hann mjög bráðlega að framkvæma þá rannsókn. Í öðru lagi er þessi fjárveiting ekki meiri en svo, að nóg verkefni er fyrir hana niðri í bygð, einkum ef byrjað væri að vestanverðu. Vegir þar eru í mikilli niðurlægingu og ekkert gert við þá, nema það allra óhjákvæmilegasta. Um eitt skeið fyrir nokkrum árum voru þeir naumast færir lausum hestum. Áframhald af þessum vegi liggur suður Dalina, sem

unnið var að fyrir 15 árum, en hætt við í miðri mýri. Það vakir einkum fyrir mjer, að haldið verði áfram með þennan veg, og sem sagt er þarna nóg verkefni fyrir höndum fyrst um sinn, þó að vegurinn yfir sjálfa Bröttubrekku verði látinn bíða. Þegar þess er gætt, hversu afskekt Dalasýsla er og útilokuð frá samgöngum á sjó og landi, vænti jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. þessa hóflegu fjárveitingu.

Halldór Stefánsson: Jeg vildi aðeins benda á og gera grein fyrir tveim brtt., sem jeg flyt ásamt öðrum. Sú fyrri, sem jeg flyt með hv. samþm. mínum (ÁJ), er undir VIII. tölulið á þskj. 336, um að Evu Hjálmarsdóttur verði veittar 1500 krónur, en til vara 1000 krónur, til framhaldsdvalar á heilsuhæli fyrir krampaveikt fólk í Danmörku. Málsástæður eru kunnar síðan í fyrra. Þá voru veittar 1000 krónur í þessu skyni, enda mun það hafa verið venjan, þegar líkt hefir staðið á og hjer, að um sjúkdóm er að ræða, sem ekki er hægt að leita lækninga á hjer á landi, að ríkið hafi hlaupið undir bagga. Þetta er ung stúlka, algerlega efnalaus. Sömuleiðis eru foreldrar hennar alveg efnalausir. Fósturforeldrar hennar eru nú mjög hnigin að aldri, komin á áttræðisaldur og mjög þrotin að fje og kröftum, og hafa m. a. varið kröftum sínum og fje til þess að leita þessari fósturdóttur sinni læknishjálpar.

Í vetur fyrir áramótin fór stúlka þessi til Danmerkur, í Colonial Institution hælið, og hefir dvalið þar síðan.

Til fararinnar notaði hún styrk þann, er Alþingi veitti henni í fyrra, en hann mun ekki duga henni þar lengur en misseristíma. Auk þessa styrks fjekk hún dálítið fje, sem safnað var með samskotum eystra. Mun hún því geta dvalið ca. ¾ hluta árs á hælinu fyrir það fje, sem hún hefir nú yfir að ráða.

Það er álitið, að eftir svona stuttan tíma sje ekki hægt að segja um, hvort hún getur fengið bata eða ekki, og er ófært, að hún þurfi að fara heim áður en það er fullreynt. Þess vegna er farið fram á þennan viðbótarstyrk nú.

Jeg hefi borið þetta undir landlækni og hefir hann mælt með, að stúlkunni verði veittur 1000 kr. styrkur í þetta sinn, og telur hann, að þegar sá tími verði liðinn, sem hún getur dvalið á hælinu fyrir það fje, er hún hefir nú, og þúsund krónur að auki, muni fengin full vissa fyrir því, hvort henni getur batnað þar eða ekki. Jeg vænti því, að háttv. þm. verði vel við þessari till. og samþykki hana. Það er vitanlega rjett, að þeir eru margir, sem styrks beiðast af meiri og minni nauðsyn, — um það skal jeg ekki metast eða nefna neinar sjerstakar styrkbeiðnir, — en sjaldan finst mjer jafnmikil nauðsyn að hjálpa, eins og þegar sjúklingar, fátækir og umkomulitlir, eiga í hlut.

Þá er XIII. brtt. á þskj. 336, um styrk handa mönnum til þess að fá sjer gerfilimi. Um till. þessa þarf fátt að segja, hún skýrir sig sjálf. Eins og öllum er kunnugt eru þeir margir, sem verða fyrir því óláni að missa útlimi, hönd eða fætur, og verða þá lítt færir eða ekki til vinnu. Slíkt tjón verður mönnum vitanlega aldrei bætt

að fullu, en þó best með því, að þeir geti fengið gerfilimi. Geta þeir þá unnið ýms störf, og þeir sjálfir og þjóðfjelagið á þann hátt haft betri not krafta þeirra en ella. En sem að líkindum ræður eru margir þeirra ekki svo efnum búnir, að þeir geti af eigin rammleik keypt sjer þessa gerfilimi, og til þess að bæta úr því, er farið fram á þennan styrk. Vænti jeg svo fastlega, að háttv. deildarmenn fallist á ástæðurnar fyrir þessari tillögu og samþykki þá að minsta kosti varatillöguna.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Eins og hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) mun hafa tekið fram, þá fóru fjárlögin frá 2. umr. hjer með 58 þús. kr. tekjuhalla. Hjer liggja nú fyrir á þskj. 336 80 brtt., sem yfirleitt eru til hækkunar, og ef mikið af þeim verður samþykt, þá fer tekjuhallinn að nálgast ½ miljón króna.

Jeg vil aðeins endurtaka það, sem sagt var við 2. umr. málsins, að jeg álít það alveg óhjákvæmilegt, að reynt sje að standa á móti þessum útgjaldahækkunum, og það er gott að heyra á hv. frsm. fjvn., að hv. fjvn. muni hafa hug á því. Það er að vísu svo, að það liggja fyrir hækkunartill. frá sjálfri nefndinni, en sumar þeirra, og máske þær stærstu, má segja um, að sjeu leiðrjettingar á áætlunum fjárlaganna samkvæmt upplýsingum, sem ekki hafa legið fyrir áður, svo að það er í sjálfu sjer ekki hægt að tala um það, þótt af því komi nokkur hækkun á tekjuhallanum. En mjer er sagt, að hv. fjvn. sje enn ekki búin að taka afstöðu til þess aragrúa af brtt. frá einstökum þm., sem eru á þskj. 336, og sagt er, að von sje á fleiri brtt., sem gangi í sömu átt. Vildi jeg beina þeim tilmælum til hv. nefndar, að hún, áður en nokkuð af þessum brtt. kemur til atkvæða, hjeldi fund með sjer til þess að taka afstöðu til þeirra; því ef þessu heldur áfram, að tekjuhallinn fari vaxandi eftir að sá litli tekjuafgangur, sem stjfrv. sýndi, er eyddur, þá sje jeg ekki annað en að taka verði til einhverra sjerstakra ráðstafana á seinna stigi fjárlaganna, t. d. með því að sjá fyrir nýrri tekjulöggjöf, sem þó er sannarlega ekki skemtilegt að þurfa að gera; því að jeg býst við, að mönnum þyki gjöldin til ríkissjóðs svo há, að það sje varhugavert að bæta þar við. Og það verður náttúrlega ekki annað sagt en að þau eru há, eftir því sem nú horfist á um atvinnuvegi landsmanna.

Það hefir nú orðið svo síðastliðið ár, að útfluttar vörur hafa ekki náð 50 milj. króna, og það má búast við því hvenær sem er, að þær verði ekki nema eitthvað yfir 40 miljónir króna, en þá eru tekjur til ríkissjóðs, eftir 2. gr. fjárlaganna, fram undir ¼ hluti af andvirði útfluttu vörunnar, og það er ekki æskilegt að þurfa enn að auka álögurnar, þegar svo er komið.

Hin leiðin, sem þá er um að ræða, er að ráðast á þá liði fjárlaganna, sem ekki eru lögbundnir, og færa þá niður frá því sem stjórnin hefir stungið upp á. En þó vil jeg segja yfirleitt, án þess að vilja gera einstakar tillögur að umtalsefni, að jeg sje ekki, að að fráskildum nauðsynlegum leiðrjettingum, sem hv. fjvn. hefir borið fram, sje neinar aðrar tillögur fram komnar,

sem eigi meiri rjett á sjer en þær, sem voru til verklegra framkvæmda í stjfrv. Svo að jafnvel þótt ná mætti rjettingu á fjárlögunum með því að skera niður uppástungur stjórnarinnar, þá er það mín skoðun, að fjárlögin sjeu þá verri eftir heldur en áður.

Að svo stöddu set jeg þá traust mitt til hv. fjvn., um að hún taki þessar brtt. til athugunar og gangist fyrir því að safna atkvæðamagni hjer í þessari hv. deild, til þess að ekki verði meira samþykt af þessum hækkunartillögum heldur en það, sem á skýlausan rjett á sjer að komast í fjárlögin.

Frsm. samgmn. (Klemens Jónsson): Eins og jeg gat hjer um við 2. umr. þessa máls að verða mundi, þá eru nú komnar fram tillögur samgmn. Viðvíkjandi 13. gr. C. 2. er það að segja, að samgmn. hefir nú gefið út nál. á þskj. 325, og jeg get yfir höfuð að tala látið mjer nægja að vísa til þess, sem þar er tekið fram. Jeg skal þó strax geta þess, að það er ekki rjett hermt, sem segir í nál. um Eyjafjarðarbátinn, að tillagið til hans, að því er póstflutning snertir, eigi nú að teljast á fjárlögunum, í staðinn fyrir að það hefir áður verið greitt beint úr póstsjóði. Það mun að vísu hafa verið tilætlunin, að svo væri nú, en það er víst, að til hans hafa verið veittar 14000 krónur að undanförnu, og mun ekki mega búast við, að það geti lækkað meira en um 1000 krónur, eða niður í 13000 krónur; þar af verða þá 6000 krónur greiddar úr ríkissjóði, en 7000 krónur úr póstsjóði.

Jeg skal þá fyrst viðvíkjandi þeim breytingum, sem stungið er upp á, minnast á Djúpbátinn. Þessi bátur hefir um mörg ár annast póstferðir um Ísafjarðardjúp, og eftir því sem reikningar hans bera með sjer, hefir þessi bátur borið sig hálf illa og átt í töluverðum fjárhagsvandræðum. Nú hefir almennur þing- og hjeraðsmálafundur, sem haldinn var í Vestur-Ísafjarðarsýslu á síðastliðnum vetri, farið fram á að fá þennan styrk talsvert aukinn, aðallega til þess að ljetta undir með því, að aukin viðskifti geti komist á milli Djúpmanna og Vestur-Ísfirðinga. Nefndinni hefir þess vegna þótt fullkomin ástæða til þess að hækka þennan styrk, aðallega með það fyrir augum, að báturinn færi nokkrar ferðir, ekki færri en fimm, á helstu staði í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Súgandafjörð, Önundarfjörð og Dýrafjörð, og með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í erindinu, að sýslunefnd samþykki bæði tölu ferða, áætlun og farmgjöld. Nefndin leggur því til, að þessi hækkun verði samþykt, og þó sjerstaklega hvað þessa tillögu snertir.

Hvað Flateyjarbátinn snertir, þá hefir hann að undanförnu haft 5500 króna styrk, en nefndin hefir nú lagt til, að hann verði hækkaður um 2500 krónur. Það er af þeirri ástæðu, að Breiðfirðingar hafa nú útvegað sjer bát, um 20 tonn að stærð, og ætla að hafa hann til ferða um allan Breiðafjörð; en allir, sem til þekkja, vita, að Barðstrendingar hafa sama sem enga vegi á landi, en verða að hafa allar sínar samgöngur á sjónum, og þótti nefndinni því rjett, að styrkurinn yrði hækkaður í þetta skifti um 2500 krónur. Það má kannske gera ráð fyrir því, að styrkurinn verði lækkaður síðar, þótt jeg geri ekki ráð fyrir því,

vegna þess að altaf heyrast kröfur um hækkaða styrki til samgöngubóta, svo að það er ekki vert að gera sjer of háar hugmyndir um það, að bátastyrkir yfirleitt verði lækkaðir á næstu árum.

Þá vill nefndin taka 100 krónur af Rauðasandsbátnum og leggja þær til Mýrabátsins. Það væri ástæða til að tala um, hvort þetta hefði verið gert með góðu samþykki þessara tveggja þm., hv. þm. Barð. (HK) og hv. þm. Mýr. (PÞ), sem báðir eiga sæti í nefndinni, og jeg vil þá geta þess, að það er með fullu samþykki þessara hv. þm., og hv. þm. Barð. (HK) hefir ekki átt minni þátt í því en hv. þm. Mýr. (PÞ); en þetta sýnir best það ágæta samkomulag, sem er á milli manna í nefndinni.

Hvað Lagarfljótsbátinn snertir, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að fyrir nefndinni lá erindi frá formanni bátsins og fjelagsins Freysgoða, sem sem heldur uppi ferðum bátsins um fljótið. Í þessu erindi, sem nefndinni hefir borist, segir svo, að nú sje áformað að láta bátinn ganga út eftir fljótinu, svo að þeir, sem búa með fram fljótinu, í Hróarstungu, Hjaltastaðaþinghá og Eiðaþinghá, geti haft not af honum. Þessi bátur hefir 12—14 áætlunarferðir á ári um fljótið, auk þess sem hann fer altaf eftir fljótinu þegar þörf krefur; nefndin taldi þess vegna rjett, að báturinn fengi aukinn styrk, og þar sem ekki er farið fram á meira en 200 krónur, þá get jeg hugsað, að allir telji það mjög hóflega hækkun, einkum þar sem búast má við því, að með því að fara langt út eftir fljótinu geti báturinn gert mjög mikið gagn.

Tillagið til Eyjafjarðarbátsins hefi jeg minst á áður, en þær upplýsingar, sem þá lágu fyrir nefndinni, reyndust ekki ábyggilegar, en jeg geri ráð fyrir, að þetta saki ekki, því að annar þm. Eyfirðinga, sem á sæti í Ed., er einmitt þar í fjárveitinganefnd. Með þeim góðu samgöngum, sem eru um Eyjafjörð, ættu 6000 kr. að nægja, en fyrir póstflutninginn greiðir póstsjóður auðvitað það, sem þurfa þykir, til þess að póstflutningar verði sem bestir.

Þá hefir loks borist erindi frá Austur-Skaftfellingum um alveg nýja upphæð í viðbót við það, sem áður hefir verið veitt. Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir farið fram á það, að samgmn. legði til, að 3000 kr. styrkur væri veittur til vjelbátaferða með ströndum Austur-Skaftafellssýslu auk þess, sem veitt er til Hornafjarðarbáts. Hv. þm. hefir upplýst, að mótorbátar hafi verið hafðir til flutninga frá Hornafirði í Lón, ennfremur til Papóss og víðar, og þá hefir líka verið tekið fram, að mikil þörf væri að koma á bátaferðum milli Hornafjarðar og Suðursveitar, og hafa þangað verið farnar fimm ferðir og sjö í Lón síðasta ár. Auk þess segir hv. þm., að Öræfingar hafi í hyggju að fara að slátra fje sínu heima hjá sjer og fá bát á Hornafirði til þess að sækja kjötið, ef veður leyfir, og þess vegna er beðið um svo háan styrk. Nefndin gat því miður ekki orðið við þessu að öllu leyti, heldur leggur hún til, að veittar verði 2000 krónur til bátaferða þar eystra, og að þar af gangi 600 krónur til bátaferða til Öræfinga. Jeg veit, að jeg þarf ekki að tala frekar fyrir þessari brtt., því að það er öllum kunnugt, hve erfitt er um ferðir þar eystra, bæði á sjó og

landi. Öræfingar eiga sjerstaklega erfitt með að koma af sjer afurðum sínum, og sláturfje sitt verða þeir að reka annaðhvort austur á Hornafjörð eða vestur að Vík, bæði langa og erfiða leið. Það væri þeim því miklu betra, ef þeir gætu skorið fje sitt heima hjá sjer á haustin og haft slátrin heima í bú sín, en gætu komið kjötinu sjóveg austur á Hornafjörð. Jeg vænti því fyrir hönd samgmn., að hv. deild taki vel þessari till. hennar og samþykki hana.

Eftir því sem getið er um í nál., átti raunveruleg hækkun ekki að vera hærri en 4500 krónur, en eftir því sem nú er upplýst er hún 9500 krónur, en þetta er ekki mikið, þegar tekið er tillit til þess, hve mikil þörf er á bættum samgöngum á sjó, og að hve miklu gagni þær koma.

Um aðra liði hefi jeg enga ástæðu til að fjölyrða neitt sjerstaklega. Það var ekki hægt að þoka þeim niður, þótt nefndin hefði fullan vilja til þess, og jeg get sjerstaklega sagt það fyrir nefndarinnar hönd, að henni þótti styrkurinn til Borgarnessbátsins altof hár, en það er ekki hægt að semja við neitt annað fjelag en það, sem gerir út e/s. Suðurland, svo að það getur algerlega sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar. Flestallir hinir liðirnir, sem jeg hefi ekki minst á, eru heldur smáir og flestir þeir sömu og áður, og þótt sumir þeirra hafi verið hækkaðir á síðasta þingi, þá er líka á það að líta, að það er mikið gagn að þeim. Vil jeg þar sjerstaklega nefna Hvalfjarðarbátinn; hann gerir þeim hjeruðum mikið gagn, og sú upphæð, sem til hans er veitt, er alls ekki of há. Sama er að segja um Grímseyjarbátinn, Rauðasandsbátinn, og þó einkanlega um Mýrabátinn.

Hvað viðvíkur Eyjafjarðarbátnum, þá skal jeg sjerstaklega geta þess, að nefndin vildi ekki veita hærri styrk til hans en hjer ar farið fram á, og var sú ástæða til þess meðal annars, að henni hafa ekki borist neinar skýrslur um þennan bát, en nefndin átti von á því, að það mundu koma skýrslur og upplýsingar um ferðir þessa báts og viðkomustaði og hvert gagn væri að honum. Nefndinni er nú orðið það kunnugt, að það er í fyrsta skifti á þessu ári, sem báturinn hefir notið svona mikils styrks, og þess vegna nokkur vorkunn, þó engar skýrslur hafi komið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að gera að umtalsefni tiltölulega fáar brtt. við þennan kafla, og það eru þá aðallega þær brtt., sem við koma mínu starfi sjerstaklega. Vil jeg þá byrja á IX. brtt. háttv. fjvn., til Heilsuhælisins í Kristnesi. Nefndin hefir tekið þetta upp eftir minni beiðni, og er jeg henni þakklátur fyrir. Það er vitaskuld svo, að þessi liður hlýtur að vera aðeins lausleg áætlun, því að hælið er ekki tekið til starfa, en ef ráða má eftir kostnaðinum við heilsuhælið á Vífilsstöðum, þá ætti þessi liður ekki að þurfa að verða útgjaldaliður til margra ára.

Þá er XV. og XVI. brtt. til vegagerða, frá hv. þm. Dal. (JG) og hv 1. þm. S.-M. (SvÓ). Þar sem hjer er um að ræða till., sem fer fram á fjárveitingu til nýrra vega, þá hefði jeg haft mikla löngun til að vera með henni. En eins og jeg tók fram við 2. umr.,

þá er búið að ráðstafa svo miklum peningum til vega, að jeg sje ekki fært að bæta neinu við það. Og þar sem farið hefir verið eftir áliti vegamálastjóra með framlögin til nýrra vega, og álits hans hefir verið leitað um þessa vegalagningu, þá verð jeg að telja, að hann álíti þessa vegi ekki eins nauðsynlega og þá vegi, sem teknir hafa verið upp í stjfrv.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. S.-M. um veg á Hólmahálsi er það að segja, að það er altaf góður mælikvarði á þörfina á vegum, ef hjeraðsbúar vilja leggja fram nokkurn hluta kostnaðarins. En það er tæpast hægt að sinna þessari beiðni, eins og nú er ástatt um fjárhaginn.

Þá er 17. brtt. frá hv. þm. Mýr. (PÞ). Hann vill flytja liðinn um fjárveitinguna til vegarins í Vestmannaeyjum úr 16. í 13. gr. fjárlagafrv. og færir það til, að þar eigi vegamálin heima. En þessi vegur er annars eðlis en aðrir vegir; hann er ekki fyrst og fremst samgönguvegur, heldur ræktunarvegur til þess að gera Vestmannaeyingum fært að rækta sem mest land. Þessi vegur er því alt annars eðlis en þeir vegir, sem ræðir um í 13. gr., og þess vegna sje jeg ekkert á móti því, að hafa hann í 16. gr., þar sem öll framlög til ræktunar eru sett. Hinsvegar bætir þessi vegur lítið úr samgönguþörfinni þar í eyjunum, heldur er hann svo að segja eingöngu lagður vegna ræktunarinnar.

Um brtt. hv. samgmn. hefi jeg lítið að segja, annað en að jeg get tekið undir það með nefndinni, að styrkurinn til Eyjafjarðarbátsins sje altof lágt áætlaður. En það má bæta úr því með því að greiða til hans einhverja upphæð úr póstsjóði. Þá hygg jeg, að á næsta ári megi fá kostnaðinn niður í 12 þús. kr. Þetta er fyrsta rekstrarár bátsins og þær ferðir, sem honum er ætlað að fara, eru svo margar, að það hlýtur að mega draga eitthvað úr þeim. Annars mun jeg ekkert kapp leggja á það, að þessi upphæð hækki. Það má þá koma með fjárveitingu á aukafjárlögum, ef ekki fæst samkomulag við eigendur bátsins um 12 þús. kr. En jeg vil benda á það atriði, að jeg held, að það sje ekki rjett að vera að telja upp í opinberum þingskjölum, hvernig þessum styrk til bátanna eigi að skifta. Það gerir stjórninni erfiðara fyrir með að semja við hlutaðeigandi bátaeigendur, þegar þeir hafa fengið vonarbrjef frá hv. samgmn. um ákveðnar upphæðir. En hinsvegar er hægt að binda stjórnina við ákveðin tillög, þótt það sje ekki gert í opinberum þingskjölum. En það er talsvert erfiðara að fá eigendur bátanna til þess að færa kröfur sínar niður, þegar þeir geta bent á ákveðnar fjárveitingar til sín í opinberum þingskjölum.

Þá vil jeg minnast á till. frá hv. sjútvn. og fjvn. um nýja vita. Jeg álít það rjett hjá hv. fjvn. að binda það ekki við borð, að þeir vitar, sem bygðir verða árið 1928, sjeu eingöngu radiovitar. Og ef samkomulag næðist um 50 þús. kr. fjárveitingu hv. fjvn. til vita, en nefndin fjelli hinsvegar frá till. sinni um að fella burtu dufl á Valhúsgrunni, og ef hv. sjútvn. tæki aftur till. sína, þá hygg jeg, að svo vel væri ráðið fram úr þessu máli, að allir mættu við una.

Þótt þetta verði gert, þá er samt

fjárveitingin til vitanna talsvert lægri en vera ætti. En þar sem svo erfitt er að fá tekjur ríkissjóðs til að hrökkva fyrir öllum útgjöldunum, þá verður að teljast sómasamlegt að láta sitja við 60 þús. kr. til nýrra vita. En búast má við því, að rekstrarkostnaður vitanna, sem er áætlunarupphæð, fari eitthvað talsvert fram úr áætlun, því að nýr viti, Dyrhólaeyjarvitinn, bætist við á þessu ári, og hann verður dýr í rekstri.

Hákon Kristófersson: Jeg á 2 brtt. við þennan kafla fjárl., sem nú er til umr., og þarf að segja um þær nokkur orð.

Önnur till. er undir VI og fer fram á 5000 kr. utanfararstyrk til Magnúsar Pjeturssonar bæjarlæknis. Þessi maður er öllum hv. þm. kunnur og hefir sótt um 6 þús. kr. styrk til Alþingis. Fjvn. hefir ekki tekið þessa styrkbeiðni upp, og hefir þar ekki getað ráðið annað en að hún hafi talið ríkissjóði um megn að veita þessa upphæð. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. geti gert sjer grein fyrir því, hversu nauðsynlegt það sje að hafa mann, sem hefir kynt sjer hinar ýmsu ráðstafanir nágrannaþjóðanna um sóttvarnir. Það er nú svo, að heilbrigðisstjórnin á oft örðuga aðstöðu með sóttvarnirnar, því að aðrar þjóðir hafa talsvert aðhald með eftirliti hennar, og eins og við er að búast hafa ýmsar sóttvarnarráðstafanir sætt misjöfnum dómum og um þær verið deilt. Þegar um takmarkanir er að ræða á einhverju sviði, verða þeir, sem fyrir þeim verða, oft harla óánægðir yfir þeim. En þeir, sem hugsa fyrst og fremst um alþjóðarheill, kunna slíkum ráðstöfunum yfirleitt vel. Jeg vil nú, með leyfi hæstv. forseta, taka fram nokkur atriði úr umsókn þessari:

„Tilgangur minn með utanförinni er fyrst og fremst sá, að kynna mjer rækilega breytingar þær, sem orðið hafa á berklavörnum annara landa hin síðari árin, og á hvern hátt vjer gætum notfært oss þær breytingar hjer. Í þessu skyni þyrfti jeg að fara um Norðurlönd, einkum Noreg og Svíþjóð, en þó allra helst til Englands, Frakklands og, síðast en ekki síst, Þýskalands. Í hinu síðastnefnda landi hefir mikið verið unnið að berklavörnum hin síðari árin, vegna þess að sú veiki hafði mjög magnast þar ófriðarárin. Hygg jeg því vafalaust, að af þjóðverjum mundum vjer margt geta lært oss til gagns í þessum efnum. Og ekki þurfa það að vera miklar endurbætur á hinum dýru berklavörnum hjer á landi, sem ekki margborguðu þessa för mína til ofannefndra landa.

Þá er og annað, er jeg vildi sem best kynna mjer, en það eru millilandasóttvarnir og fyrirkomulag þeirra. Núgildandi lög um það efni eru 25 ára gömul, og þó þau væru hin mesta fyrirmynd á sínum tíma, þá gefur að skilja, að þau muni ekki enn að öllu leyti vera samræm kröfum tímans. Enda er öllum kunnugt, að heilbrigðisstjórnin hefir oft átt örðugt um vik í þessum efnum, og þá komið fyrir, að farið hefir verið eftir öðru meira en sjerþekkingu og rjettri fyrirhyggju".

Þessi orð umsækjanda verða háttv. þm. að leggja á metaskálarnar, þegar

meta skal, hvort þessum styrk sje vel eða illa varið. Jeg verð að leggja áherslu á það, að undirstaðan undir öryggi þjóðfjelagsins liggur fyrst og fremst í því, að heilbrigðisráðstafanir okkar sjeu í samræmi við slíkar ráðstafanir annara þjóða. En þar sem heilbrigðisráðstafanir okkar styðjast við 25 ára gamla löggjöf, þá gefur það að skilja, að þeim muni vera allmikið áfátt að því leyti. Landlæknir mælir fastlega með þessari umsókn og skorar á Alþingi að taka hana til greina, gegn því að viðkomandi sendi á eftir heilbrigðisstjórninni ítarlega skýrslu um árangurinn af för sinni.

Jeg veit, að okkur öllum á að vera það kappsmál að gæta alls sparnaðar, en það getur samt orkað tvímælis, hvað sje í raun og veru sparnaður. Það er t. d. enginn sparnaður fyrir mann, sem getur veitt sjer föt og fæði, að láta það undir höfuð leggjast, en leggja þá peninga, sem hann ætti að nota til þess, inn í bankabók, og stofna með því heilsu sinni í voða. Það er enginn sparnaður fyrir þjóðina að gæta ekki nauðsynlegra heilbrigðisráðstafana. Í þessu sambandi má geta þess, að þessi maður hefir aldrei notið styrks af opinberu fje til utanfara svo sem allflestir aðrir læknar, og hefir hann þó verið embættismaður ríkisins í 17 ár. Það hefir orkað tvímælis um ýmsar ráðstafanir heilbrigðisstjórnarinnar og ekki síst um þær, sem hún gerði í vetur, enda þótt jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert við þær að athuga. En þess ber að gæta, að til þess að taka ákvörðun um, hvort skip megi koma að landi eða ekki, til þess þarf heilbrigðisstjórnin að styðjast við færa menn, sem þekkja út í æsar heilbrigðisreglur annara þjóða. (**PO**: Hún getur stuðst við álit landlæknis). En ef landlæknir liti svo á, að sitt álit væri einhlítt, hvernig gæti hann þá mælt með þessari umsókn með þeim ummælum, sem hann viðhefur?

Svo endar umsækjandi mál sitt með þessum ummælum:

„En Alþingis er það að sýna með undirtektum sínum undir þessa málaleitun, hvort jeg á mínum embættisárum hefi til þess unnið, að mjer verði það traust sýnt að styrkja mig til áðurnefndrar farar í þágu hins íslenska ríkis."

Jeg þykist mega eiga það víst, að gagnvart þessari beiðni komi ekki fram neinar væringar seinni ára. Slíkt ætti ekki að eiga sjer stað við atkvgr. um þessa till. Jeg flyt hana ekki af neinum persónulegum hlýleika til þessa manns. Jeg lít aðeins á það öryggi, sem er í því fólgið að eiga einhvern mann á þessu sviði, sem megi telja fullkomlega færan um það að ráða heilbrigðisstjórninni til að taka þær ákvarðanir í sóttvarnarráðstöfunum, sem telja mætti í samræmi við slíkar ráðstafanir annara þjóða og jafnframt heillavænlegar fyrir okkar land og þjóð.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa till., en það mun sýna sig, hvort deildin lítur svo á, að þetta sje þess virði, að það sje stutt í eitt skifti fyrir öll. Jeg legg svo þetta mál á vald hv. deildar. Jeg verð þó að taka það fram, að jeg álít, að það hefði mikla þýðingu fyrir afdrif þessa máls, hvernig hæstv. heilbrigðismálaráðh. (MG) lítur á það. Hann hefir enn ekki getað látið álit sitt í ljós um það, en hefði hann eitthvað sjerstakt við það að athuga, gæti það mjög

verið deildinni til leiðbeiningar um hvaða úrskurð hún ætti að fella í því. Jeg leyfi mjer að vænta hinna bestu undirtekta í þessari hv. deild undir þessa till., og það verð jeg að segja, að mjer finst hún eiga miklu meiri rjett á sjer heldur en ýmsar till. til útgjaldaauka, sem ýmist eru komnar inn í fjárlagafrv. eða liggja fyrir til umr.

Þá á jeg aðra brtt. undir X. á þskj. 336. Það er 1500 kr. styrkur til kvenfjelagsins „Gleym mjer ei" í Flatey. Þessi brtt. er svipaðs efnis og sú, sem jeg flutti við 2. umr., en tók aftur af ástæðum, sem jeg þá tilgreindi. Till. fer fram á að veita þessu kvenfjelagi þennan styrk til þess að reisa sjúkraskýli í sambandi við læknisbústaðinn. Jeg hefi farið mjög hóflega í sakirnar, ætlast aðeins til að veittur verði þriðjungur kostnaðarins við að reisa þetta skýli, eins og hann hefir verið áætlaður. Þegar jeg mintist á þessa till. við 2. umr. gat jeg þess, að kvenfjelagið hefði safnað 3 þús. kr., en að kostnaðaráætlunin næmi 6500 kr. En vegna þess að jeg þekki sparnaðarviðleitni hv. þm. gagnvart þeim tillögum, sem fara í þá átt að vernda líf og heilsu einstaklinganna í hinum fámennari hjeruðum, þá stilti jeg þessu þannig í hóf. Jeg skírskota til tillagna, sem eru líks eðlis og þessi og samþyktar hafa verið, í von um að hv. deild muni einnig ganga með þessari till. En skyldi svo ekki reynast, þá er ekkert við því að segja. Hver þm. verður að gera það upp við sjálfan sig, hvort hann gengur með henni eða móti. En gangi þeir á móti henni, þá verð jeg að segja það, að mjer finst samræmið í þessu efni vera farið allmikið að haggast.

Jeg á svo ekki fleiri brtt. við þennan kafla fjárl. Og eins og jeg tók fram áðan, þá fel jeg hv. deild þessar brtt. mínar til síðustu úrlausnar.

Um hinar ýmsu till. hv. þm. ætla jeg ekkert að segja. Jeg finn enga ástæðu til að lengja umr. með því að fara út í þær. Að vísu orka sumar tvímælis, en jeg býst ekki við, að neinar þeirra sjeu fluttar af öðru en því, að viðkomendur sjái þörfina á því, að þær fengju framgang.

Pjetur Þórðarson: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárl., og hafa 2 hv. þm., hv. 1. þm. S.-M. og hæstv. atvrh., gert hana að umtalsefni. Till. er af mjer flutt til þess að bæta úr formgalla, er jeg hugði vera á þessu atriði, en er engin efnisbreyting á fjárl.frv. Jeg skal kannast við það, eftir það sem hæstv. atvrh. hefir skýrt frá, og jeg get búist við að hafi verið skýrt við meðferð fjárl.frv. í fyrra, að þessi till. eigi ekki heima í þeirri grein fjárl., sem hljóðar um samgöngubætur. En mjer hefði þá fundist rjettara að hafa lengri fyrirsögn um það, til hvers þessi fjárframlög ættu að vera. Mjer þykir annars einkennilegt, að opinberum styrk til ræktunarfyrirtækis skuli vera þannig háttað, að ár eftir ár skuli vera leitað styrks svo tugum þúsunda nemi til þess að geta byrjað að hafa not af einhverju ræktunarsvæði þarna í eyjunum. Jeg skal nú ekkert um það segja, hvort sanngjarnt er að veita fje á þennan hátt og þótt svona standi á. Það var í raun og veru

ekki hugsun mín að gera ágreining út af því, þótt hjer væri annað og meira lagt í sölurnar en gerist og gengur. Og vegna þess hefi jeg ákveðið að taka till. aftur, og að jeg geri það, er af því, að fram er komin önnur till. um þennan sama lið, sem jeg felli mig betur við en mína till.

Jakob Möller: Jeg þarf að gera grein fyrir fjórum brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. — 1. brtt. er undir lið IV á þskj. 336 og er flutt af fjhn. Er þar farið fram á 1000 kr. hækkun á gjöldunum til ríkisfjehirðis. Svo er ástatt, að ríkisfjehirðir hefir sent nefndinni erindi um hækkun á launum sínum, og hefir nefndin fallist á, að sú umsókn væri á rökum bygð. Hann bar saman störf ríkisfjehirðis og störf gjaldkera Landsbankans, og verður því ekki neitað, að munurinn er allmikill. Því að störf ríkisfjehirðis eru orðin mjög margbrotin og vandasöm og að sumu leyti enn ábyrgðarmeiri en störf bankagjaldkerans. Nefndin treysti sjer þó ekki, þar sem endurskoðun launalaganna á að fara fram á næsta þingi, til þess að gera nú breytingar á föstum launum ríkisfjehirðis, en kom aftur á móti saman um að leggja til, að mistalningarfje hans yrði hækkað um 1000 kr. Það er nú ákveðið þannig, að það skuli vera alt að 1000 kr. En ákvæði þetta er mjög gamalt og er orðið á eftir tímanum, þar sem fjárveltan í höndum ríkisfjehirðis er miklu meiri en áður, og mistalningarfjeð þar af leiðandi að sjálfsögðu orðið of lítið. Nefndin vill því hækka það um 1000 kr., þannig að það verði 2000 kr. Það nær þó ekki ½ af þúsundi fyrir því. En jafnframt vill nefndin taka það fram, að óhjákvæmilegt sje að bæta kjör hans, er lögin koma til athugunar. Sjerstaklega vill hún vekja athygli á því, að þegar ríkisfjehirðir tók að sjer þetta starf, þá fór hann frá starfi í Landsbankanum, sem var þá reyndar miður launað en þetta starf, en enginn vafi er á því, að hefði hann verið þar kyr, þá hefði hann nú betri laun en hann hefir sem ríkisfjehirðir. Hann á því töluvert sterka kröfu á því, að honum sje sýnd sanngirni í þessu, og það jafnvel umfram aðra. Nefndin væntir þess, að hv. deild samþykki hækkunina á þessum lið, og vill skjóta því til stjórnarinnar, að hækkunin er í þessu skyni gerð.

Undir liðnum XII á sama þskj. á jeg tvær brtt. Sú fyrri er um það að veita Halldóri Briem fyrv. aðstoðarbókaverði styrk til þess að leita sjer lækninga við augnveiki. Jeg þarf ekki að gera háttv. þdm. grein fyrir því, hver maðurinn er, enda býst jeg við, að þeir þekki hann. Hann hefir lengi verið starfsmaður ríkisins og við lítil laun. Þarf því ekki að vænta, að hann hafi efni aflögu til slíkra hluta. En nú er svo komið um sjón hans, að hann getur ekki lengur lesið á bók og tæpast farið sinna ferða. En sjóndepran er þannig, að því er augnlæknir segir í vottorði, er fylgir erindi Halldórs, að hann getur ekki fengið bót á henni hjer, en telur þó líklegt, að bót fáist erlendis. Styrkveiting þessi hefir þá þýðingu fyrir umsækjanda, að það veltur á því, hvort hann missir sjónina eða fær hana bætta og heldur henni. Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að tala lengur um þetta, en geri ráð fyrir, að háttv. þdm. sjeu svo sanngjarnir

að veita þessa upphæð, enda hefi jeg gert grein fyrir, hvaða ástæður eru til þess.

Síðari brtt. undir þessum lið er um 1500 kr. styrk til Steindórs Gunnarssonar til útgáfu bókarinnar „Barnið". Hann gaf þá bók út á síðastliðnu ári eftir tilmælum lækna, landlæknis og annara. Bókin er handbók fyrir mæður, leiðbeiningar um það, hvernig fara eigi með ungbörn. En vegna þess, hvað prentkostnaður var mikill, gat bókin ekki kostað minna en 8 kr., og fylgir vottorð bóksala um það. En það verð er of hátt til þess, að bókin geti komist í hendur almennings, og hefir því útgefandi orðið við tilmælum ýmsra lækna, sjerstaklega landlæknis, að selja hana með lægra verði í von um styrk frá hinu opinbera. Eindregin meðmæli fylgja erindi þessu frá landlækni. Einnig lætur útgefandi þess getið í umsókninni, að hann hafi talað um þetta við hinn látna forsrh. (JM), og hafði hann gefið honum loforð um að mæla með þessum styrk. Í því trausti var verð bókarinnar sett kr. 5,50, og er það svo lágt, að skaði verður af útgáfunni, ef styrkurinn fæst ekki. Bókin hefir hlotið góð ummæli lækna þeirra, er um hana hafa ritað, og hefir landlæknir notað hana við kenslu í ljósmæðraskólanum. Útgáfa þessarar bókar er mjög nauðsynleg, og væri meira gerandi til þess, að hún kæmist inn á hvert heimili og að hver móðir ætti kost á að eignast hana. Slíkar bækur ætti eiginlega að gefa út og útbýta ókeypis.

Þá kem jeg að síðustu brtt. við þennan kafla, sem jeg hefi tekið að mjer að flytja, og stendur hún undir tölulið XIX. Er þar farið fram á að veita Oddi Valentínussyni hafnsögumanni í Stykkishólmi styrk til þess að kaupa mótorbát til hafnsöguferða. Eins og alment er kunnugt er sjerstaklega ástatt fyrir þeim manni, sem hefir hafnsögu á Breiðafirði, þar sem hann situr í Stykkishólmi, en verður oft að fara langt út í fjörð, vestur undir Látrabjarg og eins langt hinum megin, eða þá kannske inst inn í Hvammsfjörð, Gilsfjörð og fleiri firði. Þetta er svo mikið ferðalag og sjóvolk, að það er ekki saman berandi við neina aðra hafnsögumenn á landinu. Hafnsögumaðurinn þar hefir orðið að láta sjer nægja með segl- og árabát. En það er bæði hættulegt og erfitt oft að fá menn í slíkar ferðir, enda er auðsætt, að þetta fyrirkomulag er ekki gerlegt. Honum er því nauðsyn á að fá sjer vjelbát, en það getur hann ekki nema hann fái styrk. Er gert ráð fyrir, að sá styrkur verði 1500 kr. frá ríkissjóði, gegn því að hafnarsjóður Stykkishólms veiti 500 kr. Jeg vænti þess, að háttv. þdm. sýni þessari tillögu sanngirni og sjái nauðsyn hennar.

Björn Líndal: Jeg á ásamt öðrum þm. (ÁÁ) eina brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. Er hana að finna undir tölulið II, um lækkun skólagjalda um þriðjung. Þau voru fyrst innleidd á fjárlögum 1923, og var þá gert ráð fyrir, að þau mundu nema um 5000 kr., en sú upphæð varð þá nokkru hærri. Árið 1924 voru skólagjöldin áætluð 3000 kr., en urðu 15460 kr. Árið 1925 voru þau áætluð 20000 kr., en urðu 26085 kr. Og síðasta ár voru þau líka áætluð 20000 kr. Eins og

kunnugt er hafa skólagjöldin verið bygð á þeirri skoðun, að þeim mönnum, sem hefðu þá góðu aðstöðu að búa í því sama kauptúni, sem skólinn var í, væri enginn órjettur gerður, þótt tekin væru af þeim nokkur skólagjöld, því að þeim yrði samt sem áður ljettara að menta börn sín en þeim, sem þyrftu að senda þau kannske langar leiðir á skóla. Það gat nú verið nokkuð til í þessu. En það er líka hinsvegar kunnugt, að það er mörgum erfitt að kosta börn sín til náms, jafnvel þótt þeir búi nálægt skólunum, þegar þeir verða að borga þessi gjöld. Auðvitað er heimilt að gefa eftir þessi gjöld, ef um fátæka, efnilega námsmenn er að ræða, en það hefir verið gengið skemra í því en ætlast var til af þinginu. Það sjest best á samanburði á þeim fjárhæðum, sem áætlaðar hafa verið og innheimtar hafa verið. Í upphafi var lágmark skólagjaldsins ákveðið 100 kr. Þannig var það 1923—'24, en 1925 var það hækkað upp í 150 kr. En jafnframt verður að gæta þess, að peningarnir hafa hækkað frá því, sem þá var, og lækkunin, sem hjer er farið fram á, nemur ekki meiru en einmitt þeirri hækkun. Þá verður og að líta á það, að þeir menn, sem borga hjer skatta og skyldur til almennra þarfa, borga jafnframt svo mikið til kenslumála ríkisins, að ekki virðist rjett að láta þá auk þess gjalda sjerstaklega fyrir kenslu sinna eigin barna í opinberum skólum. — Þá hefir skólagjöldunum einnig verið talið það til gildis, að þau drægju nokkuð úr því, að skólarnir fyltust af nemöndum, sem ekkert erindi hafa þangað námsins vegna, heldur aðeins til þess, að þeim verði forðað frá solli og göturápi. Vitanlega getur þetta þó komið mörgum ungling að góðu gagni, þótt jeg játi, að fyrir það sje of mikið gefið, ef það tefur fyrir námi þeirra, sem nema kunna. Jeg vona, að hv. þdm. sýni þessari till. okkar sanngirni. Einnig vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að hún verði eftirgefanlegri að því er snertir skólagjöldin en hún hingað til hefir verið og fari frekar eftir till. kennara í því efni hjer eftir en hingað til.

Jeg vil láta þess getið, að jeg flutti við 2. umr. till. um styrk til augnlæknis á Akureyri, en tók hana aftur, af því að fjvn. var fús á að taka hana upp, þó með annari fjárhæð en jeg hafði sett og auk þess athugasemd um ferðastyrk. Jeg vil eindregið mæla með þessari fjárveitingu og jafnframt leyfa mjer að benda á það, auk þess sem hv. frsm. (ÞórJ) tók fram, að Akureyri hefir ekki fengið styrk til aukalæknis í nærfelt 20 ár. Hefir mikil fjárhæð sparast ríkinu með þessu. Akureyri hefir átt og á ennþá fullan rjett á að fá þennan styrk og hann ekki minni en þann, sem Ísafjörður fær til slíkra hluta. Jeg get staðfest það, sem hv. frsm. (ÞórJ) tók fram, að það eru dæmi þess, að menn hafi orðið blindir norðanlands síðustu árin sakir þess, hve erfitt var að ná í augnlækni í tíma. Ef þessi litla fjárhæð verður veitt, sparar hún áreiðanlega mörgum augnveikum Norðlendingum mikið fje og fyrirhöfn, því að hvorki er altaf auðgert nje ódýrt að leita sjer lækninga hingað til Reykjavíkur. Og þessi litli styrkur mun áreiðanlega verða einnig til þess að bjarga sjón ýmsra manna, sem annars mundu

missa hana, sakir þess að þeir ættu ekki kost á að ná til augnlæknis í tækan tíma.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg á aðeins eina brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., og er hún um það, að skólagjöldin falli niður. Hv. þm. Ak. (BL) hefir ásamt hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) komið fram með aðra brtt. um að lækka þau. En jeg skoða þau alls ekki sem sómasamlegan tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það er gömul venja, að skólarnir eigi að vera frískólar, og virðist ekki nauðsynlegt að breyta því. Með því að koma á skólagjöldum eins og nú er gert, með athugasemdum í fjárlögum, er farið inn á hála braut, í fyrsta lagi af því, að þá er gerður greinarmunur á utan- og innanbæjarmönnum. Er sá greinarmunur fjarri sanni, þar sem menn, er búa t. d. úti á Seltjarnarnesi eða Skildinganesi, geta sloppið við að greiða skólagjaldið, en aftur á móti þeir, sem búa rjett innan við takmörk bæjarlandsins, verða að greiða það. Þar að auki geta utanbæjarnemendur haft miklu betri efnalega aðstöðu. Í öðru lagi eru námfúsir unglingar með skólagjaldi þessu látnir gjalda fátæktar foreldra sinna, því að þótt það sje nú ekki hærra en þetta, 100—150 kr., þá eiga þó margir erfitt með að standa straum af því að borga það ár frá ári. Auk þess er mörgum mun örðugra að leggja alt þetta fje fram í einu í byrjun vetrar, eins og nú verður að gera. Háttv. þm. Ak. gat þess, að skólagjaldið mundi takmarka aðsóknina að skólunum. Mjer finst nú, að ef á að takmarka aðsóknina, þá eigi að gera það á annan hátt en að miða við efni manna, svo að þeir einir útilokist, sem eiga fátæka foreldra. Annars er engin ástæða til að takmarka aðsóknina að skólunum hjer, því að æskilegast væri, að sem flestir gætu sótt skóla. Þetta skólagjald kemur enn ver niður á þá, sem eiga fleiri en eitt barn í skóla, kannske tvö eða þrjú, og er þetta þá gífurlegur skattur. Mjer finst, að þingið eigi að fylgja hjer sömu stefnu og áður um það að hafa skólana opna, þannig að hver gáfaður hæfileikamaður geti stundað nám sitt, án þess að lagður sje á hann skattur þess vegna. Jeg vænti svo þess, að háttv. deild taki vel þessari till. um að fella niður skólagjöldin, en þau eru nú við þessa skóla: mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, kennaraskólann, stýrimannaskólann, vjelstjóraskólann og Flensborgarskólann.

Jeg vil við þetta tækifæri beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh., hvort hann hafi gert þá rannsókn, er hann lofaði, er vantraustið var til umræðu, viðvíkjandi því, hvort undanþáguleyfin fyrir vjelstjóra hafi verið greidd hærra verði en löglegt var. Eftir gildandi lögum kosta þau 10 kr., en menn þeir, sem um þetta eiga að sjá fyrir hið opinbera, hafa tekið 50 kr. Hæstv. ráðh. (MG) hefir nú haft nægan tíma til þess að afla sjer upplýsinga um þetta og koma með skýrslu um það. (**Atvrh. MG:** Upplýsingarnar koma jafnskjótt og nöfnin verða upp gefin). Jeg hefi áður skýrt frá því, að menn þessir eru Gísli Jónsson vjelstjóri og Ólafur Sveinsson vjelfræðingur. Jeg vil benda á, að það er mjög einkennilegt, ef hæstv. ráðh. neitar að gefa skýrslu um það, hvort meiri gjöld eru tekin en lög standa til, og

yfir tekur þar sem þessi gjöld renna þá ekki nema að litlu leyti til ríkissjóðs, heldur til einstakra manna.

Þá vil jeg minnast hjer á annað atriði, sem er brtt. sjútvn. við fjárlagafrv. Frsm. hennar hefir nú enn ekki tekið til máls, en jeg vil þó ekki eiga það á hættu, að því sje ekki svarað, sem hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði. Hann gat þess, að fram væri komin frá fjvn. brtt. um vitamálin, þar sem lagt er til, að til nýrra vita og leiðarljósa verði veittar 50 þús. kr., en af því mun verða ætlað 15 þús. kr. til leiðarljósa. Jeg verð að segja, að hjer er of skamt farið og ekki svipað því, sem jeg get fallist á. Þessi upphæð verður algerlega ónóg til þess að byggja 3 vita, því að hún mátti ekki minni vera en 60 þús. kr., eins og sjútvn. leggur til. Hv. frsm. gat þess líka, að nefndin mundi ekki telja það að sök, þó að farið yrði fram úr upphæðinni. En þar til er því að svara, að vafalaust er, að fram úr þessari upphæð verður að fara, ef byggja á þessa 3 vita, sem um er talað, og jafnvel þótt þeir verði ekki nema tveir. Það er rjettast að setja hina rjettu upphæð í fjárlögin, en ekki að vera að reyna að hafa hana lægri aðeins á pappírnum. Auk þess skal jeg geta þess, að með því að koma upp þessum 3 vitum, á Vesturlandi, Suðurlandi og Austurlandi, er mikið fengið, og líkindi til þess, að þeir geti komið að fullu gagni fyrir skipin. En með tveim vitum verður árangurinn töluvert minni. Vitarnir á Suður- og Austurlandi eiga aðallega að vera landtökuvitar og auk þess til fiskiveiða, en vitinn á Vesturlandi á aðallega að vera fyrir fiskiveiðar, og þá sjerstaklega á „Halanum". — Jeg get ekki fallist á það, að stjórninni sje falið að ráðstafa þessu fje, án þess að ákveðið sje, að það gangi til radiovita, og líkar mjer því ekki orðalagið á till. fjvn.

Þess ber að geta, að í raun og veru er of skamt farið hjá sjútvn. í þessu efni. Eftir fjárlagafrv. eru tekjur af vitamálunum áætlaðar 300 þús. kr., en þótt teknar sjeu af þeirri upphæð þessar vitbótar 60 þús. kr., sem sjútvn. leggur til, verður samt ríflegur tekjuafgangur, þegar Hornstrandavitinn er niður feldur. En upphaflega var ekki til þess ætlast, að afgangur yrði af vitagjöldunum, heldur yrði það fje, sem þannig fengist, eingöngu notað til vitamálanna.

Jörundur Brynjólfsson: Það mun ekki vera vinsælt að mæla með till. til útgjaldaauka, að þessu sinni. Jeg flyt heldur ekki nema tvær brtt., og eru þær báðar við þennan kafla fjárlagafrv., sem nú er til umr. Það er þá fyrst till. um að veita Símoni Jónssyni 1000 kr. styrk, til þess að leita sjer lækninga á heilsuhæli erlendis. Sjúkdómi þessa manns er þannig háttað, að hann verður að geta dvalið á sjúkrahúsi, ef nokkur von á að vera um bata. — En kostnaðinn við veru sína þar getur hann ekki greitt af eigin rammleik. Efnahagur hans er nú svo þröngur, að hann getur ekki lengur staðið straum af sínu eigin heimili. Þessi maður hefir nú um hríð dvalið á heilsuhæli, og gefa læknar þar honum góða von um bata, ef hann getur verið kyr á hælinu, en það er honum algerlega ókleyft af eigin rammleik, eins og jeg sagði áðan,

Jeg hefi því ekki sjeð önnur úrræði en að leita til hins háa Alþingis um styrk. — Að vísu mundi það erfitt fyrir þingið að sinna þeim öllum, sem til þess kynnu að leita í þessum erindum, en þó er öðru máli að gegna, þegar alveg sjerstaklega stendur á. — Þessi maður er alveg sjerstakur atorkumaður, um það get jeg vitnað, og háttv. samþm. minn (MT) og fleiri, sem til hans þekkja, vita það vel. Og verði hann sökum fjárskorts að fara af hælinu og hverfa heim má segja, að batavon hans sje úti. Þessi litli fjárstyrkur er aðeins ætlaður til hælisdvalar. Jeg vona, að góðir menn sjái um heimili hans á meðan. Jeg verð að segja það, að það tæki mig mjög sárt, ef Alþingi sæi sjer ekki fært að sinna þessari styrkbeiðni og vísaði þeim manni frá sem óverðugum, sem leitar nú loks hjálpar eftir langt og mikið starf, þegar kraftarnir hafa þrotið. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að með því að veita þennan styrk er ekki skapað neitt nýtt fordæmi. Slíkir styrkir hafa verið veittir áður, og mun þörfin tæplega nokkru sinni hafa verið eins brýn eins og hún er í þessu tilfelli. Stundum hafa meira að segja verið veittir styrkir til hálaunaðra embættismanna til stuttrar dvalar erlendis, og þeir þó haldið embætti sínu og ekki haft mikinn kostnað af því, á meðan þeir dvöldu erlendis. En sumir svona styrkir hafa auðvitað verið veittir án þess jeg láti mjer detta í hug, að ekki hafi verið full þörf fyrir þá. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þessa till. mína, en treysti á drengskap allra hv. þm., að þeir taki þessari styrkbeiðni vel, og jeg er þess fullviss, að ef þessi maður fær heilsuna aftur, mun hann margendurgreiða þjóð sinni styrkinn.

Þá á jeg aðra till. við 12. gr., um að hækka styrk til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs úr 2200 kr., sem hann er í fjárlagafrv., og upp í 2400 kr. Hæstv. stjórn hefir fært styrkinn niður um 200 kr., en jeg tel, að full þörf hefði verið á, að hann fengi að haldast óbreyttur. Þessi maður á nú við svo þröngan kost að búa, að hann hefir orðið að segja upp húsnæði því, er hann hafði, og selja af áhöldum sínum. Jeg sje, að fram eru komnar brtt. um styrk handa þeim, sem þurfa umbúðir, og það sýnir, að það er full þörf fyrir, að þessari sýslan verði haldið uppi. Jeg held því, að það hefði verið rjettara að gera manninum betur kleyft að stunda iðn sína, sem svo mikil þörf er fyrir hjer, en hinsvegar er enginn gróðavegur, heldur en að sneiða af þessum styrk, sem þegar áður var af skornum skamti. Jeg vænti, að hv. deild samþ. þessa till. Það er aðeins 200 kr. hækkun, sem farið er fram á, svo að hann geti notið sama styrks og hann hafði áður.

Einstakar brtt. annara hv. þm. ætla jeg ekki að gera að umtalsefni að þessu sinni.

Ólafur Thors: Við 2. umr. fjárl. flutti sjútvn. till. um 75 þús. kr. fjárveitingu til þess að reisa 3 radiovita. Nefndin hafði þá falið mjer framsögu málsins og enda enn, þótt hv. samnefndarmaður minn, 4. þm. Reykv. (HjV), hafi nú tekið að nokkru leyti af mjer ómakið, raunar að óþörfu.

Við fyrri umr. málsins færði jeg

rök fyrir till. nefndarinnar. Jeg skal ekki endurtaka þau, aðeins minna á, að menningarþjóðirnar keppast nú um að reisa radiovita, vegna þess að þeir eru nú af sjerfræðingum taldir sjófarendum ómissandi öryggi, — stærsta framfarasporið, sem nokkurntíma hefir verið stigið á þeirri braut, svo traustur leiðarvísir, að jafngildir í þoku og dimmviðri ljósvitum í heiðskíru veðri.

Jeg skýrði frá því, að vitar þessir væru nú orðnir það fullkomnir, að ólíklegt þætti, að mikil breyting yrði á þeim frá því, sem nú er. Enda er það nú brennandi áhugamál vitamálastjóra að umlykja sem allra fyrst strendur landsins með radiogeislum. Til þess þarf 14 vita, er kosta samtals um 300 þús. kr., en rekstrarkostnaður þeirra er hverfandi lítill. Þegar sjútvn. flutti till. sína við 2. umr. fjárl., gekk hún þess ekki dulin, að slíkt fjárframlag mundi sæta mótspyrnu. En nefndin átti sjer málsbætur. — Í fyrsta lagi þær, að óviðfeldið er, að við Íslendingar, sem byggjum eyland og lifum að miklu leyti á sjávarútvegi, gerum vitamálin að tekjulind, en til þess var þó ætlast samkv. fjárlagafrv. hæstv. stjórnar. Þar er vitagjaldið áætlað kr. 300 þús., en útgjöld vegna vitamála 244 þús., og var þá tekjuafgangur 56 þús. En þar við bættist svo, að háttv. fjvn. hafði lagt til, að niður fjelli fjárveiting að upphæð 70 þús. kr., er ætluð var til þess að reisa Hornvitann.

Að vísu fór þessi háttv. nefnd jafnframt fram á það að hækka fjárveitingu til leiðarljósa um 5 þús. kr., svo að samkv. till. hennar nam sparnaður á vitamálunum 65 þús. í viðbót við þær 56 þús., sem hæstv. stjórn hafði ætlað að láta ríkissjóð hagnast á vitamálunum á næsta ári. Nam tekjuafgangurinn þannig 120. þús. kr.

Loks vænti nefndin þess, að hin ríka nauðsyn þessa máls væri hv. þdm. svo ljós, að í því mundi liggja sæmileg trygging þess, að till. nefndarinnar yrði samþykt.

Háttv. þdm. er nú í fersku minni hvernig leikar fóru. Till. sjútvn. var feld með jöfnum atkv. Jeg læt ósagt, hvernig fara mundi að þessu sinni, ef sjútvn. hefði treyst á að neyta aflsmunar. Tel þó ekki ólíklegt, að nefndin mundi hafa haft sitt mál fram, þótt hún hefði flutt till. um svipaða fjárveitingu og við 2. umr. En nefndin ákvað strax að tefla ekki á fremsta hlunn um það, heldur leita samvinnu við hv. fjvn., enda höfðu sumir hv. fjvn.menn talað líklega um málið. Sjútvn. hefir því lækkað upphæðina að verulegum mun, svo að hún fer nú aðeins fram á 60 þús. kr. til að reisa fyrir radiovita, og hafði þá vænst, að hv. fjvn. ljeti sjer það lynda.

Jeg þarf því eigi að lýsa vonbrigðum sjútvn., er hún sá till. hv. fjvn. á þskj. 336, er fer fram á, að veittar verði 50 þús. kr. til leiðarljósa og vita. Í fljótu bragði sýnist till. þessi ekki mjög ólík till. sjútvn., en við nánari athugun sjest þó strax, að þessum 50 þús. kr. er ætlað að koma í stað þeirra 15 þús. kr., er nú standa í fjárlagafrv. Ný fjárveiting er því aðeins 35 þús., sem enn skerðast um 10 þús. fyrir þá till. hv. fjvn. að fella niður 10 þús. kr. fjárveitingu til hljóð- og ljósdufls á Valhúsgrunni.

Hjer er því í rauninni aðeins um 25 þús. kr. að ræða, í stað þeirra 60 þús., er

sjútvn. í allri sinni auðmýkt hefir talið, að sje það minsta, sem komist verði af með. Svona er þá till. hv. fjvn., þegar hún er krufin til mergjar. En mjer var óblandin ánægja að heyra ræðu hv. frsm. (ÞórJ). Hann lýsti því yfir, að telja mætti sama og víst, að till. um að fella niður fjárveitingu til duflsins á Valhúsgrunni yrði tekin aftur, og gat þess jafnframt, að nefndin ætlaðist til, að á þessu ári yrðu reistir 2 radiovitar, enda þótt reynslan sýndi, að þær 35 þús. kr., er ætlaðar eru til þess, nægðu ekki.

Að fenginni þessari yfirlýsingu þykir mjer málið horfa vænlegar og játa fúslega, að dregið hefir saman með hv. fjvn. og sjútvn., þótt jeg hinsvegar geti ekki orðið við þeim tilmælum að taka aftur till. sjútvn. En það er vegna þess, að enda þótt svo sýnist, sem eigi skifti verulegu máli, hvort reistir verða 2 vitar eða 3, þá er þó munurinn meiri en tölurnar gefa til kynna. Sannleikurinn er nefnilega sá, að komi hjer 3 radiovitar, tel jeg sæmilega trygt, að allflest eimskip, er hafast að staðaldri við við strendur landsins, verði þegar búin miðunartækjum. Verði vitarnir aftur aðeins tveir, verða mikið færri skip búin tækjunum. Hjer er því um annan og meiri mun að ræða en venjulegan mun á 2 og 3 leiðarvísum.

Að endingu vil jeg minna hv. fjvn. á þá sorglega staðreynd, að á síðustu 40 árum höfum við fórnað Ægi um 3000 sægörpum, og þótt jeg játi, að víða sje þörfin brýn fyrir framkvæmdir á landi voru, hvílir sú skyldan þyngst á mjer, að auka öryggi sæfarenda.

Jeg skal svo geta þess, að jeg tel ólíklegt, að við útgerðarmenn höfum nokkurn beinan hag af þessum vitum. En verði þeir reistir tel jeg víst, að við þegar búum togarana miðunartækjum, til þess eins að tryggja sem best líf sjómannanna. Kostnaður okkar mundi nema um 100 þús. króna. Úr því nú að útgerðarmenn á þennan hátt, með 100 þús. kr. fjárframlagi, eru reiðubúnir til að rísa undir helgri skyldu sinni, vænti jeg þess, að hinu háa Alþingi blæði ekki í augum að samþ., að ríkissjóður leggi af mörkum 60 þús. kr. í þessu augnamiði, fyrst það nú er alment viðurkent, að hjer er um þjóðþrifamál að ræða, en það sýnir og sannar hinn samhuga áhugi hv. fjvn. og sjútvn. um fjárframlög til þessara vita.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi borið fram eina hækkunartill. við þennan kafla fjárlagafrv., undir I á þskj. 345, fyrra lið. Hún er um að hækka fjárveitingu til nýrra símalagninga um 11 þús. kr. Jeg ber þessa brtt. ekki fram vegna míns eigin kjördæmis, heldur eftir ósk nágranna míns, hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem sæti á í hv. Ed. Tilgangurinn er sá, að þessi fjárveiting verði notuð til að gera nýja línu frá Hnausum um Hnjúk að Ási í Vatnsdal. Þessi lína er ákveðin í símalögum, og fjvn. barst erindi frá háttv. þm. A.-Húnv., um að taka fjárveitingu

til hennar upp í fjárlög. Þetta erindi barst svo seint, að fjvn. gat ekki tekið neina ákvörðun um það fyrir 2. umr., og síðan gleymdist að bera það upp á fundi fyrir 3. umr. Nefndin hefir þannig ekki lýst neinni afstöðu til brtt., en hv. þm. A.-Húnv. hefir fengið landssímastjóra hana til umsagnar. Hann treysti sjer ekki til að mæla með henni að svo stöddu, en hinsvegar liggur fyrir áætlun hans um kostnað við að leggja línuna. Í fyrra áætlaði hann, að línan mundi kosta 12 þús. kr., en nú hyggur hann, að það verði nokkru minna, eða ekki yfir 11 þús. Jeg vil taka fram, að þarna er eitt hið blómlegasta landbúnaðarhjerað landsins, svo að óhætt mun að fullyrða, að línan borgi sig sæmilega vel, eins og aðrar slíkar línur. Mjer mun einnig óhætt að geta þess af hálfu hv. þm. A.-Húnv., að hjeraðið mun fáanlegt til að leggja fram meira en aðeins flutninginn á efni, til þess að fá símann þegar í stað. En aðalástæðan fyrir því, að þessi brtt. er nú fram borin, er sú, að þarna stendur alveg sjerstaklega á. Ef það ferst fyrir að leggja línuna sumarið 1928, er þess ekki að vænta, að hún geti komið á næstu árum. Því að einmitt það sumar á að endurbæta og gera við línuna frá Borðeyri að Blönduósi, svo að símamenn verða á þessum slóðum hvort sem er. Liggur í augum uppi, að það borgar sig best fyrir ríkissjóð að leggja línuna um leið og viðgerðir eru framkvæmdar á næstu grösum; en línuna verður að leggja fyr eða síðar, sakir þess að hún er í símalögum. — Fleira þarf jeg ekki að taka fram út af þessari einu hækkunartill. minni við þennan kafla.

Úr því að jeg er staðinn upp, vil jeg gera eina aths. við þennan kafla fjárlagafrv., eða þær fullyrðingar, sem fram hafa komið í umræðum. Þar með dettur mjer alls ekki í hug að fara inn á verksvið hv. frsm. (ÞórJ); jeg veit, að hann er fullkomlega maður til að standa fyrir sínu máli. Jeg vil aðeins leyfa mjer að mótmæla þeim staðhæfingum, sem fram hafa verið bornar af sumum háttv. sjútvn.-mönnum, að alt það fje, sem inn kemur í vitagjöldum, eigi að fara í byggingu nýrra vita. Mjer virðist sú skoðun ekki hafa við neitt að styðjast og svífa algerlega í lausu lofti. Skal jeg í því sambandi minna á hverjir það eru, sem borga vitagjöldin. Það eru fyrst og fremst hin íslensku fiskiskip, og þá einkum togararnir, sem borga gjaldið einu sinni á ári eftir samningum og áreiðanlega fá allmikla ívilnun; — dettur mjer engan veginn í hug að finna að því; það væri mjög bagalegt fyrir þau skip að þurfa að greiða vitagjald í hvert sinn, er þau koma í höfn. — Þá eru það millilandaskip og flutningaskip, sem einna mest af gjaldinu mun tekið af. En þeirra vegna kemur engan veginn til mála að heimta, að nýir vitar sjeu bygðir fyrir fjeð, sem inn kemur. Útgerðarfjelög þessara skipa hækka vitanlega farmgjöldin sem svarar vitagjaldinu, og kaupmenn þeir, er vörur fá með skipunum, ná gjaldinu loks af öllum almenningi. Er því ljóst, að þau skip eiga engar kröfur til nýrra vitabygginga hjer við land fyrir þetta fje. — Þriðji flokkur skipa, sem nokkurt vitagjald borgar, eru hin útlendu fiskiskip, sem hingað koma til að nota

íslensk fiskimið og hafa vitanlega gagn af íslenskum vitum, oft og einatt til þess að veiða í landhelgi. Þegar þessi skip leita einhverra hluta í höfn hjer við land, eru tekin af þeim vitagjöld. Og það er alveg sjálfsagt, að þau borgi há vitagjöld, því að það er engin ástæða til annars en að þeir, sem hafa svo mikið gagn af íslenskum vitum, greiði eitthvað fyrir það. Það liggur líka í augum uppi, að engin skylda liggur á landsmönnum að byggja nýja vita fyrir það gjald, sem fæst af þessum skipum. — Í stuttu máli liggur engin skylda á Alþingi að verja vitagjöldum frekar á einn hátt en annan, og fjárveitingavaldið hefir fullan rjett til að nota þau í sínar þarfir.

Þá er að síðustu ein aths. almenns efnis, sem mig langar til að gera um fjárlagafrv. Jeg vil geta þess, að frá mínu sjónarmiði er undirbúningur frv. ekki svo vel af hendi leystur, sem æskilegt væri. En góður undirbúningur er aðalundirstaðan undir því, að meðferð frv. geti orðið góð hjá Alþingi. Jeg álít, að sjerstaklega á svo erfiðum tímum sem þessum, verði að gera þá kröfu til hæstv. stjórnar, að hún fari mjög varlega, þegar hún er að undirbúa fjárlagafrv., og að hún að sínu leyti gangi frá því eins ráðdeildarlega og hægt er, hvernig hún leggur fjárlagafrv. fyrir Alþingi; því að það er grundvöllurinn undir því, hvernig það afgreiðir fjárlögin.

Um þetta er það að segja að þessu sinni, að jeg álít, að hæstv. stjórn hafi alls ekki í sínum tekjuáætlunum fyrir það fyrsta farið nógu varlega. Það hefir meðal annars sýnt sig í því, að fjvn. hefir gert það, sem óvanalegt er, en það er að lækka tekjuáætlun stjórnarinnar um 50 þús. kr. Hitt er miklu tíðara að hækka hana. Þótt þetta hafi verið gert, þá held jeg að þurfi að lækka hana ennþá meira til þess að gera hana fullkomlega örugga. Og þó að tekjuáætlunin sje að mínu áliti svona óvarleg, þá er svo mikill ruglingur á gjaldamegin, að tekjuafgangur er samkv. stjfrv. ekki nema rúmar 100 þús. kr. Samkvæmt því, sem upplýstist í fyrra, er það vitanlegt, að einn liður í fjárlögunum er langsamlega of lágt áætlaður; það er jarðabótastyrkurinn, sem ríkið á að greiða samkvæmt lögum. Fjvn. telur sig knúða til þess að leggja til, að sá liður verði hækkaður.

Þetta tvent, lækkun fjvn. á tekjum og hækkun hennar á þessum lið, nemur með öðrum orðum nokkrum þúsundum króna meira en tekjuafgangur stjfrv., svo að ef maður hjeldi sig eingöngu við áætlun, þá hefir frv. hæstv. stjórnar í raun og veru verið með tekjuhalla upp á nokkra tugi þúsunda.

En við þetta bætist nú eitt, sem nú er kunnugt orðið. Það er vitanlegt, að tekjuáætlun stjórnarinnar má ekki vera öðruvísi en reist á grundvelli gildandi laga. En sú tekjuáætlun, sem hæstv. ríkisstjórn hefir borið fram, er ekki reist á grundvelli gildandi laga. Hæstv. stjórn hefir gert ráð fyrir áframhaldandi tekjum af gengisviðaukanum, en það hefir komið í ljós, að það þarf að framlengja þau lög, til þess að þau gildi fyrir árið 1928. Samkvæmt tekjuáætlun fyrir 1928 eru þau helstu gjöld, sem gengisviðauki er greiddur af, áætluð um 3 milj. kr. Það er vitagjald 300 þús. kr.,

áfengistollur 650 þús., tóbakstollur 800 þús., kaffi- og sykurtollur 1 milj., og annað aðflutningsgjald 150 þús. Skipagjöld eru 100 þús. kr. ⅕ af þessu, gengisviðaukinn, er þá 600 þús. kr. Samkvæmt gildandi lögum er m. ö. o. fjárlagafrv., eins og það kemur frá stjórnarinnar hendi, raunverulega með tekjuhalla yfir 600 þús. kr.

Nú dettur mjer ekki í hug að segja, að hæstv. stjórn hafi gert þetta vísvitandi. Jeg þykist vita, að hún hafi blátt áfram gleymt því, — enda er komið fram frv. frá stjórninni um að laga þetta. Það hefir sem sje komið fyrir hæstv. stjórn, að hún hefir týnt einu skattafrv., og verð jeg að telja það mjög leiðinlegt, að annað eins hendi nokkra stjórn. Sjerstaklega álít jeg þetta mjög leitt fyrir hæstv. núverandi fjrh. (JÞ), af því að það hefir nú verið hans hrósunarefni, að hann raðaði öllu skipulega um tekjur og gjöld og væri góður að glöggva sig á tölum, — gerði góða grein fyrir því reikningslega og skipulagslega, — að honum skuli hafa á slíku sviði skjöplast svona sorglega.

Jeg vildi sem sagt láta koma fram í þinginu rödd um það, að afgreiðsla hæstv. stjórnar hefir alls ekki verið eins varleg og eins ábyggileg og hún hefði átt að vera. Sjerstaklega verð jeg að lýsa minni sorg yfir því, að hæstv. stjórn skuli hafa orðið á þessi mistök, sem jeg síðast hefi lýst.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það lá nú að, að úr því að ekki varð af eldhúsdagsumræðum af hálfu hv. þm. Str. (TrÞ) á þeim tíma, sem þingið ætlast til þess, þá mundi hann þó ekki geta setið svo út þingið, að hann tæki sjer ekki sjálfur ofurlitla stund til þess að skreppa í eldhúsið. Þegar tími er ætlaður til þess, við framhald 1. umr., lýsti háttv. þm. Str. því yfir, að af því að fram væri komin tillaga um vantraust, ætlaði hann að geyma sjer sínar aðfinslur við gerðir stjórnarinnar, þangað til sú tillaga kæmi til umr. (**TrÞ**: Það er ekki rjett! Það var ekki svo orðað). Jeg get ekki haft orðin rjett eftir, af því að jeg var ekki inni í deildinni, þegar hv. þm. talaði þau, en mjer var hermt efni þeirra á þessa leið af svo mörgum mönnum, að jeg veit, að þetta fer ekki á milli mála. — Svo kom vantraustið til umræðu, en þá var hv. þm. Str. látinn þegja, eftir því sem hægt var, að ráðstöfun síns flokks. Er því engin furða, þótt ofurlítið komi upp hjá honum nú. Hann er hjer sem frsm. meiri hl. (**TrÞ**: Nei, alls ekki!) fyrir 2. kafla fjárlaganna, sem liggja til umræðu samkv. þingsköpum, — þ. e. a. s. nú á að ræða þær brtt. við fjárlögin, sem fram eru komnar við í frv. í heild. En mjer skildist þó, að það, sem hann sagði nú um misfellur á undirbúningi fjárlaganna frá stjórnarinnar hendi, gæti hann þó ekki borið fram sem frsm. nefndarinnar, heldur vildi hann láta sjer nægja að staðhæfa það fyrir eiginn reikning. Hann ámælti stjórninni fyrir að hafa ekki farið nógu varlega í tekjuáætlunum fjárlaganna. Jeg verð að segja, að hv. fjvn. hefir ekki fundið mikið að athuga við tekjuáætlun stjfrv., sem nemur rúmum 10 milj. króna, þar sem hún hefir ekki fundið ástæðu til að gera uppástungur um nema einn einasta tekjulið, að

færa hann niður um 50 þús. kr. Og þetta hefir nefndin gert eftir bendingu frá mjer, þegar við 1. umr. fjárlagafrv., þar sem jeg ljet í ljós, að ef vitneskja hefði verið fengin um tekjur af áfengisverslun árið 1926, þegar stjfrv. var samið, þá myndi stjórnin tæpast hafa þorað að áætla tekjurnar af henni eins hátt og gert var í frv.

Jeg verð að segja, að það er ósanngjarnt, eftir því sem nú stendur á, að átelja stjórnina fyrir það, þótt fram kæmu einhverjar nýjar upplýsingar, sem hafa í för með sjer breytingu annaðhvort á gjaldaliðum eða tekjuliðum, frá því að stjfrv. var samið í nóvember árið áður og þangað til meðferð fjárlaganna í þinginu er lokið í apríl eða maí. Það er alveg ósanngjarnt að gera þá kröfu til stjórnarinnar í nóvember, að hún sjái svo fram í tímann, að engar nýjar upplýsingar geti komið fram, er geri einhverja breytingu á hennar tillögum. Þetta með áfengisverslunina er þannig alveg eðlilegt. Það eru nýjar upplýsingar, sem ekki lágu fyrir stjórninni í nóvember, sem urðu þess valdandi, að fjvn. gerði brtt. um þennan tekjulið.

Hvað snertir varlega tekjuáætlun alment, þá verð jeg að segja, að hv. þm. Str. er ekki kjörinn hjer til þess að standa upp og ámæla í einu eða neinu fyrir ógætni á því sviði. Því að hafi nokkurn tíma komið fram ógætni um tekjuáætlun fjárlaganna, þá er það beinlínis af hvötum háttv. þm. Str. sem fjárveitinganefndarmanns og aðalfyrirsvara síns flokks innan nefndarinnar. Hann má muna þær hækkanir, sem gerðar voru á tekjuáætlun á síðasta þingi, — í það eina skifti, sem orkaði tvímælis um, hvort tekjuáætlun væri ekki of hátt sett. Hann ætti því á þessu sviði að reyna að betrast sjálfur og draga dálítinn skugga yfir sína fortíð áður en hann fer að koma með ósanngjörn ummæli í garð annara.

Þá nefndi háttv. þm. tvo liði sem dæmi um slæman undirbúning. Jarðræktarstyrkurinn er áætlaður 50 þús. kr., eins og hefir verið undanfarin ár. Þegar stjfrv. var samið, lágu ekki fyrir neinar upplýsingar í þá átt, að hækka þyrfti þennan styrk. Að vísu gat maður búist við uppástungu um hækkun frá 50 þús. kr., sökum þess að liðurinn er ekki lögbundinn. Það er samkvæmt umtali — að jeg hygg — milli stjórnarinnar og háttv. fjvn., eftir hvaða taxta er farið um greiðslu jarðabótastyrksins. Á síðasta þingi ætla jeg að kæmu ummæli í þá átt, að æskilegast væri, að þessum taxta yrði haldið. Samkvæmt þeim ummælum hefir nú fyrir yfirstandandi ár verið greiddur jarðabótastyrkur eftir sömu reglu eins og hefir verið fylgt árið áður; en upphæðin er miklu hærri, vegna þess að það hafa komið meiri jarðabætur fram á skýrslum; nemur hún nú rúmum 170 þús. kr. Mjer vitanlega lá engin vitneskja fyrir um þetta í stjórnarráðinu, þegar fjárlagafrv. var samið, en sú vitneskja hefði átt að koma frá Búnaðarfjelagi Íslands; það er samkvæmt hlutarins eðli. Og þá er aðgangurinn að formanni þeirrar stofnunar um þetta, hafi stjórninni yfirsjest á þessum lið, vegna þess að hana vantaði upplýsingar. Mjer finst það sitja síst á háttv. þm. Str. (TrÞ), sem sjálfur er formaður Búnaðarfjelagsins og ber því skyldu

til að láta stjórninni í tje allar nauðsynlegar upplýsingar á þessu sviði, að koma nú á eftir og átelja stjórnina fyrir að hafa ekki tekið til greina þær upplýsingar frá honum, sem hann ekki sendi. (**Trþ:** Alt misskilningur hjá hæstv. ráðherra!). Getur verið, að hv. þm. þyki ekki skemtilegt að hlusta á sannleikann, en misskilningurinn er enginn; það er engra upplýsinga að vænta um þetta annarsstaðar en frá Búnaðarfjelagi Íslands.

Það er nú svo, að hv. fjvn. hefir borið fram till. um að hækka þennan lið úr 50 þús. upp í 150 þús. kr. En með því skilst mjer nefndin beri í raun og veru fram till. um það, að þessi styrkur sje borgaður út eftir svipuðum reglum og hefir verið gert nú. Þótt það verði nú ekki vitað, hverja upphæð muni þurfa, þykir mjer fyrir mitt leyti ekki ósennilegt, að nefndin sje nálægt því rjetta, eftir reynslunni í því efni á þessu ári.

Þá kom hv. þm. (Trþ) að því, að tekjuáætlunin væri ekki reist á grundvelli gildandi laga. Þetta er ekkert nýtt. Það hefir viðgengist nú síðustu árin og þótt alveg sjálfsagt, að stjórnir hafi búið út fjárlagafrv. sín á grundvelli þeirra laga, sem hafa gilt, með þeim framlengingum, sem til hefir þurft. Það er ekki einungis núverandi stjórn, heldur líka næsta stjórn á undan, að minsta kosti, sem hefir fylgt þessari reglu. Fjárlagafrv. byggist á því, að það verði einnig heimilt að innheimta gengisviðaukann á næsta ári. Sú eina átylla, sem hv. þm. Str. getur fengið nú í þessu máli, er það, að stjfrv. um framlengingu gengisviðaukans kom seinna fram en hin stjfrv. En það er komið fram á reglulegan hátt og hefir verið vísað til fjárhagsnefndar. Jeg verð að álíta, að það hafi komið nógu snemma, af því að þessi nefnd er ekki ennþá búin að skila frá sjer nál. um þau stjfrv., sem vísað var til hennar í þingbyrjun, nema einu, að jeg ætla. Hin eru ókomin ennþá, svo að nefndin getur ekki kvartað um, að þetta mál sje of seint til hennar komið. Enda hefir hv. þm. Str. ekkert umboð til þess fyrir nefndarinnar hönd. En það má háttv. þm. vita, að þótt það sje regla vegna okkar sjerstöku kringumstæðna, að allur þorri stjfrv. sje lagður fyrir í þingbyrjun, þá er það svo annarsstaðar, þar sem hægra er um, að stjfrv. eru lögð fyrir þingið á hvaða tíma sem er. Og það þarf ekki neitt að tefja þingstörfin, þótt svo sje í einstökum tilfellum, meðan sjeð er um, að hlutaðeigandi nefndir hafi nóg að gera. — Jeg hefi þess vegna ekki týnt neinu skattafrv., eins og sjeð er og sannanlegt með því, að það stjfrv., sem þurfti á þessu sviði, hefir verið borið fram. (**Trþ:** Eftir 2 mánuði!). Þetta frv. er nú ekki svo flókið, að það ætti á nokkurn hátt að vera erfitt að veita því sómasamlega afgreiðslu, það sem eftir er þingtímans.

Þá held jeg, að jeg hafi tínt upp það, sem hv. þm. sagði; því að þegar hann kom með það, að raunverulegur tekjuhalli á stjfrv. væri yfir 600 þús. kr., þá er það náttúrlega staðleysa algerð, sem auðvitað er rjett að mótmæla, úr því að hún er sett fram, svo að það verði ekki efnið í næstu ræðunni, að því hafi ekki verið mótmælt. Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar sýndi

tekjuafgang 100 þús. kr.; og ef Alþingi hefði viljað afgreiða frv. með þeim tekjuafgangi óskertum, þá var það að vísu innan handar, en til þess hefði þurft að taka öðruvísi á ýmsum efnum heldur en í anda hv. þm. Str.

Benedikt Sveinsson: Jeg þarf aðeins að segja fáein orð með brtt. á þskj. 336. Jeg legg til, að tekinn sje upp nýr liður um að veita 3 þús. kr. uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum.

Þetta mál þarf ekki langrar skýringar við, því að í raun og veru er nóg sagt í till. sjálfri. En fyrir þinginu hafa legið nokkur skjöl um þetta mál. Hjer á hlut að máli aldraður maður, sem hefir verið póstur í Þingeyjarsýslu síðan 1903, — þeim hluta landsins, sem einna erfiðastur er yfirferðar að vetrinum. Á þessari póstleið er Tunguheiði, bæði brött og há, mesta snjóakista og einhver versta heiði yfirferðar allra fjallvega á Norðurlandi, er óhætt að segja. Það er þrásinnis, að ekki verður komið við hestum yfir heiðina, og er þá ekki um annað að gera en bera póstflutninginn. Oft verður pósturinn að fá menn til þess að bera hann með sjer, — klífa yfir heiðina í botnlausri ófærð og bera kannske upp undir 100 pund á bakinu. Reynir því mjög á karlmensku í þessum ferðum. Sú hefir orðið raunin á um þennan mann, að þótt hann sje mjög harðgerður og hvatur að hverju sem er, þá hefir heilsa hans bilað við það mikla erfiði, sem hann hefir orðið að leggja á sig í póstferðunum. Stundum hefir hann orðið að liggja lengi eftir ferðirnar, sökum ofreynslu. Eitt skifti lá hann 8 vikur, í annað skifti eitthvað skemur; og heilsa hans er svo farin af þessum svaðilförum, að hann getur ekki unnið marga þá vinnu, sem honum er nauðsynlegt, svo sem heyskap og þesshättar. Af þessu hefir hann beðið mikil óþægindi og skaða, og því hefir hann sótt til þingsins, að það veitti honum í eitt skifti fyrir öll 8—10 þús. kr. uppbót.

Hv. fjvn. hefir haft erindi þetta með höndum ásamt fylgiskjölum, en sökum þess, hve hún er föst á fjeð, hefir hún ekki treyst sjer til að taka till. upp. En jeg vona, að hún verði þó ekki þessari till. andvíg, þar sem hún er mjög sanngjörn og eðlileg. Jeg hefi ekki farið fram á jafnháa fjárhæð sem sótt var um, heldur 3000 kr., og er það fyrir þá sök eina, að jeg treysti þá fremur, að till. nái samþykki hv. deildar.

Þegar litið er á það, að hjer á í hlut maður, sem starfað hefir yfir 20 ár í þjónustu landsins og beint tapað heilsunni til langframa við þau erfiðu störf og illa launuðu, þá finst mjer þetta svo sanngjörn beiðni, að hún ætti að fá einhuga fylgi háttv. deildar. Þessari umsókn fylgja vottorð frá fjórum merkum læknum um heilsufar Friðriks, og er þar tekið fram, að veikindi hans stafi af ofreynslu í bakvöðvum og margra ára vosbúð á vetrarferðalögum.

Kjör pósta yfir höfuð eru þau, að þeir vinna fyrir einna lægst kaup þeirra, sem starfa í þjónustu ríkisins; enda er það nálega einsdæmi, að

þeirra störf eru boðin niður, sem ekki mun eiga sjer stað um aðra fasta starfsmenn ríkisins. Margir bjóðast til starfsins og þá stundum miður hæfir, eða hafa ekkert vit á, hvað til þess þarf, og bjóða niður fyrir það, sem nokkur sannsýni er í.

Þessi maður hefir auðvitað ekki getað safnað neinum auði til elliáranna; hann er kominn yfir sextugt, er eignalaus og nokkuð skuldugur. Honum er því brýn nauðsyn á þessu fje, og þótt meira væri.

Hv. fjvn. hefir skotið þessum skjölum til póstmeistara, en hann segist ekkert vita um þetta mál. Þarf þá ekki að leita hans fræðslu um þetta efni.

Jeg held málið liggi svo ljóst fyrir, að það þurfi ekki að fara fleiri orðum um það, og vona fastlega, að menn sýni þá sanngirni, að samþykkja þessa tillögu.

Ingólfur Bjarnarson:* Jeg á að vísu enga brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni, en það er aðeins till. hv. samgmn., sem jeg vil gera örlitla aths. við. Hún leggur til, að styrkur til flóabáta sje hækkaður um 9300 kr. Jeg ætla ekki að ganga mikið inn á þetta í heild sinni. Það má vel vera, að hækkanir þær, sem nefndin fer fram á, sjeu bygðar á meiri og minni sanngirni. Hækkunartill. eru nú ekki margar. Til aðal-Djúpbátsins eru 5 þús. kr., til Flateyjarbátsins 2500 kr. En það, sem jeg vil gera athugasemd við, er það, að hv. nefnd byggir þessar till. sínar á því, að lækkaður sje styrkur til Eyjafjarðarbátsins. Eftir því sem nál. ber með sjer, leggur nefndin til, að ríkisstyrkurinn sje feldur niður, aðeins látinn halda sjer póststyrkurinn. Hv. frsm. upplýsti, að það væri á misskilningi bygt og nefndin væri nú horfin frá því, með öðrum orðum, ætlaðist ekki til annars en að styrkurinn yrði lækkaður um 2 þús. kr., frá því sem verið hefir. Mjer skildist líka, að það, sem sagt er hjer um þennan Eyjafjarðarbát, væri að mestu tekið aftur. En ástæður fyrir þessari lækkun eru engar færðar fram, hvorki í nál. nje í framsöguræðu hv. frsm. Hann gat að vísu um það, — jeg hygg, að jeg muni það rjett, — að þörfin væri ekki mikil, samgöngur væru svo ágætar á þessu svæði. Jeg er ekki á sömu skoðun, og það er einmitt viðvíkjandi því, sem jeg vildi gefa upplýsingar.

Þegar „Hólar“ og „Skálholt“ önnuðust strandferðirnar hjer áður fyr, þá get jeg bent á það, að þau komu við á tveim stöðum við Eyjafjörð austanverðan, Svalbarðseyri og Grenivík, í hverri ferð. En nú kemur Esja þar aldrei og tvisvar í Flatey. Má af því sjá, hve ágætar samgöngurnar eru, eða hitt þó heldur.

Þegar þess er gætt, að þær hafnir í Þingeyjarsýslu, sem Eyjafjarðarbátsurinn kemur við á, hafa engar aðrar samgöngur á sjó, þá fæ jeg ekki sjeð, að þær sjeu ofhaldnar, þótt reynt sje að bæta úr brýnni þörf þeirra með styrk til bátsins.

Það er kunnugt um þann bát, sem nú gengur, að þetta er fyrsta árið, sem ferðum hans er svo fyrir komið, að hann fer vestur á Sauðárkrók og austur á Húsavík, 36 ferðir á ári, að jeg held. Jeg hefi ekki sjeð áætlun um

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

ferðir hans og man það því ekki glögglega. En jeg býst við, að háttv. samgmn. hafi kynt sjer það og annað, er að þessu máli lýtur. Þó er jeg ekki viss um það, því að mjer finst nál. bera þess vott, að hún hafi ekki kynt sjer vel málavöxtu og ekki talið ómaksins vert að tala við okkur þm., sem til þekkjum. En jeg skal líka játa, að um má kenna vanrækslu minni, að hafa ekki leitað á fund hv. nefndar til þess að ræða þetta við hana, enda bjóst jeg ekki við, að hún mundi leggja til að skera niður þennan styrk, án þess að leita álits okkar.

Jeg þekki ekki vel til vestan megin Eyjafjarðar, en um Skagafjörð og út með Skaga að austanverðu er það upplýst, að þau hjeruð eiga ekki svo góðum samgönguskilyrðum að fagna, að vanþörf sje þessara ferða Eyjafjarðarbátsins.

Jeg skal taka það fram, að það er kunnugt, að fjelagið, sem gerir út bátinn, telur þetta minsta styrk, sem hægt sje að komast af með. Það var heldur ekki farið fram á neina hækkun á honum.

En þar sem till. nefndarinnar er á því bygð, að styrkurinn til bátsins sje lækkaður, get jeg ekki greitt henni mitt atkvæði.

Frsm. samgmn. (Klemens Jónsson): Hæstv. atvrh. (MG) mintist á það í fyrradag, að ekki væri rjett að tilfæra í nál. upphæð hvers styrks um sig til flóabáta. Hann bar því við, og jeg er honum þar alveg samdóma, að erfitt væri fyrir stjórnina að semja við flóabátaeigendur, er þeir vita um upphæðina, svo að þar verður engu þokað niður. Jeg er honum sammála um það, að nægilegt mundi vera að bóka einstakar upphæðir aðeins í gerðabók samgmn. og tilfæra svo heildarupphæðina alla í einu lagi. En um það tjáir ekki að tala nú, þótt sjálfsagt sje að taka það til athugunar síðar.

Samt var það ekki til þess að gera þessa athugasemd, að jeg stóð upp, heldur var það háttv. þm. S.-Þ. (IngB), sem knúði mig til þess. Jeg get vel skilið, að hann sje ekki ánægður. En jeg hjelt, að jeg og hæstv. atvrh. hefðum gert ljósa grein fyrir því, hvernig á því stendur, að styrkurinn er settur svo. Nefndin stóð í þeirri meiningu, að allur styrkurinn væri ekki hærri en 8 þús. kr. Háttv. þm. veit, að jeg fer þar með rjett mál, enda lágu alls engar upplýsingar fyrir nefndinni um bátinn eða styrk til hans.

Háttv. þm. vildi halda því fram, að nefndin hefði ekki aflað sjer upplýsinga. Hún hafði aðeins í tvö horn að venda, til stjórnarinnar eða hluteigandi alþm., úr því ekki lá fyrir neitt erindi til nefndarinnar. Af öllum flóabátunum var þessi sá eini, sem ekki lágu fyrir nein plögg eða upplýsingar um. Jeg gat mjer þess til, að það kæmi til af því, að þetta er í fyrsta skifti, sem styrkurinn er svo hár, og því væri skýrsla enn ekki komin.

Nefndin fór samt til hæstv. ráðh. (MG), og frá honum hefir hún allar upplýsingar. Það hefði líka mátt leita til hv. þm. S.-Þ. (IngB) og hv. þm. Eyf. (EÁ og BSt), það játa jeg. Og

jeg sje eftir því, að það skuli ekki hafa verið gert. En líka hefðu þeir getað leitað á fund nefndarinnar og talað við hana um það, er þeir hefðu sjerstaklega viljað upplýsa. Það hafa ýmsir aðrir hv. þm. gert, svo sem t. d. háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), er sendi nefndinni fyrst erindi og kom síðan sjálfur til tals við hana.

Þannig stendur þá á þessum misgáningi, sem orðinn er í þessum efnum. Hann er mjög leiðinlegur, en skiftir þó í raun og veru engu máli, því að hæstv. ráðh. (MG) hefir lýst því yfir, að sami styrkur verði greiddur úr póstsjóði eins og að undanförnu, svo að skaði bátsins verður enginn, enda var það ekki ætlun nefndarinnar að skerða hlut hans á nokkurn hátt.

Hv. þm. S.-Þ. mintist á, að samgöngurnar austan Eyjafjarðar væru ekki góðar. Það er alveg satt. Voru þær mun betri áður, er „Hólar" komu við í Flatey í hverri ferð. Hinsvegar er jeg honum ekki sammála, að svo mikil samgönguþörf sje í Suður-Þingeyjarsýslu við sjálfan Eyjafjörð. Á Svalbarðseyri t. d. eru svo góð samgönguskilyrði sem frekast er unt, og betri líklega en víðast hvar annarsstaðar á landinu, nema ef vera skyldi á ytri hluta Ísafjarðardjúps. Jeg er sannfærður um, að „Esja" fengist til að koma við á Svalbarðseyri og í Grenivík, bara ef nægur flutningur fengist, eða yfirleitt væri um nokkurn flutning að ræða. Jeg tók fram eftir fengnum upplýsingum, að styrkurinn væri of lágur, en engin brtt. hefir komið frá hv. þm. (IngB), og þótt nefndin vildi leggja til að hækka hann, þá hefir hún ekki haldið neinn fund nú undanfarið. Því að eins og kunnugt er, hefir í nokkra daga ekki verið hægt að halda nefndarfundi. Þetta hefir samt enga þýðingu, því að málið á enn eftir að fara til hv. Ed., og þar situr maður, sem getur tekið að sjer að leiðrjetta þennan misgáning.

Háttv. þm. S.-Þ. taldi þá styrkupphæð, er veitt var síðastliðið ár, þá minstu, er hægt væri að komast af með. Útgerðarmenn bátsins halda því vitanlega fram, sem eðlilegt er. En eftir kunnugleika mínum þar nyrðra held jeg mjer sje óhætt að fullyrða, að sómasamlega sje borgað og rúmlega það. En hitt, hvort hægt sje að komast að betri kjörum, það veit jeg ekki. Jeg er fullviss um það, að sá maður, er nú nýtur þessa styrks til að halda uppi flóabátsferðum á þessum slóðum, er vel haldinn af honum.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að gefa þessari háttv. deild dálitlar upplýsingar út af brtt. á þskj. 336,VII, frá samþingismanni mínum, háttv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann var því máli ekki fullkunnugur og hefir því skotist yfir aðalástæðuna. Því er svo háttað um þann mann, er þar getur, að hann var einn okkar allra mesti dugnaðarmaður og hefir staðið ágætlega í stöðu sinni, hvar sem hann hefir verið.

Jeg vil geta þess sjerstaklega, að hann hefir verið háseti hjá Júlíusi Júlíníussyni, núverandi skipstjóra á „Brúarfossi", sem er alþektur sem einn okkar duglegustu skipstjóra, en þykir vinnuharður mjög. Hann hefir

gefið Símoni þessum mesta ágætisorð, sjerstaklega fyrir ósjerhlífni við vinnu. Það er einmitt merkilegt, að þessi skipstjóri, sem fengið hefir það orð á sig að vera fullvinnuharður, skuli gefa honum þennan vitnisburð, og hinsvegar telur Símon skipstjóra vera ágætis húsbónda. Það sýnir, að hann er maður, sem vildi vinna og vann líka mikið, enda hefir hann heldur ekki ætlað sjer af, og er nú orðinn taugaveiklaður af ofreynslu. Seinna eignaðist hann mikið í húsi á Stokkseyri, en er hann veiktist — og nú hefir hann verið veikur í 3 ár — varð hann að veðsetja húsið til þess að kosta sig ytra, og nú er það svo veðsett, að ekki fæst meira út á það. Er skemst frá því að segja, að góðir menn austur þar á Stokkseyri hafa tekið að sjer að halda heimilinu við, meðan hann er úti. Því er þessi till. á annan veg en flestar samskonar fjárbeiðnir aðrar, því að hjer kemur fult á móti, meira en 1000 kr., sem hreppsbúar leggja til beint og óbeint.

Við lítum því svo á, að það sje stór samviskusök, ef hann getur ekki verið á heilsuhælinu áfram enn um stund, einkanlega af því, að nú á síðustu tímum hefir verið gefin góð von um svo sæmilegan bata, þótt aldrei verði hann jafnheill eftir og áður, að hann muni geta gengið að flestri algengri vinnu, sem ekki er beinlínis stritvinna.

Að þessu athuguðu vona jeg, að mönnum sje ljóst, að fáar sjeu þær fjárbænir til þessa þings um styrk til einstakra manna, er verðari sjeu stuðnings og samþyktar en einmitt þessi.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Mitt erindi er ekki annað en það, að gera grein fyrir afstöðu fjvn. til brtt. einstakra þingmanna.

Það hafa ekki verið gerðar neinar athugasemdir við brtt. fjvn., sem jeg talaði fyrir í byrjun þessarar umræðu, og get jeg því þakkað hv. deild, hve vel hún hefir tekið í þær.

Jeg get verið fáorður um brtt. hv. þingmanna, því að nefndin leggur á móti þeim flestum, af því að hún telur varhugavert að grípa til eyðslu og fjárútláta úr ríkissjóði, eftir því útliti, er virðist vera fram undan. En viðvíkjandi ýmsum brtt., er horfa til framfara og nytsemdar á annan hátt og nefndin mundi að öðrum kosti ekki hafa látið sjer til hugar koma að leggjast á móti, þá get jeg lýst því yfir fyrir hönd fjvn., að það getur vel komið fyrir, er fjárlögin koma aftur hingað í þessa hv. deild frá Ed., að þá verði að leggja til að fresta eða fella niður ýmsar framkvæmdir, er stjfrv. felur í sjer, ef fylgja á því „principi" að afgreiða fjárlögin með sem minstum tekjuhalla.

Þá tek jeg fyrir brtt. Vil jeg fyrst geta þess, að láðst hefir að taka fram viðvíkjandi brtt. fjvn. um styrk til augnlæknis á Akureyri — það er þskj. 336, V —, að það er ósk þess augnlæknis, Guðm. Guðfinnssonar, sem nefndin býst við að verði við þeim tilmælum að taka þetta að sjer, ef hann flyttist norður á þessu ári, að þá fengi hann tiltölulegan styrk þann tíma ársins, er eftir yrði. Nefndin hefir ekkert við það að athuga, en vill láta þessa getið, ef hæstv. stjórn tekur ákvörðun um þetta með hliðsjón af áliti nefndarinnar. Hjer er um svo lítið að ræða, að engu munar, hvorki til nje frá, fyrir ríkissjóð.

1. brtt. á þskj. 336 er frá háttv. 4. þm. Reykv. (HjV) og hljóðar um að fella niður skólagjöld við alla ríkisskóla. Fjvn. er ekki sammála hv. þm. um það atriði og leggur á móti samþykt till. Ástæða hennar fyrir því er fyrst og fremst sú, að þetta er þegar orðinn fastur tekjuliður á fjárlögunum og bygt á þessum tekjulið. Önnur ástæðan er sú, að fleiri skólar en ríkisskólar taka upp skólagjöld til þess að geta orðið aðnjótandi ríkissjóðsstyrks, því að styrkurinn er bundinn því skilyrði, að fje komi líka annarsstaðar frá, en eiga hinsvegar ekki völ á fje, nema með skólagjöldum. Það er sýnt, að ef skólagjöld eru á ríkisskólunum, taka aðrir skólar þau upp líka til þess að gera nemendur sína hliðstæða nemendum hinna, en það verður til þess, að meiri líkindi eru á, að ríkið muni frekar en annars styrkja þessa skóla.

Einnig álítur nefndin, að skólagjöldin geti verið heppilegur hemill á aðsókn af nemendum úr Reykjavík. Telur hún það hvorki óþarft nje óholt. Að vísu er það rjett, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að það á ekki að vera hægt að hefta framgang góðra námsmanna, enda virðist nefndinni ekki, að það sje gert með skólagjöldunum. Það er kunnugt, að veittar eru undanþágur frá skólagjaldi, ef sjerstaklega efnilegir og gáfaðir námsmenn eiga í hlut. Og það er gert eftir till. skólastjóra. Hitt er og rjett, að talsverð fjárútlát eru það fyrir fátækar fjölskyldur að kosta kannske mörg börn sín á skóla; en þegar aðgætt er aðstaða þeirra gagnvart foreldrum úti um land, sem verða að kosta miklu meira fje til þessa, þá virðist það ekki vera svo erfitt, að rjett sje fyrir þá sök að fella niður þennan lið.

Brtt. II frá háttv. þm. Ak. (BL) og háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fer skemra, en þó í lækkunarátt á þessum lið, eða færir hann niður um þriðjung. Fjvn. getur heldur ekki aðhylst þessa till., þótt mikill sje munurinn á henni og þeirri fyrri.

Þá er næst. brtt. IV frá fjárhagsnefnd, viðvíkjandi ríkisfjehirði, eða hækkun á mistalningarfje hans. Erindi þess efnis lá fyrir fjvn., og sendi hún það til hv. fjhn., sem hefir svo út frá því borið fram þessa till. Skal jeg því ekki fara frekari orðum um hana, og eru óbundin atkv. nefndarmanna.

Næsta brtt., VI, er frá hv. þm. Barð. (HK) um styrk til Magnúsar Pjeturssonar bæjarlæknis til utanfarar. Nefndin hefir ekki getað aðhylst þessa till. Bæði þykir henni upphæðin of há, er hún er borin saman við utanfararstyrk lækna, sem ekki er áætlaður hærri en 2000 kr., og auk þess telur nefndin hægt að ná þessu marki á annan hátt, enda ekki svo mikill misbrestur á heilbrigðisráðstöfunum í þessu efni, að sjerstök nauðsyn beri til slíkrar utanfarar. Þó er nefndin ekki óskift um að leggja á móti þessum styrk.

Brtt. VII, frá háttv. 2. þm. Árn. (JörB), og VIII, frá háttv. þm. N.-M. (HStef og ÁJ), lætur nefndin af sinni hálfu afskiftalausar, og hafa nefndarmenn þar óbundin atkvæði.

Þá er frá hv. þm. Barð. (HK) brtt. X, um styrk til byggingar sjúkraskýlis í Flatey á Breiðafirði. Fyrir nefndinni lá ekki neitt, sem venjulegt er í slíkum tilfellum sem þessu, og gat hún því ekki bygt á neinu. Er þetta lítil upphæð, ef koma ætti upp sæmilegu

sjúkraskýli, eftir því sem gerist venjulega. Þá má og taka það fram, að slíkur styrkur fæst ekki útborgaður, nema fjeð sje til reiðu frá öðrum hlutaðeigendum. En hjer fylgja engar upplýsingar nje áætlanir, hvort reisa eigi nýtt hús eða kaupa hús, (jeg býst við, að það sje öllu líklegra), og þá hvort þurfi að breyta því, gera við það o. s. frv. Að svo komnu máli getur fjvn. ekki lagt til, að þessi brtt. verði samþykt.

Þá er næst XI. brtt. á sama þskj. frá hv. 2. þm. Árn. (JörB), um uppbót til Halldórs Arnórssonar. Hjer er um smáhækkun að ræða, sem vitanlega skiftir ekki miklu máli, en nefndin sjer þó ekki ástæðu til að leggja með þessari brtt.

Næst er XII. brtt., frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), um styrk til Halldórs Briems til að leita sjer lækninga og styrk til Steindórs Gunnarssonar vegna útgáfu bókar. Nefndin getur hvoruga þessa till. aðhylst. Um fyrri lið till. má segja það, að auðvitað væri gott, ef ríkið gæti altaf hlaupið undir baggann með þeim mönnum, sem þurfa að leita sjer læknishjálpar erlendis. En slíkar fjárveitingar draga jafnan óþægilegan dilk á eftir sjer, því að margir hafa þörf fyrir þesskonar styrk. Viðvíkjandi manni þeim, sem hjer er um að ræða, má líka geta þess, að eftir þeim gögnum, sem fyrir nefndinni lágu, er enginn vissa fyrir því, að hann geti fengið bata, þó að hann ætti kost á að fara utan. — Útgáfustyrknum, sem síðari liður till. fer fram á, virðist nefndinni ekki ástæða til að sinna. Útgefandi gat ekki miðað verð bókarinnar við það, að styrkur fengist til útgáfunnar eftir á. Hjer er heldur ekki um svo háa upphæð að ræða, að líklegt sje, að það hefði spilt sölu bókarinnar, þó að hún hefði verið því dýrari, sem þeirri upphæð nemur.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), um að styrkja menn til þess að fá sjer gerfilimi. Þó að nefndin játi, að gott væri að geta styrkt menn, sem á slíku þurfa að halda, treystir hún sjer ekki að mæla með þessari till. Þó að einhverjir væru styrktir í þessu skyni, mundu aðrir verða útundan, og því óvíst, að svona styrkur kæmi rjettlátlega niður.

Næst er brtt. XIV, frá hv. þm. N.-Þ. (BSv), um uppbót til Friðriks pósts á Helgastöðum vegna heilsubilunar, er hann hafi hlotið vegna ofreynslu í póstferðum. Nefndin hefir ekki getað lagt með því, að þessi uppbót yrði veitt. Af þeim skjölum, sem fyrir liggja, verður ekki sjeð, hvort heilsubilun þessa manns stafar af ofreynslu í póstferðum. Auðvitað getur því verið um að kenna, því að það er kunnugt, að póstferðalög eru mjög erfið. En þegar litið er á þetta mál í sambandi við umsögn aðalpóstmeistara, sem hefir fylgst með og er þessum málum kunnugur, er minni ástæða fyrir nefndina að mæla með þessari styrkveitingu. Þar kemur það fram, að ekki er rjett að veita styrk á þessum grundvelli. Það er rjett að vísu, að póstar hafa allir mjög lág laun, og það er alveg óviðeigandi að beita þeirri aðferð, sem höfð hefir verið, að bjóða störfin upp þegar þau losna. Sú aðferð hefir þrýst launum svo mjög niður, að póstar hafa ekki getað tekið sjer fylgdarmann í erfiðar ferðir, nema sjer í skaða. Af því hefir leitt, að þeir hafa orðið að ferðast fylgdarmannslausir,

en víða hagar svo til, að það er þeim ofraun. En þarna er svo mikið í húfi fyrir póstsjóðinn, að mesta nauðsyn er á, að úr þessu verði bætt. Mjer er kunnugt um, að pósturinn, sem gengur á milli Staðar og Hrútafirði og Akureyrar, hefir svo lág laun, að hann getur ekki haft með sjer fylgdarmann. En þær ferðir eru algerlega ofraun einum manni. Jeg vissi til þess í vetur, að hann var í eitt skifti 6 daga milli Akureyrar og Blönduóss, og í þeirri ferð varð hann að ganga frá öllum hestum sínum. Af tilviljun hafði hann samferðamann í þessari ferð. Annars er óvíst hvernig farið hefði. Nefndin lítur svo á, að í stað þess að taka til greina allar beiðnir um styrk eins og þá, sem hjer er um að ræða, eigi að launa póstana svo vel, að þeir þurfi ekki að hætta heilsu sinni í þessum erfiðu ferðum.

Næst er brtt. frá hv. þm. Dal. (JG), um framlag til Vesturlandsvegar. Þessi till. lá einnig fyrir við 2. umr., og jeg þarf ekki annað um hana að segja en jeg tók fram þá, nefnilega að þessi framkvæmd væri ekki tímabær að áliti vegamálastjóra. En jeg get lýst því yfir, að atkv. nefndarinnar eru nú óbundin um þennan lið.

Þá kemur brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um 9000 kr. til vegar á Hólmahálsi. Nefndin hefir ekki getað fengið neinar upplýsingar eða álit vegamálastjóra um þennan veg. Hefir hún því ekki tekið afstöðu til þessa liðs og hefir um hann óbundin atkv.

Hv. þm. Mýr. (PÞ) hefir tekið sína brtt. aftur, og þarf því ekkert um hana að segja.

Þá er XVIII. brtt. frá samgmn. Nefndin hefir ekki tekið afstöðu til hennar og hefir þar óbundin atkv.

Næst er till. frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), um styrk til Odds Valentínussonar til að kaupa vjelbát. Nefndinni fanst ekki rjett, eins og sakir standa, að ganga inn á þessa till., því að margir gætu á eftir komið.

Þá er brtt. á þskj. 345 frá hv. þm. Str. (TrÞ), um símalagningu. Þetta mál lá fyrir fjvn. og var sent landssímastjóra, en hann hefir lagt á móti því. Jeg get látið þess getið, að jeg fór þess á leit við landssímastjóra, að lagður væri línuspotti í mínu kjördæmi, en fjekk sama svar. Það getur verið, að jeg beri fram till. um þetta, ef þessi till. nær samþykki. En nefndin hefir um hana óbundin atkvæði.

Þá kem jeg að síðustu brtt. við þennan kafla, sem er till. frá hv. sjútvn. um 60 þús. kr. til radiovita. Það varð nokkurt umtal um þetta atriði við 2. umr. Jeg gat þess þá, að þar sem nefndin flytti till. sama efnis, gæti hún ekki fallist á þessa till., og mæltist til samkomulags við hv. sjútvn. Hv. sjútvn. vildi þá ekki taka sína till. aftur og hafði það á móti till. fjvn., að þar væri veitt fjárupphæð, án þess að ákveðið væri til hvaða vita hún gengi. Það kom fram, að 35 þús. kr. tillag var miðað við byggingu tveggja radiovita. Nefndin áleit þá, eins og nú, ráðlegra að fara ekki lengra fyr en reynsla væri fengin með þessa 2, því að hægt mundi að nota loftskeytastöðina fyrir þriðja miðunarstað. Nefndin gat ekki fengið neina ábyggilega áætlun um, hvað hver viti mundi kosta, hvorki hjá sjútvn. nje vitamálastjóra. Fyrst var giskað á 25—30 þús kr., en

nú er ekki gert ráð fyrir nema 20 þús. kr., eða 60 þús. til þriggja vita. Nefndin getur ekki gert það að kappsmáli, hvað vitarnir kosta, og mun ekki gera það að ágreiningsatriði. — Það er hjer till. frá nefndinni viðvíkjandi niðurfellingu hljóðdufls á Valhúsgrunni, en jeg tók fram, að verið gæti að nefndin tæki þá till. aftur, og jeg býst við, að hún geri það, ef hv. sjútvn. tekur aftur till. sína og fer að ósk hæstv. atvrh. (MG), sem vildi, að hún fjellist á till. fjvn. og fjvn. tæki þá aftur þessa niðurfellingu. En eins og jeg tók fram í byrjun, hefi jeg ekki leyfi til að taka till. aftur af hendi fjvn. og geri það því ekki að svo stöddu. Jeg vænti þess enn, að samkomulag geti orðið um þennan lið milli sjútvn. og fjvn.

Jeg held jeg þurfi ekki að taka fleira fram og get því lokið máli mínu.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. frsm. (ÞórJ) gat þess, að hv. fjvn. vildi ekki fallast á brtt. mína, að skólagjöld fjellu niður, og sjerstaklega af því, að þessi gjöld væru þegar orðin fastur tekjuliður. Mjer finst það lítil ástæða, þó að þetta hafi tíðkast örfá ár. Hjer er um þá nýbreytni að ræða að skattleggja fróðleiksfýsn ungra manna, og hefir það rjettilega mætt mótspyrnu. Hv. frsm. gat þess, að afnám skólagjalda gerði privatskólum erfitt fyrir, en mjer finst hv. fjvn. ætti ekki að harma það, þó að þeir settu niður skólagjöld sín. Það ætti að kappkosta eftir mætti, að sem flestir unglingar gætu fengið ókeypis skólanám. Þá gat hv. frsm. þess, að skólagjöldin væru nokkur hemill á Reykvíkinga í skólasókn. Þetta er rjett. En jeg get ekki fallist á, að það sje rjettmætt að setja á þá slíkan hemil. Það hefir yfirleitt þótt fremur bresta á kunnáttu og þroska hjá ungu fólki hjer í bænum, svo að ekki sýnist ástæða til að setja sjerstaka löggjöf til að hindra það frá skólagöngu. Hv. frsm. gat þess, að það væri ójöfn aðstaða fyrir þá, sem ættu heima utan Reykjavíkur og hina, sem væru búsettir í bænum. Það kann að vera stundum. En þess vegna er þó ekki næg ástæða til að gera svona upp á milli þeirra. Sumir sveitapiltar utan af landi eiga hjer hæga aðstöðu, og það liggur í augum uppi, að það er órjett að láta syni efnamanna úti á landi sleppa við að greiða skólagjald, en heimta það hinsvegar af fátækum piltum, sem heima eiga í Reykjavík. Frsm. gat þess, að veita mætti eftirgjöf á skólagjaldi, en til þess þarf nemandi að vera sjerstaklega efnilegur og foreldrar sjerstaklega fátækir. Það segir sig sjálft, að skólagjaldið eins og það er ákveðið hjer, 150 kr. á ungling, muni geta orðið tilfinnanlegur baggi á foreldra, jafnvel þótt þeir sjeu ekki bláfátækir, sem vildu kannske kosta 2 eða 3 börn sín á skóla. — Jeg skal ekki fara um þetta fleiri orðum. En jeg get lýst því yfir um leið, að ef þessi till. mín verður feld, mun jeg greiða atkvæði með till. þeirra hv. þm. Ak. og hv. þm. V.-Ísf., þó að mjer þyki þeir fara fram á of litla lækkun.

Þá vildi jeg segja örfá orð um radiovitana. Það, sem sjútvn. byggir till. sína á, er álit vitamálastjóra, en eftir því eiga að nægja 20 þús. kr. til hvers vita. Það virðist ekki vera ástæða til

að fresta þessum framkvæmdum. Allmikil reynsla er þegar fengin erlendis um gagnsemi þessara vita, og eru þeir taldir ómissandi. Ef reistir verða þrír vitar, er ætlast til, að með aðstoð loftskeytastöðvanna hjer og í Vestmannaeyjum verði hægt að ná til skipa frá Húnaflóa, suður fyrir land og norður að Langanesi, þ. e. a. s. frá öllu Vestur- Suður- og Austurlandi. Sjútvn. leggur nokkurt kapp á, að þessi till. nái fram að ganga, því að hún álítur miklu skifta að fá fremur 3 vita en 2, þar sem radiovitakerfið nær svo langt, er 3 vitar eru bygðir, að flest skip mundu sjá sjer hag í því að fá sjer miðunartæki, sem miklu óvissara væri, ef vitarnir væru aðeins tveir.

Þá vil jeg ekki láta hjá líða að mótmæla því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um vitagjöldin. Hann vildi mótmæla því, að vitagjöldin ættu að renna til byggingar og rekstrar vita eingöngu. Þetta væri venjulegur tekjustofn og útgjöld til vita venjuleg útgjöld. Nafnið á gjaldinu, vitagjald, segir nú sjálft til, að þessi gjöld muni lögð á skipin í einhverju sambandi við vitana, en ekki sem almenn tekjulind. Hann gat þess, að togarar greiddu gjaldið einu sinni á ári, en vöruflutningaskip legðu á vörurnar, sem síðan kæmi á landsmenn alla. Útlend skip ættu aftur að greiða hátt gjald. Um þetta mætti nú ýmislegt segja. Meiri hlutinn af útlendu fiskiskipunum greiðir ekki neitt gjald, þótt þau njóti vitanna, er þau koma ekki í höfn hjer. Íslenskir togarar og vöruflutningaskip greiða gjaldið, og legst það á framleiðsluna og innfluttu vörurnar, en í móti kemur aftur hagnaðurinn af betri vitum og minni sjótjónum, sem leiðir af sjer lægri vátryggingargjöld, og nemur það til lengdar því, að vitagjaldið hækki ekki kostnaðinn við vörurnar, þegar því er varið til vita, nýbygginga og rekstrar. Þá er vitagjaldið ekki álögur á almenning, heldur gjald fyrir nýja vita, gleggri og áhættuminni sjóleið. Því virðast engin rök liggja að því, að vitagjaldið renni í ríkissjóð.

Þegar litið er í þingtíðindin frá fyrri árum og athugað, hvernig lög þessi eru til komin, þá sjest, að 1877 kemur mál þetta fyrst til umræðu og er flutt af Halldóri Kr. Friðrikssyni til að byggja fyrir vita. En 1879 er gjaldinu breytt aftur, af því að þá þykir það orðið of hátt í samanburði við kostnaðinn af vitunum, og þá er það Tryggvi Gunnarsson, sem beitir sjer fyrir því. Honum farast svo orð: „Nú er ekki enn fullreynt, hve mikið komi til vitans, en á að giska mun það vera yfir 6000 kr. á ári, og er það óþarflega hátt gjald vitanum til viðurhalds". En hann kvaðst samdóma því, að ríkissjóður ætti að fá kostnað sinn fullborgaðan án þess að græða. Þetta er sú regla, sem síðan hefir verið fylgt með vitagjaldið. 1911 er það svo hækkað enn á ný, og þá af þeirri ástæðu, að útgjöld landssjóðs til vitanna hafa hækkað.

Nú stendur málið svo, að ríkissjóður hefir á undanförnum árum samtals lagt fram á 2. hundrað þúsund krónur meira til vitanna heldur en vitagjaldinu nemur, en hefir í aðra hönd fengið vitana að eign, sem eru um 1100 þús. kr. virði, þótt sú eign gefi ekki beinan arð.

Það getur undir engum kringumstæðum komið til mála að ganga lengra en svo, að ríkissjóður fái end-

urgreitt af vitagjaldinu þetta á 2. hundrað þús. kr. og haldi vitunum sem eign, en síðan standist á vitagjald og kostnaður af vitunum og nýbyggingar.

En hv. fjvn. virðist ætla að ganga lengra, þar sem hún vill taka á einu ári 85 þús. kr. af vitagjaldinu umfram það, sem til vitanna gengur. Það virðist því alt benda til þess, að hv. fjvn. vilji fara að gera vitagjöldin að sjerstökum tekjustofni. Hæstv. landsstjórn fór út á þessa hálu braut með fjárlagafrv., þar sem vitagjöldin eru 55 þús. kr. meiri en kostnaðurinn af vitunum, en háttv. fjvn. gengur þó enn lengra. Jeg vænti því, að háttv. deild athugi þetta og fallist á till. sjútvn. og sje jafnframt sammála um, að það sje háskaleg braut að fara að gera vitagjöldin að almennum tekjustofni.

Sveinn Ólafsson: Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir að miklu leyti tekið frá mjer umtalsefnið, því að jeg kvaddi mjer hljóðs út af orðum, sem fjellu hjá hv. þm. Str. (TrÞ). Hann kom inn á till. sjútvn., um að veita 60 þús. kr. til miðunarvitanna þriggja, og ljet á sjer skilja, að nefndin vildi heimta til vitanna jafnmikið fje og vitagjöldin næmu. Út af þessu þykir mjer rjett að minna á það, að 1925 voru vitagjöldin ekki 300 þús. kr., eins og hv. þm. (TrÞ) vill telja fram, heldur nærri 400 þús. kr., en útgjöldin til vitanna alls samkvæmt þessu fjárlagafrv. verða ekki nema 179620 kr., og að viðbættum þeim 60 þús. kr., sem sjútvn. vill leggja til miðunarvitanna, tæplega 240 þús. kr. Er því ekki farið fram á að nota í þarfir vitanna nema rösklega helming af vitagjaldinu, eins og ætla má að það verði. Hinsvegar get jeg verið hv. þm. Str. sammála um það, að ekki sje sjálfsagt eða skyldugt að nota í hvert sinn alt vitagjaldið í þarfir vitanna, þegar aðrar þarfir eru aðkallandi.

Jeg vona samt sem áður, að háttv. deildarmenn hallist að till. sjútvn. í þetta sinn og horfi ekki í þann tiltölulega litla mun, sem er á henni og till. hv. fjvn., því að tryggingin fæst fljótt og er ómetanleg fyrir líf og eignir sjófarenda, ef miðunarvitarnir koma allir þrír í einu.

Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta, fyrst og fremst sakir þess, að búið er að ræða töluvert um það áður, og í öðru lagi finst mjer ekkert uppbyggilegt að tala yfir tómum stólum, þegar menn eru flestir úr deildinni farnir.

Þó skal jeg lítillega minnast á till. mína á þskj. 336, XVI, um 9000 kr. til Hólmahálsvegar. Jeg tók svo eftir hjá hv. frsm. (ÞórJ), að meiri hl. nefndarinnar legðist á móti till. þessari, eins og hæstv. atvrh. gerði líka, og að mjer skildist af því, að þetta fje væri alt of lítið og kæmi því ekki að tilætluðum notum. En eins og jeg hefi minst á áður, þá bjóðast hlutaðeigandi hjeraðsbúar til þess að leggja fram ¼ hluta kostnaðarins, þótt þetta sje á lögákveðnum þjóðvegi, og stilla kröfum svo í hóf, að líklega þarf nokkur ár til þess, að vegspottinn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar verði fullger. Og jeg skal fúslega viðurkenna, að það er eftir ráðleggingum mínum, að farið er svona hóflega á stað með

fjárbeiðnina. Að síðustu skal jeg geta þess, sem mjer láðist að minnast á, þegar jeg talaði fyrir till. þessari, að á Reyðarfirði, sem er aðalbækistöð kjötútflutningsins frá Austurlandi, er engin kælistöð fyrir kjöt til útflutnings, en hún er til úti á Eskifirði. Er því æskilegt, að vegspottinn frá Eskifirði til Reyðarfjarðar verði sem fyrst gerður akfær, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem fyr voru taldar. Vænti jeg því, að hv. þdm. lofi þessari till. að fljóta.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins segja nokkur orð til hæstv. forsrh. (JÞ). Hann var mjög viðkvæmur yfir því, sem jeg sagði, og var að gefa í skyn, að jeg vildi fara að fremja nokkurskonar eldhúsverk. En hæstv. ráðherra þarf ekkert að vera hræddur um það, að farið verði að fremja eldhúsverk á hæstv. stjórn úr þessu. Aðstaða hennar er alt önnur en allra annara stjórna, og samkvæmt þeirri aðstöðu ber að koma fram gagnvart henni.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að jeg hefði verið látinn þegja við vantraustsyfirlýsingunni. Það er vitanlega ekki rjett, að jeg hafi verið „látinn" þegja við henni, en hitt er annað, að jeg lagði ekki margt til þeirra mála, sem þá voru til umræðu. En það er nú svo, að það mun sjaldnast talað mikið, þegar búið er að flytja sjúklinginn úr sjúkrastofunni upp á skurðarstofuna. Það mun vera vanalegast, að gengið sje beint til verks. Út frá þessu gekk jeg einmitt, þegar hin pólitiska „operation" var gerð á hæstv. landsstjórn.

Þá sagði hæstv. ráðherra ennfremur, að hv. fjvn. hefði lítið haft að athuga við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins, þar sem hún aðeins hefði fært áætlunina niður um 50 þús. kr. Þetta finst mjer síst vera til þess að hæla sjer af, því að það er skylda hverrar stjórnar að ganga svo frá fjárhagsáætlun fjárlaganna, að ekki þurfi að færa hana niður.

Þá vildi hann telja það skuld fjvn. í fyrra, að tekjuáætlunin hefði verið ógætileg. En með því kveður hann regindóm upp yfir sinni áætlun, því að mörgum sinnum var hún ógætilegri. Og meðal annars var hann að verja sig og þvo hendur sínar af áætluninni samkvæmt jarðræktarlögunum. Jeg játa, að hann geti það á einum grundvelli, þeim grundvelli að halda sig við annan taxta en nú er farið eftir. Og það er aldrei nema rjett eftir honum að gera það, og þá þarf hann ekki að eyða 100—150 þús. kr., heldur getur komist af með 10 þús. En ætli hæstv. ráðherra að halda sig á þessum grundvelli, þá er hann aldrei nema á þeim sama grundvelli, sem hann er altaf á, þegar hann leggur eitthvað til mála landbúnaðarins.

Þá kunni hæstv. ráðherra hálf illa við, að það væri sagt, að hann hefði í þingbyrjun týnt lögunum um gengisviðaukann. En hvað sem hann segir, þá held jeg fast við það, að í fjárlagafrumvarpinu sje tekið tillit til gengisviðaukans, og er því miklu góðgjarnara að segja, að hann hafi gleymt lögum þessum, þegar hann lagði fjárlagafrv. fyrir þingið, heldur en að halda því fram, að tekjurnar hafi ekki verið áætlaðar á grundvelli gildandi laga.

Annars finst mjer hálf leiðinlegt, að

þetta skyldi henda hæstv. fjrh. nú, ofan á alt annað, sem á undan er gengið í hinni frægu fjármálastjórn hans, svona á síðasta þinginu, sem hann á eftir að sitja sem fjármálaráðherra.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að það hefði verið haft rangt eftir sjer, að hann hafði sagt við framhald 1. umr. fjárlagafrv., að hann ætlaði að geyma eldhúsverkin þangað til við vantrausts-umræðurnar. En jeg býst nú við, að ýmsir hafi heyrt hann segja þetta, og að minsta kosti hafa þingskrifararnir skrifað það eftir honum. Í handriti þeirra stendur: „Jeg er vanur að nota þetta tækifæri til eldhúsverka, en þar sem nú stendur svo á, að umræður um vantrauststillögu standa fyrir dyrum, get jeg komið öllum mínum aðfinslum að við það tækifæri og ætla því ekki að fara í eldhúsið nú". Þetta hafa skrifararnir skrifað, en að vísu er ræðan óleiðrjett, og má því vel vera, að þingmaðurinn taki þetta út úr þingtíðindunum, en jeg held eigi að síður, að hann hefði getað sparað sjer að bera á móti þessu nú. Ef ekki þykir hægt að fara út í eldhúsverk við stjórnina, þá er það ekki af öðru en því, að hún hefir svo gott orð á sjer, að ekki er hægt að finna að neinu hjá henni; því að eldhúsverk eru ekkert annað í þessum skilningi en aðfinslur, sem hver stjórn má altaf eiga yfir höfði sjer.

Þessi „pólitíska operation", sem hv. þm. var að tala um, er ekkert annað en það, að vantrauststillögunni var vikið frá með brtt., sem fól í sjer, að þessi stjórn ætti að sitja fram yfir næstu kosningar, eins og líka greinilega var tekið fram af frsm. flokksins, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Þetta var því líka hlutleysis-yfirlýsing frá stjórnarandstæðingum, sem ekki vilja styðja stjórnina, en sjá að þeir geta ekki myndað stjórn sjálfir.

Þá fann hv. þm. Str. mjög til þess, að allar ásakanir um ógætilega fjárhagsáætlun hitta fyrst hv. fjvn. Og má í þessu sambandi geta þess, að í fyrra bar hún fram till. til hækkunar á aðeins einum lið, sem nam nálega 330 þús. kr. Að jeg ekki lagðist fast á móti því þá, var fyrir þá sök, að nefndin lofaði að styðja ekki að fleiri hækkunartill., ef þessi næði fram að ganga. Það, sem mjer því er ámælt fyrir nú, er það, að jeg hefi látið fjárlagafrv. stjórnarinnar bera svip af áætlun hv. fjvn. frá síðasta þingi. En það er nú svo um þetta mál eins og öll önnur, að stjórnin verður að taka tillit til þess, sem þingið vill, og því bar henni skylda til að hafa hliðsjón af áætlun háttv. nefndar.

Þá vildi hann afsaka sig og nefndina með því, að nú væri útlitið framundan um afkomu ríkissjóðs ennþá verra en í fyrra, en þetta er ekki rjett, því ef munurinn er nokkur, þá er þó bjarta útlit um afkomu ársins 1928 en var í fyrra um afkomu yfirstandandi árs. Þess vegna er það enginn regindómur yfir fjárhagsáætlun stjórnarinnar nú, þó að hún feti einmitt í þau spor, sem samþykt voru hjer fyrir ári síðan.

Þá fór hann að tala um jarðræktarstyrkinn og viðurkendi nú, að engar upplýsingar hefðu legið fyrir frá Búnaðarfjelaginu um það, hve mikið fje þyrfti til hans eftir jarðræktarlögunum, og hann afsakaði Búnaðarfjelagið

með því, að það hefði ekki getað gefið þessar upplýsingar, sökum þess að það hefði ekki fengið í hendur skýrslur frá búnaðarfjelögunum. En jeg vil þá spyrja, hvernig er hægt að ætlast til þess, að stjórnin viti um þetta, úr því að Búnaðarfjelagið var ekki einu sinni búið að fá skýrslurnar í sínar hendur?

Þá hafði háttv. þm. mikið að því að finna, að frv. um gengisviðaukann var ekki borið fram um leið og fjárlagafrumvarpið, en þetta var alveg eðlilegt, því að stjórnin vildi athuga, hvort nægja mundi óbreytt framlenging, eða breytingar þyrfti að gera til útvegunar á tekjum, og sú athugun gat ekki farið fram fyr en niðurstaða ársins 1926 var í ljós komin. Hitt er skakt, að áætlun stjórnarinnar hafi ekki verið gerð á grundvelli núgildandi laga. Hún hefir einmitt haft það fyrir augum, því að stjórnin mátti búast við því, að þessi lög yrðu framlengd, þegar þau fjellu úr gildi. Það var vikið að því á síðasta þingi og eins nú við fyrri umr. fjárlagafrv., að til þess gæti komið, að tekjuauka þyrfti að útvega á þessu þingi og þá ganga lengra en að framlengja þessi lög. Og ekki er enn sjeð fyrir það, hvort hjá því verður komist. En nú er tækifæri fyrir hv. fjhn. að athuga það mál í sambandi við frv. um framlengingu á gengisviðaukanum.

Annars tel jeg það mjög óheppilegt, ef fjárlagafrv. verður fyrir þeim útgjaldaauka í meðferð þingsins, að leggja verði þess vegna ný gjöld á þjóðina, því að það er vel hægt ennþá, þar sem fjárlagafrv. er ekki lengra komið, að afgreiða það í því formi, að hægt verði að hlífa þjóðinni við nýjum sköttum og álögum.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni, en ætla þó að segja nokkur orð viðvíkjandi brtt. á þskj. 336,X. Jeg tók svo eftir, að hv. frsm. (ÞórJ) segði fyrir hönd nefndarinnar, að henni væri ekki nægilega kunnugt um þetta mál. Jeg skal fúslega játa, að jeg hefi ekki skrifað hv. fjvn. um það, hvað fjelagið í Flatey ætlaði sjer að gera við þessa peninga. En jeg talaði við nefndina og sagði henni, að hugmyndin væri að byggja sjúkraskýli í sambandi við hinn væntanlega læknisbústað. Jeg hafði tjáð nefndinni, að fjelagið ætti í sjóði 3400 kr. og áætlað væri af smiði í Flatey, að fyrirtækið mundi kosta um 6500 kr. Mjer var falið af fjelaginu að fara fram á, að því yrði veittur 2000 kr. styrkur. Brtt. í þá átt flutti jeg svo við 2. umr. fjárlagafrv. og fór þá um hana nokkrum orðum, sem jeg hefi nú að nokkru orðið að endurtaka. Þessa brtt. tók jeg aftur til 3. umr. Jeg er alls ekki að setja neitt út á afstöðu nefndarinnar til þessarar hóflegu till., en mjer þykir aðeins leitt, að hún skuli hafa gleymt því samtali, sem jeg átti við hana um þetta efni. Þegar þess er gætt, að hjer er ekki nema um örlítinn hluta af þeirri upphæð að ræða, sem jeg fullyrði að byggingin muni koma til að kosta, þá vænti jeg þess, að hv. þdm. taki vel í þessa málaleitun. Mjer þætti ekki illa fara á því, að nefndin gerði slíkt hið sama, ef hún þá tekur orð mín trúanleg. Annars ætla jeg ekki að fara frekar út í umr. um þennan kafla fjárlaga-

frv. Jeg vildi aðeins gefa stutta skýringu, ef það gæti orðið til þess, að hv. þm. vildu frekar ljá till. þessari fylgi. En ef hún verður feld, þá er óhætt að slá því föstu, að það er algerlega móti allri venju um slíkar fjárveitingar í flestum öðrum tilfellum, þar sem svo mikill hluti fjárins kemur annarsstaðar frá.

Forseti (BSv): Umr. þessa hl. fjárlagafrv. er lokið og verður þegar hafin umr. um síðari hluta þess, en atkvgr. frestað. Jeg verð að telja heimilt að leyfa þeim hv. þm., sem talað hafa við fyrri hl. umr., að taka til máls aftur sem ný umr. sje hafin, og er það samkvæmt fastri þingvenju.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál af hálfu fjvn. um þennan kafla fjárlagafrv. Ekki ætla jeg heldur að fara út í neinn almennan samanburð, meðan enn eru á leiðinni till. frá einstökum hv. þm. og jafnvel ekki laust við, að von sje á till. frá fjvn. Af öllum þeim fjölda brtt., sem hjer liggja fyrir, er er alveg hverfandi það, sem frá nefndinni kemur, svoleiðis að ef yfirborðið af þeim verður samþ., þá er framhjá því gengið, að fjvn. hafi nokkur veruleg áhrif á afgreiðslu fjárlaganna.

Jeg ætla þá í sem stystu máli að gera grein fyrir hinum tiltölulega fáu brtt. nefndarinnar. Þær er allar að finna á þskj. 336.

Það eru þá fyrst 2 brtt., er snerta Landsbókasafnið. Landsbókavörður kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir því, að safninu væri mjög bagalegt, ef lækkaðar væru fjárveitingarnar til bókakaupa og bókbands og til samningar handritaskrár, því að þær væru nú helst til lágar. Stjórnin lækkaði þessar upphæðir í frv. sínu, aðra um 1000 kr., en hina um 500 kr. Nefndin hefir fallist á að hækka þær aftur, þannig að þær verði eins og í núgildandi fjárlögum. Landsbókasafninu berst árlega fjöldi góðra bóka, sem engin eign er í og ekki koma að neinu gagni, nema þær sjeu bundnar inn. Um handritaskrána er það að segja, að að henni starfar nú Páll Eggert Ólason, og stendur aðeins á að gefa hana út, svo að hún megi koma að notum. Það er ekki hægt fyrir menn að nota safn þetta, nema til sje yfir það fullkomin skrá. Af því, sem nú er sagt, sjer nefndin sjer ekki annað fært en að hækka þessa liði aftur.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar undir tölulið XXXVI. Er hún aðeins leiðrjetting samkvæmt fengnum upplýsingum. Sá partur jarðabókar Árna Magnússonar, sem styrkurinn er veittur til, á að ná yfir Hegranesþing, og er því þessi brtt. sjálfsögð.

3. brtt. nefndarinnar er undir tölulið L. Er þar lagt til, að áætlunaruppheðin viðvíkjandi jarðræktarlögunum verði hækkuð um 100 þús. kr. Í frv. stjórnarinnar er þessi upphæð áætluð 50 þús. kr., enda lágu þá ekki gögn fyrir um það, hvers vænta mátti. Nú hafa nefndinni borist gögn frá Búnaðarfjelagi Íslands um það, að útgjöldin verða í þetta sinn 176583,20 kr. Það er ljóst, að ef á að fara eftir sama taxta og áður, er ekkert vit í þeirri áætlun, sem nú er í frv., 50 þús. kr. Nefndin ber þessa brtt. fram eftir ósk Búnaðarfjelagsins, og er því til-

ætlun hennar, að styrkurinn verði greiddur eftir sama taxta og áður.

Þá á nefndin eina brtt. við 17. gr., um að Sjúkrasamlag prentara megi fá styrk eins og önnur sjúkrasamlög. Þetta hefir staðið í fjárlögum áður, enda starfar þetta samlag alveg eins og önnur sjúkrasamlög, en það getur þó ekki heyrt undir ramma laganna eins og þau eru nú, vegna þess að það er bundið við eina stjett manna. Þetta vill nefndin lagfæra, enda mun þetta eigi nema meiru en eitthvað á annað hundrað króna, og vill nefndin leggja það til, að slík greiðsla fari einnig fram fyrir yfirstandandi ár.

Þá vill nefndin, að ekkjum tveggja nýlátinna manna verði greidd nokkur eftirlaun, ekkju Forbergs landssímastjóra og ekkju Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds. Jeg skal geta þess, að þessar till. flytur nefndin eftir ósk hæstv. stjórnar og till., og skal jeg bæta því við, að að því er ekkju Forbergs snertir er það viðbót við eftirlaun. Jeg vænti, að allir sjeu sammála um, að þessar till. sjeu sjálfsagðar..

Um yfirhjúkrunarkonu Kjær skal jeg taka það fram, að hún hefir á næsta ári starfað hjer á landi 25 ár, og frá henni hefir borist erindi um, að hún óskar eftir að fá þá lausn frá starfi sínu til að hvílast. Erindi hennar fylgja mjög eindregin meðmæli frá yfirlækni Sæm. Bjarnhjeðinssyni, enda mun óhætt að fullyrða, að hún hefir reynst hin mætasta og merkasta kona í alla staði. Okkur er vandfarið við þá útlendinga, sem svo vel reynast, og vill nefndin mæla hið besta með þessari till., með því líka að þessi kona treystir sjer ekki til að láta af starfi sínu, nema hún fái einhver eftirlaun, en þarf hinsvegar mjög að hvílast, eftir langt og vel unnið starf í okkar þágu. Til viðbótar vil jeg benda á það, að ástandið er nú orðið svo breytt, að við þurfum tæplega hjúkrunarkonu með svo mikilli mentun eins og þessi kona hefir. Það er hægt að komast af með ódýrari starfskraft, svo að óvíst er, hvort um nokkur aukin útgjöld verður að ræða.

Þá flytur nefndin brtt. við 23. gr., um að heimila stjórninni að greiða halla þann, er verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927. Á núgildandi fjárlögum eru samskonar ákvæði fyrir haustið 1926, og mun ekki þurfa til þess að taka, og jeg geri eins ráð fyrir, að þess þurfi heldur ekki nú, en það er þó öruggara fyrir þessa stofnun að hafa þessa tryggingu að baki sjer. Væntanlega verður þetta í síðasta sinn, sem farið er fram á þetta, þar sem við höfum nú eignast skip, sem gert er með sjerstöku tilliti til þessara flutninga. En nú verður að leggja alla áherslu á þetta, með því að aldrei hefir horft óvænlegar en nú með sölu á saltkjöti, og þyrfti að senda út frosið kjöt í miklu stærri stíl en áður hefir verið, og er þá nauðsynlegt og sjálfsagt, að ríkið styðji allar tilraunir í þessa átt.

Fleiri eru ekki till. nefndarinnar. Um till. einstakra þm. ætla jeg ekki að tala fyr en flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Bernharð Stefánsson: Jeg var ekki við því búinn að taka til máls svona snemma, en gat þó ekki látið niður

falla að minnast dálítið á 2 brtt., sem jeg er við riðinn, þótt jeg flytji hvoruga þeirra einn.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 336, LXIX, um biðlaun handa Eggert Stefánssyni símritara á Akureyri, 1800 kr., og til vara 1500 kr., þar til hann fær stöðu hjá landssímanum, með eigi lakari kjörum en hann áður hafði.

Hv. þdm. mun flestum vera kunnugt um þetta mál, því að erindi um þetta hefir legið fyrir þinginu áður, og líka vegna þess, að í hittiðfyrra flutti jeg samskonar tillögu og þessa, en upphæðin var þá hærri en hún er hjer. Jeg gerði þá grein fyrir því, hvaða rök lægju til þess, að jeg flutti þá till., og þau rök eru enn óhrakin, og get jeg því að mestu látið nægja að vísa til þess, sem jeg sagði þá, en við það vil jeg þó bæta einu eða tveimur atriðum til skýringar.

Eggert Stefánssyni var veitt stöðvarstjórastaðan á Borðeyri árið 1922, samkvæmt tilmælum þáverandi landssímastjóra, og hafði hann þá verið í þjónustu landssímans um mörg ár. Þessi veiting hlýtur að sýna það, að hann hafi leyst störf sín vel af hendi til þess tíma, annars hefði hann ekki fengið meðmæli frá landssímastjóra. En Eggert tók aldrei við þessari stöðu. Það varð að samkomulagi milli hans og þáv. atvinnumálaráðh., að hann fór aldrei til Borðeyrar, en var kyr við starf sitt á Akureyri. Þetta var gert vegna þess, að „Símamannafjelagið" var óánægt með þessa veitingu, því að það vildi koma einum af sínum mönnum í stöðuna og hótaði jafnvel verkfalli, ef það fengi ekki að ráða, og Eggert dró sig til baka til þess að fyrra vandræðum. Við þetta starf á Akureyri var hann svo kyr þangað til 8. apríl 1924, að hann er sviftur stöðunni og honum gefin að sök drykkjuskaparóregla. Þetta lítur nokkuð einkennilega út. Haustið 1922 er Eggert talinn góður og gildur starfsmaður og trúað fyrir ábyrgðarmikilli stöðu, þótt svo atvikaðist, að hann tæki aldrei við henni, og það er sannanlegt, að fult ár eftir það var Eggert alger bindindismaður. Hjer getur því alls ekki hafa verið um brot að ræða í þessu efni, nema á tímabilinu frá því seint á árinu 1923 til 8. apríl 1924, þegar honum var vikið frá. Jeg hafði töluverð kynni af manninum á þessu tímabili, og var mjer alls ekki kunnugt um, að meiri brögð væru að vínnautn hans þá heldur en oft hafði verið, áður en honum var veitt stöðvarstjóraembættið og á meðan hann var talinn forsvaranlegur starfsmaður, og þótt svo kynni að hafa verið, hygg jeg, að finna megi mildandi ástæður. Hann var veikur um tíma þetta haust, 1923, og fyrsta vínnautn hans þá mun hafa verið samkvæmt læknisráði. Í öðru lagi má líta á það, að ef hann hefði farið til Borðeyrar, þar sem freistingar eru minni í þeim efnum en á Akureyri, þá hefði þetta ekki orðið honum að falli.

Jeg ætla ekki að fara mikið fleiri orðum um þetta mál, en einu vil jeg slá föstu: Eggert afsalaði sjer stöðvarstjóraembættinu á Borðeyri *vegna ákveðinna tilmæla landsstjórnarinnar*, þótt hann hefði fylsta rjett til að halda stöðunni og allar líkur sjeu til, að þar hefði hann getað staðist þá freistingu, sem talið er að hafi orð-

ið því valdandi, að hann var sviftur stöðu sinni á Akureyri. Hann hefir því að minsta kosti orðið fyrir óvenjulegu harðræði, og því tel jeg rjett að bæta honum það að einhverju leyti. Jeg hefi fengið upplýsingar um það, að Eggert mun hafa verið með færustu símamönnum landsins; það eru menn, sem vel kunna um það að dæma, sem það hafa vottað. Hjer er ekki farið fram á annað en að hann fái lítilsháttar biðlaun, þangað til hann fær stöðu aftur við símann. Jeg skil ekki í öðru en hann fái hana, því að hann er mjög vel fær um að taka einhverja slíka stöðu að sjer. Jeg skal ennfremur benda á það, að þegar Eggert var sagt upp stöðu sinni á Akureyri, varð hann ekki einn fyrir því, heldur var stöðvarstjórinn líka settur frá, og hann hefir nú verið tekinn aftur.

Jeg verð að vænta þess, að Eggert verði látinn njóta sama rjettar, því að það, sem stöðvarstjóranum var gefið að sök, mun hafa verið öllu alvarlegra heldur en sök Eggerts á að hafa verið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, með því að meðflm. minn, hv. 1. þm. Rang. (KlJ), mun gefa deildinni frekari upplýsingar um málið, enda er hann enn kunnugri því en jeg.

Þá er önnur brtt., sem jeg flyt ásamt hv. þm. Ak. (BL) og hv. 1. þm. Reykv. (JakM), á þskj. 345, lið VII, við 22. gr., um að heimila stjórninni að veita bræðrunum Esphólín alt að 75 þús. kr. viðlagasjóðslán til þess að koma upp tunnuverksmiðju á Siglufirði og endurbæta verksmiðju á Akureyri, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar, og með öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í till. — Hjer er ekki farið fram á fjárveitingu, heldur aðeins lán. Áhætta er heldur ekki nein, því að það er ekki ætlast til þess, að lánið sje veitt, nema gegn fullri tryggingu að dómi stjórnarinnar. Hinsvegar er þetta mjög þarflegt fyrirtæki og vel þess vert, að þingið styðji það á þennan hátt. Það er talað um það, að útgerðin beri sig ekki, því að kaup verkafólks sje alt of hátt, o. s. frv. En þó að segja megi, að verkkaup sje of hátt um bjargræðistímann, þá er hitt víst, að verkamenn hafa ekki of mikið. Þetta stafar af því, að atvinnan er ekki stöðug, heldur koma langir atvinnuleysistímar á milli. Það er oft ekki um neina atvinnu að ræða að vetrinum til, og menn verða þá að lifa á því, sem þeir hafa aflað yfir sumarið. Það er því ekki að undra, að verkamenn krefjast mikils kaups. Þetta ólag stafar mjög af því, að menn hafa ekki komið því svo fyrir enn að vinna í landinu sjálfu ýmislegt, sem hjer er vel hægt að vinna, heldur kaupa vinnuna af útlendingum, og svo gengur fjöldi fólks hjer á landi iðjulaus yfir veturinn.

Ef nú tunnuverksmiðju væri komið á fót á Siglufirði og stækkuð og endurbætt verksmiðjan á Akureyri, þá ætti að vera atvinnu að fá einmitt á veturna, þegar annars yfirleitt er sáralítið að gera. Það er líka auðsjeð, að verkamenn nyrðra sjá, hverra hagsmuna þeir mega vænta af þessari framkvæmd, því að verkamenn á Siglufirði hafa boðist til að taka þátt í fyrirtækinu, þannig að leggja fram vinnu sína sem hlutafje.

Það hafa fróðir menn sagt mjer, að útvegurinn hjer þurfi um 270 þúsund síldartunnur á ári, og ef þær væru

allar smíðaðar hjer, mundi það veita atvinnu 180 manns yfir veturinn. Þessar verksmiðjur, sem hjer er um að ræða, mundu vitanlega ekki fyrst um sinn geta smíðað allar þær tunnur, sem útvegurinn þarf, en þær yrðu þó vísir. Nú munu innfluttar síldartunnur — hingað komnar — kosta um kr. 5,50, eða m. ö. o., 270 þúsund tunnur kosta þá um hálfa aðra miljón króna. Efni í hverja tunnu kostar nú um 3 kr. hingað komið, eða efni í 270 þúsund tunnur kostar þá um 800 þús. kr. Mismunurinn á að kaupa aðeins efnið eða tunnurnar tilbúnar yrði þá um 700 þús. kr., sem yrði sparnaður fyrir þjóðarheildina, ef tunnurnar væru smíðaðað hjer, því að þá færi 700 þús. kr. minna út úr landinu en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Fleiri ljetti mætti telja, t. d. það, að það er töluvert erfitt fyrir þá, sem fást við þennan atvinnuveg, að panta tunnurnar í óvissu; þeir verða að fara eftir áætlun um það, hve mikið þeir muni þurfa af tunnum. Væru tunnuverksmiðjur hjer til, þá gætu þær orðið nokkurskonar forðabúr í þessum efnum; síldarútflytjendur gætu pantað tunnurnar jafnóðum og þörf væri fyrir þær. Jeg hefi líka oft heyrt kvartað undan því, að síldarmarkaðurinn yfirfyllist snögglega, og hefir því verið um kent, að of mikið væri flutt út af síld í einu. En það kemur meðal annars af því, að síldin er send út með skipum þeim, sem flytja tunnurnar inn í landið. Ef ekki þyrfti að miða útflutninginn við þessi skip, þá mætti haga sendingunum eftir hentugleikum. Allir geta líka sjeð, að skiprúm sparast mikið með þessu, því að efnið í tunnuna tekur minna pláss í skipinu en tilbúin tunna. Að vísu er stundum flutt inn salt í tunnunum hingað, og kemur þá rúmið að notum, en það er ekki nema lítill hluti af öllum síldartunnum, sem salt er flutt inn í. Þá hefi jeg heyrt kvartað undan því, að hinar útlendu tunnur væru mismunandi að stærð, og ylli það óánægju hjá hinum útlendu kaupendum. Með innlendri tunnuverksmiðju mætti girða fyrir þetta.

Ef þessi atvinnugrein næði hjer þroska, þá mundi fara svo í framtíðinni, að einnig kjöttunnu- og lýsistunnugerðin færðist inn í landið, því að allar þrjár tunnutegundir er hægt að vinna í sömu verksmiðjum.

Jeg vænti þess, að hv. deild sinni þessu máli og líti á það með fullri sanngirni. Mjer er ánægja að því að gefa háttv. þm. þær upplýsingar um þetta mál, sem jeg get, á milli funda, ef þeir æskja þess, en hinsvegar sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það hjer í deildinni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru fáar brtt., sem jeg þarf að minnast á. Fyrst vil jeg geta brtt. XXII á þskj. 336, frá hv. þm. Dal. (JG), og í sambandi við hana brtt. frá hv. þm. Str. (TrÞ), á þskj. 345. Jeg vil leiða athygli háttv. deildar að því, að hjer er í raun og veru verið að auka þann útgjaldalið, sem felst í 14. gr. A. b. 4, framlag til prestlaunasjóðs. Því minna sem kemur í hann, því meiri verður hallinn á honum. Út af brtt. hv. þm. Str. sjerstaklega vil jeg geta þess, að á sumum prestssetrum kemur inn svo mikið

fje í varpi, að það stappar nærri prestslaununum sjálfum, og finst mjer fullmikið að leggja svo mikið fje til jarðabóta. Annars hafa prestssetrin þetta 200—300 kr. til þess að vinna af sjer.

Þá er brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), um það að færa liðinn um kaup á listaverkum undir þjóðmenjasafnið. Það var nú svo áður, en var fært til í fyrra eða hittiðfyrra. Mjer er alveg sama, hvernig þetta verður haft nú, það er að sumu leyti betra fyrir stjórnina að vera laus við þann vanda að velja listaverkin. En annars vil jeg geta þess, að álits þjóðmenjavarðar hefir oft verið leitað, þegar um þessi kaup hefir verið að ræða.

Þá kem jeg að XLIV. brtt. á þskj. 336, frá mjer, þess efnis að veita Björgu Þorláksson 3000 kr. styrk til ritstarfa. Svo stendur á þessu, að jeg hafði lagt til að hafa þennan lið, í mínu uppkasti að 15. gr. fjárlagafrv., en hæstv. forsrh. (JÞ) strikaði hann út, líklega vegna þess, að þessi kona er systir hans. Honum hefir fundist erfitt fyrir sig að leggja fram frv. með fjárveitingu til systur sinnar. En jeg vil nú ekki láta þessa konu gjalda þess, að hún er systir hans, og hefi jeg því borið fram þessa brtt., til þess að hv. deild geti látið í ljós álit sitt. Eins og mönnum mun kunnugt, er frú Björg stórgáfuð kona og hefir leyst af sendi þá þrekraun, sem engin íslensk kona hefir áður gert, að verja doktorsritgerð við franskan háskóla. Mjer er kunnugt um, að hún er fátæk, en hefir mikla löngun til þess að halda áfram ritstörfum og rannsóknum á hinu sama efni, sem doktorsritgerð hennar fjallar um.

Þá er L. brtt. á sama þskj., frá hv. fjvn., um að hækka gjöldin samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna um 100 þús. kr. Mjer skilst, að þessi brtt. sje flutt eftir minni beiðni, því að jeg kom á fund hjá nefndinni og óskaði eftir svona brtt. En mjer er sagt, að háttv. frsm. hafi talað um, að hjer væri ónákvæm og ill áætlun hjá stjórninni. Jeg vil nú benda á, að það var ekki gott að gera nákvæma áætlun um þetta, þegar fjárlagafrv. var samið, þar sem þetta er annað árið, sem styrkur þessi er borgaður út, en í fyrra voru það 130 þús. kr., en það var í raun og veru styrkur fyrir tvö ár. Auk þess er þess að gæta, að það var hámarksupphæð, sem greidd var í fyrra. En þessi brtt. á að sýna, að það er ekki tilgangur stjórnarinnar að fara lægra 1928 í þessu efni.

Þá verður næst fyrir mjer brtt. LXV. á þskj. 336, frá háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), um eftirlaun handa ekkju Bjarna heitins frá Vogi. Jeg veit vel, að þessar till., sem hann ber hjer fram, fara lengra en venja er til með ekkjur, en jeg mun samt greiða atkvæði með hærri brtt., því að jeg lít svo á, að hjer eigi í hlut ekkja manns, sem alt gott eigi skilið. Þessum látna manni var annað betur lagið en að safna fje, svo að ekkjan á ekkert til. En hún á efnilega sonu, sem hún er að kosta til náms, en nú hefir það legið við borð, að hún yrði að láta elsta son sinn hætta námi sökum fjárskorts. En þessi piltur er einstaklega efnilegur námsmaður, svo að það er skaði, að hann þurfi að hætta. Þó jeg sjái, að þetta sje brot á reglum, sem farið hefir verið eftir í þessu efni, þá tel jeg vel forsvaranlegt, und-

ir þessum kringumstæðum, að vera með þessu. Það stendur svo sjerstaklega á um ekkju þessa merkismanns, að hjer þarf ekki að skapast neitt fordæmi. Jeg vil mæla sem allra best með því, að þessi brtt. verði samþykt. Mjer þykir það ekki ólíklegt, að þeir muni margir vera hjer inni, sem telja sjer fært að fara að þessu sinni út fyrir þann ramma, sem þeir annars hefðu sniðið sjer.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), um biðlaun til Eggerts Stefánssonar. Jeg mun nú fylgja sömu reglu og áður, að draga þetta mál ekki mikið inn í umræðurnar. En af því að mjer skildist á hv. 2. þm. Eyf., að þessum manni hefði verið vikið að ósekju úr stöðu sinni, þá nægir mjer að vísa til þess, sem áður hefir komið fram í þessu máli. Að öðru leyti fer jeg ekkert út í það.

Þá eru brtt. frá hv. þm. Mýr. (PÞ), hv. þm. Ak. (BL) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), um lán úr viðlagasjóði. Jeg hefi altaf verið frjálslyndur gagnvart svona till. Jeg sje ekki ástæðu til þess að vera á móti þessu, en það verður um leið að undirstrika það, að með þessu er ekki slegið föstu, að lánin fáist. Það fer eftir því, hvort fje er til í viðlagasjóði eða ekki.

Þá er brtt. frá mjer þess efnis að hækka styrk þann, sem stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands samkv. 23. gr. Þessi styrkur var upphaflega hugsaður sem endurgreiðsla til fjelagsins á því, sem það greiðir í vitagjöld og skipagjöld. Það hefir þótt sanngjarnt að styrkja fjelagið á þennan hátt. En nú hefir Nielsen framkvæmdarstjóri snúið sjer til stjórnarinnar og farið fram á hækkun á þessum styrk vegna hins nýja skips, sem nú hefir bæst við, „Brúarfoss“. Mjer hefir fundist rjett að verða við þessu og halda áfram í sama stíl og byrjað hefir verið. Þetta skip verður alt árið á ferðum, bæði í strandferðum og landa á milli, og borgar því mikið bæði í skipagjöld og vitagjald, því að vitagjaldið er greitt í hvert skifti, sem skipin koma frá útlöndum. Því er ekki að leyna, að Nielsen er töluvert áhyggjufullur um það, að erfitt muni vera að standa straum af þessu skipi, og mjer var kunnugt um, að hann var altaf hikandi við að byggja þetta nýja kæliskip. Við þetta bætist, að skip þetta bætir mikið úr strandferðunum, svo að mjer finst ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður beri dálítinn hluta af þeim bagga, sem þetta nýja skip kann að verða.

Þá er brtt. frá háttv. fjvn., um að veita stjórninni heimild til þess að greiða halla þann, sem kann að verða af tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga á því að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927. Það er rjett, sem hv. frsm. (TrÞ) sagði, að þessi heimild er í núgildandi fjárlögum, en jeg hafði ímyndað mjer, að ekki þyrfti að taka þessa heimild upp aftur, eftir að við hefðum fengið hið nýja kæliskip. En af því að þetta er fyrsta árið, sem skipið starfar, og af því, að hv. frsm. lýsti yfir því, að ekki væri meiningin að hafa þennan lið áfram, þá mun jeg ekki verða á móti því að þessu sinni. En jeg vona, að ekki komi til þess að halli verði, því að ef svo reyndist, þá hefir það

sennilega verið misráðið að kaupa þetta nýja kæliskip. En jeg ætla að vona, að til þessa komi ekki.

Þá er að síðustu brtt. frá mjer, að keypt verði hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27 þús. kr. Þar af á ríkissjóður að greiða 7000 kr. um leið og kaup fara fram, en að öðru leyti á kaupverðið að greiðast með því, að ríkissjóður taki að sjer áhvílandi 20 þús. kr. skuld við sparisjóð Sauðárkróks, en sýslumaður taki húsið á leigu með þeim skilmálum, að hann ávaxti og afborgi áhvílandi skuld, haldi húsinu við og greiði af því alla skatta og skyldur. Þegar þetta er greitt að fullu, þá hefir ríkissjóður eignast húsið fyrir 7000 kr., auk vaxta og vaxtavaxta. En sýslumaðurinn er fátækur maður og getur ekki borgað þessar 7000 kr., og mjer er kunnugt um það, að hann hefir ekki getað fengið annað sæmilegt húsnæði. Jeg veit, að hjer er gengið inn á nýja braut, en jeg býst ekki við, að hægt sje að sporna við því, að þar sem sýslumannssetur eru fastákveðin, þar eignist ríkissjóður bústaðina. Ríkissjóður hefir mikið hjálpað læknum og prestum í þessu efni, og jeg býst við, að svo verði líka að vera með sýslumennina. Það er erfitt fyrir fátæka kandidata að þurfa að kaupa hús eða byggja á stöðum, þar sem þeir koma óþektir og allslausir.

Pjetur Ottesen: Í öllum þessum aragrúa af brtt. er aðeins ein lítil brtt., sem nafn mitt stendur við. En hún er um að veita Bjarna Sigurðssyni 1200 kr. styrk til húsagerðarnáms í Stokkhólmi. Það er svo ástatt um þennan pilt, að hann útskrifaðist síðastliðið vor og hafði fyrir löngu ákveðið að gera það að lífsstarfi sínu að vinna að húsagerð og afla sjer mentunar á því sviði, svo sem bestur er kostur á. Hann sótti um stúdentastyrk þann, sem veittur er 4 stúdentum árlega, en það vildi svo óheppilega til, að í ár sóttu óvenjulega margir um þann styrk. Nefndin, sem úthlutar styrknum, varð ósammála og klofnaði. Þessi piltur varð svo óheppinn, að meiri hluti nefndarinnar lagðist á móti honum og tók annan pilt fram yfir hann. Sá, sem meiri hluti nefndarinnar hallaðist að að veita styrkinn, var bæði frá öðru ári og hafði auk þess lægri einkunn, svo að í raun og veru voru ákvæði laganna brotin með því að taka hann fram yfir Bjarna þennan. En hvað sem öðru líður, varð niðurstaðan sú, að Bjarni Sigurðsson fjekk ekki styrkinn að þessu sinni. Hann vildi nú samt sem áður klífa þrítugan hamarinn og hefja þegar á þessu ári húsagerðarnámið, frekar en að láta af þeirri ætlun, er hann hafði altaf haft, og hann útvegaði sjer lánsfje til að fara utan síðastliðið haust. Honum hraus hugur við að eyða einu ári af æfi sinni í algerða kyrstöðu. Foreldrar hans eru mjög fátækir og geta ekkert styrkt hann, en lánið fjekk hann með tilstyrk góðra manna. Það var fyrir hvatning frá þeim Guðmundi Hannessyni prófessor og Guðjóni Samúelssyni byggingameistara, að hann fór til Stokkhólms, því að þeir álitu, að þar væri haldbesta þekkingu að fá í þessum efnum og best við hæfi Íslendinga. Jeg hefi nú flutt þessa brtt., af því að þessi efnilegi námsmaður ætlar sjer að loknu námi að vinna

að hagnýtum störfum og er sjerþurfandi fyrir þessa hjálp, og svo hafa þeir Guðmundur Hannesson og Guðjón Samúelsson mjög hvatt hann til þess. Þeir líta svo á, að það sje mikil nauðsyn fyrir Íslendinga, að fá sem besta sjerþekkingu í byggingarfræði, og leiðir það af líkum, hve mikil og brýn þörf er fyrir haldgóða þekkingu á því sviði, þar sem þörfin á endurbótum á húsakynnum er svo brýn eins og hjá okkur. Þess vegna hafa þeir hvatt mig til að flytja till., og Guðmundur Hannesson hefir beinlínis skorað á mig að gera það, svo að það væri trygt, að þessi efnilegi piltur gæti haldið áfram námi. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að næst þegar stúdentastyrknum verður úthlutað, fái þessi piltur að njóta hans, og vil jeg því vona, ef þessi brtt. verður samþykt, að hann fái þennan styrk útborgaðan í ár, enda þótt hann standi í fjárlögum fyrir 1928. — Nú hefi jeg gert grein fyrir ástæðunum til þessarar brtt. og fel hv. þdm. að meta ástæðurnar fyrir henni, og vona jeg, að till. verði vel tekið.

Jón Guðnason: Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. Tvær hinar fyrstu eru á þskj. 336,XXXIII, 1. og 2. liður. Hinnar fyrri hefir þegar verið minst nokkuð af hæstv. atvrh., og get jeg þakkað honum undirtektir hans, sem ekki voru óvinsamlegar, enda þótt hann legði ekki beint til, að till. væri samþ. Ástæðurnar fyrir því, að jeg bar fram till., voru aðallega tvær. Hin fyrri er sú, að mjer er persónulega kunnugt, hve erfitt það er prestum að þurfa að greiða svo háa húsaleigu sem þeir verða nú að gera, með þeim launakjörum, er þeir hafa, einkum ef þeir hafa neyðst til að byggja í dýrtíðinni. Því erfiðara hlýtur þetta að vera, þar sem altaf er krafist, að til húsa á prestssetrum sje vandað svo, að þau verði til frambúðar, og því hljóta þau að vera nokkuð dýr. Yfirleitt mun óhætt að fullyrða, að þeir prestar, sem bygt hafa á síðari árum, greiði leigu af dýrara húsnæði en þeir þyrftu sjálfra sín vegna, ef ekki væri tekið tillit til, að þarna er verið að byggja framtíðarhús. Þess vegna er sanngirni í því, að þessi breyting sje gerð, því að mörgum prestum verður ljettara að vinna af sjer húsaleiguna með jarðabótum. — Hin ástæðan til að jeg flutti till. er sú, að það verður að teljast heppilegt, að húsaleigan sje notuð til að auka verðmæti jarðanna, sem eru eign ríkissjóðs. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er nú svo háttað um lán til bygginga á prestssetrum, að fyrst er veitt 5 þús. kr. lán, sem endurborgast á 40 árum, en því næst er veittur styrkur í fjárlögum, gegn því að eftirgjald prestssetranna hækki um 4% af styrkupphæðinni. Í brtt. minni er ekki átt við vexti og afborganir af sjálfu láninu, heldur aðeins afgjaldshækkunina vegna styrksins, sem veittur hefir verið í þessu skyni í fjárlögum nokkur undanfarin ár. Það mun hafa verið fyrst árið 1921, að þessi leið var farin til að styrkja presta til húsabóta. Af umr. um málið á þingi það ár er auðsætt, að svo hefir verið litið á af þáverandi fjvn. og einnig af þáverandi fjrh., sem nú er atvrh., að það fje, sem þannig yrði lagt í prestssetrin, yrði einskonar hluti af jörðinni. Fjvn. vildi, að það væri veitt

með litlum eða engum vöxtum, en hæstv. ráðh. (MG) vildi, að vextir væru teknir, því að við næsta mat mundi þetta falla saman við matsverð jarðanna, og þá yrðu prestar að svara vöxtum af því, eins og allri jörðinni. Þennan skilning veit jeg að prestar, sem bygt hafa með þessum styrk, hafa líka haft á styrkveitingunni. Í fjárlögum 1922, þar sem þetta er fyrst veitt, og 1924, sem jafnan er vitnað til síðan, er það líka tekið fram, að húsin verði jarðarhús og afgjald jarðanna hækki um 4% af upphæð styrksins. — En nú er kveðið svo á í jarðræktarlögunum, að prestar megi vinna af sjer jarðarafgjaldið með jarðabótum. Því get jeg ekki annað sjeð en að till. mín sje alveg sjálfsögð. Eins og laun presta nú eru lág, — langlægst allra sambærilegra embættismanna, — má telja það ógerning fyrir þá að greiða svo háa húsaleigu sem þeir verða nú að gera. Því hefði verið eðlilegt að fara þá leið, sem hv. fjvn. stakk upp á 1921, að láta þá enga vexti greiða af þessum húsabótastyrk. Jeg hefi þó eigi viljað koma með þá till., heldur þessa, með það fyrir augum, að ríkissjóður skyldi ekki bíða halla. En hann græðir í raun rjettri á þessu fyrirkomulagi, því að verðmæti jarðanna eykst ⅓ meira en sem nemur afgjaldinu; — í jarðræktarlögunum er kveðið svo á, að greiða megi afgjaldið með jarðabótum, þannig að aðeins ⅔ hlutar af matsverði þeirra komi til greina. — Nú í seinni tíð hafa mjög mörg prestssetur, sem áður voru fræg höfuðból, dregist aftur úr ýmsum öðrum jörðum. Liggja til þess margar ástæður, en þó aðallega sú, að prestar hafa ekki haft fjármagn til að bæta jarðir sínar, svo sem þörf var á. Það er auðsætt, að það er ekki ánægjulegt fyrir þjóðina, að því haldi áfram, en á því verður þó naumast ráðin bót, nema með því, að hið opinbera veiti til þess einhverja hjálp. Annars geta prestssetrin ekki tekið eins skjótum framförum og þau þurfa til þess að geta verið áfram það, sem þau áður voru, glæsileg höfuðból. — Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir borið fram brtt. við þessa till. mína, og get jeg með því meiri ánægju fallist á hana, sem hún fer lengra í sömu átt og mín till. — Úr því að jeg er að tala um jarðabætur á prestssetrum, sem unnar eru upp í afgjaldið af jörðunum, langar mig til að minnast á eitt atriði, sem mjer datt í hug út af ræðu hæstv. atvrh. Hann sagði, að styrkur sá, sem á síðasta ári var úthlutað samkvæmt jarðræktarlögunum, hafi verið fyrir jarðabætur, sem unnar voru á 2 árum, 1924 og '25, en hv. þm. Str. leiðrjetti það og sagði, að hann væri aðeins fyrir 1½ ár. Út af þessu langar mig til að skjóta fram þeirri spurningu, hvort hjer hafi verið gætt samræmis um styrkveitingu til jarðabóta á jarðeignum ríkissjóðs og annara jarða. Mjer vitanlega hefir ekki verið greitt fyrir jarðabætur á þeim jörðum nema fyrir eitt ár, fardagaárið 1925—'26. Ef þetta er svo, virðist svo sem jarðræktarlögin hafi komið seinna til framkvæmda gagnvart leiguliðum ríkissjóðs en öllum öðrum bændum, og er það mikið misrjetti.

Þá er síðari liður þessarar sömu brtt., um 1000 kr. til íslenskrar safnaðarstarfsemi í Kaupmannahöfn. Þessi fjár-

beiðni hefir verið hjer áður á ferð, en aldrei náð að komast í fjárlög. Þetta er þó mjög merkileg starfsemi, að reyna að sameina Íslendinga í Kaupmannahöfn til guðsþjónustuhalds. En vitanlega hlýtur hún að eiga mjög erfitt uppdráttar, meðan hún er ekki styrkt af hinu opinbera. Á þessa starfsemi má líta frá tvennu sjónarmiði; fyrst og fremst sem viðleitni í þá átt að efla kristnihald meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, og einnig frá því sjónarmiði, hverja þýðingu þetta getur haft fyrir íslenskt þjóðerni í Kaupmannahöfn. Það er alkunna, að hliðstæð starfsemi í Vesturheimi hefir verið eitt máttugasta aflið til að viðhalda þjóðerni Íslendinga þar, í hafi hinna enskumælandi þjóða. Og margir hinna bestu manna gera sjer vonir um, að íslenskt þjóðerni varðveitist þar lengi enn, einkum með hjálp þessarar starfsemi. Svipaða þýðingu ætti hliðstæð starfsemi að geta haft í Kaupmannahöfn. Finst mjer því skylt að veita þessa litlu upphæð.

Næsta brtt. mín er á sama þskj., undir XXVII, og er um styrk til Sigurkarls Stefánssonar til háskólanáms. Jeg bar fram svipaða till., en nokkru hærri, við 2. umr., ásamt lægri varatill. Aðaltill. var þá feld, en fjekk allmörg atkv., svo að jeg tók varatill. aftur. Nú ber jeg till. fram aftur, og er aðaltill. mín um 1800 kr., en varatill. um 1200 kr. Vona jeg, að hin hærri upphæð nái samþykki hv. þd. Jeg vil aðeins minna á, að þessi stúdent stundar stærðfræði og hefir lokið miðhluta prófs síns með mjög hárri I. einkunn. Auk þess hefir hann ágæt meðmæli frá kennurum sínum í Kaupmannahöfn og dr. Ólafi Daníelssyni, sem telur hann meðal efnilegustu stærðfræðinga, sem hann hafi kent. Auk þess er hann bæði ötull og reglusamur. Íslendingar þurfa á næstunni að fá góðan mann í þessari grein. Því hefi jeg borið fram brtt., og skal jeg taka fram, að mjög tvísýnt er um það, hvort þessi maður getur lokið námi, nema hann fái styrk til þess.

Þá á jeg enn brtt. á sama þskj., XLV, um styrk til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara til Rómaferðar. Þetta er áreiðanlega einn af bestu listamönnum okkar og sá, sem listfróðir menn byggja einna mestar framavonir á. Má því telja skylt að veita honum styrk til þess að komast þangað, sem kallað er hið fyrirheitna land allra listamanna.

Þá kem jeg að síðustu brtt., sem er sú LIV. í röðinni á sama þskj. Hún fer fram á að hækka styrkinn til bryggjugerða og lendingabóta um 2 þús. kr., og að þessari upphæð — 2 þús. kr. — sje varið til þess að gera bryggju við Salthólma á Gilsfirði. Það hefir ekki verið hægt að leggja fram kostnaðaráætlun um bryggju þessa, af því að enn hefir ekki tekist að ná í verkfróðan mann til þess að framkvæma nauðsynlegustu mælingar á staðnum. En af því að jeg er þarna kunnugur, þá ætla jeg að leyfa mjer að skýra fyrir hv. þdm., hvernig hagar þarna til.

Við Salthólmavík er útfiri mikið, svo að sæta verður sjávarföllum um afgreiðslu skipa. Kemur oft fyrir, að skip verða að bíða alt að 6 stundum svo, að ekkert er hægt að vinna að afgreiðslu þeirra. En þarna úti á firð-

inum er Salthólmi, og þó að fjari út undir hann, er þó altaf nóg dýpi við sjálfan hólmann, og því hægt að lenda við hann, þegar bryggja er komin, hvernig sem stendur á sjó. Nú er það hugsun manna, sem þarna eiga hlut að máli, að byggja bryggju við hólmann. Er það einkum kaupfjelagið, sem hefir forgöngu um þetta. En af því að gera má ráð fyrir, að bryggja þessi kosti alllmikið fje, og hinsvegar óumflýjanlegt að reisa samhliða henni hús í hólmanum til vörugeymslu, þá sjer kaupfjelagið sjer ekki fært að kosta að öllu leyti þessi mannvirki, og þess vegna er það, að farið er fram á þennan styrk til þess að ljetta undir með fjelaginu. Jeg held, að þessi styrkveiting mundi margborga sig fyrir ríkissjóð, og kæmi það fram í sparnaði á rekstrarkostnaði strandferðaskipanna, sem oft hafa orðið að liggja þarna tímum saman og bíða eftir afgreiðslu. Það mun hugmyndin, að bryggja þessi verði gerð úr steinsteypu, enda er efnið nærri og fljóttekið.

Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að upphæð þessi verði ekki borguð út fyr en ráðuneytið hefir samþykt kostnaðaráætlun sjerfræðings, sem þetta verður látinn rannsaka og mæla. En það hefir allmikla þýðingu fyrir viðkomandi kaupfjelag, að þessi styrkur verði veittur nú, því að þá mundi þegar í sumar hafist handa á verkinu. Hirði jeg svo ekki um að hafa þessi orð fleiri, en vænti, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessa fjárveitingu.

Jeg á svo ekki fleiri brtt. við þennan síðari kafla fjárlagafrv., en út í brtt. annara háttv. þdm. sje jeg ekki ástæðu til að fara. Þó vil jeg, áður en jeg sest niður, minnast örfáum orðum á LXV. brtt., sem háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) flytur og er um 2000 króna styrk til ekkju Bjarna heitins Jónssonar frá Vogi. Jeg vil fyrir mitt leyti mæla sem best með því, að brtt. þessi nái fram að ganga. Og jeg er viss um, að þótt mikið veður stæði oft og einatt um Bjarna sál., á meðan hann var á lífi, þá mundi það hvarvetna mælast vel fyrir, yrði styrkur þessi veittur. Vona jeg því, að háttv. deild sjái sjer fært að samþ. till. hv. 1. þm. Reykv.

Sveinn Ólafsson: Nafn mitt er tengt við fjórar brtt. í þeim kafla fjárlagafrv., sem nú er til umr. Tvær þeirra fara fram á aukin gjöld úr ríkissjóði, en hinar tvær lúta að sparnaði á fje hans. Gjaldatill. nema til samans 7 þús. kr., en sparnaðartill. 21 þús. kr. Þegar jeg nú hefi lagt svona rösklega inn í viðskiftareikning minn við ríkissjóðinn, vonast jeg eftir, að vel verði tekið þessum litlu gjaldatill. mínum og þær ekki taldar eftir.

Jeg skal fyrst víkja nokkrum orðum að fyrri gjaldatill. Hún er undir rómverskum 42 á þskj. 336 og er um 1000 kr. styrk til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín.

Við 2. umr. fjárlagafrv. flutti jeg brtt. um 1200 kr. styrk handa þessum manni, en hún fjell þá með litlum atkvæðamun. Jeg tel enga þörf að endurtaka það, sem jeg taldi þá þessum manni til gildis, en vil geta þess, sem er skylt að minnast og frægilegt er, að honum hefir, vegna afburðahæfileika og færleika í íþróttinni, ver-

ið boðið til Parísar til þess að vera þar við hljómleika, sem sumpart eru hans verk. Boðinu varð hann að hafna vegna efnaskorts, en stjórn hljómleikafjelagsins ljet eigi við það staðar numið og sendi honum skotsilfur til fararinnar. Þess vegna dvelur Þórarinn líka sem stendur í París við hljómleika þessa, sem fram fara um miðjan þennan mánuð. Jeg vænti, að þetta verði í síðasta sinn, sem farið verður fram á styrk handa Þórarni í þessu efni, einkum þó ef hv. þdm. vildu nú veita honum þessa litlu hjálp, því að með því móti kynni hann að geta á næsta sumri náð takmarki því, er hann keppir að, og lokið námi.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um þetta, en skal þó geta þess, að jeg hefi hjer fyrir framan mig tvær af tónsmíðum Þórarins, sem söngfróður maður hjer í bæ lánaði mjer, og lýkur hann lofsorði miklu á þær. Tónverk þessi geta þeir fengið að athuga, sem vilja, og þeir, sem á hljóðfæri kunna, geta fengið þau lánuð, og er þeim kostur ger að æfa þau og ganga úr skugga um íþrótt höfundarins.

Seinni gjaldatill. er undir rómverskum 53 og fer fram á 6000 kr. fjárveitingu til húsabóta á Hallormsstað.

Þessi brtt. lá fyrir við 2. umr. fjárlagafrv., en var tekin þá aftur í því skyni, að háttv. fjvn. gæti kynt sjer málið betur.

Jeg ætla ekki að fjölyrða neitt um þessa till., ástæðum var öllum lýst við 2. umr. Hjer er um svo sjálfsagðan hlut að ræða, að um það ætti jafnvel ekkert að þurfa að standa í fjárlögum. Ríkið ætti að sjálfsögðu og án eftirgangsmuna að byggja þarna nothæf húsakynni, þar sem það á jörðina og skóginn, með skógræktarstöð og nýrækt. Hjer er líka mjög í hóf stilt um fjárveitingu, enda ekki um að ræða að byggja stórt, heldur ætlast til með þessu, að hægt verði að fella niður þá æfagömlu baðstofu, sem þarna stendur og er nú svo hrörleg orðin, að ekki getur lengur talist neinum boðleg til íbúðar, en fá ígildi hennar í nýju húsi.

Þá kem jeg að sparnaðartill. Sú fyrri er undir rómverskum 51, en hv. 1. þm. N.-M. (HStef) flytur hana með mjer.

Með þessari brtt. leggjum við til, að feldur verði niður 20 þús. króna styrkur til vegagerðar í Vestmannaeyjum. Því hefir verið haldið fram, að þessa fjárveitingu beri ekki að skoða eins og styrk til vegagerðar almennt, heldur eins og styrk til ræktunarstarfsemi Vestmannaeyinga. Á yfirstandandi ári eru veittar 26250 kr. til þessarar sömu vegagerðar í Vestmannaeyjum. Þessi vegagerð á að vera í því skyni gerð, að ljetta kaupstaðarbúum flutning áburðar frá kaupstaðnum suður fyrir Helgafell, en þar er byrjuð útrækt nokkur, og eru þar allgóð skilyrði til aukningar henni. Þeir, sem komið hafa til Vestmannaeyja, vita, að hjer er aðeins um lítinn vegarspotta að ræða, og því er það næsta undarlegt, að samkomulag skuli hafa fengist um að leggja svona mikið fje af mörkum. Öll Heimaey er lítið stærri en meðalbújörð í sveit, og aðeins um nokkurn hluta hennar á að leggja veginn, veg, sem er líklega 1½ km. að lengd og á að kosta 46—47 þús.

kr. frá ríkissjóði. Þó að jeg leiti um öll fjárlögin, finn jeg enga upphæð, sem er jafnmikil fjarstæða og þessi vegagerðarstyrkur í Vestmannaeyjum. Það er því líkast, að við sveitabændurnir færum að biðja um 40—50 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að leggja engjavegi á einstökum jörðum eða stekkjargötur. Vænti jeg því, að allir, sem nokkuð þekkja til í Vestmannaeyjum, standi með mjer um að fella niður þennan styrk úr fjárlagafrv. Hirði jeg ekki um að hafa þessi viðvörunarorð fleiri og læt skeika að sköpuðu, hvernig fer um brtt. þessa.

Hin sparnaðartill. mín er undir rómverskum 56. Hún lýtur að því að fella niður helming þess fjár, sem í 16. gr. undir 30. lið er fyrirhugað tveimur konum, sem fengist hafa við kenslu í vefnaði og hannyrðum. Jeg legg til, að styrkurinn til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi falli niður, af því að hún hefir fengið sjerstakan styrk til að halda uppi húsmæðrafræðslu, eftir 14. gr. Þarf jeg ekki frekar um þessa till. að ræða og hefi þá minst á þær fjórar brtt., sem nafn mitt er tengt við í þetta sinn.

En fyrir hönd sjútvn. verð jeg að gera nokkra grein fyrir LV. brtt. á þskj. 336. Með henni leggur sjútvn. til að hækka að miklum mun fjárveitingu til markaðsleitar, eða úr 5 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Jeg get vel skilið, að hv. þdm., sumir hverjir, líti þessa till. óhýru auga og þyki fjárhæð þessi of mikil. En jeg bið alla hv. þdm. að athuga, að eftir það verðhrun, sem orðið hefir á sjávarafurðum sjerstaklega síðustu missirin, er okkur lífsnauðsyn að finna upp nýjar markaðsleiðir.

Ýmsar sjávarafurðir hafa á síðasta ári fallið í verði um 20—30%, t. d. Labradorfiskur o. fl. Á síðustu verslunarskýrslum, frá 1924, nemur fiskútflutningur alls um 70 miljónum kr., og aðeins 10% verðfall af því nemur 7 miljónum. Ef sama verðfalli heldur áfram, þá munar þetta svo miklu, að efnalegri afkomu landsmanna er hætta búin. Þegar svo mikið er í húfi, held jeg, að það geti ekki talist neinar öfgar eða goðgá, þótt sjútvn. leggi til, að talsvert stærri fjárhæð verði varið í þessu skyni en venja hefir verið áður.

Nefndin hefir borið þessa brtt. fram í 3 stafliðum, til þess að hv. þdm. eigi hægra með að sundurliða þetta og geti metið með sjálfum sjer, hver liðurinn eða tilraunin eigi mestan rjett á sjer.

Fyrsta till. nefndarinnar er sú, að 12 þús. krónur veitist til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku. Það hefir verið margleitað til nefndarinnar um fjárveitingu í þessu skyni. Og nú síðast hefir verið farið fram á 15 þúsund krónur af fisksölufjelagi nokkurra íslenskra botnvöruskipaeigenda, sem tilraun gera um flutning fiskjar til Suður-Ameríku, og hefir nefndin fallist á að bera fram till. um 12 þús. kr. til til stuðnings þessu eða öðru fjelagi í því skyni. Nefndin lítur svo á, eftir þeim upplýsingum að dæma, sem hún hefir aflað sjer, að búast megi við allgóðum árangri af þessum sölutilraunum, og að fjárveiting þessi muni geta komið að miklu gagni, ef vel er á haldið, því að bersýnilega er markaðurinn á Spáni að offyllast.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að veittar verði 10 þús. krónur til útbreiðslu síldarmarkaðs, sjerstaklega í

Mið-Evrópulöndunum svo og Finnlandi. Um 15 þús. króna fjárveitingu í þessu skyni hefir sótt maður, sem dvalið hefir hjer um þingtímann, Ottó Tulinius, og með beiðni hans hefir sjútvn. mælt til fjvn., en hún einhverra hluta vegna ekki treyst sjer til að sinna beiðninni á neinn veg. Af þeim ástæðum hefir svo sjútvn. borið fram till. þessa.

Ýmsir líta svo á, að ekki muni mikil afrek unnin verða fyrir þessa fjárupphæð, og miða það við eldri tilraunir. Þeir segja, að það, sem gert hefir verið til þess að útbreiða síldarverslun á síðari árum, hafi engan eða lítinn árangur borið. Þetta mun rjett vera, en þess ber þó að gæta, að þær ferðir, sem farnar hafa verið í þessu skyni, hafa verið snöggar eftirlitsferðir. Erindrekarnir hafa oftast brugðið sjer snögga ferð til Þýskalands eða Eystrasaltslandanna, og hafa engin tök á því haft að gera verulegar sölutilraunir, enda af vanefnum gerðar tilraunir þeirra.

Nú er áformað, að þessi maður hafi fasta útsölustaði í Mið-Evrópulöndunum og Finnlandi og dvelji þar öðru hvoru. Með því veitist honum betri aðstaða til þess að vinna þessu máli gagn en hægt hefir verið áður. Þessi upphæð — 10 þús. krónur — er ekki há í samanburði við það, sem ætla má að vinnist á aukinni síldarsölu.

Markaður fyrir íslenska síld er mjög takmarkaður. Jeg hygg, að það sje um 150 þús. tunnur, sem flutt hefir verið út af íslenskri síld árlega undanfarið, og að það sje það mesta, sem ætla má, að hægt hafi verið að selja með nokkurri hagnaðarvon. Væri nú hægt að útvega markað fyrir 10 þús. tunnur í viðbót, þá mundi útflutningsgjaldið eitt af þeim gera betur en nægja til þess að greiða þann kostnað, sem farið er fram á með till. Af þessu er auðsætt, að útflutningurinn þyrfti ekki að aukast mikið til þess, að ríkissjóður hagnaðist til muna, en hitt er þó meira vert, að stopul atvinna margra landsmanna mundi við það verða tryggari. Jeg held, að það sje því meiri ástæða til þess að styðja þessar tilraunir, sem meiri líkur eru til, að fleiri en áður stundi síldveiðar á næstu árum. Þessar líkur eru í því fólgnar, að austanlands hefir verið gert meira að síldveiðum síðasta ár en um langt skeið á undan. Á síðasta ári var þar síldargengd töluvert mikil, og fjöldi manna aflaði sjer veiðarfæra og er nú við því búinn að veiða, ef síldarganga verður eins öðru sinni. Eins og kunnugt er, voru Austfirðir fyrir aldamótin eitt veiðisælasta svæðið við strendur landsins, þótt lítið hafi verið um síldveiði þar síðustu tvo áratugina.

Undir 3. staflið er lagt til, að veittar verði 8 þús. kr. vegna annarar markaðsleitar en þeirra nafngreindu og staðbundnu, og eru þá sjerstaklega hafðar í huga eftirgrenslanir viðvíkjandi sölu landbúnaðarafurða, jafnhliða því, að komið gæti til greina, — eftir erindi, sem legið hefir fyrir sjútvn., — að gera tilraun í Portúgal um sölu íslenskra sjávarafurða. Það hefir svo kynlega til tekist, að þótt mikið hafi verið flutt af íslenskum sjávarafurðum til Miðjarðarhafslandanna seinni árin, þá hefir sala á íslenskum fiski farið þverrandi í Portúgal, þrátt

fyrir það, að innflutningur á fiski frá öðrum löndum til Portúgals hefir aukist yfirleitt mikið og fiskneysla þar í landi.

Það má vitanlega segja, að þar sem fulltrúi Íslands býr suður á Spáni, þá ætti hann að geta unnið að þessari sölutilraun í nágrannalandinu. Og jeg vil vona, að hann geri þá eitthvað til þess að styðja að útbreiðslu íslensks fiskjar í þessu nágrannalandi við Spán. En hvernig sem því er varið, þá hefir sala þangað farið minkandi síðustu árin. Má vel vera, að eitthvað sje rjett í því, sem einn af umsækjendum um styrk til markaðsleitar hefir bent á, að setja þurfi upp fastar útboðsstöðvar í Portúgal, ef trygging eigi að vera fyrir útbreiðslu.

Jeg hefi þá lauslega minst á þessar till. nefndarinnar og gert nokkra grein fyrir þeim. En jeg vil taka fram að lokum, að ef hv. þdm. geta ekki fallist á að styðja allar þessar tillögur sjútvn., þá lítur hún svo á, að mestu skifti um stafliðina a. og b.

Af ásettu ráði hefir nefndin ekki viljað binda þessar fjárveitingar við nafn, en hinsvegar talið sennilegt, er til þess kemur að fjeð verður notað, að þá verði þessir hlutaðeigendur, sem jeg í framsögu nefndi, aðnjótandi fjárins. Jeg viðurkenni, að óhjákvæmilegt er, að stjórnin hafi eftirlit með úthlutun fjárins og síðustu ákvörðun um það, hverjir njóti þess. Það getur margt breyst áður en kemur til greiðslu þessara upphæða, sem geri það að verkum, að jafnvel aðrir aðiljar gætu fremur komið til greina heldur en þeir, sem áður hafa nefndir verið. En nefndin lítur svo á, að sem stendur sjeu þessir aðiljar líklegastir.

Jeg skal ekki tefja tímann lengur. Það mun komið að þeim tíma, er ákveðið var að slíta fundi. En vera má, að jeg þurfi að víkja að þessu síðar.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 3. umr. um síðari kafla frv. (A. 319, n. 325, 336, 345, 356).

Jón Ólafsson: Jeg á hjer 3 brtt., og að tveimur þeirra er jeg meðflytjandi ásamt öðrum þingmönnum Reykvíkinga, og eru þær undir liðum LXI og LXIV á þskj. 336. Um þær þarf jeg ekki að fjölyrða, því að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) mun tala fyrir þeim. En jeg hefi orðið þess var, að háttv. fjvn. er vinveitt till. um að veita Sjúkrasamlagi Reykjavíkur styrk til að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og stofna ný sjúkrasamlög. Er jeg henni þakklátur fyrir það.

Svo á jeg hjer eina brtt. á þskj. 345, undir tölulið IV við 16. gr., og þykir mjer ástæða til þess að fara um hana nokkrum orðum, því að þótt hv. þdm. muni hafa heyrt fjelagið „Landnám“ nefnt, þá mun þeim þó eigi kunnugt um, hvað það hefir afrekað. Fjelagið var stofnað fyrir 3 árum, og hefir fjöldi manna hjer og í Hafnarfirði gengið í það, og eru fjelagsmenn nú 80—100. Fjelagið hefir fengið Reykjavíkurbæ til þess að láta af hendi lönd hjer inni í Sogamýri og brjóta þau á sinn kostnað. Áður var sú hugmynd efst á baugi hjer, að bærinn skyldi sjálfur fara að braska

í búskap og koma sjer upp kúabúi. Nú mun sú hugmynd úr sögunni, því að nú geta menn fengið brotin lönd til ræktunar og stundað þar búskap í hjáverkum sínum. Hefir verið mikil eftirsókn að löndum þessum, bæði af skrifstofumönnum og sjómönnum, eða þeim, sem hafa fyrir stórri fjölskyldu að sjá, en hafa ekki haft handtak handa henni að gera. Það er ekki von, að nein velmegun safnist þar, sem svo er ástatt, að fjöldi fólks verður að lifa á handafla húsbændanna einna, en úr þessu er mikið bætt með landnáminu hjer. Á þessum býlum má nota vinnukraft kvenna, unglinga og barna, sem annars hefðu lítið eða ekkert fyrir stafni.

Nýbýlin í Sogamýrinni eru svo stór, að það má framfleyta 3—4 kúm á hverju þeirra. Og þeir, sem þar hafa tekið lönd, hafa sagt mjer, að það borgi sig vel. Meiningin með þessari brtt. er því sú, að vekja áhuga manna víðar um land fyrir þessu þjóðþrifamáli.

Fjelagið „Landnám“ á nú um 5000 kr. í sjóði, og á að verja fje úr honum til verðlauna handa þeim, sem fram úr öðrum skara í nýbýlarækt, og til að greiða kostnað við fyrirlestra, sem haldnir eru til þess að vekja áhuga manna á nýbýlamálinu.

Jeg vona, að hv. þdm. taki brtt. vel. Það er að vísu að bera í bakkafullan lækinn að koma fram með hækkunartill. við fjárlagafrv., en hjer er ekki um nein ósköp að ræða, einar 3000 kr.

Þá vil jeg víkja að ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem er frsm. hv. sjútvn. Jeg er honum sammála um það, að það er síst of mikið, sem sjútvn. fer fram á, og margt af því hefði verið hægt að gera áður. En till. hv. nefndar eru allar með einu marki brendar. Hún vill káfa á öllu í einu, en ganga hvergi hreint til verks. Skal jeg þá fyrst minnast á 1. lið í brtt. LV á þskj. 336, um að veita 12000 kr. til markaðsleitar í Suður-Ameríku. Það er vitanlega styrkur þessu markaðsleitarmáli, að stofnað hefir verið fjelag til að fara með þetta starf. Vil jeg hjer um leið upplýsa hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um það, að fjelag þetta er stofnað af nokkrum útgerðarfjelögum, og hygg jeg, að það sje hæfara til þess að opna okkur markað fyrir saltfisk okkar heldur en sá maður, sem hv. sjútvn. hefir í huga. Jeg veit ekki, hvort henni er kunnugt um það að hann er skinnakaupmaður og hefir aldrei fengist við fiskverslun. En það tel jeg óhæfu, ef á að fara að launa mann til þess að taka að sjer að reyna að útvega okkur markað fyrir fisk, og hann hefir ekki eins mikið vit á fiski eins og Íslendingar sjálfir. Tel jeg víst, að það yrði miklu farsælla fyrir okkur að senda okkar eigin menn til Suður-Ameríku í þessum erindagerðum heldur en þennan þjóðverja.

Þá hefir hv. sjútvn. ætlast til þess, að veittar verði 10 þús. kr. til síldarsölu í Mið-Evrópu og Finnlandi. Þetta hefir nú áður verið reynt, en ekki borið neinn árangur, vegna þess að menn fengust ekki til þess að hafa síldina til sýnis og sölu í búðum sínum. Það, sem vantar, er að koma með síldina og láta fólkið jeta hana. Það, sem veikir þetta, er það, að það er tekið

á öllu í einu, í stað þess að taka hvert atriði fyrir sig, og verða þetta þannig hálfgerð vetlingatök.

Þá hefir hv. nefnd lagt til, að veittar yrðu 8 þús. kr. til þess að útvega markað í Portúgal, — eða mjer skildist svo, að það væri í Portúgal, sem ætlast er til að leitað yrði markaðs, því að það standa til tilraunir annarsstaðar. Íslendingar hafa athugað markaðinn þar, en það hefir reynst, að ekki er hægt að koma þangað fiski, nema með því móti að selja hann lægra verði en á Spáni, auk þess sem hann þarf að vera þurrari. Það þarf engar meiri upplýsingar um markaðinn í Portúgal. Þar strandar alt á því, að varan er of dýr. Jeg geri ekki ráð fyrir því, enda þótt fjárhæðin verði notuð, að sendur verði maður til Portúgals, enda ætti erindrekinn á Spáni að geta skroppið þangað, ef svo bæri undir. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Hv. sami þm. (SvÓ) vjek að brtt. sinni á þskj. 336 undir tölulið LI, um að fella niður 20 þús. kr. styrk til Vestmannaeyjavegar. Það er auðvitað gott að geta komist hjá ýmsu, sem menn hafa lofað. En jeg veit ekki betur en að það hafi verið samþykt á þingi í fyrra að veita 46 þús. kr. til vegagerðar í Vestmannaeyjum, sem áttu að skiftast á tvö ár. 26 þús. kr. átti að leggja fram á þessu yfirstandandi ári, og eru þær sennilega komnar í verkið. Þegar hv. Alþingi er búið að fara höndum um málið og samþykkja það, þá er hæpið að ætla sjer að fara þá leið, sem hv. þm. vill fara, að draga til baka gefið loforð. Hygg jeg, að hann hafi aldrei gert það í „privat"-lífi sínu, en hafi aðeins ekki athugað þetta nú. Hann færði það máli sínu til stuðnings, að Vestmannaeyjar væru hrjóstrugar og lítt til ræktunar fallnar. Er svo víðar hjer á landi. En í Vestmannaeyjum er þó töluvert land vel ræktanlegt. Eftir skýrslum Búnaðarfjelagsins, þá eru 108 ha. ræktað land í Vestmannaeyjum, en alls er land það, sem hæft er til ræktunar, 264 ha. Nú er land það, sem vegur þessi á að fara í gegnum, um 230 ha. Vegurinn á að liggja í gegn um landið milli Helgafells, fyrir sunnan, og Stórhöfða, fyrir norðan. Jeg hefi sjálfur sjeð þetta land, og get jeg sagt það með sanni, að að mínu viti lítur það út fyrir að vera vel til ræktunar fallið. Það er þykt moldarlag og grasi gróið, eitt hið besta land til túnræktar, að því er segir í Búnaðarfjelagsskýrslunni. Með því að leggja veginn greiðir Alþingi fyrir því að fá sína eigin eign í blóma, því að borgarana í Vestmannaeyjum vantar ekki áræði til þess að brjóta landið. Aðalannatími þeirra er á vetrarvertíðinni, svo að þeir mundu geta unnið að þessu þann tíma, sem minna væri um annir. Ef vegurinn á að ná takmarki sínu, þá verður hann að vera 6 km. langur. Jeg get ekki með neinni vissu sagt, hversu dýr þessi vegur muni verða. En samanborið við aðra vegi hygg jeg, að hann muni ekki fara mikið fram úr fjárveitingunni. Jeg þarf svo ekki að taka meira fram um þetta atriði, en skal aðeins að endingu geta þess, að það verður ekki komist að landinu til þess að brjóta það og koma þangað verkfærum og áburði, nema með því móti,

að vegur verði lagður um það. Jeg vænti því, að hv. deild hrófli ekki við fjárveitingunni.

Magnús Torfason: Jeg hefi þá ánægju að flytja hjer ásamt hv. 1. þm. Reykv. (JakM) brtt. á þskj. 336 undir tölulið XXV, um 1000 kr. styrk til Jakobs Gíslasonar til framhaldsnáms í rafmagnsfræði. Vildi jeg leyfa mjer að kynna hv. þdm. ástæðuna fyrir því, að jeg flyt þessa brtt. Faðir Jakobs er Gísli læknir Pjetursson á Eyrarbakka, 10 barna faðir, sem lagt hefir mikið í sölurnar til þess að menta börn sín, sem eru sjerstaklega efnileg. Piltur þessi er einn af fjórum börnum, sem Gísli læknir hefir kostað til náms. Læknirinn er einn af mætustu embættismönnum þessa lands og kona hans hin mesta sæmdarkona í hvívetna. Börnin eru öll sjerstaklega vel uppalin, og er víst um það, að á fáum heimilum er börnum innrætt betra siðferði en þar. — Jeg get auðvitað beðið, meðan hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) talar. — Pilturinn er greindur vel og stundar nám sitt af miklu kappi. Hann hefir stundað nám sitt í Kaupmannahöfn, bæði verkfræði og rafmagnsfræði, og hefir þegar tekið tvö próf, bæði með I. ág. einkunn, og mun það vera næstum einsdæmi í þeim greinum. Að pilturinn er sjerlega mannvænn má að öðru leyti sjá á því, að hann hefir verið kjörinn formaður í íslenska stúdentafjelaginu í Kaupmannahöfn, og kemur hann þar svo vel fram, að menn hafa alls ekki viljað missa hann úr því sæti, enda hefir fjelagið blómgast mjög undir forystu hans. Jeg lít því svo á, að maður þessi sje eitt af þeim grænu trjám, sem skylt sje að hlúa að. Jeg vil einnig leggja áherslu á það, að pilturinn mun vera mjög mikið efni í góðan verkfræðing, ef hann aðeins verður styrktur til þess að geta lokið námi sínu. En í þeirri grein þarf hjer að vera valinn maður í hverju sæti. Í landi eins og Íslandi, þar sem alt er ennþá ógert af því, sem gera þarf af verklegum framkvæmdum, er það nauðsynlegt, að þessar stöður sjeu skipaðar vel hæfum mönnum. Með þessum orðum mæli jeg með þessari litlu fjárupphæð til þessa efnilega manns; og er jeg ekki í vafa um, að þessum 1000 kr. er með því sjerstaklega vel varið.

Björn Líndal: Það eru hjer nokkrar brtt., sem jeg er riðinn við. Jeg vildi þá fyrst minnast á XXIX. brtt. á þskj. 336, um hámark skólagjalds. Stendur sú till. í sambandi við II. till. á sama þskj. Það er ekki þörf að fylgja þessari till. úr hlaði með mörgum orðum, enda geri jeg ekki þessa till. að neinu kappsmáli, en jeg lít svo á, að 100 kr. nú sje eins mikil upphæð og 150 kr., þegar hámarkið var sett. En sú brtt., sem jeg legg mikla áherslu á, er XXXIII. brtt. á þskj. 336, um 35 þús. kr. til húsmæðraskóla Norðurlands. Það urðu allmiklar umr. um þessa till. við 2. umr. fjárlagafrv., og skal jeg ekki endurtaka nú það, sem jeg sagði þá, en jeg vildi aðeins minna á það, að til eru lög frá 1917, um að stofna skuli húsmæðraskóla á Norðurlandi, undir eins og dýrtíðin minkaði. Nú hefir dýrtíðin minkað svo mikið frá því 1917, að tími virðist vera kom-

inn til þess að hefjast handa um þessa skólastofnun. Alt bendir á það, að hv. þm. sjeu hlyntir aukinni húsmæðrakenslu í landinu, og þá ekki hvað síst það, að samþyktur var við 2. umr. fjárlagafrv. styrkur til sofnunar nýs skóla, sem sje Laugaskólans, enda þótt vitanlegt væri, að skólastofnun sú er alls óundirbúin. Nú liggur fyrir hv. Ed. frumvarp um stofnun húsmæðraskóla á Austurlandi. Er það sönnun þess, að hv. þm. líta svo á, að nauðsyn beri til að auka húsmæðrakensluna í landinu. En sje svo, þá á fyrst og fremst að byrja á því að efna gömul loforð og stofna nú húsmæðraskóla Norðurlands. Væri það æði óviðkunnanlegt, ef þingið hlypi nú til að stofna nýjan skóla á Austurlandi, en ljeti sig engu skifta 10 ára gamalt loforð um stofnun húsmæðraskóla Norðurlands. Eina ástæðan fyrir því, að ekki hefir verið krafist fyr fjárframlags úr ríkissjóði til húsmæðraskóla Norðurlands, er sú, að það þótti nokkuð langt gengið, meðan að ríkissjóður styrkti svo rausnarlega byggingu heilsuhælis Norðurlands, að krefjast þá jafnframt ríflegs framlags til byggingar húsmæðraskóla. Og var það almenn skoðun manna, að heilsuhælið ætti að ganga fyrir. Það er því algerlega rangt, sem sumir hv. þm. hafa viljað halda fram, að Norðlendingar hafi sýnt tómlæti í þessu máli. Þeir vildu aðeins ekki ganga of langt í kröfum sínum um fjárframlag ríkissjóðs, en nú, þegar hv. Alþingi vill stofna til nýrra skóla, þá er sú ástæða, sem var fyrir því, að ekki var krafist fjárframlags, fallin niður. Jeg hefi fulla ástæðu til þess að ætla, að hv. deild, þar sem hún er nýbúin að samþykkja stofnun nýs skóla, setji sig ekki upp á móti þessari skólastofnun, sem hjer er um að ræða, einkum þegar á það er litið, að 35 þús. kr. koma á móti ríkissjóðsstyrknum. Er í því efni ólíku saman að jafna, Laugaskólanum og húsmæðraskóla Norðurlands. Eins og hv. þm. hafa sjeð, þá hefi jeg borið till. fram í 2 liðum, höfuðlið og varalið. Af því má sjá, að mjer er síður en svo nokkurt kappsmál að koma í veg fyrir stofnun Laugaskólans, en hins krefst jeg, að loforðið frá 1917 sje látið ganga fyrir, ef hv. þdm. sjá sjer ekki fært að styrkja bygginu beggja skólanna.

Þá á jeg ásamt hv. 1. þm. Reykv. (JakM) brtt. á sama þskj. undir XL. tölulið, um 2000 kr. til Freymóðs Jóhannssonar málara til þess að fullnuma sig í leiktjaldamálun. Maður þessi er þektur hjer í bæ og víðar, en þó sjerstaklega á Norðurlandi. Jeg er enginn listdómari, en þeir, sem vit hafa á, ljúka lofsorði á list hans, en þó sjerstaklega á leiktjaldamálun hans, enda mun hann fremstur manna hjer á landi í þeirri grein málaralistarinnar. Það hefir verið rjettilega tekið fram af hv. 1. þm. Reykv., að það er nauðsynlegt, er þjóðleikhúsið er komið upp, að hjer sje einhver, sem kann skil á þessari grein málaralistarinnar, og jeg hygg, að enginn maður hjer á landi sje líklegri til að verða fremstur á þessu sviði en einmitt þessi maður. Maðurinn er auk þess mjög duglegur, hefir brotist áfram af eigin rammleik og meðal annars farið víða um lönd til þess að sjá og læra það, sem að list hans lýtur.

Þá hefi jeg borið fram ásamt hv. þm. Str. (TrÞ) brtt. á sama þskj. undir tölulið XLVIII, um 2000 kr.

styrk til Barða Guðmundssonar til lokanáms í íslenskri sögu við Hafnarháskóla. Barði Guðmundsson er þegar orðinn talsvert frægur fyrir það, sem hann hefir unnið að íslenskri sögurannsókn. Það má að vísu segja um hann, að hann hafi ekki getið sjer mikinn orðstír sem námsmaður, en hinu verður ekki móti mælt, að hann er óvenjumikið fræðimannsefni. En hann er einn þeirra kynlega kvista, sem fæðst hafa hjer öldum saman og eiga erfitt með að sökkva sjer niður í ákveðin fög og læra þau eins og páfagaukur, en eru leitandi og með sjálfstæðan rannsóknarhug. Væri það ilt verk að bregða fæti fyrir það, að slíkir menn geti gert vísindalegar rannsóknir að lífsstarfi sínu, og þó einkum norræn fræði. Hitt væri frekar Alþingi vegsauki, að styrkja slíka menn. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að það liggja fyrir mjög lofsamleg ummæli margra merkra fræðimanna erlendra um það, sem Barði Guðmundsson hefir lagt til norrænna fræðimála. — Jeg skal fúslega játa, að þar sem um svo margar styrkbeiðnir er að ræða, bæði nú og við 2. umr. fjárlagafrv., þá er erfitt að gera upp á milli manna og sjálfsagt að fara varlega í því að auka á útgjöld ríkissjóðs. En þó að sparsemi sje góð, þá má þó ekki fara svo langt í henni, að þjóðin bíði af því tjón. En starf Barða Guðmundssonar er þegar orðið svo gott og gagnlegt í þágu íslenskrar sagnfræði, að því má fyllilega treysta, að hann vinni fyllilega fyrir þessum 2000 kr., þótt það, sem er gert þessari þjóð helst til sóma, sje sjaldnast metið óþarflega hátt til fjár.

Þá hefi jeg ásamt tveim öðrum hv. þm. flutt brtt. LXII, við 18. gr. II, e. 10., um nokkra hækkun á eftirlaunum Páls Árdals á Akureyri. Jeg flutti þessa till. nokkru hærri, eða 1500 kr., við 2. umr., en þá náði hún ekki fram að ganga. Því hefir okkur flm. komið saman um að lækka hana nú niður í 1200 kr., og jafnvel niður í 1000 kr. til vara. Jeg hygg, að öllum hljóti að koma saman um, að hjer sje sanngirniskrafa á ferðum. Mun jeg ekki tala frekar fyrir henni að sinni, en læt hv. þd. um það, hvort hún vill, að þessi maður, sem verið hefir barnakennari yfir 40 ár og vegaverkstjóri um langt skeið, svelti nú á gamals aldri, þegar hann er orðinn farinn að heilsu og blindur.

Þá á jeg brtt. LXXVI á sama þskj., um að heimila landsstjórninni að veita alt að 75 þús. kr. lán til hafnarbóta á Akureyri. Jeg þarf ekki heldur að vera langorður um þessa till. Á þingi 1925 flutti jeg till., um að ríkissjóður ábyrgðist nokkru hærra lán, sem Akureyrarkaupstaður ætlaði að taka í sama skyni. En um þessa ábyrgð var neitað, þótt undarlegt megi teljast. Svo stendur á, að Akureyri þarf nauðsynlega að láta gera skipakví, og liggur fyrir áætlun um, að verkið mundi kosta um 330 þús. kr. Bærinn á talsvert fje handbært, en gat þá fengið það, sem á vantaði, sem góðum kjörum, ef hann hefði trygga ábyrgð. Því fór hann fram á ábyrgð ríkissjóðs á alt að 150 þús. kr. láni, en um hana var neitað, svo sem jeg sagði. Síðan hefir hagur bæjarins batnað svo, að honum nægir 75 þús. kr. lán. Það hefir oft verið haft á móti lánum úr við-

lagasjóði, að strax, þegar búið er að veita þau, sje komið og beðið um eftirgjöf. Ekkert slíkt kemur hjer til mála. Akureyri mun vera best stæð af öllum kaupstöðum á landinu, á ca. 1 miljón króna í skuldlausum eignum. Þess vegna er engin áhætta að veita þetta lán.

Loks þarf jeg að minnast á VII. brtt. á þskj. 345, sem jeg flyt ásamt tveim öðrum þm. Þar er farið fram á alt að 70 þús. kr. lán til Bræðranna Esphólín á Akureyri, til að koma á fót tunnuverksmiðju á Siglufirði og endurbæta tunnuverksmiðju á Akureyri. Það er langt síðan jeg fór að hugsa um þetta mál, og hefi jeg skrifað um það fyrir mörgum árum. Jafnvel hefi jeg gert miklar tilraunir til að koma einhverju svipuðu á fót, en ekki tekist sökum fjeskorts. Jeg býst við, að það verði verði líka seint hægt, nema með lánum eða annari aðstoð ríkissjóðs. Um það verður ekki deilt, að bráðnauðsynlegt er að koma þessum iðnaði upp í landinu. Fjöldi manna bæði á Akureyri og Siglufirði fæst við tunnuviðgerðir á sumrin, en hefir ekkert að starfa að vetrinum. Ef þessum tunnuverksmiðjum verður komið upp, hafa þeir þar atvinnu alt árið. Auk þess er ekki hundrað í hættunni að heimila lánið; stjórnin getur neitað að greiða það af hendi, ef henni sýnast ekki nægar tryggingar. Mjer finst yfirleitt, að Alþingi ætti að fara varlega í að neita um svona lánsheimildir, einkum þegar þeirri stjórn er á að skipa, sem treysta má, að fari gætilega með fjármál ríkisins.

Að endingu langar mig aðeins til að minnast á brtt. LV, b-lið, á þskj. 336, sem er um fjárveitingu til markaðsleitar fyrir síld. Jeg hygg, að það sje rjett, að árangur af samskonar fjárveitingu í fyrra hafi orðið minni en við var búist, en nú stendur nokkuð öðruvísi á. Eins og allri háttv. þd. er kunnugt, voru samþ. á Alþingi í fyrra lög um stofnun síldarsamlags. Þau hafa enn ekki komist til framkvæmda, en það má telja víst, að síldarsamlagið verði stofnað annaðhvort á þessu ári eða hinu næsta. Þessi fjárveiting stendur nú í fjárlagafrv. fyrir 1928 og verður ekki útborguð fyr en það ár, en þá geri jeg ráð fyrir, að henni verði varið til að hjálpa síldarsamlaginu af stokkunum. En handa því er þessi styrkur ekki aðeins æskilegur, heldur einnig nauðsynlegur, því að stjórn þess hefir ekkert fje til umráða fyr en komið er fram á sumar og síldin er farin að seljast. Þetta verður því til að ljetta undir með stjórn þess, þannig, að hún getur byrjað tilraunir sínar til markaðsleitar fyr en ella.

Klemens Jónsson: Jeg á eina brtt., eða öllu fremur viðaukatill., á þskj. 336, LXXI, um að veita Túbal Magnússyni alt að 3 þús. kr. viðlagasjóðslán til að byggja gistiskála í Múlakoti. Eins og kunnugt er, eru í seinni tíð farnar að tíðkast allmjög ferðir fram í Fljótshlíð og þaðan á Þórsmörk. Hafa þær aukist mjög á síðari árum, eftir því sem akfær vegur hefir lengst, og einkum má búast við mikilli aukningu núna á ferðamannastraumnum, því að í sumar verður sími lagður inn í Hlíðina. Allir þessir menn hyllast til að gista í Múlakoti. Jeg geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. kannist við þann bæ,

því að hann er löngu orðinn þjóðfrægur. Þar er það ekki aðeins húsbóndinn, sem gerir garðinn frægan, heldur jafnvel enn frekar húsfreyjan. Hjer er um ákaflega litla upphæð að ræða og góð trygging í boði. Hæstv. atvrh. (MG) tók þessu einnig mjög liðlega, svo að jeg þykist hafa ástæðu til að vænta þess, að hv. deild taki till. með vinsemd. Jeg hefi hjer fyrir mjer erindi frá Ólafi Túbals málara um þetta efni. Þar gerir hann grein fyrir því, að nú tíðkist það mjög að gista í Múlakoti. Er tekið eins vel á móti gestum eins og hægt er, en á því eru miklir erfiðleikar, þegar kannske eru 10—20 næturgestir. Því hefir bóndi í hyggju að byggja gestaskála fyrir 8 manns, og er áætlað, að hann kosti um 3 þús. kr. Jeg er ekki að orðlengja þetta frekar. Jeg þykist hafa rjett til að vænta, að þetta fái góðar undirtektir, bæði sakir þess, að þetta er eina brtt., sem jeg er aðalflm. að, og auk þess er hjer aðeins um lítið lán að ræða, sem aldrei getur komið til uppgjafar á.

Þá hefi jeg gerst meðflm. að brtt. LXIX ásamt hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hún er um fjárveitingu til Eggerts Stefánssonar símritara á Akureyri, þar til honum verður veitt starf við landssímann með eigi lægri launakjörum en hann hafði áður. Jeg skal leyfa mjer að skýra allítarlega aðdraganda að henni, sakir þess að málið snertir mig allmikið. Á þingi 1925 kom fram beiðni í þessa átt frá Eggert Stefánssyni. Beindi hann þá allþungum ákærum gegn mjer, sem skömmu áður hafði verið atvrh., en jeg fór þess á leit við hv. þd., að skipuð væri nefnd til þess að rannsaka kæruatriðin. Þó varð eigi af því. Nú kom sama beiðnin aftur frá þessum manni fyrir Alþingi í fyrra, en hún kom svo seint, að ekki var hægt að bera fram brtt. um sárabætur til hans fyr en við eina umr. í Nd. Ætlaði jeg þá að vera aðalflm., en til atkvgr. kom ekki, sakir þess að fjárlagafrv. var afgreitt óbreytt frá einni umr. í Nd. Nú hefi jeg gerst meðflm. þessarar brtt., og skal nú færa ástæður fyrir því. — Eggert Stefánsson var settur frá starfi sínu við landssímann á Akureyri 8. apríl 1924, eftir tillögu landssímastjóra í brjefi 31. mars s. á. Þetta gerðist alt skömmu eftir að jeg fór frá sem atvrh. Þegar jeg fór frá, þá lá engin kæra fyrir, en jeg efast samt ekki um, að afsetningin hafi verið bygð á góðum ástæðum. Ástæðan, sem færð er fyrir, er drykkjuskaparóregla, og jeg veit, að þessi maður var mjög drykkfeldur, enda þótt hann gerði oft lofsverðar tilraunir til að losna við þá ástríðu. Ástæða mín til þess að flytja þessa brtt. er því *ekki* bygð á neinni ásökun til þáverandi landsstjórnar fyrir að setja manninn af að ástæðulausu. Nei, ástæður mínar eru alt aðrar. 1922 losnaði stöðvarstjórastaðan á Borðeyri. Eggert Stefánsson sótti um hana, að hann segir að áeggjan landssímastjóra, en um það er mjer ókunnugt. Hitt er víst, að landssímastjóri lagði eindregið til við stjórnina, að E. St. væri veitt staðan. Jeg var þá á förum til útlanda, og lagði Forberg heitinn mikla áherslu á, að hann fengi útnefningu áður en jeg færi. Mjer datt ekki annað í hug en að fylgja hans till. um þetta, enda kom það sjaldan eða aldrei fyrir, að vikið væri frá till. hans í slíkum efnum. Því var E. St. útnefndur stöðvarstjóri á Borð-

eyri frá 1. sept. 1922, með brjefi 10. eða 12. ágúst. Samt sem áður tilkynti Forberg honum ekki þessa útnefningu fyr en í miðjum september. Ástæðan var sú, að símamenn tóku þessari útnefningu afarilla. Einkum voru það tveir sýslunarmenn við símann, sem fyrir þessu stóðu, en höfðu að því er virtist alt starfsfólkið að baki sjer. Símamenn gáfu um þetta leyti út símablað, og voru í það ritaðar mjög svæsnar árásargreinar á Forberg, út af þessari útnefningu. Kendu þeir tillögu hans um hana, sem vitanlega var alveg rjett. En þeir fóru, að mínu áliti, altof freklega í sakirnar gagnvart jafnmætum manni. Þegar jeg kom svo heim í lok september mátti heita, að alt stæði í ljósum loga við símann. Auk þess sem annar þeirra manna, er jeg gat um áðan, þóttist verða af skiftur við veitinguna, voru gamlar væringjar milli símafólksins, sem þarna rifjuðust upp, og jeg vil ekki rekja þær hjer. Þær voru að mínu áliti hvorugum aðilja til sóma. Þegar jeg kom heim, komu sendimenn símamanna á minn fund og hótuðu blátt áfram verkfalli, ef veitingin væri ekki afturkölluð. Jeg benti þeim á lögin frá 1915 um verkföll opinberra starfsmanna og sagði þeim, að þau væru einmitt sett með sjerstöku tilliti til þeirra. Þeir kváðust þá mundu víkja úr stöðum sínum, og þegar jeg benti þeim á uppsagnarfrestinn, sögðust þeir ekkert mundu hirða um hann, en taka afleiðingum af verkum sínum. *Alt þetta ljet jeg ekkert á mig bíta.* En þá kom Forberg heitinn landssímastjóri til sögunnar. Hann var þá vissulega farinn að kenna sjúkdóms þess, er nú hefir dregið hann til dauða. Hann tók sjer árásir símamanna ákaflega nærri, kom til mín og bað mig að greiða úr þessari flækju. Þarna stóð hvort gegn öðru: annarsvegar útnefning E. St. og hinsvegar e. t. v. stöðvun á öllu símasambandi í nokkurn tíma. Jeg sá þá ekki annað betra ráð en biðja manninn að sleppa tilkalli sínu til stöðunnar. Það gerði hann eftir beinum tilmælum mínum, en þó áreiðanlega nauðugur.

Þessi saga er aðalástæðan til þess, að jeg ber fram þessa brtt. með hv. 2. þm. Eyf. Svo er önnur aukaástæða frá minni hálfu sjerstaklega. Jeg hefi þekt Eggert Stefánsson frá því að hann var barn að aldri. Hann var ákaflega geðugur unglingur og ávann sjer hylli allra, sem þektu hann. En hann hafði einn löst, að hann gerðist snemma mjög drykkfeldur. Þess vegna vildi jeg veita honum Borðeyri, þar sem honum hefði verið örðugt um að ná í vín. Þar hefði hann sennilega vanist af vínnautn, og jeg er sannfærður um, að þá sæti hann nú sem velmetinn sýslunarmaður og góður húsfaðir; — en þessi frávikning hans varð m. a. til þess, að heimili hans tvístraðist, að minsta kosti um stundarsakir. Þegar frávikning þessa manns er borin saman við frávikningu Petersens símastjóra í Vestmannaeyjum, verð jeg að segja, að hafi nokkur ástæða verið til að bæta Petersen frávikninguna, þá er margfalt meiri ástæða til þess hjer. — Í skjali því, þar sem E. St. er vikið frá, er getið um, að hann hafi verið ljelegur símamaður. Þetta er alls ekki rjett. Þannig vottar t. d. Friðbjörn Aðalsteinsson loftskeytastöðvarstjóri, að hann sje einn með færustu símamönnum, og

Björn Magnússon símastjóri á Ísafirði gefur vottorð í mjög svipaða átt. Þessar ásakanir hafa því ekki verið á rökum bygðar á sínum tíma. — Jeg þykist nú hafa rjettlætt það fyllilega, að jeg gerðist meðflm. þessarar till., og vona, að hv. þdm. sýni þá sanngirni að samþ. hana. Annars tel jeg sjálfsagt, að hann fái aftur stöðu við símann, þegar starfi losnar á einhverjum afskektum stað.

Þá langar mig til að minnast nokkuð á brtt. LXVIII, frá hv. fjvn., um smáfjárveitingu til fröken Henriette Kjær yfirhjúkrunarkonu á Laugarnesi. Hefði jeg vitað, að frk. Kjær ætlaði svo fljótt að hverfa frá starfi sínu, hefði það staðið mjer næst að bera fram þessa brtt. Má því nærri geta, að jeg styð hana með mikilli gleði. Jeg hefi í nokkur ár verið formaður í stjórnarnefnd Laugarnesspítala og hefi oft komið þangað. Þannig hefi jeg haft tækifæri til að kynnast viðmóti þessarar ágætu konu við sjúklingana. Það veit hamingjan, að það getur ekki verið skemtilegt verk að hjúkra þessum aumingjum, og það er ekki gaman að umgangast þetta fólk, eins og margt af því er útlits. Holdsveikin fer þannig með vesalings fólkið, að manni stendur næstum viðbjóður af að sjá það. Samt hefi jeg aldrei komið svo að Laugarnesi, að jeg hafi ekki sjeð fröken Kjær fara mjúkum höndum um sumar af hinum gömlu konum, og þá oft og einatt þá hluta af líkama þeirra, sem veikin hefir farið verst með. Auk þess er þetta hámentuð kona, og hefir hún haft mikil og holl andleg áhrif á sjúklingana. Hún hefir kent mörgum þeirra danska tungu og fengið þeim góðar bækur til að lesa. Það var hún, sem tók fyrst eftir Sigurði Kr. Pjeturssyni, og meðan hann lifði, voru þau altaf góðir vinir. Og mjer er óhætt að segja, að þau höfðu mjög mikil og holl áhrif hvort á annað. Þessi kona ætlar nú, eftir því sem hv. frsm. upplýsti, að setjast að í sínu föðurlandi. Hún er nú búin að vera hjer í 25 ár, nema hvað hún hefir stundum á sumrum skroppið til Danmerkur, en nú ætlar hún að dvelja þar eftirleiðis. Satt að segja virðist mjer þessi upphæð, sem háttv. fjvn. hefir stungið upp á, vera í lægsta lagi. Jeg myndi fullkomlega hafa getað greitt atkvæði með því, þótt þessi styrkur hefði verið hafður nokkru hærri; en það má vel vera, að hægt verði að laga þetta í hv. Ed., eða þá hjer í deildinni síðarmeir. En eftir þeim upplýsingum, sem komið hafa um þessa konu, þá vona jeg, að enginn hafi neitt á móti þessu lítilræði.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 345, undir tölulið V, um styrk til Nikulásar Þórðarsonar, 300 krónur, og til vara 200 krónur. Jeg býst nú við, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) muni skýra nánar frá því, hvernig á þessari fjárveitingu stendur, en get upplýst, að þessi maður hefir verið barnakennari í liðug 40 ár, góður barnakennari og notið mikils álits. Hann er er nú roskinn maður og tæpt staddur fjárhagslega. En það mun öllum koma saman um, að kennarar hafa ekki verið svo launaðir, að þeim hafi gefist nokkur tækifæri til að leggja fje fyrir. En þar sem hv. flm. (ÁÁ) hefir komið með varatill., 200 kr., þá verð jeg að segja, að jeg tel það varla sæmilegt að sjá svo lítinn styrk í fjárlögunum, svo að

jeg vona, að öllum komi saman um það, að ef á annað borð ber að styrkja gamlan mann, sem lengi hefir verið í þjónustu landsins, þá komi hv. þdm. líka saman um það að taka hærri upphæðina.

Jeg hefði í sjálfu sjer löngun til að minnast á fleiri tillögur, en af því að margir hv. þdm. eiga eftir að tala fyrir þeim, og allir óska, að málinu verði lokið í nótt, þá ætla jeg ekki að fara að ræða þær, og vona jeg þá, að aðrir hv. þm. fylgi þar í mín fótspor og reyni að verða sem stuttorðastir.

Jakob Möller: Það er nú ekki til mikils að vera sjerlega margorður um þessar brtt., og er í raun og veru meir fyrir siðasakir, að maður er að tala fyrir slíkum till. hjer, heldur en af því, að það sje að vænta nokkurs árangurs.

Jeg á hjer nokkrar brtt., og er sú fyrsta á þskj. 356 og er brtt. við brtt. XXIV á þskj. 336. Jeg skal taka það fram strax, að þó að jeg hafi sett þessar tvær till. saman, þá er það á engan hátt af því, að jeg sje að fara fram á nein kaup við hv. þm. Borgf. (PO) í þessu máli, og jeg get sagt það, að þótt mín till. verði feld, þá get jeg alveg eins greitt atkv. með till. hv. þm. Borgf. En það er svo ástatt um þessa menn, að þeir lesa ekki aðeins það sama, heldur búa þeir líka saman, svo að mjer finst í raun og veru nokkuð eðlilegt, að þeir fylgist að. Þó skal jeg játa það, að ef nokkuð er, þá er þó líklega hagur Bjarna Sigurðssonar, sem háttv. þm. Borgf. ber fram, öllu lakari en hins. Hv. þm. hefir nú gert ljósa grein fyrir hag þessa stúdents, sem hann flytur styrkbeiðni fyrir, og jeg efast ekki um, að háttv. þdm. sjeu sannfærðir um, að það sje mikil þörf á að styrkja hann, eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. hefir gefið. En jeg get fullvissað hv. þdm. um, að það er full ástæða til að styrkja báða. Annar þeirra hefir orðið fyrir því, fyrir sjerstök mistök, að fá ekki þann árlega námsstyrk, sem vant er að veita þeim stúdentum, sem stunda nám við erlenda háskóla. Um hinn stúdentinn er það að segja, að hann sótti ekki um þann námsstyrk, af því að faðir hans hjelt, að hann mundi geta klofið það að styrkja hann, en síðan hefir faðir hans orðið fyrir þeim áföllum, að hann sjer sjer það ekki fært. Jeg get bætt því við það, sem hv. þm. Borgf. sagði um hag þessara stúdenta, að þeir eiga við ákaflega þröngan kost að búa, svo að það getur ekki haldist við til langframa.

Þá á jeg aðra brtt. á þskj. 336, tölulið XXVI, um námsstyrk til Valgarðs Thoroddsens til háskólanáms, 1000 kr. Jeg flutti við 2. umr. till., sem fjell við mjög lítinn atkvæðamun, og vona jeg því, að háttv. deild geti fallist á þessa tillögu. Jeg verð að líta svo á, að ríkissjóði sje skylt að styrkja þá námsmenn, sem leggja stund á þau fræði, sem ekki fæst kensla í hjer heima. Eftir það, sem gerðist árið 1918, er við tókum við miklum höfuðstól í reiðu fje og þar með við skyldunni til að sjá þessum mönnum fyrir námsstyrk, verð jeg að líta svo á, að illa sæmi, ef ríkið ætlar að bregðast þeirri skyldu sinni og koma sjer undan henni. Eins og kunnugt er, gátu áður fyr allir stúdentar, sem

fengu aðra einkunn frá skólanum hjer, stundað nám við háskólann og fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn og fengið svo ríflegan styrk, að þeir gátu komist af með hann í fjögur ár. En eftir að sambandslögin komust á, varð breyting á þessu, þó ekki fyrst í stað, því að fyrst var haldið áfram að styrkja þá stúdenta, sem fóru utan til náms; en síðar voru sett lög um það, að ekki skyldu styrktir nema fjórir stúdentar frá hverju ári, og þar með er að því komið, að ríkið bregst þeirri skyldu, sem það tókst á hendur með sambandslögunum, og er það illa farið. Mjer finst, að það hefði ekki átt að fara lengra í því en svo að binda þá styrkveitingu við hærri einkunn en þá, sem áður var, t. d. við I. einkunn. En að binda styrkinn við ákveðna tölu, það er óþolandi og getur ekki staðist til lengdar.

Þá á jeg næst brtt. undir tölulið XXXVIII á þskj. 336, um hækkun á styrk til Leikfjelags Reykjavíkur frá því, sem er í frv. stjórnarinnar. Styrkurinn hefir eiginlega verið 6000 krónur, en hæstv. stjórn hefir lagt til að lækka hann um þetta. En nú stendur svo á, að Leikfjelagið hefir sent erindi til stjórnarinnar, um að fá endurgreiddan verðtoll af ýmsum hlutum, sem það hefir fengið til leikþarfa. Þessi verðtollur nam eitthvað um 700 kr., sem fjelagið fór fram á að fá endurgreiddar. Þetta erindi fór til hv. fjvn., en jeg átti tal við nefndina um það, jafnframt og jeg ljet þess getið, að vel mundi fara á því, að erindinu væri svarað með því að hækka hinn árlega styrk til fjelagsins, eins og hjer er farið fram á. Jeg get ekki hermt neitt loforð upp á háttv. nefnd í þessu efni, en jeg vona, að hún taki vel í þessi tilmæli mín, og vona jeg jafnframt, að hv. deild samþykki þau. Jeg skal taka það fram, að eins og stendur á Leikfjelagið talsvert erfitt uppdráttar, eins og líka má ráða af því, að þar sem mjög er erfitt í ári, þá verður aðsókn að leikjunum með minna móti, svo að fjárhagur þess er mjög þröngur eins og stendur.

Þá eru hjer nokkrir styrkir til listamanna, og er sá fyrsti undir tölulið XL, til Freymóðs Jóhannssonar málara til að fullnuma sig í leiktjaldamálun, 2000 kr. Jeg flutti nokkru hærri till. við 2. umr., sem þá var feld, og vil jeg nú reyna, hvort hv. deild getur ekki fallist á að veita þessa lægri upphæð. Jeg hefi engu við að bæta um ástæðurnar, þar sem jeg hefi þegar tekið þær fram, og þó sjerstaklega vegna þess, að hv. þm. Ak. (BL), sem er meðflm. minn, hefir minst á till. og tekið fram það, sem ástæða var til.

Þá er till. um styrk til Þórðar Kristleifssonar til söngnáms, 1500 kr., og til Bjargeyjar Pálsdóttur til hljómlistarnáms, 1000 kr. Hv. þm. kannast sjálfsagt við Þórð, son Kristleifs bónda á Kroppi í Borgarfirði. Hann hefir verið nokkur ár við söngnám, og hefir verið deilt töluvert um hæfileika hans, eins og háttv. þdm. sjálfsagt er kunnugt, en jeg vil benda á það, að þótt að vísu ýmsir mætir menn hafi efast um, að hann væri þeim hæfileikum gæddur, sem haldið hefir verið fram, þá hefir þó eitthvert mesta stórmenni okkar á því sviði, söngfræðingurinn prófessor Sveinbjörn Svein-

björnsson, farið um hann mjög lofsamlegum orðum. Líka hefir hann fengið ágætustu meðmæli frá þeim erlendu kennurum, sem hann hefir numið hjá. Nú hefir hann í mörg ár kostað nám sitt sjálfur með tilstyrk föður síns, en þarf nú að fá þessa litlu hjálp, til þess að geta fullnumað sig í list sinni.

Þá er stúlkan Bjargey Pálsdóttir. Hún hefir stundað nám í Kaupmannahöfn við ágætan orðstír. Þegar hún tók próf frá skólanum, varð hún ein aðnjótandi verðlauna af þeim, sem undir prófið gengu.

Þá kem jeg að manni, sem ekki aðeins allir hv. þdm. þekkja, heldur má heita kunnur um land alt. Það er Ásgrímur Jónsson málari. Það er farið fram á, að ríkið kaupi af honum málverk fyrir 5000 kr., til þess að hann geti komið því í framkvæmd að sýna málverk sín erlendis. Það er svo til ætlast, að hann fái einnig að sýna þau málverk, sem ríkið kaupir af honum, og þetta yrði þá hjálp til þess að gera honum kleift að fá markað fyrir málverk sín í öðrum löndum. Það leikur varla á tveim tungum, að Ásgrímur sje einhver okkar besti málari, og það má skoða hann sem nokkurskonar brautryðjanda í þeirri list og líklegan til þess að verða lærifaðir í framtíðinni, en hann málar hinsvegar þannig, að hann á ekki svo auðvelt með að selja mikið af verkum sínum, því að hann leggur það aðallega fyrir sig að mála stór málverk, sem verða svo dýr, að þau verða varla meðfæri einstaklinga að kaupa. Hinsvegar er kostnaður hans við þessa málverkagerð svo mikill, að hann verður oft og einatt beinlínis fyrir tjóni af þessu starfi sínu. Hann á nú fyrirliggjandi málverk svo hundruðum skiftir, sem hann fær ekki kaupendur að, þrátt fyrir það, að þau eru með þeim bestu málverkum, sem hjer þekkjast; en hinsvegar er það auðsætt, að ef á að stofna hjer til verulegs málverkasafns, þá væri það illa úr garði gert, ef ekki væri þar mikið úrval af verkum þessa manns. Verður því að telja sjálfsagt, að ríkið kaupi eitthvað af þeim. Það er í raun og veru ekki farið fram á neina gjöf, þegar mælst er til þess, að ríkið kaupi eitthvað eftir þennan málara, því að það þykir aðeins fara betur á því, að þetta verði gert á meðan maðurinn er á lífi og getur haft gagn af því heldur en að fyrst sje farið að kaupa að honum látnum, sem alls ekki er neinn vafi á, að verður gert að öðrum kosti.

Þá á jeg hjer till. um að veita Hrafnkatli Einarssyni 2000 kr. styrk til þess að semja doktorsritgerð við háskólann í Vín. Hrafnkell Einarsson er einn með allra færustu stúdentum, sem hafa útskrifast frá skólanum hjer; hann hefir að vísu notið námsstyrks hjeðan í 4 ár, jeg hygg, að það muni vera síðasta árið hans núna, en til þess að ljúka námi sínu þarf hann að fá styrk eitt ár enn. Hann hefir stundað nám við háskólann í Kiel og nú síðast í Vínarborg. Hann hefir lesið hagfræði og ætlar nú að skrifa doktorsritgerð um íslenskar fiskveiðar, og í erindi sínu til þingsins gerir hann glögga grein fyrir því, hvernig hann hugsar sjer þessa ritgerð, og má ætla, að það verði merkilegt vísindaverk. Fiskveiðar hafa ekki verið rannsakaðar enn nje um þær

skrifað, eins og aðra aðalatvinnuvegi þjóðanna, og það er enginn vafi á því, að það yrði Íslandi til sóma, að Íslendingur yrði fyrstur til að skrifa vísindarit um það efni. Og það er alveg áreiðanlegt, að Hrafnkell verður þjóð sinni til sóma, og þarf engan að iðra þess að hafa lagt honum styrk til hjálpar á þeirri braut, sem hann hefir valið sjer. Jeg þarf ekki að taka það fram, að hann er sonur Einars skrifstofustjóra Þorkelssonar, sem nú er, eins og kunnugt er, þrotinn að heilsu og lifir við þröngan kost, og getur ekki á nokkurn hátt hjálpað syni sínum.

Þá hefi jeg að nýju flutt styrkveitingu til Einars Ó. Sveinssonar til að ljúka námi í norrænu við Kaupmannahafnarháskóla. Jeg bar þessa tillögu fram við 2. umr., en þá vildi svo ólánlega til, að hún var feld, þrátt fyrir það, að samskonar styrkur var samþyktur til annars manns, sem stendur betur að vígi; því að þessi maður hefir verið veikur af berklaveiki, og faðir hans hefir mist sjónina og er því ófær til að vinna fyrir sjer sjálfur, hvað þá til að styrkja son sinn.

Þá á jeg brtt. undir tölulið LVII, um styrk til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna til að standast kostnað af heimsókn fulltrúa frá hjúkrunarkvennafjelögum á Norðurlöndum, 1200 kr., og til vara 800 kr. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna hefir sent þinginu erindi um þennan styrk, og það er þannig ástatt, að fjelagið, sem áður hefir verið í heimsókn hjá hjúkrunarkvennafjelögum á Norðurlöndum, á nú von á fulltrúum frá þessum fjelögum til sín. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er mikilsvert fyrir hjúkrunarkonurnar íslensku að vera í slíku sambandi við starfssystur sínar á Norðurlöndum, og að þær geta haft margt gott af því, en af því leiðir aftur það, að þegar þær verða aðnjótandi hlunninda frá þeim, verða þær að einhverju leyti að geta svarað á sömu leið, t. d. með því að bjóða þeim heim til sín einstöku sinnum. Það er svo sem auðvitað, að það verður ekki eins oft að tiltölu, en við og við verður það þó að vera; en þar sem fjelagið er svo ungt, að það hefir ekki nein efni til að standast kostnað af slíkri heimsókn, þá er eina ráðið fyrir fjelagið að leita til ríkissjóðs um einhvern lítilsháttar styrk í þessu skyni.

Þá er till. frá mjer undir tölulið LIX. Hver einstakur þdm. hefir fengið skriflegt erindi um þetta og þar með allar upplýsingar, og jeg hefi aðeins orðið til þess að koma þessari tillögu á framfæri.

Þá er jeg kominn að till. um styrk eða framlag til sundlaugar í Reykjavík, sem jeg flyt ásamt öðrum þm. Reykv. Nauðsyn þessa máls þarf ekki að ræða mikið, hún er í sjálfu sjer viðurkend áður af þinginu, þar sem það hefir samþykt lög um heimild til þess að gera sund að skyldunámsgrein, eða heimild til að lögleiða sundnámsskyldu, og þó það sje aðeins heimild enn sem komið er, þarf ekki að efa það, að áður en langt um líður verður því breytt í það horf, að það verði ákveðin sundnámsskylda, en vitanlega er ekki til neins að lögleiða sundnámsskyldu að svo stöddu, meðan tæki eru ekki til þess að halda náminu uppi. En það þurfa fyrst og fremst að

vera sundlaugar til, þar sem hægt sje að kenna sund, og þá fyrst og fremst hjer í Reykjavík, þar sem skólarnir eru flestir og þörfin því brýnust á því að koma upp fullkominni sundlaug.

Nú er það kunnugt, að í ráði er að leiða heita vatnið úr laugunum hjer innan við bæinn til upphitunar á stórhýsum hjer, eða þá að leiða vatn, sem hitað væri við laugahitann, sem kemur væntanlega í sama stað niður. Og jafnframt er í sambandi við þetta, þá er vatnið hefir verið leitt og notað til þess að hita upp þessar byggingar, landsspítalann og barnaskólann tilvonandi, ráðgert að byggja sundlaug til þess að taka við volgu vatninu, og hagnýta það svo til hlítar. Væri æskilegast, að þetta hvorttveggja yrði gert samtímis og lokið fyrir 1930. Það væri sannarlega ánægjulegt fyrir okkar litlu íslensku þjóð að vera á því ári búin að koma upp þessu tvennu, allfullkomnum landsspítala og sundhöll í Reykjavík. Fátt mundi þjóðin geta gert, er metið yrði út á við meira en þetta tvent, merki þess, að þjóðin er menningarþjóð á rjettri leið. Því að hvorttveggja þetta miðar að því að efla heilbrigði og þrótt landsins barna, lækna sjúkdóma og bæta böl þeirra, sem þegar eru sjúkir orðnir; vernda og styrkja heilsu hinna, er ósjúkir eiga að heita.

Það er enginn vafi á því, að íþróttir eru þær öflugustu sjúkdómavarnir, sem hægt er að framkvæma, og þó sund ekki síst. Það er álitið, að landsspítalinn sje of lítill, og gengið út frá því, að þurfi að stækka hann með tímanum, enda var í upphafi gert ráð fyrir honum miklu stærri en hann er nú bygður. En því meir sem íþróttir eru efldar, því seinna rekur að því, að þurfi að stækka hann.

Það má að vísu finna að þessu máli, að það sje ekki svo undirbúið sem skyldi. Áætlun um sundhöll í Reykjavík, gerð af húsameistara, hljóðar upp á 250 þús. kr. En síðan hefir verðlag lækkað, svo að kostnaðurinn verður ekki meiri en 200 þús. kr. Kostnaður á að skiftast jafnt milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og er gert ráð fyrir, að hvor aðili um sig leggi fram 50 þús. kr. á ári í 2 ár.

Hinsvegar hvað framtíðina snertir, þá er það athugandi, að rekstrarkostnaður verður ákaflega lítill. Í öðrum löndum er nú á síðari árum mikið tíðkað að reisa slíkar sundhallir, ekki aðeins í stórborgunum, heldur líka í þeim smærri. En víðast er við þá erfiðleika að etja, að vatnið fæst ekki nema kalt frá náttúrunnar hendi, og verður því að kosta til að hita það upp með kolum. Við stöndum betur að vígi. Við höfum heitt vatn við hendina ókeypis. Rekstrarkostnaður verður því ekki annnar en umsjón með lauginni. En hinsvegar er gert ráð fyrir því, að sundmenn, er laugina nota, greiði lítilsháttar gjald, sem mundi vega mikið til á móti kostnaðinum.

Þó að þröngur sje fjárhagurinn sem stendur, þá vænti jeg þess, að háttv. þdm. láti sjer ekki í augum vaxa ekki stærri upphæð, þar sem hjer er um ótvírætt menningarmál að ræða. Það ætti svo að vera, að allir Íslendingar væru syndir, og að því marki, að sundið sem íþrótt verði almennara en nú er, eigum við að stefna sem fyrst.

Verði þessi fjárveiting samþykt, og komist sundhöllin upp, er stigið stórt spor í þá átt.

Jeg á svo á þessu sama þskj. eina brtt. enn, LXV, sem fer fram á að hækka eftirlaun ekkju Bjarna sáluga Jónssonar frá Vogi upp í 2000 kr. Jeg þakka hæstv. atvrh. fyrir þau orð, er hann ljet falla um till., einnig háttv. þm. Dal. (JG). Hefi jeg engu við að bæta það, er þeir sögðu um þetta. En jeg vil taka það fram, að fyrir mjer er þetta ekki neitt fordæmi. Jeg álít, að hjer sje svo sjerstaklega ástatt, að hv. þingdeildarmenn þurfi ekkert að kveinka sjer, þótt þessi upphæð verði hærri en aðrar á þessum lið fjárlaganna. Bjarni frá Vogi látinn er að minni hyggju svo mikils metinn af þjóðinni, ekki aðeins af þeim, er fylgdu honum að málum í lifanda lífi, heldur og jafnvel af andstæðingum, að jeg efast ekki um, að landsmenn nálega undantekningarlaust sjá ekki eftir að leggja börnum hans þennan styrk til framfærslu. Jeg býst ekki við, að margir geti komið á eftir og krafist hækkunar á sínum eftirlaunum hlutfallslega; þjóðin mundi ekki telja sjer skylt að sinna slíku. Það er svo alment viðurkent, að ekki verður dregið í efa, að Bjarni frá Vogi var sómi Íslands í hvívetna, sverð þess og skjöldur í starfi sínu. Og þótt ýmsa mæta menn hafi greint á við hann, þá er það svo jafnan, að menn verða aldrei á eitt sáttir, og forgöngumenn mæta æ andstöðu úr einhverri átt. En yfir það jafnast er frá líður. — Jeg mælist því eindregið til þess, að háttv. deild samþykki hærri till. Því að minni má upphæðin ekki vera, þar sem hjer á í hlut kona, sem á fyrir þremur börnum að sjá, á barnsaldri og skólagöngualdri. Hún getur ekki komist af með minni upphæð til þess að ala þau upp og kosta til náms.

Jón Auðunn Jónsson: Það er svo, að jeg á fáar brtt. við fjárlagafrv. nú sem oftar. Ekki af því, að mitt hjerað þurfi síst fjárframlaga við. Það er öðru nær. Það má heita símalaust, vegalaust og svo að segja vitalaust. En sími, vegir og vitar eru þægindi, sem flest önnur hjeruð njóta að einhverju leyti, þótt ekki sje öllum kröfum fullnægt.

Jeg er ekki fús til að bera fram till., þótt nauðsynlegar sjeu. Öllum sem um hugsa, hlýtur að vera það ljóst, að það verður að halda í og lækka útgjöld ríkissjóðs. Við getum ekki haldið út til lengdar með 12—13 milj. kr. útgjöld á ári, eins og atvinnulífi þjóðarinnar er háttað.

Það, að Norður-Ísafjarðarsýsla mun vera með þeim hjeruðum, sem minst hafa fengið úr ríkissjóði, og langminst miðað við tillög þess hjeraðs til ríkisþarfa, stafar af því, að þeir mætu menn, fyrirrennarar mínir, þingmenn þessa kjördæmis, hafa látið sjer um annað annara en skara eld að köku síns hjeraðs. Og enda þótt mjer detti ekki í hug að mæla mig við þá að skörungsskap og þekkingu á stjórnmálum, fylgi jeg þó þessari stefnu þeirra um að fara gætilega í allar fjárkröfur. Norður-Ísfirðingar skilja allra manna best hverja þýðingu það hefir að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Held jeg, að óvíða sjeu jafnmargir raunverulegir sjálfstæðismenn sem vestur þar.

Þó hefi jeg ekki komist hjá að bera

fram tvær till., sem horfa til útgjalda fyrir ríkissjóð, en þó báðar smávægilegar. Önnur er sú, að veita prestinum á Ísafirði nokkurn húsaleigustyrk. Nú segja menn, að þetta gæti orðið fordæmi til frekari fjárveitinga í þá átt. En svo er ekki að minni hyggju. Af öllum kaupstöðum utan Reykjavíkur eru Akureyri og Ísafjörður þeir einu, sem ekki hafa neitt fast prestssetur. Alstaðar annarsstaðar eru til jarðir til afnota fyrir sóknarprestinn. Ástæðan til þess, að jeg og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) berum fram þessa till., er sú, að presturinn á Ísafirði hefir hvað eftir annað orðið að hröklast úr einu húsnæðinu í annað, og loks, er hann átti ekki kost á neinni viðunandi íbúð, varð hann að ráðast í það, af engum efnum er mjer óhætt að segja, að kaupa hús til þess að tryggja sjer að geta verið í kaupstaðnum, svo sem embættisskylda hans býður honum. En er hann hafði keypt þetta hús, reyndist það honum ofurefli að standa straum af því efnalega, og varð hann því að selja það aftur.

Nú hefir hann á ný keypt hús utarlega í bænum. Liggur það ágætlega sem prestssetur, í útjaðri bæjarins, með dálitlum túnbletti í kring. En vegna fjárhagsvandræða sjer hann sjer ekki fært að halda því, nema honum komi þar til aðstoð. — Jeg held, að engir embættismenn eigi eins erfitt uppdráttar og prestar í kaupstöðum eins og Ísafirði, sem ekkert hafa við að styðjast, nema laun sín og aukatekjur, oft sáralitlar og misjafnlega vissar meðal fátæks almennings. Þessi prestur kom til safnaðar síns bláfátækur og með námsskuldir á baki. Og prestar hafa ekki þau laun, að þeir geti rjett við af embætti sínu einu saman. Við flm. hefðum gjarnan viljað flytja till. um, að húsið yrði keypt handa sóknarprestinum í þessu prestakalli. En jeg hygg, að það hefði ekki fengið góðar undirtektir, samanber úrslit málsins áður. Því höfum við valið þessa leið, að fara fram á lítilfjörlegan styrk, til þess að hann gæti þá haldið húsinu, sem getur orðið vænt anlegt prestssetur, er stundir líða.

Þá er hin till., sem jeg flyt ásamt háttv. þm. Str. (TrÞ), um eftirgjöf vaxta og greiðslufrest á afborgunum af hallærisvarnalánum tveggja hreppa. Jeg hygg svo líkt sje á komið með þessum hreppum, að ekki verði gert upp á milli þeirra. Háttv. deildarmönnum er kunnugt um ástæður fyrir þessari beiðni frá því á þingi 1924, og hirði jeg ekki um að endurtaka þær nú. En jeg skal geta þess, að ef lagður yrði sími, eins og allra hluta vegna er nauðsynlegt, norður til Snæfjallastrandar og þaðan til Grunnavíkur, þá er fallin burt ástæðan til þess að veita Grunnavíkurhreppi þessa eftirgjöf. Vegna símaleysis má heita, að aðalbjargræðisvegur hreppsins sje eyðilagður af togurum, er sækja á mið hreppsbúa, en ekki er hægt að segja til þeirra, því að frek hálf önnur dagleið er til næstu símastöðvar. En lega Jökulfjarðanna er svo, að þangað sjest ekki annarsstaðar frá, og þessir ránsmenn koma aðeins, þegar svo er vont veður, að ófært er smábátum á sjó að fara til þess að ná í síma, sem er mun fljótlegra, ef hægt er að fara sjóleiðina.

Þá ætla jeg að minnast örfáum orðum á till. háttv. sjútvn. um bygging radiovita. Till. hæstv. stjórnar um að

byggja vita á Horni var feld með miklum atkvæðamun, og er þó kunnugt, hve nauðsynlegt er að fá þar vita, vegna siglinga norður um og fiskimiða þar undan landi. Á síðustu árum hefir verið afli mikill undan Horni, en þessi fiskimið verða helst ekki notuð vegna vitaleysis. Við lítum svo á, að varla sje forsvaranlegt, að vitagjaldið sje notað til annara þarfa en siglinga. Er því við brugðið, að Spánn einn allra ríkja í Norðurálfu notar vitagjöldin til annara ríkisþarfa, en ekki eingöngu til vita og annara þarfa siglinganna. Spánn hefir hæst vitagjöld allra landa í álfunni, og þótt það lendi nokkuð á landsins eigin börnum, þykir ganga ósvinnu næst að láta vitagjöldin ganga til annars en styrktar siglingum.

Jeg verð að líta svo á, að vegna fjárhags ríkissjóðs, — þó sæmilegur sje nú í bili, þá mun honum frekar hraka í framtíðinni, — mætti vel við það una í bráðina að setja upp miðunarstöð í sambandi við loftskeytastöðina í Vestmannaeyjum, meðan reynsla er að koma fyrir notum radiovita erlendis. Mundu flestir hlutaðeigendur geta sætt sig við þá úrlausn málsins til bráðabirgða. Slík miðunarstöð ætti ekki að kosta mikið, en halda yrði loftskeytastöðinni í Vestmannaeyjum opinni allan sólarhringinn, til þess að skip geti fengið vitneskju um afstöðu sína hvenær sem er. Flest skipströnd verða við Suðurland og þá við landtöku. Það er vitanlegt, að ekki mundi „Eiríkur rauði" hafa strandað austur á Söndum, ef miðunarstöð hefði verið í Vestmannaeyjum. Miðunarstöð í Vestmannaeyjum mundi fyrst um sinn nægja og ljetta og gera öruggari landtökuna, sem öllum skipum er erfið eins og er.

Við verðum að færa niður útgjöld ríkissjóðs og það svo, að þau á næstu árum komist niður í 5—6 miljónir árlega. Atvinnuvegirnir þola ekki meiri gjöld til ríkissjóðs en það.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál um brtt. á þskj. 336 XXXI, um unglingaskóla, því að bæði hefir hv. frsm. (TrÞ) skýrt hana nokkuð við fyrri umr., og eins hefi jeg minst á hana í sambandi við samskólann.

Aðra litla till. á jeg á þskj. 345, V, þar sem jeg fer fram á 300 krónur handa Nikulási Þórðarsyni, en til vara 200 krónur. Nikulás Þórðarson er búinn að starfa í 30 ár í Fljótshlíðinni sem barnakennari, en þrátt fyrir það stendur svo sjerstaklega á, að hann hefir ekki rjett til styrks úr lífeyrissjóði barnakennara. Jeg vona, að hv. deild láti þennan mann njóta síns mikla starfs. Jeg skal játa, að varatill. nægir til þess að bæta honum upp það tjón, sem hann hefir orðið fyrir vegna þess, að hann hefir ekki rjett til styrks úr lífeyrissjóðnum. En aðaltill. er borin fram samkvæmt umsókn hans til þingsins um viðurkenningu fyrir lækningastarfsemi.

En það var einkum tillagan á þskj. 336, LXII, sem jeg vildi gera grein fyrir. Ostagerðarfjelag Önfirðinga fór mjög myndarlega af stað. Það kom upp góðu húsi og vönduðum áhöldum, og var ætlun þess að gera tilraun með gráðaostagerð. Bændur hjeraðsins lögðu fram alla þá sauðamjólk, sem þeir gátu, 50 þúsund lítra yfir sumarið, og þetta fluttu þeir fyrir eig-

inn reikning. Nú var fjelagið svo óheppið, að einmitt á þessum tíma fjell frankinn í verði, en franskur gráðaostur var aðalkeppinauturinn, og hinn íslenski var því lítt seljanlegur í Englandi, þegar svona var komið. Við þetta bættist, að verkun ostsins mishepnaðist, svo að ekki varð nema nokkur hluti hans fyrsta flokks vara. Salan mistókst sem sagt alveg, og árangur þessarar merkilegu tilraunar varð sá, að bændur töpuðu stórfje. Þessi tillaga er fram borin fyrir eindregin tilmæli fjelagsins. Ef það fær þá eftirgjöf, sem tillagan fer fram á, er líklegt, að það geti borið aðrar skuldir sínar og reist við aftur.

Ef þessi tillaga fellur, mun jeg bera fram varatill., sem jeg þá vænti, að verði samþykt. En jeg býst við, að svo fari fyr eða síðar, að Alþingi verði að taka á sig nokkurn hluta af þessu mikla tapi. Þar sem hjer er um einkafjelag að ræða, sem í er fjöldinn allur af bændum úr heilu hjeraði, og þar sem hjer er um að ræða virðingarverða tilraun, sem mishepnaðist af óviðráðanlegum ástæðum, vona jeg, að háttv. deild taki vel í þessa till. Það hefir þegar verið gefið fordæmi, og væri ekki sanngjarnt að láta ekki þessa menn njóta jafnrjettis við þá, sem á undan eru komnir.

Pjetur Þórðarson: Jeg á eina litla tillögu á þskj. 336, XLIII. Við 2. umr. flutti jeg brtt. í sömu átt, um 1500 króna styrk til Guðmundar Kristjánssonar. Hún fjekk litla áheyrn hjá hv. deild, en með því að mjer virðist, að þessi till. eigi að minsta kosti eins mikinn rjett á sjer og margar aðrar slíkar till., hefi jeg borið hana fram aftur, þó þannig breytta, að jeg hefi lækkað upphæðina niður í 500 kr. Mjer þykir líklegt, að svo fari, að eitthvað af styrkjum til einstakra manna nái samþykki, og vona jeg, að þessi till. verði á meðal þeirra, ekki síst þar sem jeg hefi lækkað upphæðina svo mjög.

Jeg þarf ekki að rekja sögu þessa unga manns. Hann er, eins og kunnugt er, af bláfátæku fólki kominn. Hann hneigðist snemma til sönglistar, en eftir að hann er kominn út á þessa braut með tilstyrk góðra manna, veikist faðir hans og stendur þess vegna mjög illa að vígi með að styrkja son sinn. Í fyrra gerði jeg tilraun til þess að fá styrk handa Guðmundi, en það fyrirfórst af vissum ástæðum, svo að tillaga mín kom ekki til atkvæða. Nú hefir aðstaða hans versnað mikið. Jeg býst reyndar við, að þetta sje svipuð saga og margir aðrir námsmenn hafa að segja, en sem sagt liggur við borð, að þessi efnilegi maður verði að leggja námið á hilluna, ef hann fær nú ekki þennan styrk. Jeg býst ekki við, að hann fái neitt af þeim styrk, sem stjórnin úthlutar, einkum vegna þeirra skilyrða, sem nú fylgja honum, og því eru engin önnur ráð en þau, að háttv. deild vilji nú leggja þessu lið.

Jeg býst ekki við, að það þýði að tala meira um þetta. Hv. deild getur gert sjer grein fyrir, hvernig þessum mönnum líður, þegar þeir eru langt í burtu frá ættjörðu sinni og sjá ekki fram á annað en að þeir verði að hætta námi og ef til vill svelta heilu hungri.

Þá hefi jeg einnig endurtekið till. mína um lán til Borgarneshrepps. Hún er á þskj. 336,LXXII. Jeg held

jeg hafi gert grein fyrir þessari till. við 2. umr., eins og nauðsynlegt var. Þó skal jeg geta þess, að þetta er aðeins endurbygging. Stöðina sjálfa þarf að endurbyggja og gera fullkomnari en hún áður var, sökum þess að það liggur fyrir hendi aukin þörf fyrir ljós, sjerstaklega þegar höfnin verður endurbætt þar. — Jeg vænti þess, að hv. þdm. leggi þessari till. liðsinni, þar sem ekki er um styrk eða bein útgjöld að ræða. Og um leið og jeg flyt þessi fáu orð fyrir till., vil jeg leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. fyrir það liðsyrði, sem hann er þegar búinn að leggja þessari tillögu.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer eina till. undir LXX. lið. Það er lánbeiðni til fyrirhugaðra læknisbústaða í Flatey á Breiðafirði og í Reykhólahjeraði. Þar sem þannig er nú háttað bæði um þessi hjeruð og önnur úti um land, sjerstaklega til sveita, að þau verða undantekningalítið að sjá fyrir húsi handa læknum sínum, þá leiðir af sjálfu sjer, að það verður að gera annaðhvort með samskotum eða lántökum einhversstaðar frá.

Viðkomandi lánum úr viðlagasjóði verð jeg að slá því föstu, að hjeruðum beri að ganga fyrir einstökum mönnum. En ekki er fyrir það að synja, að til eru ekki óveruleg fordæmi um, að einstökum mönnum hefir verið lánað þaðan. Og þegar sá siður er tekinn upp, þá má búast við, að síður verði synjað hjeruðum, sjerstaklega þegar ræða er um nauðsynlegar og óhjákvæmilegar framkvæmdir.

Mjer er ljóst, að þótt þessi lántaka verði samþykt, þá er ekki farið fram á þá upphæð, sem þarf til að byggja þessa læknisbústaði; en jeg vildi stilla svo í hóf að þessu sinni, enda ætíð hægt að bæta við fjárhæðina, þegar framkvæmdir hafa sýnt, að hin veitta fjárhæð hefir ekki verið nægileg. Vitanlega er það rjett, sem hæstv. atvrh. benti til, að komið getur fyrir, að fjeð verði ekki fyrir hendi. En þar sem hjer er aðeins um heimild að ræða fyrir stjórnina, hverja sem er, þá hefir hún þetta algerlega í sinni hendi; og býst jeg við, að vel megi við það una.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till., en vænti þess fastlega af hv. deild, að hún setji sig ekki á móti henni, því að það væri þá í algerðu ósamræmi við það, sem áður hefir átt sjer stað í þessari hv. deild. Meira að segja hafa lánveitingar í þessu skyni farið svo langt, að veitt hefir verið einstökum mönnum til bygginga. —(**KlJ:** Og án trygginga!). „Án trygginga", segir einn mikils virtur þingmaður. Úr því það hljóð kom úr þessu horni, held jeg mjer sje óhætt að gera orð þessa merka manns að mínum. Fer þá að færast skörin upp í bekkinn, ef synjað er einstökum hjeruðum um lán til jafnnauðsynlegra framkvæmda.

Jeg verð að slá því föstu, að jafnframt og jeg álít sjálfsagt, að slíkri till. sje sómi sýndur, þá sje farin mjög varhugaverð braut, ef einstaklingum þjóðfjelagsins er lánað úr viðlagasjóði án trygginga. En af því að jeg var nú mintur á þetta, man jeg eftir einu fordæmi, sem átti sjer stað fyrir nokkrum árum.

Jeg ætla ekki að fara út í hinar einstöku till. hv. þingmanna, það er ekki

til annars en lengja þingtíðindin. Læt svo úttalað um þetta að sinni.

Jeg hafði mælt í gær fyrir till. minni undir X í fyrri kafla. En af því að aldrei er góð vísa of oft kveðin, vil jeg nota tækifærið, með leyfi hæstv. forseta, til þess að minna hv. deildarmenn á, hvað mikil sanngirni felst í henni; og jeg treysti hv. þd. að fella hana ekki.

Jón Guðnason: Í gær, þegar jeg gerði grein fyrir till. mínum, var mjer ekki kunnugt um, að það mundi koma fram við þessa umræðu ein till., sem jeg er við riðinn. Það er till. frá mentmn. um 1800 kr. til kenslu í grísku. Svipuð till. um hærri fjárveitingu í þessu skyni var borin fram við 2. umr., en þá feld. Mun það að líkindum hafa stafað að nokkru leyti af misskilningi. Sumir hv. þdm. munu hafa litið svo á, að ekki væri rjett að samþ. þessa upphæð fyr en búið væri að afgreiða frv. um dósentsembætti í grísku. En því er einmitt svo farið, að þessi till. er borin fram með það fyrir augum, að dósentsembættið í grísku verði afnumið. Og jeg get bætt því við, að það mun mega búast við, að afgreiðsla þess frumvarps bíði, þangað til þessi upphæð er komin í fjárlög. Jeg vona því, að þessi till. verði samþ. af hv. deild, einkum þar sem hún fer fram á minni fjárupphæð en við 2. umr.; með því er trygt, að sú stóra fjárupphæð, sem liggur á milli þessarar upphæðar og þeirrar, sem fylgir dósentsembættinu, megi sparast á næstu fjárlögum. Þessi till. er því í eðli sínu ekki fjárveitingartill., heldur fjársparnaðartill. Og með þesskonar till. ætla jeg, að hv. þdm. sje ljúft að greiða atkv. við þessa umr., og leggja þar með inn fyrir einhverju öðru, sem þeir hafa fram að bera.

Sveinn Ólafsson: Það voru örfá orð, sem jeg vildi víkja að háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Hann lagði, að því er mjer skildist, fremur á móti till. sjútvn. á þskj. 336, tölulið LV. Mjer kom það reyndar á óvart, því að jeg þóttist eiga þar hauk í horni, sem hann var, og þannig mun nefndin yfirleitt hafa litið á. Mjer er ekki grunlaust um, að einhver misskilningur hafi komist að hjá honum í þessu efni. Að minsta kosti tók jeg eftir því, að hann vitnaði ekki rjett í fyrsta staflið till., þar sem hann mintist á, að nefndin vildi veita til markaðsleitar í Suður-Ameríku 12 þús. kr. Till. er alls ekki þannig orðuð, enda er búið að leita markaðs þarna áður, af útlendum og innlendum mönnum, og það er vitað, að hann er þar til. Í till. stendur: *Til fisksölutilrauna.* Nefndin vill einmitt með þessu koma í verk fiskflutningi til S.-Ameríku, á markað þann, sem þektur er þar, vill, að reynt sje að styðja fyrstu ákveðnu tilraunina í því efni.

Hv. sami þm. (JÓl) virtist einnig hafa það sjerstaklega að athuga við till., að ætlað væri útlendum mönnum að njóta þessa fjár og fara vestur um haf. Það hefir ekki komið neitt frá nefndarinnar hendi um þetta, og henni hefir vissulega ekki til hugar komið neinn sjerstakur maður, innlendur eða útlendur, sem til þess yrði valinn. En hins var getið í framsöguræðu, að fyrir augum væri haft fiskútflutningsfjelag það, sem nú nýlega er stofnað hjer í bænum af mörgum útvegsmönn-

um og togaraeigendum og hefir farið fram á að mig minnir 25 þús. kr. fjárveitingu til fyrstu tilraunar. Öll fjárupphæðin, sem lagt er til að veitt verði eftir þessari till., er þess vegna óbundin og til umráða fyrir stjórnina. Þótt þetta fjelag hafi verið haft sjerstaklega fyrir augum, af því að fyrir lágu bæði umsókn og skýrslur um fyrirhugaðar athafnir þess við sölutilraunir, þá bindum við ekki á nokkurn hátt fjárveitinguna við það, ef aðrir kunna að þykja líklegri til framkvæmda. Aðalatriðið fyrir sjútvn. er það, að eitthvað verði þó gert til að rýmka um afurðasöluna, og að fjeð notist einmitt við það, sem kynni að verða gert til þess að færa markaðinn út. Öllum er það ljóst orðið, þeim sem hafa fylgst með atburðum síðustu áranna, að það kreppir verulega að með sölu afurðanna. Afurðirnar falla í verði ár frá ári, og það er kunnugt, að einmitt takmörkuð markaðssvæði og harðvítug samkepni eru aðalorsakirnar.

Jeg heyrði ekki, hvað háttv. þm. hafði að athuga við b-lið till., um síldarsölutilraunir. Jeg ætla þess vegna að sleppa að svara því og láta við það sitja, sem jeg hefi áður sagt um þetta. Og yfirleitt ætla jeg ekki að svara þessum hv. þm. fleiru út af aðfinslum hans. Jeg hefi áður tekið fram, að einhver misskilningur hjá háttv. þm. muni hafa legið að baki athugasemdunum.

En á þessu sama þingskjali er önnur till. frá mjer, sem hann mæltist til, að jeg tæki aftur. Það er till. undir LI. lið, sem jeg flyt ásamt hv. 1. þm. N.-M. (HStef), um að fella niður 20 þús. kr. fjárveitingu til vegar í Vestmannaeyjum. Hann sagði, að í Vestmannaeyjum væri ræktað land sem svaraði 108 hektörum, en hinsvegar væri þar til ræktað og ræktanlegt land sem svaraði alls 264 hektörum; m. ö. o., að fullur helmingur af þessu landi væri óræktað enn. Jeg dreg ekki í efa, að þetta muni vera rjett. En í sjálfu sjer sannar það ekkert um nauðsyn stórrar fjárveitingar til vegarins, þótt svona mikið land sje til ræktanlegt. Það er í raun og veru þó aldrei nema 800 dagsláttur alt í alt; og það getur ekki talist ýkjastórt svæði. Það samsvarar hjer um bil 10—12 vænum túnum í sveit. Og alt land í Vestmannaeyjum er, eins og jeg hefi tekið fram áður, ekki stærra en sem svarar landi meðaljarðar í sveit. Víðáttan er ekki mikil. Háttv. þm. segir, að vegurinn fyrirhugaði muni vera um 6 km. með því, sem búið er að leggja. En slík vegalengd fæst ekki á eynni, nema vegurinn liggi að mestu leyti hringinn í kring um þetta svæði, sem ræktað er og ræktanlegt.

Eins og jeg hefi tekið fram áður, er það vegalengdin úr kaupstaðnum og suður fyrir Helgafell, sem hjer ræðir um; en sú vegalengd er ekki meiri en sem svarar venjulegri stekkjargötu. Það er fráleitt meira en 2 km. Hinsvegar má auðvitað leggja vegi í sveigum og bugðum, eða frá einu býli til annars, svo að nemi 6 km. alls á eynni. — En það skilst mjer ekki nauðsynlegt og síst ástæða til þess, þegar jafnerfiðlega gengur að afla fjárins og uppfylla brýnustu þarfir eins og nú. Það er tæpast forsvaranlegt að láta slíka vegalagningu sem þessa sitja

í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum, og það á þann veg, að þrefaldaður sje venjulegur vegakostnaður, eins og þarna virðist eiga að vera. Jeg get þess vegna ekki orðið við ósk hv. þm. um að taka till. aftur. Hún verður að sæta þeim örlögum, sem hennar bíða við atkvgr. Jeg hlýt að fylgja henni, af því að jeg tel hana rjettmæta. Að öðru leyti skal jeg ekki tefja fyrir atkvgr. og þeim, sem eiga eftir að tala, og býst ekki við, að jeg þurfi aftur að biðja um orðið.

Jón Ólafsson: Hv. 1. þm. S.-M. gaf mjer ástæðu til að segja nokkur orð. Auðvitað legg jeg ekki svo mikið upp úr því, sem hann sagði um misskilning minn á þessu atriði hjá hv. sjútvn., því að nefndin hefir ekki skýrt þetta í till. sínum, heldur falið framsögumanni sínum að flytja hugsunina, sem lá á bak við. Jeg skrifaði ýmislegt niður af því, sem hv. frsm. (SvÓ) sagði hjer í gær, og hafði það alveg rjett eftir. Hann sagði það berum orðum, að þetta væri með stuðningi og með tilliti til þess fjelagsskapar, sem stofnaður er nú hjer í bænum, að lagt er til að veita þessar 12 þús. krónur. Mjer þykir gott að heyra, að það er aðeins hv. frsm., sem hefir skilið þetta svona, svo að jeg hefi ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Mjer þykir leiðinlegt, að hv. frsm. hefir ekki heyrt það, sem var aðalatriðið í því, sem jeg sagði, — að mjer hefði þótt hv. sjútvn. búta þetta nokkuð mikið í sundur. Jeg er hræddur um, að það komi ekki að þeim notum, sem nefndin ætlast til. Jeg þarf ekki að leiða mörg rök að þessu. Það er kunnugt, að okkur er gjarnast til að ká í mörgu og gera ekkert til hlítar.

Hv. þm. Ak. talaði einmitt um þennan 2. lið, 10 þús. til að leita fyrir um síldarmarkaði. Jeg tek hans svör góð og gild að því leyti, sem hann gaf hálfgert fyrirheit um, að bak við lægi að mynda fjelagsskap, sem hefði ekki mann í öðrum löndum aðeins til að skrifa um vörurnar, en hefði ekki ráð á að bjóða þær þeim mönnum, sem lesa hans góðu skrif. Jeg tók það frekar sem lofun frá hv. þm. Ak. (BL), að þessi maður væri ekki látinn stranda á sama skerinu og margir aðrir, sem hafa átt að útbreiða ísl. afurðir.

Ekki mintist hv. frsm. á þessi 8 þús., sem hann sagði í framsöguræðu sinni, að ættu að fara til markaðsleitar í Portúgal. Jeg taldi það mega gjarnan bíða, þar sem við höfum reynt þennan markað um mörg ár.

Fleira þarf jeg víst ekki að taka fram viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði. Hann fór sem sagt heldur undan í þessum atriðum og hefir sennilega ekki talað algerlega fyrir munn nefndarinnar.

Þá mintist hv. þm. líka á fjárveitingu til vegagerðar í Vestmannaeyjum. Honum þótti lítið ræktað þar, — ekki nema 108 hektarar —, og er það rjett. Meira að segja er nokkuð gamalræktað. En það, sem búið er að rækta, það er meðfram þessum vegi, sem er. Er búið að rækta þá skækla upp, en eftir er það 200 hektara svæði, sem vegurinn á að liggja í gegn um. Það er algerlega óaðgengilegt til ræktunar, ef vegur verður ekki þar lagður. Nú vildi hv. þm. meina, að þessi vegur væri ekki eins langur og getið var um, — 6 km. eða rúmlega það. Mjer

er sagt, að það liggi fyrir upplýsingar um það frá síðasta þingi, þegar þessi fjárveiting var til umræðu, og jeg get ekki gert ráð fyrir, að það hafi breyst. En það má aðeins athugast, að stykkið, sem hann á að liggja gegnum, er milli Helgafells og Stórhöfða, og verður að vera æði mikill olnbogi á veginum, sem liggur gegnum stykkið niður að sjó austanvert á eynni. Jeg er kunnugur þarna, og jeg tel það áreiðanlega rjett, að styttri megi vegalengdin ekki vera gegnum þetta ræktanlega landsvæði.

Það getur engum dulist, að þótt ræktaðir verði hjer um bil 300 ha. á eynni, þá muni samt sem áður þurfa að flytja inn æði mikinn heyfeng, sem sennilega yrði þá frá meginlandinu; því að jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. 1. þm. S.-M. vilji láta flytja inn útlent hey, og er jeg honum þar alveg sammála. Jeg tel vafasamt, að það sje rjett. En það á þá ekki að setja fót fyrir þá, sem vilja rækta landið.

Úr því að hv. þm. kom mjer til að standa upp, og úr því að hv. 2. þm. Reykv. er ekki hjer, vildi jeg minnast ofurlítið á tvær sjálfstæðar brtt., sem hann á hjer á þskj. 336. Og það er þá fyrst brtt. undir tölulið XXX, um 7500 kr. til Verslunarskóla Íslands. Það er kunnugt, að skóli þessi hefir átt erfitt uppdráttar. Hann hefir þurft að lifa á bónbjörgum og leita á náðir þeirra, sem góðfúslega vildu styðja hann. En nú er allhart í ári, og menn horfa í skildinginn, og er því skiljanlegt, að slíkur skóli, sem þannig fær fje sitt hjer og þar, eigi erfitt með að ná í nægilega fjárupphæð til þess að halda sjer uppi. Af þessum ástæðum hefir þetta verið borið fram og í von um, að háttv. Alþingi liti sanngjarnlega á málið.

Þá er önnur brtt. við 16. gr. 35, nýr liður um styrk til Verslunarráðs Íslands upp í kostnað við símskeytasendingar. Hv. fjvn. hefir, að jeg hygg, haft umsókn frá Verslunarráðinu um þetta, og einnig stóð þessi liður í fjárlagafrv. því, er lagt var fyrir þingið. En í meðferð málsins hefir það farið svo, að öðrum manni hefir verið veittur þessi styrkur til þess að kynna sjer fyrirkomulag erlendra kaupþinga. Virðist hv. fjvn. hafa tekið til þeirra ráða að fella niður fjárveitingu, sem staðið hefir undanfarin ár, um styrk til Verslunarráðsins til þess að annast upplýsingar um vöruverð erlendis með símskeytum, og fært hann yfir á þennan mann. Jeg er ekki í vafa um, að kaupmannastjettin og allir þeir, er notað hafa upplýsingar Verslunarráðsins, telji það tjón mikið, að nefndin skuli hafa kipt burt þessum styrk og veitt hann þessum manni til þess að kynna sjer fyrirkomulag kaupþinga. Jeg er í raun og veru hissa á því, að hv. fjvn. skuli hafa gert þetta, því að henni má vera það ljóst, að það er ekki eins mikil þörf á þekkingu þeirri, sem þessi maður á að afla sjer, og á því að útvega áreiðanlegar markaðsfrjettir. En það hefir Verslunarráðið gert. Jeg mundi helst óska, að nefndin sæi sjer fært að sinna báðum póstunum og gæti mælt með því, að Verslunarráðið fengi þessar 2000 kr. til þess að afla upplýsinga í verslunarsökum. — Jeg geri ráð fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. (MJ) hafi af þessum ástæðum borið fram þessar brtt. Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hef

aðeins skýrt frá því, að það komi sjer bagalega fyrir marga að geta ekki átt von eða heimting á upplýsingum frá Verslunarráðinu um vöruverð o. fl. þar að lútandi.

Benedikt Sveinsson. Jeg hefi flutt 2 brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. og vildi gera grein fyrir þeim í fám orðum. — Fyrri brtt. er um 1000 kr. styrk til Sveins Þórarinssonar málara til þess að ljúka námi í málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn. Erindi hans fylgja fern meðmæli, tvenn frá kennurum hans, ein frá sýslumanni Þingeyjarsýslu, sem honum er kunnugur, og ein frá Ásgrími Jónssyni málara. Af því að Ásgrímur var fyrsti kennari þessa unga manns og allir þingmenn þekkja, hversu skilríkur maður hann er og dómhæfur um þessa hluti, þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hið stuttorða og gagnorða meðmælabrjef hans. Það hljóðar svo:

„Sveinn Þórarinsson málari sækir um styrk til fullnaðarnáms á Kunstakademíinu í Kaupmannahöfn. Hann á eftir einn vetur við námið, en getur ekki haldið áfram án styrks. Sveinn hefir lært hjá mjer í hálfan annan vetur og gekk ágætlega; hann var bæði næmur og iðinn. Jeg álít hann besta málaraefni og eiga skilið að fá námsstyrk af landsfje. Jeg vona, að þingið snúist vel við styrkbeiðni hans."

Það er óþarfi fyrir mig, sem ekki er „fagmaður", að fara að bera lof á hinn unga listamann. Það væri að bera í bakkafullan lækinn, þar sem hjer eru fyrir orð Ásgríms. Hjer eru einnig ummæli frá tveim kennurum Sveins við listaháskólann, eins og jeg sagði áðan, en þar sem þau eru á dönsku, vil jeg ekki vera að stauta mig fram úr þeim, en þessir kennarar hans telja hann mjög maklegan styrks og mæla eindregið með honum. Þessi listamaður er kominn hátt á þrítugs aldur, en hefir stundað málaralist um mörg ár með miklum áhuga og dugnaði. Hann er sonur fátækra en gáfaðra foreldra úr Þingeyjarsýslu. Tímum saman hefir hann verið uppi á öræfum nyrðra og málað þar landslagsmyndir, t. d. af Herðubreið, og eru margar myndir hans orðnar nokkuð víða þektar. En þar sem jeg hefi nú ekki þessar myndir við höndina, þá verð jeg að skírskota til meðmæla kennaranna, og verða menn að taka það trúanlegt, er þeir segja. Sveinn á nú eftir einn vetur til þess að ljúka fullnaðarnámi við listaháskólann í Kaupmannahöfn. Hann hefir verið þar tvo vetur við nám, auk þess tíma, sem hann var undir handleiðslu Ásgríms málara, og jeg hygg, að hv. Alþingi styðji ekki listamann, sem eigi það betur skilið en þessi. En ef hann fær ekki styrkinn, mun honum verða torvelt að ljúka námi, nema þá með aðstoð vina sinna og kunningja, sem þó er altaf óvíst og undir högg að sækja.

Þá hefi jeg ennfremur leyft mjer að bera fram till. um það, að stjórninni veitist heimild til að kaupa jörðina Byrgi eða Ásbyrgi í Kelduhverfi. Það er þjóðkunnugt, að Ásbyrgi er eitthvert hið einkennilegasta náttúrufyrirbrigði hjer á landi. Hamraveggirnir eru langtum hærri en hamraveggur Almannagjár. Er bjargið ókleift alt í kring og miklu heillegra en hinn frægi hamraveggur, er „vestrið slítur bergi frá", eins og skáldið

kvað forðum. Byrgið veitir skjól fyrir vindum og er skógi vaxið, en af því að staðurinn hefir ekki verið vel hirtur, er skógurinn í afturför. Þó eru þar sum svæði vaxin allháum skógi, svipað sem í Vatnaskógi, og skilyrðin engu síðri en þar. En skógurinn er þó „á fallanda fæti"; er þar orðið mikið af fauskum, en nýgræðingurinn á erfitt uppdráttar, vegna þess að fje gengur í byrginu. Þyrfti þó ekki nema nokkur hundruð faðma girðingu, og væri þá alt byrgið sjálfvarið. Einstakir menn hafa nú átt jörðina í marga tugi ára. Sjálfir hafa þeir átt heima í fjarlægð, og er jörðin því eftirlitslaus. Þessi síðustu ár hefir jörðin gengið kaupum og sölum, þar til nú, að Kelduneshreppur keypti hana fyrir 3800 kr., í því skyni, að hún yrði alþjóðareign og staðnum meiri sómi sýndur en verið hefir, einkum um verndun skógarins. Nú er vaknaður mikill áhugi hjá ungmennafjelögum þar að stuðla að því, að skógurinn verði varinn og græddur út á þessum einkennilega og merka stað. Hefir hreppsnefnd falið mjer að bjóða hv. Alþingi jörðina til kaups, með sama verði, sem hún var keypt fyrir. Búast má við, að ungmennafjelögin norðanlands vilji taka að sjer að sjá um vörslu skógarins, ef hann verður landseign, og er þetta þá hreinn og beinn gróðavegur fyrir ríkissjóð. Þá hefi jeg einnig fengið orðsendingu frá Sambandi norðlenskra kvenna um það, að fjelag þetta hafi mikinn hug á að koma af stað ræktun skógar í byrginu, ef jörðin verður eign landsins, og leggja fram fje í því skyni. Sama er að segja um samband ungmennafjelaganna.

Mjer er ánægja að geta þess, að háttv. fjvn. hefir tekið vel í þessa till. mína. Hefir hún flutt við hana brtt. um að fella burt fjárhæð þá, er jeg hafði lagt til að ákveðin yrði, þar sem kaupa verður sneið í byrginu frá annari jörð, sem ekki er víst fyrirfram, hvað muni kosta. Nefndinni þykir rjettara að tiltaka ekki ákveðna fjárhæð, heldur láta stjórnina um kaupin, og get jeg fullvel fallist á það.

Ólafur Thors: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. Stendur hún undir tölulið LXXIV á þskj. 336 og er um það að veita Gerðahreppi uppgjöf vaxta 1927—1928 og greiðslufrest afborgana 1926—1928. Mjer höfðu borist mörg tilmæli um flutning brtt., en jeg varð illa við öllum slíkum beiðnum nema þessari og hefi þó skamtað hjer smátt, því að farið var fram á algera uppgjöf á hallærisláninu, 40 þús. kr. Jeg sá mjer ekki fært að fara fram á það við háttv. Alþingi, en hefi flutt brtt. eins og hún liggur fyrir, af brýnni nauðsyn. Hreppur þessi er mjög illa stæður fjárhagslega. Stafar það meðal annars af því, að þegar skift var hinum svokallaða Rosmhvalaneshreppi, þá varð Gerðahreppur útundan og var skilinn eftir hafnlaus. Af því leiddi, að sá atvinnurekstur, sem aðallega er bundinn við hafnirnar, fjell hinum hluta hreppsins að mestu leyti. Svo er ástatt í Gerðahreppi, að þar eru 206 menn á aldrinum frá 16 til 60 ára, en af þeim eru aðeins 93 vinnandi karlmenn. Ómegðin er mikil, 175 börn og 65 gamalmenni, auk 22 barna og 3 gamalmenna, sem hreppurinn verður að

leggja með annarsstaðar. Við þetta bætist svo mikið aflaleysi undanfarin ár. Jeg vænti því þess, að hv. þdm. skilji, að aðstaða hreppsins er hin erfiðasta. Það er í raun og veru svo, að jeg, sem er allkunnugur hreppsbúum, geri mjer litlar vonir um að hreppurinn geti nokkurntíma staðið í skilum. Þó skal jeg ekki fullyrða það, enda hefi jeg ekki talið það tímabært að fara fram á algera uppgjöf. Það má heita svo, að ekki flytjist til Gerðahrepps nokkur maður, en aftur hafa margir flust þaðan, t. d. fluttust þaðan síðasta ár gjaldendur, sem greitt höfðu á 3. þús. kr. í árlegt útsvar. Einnig má benda á það, að víða annarsstaðar suðum með sjó hafa menn sjeð sjer hag í því að rækta landið vegna mjólkursölunnar, en í Gerðahreppi hefir ekki verið unnið eitt dagsverk í seinni tíð, vegna þess hve útsvörin eru þung og skattar og skyldur miklar. Jeg hefi sjeð síðasta efnahagsreikning hreppsins, og eru eignir hans taldar þar 19 þúsund krónur, þar með eru talin tvö barnaskólahús, en skuldirnar aftur á móti 45 þúsund krónur. Ef við tökum efnahag allra hreppsbúa, þá eru eignirnar um 500 þús. kr., en skuldir á 4. hundrað þús. Er þetta óvenju ljelegur efnahagur, og sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að eignirnar eru reiknaðar út eftir síðasta jarðamati, en ef til sölu kæmi, mundu þær alls ekki ná því matsverði. Jeg vænti svo þess og treysti því, að hv. þdm. sjeu svo sanngjarnir að sjá þessa brýnu þörf og verði við hinni hógværu bón hreppsbúa í þessu efni. Til þess að sýna, hve slæmt ástandið er, skal jeg að endingu geta þess, að hreppurinn hefir verið að stritast við að greiða vexti, og nú síðast í haust, er vextirnir voru greiddir, varð oddvitinn að taka þá peninga úr sínum eigin vasa.

Jeg ætla ekki að gera að umtalsefni margar af þeim brtt., sem hjer liggja fyrir. Jeg sá, mjer til mikillar ánægju, að háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir tekið upp till. um styrk til Hrafnkels Einarssonar stúdents. Jeg hefi leitað mjer umsagna um þennan mann og veit, að hann er hinn efnilegasti maður og því vel að styrk kominn. Vona jeg því, að háttv. þm. ljái þessari þörfu fjárveiting atkv. sitt.

Um till. sjútvn., sem háttv. form. nefndarinnar (SvÓ) hefir talað fyrir, skal jeg geta þess, að það var ekki sameiginlegt álit nefndarmanna, að fjenu skyldi varið á þann hátt, sem skilja mátti á ræðu hans. Hann gat þess, að ef samþyktur yrði 12 þús. kr. styrkur til sölutilrauna í Suður-Ameríku, þá væri tilgangurinn sá, að fje þetta gengi til hins nýstofnaða fjelags togaraeigenda. En nefndin var þó ekki samhuga um það. Meiri hluti hennar vildi leggja þetta á vald atvinnumálaráðherra. Sama er að segja um 10 þús. kr. styrkinn til síldarsölutilrauna í Mið-Evrópu. Nefndin hefir auðvitað bent á einn ákveðinn mann, en þó er ekkert því til fyrirstöðu, að öðrum jafnhæfum eða kannske hæfari manni, sem um þetta kynni að sækja, yrði veitt það. Jeg sje ástæðu til þess að geta þessa, ef það eru einhverjir hv. þm., sem vilja veita styrki þessa, en ekki þeim aðiljum, er háttv. form. sjútvn. gat um. Þeim til leiðbeiningar vil jeg geta þess, að meiri hluti sjútvn. telur rjett, að atvrh. hafi úrskurðarvaldið í þessu efni,

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það er nú liðið á annan sólarhring, síðan jeg gerði grein fyrir brtt. nefndarinnar, og nú hafa nálega allir þeir einstakir þm., sem flutt hafa hjer brtt., talað fyrir þeim, en þó ekki allir. En þar sem þeir hafa ekki enn gefið sig fram, get jeg ekki verið að bíða eftir þeim, og verð því að grípa tækifærið til þess að gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar til hinna einstöku brtt.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefir enga ástæðu til þess að vera óánægð yfir þeim undirtektum, sem till. hennar hafa fengið. Annars hafa fáir hv. þm. vikið að till. hennar og þá ekki óvingjarnlega. — Hæstv. atvrh. drap á tvær till. nefndarinnar. Var önnur um hækkunina samkvæmt jarðræktarlögunum, og hafði hæstv. ráðherra ekkert við hana að athuga, enda er hún fram komin í samráði við hann. Hann mintist líka á síðustu till. nefndarinnar á þskj. 336, sem er um styrk til S. Í. S. til þess að gera tilraunir með útflutning á kjöti. Hæstv. ráðherra gat þess, að styrkurinn ætti ekki að vera til frambúðar, eins og líka er sjálfsagt. En þar sem hjer er um tilraun að ræða, þá sagðist hann ekki vera á móti till., og getur nefndin gert sig ánægða með það.

Þá skal jeg koma ofurlítið að nokkrum öðrum hv. þm., er vikið hafa að brtt. fjvn. Háttv. 1. þm. Rang. (KlJ) drap á till. um styrkinn til yfirhjúkrunarkonunnar í Laugarnesi, en hann er, eins og kunnugt er, formaður spítalanefndarinnar. Hann studdi till., en sagði þó, að hún hefði mátt hærri vera. En nefndin er hjer í sama ræmi við annað, sem hún hefir gert í þessum efnum.

Þá skal jeg snúa mjer að því að gera grein fyrir afstöðu fjvn. til hinna mörgu brtt., sem hjer liggja fyrir. Um meginið af þeim brtt. má segja það, að erindi um þær hafa legið fyrir fjvn. En hún hefir ekki treyst sjer til þess að bera þær fram, og í því liggur eiginlega dómur hennar um þær. Vitanlega er margt af þessu, sem hjer er farið fram á, þarft, og ef gott væri í ári ánægja að geta samþykt það. En nú er hart í ári, og einhversstaðar varð að draga merkin, og hefir því nefndin beitt hnífnum með harðasta móti. Það er engin tilviljun, að brtt. fjvn. eru óvenjulega fáar í þetta skifti, og það mun vera fátítt, að hlutfallið milli brtt. fjvn. og brtt. einstakra þingmanna sje slíkt sem það er nú. Nefndin hefir skilið svo hlutverk sitt nú, að hún þyrfti að vera harðhent.

Þá skal jeg fyrst snúa mjer að brtt. á þskj. 336. Það er þá fyrst XXII. brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um húsaleigustyrk til sóknarprestsins í Ísafjarðarprestakalli. Hv. þm. N.-Ísf. gerði grein fyrir þessari brtt. og sagði, sem rjett er, að þessi prestur ætti mjög erfitt aðstöðu. En það má benda á það, að af hálfu Alþingis hefir nýlega verið gerð ráðstöfun til þess að hlynna að honum, þar sem hann var losaður við part af prestakallinu, sem honum var mjög kostnaðarsamt að gegna. Fjvn. getur ekki mælt með þessu vegna fordæmis, sem það skapar fyrir aðra kaupstaðarpresta.

Þá koma brtt. um styrki til náms-

manna, og eru það flest afturgöngur frá 2. umr. Háttv. þm. Borgf. (PO) mælti með styrk til Bjarna Sigurðssonar, hv. 1. þm. Árn. (MT) og hv. 1. þm. Reykv. (JakM) með styrk til Jakobs Gíslasonar, hv. 1. þm. Reykv. einnig með styrk til Valgarðs Thoroddsens og svo loks hv. þm. Dal. (J-G) með styrk til Sigurkarls Stefánssonar. Fyrir hönd fjvn. get jeg sagt, að hún getur ekki mælt með þeim. Hún treystir sjer ekki til þess að taka neinn sjerstakan út úr og legst því á móti þeim öllum. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) gat þess í sambandi við þessar styrkbeiðnir, að ríkinu bæri skylda til þess að styrkja þá stúdenta til náms, sem vilja nema þær greinir, sem ekki er hægt að nema hjer, vegna þeirra tíðinda, sem gerst hefðu 1918, er stúdentar voru með sambandslögunum sviftir Garðstyrknum. En hv. þm. gat þess þó, að það væri lögboðið að styrkja 4 stúdenta á ári. Með því hefir Alþingi lýst yfir því, að það telji sjer ekki skylt að styrkja fleiri stúdenta, svo að hv. þm. svaraði sjer í raun og veru sjálfur með því að benda á þessi lög.

Brtt. um skólagjöldin þarf jeg ekki að minnast á; hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) hefir gert það.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) gerði grein fyrir brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (MJ), um að hækka styrkinn til verslunarskólans. Hann gat þess, að skólinn ætti erfitt uppdráttar. Það efar enginn. Það eiga allir á þessum tímum og ekki hvað síst ríkissjóðurinn. Nefndin getur ekki mælt með þessari brtt.

Þá kemur XXXI. brtt., frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), um að hækka styrkinn til unglingaskóla úr 45 þús. kr. upp í 50 þús. kr. Þessi styrkur var í stjfrv. 38 þús. kr., en fjvn. hækkaði hann upp í 45 þús. kr., samkvæmt brjefi frá háttv. þm. V.-Ísf., núverandi fræðslumálastjóra. Nú vill hann hækka þennan styrk upp í 50 þús. kr., en nefndin heldur fast við sína tillögu og getur ekki mælt með þessari. Þá er önnur brtt. frá þessum hv. þm., um að veita Núpsskólanum 3 þús. kr. styrk. Það lá erindi fyrir fjvn. um þetta, og jeg skal játa, að þessi skóli er alls góðs maklegur, en hann var styrktur ekki óverulega í fyrra að till. fjvn. En þar sem hjer verður að gæta hins ítrasta sparnaðar, þá getur nefndin ekki fallist á að styrkja hann að þessu sinni og leggur því á móti þessari till.

Þá er XXXIII. brtt., frá hv. þm. Ak. (BL), um veiting fjár til húsmæðraskóla á Norðurlandi, aðaltillaga og varatillaga. Hjer er um mikla og stóra stofnun að ræða og stóra fjárveitingu, 35 þús. kr. Maður skyldi því halda, að hjer lægju skýr gögn fyrir um það, hvort menn sjeu ásáttir um það, hvar skólinn eigi að standa, hvað bygging hans muni kosta o. s. frv. En ekkert slíkt hefir legið fyrir fjvn. og ekkert erindi til hennar komið þessu viðvíkjandi. Þetta virðist vera borið fram sem leikur, gegn viðleitni Þingeyinga til þess að stofna sjerstaka húsmæðradeild við Laugaskólann. En viðvíkjandi þeim skóla lá alt fyrir, sem þurfa þótti. Hv. þm. Ak. sagði, að konur nyrðra hefðu orðið ásáttar um að láta þetta mál bíða, bæði vegna fjárhags ríkissjóðs og svo vegna heilsuhælis Norðurlands, meðan ríkissjóður legði styrk til þess. Þetta var mjög skynsamleg ástæða. Nú eru í

þessu fjárlagafrv. veittar 56 þús. kr. til heilsuhælisins í Kristnesi, svo að mjer finst það bein afleiðing af orðum hv. þm., að þessi húsmæðraskóli verði að bíða.

Þá er brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), um að liðurinn um listaverkakaup verði fluttur undir þjóðmenjasafnið. Þetta atriði lætur nefndin sig engu skifta.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísf., um styrk til Þorsteins M. Jónssonar til þess að gefa út „Lýðmentun". Fyrir þessari brtt. hefir engin grein verið gerð nú, vegna þess að aðalflm. hennar er fjarstaddur, en hún var rædd við 2. umr., og fjvn. hefir alveg sömu afstöðu til hennar nú og þá.

Jeg var á það mintur rjett í þessu, að mjer hefði skotist yfir seinni lið XXIII. brtt., frá hv. þm. Dal. (JG), um 1000 kr. styrk til safnaðarstarfsemi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Nefndin var á sínum tíma því meðmælt að veita styrk í þessu skyni, þótt hún hinsvegar geti ekki mælt með því að þessu sinni. Hv. flm. vitnaði í það í þessu sambandi, að safnaðarstarfsemi Íslendinga vestan hafs hefði mest unnið að því að viðhalda íslensku þjóðerni vestra. En þá starfsemi höfum við Austur-Íslendingar ekki styrkt. Býst jeg því við, að fjvn. líti svo á, að landinn geti staðið undir þessari starfsemi í Kaupmannahöfn, eins og hann hefir gert annarsstaðar.

Þá ætla jeg að byrja þar, sem frá var horfið, og er það XXXVIII. brtt., sem flutt er af háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) og er um 500 kr. hækkun styrksins til Leikfjelags Reykjavíkur, vegna greiðslu verðtolls á búningum, sem Leikfjelagið hafði orðið að útvega sjer. Hv. flm. lýsti því yfir, að fjvn. mundi því ekki mótfallin að veita þessa ívilnun. Get jeg þá bætt því við, að nefndin getur fallist á að veita þessa ívilnun í þetta sinn, en þó megi það ekki skiljast svo, að nefndin með því fallist á að gefa öðrum slíkar undanþágur.

Þá kem jeg nú að till. þeim, sem fara fram á að veita ýmiskonar námsstyrki, bæði stúdentum og listamönnum, til Rómaferðar o. fl. o. fl. Þessar till. eru 10 að tölu og flestar gamlir kunningjar, sem jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um. Flestar þessar styrkbeiðnir hafa legið fyrir fjvn. og hún ekki sjeð sjer fært að gera svo upp á milli manna, að hún treysti sjer til að taka neinn sjerstakan út úr til þess að mæla með. Heldur nefndin því við það, sem hún hafði áður orðið ásátt um, að hafna öllum þessum styrkbeiðnum, og mun því standa móti þessum brtt. einstakra þm.

Að vísu mætti segja, að sumar þessar till. sjeu sanngjarnar, eins og um styrk til ritstarfa, frá hæstv. atvrh., um styrk til Hrafnkels Einarssonar og til þess að kaupa málverk af Ásgrími Jónssyni, sem hv. 1. þm. Reykv. flytur, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs hefir þó nefndin ekki sjeð sjer fært að taka þetta upp, og mun hún því greiða atkv. móti því öllu saman.

Sama er og um styrkinn til Barða Guðmundssonar að segja, að nefndin hefir ekki getað mælt með honum. En þar sem einn úr nefndinni er meðflm. að þessari till., leiðir af sjálfu sjer, að einstakir nefndarmenn hafa þar

óbundin atkvæði. Og þar sem það er jeg, sem flyt þessa brtt. ásamt hv. þm. Ak., þá vil jeg aðeins segja, að það var síst ofmælt, sem hv. þm. Ak. sagði um þennan unga mann og hæfileika hans. Í Barða Guðmundssyni er alveg óvenjulegt og sjerstakt efni í sögumann, svo að búast má við miklum og glæsilegum árangri af starfi hans, ef honum endist líf og heilsa. Það er líka þessi fræðigrein, sem haldið hefir best uppi hróðri okkar Íslendinga. Og frá þeim, sem við sagnagerð hafa fengist alt frá söguöld og til okkar daga, hefir stafað sá ljómi, er lýst hefir af til fjarlægra landa. Mundu og margir fagna því, að söguritun Íslendinga hjeldi áfram, og þar sem vænta má, að hjer sje á ferðinni maður, sem liðtækur muni reynast í því efni er stundir líða, vænti jeg, að hv. þdm. geti fallist á þessa brtt.

Þá kem jeg að brtt., sem tveir hv. þm. Múlsýslinga flytja, um að fella niður styrk til vegagerðar í Vestmannaeyjum. Það eru þeir hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. N.-M. — Hv. 1. þm. S.-M (SvÓ) talaði fyrir brtt. þessari og mælti eitthvað á þá leið, að honum væri það sjerstaklega ljúft að leggja til, að þessi styrkur yrði feldur niður. Þetta held jeg, að hafi raunar verið í spaugi mælt og fremur verið sagt til þess að slá til hljóðs fyrir nokkrum hækkunartill., sem hann flytur, enda ljet hann svo ummælt, að hv. þdm. mundu geta frekar fallist á útgjaldatill., er hann kæmi jafnhliða fram með sparnaðartill. Þó held jeg, að hann hefði getað fundið eitthvað heppilegra til þess að bera niður á, úr því að hann vildi spara, enda get jeg skilað því frá fjvn., að hún mun ekki að neinu leyti fallast á þessa till. hans. Annars get jeg sparað mjer að fara lengra út í þetta mál, því að hv. 3. þm. Reykv., sem er kunnugur í Vestmannaeyjum, hefir gert glögga grein fyrir þessu máli. Þó get jeg upplýst um það, að það var ekki hæstv. stjórn, sem bar þetta fram í fyrstu, heldur var það fjvn., og hún gerði það eftir að fram hafði farið nákvæm rannsókn á ræktunarmöguleikum Vestmannaeyja, er Búnaðarfjelag Íslands ljet framkvæma samkvæmt beinni áskorun eyjaskeggja. Ef þessi styrkur yrði feldur niður nú, mætti skoða það sem brigðmælgi þingsins, því að í fyrra var óbeinlínis gefið loforð um, að þessi styrkur stæði áfram.

Hv. 1. þm. S.-M. virðist ekki hafa athugað, að hjer er um landssjóðsjörð að ræða, og að hjer er verið að skapa möguleika til þess, að íbúar þessa bæjar geti unnið að því að rækta landið, og til þess að hjálpa eyjaskeggjum til betri afkomu. Jeg gat þess í fyrra, að hjer væri um nýtt verkefni að ræða, og að mjer væri sjerstaklega ljúft að bera fram þá styrkbeiðni, sem þá var farið fram á. Landið þarna er að dómi þeirra manna, sem til þekkja, sjerstaklega vel fallið til ræktunar. Þarna er hægt að nota starfskrafta kvenna og barna við ræktunina, yfirfljótanlegur áburður og margt fleira til hagræðis, sem óþarft er upp að telja.

Eins og það er sjálfsagt að efla ræktun landsins og margfalda í sveitum landsins, eins er það ekki síður þörf, að ríkið komi á móti mönnum í sjávarþorpum og styrki þá, svo að þeir geti miðað afkomu sína við aukna ræktun.

Þess vegna vænti jeg, að þessi till.

nái ekki fram að ganga, þó að tveir af mínum góðu vinum standi að henni.

Að síðustu skal jeg vekja athygli á því, að nú sem stendur er trúnaðarmaður Búnaðarfjelags Íslands staddur í Vestmannaeyjum til þess að binda enda á, hvernig haga skuli þessu mikla ræktunarmáli, sem þar er upp tekið.

Næstu brtt. flytur hv. 1. þm. S.-M., og er hún um 6 þús. kr. styrk til húsabóta á Hallormsstað. Þessi till. var líka á ferðinni við 2. umr., en tekin þá aftur. Það er rjett, að ríkið á þessa jörð, líkt og á sjer stað um prestssetrin. En nefndin leit svo á, að hjer væri ekki um neina framtíðarbyggingu að ræða, og getur því ekki fallist á þessa brtt.

Þá flytur hv. þm. Dal. brtt. um að hækka styrkinn til bryggju- og lendingabóta um 2000 krónur til þess að byggja bryggju við Salthólma á Gilsfirði. Nefndin hefir haft það fyrir venju, þegar legið hafa frammi einhver ábyggileg plögg um styrkbeiðnir í þessa átt, að synja þeim ekki. En um þessa bryggju við Salthólma lágu engin gögn fyrir nefndinni og engar áætlanir eða teikningar. Þess vegna getur hv. flm. (JG) ekki vænst þess, að nefndin fallist á þessa brtt., og vildi jeg því ráðleggja honum að taka till. aftur og afla sjer betri gagna en hann hefir. Því að þó hann sje þarna kunnugur, er það okkur hinum ekki nóg.

Þá eru næst undir LV. lið 3 till. frá hv. sjútvn., sem samtals nema 30 þús. kr. Hvað sem annars verður sagt um hv. sjútvn., þá verður hún varla fyrir ámæli um það, að hún sje ekki nógu stórtæk í sínum till. Það er skylt að taka fram, að af óaðgæslu er nefndur 20. liður 16. gr., en við hann er ekki átt. Jeg man ekki, hvort hv. frsm. sjútvn. (SvÓ) gat um það. Annars stendur það svo af sjer, að af hálfu fjvn. get jeg talsvert sparað mjer að gera grein fyrir afstöðu hennar gagnvart þessum hlutum, því að sá hv. þm. hjer í deildinni, sem af mönnum hjer um slóðir er langkunnugastur og reyndastur útgerðarmaður, hv. 3. þm. Reykv., hefir rætt um þessar till. og gert grein fyrir sinni skoðun á þeim á þann hátt, að hann geti ekki treyst sjer til að mæla með þeim. Hann leit svo á, að þær væru ekki nægilega undirbúnar, og að það væri ekki nægilega föstum tökum á þessu tekið. Ennfremur skal jeg bæta því við, að jeg gat ekki skilið öðruvísi en svo, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) segði í sinni ræðu, að í sjútvn. sjálfri væri jafnvel ekki einróma álit gagnvart þessum till.

Hv. frsm. sjútvn. (SvÓ) gat þess, að a.-liður, 12000 kr. til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku, væri ákveðið ætlaður nýstofnuðu fjelagi. **(SvÓ:** Ekki ákveðið!). Ekki það. Það var hv. 3. þm. Reykv., sem benti á, að það væri ekki heppilegt. Hann var sem sagt fjvn. sammála, að það væri ekki nógu vel frá 1. liðnum gengið til þess, að hægt væri að mæla með honum.

Viðvíkjandi 2. liðnum, um síldarsölu í Mið-Evrópu og Finnlandi, 10 þús. kr., gat hv. 3. þm. Reykv. þess, að áður hefðu verið farnar slíkar sendiferðir sem hjer er bent til og ekki orðið af því neitt verulegt gagn. Og á þeim grundvelli áleit hann, að eins og til væri stofnað, mætti ekki

vænta mikils árangurs. Fjvn. verður að vera á sömu skoðun um þetta.

Viðvíkjandi 3. liðnum, sem talað var um að verja til starfsemi í Portúgal, gat hv. 3. þm. Reykv. þess, að búast mætti við, að erindrekinn á Spáni gæti unnið það starf líka, að svo miklu leyti sem hægt er að vonast eftir árangri þar, en yfirleitt væri verðið þar lágt.

Fjvn. verður sem sagt að álíta um allar þessar till., að það sje ekki svo frá þeim gengið, að fært sje að fallast á þær.

Aftur á móti felst fjvn. að sjálfsögðu á brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. undir LVI. lið; það er sjálfsögð till. að styrkja ekki Sigrúnu Blöndal á tveim stöðum í fjárlögum til hins sama.

Þá flytur hv. 1. þm. Reykv. undir LVII till. um 1200 króna fjárveitingu til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til að standast kostnað af heimsókn fulltrúa frá hjúkrunarkvennafjelögum á Norðurlöndum. Hv. þm. gat þess, að þessar konur hefðu notið heimboðs frá starfssystrum sínum í öðrum löndum, og nú ættu þær von á að taka á móti gestum, sem náttúrlega er ánægjulegt. En það er venjulega svo, að ef maður þiggur boð, þá á maður sjálfur að standast kostnað af að taka á móti aftur. Erindi lá fyrir nefndinni, en hún treysti sjer ekki til að mæla með þessu.

Þá er það hv. 2. þm. Reykv., sem flytur till. um styrk til Verslunarráðs Íslands, — kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis, að upphæð 2000 kr. Hv. 3. þm. Reykv. gerði grein fyrir þessari brtt., af því að hv. 2. þm. Reykv. var fjarstaddur. Hann gat þessi rjettilega, að fjvn. feldi þetta niður, en setti í staðinn styrk til skólastjóra verslunarskólans til þess að kynna sjer kaupþing erlendis. Eins og háttv. 3. þm. Reykv. gat um, lágu erindi um þetta hvorttveggja fyrir fjvn., og treystist hún ekki að mæla með hvorutveggja. Taldi hún, eftir því sem gögn lágu fyrir, að stofnun kaupþings væri nauðsynlegri, og að hin starfsemin mundi ekki koma að fullum notum fyr en búið væri að koma kaupþinginu myndarlega af stað. Nú lætur hv. 3. þm. Reykv. það í ljós af hálfu Verslunarráðsins, að það hefði miklu fremur óskað eftir hinu. Jeg vil minna á, að ef svo hefir verið, þá gafst því nægur tími til að nefna það, frá því fjvn. bar fram sínar till. og þangað til þær komu til umræðu. En eftir gögnum frá Verslunarráðinu varð ekki annað sjeð, en að lögð væri jöfn áhersla á hvorttveggja, enda er það komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að Verslunarráðið óskaði eftir því hvorutveggja. — Annars geri jeg ráð fyrir, að það muni ef til vill orka tvímælis, hvort þessi brtt. muni komast að, því að alveg samhljóða liður þessum var feldur burt úr fjárlagafrv. við 2. umr. En jeg geri enga kröfu til hæstv. forseta um að vísa henni frá.

Hv. 1. þm. Reykv. ber fram till. um styrk handa Ísak Jónssyni til kexgerðarnáms. Fyrir nefndinni lá erindi um þetta, en hún treysti sjer ekki til að taka till. upp.

Þá er till. frá hv. 4. þm. Reykv. um styrk til Byggingarfjelags Reykjavíkur. Þessi háttv. þm. hefir ekki getað verið á fundi í dag, og hefir enginn gert grein fyrir till. En hún kom fram við 2. umr., og þar sem ekkert

nýtt hefir komið fram í málinu, þá hefi jeg engu við að bæta frá fjvn.

Þá eru það allir hv. þm. Reykv., sem bera fram, undir LXI. lið, brtt. um 50 þús. kr. fjárveitingu til sundhallar í Reykjavík, gegn jafnmikla framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Aðalflm. brtt., hv. 1. þm. Reykv., mun hafa tekið fram, að þetta mundi vera önnur fjárveiting af tveimur. Jeg vil geta þess, að mjer væri mjög kært að vera með þessari till. Það munu yfirleitt ekki deildar meiningar um, að það væri mjög farsælt og gott að geta sem fyrst fengið slíka sundhöll. Og yfirleitt munu flestir hafa verið því sammála, er skrifað var í blöðin síðustu dagana um nauðsyn þessa máls og hollustuna, sem af slíku fyrirtæki mundi leiða. En hinsvegar er það svo, að á krepputímum verður svo margt að bíða. Þar sem svo mörgu verður að fresta, þá verður fjvn. að líta svo á, að þessar framkvæmdir verði þar á meðal. Enda er hjer um eigi lítinn kostnað að ræða. — Ennfremur til jeg benda á eitt atriði enn, sem hlýtur að stuðla að því, að allmargra áliti, að heldur beri að fresta þessum framkvæmdum. Mjer skilst svo ráðgert, að laugavatnið eigi að nota fyrst til upphitunar í opinberum byggingum og síðan í sundhöllina, og verði því að vera búið að reisa landsspítalann og aðrar opinberar byggingar, sem eiga að njóta góðs af þessu heita vatni, áður en komið geti til mála að ganga frá sundhöllinni. Þar af leiðandi hljóti það að frestast, þar sem það er vitað, að árið 1928 verður ekki hægt að reisa þessar byggingar til fulls.

Háttv. þm. V.-Ísf. hefir borið fram till. um að styrkja Ostagerðarfjelag Önfirðinga, og á styrkurinn að ganga til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni. Hann gerði grein fyrir starfsemi þessa fjelags, að hún hefði mistekist og fjelagsmenn orðið fyrir allmiklu tjóni. Nú er það svo, að fjvn. hefir ekki treyst sjer til á neinu sviði að mæla með því að veita neina eftirgjöf á viðlagasjóðslánum. Eins og kunnugt er, lágu í fyrra fyrir ýmsar beiðnir um það, sem ekki náðu framgangi. Fleiri hafa legið fyrir nú, og verður eitt yfir þær allar að ganga.

Þá eru það allir hv. þm. Reykv., sem bera fram till. aftur, eins og við 2. umr., um að veita 2000 kr. til Sjúkrasamlags Reykjavíkur til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög. Varatill. er 1500 kr. Háttv. 3. þm. Reykv., sem mælti fyrir till., ljet í ljós von um það, að fjvn. mundi geta aðhylst varatill., og skildist mjer hann telja sig ánægðan með það. Um þetta er það að segja, að nefndin getur öll fallist á varatill., samkvæmt umtali við hv. þingmenn Reykv.

Þá er komið að 18. gr. Fyrsta brtt. snertir eftirlaun ekkju Bjarna Jónssonar. Hv. 1. þm. Reykv. gerði grein fyrir þeirri brtt. og gat þess, að eftirlaun þessarar ekkju sköpuðu ekkert fordæmi, þar sem um sjerstaka aðstöðu væri að ræða. Hæstv. atvrh. (MG) mælti með því, og undir það mundu margir vilja taka. Hinsvegar ber mjer að lýsa brtt., sem fjvn. hefir borið fram til samræmis, um eftirlaun annarar ekkju, sem veitt eru í 18. gr., þar sem nefndin leggur til að veita 1200 kr. til ekkju Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds. Mjer er skylt að

geta þess, að það er ekki fjvn. í heild, sem ber fram þessa till., en meiri hl. hennar.

Hv. þm. Ak. og tveir aðrir hv. þm. leggja til, að eftirlaun Páls Árdals sjeu hækkuð allmjög. Jeg ætla það væru sömu hv. þm., sem báru fram till. við 2. umr. um það sama, en nefndin vildi halda við það, sem stjórnin hafði gert í sínu frv.; og hún heldur fast við það ennþá, að það sje ástæðulaust að hækka þessi eftirlaun. Hv. þm. Ak. gat þess, að þessi maður hefði starfað fyrir Akureyrarbæ, jeg ætla í 40 ár; þar af leiðandi verð jeg að telja, — og það munu fleiri gera —, að Akureyri beri skylda til þess að láta þessum starfsmanni eftirlaun í tje. Jeg hygg Reykjavíkurbær muni vart knýja á dyr Alþingis um eftirlaun til manna, sem búnir eru að starfa hjer í 40 ár. Og eftir því, sem hv. þm. Ak. lýsti efnahag Akureyrar, þá hygg jeg, að sá bær muni sjá sóma sinn í að launa þessum manni, sem er alls góðs maklegur fyrir allra hluta sakir.

Hv. 2. þm. Eyf. og hv. 1. þm. Rang. flytja till. um fjárveitingu til Eggerts Stefánssonar símritara. Hefir verið gerð allrækileg grein fyrir tillögunni, en hæstv. atvrh. lagt á móti henni. Jeg tel enga ástæðu frá nefndarinnar hálfu að fara út í sögu þess máls. Mjer ber að lýsa því yfir af hennar hálfu, að hún treystist ekki til að mæla með till.

Þá er komið að 22. gr. Þar hafa komið fram mjög margar till. um lánveitingar, eða 5 alls. Tvær eru frá hv. þm. Barð., um lán til læknisbústaða í Flatey og Reykhólahjeraði; ein er frá hv. 1. þm. Rang., um lán til að reisa gistiskála í Fljótshlíð. Ein er frá hv. þm. Mýr. (Þþ), lán til endurbyggingar á raforkustöð í Borgarnesi, og loks er till. frá hv. þm. Ak., um lán til hafnarbóta á Akureyri. — Hæstv. atvrh. hefir vikið nokkuð að þessum umsóknum öllum og gat þess, að hann væri þeim yfirleitt ekki mótfallinn. Vitanlega er það rjett, sem hæstv. ráðherra sagði, að það er alls ekki sama sem að veita þessi lán, þótt stjórnin fái heimild til þess í 22. gr. fjárlaga, og oft hefir slík heimild ekki verið notuð. Það er augljóst, að verði lánbeiðnir þessar allar uppfyltar og bætt við þær í þessari gr., fyrir utan brtt. hv. 2. þm. Eyf. á þskj. 345, sem skýrt er tekið fram um, að þær eigi að ganga fyrir öðrum, þá kemst þetta ekki alt saman að. Út frá því getur maður sagt, að það sje ekki neitt stórt atriði, hvort þessi heimild er veitt; hæstv. stjórn hefir í sinni hendi að sigta þetta í sundur og ganga frá því svo tryggilega, að ríkissjóður verði ekki fyrir tapi. Samt getur fjvn. ekki mælt með, að þessi lán sjeu veitt. Hún álítur, að þau lán, sem fyrir eru í þessari grein, sjeu yfirleitt meir aðkallandi. En mjer er ekki lagt á hendur að leggja með neinum þunga á móti þessum lánaheimildum.

Þá eru 3 brtt. um að veita heimild til að gefa eftir vexti af hallærislánum, til Grunnavíkur- og Árneshreppa og í öðru lagi til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, ennfremur af viðlagasjóðsláni til Ostagerðarfjelags Önfirðinga. Alt eru þetta kunningjar síðan í fyrra; þá var rætt um að veita eftirgjöf á þessum lánum, og varð um

það nokkur styrr. Nú er um miklu minna að ræða og sumpart að stíga áfram það spor, sem tekið var í fyrra, sjerstaklega viðvíkjandi tveim hreppum. Nefndin getur ekki veitt þessu meðmæli sín, en mjer ber heldur ekki að leggjast með sjerstökum þunga á móti af hálfu hennar. Enda er það vitanlegt, eftir því hverjir standa að sumum þessum till., að það er ekki einróma álit nefndarinnar að leggja á móti.

Þá hefir hæstv. atvrh. borið fram brtt. undir LXXVII. lið, um að stjórninni sje heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ekki 60 þús. kr., heldur 85 þús. kr. styrk, ef það er talið nauðsynlegt. Hæstv. ráðh. vitnaði í það, að svo hefði verið litið á áður, sem styrkur til Eimskipafjelagsins væri eins og endurgjald á skipagjaldi og vitagjaldi, sem fjelagið verður að borga; og þar sem fjelagið hefði bætt við sig skipum, væri rjett að hækka styrkinn til fjelagsins. Hann taldi tilefni til þessarar heimildar það, að fjelagið hefði bætt við „Brúarfossi", sem hann kvað ekki líklegt, að yrði sjerlega arðvænlegt skip.

Mjer ber að geta þess, að fjvn. vill nú eins og áður sýna Eimskipafjelaginu fulla vinsemd; hún álítur það mjög þarft og nauðsynlegt að styrkja þetta fjelag í samkepninni við útlend fjelög, enda er alviðurkent, hvað það hefir unnið þjóðnýtt starf. Hinsvegar leit nefndin svo á, að ekki væri þörf að veita þessa upphæð nú þegar; hún vill fá að sjá það koma á daginn, hvort ástæða er til að auka styrkinn. Jeg geri ráð fyrir, að fjvn. mundi geta fallist á þetta, ef sýnileg þörf væri á; en hingað til hefir það verið svo, að heimild til að veita Eimskipafjelaginu styrk hefir verið sama og fjárveiting. Nefndin vill því sjá hvað setur um þetta, en ekki ber að skilja það svo frá hennar hálfu, að styrkinn megi ekki auka undir neinum kringumstæðum.

Hæstv. atvrh. hefir sömuleiðis gert grein fyrir till. um að kaupa hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27 þús. kr. Fyrir nefndinni lá erindi um þetta, og sömuleiðis kom sýslumaður að máli við nefndina. Hæstv. ráðherra gat þess, að hjer væri um nýja braut að ræða, en áleit, að það væri ekki hægt að standa í gegn þessu, þar sem búið væri að stíga spor í þessa átt viðvíkjandi læknum og prestum. — Að vísu hefir hæstv. atvrh. rjett fyrir sjer um þetta, en það er einmitt fordæmisins vegna, sem nefndin treystir sjer ekki til að mæla með þessu; hún vill ekki að svo stöddu, að ríkið kaupi embættismannabústaði í kauptúnum. Þetta segi jeg fyrir meiri hlutann, en nefndin stendur ekki óskift gegn till. hæstv. atvrh.

Þá er loks á þskj. 336 till. frá hv. þm. N.-Þ. (BSv), um heimild til þess að kaupa jörðina Ásbyrgi í Kelduhverfi. Hv. þm. hefir gert grein fyrir till., og sömuleiðis mintist hann á till. nefndarinnar, sem fer einungis fram á að fella aftan af síðustu orðin, sem sje að tilgreina upphæðina, sem talað er um að kaupa þessa jörð fyrir. Nefndin aðhyllist till. á þessum grundvelli, og hv. þm. N.-Þ. hefir fallist á það. Það, sem nefndinni gekk til þess að binda sig ekki við neina upphæð, var það, að jörðin fengist sennilega

ekki fyrir minna en þessa upphæð, ef tilgreind væri.

Sömuleiðis kom fram í nefndinni, að komið gæti til mála, að þeir samningar tækjust milli þessa hrepps og ríkisstjórnarinnar, að hreppurinn ætti jörðina og gæti haft nytjar af henni; og vildi nefndin, að hæstv. stjórn hefði óbundnar hendur í þessu efni. — En nefndin felst á ástæður þær, sem hv. flm. bar fram fyrir því, að þessi ágæti staður væri keyptur og gerður að ríkiseign, eða ráðstafanir gerðar til þess að friða hann og koma honum í sem best ástand.

Svo á jeg aðeins eftir að gera grein fyrir örfáum brtt. á þskj. 345 og 356.

Hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. Reykv. leggja til, að fjárveitingin til verslunarskólans og samvinnuskólans hækki um 500 kr. til hvors skóla. Hjer er um svo smáar upphæðir að ræða, að nefndin leiðir þær hjá sjer.

Um styrkinn til Einars Markans er það að segja, að nefndin getur ekki mælt með honum fremur en öðrum slíkum styrkjum.

Þá hefir hv. 3. þm. Reykv. borið fram brtt. um 3000 kr. styrk til fjelagsins „Landnáms" til þess að vinna að stofnun nýbýlafjelaga víðsvegar á landinu. Jeg hefi þá ánægju að geta þess, að fjvn. leggur ekki á móti því, að þessi till. verði samþ. Það er í samræmi við það, að nefndin heldur fast við till. sína um Vestmannaeyjaveginn. Þetta fjelag hefir gert mikið gagn fyrir þennan bæ, með því að margir einstaklingar hafa getað notfært sjer það að fá land til ræktunar og til að stofna nýbýli á því. Það hefir mikla þýðingu í þessu efni, að menn úr stjórn fjelagsins eru í bæjarstjórninni. Með því hefir skapast góð samvinna milli þessara aðilja og hefir hún leitt til aukins áhuga fyrir ræktunarmálum og til að skapa mönnum aðstöðu til þess að lifa af ræktuðu landi ásamt öðrum störfum sínum. Það er mjög farsælt verk að stuðla að þessari samvinnu. Það er rjett, sem hv. þm. (JÓl) gat um, að Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt þetta fjelag, og mun það gera það næsta ár. Og milli þessara fjelaga hefir verið góð samvinna.

Þá eru hjer tvær smátill., sem jeg þarf að gera grein fyrir. Þær eru um eftirlaun; önnur er frá hv. þm. V.-Ísf., um eftirlaun til Nikulásar Þórðarsonar, og hin er frá hv. 1. þm. Reykv., um eftirlaun til Kristínar Guðmundsdóttur ljósmóður. Hjer er nm smáupphæðir að ræða. Erindi um þetta höfðu legið fyrir nefndinni, en hún ekki tekið þau upp. Nefndin getur því ekki mælt með þessum till.

Þá er aðeins eftir ein brtt. Hún er frá hv. mentmn., um styrk til grískukenslunnar við háskólann. Þetta er afturganga frá 2. umr. Nefndin hefir sömu aðstöðu til þessarar till. sem áður, enda þótt hún sje nú 200 kr. lægri. Nefndin lítur svo á, að þessari kenslu megi koma fyrir á ódýrari hátt en till. fer fram á. Og þar sem frv. um að leggja dósentsembættið niður hefir ekki ennþá náð samþykki Alþingis, þá er engin ástæða til þess að bera fram till. sem þessa.

Jeg hefi þá lokið að gera grein fyrir afstöðu fjvn. til brtt. einstakra þm. og lýk hjer með máli mínu.

Björn Líndal: Jeg var ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. byrjaði að tala og þegar hann mintist á brtt. mínar. Jeg

hefi heyrt, að hann hafi einkum vikið nokkrum orðum að brtt. minni um 35 þús. kr. fjárveitingu til húsmæðraskóla Norðurlands. Jeg get ekki látið orðum hv. þm. ósvarað og ætla um leið að víkja alment að þessu máli. Hv. frsm. gat þess, að málið væri illa undirbúið, skólastaðurinn væri ekki ákveðinn og ekkert erindi hefði legið fyrir fjvn. um þennan skóla, engin kostnaðaráætlun o. s. frv.

Það er satt, að skólastaðurinn hefir ekki enn verið ákveðinn. En þetta er ekkert aðalatriði, því að fyrst þegar var veitt fje til heilsuhælis Norðurlands, þá var ekki búið að ákveða neinn stað fyrir það. Jeg get fullvissað hv. frsm. um það, að engin hætta er á því, að ekki náist samkomulag um skólastaðinn. Og jeg get upplýst það, að skólanum hefir boðist staður í nánd við Akureyri, þar sem hann getur fengið til umráða, og jafnvel gefins, 70 dagslátta ræktað land. Um kostnaðaráætlun fyrir þennan húsmæðraskóla er það að segja, að þar er ekki mikill munur á og þeim skóla, sem hv. frsm. hefir barist fyrir, húsmæðraskólanum á Laugum. Kostnaðaráætlun sú, sem legið hefir fyrir um þann skóla, er verri en engin, því að hún sýnir það best sjálf, að ekkert er á henni að byggja. Jeg get því ekki fallist á, að hjer sje nokkur munur á, enda væri stjórninni í lófa lagið að neita að borga þetta fjárframlag út, nema kostnaðaráætlun og teikning af skólanum lægi fyrir, að því meðtöldu, að þá væri búið að ákveða skólastaðinn. Hvað fjárhagshlið þessa máls snertir, þá vil jeg geta þess, að fyrir hendi eru 35 þús. kr., sem lagðar verða móti ríkissjóðstillaginu. Samkv. lögunum frá 1917 á ríkissjóður að leggja fram ⅔ byggingarkostnaðar skólans. Gert er ráð fyrir, að allur kostnaður við bygginguna muni ekki fara fram úr 100 þús. krónum, og fer þá tillag ríkissjóðs ekki fram úr 70 þúsund krónum.

En jeg vildi leggja áherslu á það, að æskilegt væri, að það kæmi hjer skýrt fram, hvort Alþingi telur, að það geti látið sjer sæma að svíkja loforð, gefin í lagaformi, eða að minsta kosti leyft sjer að stofna aðra húsmæðraskóla áður en þetta loforð er efnt. Það er alger óhæfa, ef Alþingi gengur á undan öðrum með slíkt framferði. Hjer er ekki farið fram á annað en að efnt sje gamalt loforð. En hitt er satt, að það var af hlífð við ríkissjóðinn, að ekki var farið fram á fjárveitingu til húsmæðraskóla Norðurlands fyr en nú, eins og jeg hefi áður tekið fram. Og jeg vildi mega beina því til þeirra manna, sem berjast fyrir Laugaskólanum, að þeir hefðu verið menn að meiri, hefðu þeir gætt svipaðs hófs í fjárkröfum sínum og Eyfirðingar.

Það er algerður misskilningur, að heilsuhæli Norðurlands sje bygt fyrir Eyfirðinga eina. Það er bygt fyrir alt Norðurland og jafnvel fyrir alt landið.

Það gengur frekju næst, að meðan þeir, sem barist hafa fyrir húsmæðraskóla Norðurlands, hafa látið það mál liggja niðri vegna heilsuhælisbyggingarinnar, þá skuli þingeyingar rísa upp og heimta húsmæðraskóla hjá sjer, í trássi við lög og loforð um húsmæðraskóla Norðurlands.

Nú þætti mjer fróðlegt að vita, hvað þingið samþykti í þessu efni, hvort það fellir þennan skóla til þess að verða

við óskum nokkurra kvenna í þingeyjarsýslu um húsmæðraskóla þar.

Þá vil jeg minnast á brtt. LV á þskj. 336, um 10 þús. kr. til markaðsleitar fyrir síld. Fjvn. leggur eindregið á móti þessari upphæð. Mjer þykir harla undarlegt, hverjar undirtektir slíkar fjárbænir í þágu sjávarútvegsins fá altaf hjer á Alþingi. Það er undrunarvert, að nokkur þeirra þm. skuli mæla á móti þeim, sem altaf við öll tækifæri eru reiðubúnir til þess að sópa hundruðum þúsunda í þarfir landbúnaðarins. Hjerna rjett fyrir ofan á þessu þskj. er till. um 100 þús. kr. hækkun á styrk til bænda vegna jarðræktarlaganna. Jeg þykist vera bóndi fyrst og fremst og ekki áhugaminni um jarðrækt en bændur alment gerast, en jeg er þó ekki svo blindur af stjettarhagsmunum, að jeg verði ekki að játa, að það misrjetti, sem hjer á sjer stað á Alþingi milli tveggja aðalatvinnuvega þjóðarinnar, sje með öllu óverjandi. Til að sýna hvað gert er til þess að hjálpa bændum til að fá góðan markað fyrir landafurðirnar, vil jeg geta þess, að ríkissjóður á að taka að sjer halla þann, sem verða kann af útflutningi á frosnu kjöti til Englands. Og í fyrra var lagður fram 350 þús. kr. styrkur til þess að byggja kæliskip, sem einkum á að nota í þarfir landbúnaðarins. Og enn má nefna 150 þús. kr. fjárveitingu samkv. jarðræktarlögunum og stórfje til Búnaðarfjelagsins, auk allra smærri fjárveitinga. — En þegar um það er að ræða að hjálpa síldarútveginum með 10 þús. kr. styrk til markaðsleitar fyrir afurðir hans, þá kveður við annan tón.

Og nú má telja víst, að síldarsamlagið verði stofnað samkvæmt lögum frá í fyrra. En þá þarf starfsemi samlagsins að byrja með því að leita að síldarmarkaði. En í byrjuninni hefir samlagið ekkert fje undir höndum til þess að byrja starfsemi sína með, því að því áskotnast ekkert fje fyr en það fer að selja síldina. En verði nú þessi fjárveiting feld, er loku fyrir það skotið, að samlagið geti komið að fullum notum í byrjun, og hún verður vitanlega erfiðust. Það ætti flestum hv. þm. að vera vitanlegt, í hvaða ástandi sjávarútvegurinn er nú sem stendur. Og þeir ættu að vera svo glöggir menn að sjá það, að það skiftir ekki svo litlu máli fyrir þjóðfjelagið í heild sinni, hvernig fer um hinn íslenska útveg. En þar ber sannarlega ekki vott um mikinn skilning á þessu máli, ef neita á um örlítið brot af öllum þeim blóðpeningum, sem teknir eru beinlínis til almennra þarfa af síldinni, til þess að leita henni nýrra markaða, þótt það sje alkunnugt, að það er eina bjargarvonin fyrir þennan útveg, að þetta takist. Og eigi ekki að gera svo lítið sem það að borga aðeins örlítið brot af kostnaðinum við það að koma síldarafurðunum á nýja markaði, þá má segja, að mjög illa sje að verið.

Jeg trúi því ekki fyr en jeg má til, að Alþingi felli þennan lið niður.

Bernharð Stefánsson: Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni, vegna þess að hv. frsm. hefir lítið talað um brtt. þær, sem jeg er við riðinn, svo að jeg þarf ekki að svara honum. En jeg kemst ekki hjá því að minnast á till. hv. þm. Ak., um styrk til húsmæðraskóla Norðurlands. Og það því fremur, sem jeg tók þátt í umræðum, sem snertu þetta mál, húsmæðrafræðsluna, við 2. umr.

Jeg get lýst yfir því, að mjer er það mikil gleði, að hv. þm. Ak. skuli hafa komið fram með þessa till., og það því fremur, sem jeg benti honum á það við 2. umr., að jeg teldi rjettara af honum að beita sjer fyrir þessu máli heldur en að berjast gegn húsmæðradeildinni við Laugaskóla. Því er ekki að leyna, að jeg mun styðja hv. þm. Ak. það, sem mínir kraftar ná, hvað aðaltill. hans snertir. En auk þess sem hv. þm. Ak. hefir flutt þessa till., um ákveðinn styrk til framkvæmdar lögunum frá 1917 um húsmæðraskóla Norðurlands, hefir hann flutt aðra till. til vara, um að þessi styrkur komi í stað styrksins til húsmæðradeildarinnar á Laugum, en sá styrkur falli niður. Jeg mundi nú einnig geta fylgt þessari varatill. hv. þm. Ak., ef jeg hefði tryggingu fyrir því, að þessi skóli, sem fyrirhugaður er samkvæmt lögunum frá 1917, yrði reistur í Eyjafirði og einna helst við heitar laugar, sem þar eru, því að það hefir mikið að segja til eldiviðarsparnaðar og annara þæginda. En nú liggja ekki fyrir ákveðnar upplýsingar um það, hvar skólinn eigi að vera reistur. Að vísu gat hv. þm. Ak. þess, að skólinn gæti fengið stað á stóru túni. En hvar er þetta tún? Hvar er þessi staður? Jeg óska þess, að háttv. þm. Ak. svari þessum spurningum, því undir svarinu við þeim er það komið, hvort jeg get fylgt varatill hans. En á móti henni geng jeg ekki.

Jeg hefi litið svo á, að þessi fjárveiting, sem hv. þm. Ak. fer fram á, ætti að vera til húsmæðraskóla á Akureyri, annaðhvort í gróðrarstöðinni eða rjett við bæinn. Og lögin frá 1917 ætlast til þess, að skólinn sje svo nærri Akureyri, að stúlkur geti gengið þaðan á hann, því að í lögunum er ekki gert ráð fyrir jafnmörgum heimavistum og nemendum á skólanum. Mjer þykir og líklegt, að þetta hafi vakað fyrir hv. þm. Ak. Svo eru það líka konur á Akureyri, sem nú hafa vakið þetta mál upp á ný. Þetta mál er búið að vera lengi á döfinni fyrir norðan. Konur á Akureyri vilja hafa skólann þar, og þar sem það eru þær konur, sem hrinda málinu af stað, þá er líklegt, að það sje á þeim grundvelli.

Jeg hefi ekkert á móti því, að húsmæðraskóli komi á Akureyri, og jeg hygg, að það sje nauðsynlegt, að hin ungu húsmæðraefni á Akureyri fái þar fræðslu. En á hitt ber að líta, að ef skólinn yrði reistur á Akureyri eða svo til, þá tel jeg, að líka þyrfti að vera húsmæðrafræðsla í sveit einhversstaðar á Norðurlandi. Þykir mjer þá ilt, ef það þarf að vinna til þess að fá skólann á Akureyri að taka aftur fjárveitinguna til húsmæðrakenslu í sveit, sem deildin er búin að samþykkja. Jeg legg því áherslu á það, að aðaltill. hv. þm. Ak. verði samþ., og jeg get tekið undir margt af því, sem hann sagði um rjettmæti þessa máls. En fái jeg það ekki tryggt, að húsmæðraskólinn verði reistur í sveit, þá get jeg ekki unnið það til að ganga á gefin heit og fella styrk, sem búið er að samþykkja. Jeg vænti því, að aðaltill. verði samþ.

Björn Líndal: Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) spurði, hvar túnið væri, sem skólinn gæti fengið. Það er í grend við Akureyri. En jeg sagði jafnframt, að stað-

urinn væri ekki ákveðinn ennþá og væri þá heldur ekki ákveðið, að skólinn yrði reistur þar. En áður en við förum lengra út í þetta vildi jeg, að hv. þm. gæfi mjer upplýsingar um það, hvað hann teldi sveit og hvað kaupstað. (**BSt:** Sveit telst utan lögsagnarumdæmis Akureyrar). Sje svo, þá þarf ekki lengra en út fyrir Glerá til þess að komast í sveit, en þar er, eins og kunnugt er, talsvert stórt þorp og aðeins nokkurra mínútna gangur til Akureyrar. Virðist mjer það eigi geta skift miklu máli, hvort skólinn stendur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar eða ekki, ef skilyrði til landbúnaðar eru þar jafngóð og í sveit. Eins og kunnugt er liggja stór og góð lönd innan lögsagnarumdæmisins. Þótt gert sje ráð fyrir því í lögunum frá 1917, að fleiri stúlkur sæki skólann en eru þar í heimavist, þá er það engin sönnun þess, að skólinn eigi að vera of nærri Akureyri. Í frv. um húsmæðraskóla á Hallormsstað er gert ráð fyrir, að 10 stúlkur gangi heiman að frá sjer, og að skólinn rúmi 30 stúlkur í heimavist, en 40 stúlkur til náms. Jeg veit nú ekki, hvort hv. 2. þm. Eyf. vill halda því fram, að þetta sje sönnun fyrir því, að Hallormsstaður sje í kaupstað! Annars er þessi hræðsla við að hafa skólann á Akureyri mjer lítt skiljanleg. Það hefir orðið samkomulag milli kvenna í Eyjafirði og á Akureyri, að skólinn yrði reistur svo nærri Akureyri, að stúlkur þaðan gætu gengið á skólann heiman að frá sjer, svo að allmargar heimavistir gætu sparast og unt væri að sækja kenslukrafta þangað til skólans, ef á þyrfti að halda.

Jeg vil um leið benda á það, að í rauninni er meiri þörf húsmæðrafræðslu í kaupstöðum en sveitum. Að vísu er þörfin þar orðin mikil og eykst jafnvel með ári hverju, sakir þess að fyrirmyndar stórbýli eru nú óðum að hverfa úr sögunni og hugsunarhátturinn orðinn sá, að unga kvenfólkið vill nú helst alt annað heldur gera en eldhússtörf. En á þann hátt hafa ungar stúlkur á þessu landi til skamms tíma mest og best lært húsmóðurstörf, að gegna þessum störfum undir handleiðslu góðra fyrirmyndarhúsmæðra. En þótt þessu sje komið í óvænt efni í sveitum, þá er því þó komið í enn óvænna efni í kaupstöðum, því að í þeim er nú fjöldi ungra kvenna, sem sjaldan eða aldrei koma nálægt slíkum störfum. Þess vegna er ennþá meiri þörf á húsmæðrakenslu þar.

Það er í stuttu máli sagt hugsun norðlenskra kvenna að koma á fót sameiginlegum húsmæðraskóla fyrir sveita- og kaupstaðarstúlkur svo nærri Akureyri, að stúlkur þaðan geti með skaplegu móti sótt skólann.

Jón Ólafsson: Jeg get þakkað hv. fjvn. fyrir undirtektir hennar undir till. mínar. En mjer þykir leitt, ef nefndin hefir misskilið það, sem jeg sagði um till. hv. sjútvn. Jeg tók það skýrt fram, að mjer þætti sjútvn. ganga síst of langt í fjárkröfum til markaðsleitar. Það er í samræmi við það hljóð, sem hefir verið í öllum undanfarin ár, að ekki sje gert nóg til þess að afla markaðs fyrir sjávarafurðirnar. En mjer þótti hv. sjútvn. dreifa fjenu, sem veitt er í þessu skyni, svo víða, að það kæmi ekki að því liði,

sem æskilegt væri. Má telja tvo fyrri liðina koma slíku sæmilega af stað. Er illa farið, ef ekki er hafist handa í þessa átt nú þegar.

Jeg hefi ástæðu til að halda, að afstaða hv. fjvn. breytist, er henni hafa verið gefnar upplýsingar og misskilningur þessi leiðrjettur. Jeg geri ráð fyrir því, að menn sjeu á eitt sáttir um nauðsyn þess að veita nægilegt fje til þessara tveggja pósta: leitun nýrra fiskmarkaða og síldarmarkaða. Og nú sem stendur er rjettast og vænlegast til árangurs að sameina fjárveiting og krafta á þessa tvo staði, samkvæmt till. sjútvn., sem sje Suður-Ameríku, hvað snertir tilraunir um fisksölu, og Mið-Evrópu til útbreiðslu síldarmarkaðs.

Hv. fjvn. hefir ekki viljað taka til greina till. þá, er jeg mælti með, um fjárveiting lítilfjörlega til Verslunarráðs Íslands. Var svo til ætlast í upphafi, að þessi styrkur yrði veittur til upplýsingastarfsemi. Jeg verð að álíta, að hv. fjvn. hafi illa tekist að skifta þessari fjárveiting, með því að veita vissum manni utanfararstyrk í því skyni, að kynnast kaupþingafyrirkomulagi annara þjóða. Á því er ekki svo brýn þörf. Hitt væri miklu gagnlegra að veita upphæðina í sama augnamiði og undanfarið. Þótt jeg hafi ekkert umboð til þess að fara fram á, að þessu verði breytt, tel jeg hinsvegar sjálfsagt, að ráðinu verði veittar 2 þús. kr. til þess að gefa upplýsingar eins og undanfarið um varning og verslun.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá háttv. 4. þm. Reykv. (HjV), svo hljóðandi:

Við 15. gr. 31 (Þórbergur Þórðarson).

Í stað „100" komi: 1200.

Til þess að till. þessi geti komið til umr. og atkv., þarf afbrigða frá þingsköpum, og vil jeg því leyfa mjer að leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 370) leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 5:13 atkv.

Hjeðinn Valdimarsson: Með þessari brtt. ætlaði jeg aðeins að setja styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar í sama horf og áður var, en hæstv. stjórn hefir í frv. sínu til fjárlaga fært hann niður um 200 kr., að því er virðist að ástæðulausu. En úr því, sem komið er, tjáir ekki um að tala.

Háttv. fjvn. hefir fallist á að veita Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 1500 kr. styrk. Það álít jeg alt of lítið, og höfum við flm. farið fram á 2000 kr. í aðaltill., en til vara 1500 kr., verði hærri upphæðin ekki samþykt.

Brtt. á þskj. 336, XXXV, um kaup á listaverkum, veldur engum fjárútlátum, heldur er þar aðeins um færslu að ræða. Málverkasafn ríkisins heyrir undir þjóðmenjavörð sem kunnugt er, og því þætti mjer rjett, að hann annaðist einnig kaup á málverkum og öðrum listaverkum, og sje þá fjárveiting í því skyni bundin við Þjóðmenjasafnið. Vænti jeg þess, að brtt. valdi ekki ágreiningi og verði samþykt.

Sigurjón Jónsson: Jeg get ekki stilt mig um að segja nokkur orð áður en lýkur, út af orðum háttv. frsm. Honum fórust svo orð, að sjútvn. væri

nokkuð frek í fjárkröfunum. Það vil jeg ekki viðurkenna og læt ekki standa ómótmælt. Það er að vísu satt, að till. sjútvn. um að taka upp radiovita var allhá, en fjarri því samt, að þar lýsti sjer nokkur heimtufrekja. En svo fór, að hún var feld við 2. umr., um leið og samþ. var till hv. fjvn. um að fella niður úr fjárlagafrv. stjórnarinnar 70 þús. kr. til vitabygginga.

Hjer er farið fram á 30 þús. kr. fjárveiting til markaðsleita. Eru þá kröfur sjútvn. ekki nema 25 þús. kr., því að 5 þús. kr. voru þegar til staðar í frv. frá 2. umr. Jafnvel þótt samþykt hefði verið þessi 75 þús. kr. fjárveitingartill., sem sjútvn. fór fram á til radiovita, og þó að ekkert hefði verið felt úr stjfrv. af því, er ætlað var til vitabygginga eða annars vitum viðkomandi, þá mundu vitagjöldin á árinu 1928 hafa nægt upp í þann kostnað allan. Þá eru eftir aðeins þessar 25 þús. kr., sem sjútvn. hefir lagt til að færu til markaðsleitar. Sitt er nú hvað, að sjútvn. skuli leyfa sjer að koma fram með till. um slíka óhemjufjárveiting til eflingar eða útbreiðslu markaðs á sjávarafurðum. Mundi hafa kveðið við annan tón, ef till. hefði komið frá háttv. landbn. Jeg verð að segja það, að mjer finst harla einkennilegt, að þegar sú nefnd, sem á að gæta hagsmuna annars aðalatvinnuvegarins, þess er mest flytur út og mest geldur í ríkissjóð, fer fram á nokkra tugi þúsunda til eflingar og nauðsynlegra þarfa þessa atvinnuvegar, þá skuli hv. fjvn. rísa upp á afturfótunum og fjargviðrast út af þeirri óheyrilegu heimtufrekju og segja þvert nei. En annnað hljóð kemur í strokkinn, ef farið er fram á nokkur hundruð þús. kr. til eflingar landbúnaðinum. Þar má benda á fjárframlög til kæliskips, jarðræktar, vegalagninga og brúagerða.

Mjer datt í hug, er jeg heyrði undirtektir hv. fjvn.: hvers vegna er Nd. að skipa sjútvn.? Er ekki best að sameina þessar tvær nefndir, sjútvn. og fjvn., eða afnema sjútvn. með öllu? Mjer finst í þessu sambandi engin goðgá að minnast á afstöðu þessara tveggja nefnda, sjútvn. og landbn., til hv. fjvn. Nd. (**PO**: Hvað hefir landbn. komið með?). Það er svo margt og engin þörf að tína það alt til. Ekki svo að skilja, að jeg telji vanþörf á að bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti, enda þarf ekki að kvarta undan því, að hv. fjvn. sje þar ekki með á nótunum. En við hitt er ekki komandi að taka vel í hóflegar málaleitanir frá sjútvn. til eflingar þeim atvinnuvegi.

Já, það voru 25 þús. kr., sem sjútvn. fór fram á. Hjer liggur og fyrir till. frá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), um 3000 kr. styrk til landnámsfjelags í Reykjavík.

Jeg vil nú að vísu ekki segja, að þar sje um tiltölulega eins háa upphæð að ræða og þessar 25 þús. kr. frá sjútvn. En mikill munur var á undirtektunum. Jeg ætla ekki að mæla móti þessu 3 þús. kr. tillagi til fjelagsins „Landnáms". En undarlegt er það, þegar hv. fjvn. tekur vel í þessa till., að þá skuli okkar till. fá þær viðtökur hjá henni, sem nú er komið á daginn.

Jeg gat ekki stilt mig um að gera þessa athugasemd, sjerstaklega þegar

jeg athugaði ýmsar greiðslur, sem gert er ráð fyrir í þágu landbúnaðarins, og hinsvegar það litla, sem ætlað er til sjávarútvegsþarfa.

Jón Guðnason: Það lítur út fyrir, að háttv. þm. ætli að taka með þögn og þolinmæði þeim nærri allsherjar dauðadómi, sem hv. fjvn. hefir kveðið upp yfir brtt. okkar þdm., og fer ef til vill vel á því, þótt segja megi eins og álfkonan forðum: Ólíkt höfumst við að. Því að till. háttv. fjvn. hafa fengið alveg gagnstæðar undirtektir í deildinni við það, sem okkar brtt. hafa fengið hjá háttv. nefnd.

Jeg vildi þó reyna að halda dálítið í bakkann með þær till., er jeg hefi borið fram.

Kem jeg þá fyrst að till. á þskj. 336,XXIII,2, um 1000 kr. styrk til safnaðarstarfsemi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Jeg er hissa á ummælum þeim, er hv. frsm. fjvn. hafði um till. Hann vitnaði til orða minna um safnaðarstarfsemi Íslendinga í Vesturheimi, en sneri ummælum mínum upp í röksemd gegn till., sem jeg bar fram. Þar sem safnaðarstarfsemi þeirra hefði aldrei verið styrkt með fje úr vasa Íslendinga hjer heima, væri ekki frekar ástæða til þess um Íslendinga í Kaupmannahöfn; þeir gætu alveg eins staðið á sínum eigin fótum og Vestur-Íslendingar.

En fyrst er því þar til að svara, að þessi mótbára er ekki á rökum bygð, því að það er alveg ósannað mál, nema nauðsynlegt og sjálfsagt hefði verið, ef ríkissjóður hefði verið þess megnugur, að styðja fjelagsstarfsemi meðal frumbýlinganna í Ameríku á fyrstu árum þeirra. Jeg er ekki í neinum vafa um, að íslensku þjóðerni væri mun betur borgið þar vestra en nú er, ef það hefði verið gert á sínum tíma.

En í öðru lagi er um þessa till. alt öðru máli að gegna. Það var svo með Íslendinga í Vesturheimi, að hættan, sem þjóðerni þeirra og tungu var búin á landnámsöld sinni þar, var ekki svo ýkja mikil, af þeirri ástæðu, hve ólíkt þjóðerni þeir hittu þar fyrir, auk þess sem þeir mynduðu víða hvar allstórar bygðir út af fyrir sig. Hættan ógnaði fyrst, er þeir fóru að kynnast og lifa sig inn í þjóðlífið, sem fyrir var.

Í Danmörku er aðstaðan öll önnur. Bæði er skyldleiki tungnanna mikill, — enda auðlærð ill danska, eins og máltækið segir, — og kynning og samgangur milli þjóðanna svo auðveldur og opinn, að miklu meiri hætta er hjer á ferðum, að Íslendingar glati að einhverju leyti þjóðerni sínu, renni inn í farveg dansks þjóðlífs, verði danskir Íslendingar. Aðstaðan er að þessu leyti svo ólík, að jeg fæ ekki betur sjeð en svo, að jafnrjettmætt og sjálfsagt geti verið að styðja slíka starfsemi, sem um getur í till., í Danmörku, jafnvel þótt maður ljeti svo vera, að þess hefði ekki verið þörf í Vesturheimi, en það læt jeg ósagt.

Þá kem jeg að því, sem hv. frsm. sagði um till. viðvíkjandi grískukenslunni. Jeg hygg, að telja megi víst, að ef till. okkar verður samþ., þá verði dósentsembættið í klassiskum fræðum afnumið. Að öðrum kosti, nái till. ekki fram að ganga, má búast við, að hv. Ed. verði hikandi við að láta embætt-

ið leggjast niður. Til þess að flýta framgangi frv. ættu því þeir, er greitt hafa atkv. með því, að greiða nú atkv. með þessari till. mentmn.

Um 2000 kr. aukning á fjárveitingu til bryggjugerðar við Salthólma á Gilsfirði vil jeg geta þess, að engin tök voru á að láta fara fram rannsókn á bryggjustæði eða gera áætlun um verkið. En nauðsyn framkvæmda í þessu efni á þessum stað er svo brýn og hagræði, ef upp kæmist bryggja þar, svo mikið, að jeg hefi eigi hikað við að bera fram till. Jeg hefði þó látið það bíða að svo stöddu, ef von hefði verið á nánari upplýsingum, en jeg tel óvíst, að af því geti orðið í bráð. Trygging fyrir deildina álít jeg nægilega í því, að ekkert verði útborgað, nema hæstv. landsstjórn sjái og samþykki kostnaðaráætlun.

Jeg vil ítreka það, sem jeg sagði í gær viðvíkjandi styrk til framkvæmdar jarðræktarlaganna. Það upplýstist við umræðurnar í gær, að styrkurinn, sem greiddur var á árinu sem leið fyrir unnar jarðabætur og nam 130 þús. krónum, var fyrir jarðabætur unnar á árunum 1924 og 1925, þannig að styrkur var veittur fyrir 1½—2 ár í einu, eftir því hvor hefir rjettara fyrir sjer, háttv. frsm. eða hæstv. atvrh. — Jeg vakti athygli á því þá, að gagnvart leiguliðum ríkissjóðs hefði ekki verið fylgt þessari reglu. Fyrsta eftirgjaldið, sem þeir fengu endurgreitt upp í unnar jarðabætur, var fyrir fardagaárið 1925—'26. Gagnvart þeim koma jarðræktarlögin því ekki til framkvæmda fyr en 2 árum eftir að þau gengu í gildi.

Jeg óskaði, að hæstv. ráðh. gæfi upplýsingar um, hvernig á þessu ósamræmi stæði. Væri æskilegt, að hann vildi nú í fáum orðum gefa skýringu á því. Og eins væri fróðlegt að fá að vita, hvort þetta ósamræmi er að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands. Það virðist, eins og jeg sagði í gær, að hjer hafi ekki verið fylgt til fulls ákvæðum jarðræktarlaganna.

Pjetur Þórðarson: Er jeg talaði hjer í dag, gleymdi jeg að geta þess, að nafn mitt kemur við LII. brtt. á þskj. 336. Nú, sú till. er í sjálfu sjer þýðingarlítil, af því að hún er í sambandi við aðra till., er jeg tók aftur við þessa umræðu fjárlagafrv. En það gefur mjer tilefni til að minnast á þá fjárveiting, sem þessi till. eiginlega hljóðar um. Hvað snertir veginn í Vestmannaeyjum hefir háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) upplýst nokkuð um kostnaðinn, og er af þeim upplýsingum fljótsjeð, að hver stika í veginum mundi kosta 12 krónur. Jeg tel því, að kostnaðurinn sje óvenjulega mikill, enda hlýtur þá að vera óvenjulega örðugt að gera þarna veg.

En út af fram komnum upplýsingum finn jeg ekki ástæðu til að setja mig upp á móti þessu ræktunarfyrirtæki, og tek jeg því aftur brtt. undir LII. lið á þskj. 336.

Út af samanburði háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) á till. sjútvn. og landbn. þessarar hv. deildar, finn jeg ástæðu til að minna á það, að landbn. hefir að þessu sinni ekki, svo jeg muni, komið fram með neinar till. til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Aftur á móti hefir ein till. frá landbn., þótt ekki standi hún í sambandi við fjárlagafrv., snúist um það að afbiðja mikil fjárframlög úr ríkissjóði til

landbúnaðar. Jeg vil því biðja þennan háttv. þm. og aðra, ef þeir eru svo vinveittir landbúnaðinum, sem þeir vilja vera láta, að taka til greina þessa ósk landbn. um að veita ekki stórfje úr ríkissjóði til landbúnaðar, fje, sem að dómi landbn. ekki kemur landbúnaði vorum að haldi.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf að segja nokkur orð enn, út af skeytum, sem beint hefir verið til fjvn. síðan jeg talaði síðast.

Var þar fyrstur hv. þm. Ak. (BL), og voru það tvö atriði, sem hann beindi til nefndarinnar út af húsmæðraskóla í Eyjafirði. Hv. þm. játaði, að staðurinn væri ekki ákveðinn og engin áætlun til, og sýnir þetta, að málið er ekki fullundirbúið. Hinsvegar hjelt háttv. þm. því fram, að það væri ekki Alþingi samboðið að standa ekki við gefin loforð í þessu efni. Þetta er alveg rjett, en ef Alþingi og fjvn. eiga að efna sín loforð, þá eiga hlutaðeigendur að koma til fjvn. með sín gögn, en þeir hafa ekki talað eitt orð við fjvn. um málið. Hv. þm. kom þá fyrst fram með þetta, er það kom til orða að stofna húsmæðradeild við skóla í öðru bygðarlagi.

Hv. þm. sagði, að meðan verið var að reisa heilsuhælið, hefðu konur nyrðra orðið ásáttar um að láta skólann bíða. Í sambandi við það vil jeg geta þess, að fjárveitingum til þess er ekki enn lokið, og nú ætlast fjvn. til, að veittar verði enn 56 þús. kr. til hælisins. — Vitanlega er það rjett, að þetta hæli er ekki eingöngu fyrir Eyjafjörð, heldur alt Norðurland.

Þá hafa fallið hjer orð um það, að fjvn. hafi ekki tekið fult tillit til hv. sjútvn. og sýnt þar hlutdrægni.

Jeg verð að segja það, að ef mjer fyndust þessar ásakanir á rökum bygðar, þá þætti mjer mikið fyrir, einkum vegna þess, að hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Ak. beindu því að mjer og öðrum í fjvn., að við hefðum verið kröfuharðir fyrir landbúnaðinn, en ekki viljað sinna sjálfsögðum kröfum hv. sjútvn. fyrir sjávarútveginn.

En jeg hygg, að við höfum allir haft fylsta vilja á því að sinna rökstuddum kröfum frá sjútvn., einkum á þeim krepputímum sjávarútvegsins, sem nú standa yfir. En það, hvernig fjvn. hefir snúist við sumum till. hv. sjútvn., stafar af því, að henni hefir ekki þótt svo vel frá þeim gengið, sem skyldi. — Jeg gat ekki skilið hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) öðruvísi en svo, að hann legði á móti till. sjútvn. og kallaði þær fálm og vetlingatök. Ef jeg hefi misskilið ræðu hans, þá bið jeg afsökunar, en það voru fleiri en jeg, sem ekki gátu skilið hann öðruvísi en svo, að það andaði kalt frá honum í garð sjútvn. Jeg vil benda á það til dæmis, í sambandi við 2. liðinn í till. sjútvn. um markað fyrir síld, að það er ekki til að mæla með. Fyrst var það þannig flutt fyrir fjvn., að ekki dygði minna en 30 þús. kr., það væri ekkert gagn í minna, en við þá mótspyrnu, sem það mætti, var undir eins búið að slá þessu niður í 10 þús. kr., og eftir orðum hv. 3. þm. Reykv. um árangur slíkra ferða, gat jeg ekki gert mjer nema litla von um árangur.

Það er því ekki sprottið af neinum kala hjá fjvn. til sjútvn., að hún hefir ekki getað fallist á þessa till., held-

ur er ástæðan sú, að sjútvn. hefir ekki getað sannfært fjvn. um nauðsyn eða gagnsemi slíkrar fjárveitingar.

En fjárlagafrv. á eftir að koma aftur hingað til þessarar hv. deildar, að því er telja má víst, og takist hv. sjútvn. að sannfæra fjvn. um, að hjer sje um rökstudda nauðsynjatill. að ræða, þá mun fjvn. geta fallist á hana.

Jeg vil geta þess, út af ræðu háttv. þm. Ísaf., þar sem hann hjelt því fram, að sjávarútvegurinn væri hornreka fjvn., að einn maður í fjvn. hefir hripað upp þá pósta í fjárlagafrv., sem eru til sjávarútvegsins, og nema þeir ½ milj. kr.

Auk þess má benda á fleira, sem beint eða óbeint styður sjávarútvegginn. T. d. liggur nú fyrir hv. Ed. frv. um 100 þús. kr. fjárveitingu til hafnarbóta í einum kaupstað landsins.

Jeg vil lýsa því yfir fyrir hönd fjvn., að hún vill alls ekki stofna til neins slíks metings milli atvinnuveganna, sem hjer virðist vera á ferðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. vjek aftur stuttlega að till. um fjárveitingu til Verslunarráðsins. Í sambandi við hana vil jeg minna á það, að ef Verslunarráðið hefði heldur viljað till. hv. þm. en þá, sem samþ. var við 2. umr., þá hefði það haft nógan tíma til að segja til um það áður en atkvæði gengu við 2. umr.

Að lokum vil jeg segja það, út af því, sem hv. þm. Ísaf. dró fram um hug fjvn., að henni væri kærara að veita fje til landbúnaðar en sjávarútvegs, að fjvn. hefir tekið vel till. hins elsta útgerðarmanns þessarar háttv. deildar, hv. 3. þm. Reykv., um styrk til fjelagsins „Landnáms“. Fjelagið „Landnám“ starfar einmitt ekki úti um land, heldur í kauptúnum við sjávarsíðuna, einmitt til þess að hjálpa sjómönnum, skapa þeim aðstöðu til þess að hafa landbúnað við hliðina og stuðla að því, að þeir geti haft farsælli aðstöðu í lífsbaráttunni.

Hv. þm. Dal. (JG) var óánægður með það, að fjvn. hefði dauðadæmt allar till. einstakra deildarmanna, en hinsvegar hefðu deildarmenn tekið vel í allar till. fjvn.

Þetta er ekki nema eðlilegt, því að það er nú svo, að það, sem gengur í gegnum sigti fjvn., það á að jafnaði mestan rjett á sjer. Það er því ekki nema eðlilegt, að meira sje samþykt af till. fjvn. en einstakra deildarmanna.

Hv. þm. Mýr. (Þþ) vó í sama knjerunn og áður um Vestmannaeyjaveginn. Það lá fyrir áætlun um veginn í fyrra, sem vegamálastjóri hafði gert, og þá áætlun er ekki ástæða til að vjefengja.

Björn Líndal: Hv. frsm. þessa kafla fjárlagafrv. (TrÞ) talaði enn um það, að það vantaði öll gögn viðvíkjandi hinum væntanlega húsmæðraskóla Norðurlands. Jeg hefi skýrt frá, hvernig á þessu stendur, en vil auk þess benda á, að það stendur eins á með þennan skóla eins og með heilsuhæli Norðurlands á sínum tíma, þegar bæði hv. þm. Str. og aðrir samþyktu styrkveitingu til þess í fyrsta sinn á þinginu 1925. Þá hafði ekki verið ákveðið, hvar heilsuhælið ætti að standa, og hvorki lá þá fyrir endanleg teikning nje kostnaðaráætlun. Hafi ekki verið ástæða til þess að neita um fjárveit-

ingu til heilsuhælisins af þessum ástæðum, þá getur ekki verið ástæða til þess að synja um fjárveitingu til húsmæðraskólans af þessum sömu ástæðum. Það liggja fyrir upplýsingar um það, að fje er til, og það er meira en hægt er að segja um Laugaskólann. Þessu til sönnunar vil jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer upp símskeyti frá framkvæmdanefndinni til mín.

„Kvennaskólasjóður 11300 kr., okkar sjóður 3500 kr., framlag frá sýslu 10 þús. kr. og framlag frá Akureyrarbæ 10 þús. kr.“

Þessar 10 þús. kr., sem Eyjafjarðarsýsla ætlar að leggja fram, sýna það ljóslega, að sýslunefndin telur það trygt, að skólinn verði á þeim stað, sem hún telur góðan. Og framkvæmdanefndin hefir símað til hv. fjvn. um þetta, þó að hún hafi ekki sjerstaklega talað við nefndina á annan hátt.

Mjer virðist atkvgr. um skóla Þingeyinga sýna, að mikill áhugi sje hjer í þessari hv. deild fyrir aukinni húsmæðrafræðslu í landinu. Mjer datt því ekki annað í hug en að þessi till. mín gengi orðalaust í gegn, þar sem hún fer aðeins fram á sjálfsagðar efndir á 10 ára gömlu loforði þingsins, en hitt var alveg nýtt í sögunni, auk annara annmarka og undirbúningsleysis.

Þá vildi hv. frsm. taka mig á því, að jeg hefði sagt, að eyfirskar konur hefðu orðið ásáttar um það að bíða þangað til heilsuhælið væri komið upp, og því væri ekki enn lokið. Þetta er alveg rjett, en slíkt hið sama höfðu þingeyskar konur orðið ásáttar um, að minsta kosti á yfirborðinu, en nú laumast þær aftan að hinni sameiginlegu skólahugmynd.

Hvað sem annars má um þetta segja, þá er það víst, að hjer hefir ekki verið gengið hreint að verki af hálfu þeirra, er berjast nú fyrir stofnun húsmæðraskóla á Laugum.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. fjvn. vjek að mjer í hálfkæringi nokkrum orðum, og lutu þau einkum að LI. brtt. á þskj. 336 og LV. brtt. á sama þskj., sem jeg mælti með fyrir hönd sjútvn. Um hina síðarnefndu skal jeg ekki fjölyrða mikið, með því að aðrir hv. þm., og einkum hv. þm. Ísaf., hafa þar haldið uppi svörum fyrir sjútvn. Aðeins vil jeg bæta því við, að hv. frsm. fór ekki rjett með, þegar hann nefndi upphæðina til síldarsölutilrauna. Það var aldrei sótt um 30 þús. kr., heldur 15 þús. Hinsvegar gat það ekkert ódæði talist, þótt nefndin færði niður upphæðina og reyndi þannig að koma einhverju áleiðis. Þar sem hv. frsm. ljet í veðri vaka, að fjvn. mundi styðja till. sjútvn., ef hún væri sannfærð um gagnsemi hennar, þá vil jeg segja það, að hvenær sem hv. fjvn. vill athuga þetta mál, mun hún geta sannfærst um þörf tilraunanna, en án þess er engrar sannfæringar að vænta.

Þá skal jeg víkja að till. minni um niðurfellingu á fjárveitingu til Vestmannaeyjavegarins, og skal jeg þó ekki fjölyrða um hana heldur. Upplýst var hjer í dag, að vegurinn ætti að vera 6 km. að lengd, en tekur þó aðeins yfir 2 km. lengd af eynni. Jeg verð að telja það óhæfilegt sukk með fje landsins að leggja slíkan veg í svo stórum bugðum, að úr 2 km. verði

6 km. Jeg held því fram, að þetta sje einhver óþarfasta fjárveitingin í fjárlagafrv. Vegarlagningin er víst ekki nauðsynleg vegna ræktunarinnar. Það er því ekki rjett hjá hv. frsm., að jeg hafi borið þessa till. fram til þess að gylla aðrar till. mínar. Jeg bar hana fram af því, að mjer fanst hún rjettlát og sjálfsögð. Jeg mun halda fast við hana og tel hana í alla staði forsvaranlega. Um aðrar brtt. mínar skal jeg ekkert framar segja. Þær voru af hv. frsm. lagðar niður við sama trog og flestar till. einstakra þingmanna.

Ólafur Thors: Jeg get vel skilið það, að hv. fjvn. sætti sig vel við, að sjútvn. taki ekki til máls. En mjer þykja ummæli hafa fallið hjer í hennar garð, sem ekki eru á rökum bygð, og mjer finst ekki sanngjarnt að ætlast til, að hún sætti sig við að þegja við þeim. Hv. frsm. gat þess, að það væri sorgleg tilhugsun, ef það hefði við nokkur rök að styðjast, að fjvn. bæri fremur fyrir brjósti hag landbúnaðarins en sjávarútvegsins. Hann lýsti því með hjartnæmum orðum, að fjvn. vildi styðja allar sanngjarnar kröfur af hálfu beggja þessara atvinnuvega. En jafnframt sagði hann frá þeirri sorglegu staðreynd, að málin af hálfu sjútvn. hefðu verið of illa undirbúin til þess að hægt væri að sinna þeim. Hv. frsm. fer hjer með hið mesta rangmæli, og okkur sjútvn.-mönnum er full vorkunn, þó að við viljum bera af okkur það ámæli.

Till. sjútvn. eru tvær. Fer sú fyrri fram á, að veittar verði 60 þús. kr. til að reisa þrjá miðunarvita. Jeg reyndi að rökstyðja þessa till. eftir bestu getu, og sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka þær röksemdir. En þess skal jeg geta, að nefndin studdist við ósk og áskorun vitamálastjóra, og ef það er illur undirbúningur að byggja á áliti sjerfræðings um málið, þá veit jeg satt að segja ekki, hvernig á að undirbúa svona mál. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr áliti vitamálastjóra, sem lá fyrir hv. fjvn., og jeg vona, að hún hafi kynt sjer. Hann segir um miðunarvitakerfið:

„Jeg þykist viss um, að með því móti fáist sú besta trygging, sem nú er kostur á, fyrir líf sjómanna og skip þeirra, meiri trygging fyrir sjómennina en nokkrum manni fyrir 10—15 árum datt í hug að hægt væri að ná. — — Og að því mun koma innan margra ára, að radioáttavitinn verði talinn jafnsjálfsagt áhald í hverju skipi eins og segulmagnsáttavitinn og önnur tæki, sem nú eru lögboðin".

Eftir að vitamálastjóri hefir gefið þessa lýsingu á ágæti vitanna, ber hann fram svohljóðandi tillögu:

„Jeg vil að öllu þessu athuguðu leggja til, að hið háa ráðuneyti vilji koma því til leiðar, að máli þessu verði hrundið í framkvæmd á næstu árum, með því að annaðhvort verði gefin sjerstök lög, er heimila stjórninni að koma upp hinum umræddu radiovitum eins fljótt og ástæður leyfa, þó ekki á lengri tíma en 6 árum, eða með því að veita nú þegar í fjárlögum 1928 kr. 60000 til þess að setja upp 3 fyrstu stöðvarnar á þeim stöðum, sem álitið er, að stöðvarnar eigi að koma fyrst, og að haldið verði áfram með slíkar fjárveitingar, þangað til kerfið er komið um alt land."

Hjer hefir þá háttv. frsm. umsögn vitamálastjóra annarsvegar fyrir því,

hve hann álítur þetta nauðsynlegt og stórt spor í þá átt að tryggja líf og öryggi sjómannanna, og hinsvegar tillögu hans um fjárframlag til þessara vita, þá tillögu, sem sjútvn. hefir tekið upp.

Þá kem jeg að till. um framlag til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir. Jeg hefi ekki heyrt hv. frsm. andmæla þeim rökum, sem hv. 1. þm. S.-M. færði fram fyrir þessu máli. Rök hv. frsm. voru ekki önnur en þau, að einn hv. þm., sem hefði reynslu í sjávarútvegsmálum, hefði látið svo um mælt, að hjer væri um vetlingatök að ræða hjá sjútvn. Nú hefir sá hv. þm. lýst því yfir, að þessi ummæli væru bygð á misskilningi, svo að hjer þarf raunar ekki framar vitna við. — Jeg hygg, að sjútvn. sje samhuga um það, að fram á þessa fjárveitingu muni ekki farið, nema bak við sendimanninn standi örugg framkvæmd, annaðhvort dvelji maðurinn langvistum í landinu, eða menn verði reiðubúnir að fylgja ráðum hans, þegar hann kemur heim. Það hefir komið fyrir, að sendimenn hafa skilað álitlegum tillögum, en þeim ekki verið framfylgt. — Nefndin vill því, að atvrh. sje falið að leggja úrskurð á, hverjum skuli veittur þessi styrkur, og að enginn geti fengið hann, nema hann hafi trygt sjer samband við íslenska framleiðendur og að þeir fari að ráðum hans. Jeg veit ekki, hvaða frekari undirbúningur menn ætlast til, að á þessu sje hafður. Jeg þarf víst ekki að segja hv. fjvn. það, að í þessum löndum, sem fyrirhugað er að senda mann til, er fiskát mikið, en þar er lítið eða ekki etinn íslenskur fiskur. Um fiskinnflutning til Portúgals skal jeg geta þess, að árið 1924 var hann 33 þús. smál., 1925 36 þús. smál. og 1926 45 þús. smál. Hann hefir því aukist um 33% eða vel það á tveim árum. En á sömu árum hefir innflutningur íslensks fiskjar þangað minkað að miklum mun. Mjer finst ekkert undarlegt, þó að leitað sje aðstoðar hins opinbera til þess að reyna að ná þessum markaði. Íslenskir fiskútflytjendur hafa að vísu stöðugt reynt að selja þangað fisk, en aðstaðan væri ólíkt betri, ef þeir ættu þar íslenskan fulltrúa. Markaðurinn fyrir okkar fisk er að vísu verri þarna en á Spáni, en þar er íslenskur fiskur nú viðurkendur besti fiskur. Aðstaða okkar er þó ekki verri í Portúgal nú en hún var fyrir nokkrum árum á Spáni. — Jeg skal játa það, að ef okkur tekst að vinna markað fyrir íslenskan fisk í þessum löndum, má búast við harðari samkepni á Spáni af þeirra hendi, er nú selja fisk sinn þar. En aðstaða okkar er betri á Spáni, af því að okkar fiskur er álitinn þar besti fiskur. En það er fyllilega þess vert að leggja eitthvað í sölurnar til þess að vinna nýjan markað, og það mundum við átakanlega reka okkur á, ef Spánn og Ítalía lentu í ófriði og andstæðingar þeirra gætu varnað okkur að flytja þangað fisk. Úr þessari áhættu verður að draga, en það verður ekki gert með öðru móti en því að reyna að vinna markað í öðrum fiskneyslulöndum. Jeg vænti nú, að mjer hafi tekist að bæta nokkru við þau rök, sem háttv. frsm. fjvn. heimtaði af sjútvn. í þessu máli. Jeg vona, að hann mótmæli með rökum, en ekki fullyrðingum, en fylgi okkur að málum ella.

Ef einhverjir álíta jafngott að hafa

erlenda milligöngumenn eins og innlenda, get jeg svarað þeim því, að jeg hefi reynt hvorttveggja, og að útlendingunum ólöstuðum, hafa íslensku milligöngumennirnir reynst mjer betur.

Að endingu vil jeg spyrja hv. frsm., hvort honum finnist enn því til að dreifa, að hjer sje til of mikils mælst af sjútvn. Jeg skal ekki fara í neinn meting við hv. fjvn. út af framlögum til landbúnaðarins í samanburði við framlög til sjávarútvegsins. En þó að þessar fjárveitingar verði samþyktar, nema þær ekki meiru en 3—4% af því, sem ríkissjóði drýpur í útflutningsgjöldum af síld og fiski. Ef jeg á að skoða háttv. frsm. sem boðbera þeirrar hugsunar, sem ríkjandi er í hv. fjvn., þá verð jeg að segja þeirri hv. nefnd það, að jeg held hún hafi komist fulllangt í því að gera upp á milli sanngjarnra krafa landbúnaðar og sjávarútvegs. Jeg andmæli því ekki, að landbúnaðurinn þurfi nú á meiru að halda. En jeg vil, að jafnframt sje viðurkent ágæti hins atvinnuvegarins með því að samþykkja fjárveitingar í þágu hans, þegar jafnmikil nauðsyn og brýn þörf er á, eins og hjer er um að ræða.

Halldór Stefánsson: Jeg skal stuttlega víkja að andmælum háttv. frsm. gegn till. okkar hv. 1. þm. S.-M., um að fella niður framlag til vegagerðar í Vestmannaeyjum. Hann talaði um það af miklum fjálgleik, hve öll skilyrði væru þar upplögð til lands og sjávar. Ef draga má ályktanir á þá leið, að því betri sem skilyrðin eru, því fremur beri að veita fje, þá er sjálfsagt að veita þetta. En það skýtur bara dálítið skökku við það, sem venjulega er talið fram sem ástæður, þegar ákveðin eru framlög úr ríkissjóði. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því að hv. 1. þm. S.-M. hefir þegar svarað.

Þá skal jeg víkja að öðru atriði. Hv. þm. Ak. og hv. þm. Ísaf. hafa farið í samanburð og meting út af fjárframlögum úr ríkissjóði til landbúnaðar og sjávarútvegs. Hv. frsm. svaraði og benti á, að ekki óverulegar upphæðir hefðu farið til sjávarútvegsins, og nefndi tölur því til sönnunar. Jeg skal ekki fara út í neinn tölusamanburð nje heldur ræðu hv. þm. Ísaf. En hv. þm. Ak. komst svo að orði, að fje væri ausið í *bændur*, svo að skifti hundruðum þúsunda, og nefndi þar til framlagið eftir jarðræktarlögunum, en alt væri talið eftir til sjávarútvegsins, hvað lítið sem væri.

Það hefir áður verið bent á, að í raun og veru er ekki lítið lagt fram til sjávarútvegsins, en um það ætla jeg ekki að metast. En orðalag hv. þm. þykir mjer einkennilegt. Hann ber saman *stjett* og *atvinnuveg*. Jeg hygg, að ef Alþingi hefði hugsað á sama hátt og hv. þm., þá hefði það sjálfsagt aldrei verið jafnörlátt í fjárframlögum til landbúnaðar og raun er á. Nei, Alþingi er viðsýnna en hv. þm. Það lítur ekki á framlög til landbúnaðarins eins og persónulegan styrk eða stjettarstyrk, heldur sem framlag til annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar til þess að efla hann og halda við jafnvægi í þjóðlífi voru. Alþingi skilur og veit sem er, að atvinnuvegirnir eru fjöregg þjóðarinnar, sem viðheldur hennar lífi.

Að lokum vil jeg taka það fram, að ef Alþingi vill fallast á hugsanagang hv. þm. Ak. (BL) og lítur á framlög til landbúnaðarins eins og persónulega styrki eða stjettarstyrk, þá krefst jeg þess, að hver einasta fjárveiting til landbúnaðarins verði feld niður.

Ingólfur Bjarnarson:* Jeg vildi aðeins mótmæla rakalausum áburði hv. þm. Ak. (BL) viðvíkjandi undirbúningi húsmæðraskólans. Hann sagði, að undirbúningur væri ónógur og yfirleitt væri óheilt málið. Það er búið að skýra það áður, en jeg vil benda á það að nýju, að fyrir hv. deild liggur glögg áætlun um kostnaðinn og uppdráttur af húsinu. Auk þess er fje til, sumpart handbært og sumpart í loforðum. Jeg held því, að það megi telja á engum rökum bygt, sem háttv. þm. Ak. kastaði fram.

Háttv. þm. mintist á, að hann áliti samvinnu vera milli kvenna í Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu um húsmæðraskólann. Það er alveg rjett, að upphaflega var samvinna milli þessara kvenna. Eins og jeg hefi getið um, hafa konur í Þingeyjarsýslu í síðustu 20 árin verið að undirbúa þetta mál, framan af í samvinnu við konur í Eyjafjarðarsýslu. En þegar því fjekst ekki framgengt, að skólinn væri hafður í sveit, slitnaði upp úr þeirri samvinnu. Þingeyskar konur voru því ekkert mótfallnar að hafa skólann í Eyjafirði, ef hann væri í sveit, en á Akureyri vildu þær ekki hafa hann. Þessum deilum lauk þannig, að skóli skyldi reistur í útjaðri Akureyrarbæjar, í landareign bæjarins, og þess vegna urðu þingeyskar konur að hverfa frá allri samvinnu við konur í Eyjafirði og hefja undirbúning málsins heima í sínu eigin hjeraði.

Þetta vildi jeg upplýsa og um leið mótmæla dylgjum hv. þm. Ak., bæði um þetta mál og Laugaskólann.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki fara langt út í að ræða fjárlagafrv. Það eru aðeins örfá atriði, sem hjer hefir verið deilt um, og þá sjerstaklega tillögur hv. sjútvn., sem jeg vildi minnast á nokkrum orðum. En jeg skal taka það fram, að það er ekki af hlíf við hv. frsm. fjvn., að jeg geri þetta, heldur af því, að umræðurnar um þessi atriði hafa verið þannig almenns eðlis, að ekki er einum frekar en öðrum í fjárveitinganefnd skylt að svara þeim.

Því hefir verið beint til fjárveitinganefndar af sjávarútvegsnefndarmönnum og raunar fleirum, að fjvn. hafi verið yfirleitt harðleikin gagnvart þeim brtt., sem fram hafa komið, en einkum þó frá sjávarútvegsnefnd. Jeg vil benda hv. þm. á, hvert er hlutverk fjvn. Það er hvorttveggja í senn, að meta gildi hverrar tillögu um fjárframlög úr ríkissjóði og að gæta varúðar um afgreiðslu fjárlaganna, þannig að trygt og örugt sje, að ekki verði halli á ríkisbúskapnum. Sakir standa nú þannig, að tekjuhlið fjárlaganna verður ekki mikið um þokað, síst til hækkunar. Það leiðir því af sjálfu sjer, að þegar önnur eins ógrynni af útgjaldatillögum koma fram eins og nú hefir átt sjer stað að þessu sinni, þó það keyri nú alveg um þvert bak við

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þessa 3. umr. fjárlagfrv., þá verður nefndin að beita því eina ráði, sem fyrir hendi er, til þess að stuðla að gætilegri afgreiðslu fjárlaganna, sem sje því, að standa svo sem kostur er á móti því, að hlaðið sje útgjöldum í fjárlagafrv. fram yfir það, sem líkur eru til, að tekjur ríkissjóðs muni hrökkva til að greiða á því ári. Það er einmitt með þetta fyrir augum og af þessum ástæðum, sem fjvn. hefir neyðst til að beita sjer á móti ýmsum till., sem færa má allgildar ástæður fyrir, að mættu verða að gagni. Í þessu ljósi verða menn því að skoða afstöðu nefndinnar til ýmsra tillagna.

Hvað snertir till. háttv. sjútvn. um hækkun á framlagi til markaðsleitar, þá hefir því verið haldið fram af hálfu hv. sjútvn., að það væri ekki rjett hjá hv. frsm. fjvn. (TrÞ), að undirbúningur þessa máls væri ekki eins og skyldi. Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) reyndi að hrekja röksemdir hv. frsm., og skal jeg nú víkja ofurlítið að þessari hlið málsins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem farið er fram á fjárveitingu til markaðsleitar erlendis. Jeg held það hafi verið árið 1922, að Pjetur Ólafsson konsúll var sendur til Suður-Ameríku. För hans kostaði mikið fje. Pjetur Ólafsson lagði fram langar og nákvæmar skýrslur um möguleika fyrir markaði þar suður frá og gerði yfirleitt grein fyrir för sinni, eins og hann hafði best tök á. En jeg hygg nú samt, að nauðalítill eða enginn árangur hafi orðið af þeirri för. Talsvert hefir verið skrifað um þetta, og nokkrum sinnum hafa birst blaðagreinir frá Pjetri Ólafssyni, þar sem hann heldur því fram, að útflytjendur hjer sjeu tómlátir um að færa sjer í nyt þær upplýsingar, sem hann hafi aflað um möguleika fyrir markaði í Suður-Ameríku. Jeg veit ekki um það, hvort Pjetur Ólafsson er sjálfur fiskútflytjandi, en sje svo, þá er mjer ekki kunnugt um, að hann hafi sent fisk á þennan markað í Suður-Ameríku. Fiskútflytjendur halda því aftur á móti fram, að ekki sje nægilegt að senda mann þannig skyndiför, heldur væri nauðsynlegt að hafa mann, sem hefði fast aðsetur þar suður frá og altaf hefði nægar birgðir af saltfiski til sýnis og ljeti einskis ófreistað til að kynna hann fiskneytendum þar. Jeg skal viðurkenna, að það væri sýnu nær, að hægt væri að ná árangri á þessum grundvelli en að senda mann á svipaðan hátt og áður hefir verið gert, og mun það nú vera tilætlun háttv. sjútvn. að stofna til sendiferðar á þessum grundvelli, og skal það þá, fyrst svo er, fullkomlega viðurkent, að að þessu leyti er málið betur undirbúið en þegar Pjetur Ólafsson var sendur.

Um hina till. hv. sjútvn., um að veita 10 þús. kr. til eftirgrenslunar um síldarmarkað, ætla jeg að færa rök að, að þar skortir mikið á góðan undirbúning af hálfu háttv. sjútvn. (**ÓTh**: Það skal verða afsannað!). Já, hv. 2. þm. G.-K. segir, að það skuli verða afsannað. Við sjáum hvað setur. Tvisvar hafa verið gerðir út menn á kostnað hins opinbera til þess að kanna síldarmarkaði. Pjetur Ólafsson var sendur til Eystrasaltslandanna fyrir nokkrum árum. Hann gaf út skýrslu um för sína, en eftir henni virðist ekki mega álíta, að þarna hafi verið um neina verulega möguleika að ræða, enda varð árangur enginn. Björn Ólafsson

heildsali hjer í bæ var á síðastl. ári síðan sendur á þessar sömu slóðir. Hann hefir líka lagt fram miklar skýrslur um sitt ferðalag, án þess þó að sýnilegt sje, að það ferðalag hafi borið nokkurn minsta árangur. Hvort þetta liggur í því, að svona miklum vandkvæðum sje bundið að finna markaði þarna, eða að ekki sje farin sú rjetta leið til þess að opna markaði á þessum stöðum, skal jeg ekki um dæma að svo stöddu.

Enn þá hefir ekkert komið í ljós af tillögum hv. sjútvn. um, að þessi fyrirhugaða sendiför verði öðruvísi en hinar. Miklu frekar er ástæða til að ætla, að hjer eigi að stofna til sendifarar á sama hátt, og því er ekki hægt að gera sjer neinar vonir um, að slík för nú frekar en áður beri nokkurn minsta árangur. Það er sama fálmið og áður.

Jeg skal ekki leyna því, enda er ekki leynt með það farið af hálfu þeirra, sem í hlut eiga, að ákveðinn maður er hafður í huga, þegar talað er um þessa fyrirhuguðu sendiför. Það er Ottó Tulinius síldarútvegsmaður, nú búsettur í Kaupmannahöfn. Annaðhvort hefir þessi maður, sem undanfarið hefir verið að agitera í þingmönnum, boðið liðsinni sitt til þessarar markaðsleitar, eða þá að einhverjir hafa farið fram á þetta við hann. Mjer er kunnugt um, að hann þóttist upphaflega þurfa að fá 30 þúsund kr. til þessarar markaðsleitar; fyrir minni upphæð bjóst hann ekki við að hægt væri að gera neitt verulegt. En svo var farið að slá af kröfunum. Háttv. sjútvn. hefir upphaflega hugsað sjer, að hann fengi 15 þúsund krónur, og skrifað fjvn. um það. Í brjefinu kemur skýrt fram, að nefndin hefir Ottó Tulinius beinlínis í huga. Þar stendur m. a.:

„Nefndin lýsir því jafnframt yfir, að hún álítur Ottó Tulinius vel til starfans að útfærslu síldarmarkaðsins fallinn“ o. s. frv.

Þetta er fullkomin bending um það, að þó að styrkurinn sje ekki veittur á nafn, þá sje það þessi ákveðni maður, sem eigi að reka þetta erindi og fá styrkinn. Jeg er ekki að lasta þetta út af fyrir sig, því að hv. frsm. sjútvn. (SvÓ) tók það einmitt skýrt fram í dag, að hann áliti þennan mann best til fararinnar fallinn, og jeg geng út frá, að hann hafi þar talað í nafni nefndarinnar. Að minsta kosti ber að líta þannig á, þegar framsömumenn tala í nafni heillar nefndar og láta ekki annars sjerstaklega getið. Jeg ætla, að það megi ráða af fenginni reynslu, að gagnlaust muni reynast með öllu að fara nú að verja fje til að grenslast eftir um síldarmarkaði með sama hætti og áður hefir verið. Þetta mundi því nánast verða einhver styrkur handa þessum ákveðna manni, en á þeim grundvelli vill nefndin ekki veita þessa fjárupphæð, þótt það að nafninu til heiti til markaðsleitar.

Þá mintist hv. 2. þm. G.-K. á aðra tillögu sjútvn., sem liggur ekki hjer fyrir, sem sje till. um radiovitana. Hann áfeldi fjvn. mikið fyrir, hvernig hún hefði tekið í þá tillögu, og sagði, að hún hefði verið lögð þannig fyrir nefndina, að enginn vafi þyrfti að leika á því, að hún væri vel undirbúin. Síðan las hann nokkur orð úr skjali frá vitamálastjóra. Jeg vil benda

á, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir neinu fjárframlagi til radiovita. Annaðhvort hefir tillaga um fjárframlag til radiovita ekki verið lögð fyrir hæstv. stjórn, eða þá að hún hefir ekki viljað sinna þeirri tillögu. En hafi tillaga þessa efnis verið lögð fyrir hæstv. stjórn og hún ekki viljað sinna henni, er það af því, að hún álítur málið ekki nægilega undirbúið. Úr því að á annað borð er farið að vitna í skrif og skjöl frá vitamálastjóra, má einnig vitna í samtal við hann. Fjvn. átti sem sje tal við hann um þetta. Þar sem hjer var um nýmæli að ræða, fanst nefndinni það viðeigandi, en af því samtali varð nefndin þess vísari um þessa radiovita, að þeir væru alveg á frumstigi, og því fullkomin ástæða til þess að gana ekki út í miklar framkvæmdir, sem svo gætu orðið ónýtar við skyndilega breytingu, það er nýjar umbætur, eins og oft á sjer stað, ekki síst á þessu sviði. Að þessu athuguðu var það, að fjvn. sá sjer ekki fært, — og bygði hún það meðal annars á ummælum vitamálastjóra—, að ganga eins langt og sjútvn. lagði til, að veita fje til 3 slíkra vita.

Einnig höfðu ýmsir nefndarmenn talað um þetta við mikilsmetna skipstjóra hjer, og álit þeirra var á þann veg, að engan veginn væri fyrirsjeð, að þessi nýjung tæki ekki svo miklum breytingum, að það, sem nú væri framkvæmt, gæti innan skamms orðið að litlu liði eða jafnvel engu. Þessir menn höfðu orð á því, að þeir álitu rjettast að fara ekki lengra í sakirnar en svo, að reisa nú einn eða í hæsta lagi 2 slíka vita. Auk þess er það, að til þess að hafa not af þessum vitum, verða skipin að hafa alldýr áhöld, en slík áhöld eru ekki enn nema í einu eða tveimur skipum af íslenska flotanum. Þetta eru því ástæður fjvn. gegn því að ráðast nú í það að reisa 3 radiovita. Hinsvegar hefir nefndin nú hækkað fjárframlagið til vitabygginga og gengið þannig í áttina til samkomulags við sjávarútvegsnefndina, en fjvn. lætur það óbundið, hvort þessu fje skuli að einhverju leyti varið til byggingar radiovita, eða því verði varið til venjulegra vitabygginga.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. En jeg held, að ástæðulaust sje að bera hjer fram meting um það, hvor aðalatvinnuvegur landsins njóti meiri styrks af opinberu fje; slíkt er áreiðanlega ekki hyggilegt. Það er alkunna, að sjávarútvegurinn hefir tekið skjótari framförum en landbúnaðurinn og stendur því betur að vígi í baráttunni en hann, sem býr enn að miklu leyti við úreltara fyrirkomulag. En þó er það viðurkent, að landbúnaðurinn sje sá hyrningarsteinn, sem þjóðfjelagið hvílir á, enda þótt á þann hátt sje ekki ausið upp jafnmiklu gulli úr skauti náttúrunnar árlega eins og með sjávarútveginum. Þegar því talað er um fjárveitingar til þessara atvinnuvega, verður að líta með fullum skilningi á aðstöðu þeirra. Það dugir ekki að vitna í það eingöngu, hvað hvor þessara atvinnuvega leggur mikið í ríkisfjárhirsluna. Það, sem mjer finst sambærilegast með þessum tveim atvinnuvegum, er ræktun landsins annarsvegar og verndun landhelginnar hinsvegar. Með ræktuninni er verið að auka verðmæti landsins og tryggja afkomu landbúnaðar, en með landhelgisvörnunum er verið

að vernda fiskiveiðarnar bæði í nútíð og framtíð. Og það verður ekki með sanni sagt, að fjárveitinganefnd, eins og líka Alþingi alt, hafi ekki sýnt fullan skilning á þörfum beggja atvinnuveganna hvað þetta snertir og viðleitni til þess að verða þeim að liði í þessum mikilsverðu atriðum.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg býst við, að það sje eins dæmi í fjárlagaumræðum, að farið sje að gera mikinn aðsúg að fjvn., eftir eftir að framsögumaðurinn er „dauður". En það hefir verið gert hjer af hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), og það af þjósti miklum. Vildi hann með því láta nefndina fallast á tillögur sínar. Út af þessu vil jeg minna þennan unga þingmann á, að hann á að koma sem fyrst fram með athugasemdir sínar, svo að hann hleypi ekki öllu í bál og brand. Hann á að segja til í tíma, eða þegja síðan. En þökk sje háttv. þm. Borgf. (PO) fyrir það, hve myndarlega hann tók í sama strenginn og jeg og gerði grein fyrir afstöðu nefndarinnar, að hún stendur í heild gegn þessum tillögum hv. sjútvn., en ekki jeg einn persónulega.

Ennfremur vil jeg taka það fram, að mjer þykir leitt, að stofnað skuli vera til þess, að farið sje út í meting um fjárveitingar til atvinnuveganna, en það hefir háttv. sjútvn. gert að þessu sinni. Hún hefir ekki aðeins farið út í meting um fjárveitingarnar, heldur gert almennan samanburð. Ef ekki væri komið fram á nótt, þá myndi ekki standa á mjer að fara út í samanburð um það, hvor þessara tveggja aðalatvinnuvega legði meira til þjóðarbúsins. Og jeg er ekki í neinum vafa um, hvernig sá samanburður myndi verða.

Þá vildi hv. þm. (ÓTh) neita því, að við í fjvn. hefðum rjett til að álíta, að till. sjútvn. væru ekki vel hugsaðar. Þessu hefir hv. þm. Borgf. svarað og sýnt fram á hið gagnstæða. Þá vitnaði hann í vitamálastjórann og taldi sjútvn. ekki standa á ótraustum grundvelli, þar sem hún bygði á till. hans. En þar er jeg ekki á sömu skoðun. Jeg tel þann grundvöll ekki svo traustan, að hann geti ekki bifast. Og til dæmis um það, hve traustur grundvöllur vitamálastjórinn er, má geta þess, að þegar hann var spurður um Hornstrandavitann á fundi fjvn., vissi hann einu sinni ekki hvoru megin við Hornbjarg vitinn átti að standa. Ennfremur má geta þess, að vitamálastjórinn átti tal um vitana við fleiri en hv. sjútvn. Hann átti líka tal við fjvn., og munu þeir hafa verið fleiri en jeg, sem kváðu upp þann dóm eftir það samtal, að till. hans um vitamálin yfirleitt væru að minsta kosti ekki í björtu vitaljósi, og þá sjerstaklega að því er snerti radiovitana.

Þá sýndi hv. þm. Borgf. (PO) sömuleiðis fram á það, hversu mjög till. hv. sjútvn. um sendimennina til markaðsleita væru reistar á ótraustum grundvelli, og um þriðja liðinn, sendimanninn til Portúgals, virtist svo, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) væri ekki meira en svo trúaður á hann, því að ekki var hægt að skilja ummæli hans á annan veg en að hann teldi sendimanninn á Spáni geta annast það, sem gera væri í þessum efnum þar.

Að endingu vil jeg vísa því frá fjvn., að hún vilji ekki sinna sanngjörnum kröfum, og jafnframt beina því til hv.

sjútvn. að athuga sínar till. betur og helst að taka þær aftur nú og koma með þær síðar. Munu þær þá mæta velvild fjvn., ef sanngjarnar eru og vel undirbúnar. Annars er það hálf óviðkunnanlegt af hálfu hv. formanns sjútvn. að ráðast á fjvn. fyrir það að vilja bæta lífskilyrði þeirra, sem við sjóinn búa. Finst mjer það ekki í samræmi við verk nefndarinnar.

Vil jeg svo endurtaka það, sem jeg sagði fyrst, að mjer finst fullkomlega óviðeigandi og óvanalegt að vera að ráðast á fjvn., þegar framsögumaðurinn er „dauður".

Forseti (BSv): Þar sem nú er liðið að miðnætti og nokkrir hv. þm. enn á mælendaskrá, vil jeg leyfa mjer að bera það undir atkv. hv. deildar, hvort hún óskar, að fundi verði haldið áfram, uns umræðum er lokið.

ATKVGR.

Samþ. að halda áfram umræðum með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, HStef, JAJ, JG, JK, JörB.

nei: KlJ, Pþ, SvÓ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BL, HK, IngB, JakM, BSv.

Fimm þm. (MG, MJ, HjV, JÓl, JS) fjarstaddir.

Hákon Kristófersson: Úr því að verið er að neyða mann til þess að sitja hjer, þá er ekki hægt að ætlast til, að maður sitji altaf þegjandi. En vel má maður stilla orðum sínum í hóf, til þess að hv. þm. Str. (Trþ) spretti ekki upp og áminni um að gæta alls velsæmis.

Háttv. þm. Borgf. (PO) mintist á sendiför Pjeturs Ólafssonar og taldi hana engan árangur hafa borið. Þetta og þvílíkt er ekki líkt því, sem þessi háttv. þm. er vanur að sýna hjer í deildinni, hann, sem er vanur að sýna bæði mönnum og málefnum fulla sanngirni. Að ekki sje hægt að benda á neinn sýnilegan árangur af för þessa manns, er ekkert athugavert. Það getur legið í því, að ekki sje hægt að skjalfesta hann. Hv. þm. viðurkendi þó, að P. Ó. hefði lagt fram greinilega skýrslu um för sína. Jeg verð því að álíta, að þau ummæli hv. þm. Borgf., að sendiförin hafi engan árangur borið, hafi við engin rök að styðjast, því að það er ekki hægt að ætlast til þess, hvorki af P. Ó. nje öðrum sendimönnum, sem fara þessara erinda, að þeir geti sagt þegar þeir koma heim, að þeir hafi útvegað ágæta nýja markaði. Slíkt tekur oft fleiri ár. En að gefa nákvæma skýrslu um ferðina, benda á þá staði, sem hugsanlegt er, að nýir markaðir geti myndast, og leiðbeina því viðvíkjandi, er það, sem hægt er að búast við af slíkum sendimönnum. Jeg leyfi mjer því að slá því föstu, að sendiför P. Ó. hafi borið þann árangur, sem vænta mátti.

Að jeg fann ástæðu til þess að taka þetta fram, er sökum þess, að mjer er altaf illa við, þegar fjarstaddir mætir menn eru bornir tortrygni.

Þá mintist þessi háttv. þm. á krit þann, sem orðið hefir á milli hv. sjútvn. og hv. fjvn., og hv. þm. Str. tók því illa, að aðfinslur kæmu fram við gerðir hv. fjvn. En að jeg ekki fletti ofan af gerðum hennar, og það alvarlega, er af einskærri hlífð við háttv. frsm., sem segist vera „dauður" eða

„sálaður". (**TrÞ**: Þá er að gera það! — **PO**: Það eru ekki allir fjvn.-menn dauðir!). Það má vel vera, að einhverjir sjeu eftir hjá háttv. fjvn. til þess að „hlaupa í skarðið", en það vil jeg ráðleggja henni að vera ekki með neinar hótanir, ef hún vill ekki hafa verra af. Því sumar af gerðum hennar sýna það best sjálfar, að hún er algerlega berskjölduð, ef til hennar væri höggvið.

Þá benti hv. þm. Borgf. á, í sambandi við þessar síldarfarir háttv. sjútvn., að fjárveitingin myndi ætluð ákveðnum manni. En jeg hefi hvorki heyrt það eða sjeð, hver sá maður eigi að vera. (**PO**: Og nú er jeg fyrst alveg hissa!). En látum það þá vera svo, að þessu sje stefnt að sjerstökum manni, þá sje jeg ekkert við það að athuga, ef maðurinn er að öllu leyti fær til starfans.

Jeg ætla ekki að fara að slá mjer í þær deilur, sem orðið hafa á milli nefndanna, og ekki heldur að meta, hvað hvor atvinnuveganna hefir fengið af opinberu fje. Jeg tel best á því fara, að hvor atvinnuvegurinn styðji annan og sýni hvor öðrum fullan skilning.

Þá vildi hv. frsm. (TrÞ) halda því fram, að grundvöllurinn undir till. vitamálanna væri ekki sem traustastur, og færði það til, að vitamálastjórinn hefði ekki vitað, hvoru megin Hornbjargs vitinn ætti að standa. Þetta kemur mjer ekki neitt undarlega fyrir sjónir, því að jeg minnist þess, að þegar setja átti vitann á Látrabjarg, fylgdi jeg vitamálastjóranum og spurði hann, hvar á bjarginu vitinn ætti að standa. Þá sagðist hann ekki vita það fyr en hann hefði athugað staðhættina. Eins hygg jeg, að hafi verið hjer. Hann vilji fyrst athuga staðhætti áður en hann ákveður, hvar vitinn skuli standa. Mjer hefir aldrei dottið í hug að halda öðru fram en að nauðsyn beri til að koma þessum vitum á. Og frá mínum bæjardyrum sjeð er ekkert á móti því annað en hinn erfiði fjárhagur ríkissjóðs.

Mjer dettur ekki í hug að ámæla hv. sjútvn. fyrir till. hennar í þessu máli, og jeg tel illa farið, að háttv. frsm. fjvn. skyldi finna ástæðu til þess, því að eins og gefur að skilja getur oft orkað tvímælis um tillögur nefnda. Á þær er litið frá ýmsum hliðum, að undanskildum till. samgmn., því að þar hefir ekkert verið að fundið. (**TrÞ**: Það hefir verið haldin löng ræða á móti till. hennar). Hver var sá óviti? (**TrÞ**: Það var hv. þm. S.-Þ.). Því á jeg bágt með að trúa um slíkan mann. Jæja, það sannar þá bara, að ekki er hægt að gera öllum til hæfis, enda þótt vel og viturlega sje gert.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara öllu frekar út í þetta mál, og jeg vona, að jeg hafi ekki komið svo nærri tilfinningum manna með þessum orðum mínum, að þau gefi tilefni til andsvara. Jeg hefi aðallega viljað sýna fram á, að sendimenn í markaðsleitum geta ekki lagt fram annað en skýrslur um ferðir sínar, eins og Pjetur Ólafsson gerði. (**PO**: Jeg sagði ekki, að för hans hefði engan árangur borið!). Jeg skildi það samt svo, að háttv. þm. vildi halda því fram, að hann hefði ekki leyst starfið sem best af hendi. Þessu kunni jeg illa um þann mæta mann, því að jeg veit, að hann hefir ekki gert annað en það,

sem hann hefir talið að myndi koma að sem bestu gagni. Og jeg veit, að maðurinn er mjög fær á þessu sviði.

Ólafur Thors: Háttv. frsm. (TrÞ) var að hallmæla okkur í sjútvn. fyrir það að hafa gefið tilefni til þessarar deilu. En þar var honum sjálfum um að kenna, þar sem hann kvað upp áfellisdóm yfir sjútvn. í máli, sem sjútvn. hafði að sjálfsögðu miklu meiri þekkingu á og var því miklu dómbærari um. Jeg vitnaði til vitamálastjórans, en háttv. frsm. vildi reyna að gera hann broslegan. Hvað vitamálastjóri hefir sagt í fjvn., veit jeg ekki, en jeg veit, hvað hann sagði í sjútvn., og jeg hefi lesið upp úr skýrslu hans, — skýrslu, sem hv. fjvn. bar að kynna sjer, — og fellur skýrsla hans nákvæmlega saman við umsögn hans um málið á fundum sjútvn. Mjer þykir því líklegt, að vitamálastjóri hafi haft sömu ummæli við fjvn., en —, svo jeg noti samlíkingu hv. frsm., — alveg eins og það er ekki sönnun þess, að viti logi ekki, að einhver sjer ekki ljósið, þannig getur það komið fyrir, að greindum manni takist illa að gera öðrum skiljanlegt, hvað hann hugsar, án þess að það þurfi að vera af því, að hann hafi borið illa fram hugsun sína. Hitt getur eins vel verið, að þeir, sem hann átti tal við, hafi reynst tornæmir. Segi jeg þetta með tilliti til samtals vitamálastjóra og hv. fjvn.

Hv. frsm. var enn að reyna að bera fyrir sig hinn reynda sjávarútvegsmann, hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), en fórst nú enn óhönduglegar en áður, og var þó ekki á bætandi. Í fyrra skiftið færði hv. frsm. þau rök helst fyrir andstöðu fjvn. gegn till. sjútvn., að þessi reyndi sjávarútvegsmaður hefði talið till. sjútvn. illa undirbúnar. En þegar nú hv. 3. þm. Reykv. lýsti því skýrt og skorinort yfir, að þetta væri hinn mesti misskilningur hjá hv. frsm., þá greip hann til þess óyndisúrræðis að núa sjútvn. því um nasir, að þótt hv. 3. þm. Reykv. hefði ef til vill ekkert ilt sagt um *þessar* till. nefndarinnar, þá hefði hann að minsta kosti lagst fast á móti till. nefndarinnar í öðru máli, nefnil. fiskimatinu. Hugðist nú hv. frsm. hafa komið illa við kaun okkar sjútvn.-manna. En nú vill svo óheppilega til fyrir hv. frsm., að hann hefir einmitt fyrir skemstu gerst dómari í deilunni milli sjútvn. og hv. 3. þm. Reykv. um fiskimatið. Hann settist nefnilega eins og aðrir hv. þdm. í dómarasætið við atkvgr. um málið. Og hans dómur var sá, að við nefndarmenn færum með rjett mál í einu og öllu. Hv. frsm. hefði því verið sæmra að nefna þetta ekki. Annars skaut hv. frsm. sjer mjög undir vængi hv. þm. Borgf. (PO), svo að jeg verð að svara honum líka, en það verða aðeins fáein orð, því að það, sem hv. þm. sagði, var að mestu leyti utan við málið.

Þessi hv. þm. gat um það, að nær enginn árangur hefði orðið af sendiför Pjeturs A. Ólafssonar konsúls til Suður-Ameríku, og vildi þar með benda á, að slíkar ferðir, sem sjútvn. mælir með, mundu ekki koma að haldi. En jeg verð þá enn að benda á það, að jeg sagði, að jeg vildi, að á bak við þær sendifarir stæðu skýr loforð íslenskra framleiðenda um að haga sendingum sínum eftir fyrirmælum sendimanna, en engin tilraun var gerð

fyrirfram til þess að tryggja það, þegar Pjetur A. Ólafsson fór til Suður-Ameríku, svo að sú sendiför var einmitt sýnishorn af þeim sendiförum, sem sjútvn. vill ekki samþykkja. Auk þess er það ekki rjett, að áðurnefnd sendiför hafi ekki borið neinn árangur, því að ýmsir hafa, eftir þeim upplýsingum, er þá fengust, gert tilraunir, sem borið hafa nokkurn árangur. — Verði þessi fjárveiting samþykt, þá mun sjútvn. fara þess á leit við atvrh., að hann veiti ekki styrkina, nema því aðeins, að tryggilega sje um það búið, að ráðum sendimanns verði fylgt. (**PO:** Það er ekkert um þetta í athugasemdunum!). Nei, en hv. þm. veit, að það er ætlast til, að slíkum skilyrðum sje fullnægt, og hefir sjútvn. skrifað hv. fjvn. um þetta. (**PO:** Sjútvn. hefir ekkert vald yfir málinu, þegar það er komið út úr þinginu). Nei, en jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvrh. myndi fara að ráðum sjútvn. um það mál, sem hún hefir borið fram. En hv. þm. virtist leggjast með meiri þunga á móti málinu, af því að nokkur hluti þessarar fjárveitingar væri ætlaður sjerstökum manni. Jeg hygg nú, að þessi maður sje vel fær til starfans, en auk þess vil jeg slá því föstu, að sjútvn. hefir aldrei sagt neitt um það, að þessi eini maður skuli fá styrkinn, því að það er sitt hvað að telja einhvern mann hæfan til að vinna eitthvert verk eða að telja hann *einan* hæfan, og jeg geri ráð fyrir, að þótt sjútvn. skrifaði hæstv. atvrh., að hún teldi ákveðinn mann hæfan til starfans, að þá myndi hæstv. ráðherra ekki telja sjer skylt að fela honum starfið, ef hann teldi sjálfur einhvern annan hæfari.

Jeg vil svo að endingu taka það fram, að það er ekki rjett, að jeg hafi verið að áfella hv. fjvn. fyrir till. hennar um fjárveitingu til radiovitanna. Jeg hefi áður tekið það fram, að jeg virti þann góða hug, sem nefndin sýnir í þessu máli, og reyndi ekki að draga úr þeim ummælum nú. Hinsvegar vildi jeg bera þær sakir af sjútvn., að hún hefði flutt þetta mál rakalaust, því að hún hafði einmitt aflað sjer þeirra upplýsinga um málið, sem hún bestar gat fengið, með því að tala við vitamálastjóra. Og svo að jeg nú leiði óræk vitni í málinu, bendi jeg á, að hv. fjvn. hefir í nefndarálitinu beint tekið fram, að í þessum fjárlögum ætlist hún ekki til, að fje verði veitt til miðunarvita. Þegar hún gaf þessa yfirlýsingu, hafði hún þó reynt að kynna sjer málið eftir föngum, og meðal annars talað við vitamálastjóra. Þegar hjer er komið sögu, tekur sjútvn. málið í sínar hendur, ber fram till. um fjárveitingu, færir rök fyrir henni og upplýsir málið hjer í þessari hv. deild. Og þau undur ske, að hv. fjvn., þessi víðfræga sparsemdarnefnd, lætur sannfærast og það svo rækilega, að hún tekur sig til og flytur till. um, að 35000 kr. —, þrjátíu og fimm þúsundir —, hvorki meira nje minna, verði nú þegar á næsta ári veittar til að reisa 2 radiovita.

Jeg hefi nú enga tilhneigingu til að gera lítið úr málaflutningi okkar sjávarútvegsnefndarmanna, en þó verð jeg að játa, að þessar undirtektir hv. fjvn. eru næstum oflof um rökfimi okkar.

Jeg lýk svo máli mínu með því að segja, að bæði hv. þm. Borgf. og hv. frsm. hafi talað mikið bæði um mig og við mig, en ákaflega lítið um það mál, sem jeg talaði um.

Sigurjón Jónsson: Jeg skal vera mjög stuttorður, og það get jeg því fremur sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir talað alllangt mál og tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi segja. Jeg vildi þó segja háttv. þm. Borgf. (PO) það, að það er ekki rjett af honum að slá því fram hjer í deildinni, að þessi tillaga okkar um fjárframlag til markaðsleita sje aðeins komin fram af „agitation". Jeg ber þessa ásökun af mjer, og jeg verð að segja það, að jeg veit ekki hvaða rjett hv. þm. hefir til að slá öðru eins og þessu fram. (**PO:** Jeg sagði það ekki). Jeg skrifaði þetta hjá mjer eftir hv. þm. (**PO:** Jeg sagði, að það væri annaðhvort, að þessi maður hefði boðið sig fram til starfsins, eða að það hefði verið skorað á hann til þess). Jeg gat nú samt ekki skilið orð hv. þm. öðruvísi, en hitt get jeg sagt hv. þm., að það var löngu áður en þessi maður kom fram, að við höfðum talað um að fá fjárstyrk til þess að stuðla að útbreiðslu markaðs á síld. Það var einmitt með tilliti til þess, sem á að fara hjer fram, að það verður stofnað síldarsamlag, og það var tekið fram hjer áður í kvöld, að sá maður, sem styrkinn fengi, starfaði í sambandi við þetta síldarsamlag og stjórn þess, og það er í rauninni óþarfi að taka þetta fram, nema af því að orð hv. þm. fjellu eins og mjer skildist.

Svo mun jeg ekki segja meira um þetta mál, en jeg vil skjóta því til hv. frsm. fjvn., af því að hann hefir nú hvað eftir annað talað um, að það væri leitt og óheppilegt, að ráðist væri svo á fjvn., eftir að frsm. hennar væri dauður, að það er ekki hægt að tala um afstöðu hv. fjvn. til tillagna einstakra þingmanna, fyr en eftir að hv. frsm. hennar hefir talað tvisvar. Og jeg verð að segja, að jeg finn ekkert óheppilegt við það, að það sjeu vaktar slíkar umr. einu sinni á hverju þingi, því að jeg efast ekki um góðan vilja hv. nefndarmanna til að taka vel á móti skynsamlegum tillögum sjútvn., og jeg held, að það sje ekkert óheppilegt við það, þó að vakin sje hugsun hjá hv. nefndarmönnum og öðrum háttv. þdm. um það að láta atvinnuvegi okkar njóta fullkomins jafnrjettis um tillög úr ríkissjóði, og mjer finst, að slíkt geti ekki verið óheppilegt fyrir neinn þann, sem hefir ákveðinn vilja til þess, að halda sje í rjettu horfi. En jeg veit, að það mundi vera óheppilegt fyrir þá háttv. þm., sem kynnu að vilja bera hagsmuni annars okkar atvinnuvegar fyrir borð, en jeg hygg, að það, sem hjer virðist hafa komið fram í þá átt, sje aðeins sprottið af athugaleysi.

Jón Sigurðsson: Jeg hefi ekki tafið fjárlagafrv. með umræðum á þessu þingi. Þó hefði jeg haft nokkra ástæðu til þess, því jeg hefi ekki getað orðið samferða meiri hl. fjvn. um ýmsar hækkunartill.; jeg mun þó einnig að þessu sinni láta mjer nægja að lýsa afstöðu minni með atkv. mínu. Það, sem knúði mig til að standa upp, eru árásir nokkurra hv. þm. á fjvn. fyrir afstöðu hennar til vitabygginga og markaðsleitar erlendis. Hv. frsm. og

hv. þm. Borgf. eru nú dauðir, svo að jeg tel mjer skilt að svara með nokkrum orðum.

Það var fyrst og fremst háttv. þm. Barð. (HK), sem gerði að umtalsefni árangurinn af för Pjeturs A. Ólafssonar konsúls og vildi láta það skína í gegn, að hann hefði hreint ekki verið svo lítill. Eftir því, sem sjeð verður af skrifum þessa sendimanns í blöðunum nú fyrir skömmu, viðurkennir hann sjálfur, að árangurinn hafi orðið mjög lítill af för hans. (**ÓTh:** Það er ekki víst, að honum sje kunnugt um allan þann árangur, sem orðið hefir af förinni). Hverjum ætti að vera það kunnugra? Jeg býst við, að slíkir menn viti öðrum fremur um þann árangur, sem verður af ferðum þeirra. En um þessa fyrstu ferð er ekkert að segja, og það er sjálfsagt að fara könnunarferð, en að fara slíkar ferðir hverja á fætur annari, án þess að nokkur trygging sje fyrir, að framleiðendur vilji notfæra sjer þær upplýsingar, sem sendimaðurinn kann að afla, það tel jeg blátt áfram barnaskap og að kasta fje ríkissjóðs á glæ. En nú hefir háttv. 2. þm. G.-K. tekið fram, að það hafi alls ekki átt að vera meiningin, og að það eigi að vera á bak við þetta fjelagsskapur framleiðenda, sem tryggi það, að þeir menn, sem fara, eigi vísan stuðning framleiðenda, er geri sölutilraunir eftir þeirra fyrirsögn. En hvar stendur það skrifað? Það er ekki eitt einasta orð um það í till. hv. nefndar. (**ÓTh:** Það stendur í brjefi sjútvn. til hv. fjvn.). Það verður aldrei opinbert plagg, og þetta eitt, þótt ekki hefði verið annað, var næg ástæða til að leggjast á móti þessum tillögum. Hv. 2. þm. G.-K. tekur þetta að vísu fram, en hvaða trygging er fyrir því, að fjenu verði varið á þann hátt? Hvers vegna lætur hv. nefnd það ekki fylgja till. sínum sem skilyrði, eins og venja er til, þegar einhver fjárveiting á að greiðast með vissum skilyrðum? Það er að minsta kosti útlátalítið, ef þetta er meiningin. Sem sagt, hjer er ekkert skilyrði sett um það, og jeg þori að fullyrða, að fjvn. er ekki kunnugt um, að nokkur trygging sje á bak við, sem geti trygt, að nokkur árangur verði af þessu. Sama er um síldarsölutilraunina að segja. Það er svo langt frá því, að nokkur trygging sje fyrir, að síldareigendur vilji sinna þessu, að ekki hefir verið hægt að benda á nokkuð í þá átt.

Þá fór sami hv. þm. að halda því fram, að fjvn. hefði ekki haft neina hvöt til að bera fram fjárveitingu til radiovita, og að hún hefði fyrst áttað sig á þessu, þegar hv. sjútvn. var búin að bera þetta fram. Jeg vil benda háttv. þm. (ÓTh) á, að það eru ekki allar till. fjvn., sem koma til 2. umr. Það er tíðast að geyma til 3. umræðu ýmsar till. eða mál, sjerstaklega þau, sem nefndinni þykja varhugaverð og hún þykist þurfa að fá betri upplýsingar um, og svo var um þetta mál. (**ÓTh:** Hvar fjekk nefndin upplýsingar?). Nokkrar hjá vitamálastjóra, og auk þess hjá „privat"-mönnum. (**ÓTh:** Var jeg einn af þeim?). Náttúrlega forðaðist nefndin ekkert að tala við hv. 2. þm. G.-K. Sami hv. þm. vildi gefa það í skyn, að hv. frsm. og hv. þm. Borgf. hefðu alls ekki farið rjett með skýrslu vitamálastjóra, þeir hefðu

eiginlega farið rangt með það, sem hann sagði. Jeg mótmæli þessu algerlega. Hvað vitana snertir, þá var hann ekki ákveðnari en það, að við gátum eiginlega aldrei fengið það fram hjá honum, hvort hann vildi heldur Tjörnesvitann eða Hornstrandavitann, svo að þessar ásakanir í garð fjvn. eru með öllu ástæðulausar.

Forseti (BSv): Jeg hefi fengið skjal frá allmörgum hv. þm. þess efnis, að þeir óska, að atkvgr. verði frestað þangað til kl. 10 næsta morgun. Mun jeg verða við þeim tilmælum. En þar sem enginn hefir nú kvatt sjer hljóðs, lýsi jeg umr. lokið.

Á 54. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 319, n. 325, 336, 345, 356, 370).

ATKVGR.

Brtt. 336,I feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JörB, KlJ, ÓTh, ÁÁ, BSt, BL, HjV, JakM, BSv.

nei: JAJ, JG, JK, JS, MG, MT, PO, Pþ, SigurjJ, SvÓ, Trþ, þorlJ, þórJ, ÁJ, HStef, HK, IngB.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,II feld með 17:10 atkv.

— 336,III samþ. með 22 shlj. atkv.

— 336,IV samþ. með 16:2 atkv.

— 336,V.1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 336,V.2 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 336,VI samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, SigurjJ, SvÓ, Trþ, þorlJ, þórJ, BSt, BL, HK, HjV, JakM, JG, JÓl, JörB, BSv,

nei: MG, ÓTh, PO, Pþ, ÁJ, ÁÁ, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, KlJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,VII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, Pþ, SvÓ, ÁJ, Á-Á, BSt, HStef, HjV, JakM, JG, BSv.

nei: JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SigurjJ, Trþ, þorlJ, þórJ, BL, HK, IngB, JAJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,VIII (aðaltill.) feld með 17:8 atkv.

— 336,VIII (varatill.) samþ. með 14:10 atkv.

— 336,IX.1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 336,IX.2 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 336,X feld með 15:6 atkv.

— 336,XI feld með 16:6 atkv.

— 336,XII.a (aðaltill.) feld með 14:3 atkv.

— 336,XII.a. (varatill.) feld með 14:5 atkv.

— 336,XII.b (aðaltill.) feld með 20:2 atkv.

— 336,XII.b (varatill.) feld með 15:3 atkv.

— 336,XIII (aðaltill.) feld með 16:3 atkv.

— 366,XIII (varatill.) feld með 16:9 atkv.

— 336,XIV samþ. með 14: 11 atkv.

— 336,XV samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, Pþ, SvÓ, Trþ, þorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, BSv.

nei: MG, ÓTh, PO, SigurjJ, þórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XVI samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, BSv.

nei: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XVII tekin aftur.

— 336,XVIII samþ. með 15:4 atkv.

— 336,XIX feld með 17:4 atkv.

— 345,I.1 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, BSv.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XX samþ. með 16:9 atkv.

— 336,XXI.1 tekin aftur.

— 336,XXI.2 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, IngB, JG, JK, JS, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HjV, JakM, JAJ, JÓl, JörB, KlJ, MG, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, BSv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXII (aðaltill.) feld með 17:7 atkv.

— 336,XXII (varatill.) feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, BSt, BL.

nei: HjV, IngB, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, HStef, BSv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 345,I.2 feld með 14:9 atkv.

Brtt. 336,XXIII.1 feld með 15:5 atkv.

— 336,XXIII.2 feld með 20:2 atkv.

— 356,I feld með 17:5 atkv.

— 356,II feld með 19:5 atkv.

— 336,XXIV feld með 15:7 atkv.

— 336,XXV samþ. með 14:11 atkv.

— 336,XXVI samþ. með 15:7 atkv.

— 336,XXVII (aðaltill.) feld með 15:3 atkv.

— 336,XXVII (varatill.) feld með 16:4 atkv.

— 336,XXVIII sjálffallin.

— 336,XXIX sjálffallin.

— 336,XXX feld með 19:3 atkv.

— 345,II.1—2 samþ. með 15:9 atkv.

— 336,XXXI.1 feld með 15:5 atkv.

— 336,XXXI.2 feld með 14:7 atkv.

— 336,XXXII sjálffallin.

— 336,XXXIII (aðaltill.) feld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JG, PÞ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, BSv.

nei: HK, HjV, IngB, JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXXIII (varatill.) feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, ÓTh.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JG, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, BSv.

BSt greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXXIV.1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HjV, IngB, JakM, JG, JS, MT, ÓTh, SvÓ, BSv.
nei: ÁJ, HStef, HK, JAJ, JK, JÓl, JörB, KlJ, MG, PO, PÞ, SigurjJ.
BL greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXXIV.2 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, IngB, JakM, JG, JÓl, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BSv.
nei: JAJ, JK, JS, JörB, KlJ, MG, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÁJ, HStef, HK.
BL greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXXV feld með 14:13 atkv.
— 336,XXXVI samþ. án atkvgr.
— 336,XXXVII feld með 14:10 atkv.
— 336,XXXVIII samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JG, JÓl, JörB, KlJ, MT, ÓTh, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HjV.
nei: JAJ, JK, JS, MG, PO, SigurjJ, ÁJ, HStef, HK, BSv.
BL greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XXXIX tekin aftur, en tekin upp af þm. Str. (TrÞ) og feld með 18:3 atkv.
— 336,XL feld með 16:9 atkv.
— 336,XLI.1 feld með 18:4 atkv.
— 336,XLI.2 feld með 15:6 atkv.
— 336,XLII samþ. með 16:10 atkv.
— 336,XLIII feld með 15:7 atkv.
— 336,XLIV samþ. með 14:13 atkv.
— 336,XLV feld með 14:9 atkv.
— 345,III feld með 15:4 atkv.

Brtt. 370 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JörB, MT, ÓTh, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HjV, IngB, JakM, JG, BSv.
nei: JK, JS, KlJ, MG, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,XLVI feld með 16:6 atkv.
— 336,XLVII.1 (aðaltill.) feld með 15:6 atkv.
— 336,XLVII.1 (varatill.) feld með 15:8 atkv.
— 336,XLVII.2 feld með 14:8 atkv.
— 336,XLVIII samþ. með 15:9 atkv.
— 336,XLIX samþ. með 14:10 atkv.
— 336,L samþ. með 19 shlj. atkv.
— 336,LI feld með 19:4 atkv.
— 336,LII tekin aftur.
— 336,LIII feld með 16:6 atkv.
— 345,IV samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JÓl, JS, JörB, PO, PÞ, SigurjJ, BSv.
nei: SvÓ, ÁJ, BSt, BL, HK, JAJ, JK, KlJ, MG, MT, ÓTh.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,LIV tekin aftur.
— 336,LV.a samþ. með 14:10 atkv.
— 336,LV.b samþ. með 17:7 atkv.
— 336,LV.c feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, JakM, JÓl, JörB, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, BSv.
nei: IngB, JAJ, JG, JK, JS, KlJ, MG, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HK.
PO greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,LVI samþ. með 19:1 atkv.
— 336,LVII (aðaltill.) feld með 19:3 atkv.
— 336,LVII (varatill.) feld með 14:6 atkv.
— 336,LVIII feld með 19:4 atkv.
— 336,LVIX feld með 16:3 atkv.
— 336,LX samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, BSv.
nei: ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, MG, ÓTh, PO, SigurjJ.
JÓl greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 336,LXI feld með 16:7 atkv.
— 336,LXII feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, JakM, JAJ, JG, KlJ, PÞ.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, IngB, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, BSv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 336,LXIII samþ. með 15 shlj. atkv.
— 336,LXIV (aðaltill.) feld með 15:7 atkv.
— 336,LXIV (varatill.) samþ. með 15:4 atkv.
— 356,III feld með 16:7 atkv.
— 336,LXV (aðaltill.) samþ. með 17:7 atkv.
— 336,LXV (varatill.) kom ekki til atkv.
— 336,LXVI samþ. með 20:1 atkv.
— 336,LXVII (aðaltill.) feld með 16:8 atkv.
— 336,LXVII (varatill.) feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigurjJ, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, JakM, JörB, ÓTh.
nei: PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HK, HjV, IngB, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MT, PO.
BSv greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 345,V (aðaltill.) feld með 14:2 atkv.
— 345,V (varatill.) samþ. með 15:8 atkv.
— 336,LXVIII.1 samþ. án atkvgr.
— 336,LXVIII.2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 345,VI samþ. með 14:9 atkv.
— 336,LXVIII.3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 336,LXIX (aðaltill.) feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HStef, HjV, JakM, JG, KlJ, BSv.
nei: MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, IngB, JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, MG.
ÁJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 336,LXIX (varatill.) feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, PÞ, SvÓ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, HjV, JakM, JG, BSv.
nei: MG, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BL, IngB, JAJ, JK, JÓl, JS.
ÁJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 336,LXX.a samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, PÞ, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BSt,

BL, HStef, HK, HjV, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, KlJ, BSv.

nei: MT, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ. ÞórJ, IngB, JS, JörB.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,LXX.b samþ. með 14:8 atkv.

— 336,LXXI samþ. með 18:5 atkv.

— 336,LXXII samþ. með 17:5 atkv.

— 345,VII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, HjV, IngB, JakM, JG, MG, PÞ, TrÞ, ÁJ, BSt, BSv.

nei: JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,LXXIII samþ. með 14:9 atkv.

— 336,LXXIV samþ. með 18:2 atkv.

— 336,LXXV samþ. með 16:3 atkv.

— 336,LXXVI samþ. með 14:6 atkv.

— 336,LXXVII samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HjV, JakM, JG, JÓl, JörB, MG, MT, SigurjJ, ÁÁ, BSt, BL, BSv.

nei: HStef, IngB, JAJ, JK, KlJ, ÓTh, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.

JS, ÁJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 336,LXXVIII samþ. með 22:1 atkv.

— 336,LXXIX samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, HK, HjV, JakM, BSv.

nei: JG, JK, MT, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, BL, HStef, IngB.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 356,IV samþ. með 21 shlj. atkv.

— 336,LXXX samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 373).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í fjárlagafrv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir dálitlum tekjuafgangi, sem nam 100 þús. kr. Í meðferð hv. Nd. hefir frv. tekið þeim breytingum, að hingað kemur það með tekjuhalla, er nemur 327819,97 kr. Þessi breyting er aðallega í því fólgin, að útgjöldin hafa hækkað um hátt á fjórða hundrað þúsund krónur, en tekjuáætlun lækkað á einum lið um 50 þús. kr. Jeg verð að láta í ljós það álit mitt, að sú hækkun útgjalda, sem orðin er á frv., sje meiri en útlit er fyrir, að ríkissjóður geti borið með þeim tekjum, sem honum eru ætlaðar eftir núgildandi lögum. Þess vegna eru það eindregin tilmæli mín, fyrst og fremst til hv. fjvn. og í öðru lagi til háttv. deildar í heild sinni, að sú breyting verði gerð á þessu, að útgjöldin verði færð niður, svo að jöfnuður fáist. Jeg tel það ekki vera neinum sjerstökum

erfiðleikum undirorpið að ná slíkri niðurfærslu, án þess að gengið sje of nærri rjettmætum hagsmunum. Þessa skoðun mína styð jeg við það, að í frv. stjórnarinnar var stungið upp á fjárveitingum til allskonar nýrra verklegra framkvæmda, þar á meðal búnaðarframkvæmda, sem nema alls um 1 milj. 486 þús. kr. Þetta er í sjálfu sjer há upphæð til nýrra verklegra framkvæmda, en í meðferð hv. Nd. hafa þau útgjöld hækkað upp í 1 milj. 750 þús. kr., með öðrum orðum er hækkunin á þeim lið 264 þús. kr. Að öðru leyti hækka útgjöldin í meðferð hv. Nd. um 100 þús. kr., sem sumpart eru hækkanir á þeim liðum, sem fyrir eru, og sumpart ný útgjöld til ýmissa annara hluta en þessara verklegu framkvæmda. Jeg álít, að ekki sje fært að treysta því, að ríkissjóður geti 1928 látið af hendi $1\frac{3}{4}$ milj. kr. til slíkra nýrra verklegra framkvæmda. Auk þess sem á að endurskoða útgjaldatillögur frv. og hækkanir hv. Nd. á öðrum liðum, er öldungis rjett hjer í þessari hv. deild að færa útgjöldin til þessara nýju verklegu framkvæmda niður í nánd við stjfrv.-upphæðina. Jeg tel, að af því að svo stendur á, að verðlag á því, sem gert er, fer lækkandi, sje vel forsvaranlegt að setja niður upphæðina, í trausti þess, að það þurfi ekki að þýða tilsvarandi minkun á sjálfum framkvæmdunum.

Jeg skal geta þess, að það liggja þegar fyrir dálitlar upplýsingar um tekjur ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs, og þær gefa tilefni til að ætla, að tekjurnar verði í ár æði miklu minni en síðastliðið ár, bæði vegna breyttrar löggjafar —, þar á jeg við lækkun kola- og salttollsins, — og af því, að innflutningur er minni nú en í fyrra, og má búast við, að það haldi áfram. Það er ekki rjett að treysta því, að árið 1928 verði betra, og Alþingi verður því að stilla kröfum sínum um hraða á verklegum framkvæmdum ríkissjóðs í hóf.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að bera fram þá sjálfsögðu tillögu, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Jón Baldvinsson: Jeg heyrði, að í lok ræðu sinnar lagði hæstv. ráðh. til, að frv. yrði vísað til 2. umr. Verður hjer því ekkert framhald þessarar umr., svo sem venjan er í hv. Nd. Og þá er þar venjulega leyft að tala við stjórnina og fá hjá henni upplýsingar um stjórnarfarið og ýmislegt, sem annars er ekki hægt að heimta svar við. Mjer skilst, að þeir hv. þm., sem hjer eiga sæti, megi í þess stað nota þessa 1. umræðu til að fá slíkar upplýsingar. Að gera það þegar tillögur eru komnar fram og 2. umr. hafin, álít jeg óheppilegt.

Nú stendur svo á, að núverandi hæstv. stjórn verður ekki krafin sagna á sama hátt og venjuleg þingræðisstjórn, því að hún á aðeins að fara með völdin um stundarsakir og skoðast sem bráðabirgðastjórn. Hv. Nd. hefir gert ályktun um stjórnina, viðvíkjandi aðstöðu hennar til þingsins, sem engin önnur stjórn hefði látið sjer lynda. En hún hefir nú tekið þann kostinn að sitja kyr sem bráðabirgðastjórn, og verður því að tala öðruvísi við hana en venjulega þingræðisstjórn.

Samt er ýmislegt, sem menn vilja

vita um framkvæmdir og stjórnarfar. Mjer hefði nú þótt vænt um að geta beint máli mínu jöfnum höndum til beggja hæstv. ráðh. Jeg er ekki alveg glöggur á, hvað heyrir undir hvorn um sig. Jeg býst samt við, að flest af því, sem jeg ætla að spyrja um, heyri undir hæstv. atvrh.

Fyrst langar mig til að gera fyrirspurn um bygginguna á Kleppi, hvort henni muni verða lokið í sumar. Mjer skilst, að sú bygging mundi geta orðið fullgerð vegna þess, að nægur væri tíminn, en jeg hefi heyrt því haldið fram af nokkrum kunnugum mönnum, að varla væru líkur til þess að svo yrði, og jeg heyri hjá þeim, sem standa fyrir byggingunni, að henni muni ekki verða lokið í sumar. Jeg vil spyrja hæstv. atvrh., hver sje tilhögunin á þessu. Þó að þrotin væri fjárveitingin, hefir hæstv. stjórn í hendi sjer að taka lán, samkvæmt lögum um lán til opinberra bygginga. Hv. sessunautur minn hefir gert mjer þann greiða að benda mjer á, að fjárveiting sje á næsta ári, en svo getur staðið á, að það sje miklum erfiðleikum bundið að þurfa að draga bygginguna í heilt ár.

Þá vil jeg gjarnan fá upplýsingar um, hvað hæstv. stjórn hafi gert í framkvæmdum um þál. þá, sem samþ. var á Alþingi í fyrra um rýmkun landhelginnar. Það var þá einhuga mál alls þingsins. Mig langar til að vita, hvað hæstv. stjórn hefir gert í því máli.

Næst vil jeg spyrja hæstv. atvrh., hvort hann hafi nokkuð gert í tryggingarmálunum. Jeg bar fram í fyrra tillögu til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um tryggingarmálin. Þessi nefnd var hugsuð skipuð á sama hátt og hugsað var í þeirri till., sem kom fram á þingi 1925 um almennar slysatryggingar. Málinu var, að jeg hygg, vísað til stjórnarinnar af hv. Ed., eftir tilmælhæstv atvrh. Minnir mig ekki betur en hann ljeti falla orð um það, að stjórnin gæti alveg eins gert þetta, þótt till. yrði ekki samþykt. Nú langar mig til að vita, hvort nokkrar framkvæmdir hafa orðið í þessu máli. Hæstv. atvrh. getur vafalaust svarað því.

Þá langaði mig til að spyrja hæstv. atvrh., sem er yfirmaður flestra þeirra framkvæmda, sem hans undirmenn, vegamálastjóri og slíkir starfsmenn, láta framkvæma, hvert það kaupgjald væri, sem þeir hugsuðu sjer að greiða í sumar við vegavinnu. Mjer er sagt, að vegamálastjóri, eða menn fyrir hans hönd, sje í kjördæmi hæstv. atvrh. að leita fyrir sjer um ráðningu á mönnum fyrir 50 aura tímakaup fram að slætti. Það er miklu lægra kaup en var í fyrra; og raunar álít jeg algerlega ósæmilegt af hinu opinbera að bjóða slík smánarkjör. Jeg skil varla, að hæstv. ráðh. líði slíkt í sínu kjördæmi. (**Atvrh. MG:** Á kaup að vera hærra í mínu kjördæmi en annarsstaðar?). Að minsta kosti ekki lakara. Það er eðlilegast, að hæstv. ráðh. fari ekki ver með sína kjósendur en aðra. Mig langar gjarnan að vita þetta, af því að mjer skilst, að í fyrra á sama tíma hafi verið borgaðir 70 aur. um kl.tímann. Þetta er þá miklu meiri lækkun en annarsstaðar á landinu, og munu menn, ef þeir taka þessu kaupboði, aðeins gera það út úr neyð. Álít jeg, að hæstv. ráðh. ætti að skerast í leikinn um þetta, ef þessu er svo varið.

Þá langar mig að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvers vegna jörðin Lambhagi í Mosfellssveit var seld og fyrir hvaða verð. Ennfremur hvað sje búið að gera við landið, sem ræktað var í Mosfellsmýrinni fyrir nokkru, hvort það liggur ennþá ónotað, og hvort engar framkvæmdir sjeu hugsaðar í sambandi við það.

Þá vil jeg spyrja hæstv. atvrh., hvað hann hugsi sjer um framkvæmdir með veginn, sem lagður var hjer frá Elliðaánum og átti að vera áleiðis til Hafnarfjarðar og kostaði marga tugi þús. króna.

Þá vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hvort hann viti nokkrar líkur til, að ráðist verði í framkvæmdir um virkjun á Vesturlandi, samkv. sjerleyfi, sem „Dansk-Islandsk Anlægselskab" var veitt í fyrra, — hvort hæstv. ráðh. hafi nokkra vitneskju eða hugboð um, að þar byrji bráðlega framkvæmdir.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hverjir hafi á síðasta hausti fengið leyfi hjá hæstv. stjórn til að gangast fyrir stofnun nýs banka samkvæmt bankalögum, sem samþ. voru í fyrra. Hæstv. fjrh. (JÞ) mun geta leyst úr því. Er gott, að hann skýri deildinni frá því, hvernig yfirleitt verða framkvæmdir þessa máls, eða hvort nokkrar líkur eru til, að úr framkvæmdum verði.

Þá vil jeg spyrja hæstv. fjrh., hvort þurft hafi að greiða ábyrgð fyrir Kárafjelagið, sem ríkissjóður var í. Eins og kunnugt er, var bankanum veittur forgangsrjettur að togurunum, fram yfir veð ríkissjóðs. Nú spyr jeg hæstv. ráðh., hvort rekstrarlánið, sem tekið var, hafi verið endurgreitt, þannig að veðrjettur ríkissjóðs sje ekki verri nú en hann var áður en þetta var samþ. í fyrra í þinginu.

Enn vil jeg spyrja hæstv. ráðh. einnar spurningar. Það er viðvíkjandi vegagerð upp í Borgarfirði. Mjer er sagt, að vegarspotti og brú, sem þar er yfir síki, svokallað Ferjukotssíki, hafi bilað að einhverju leyti í vetur og viðgerð eigi að framkvæma á komandi sumri. — Það er nú ekki víst, að hæstv. ráðh. geti upplýst um þetta að svo stöddu, sem sje hvað mikið sje búið að greiða fyrir vegalagningu þarna. Mjer er sagt, að vegagerðin hafi mishepnast, að þarna hafi verið sökt í fen svo og svo mörgum þúsundum, og vegurinn bilað á hverju ári. Vildi jeg aðeins vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu og óska upplýsinga um, hvort framvegis eigi að leggja fje í slíkt, sem ekki eru þær samgöngubætur, sem brýr og vegir annars eiga að vera. Það gefur annars hugmynd um, að ekki hafi verið rjett að farið í upphafi og eitthvað þyrfti að breyta til. En Alþingi er nauðsynlegt að vita, ef einhver mistök hafa verið í framkvæmdum, ekki einungis þar, sem stjórnin á sjálf að framkvæma, heldur líka þar, sem hennar undirmenn vinna og hún að vissu leyti ber ábyrgð á, enda þótt þeir starfi nokkuð sjálfstætt. Það á að koma fram, hverjir sem það eru, sem ábyrgðin hvílir á.

Þá vil jeg spyrja þann hæstv. ráðh., sem það heyrir undir, hvers vegna síldarsamlagið, sem samþ. var á síðasta þingi, hafi ekki komið til framkvæmda. Það ganga ýmsar sögum um, að það sje vegna þess, að frá útlöndum hafi komið svo sterk andúð á móti

þessu, að stjórnin hafi ekki sjeð sjer fært að veita leyfið. Jeg vildi sem sagt vita, hvers vegna þetta hafi ekki komist til framkvæmda, sem lögin gerðu ráð fyrir að framkvæmt yrði strax, og forgöngumenn málsins í fyrra.

Jeg ætla nú, að það sjeu ekki fleiri spurningar, sem jeg þarf að leggja fyrir hæstv. stjórn að þessu sinni. Þætti mjer vænt um, að jeg fengi greið svör og gild og gæti fengið þau helst nú. Hygg, að spurningarnar sjeu þess eðlis, að hæstv. stjórn geti nú þegar svarað þeim. Það kann að vera ein spurning, sem ástæða er fyrir hæstv. stjórn að leita upplýsinga um.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald) byrjaði ræðu sína með nokkrum ummælum um stöðu núverandi stjórnar og sagði, að stjórnin yrði ekki krafin sagna, því að hún yrði eftir ályktun þeirri, sem samþ. var í hv. Nd., að skoðast sem stjórn til bráðabirgða, en ekki sem þingræðisstjórn. Þetta verð jeg að leiðrjetta. Hvort þessi stjórn er til bráðabirgða eða til lengri tíma, það eru spádómar, sem hver getur látið í ljós eftir því, sem honum sýnist. Og meiri hl. hv. Nd. hefir nú spáð stjórninni skammlífis að þessu leyti, en látið þó greinilega í ljós fyrir munn framsögumanns þeirrar till., sem samþ. var, að ef ekkert sjerstakt kæmi fyrir, þá hlyti þetta líf þó að endast stjórninni fram yfir næstu kosningar, eða til næsta þings. Og um það, hvað stjórnin verður langlíf, má hver hafa þá skoðun, sem honum kann að þykja geðfeldust, alveg óátalið af mjer; en hinu verð jeg að mótmæla, að þessi stjórn sje ekki þingræðisstjórn, heldur eitthvað annað. Í þeim löndum, sem þingræði er viðurkent, er í rauninni ekki um nema tvent að gera; annaðhvort er stjórnin þingræðisstjórn, eða, ef þingið af einhverjum ástæðum hefir þóst tilneytt að gefast upp við þá skyldu sína að sjá landinu fyrir stjórn, þá hefir stundum verið gripið til þess að setja það, sem kallað er embættismannastjórn. Er þá farið út fyrir það venjulega; fengnir til menn, sem standa að minsta kosti ekki sjerlega framarlega í þingflokkum. Sú stjórn er á dönsku máli kölluð Forretnings-Ministerium og starfar þangað til þingið hefir aftur komist í það horf — venjulega eftir nýjar kosningar —, að það getur tekið að sjer að standast straum af þingræðisstjórn. Það getur enginn verið í vafa um, að sú stjórn, sem nú situr, er ekki „Forretnings-Ministerium". Hún er „pólitísk" stjórn, skipuð að vilja stærsta stjórnmálaflokks í þinginu. — Þetta vita allir, og það þarf í raun og veru enga grein fyrir því að gera; en það má þó benda á það, að formaður þess flokks er forsætisráðherra og hinn ráðherrann á sæti í miðstjórn flokksins; auk þess eru báðir ráðherrarnir þingmenn þess flokks. Það getur engum blandast hugur um, að þetta er „pólitísk" stjórn, sem verður að vera þingræðisstjórn, svo framarlega sem þingið hefir ekki alveg gefið það upp að gegna skyldu sinni um að varðveita þingræðið. Þessi stjórn stendur hjer eins og hver önnur þingræðisstjórn, opin fyrir atlögum andstæðinganna og viðbúin að taka á móti þeim á hverju augnabliki, þannig að andstæðingarnir krefjast, að hún fari frá, ef þeir hafa at-

kvæðamagn í þinginu til þess. Þeirri atlögu hefir verið beint að stjórninni, — vantraustsyfirlýsingu —, af þeim þingmanni Alþýðuflokksins, sem á sæti í hv. Nd. En till. var að efni og formi vikið frá, með því að henni var breytt þannig, að úr fyrirsögninni var numið burt það orð, sem mest veltur á í þessu sambandi; till. fjekk ekki að heita vantraust. Einnig var orðalagi till. gerbreytt svo, að hún bæði eftir fyrirsögninni og orðanna hljóðan og ummælum framsögumanns hlaut að þýða það, að sú þingdeild, sem vantrauststill. kom fram í, vildi ekki, eins og þá stóð, láta ganga til atkvæða um vantraust á núverandi stjórn.

En hv. 5. landsk. er líka þingmaður. Hann getur tekið upp sökina á hendur þessari stjórn, hvenær sem hann vill. Hún stendur sem þingræðisstjórn og er viðbúin að taka á móti atlögum frá honum sem hverjum öðrum. — En vegna ókomna tímans hefir þessi hv. þm. ekki leyfi til að standa hjer upp og segja, að stjórn, sem skipuð er úr og styðst við stærsta „pólitíska" flokk þingsins og situr óáreitt af andstæðingum sínum, sje ekki þingræðisstjórn.

Jeg skal svo svara þeim tveim spurningum, sem snerta minn verkahring, sem hv. þm. bar fram. Hann spurði, hverjum veitt hefði verið leyfi til að gangast fyrir bankastofnun, samkvæmt heimild til þess að veita ýms hlunnindi nýjum banka, sem varð að lögum á síðasta þingi. Það hefir enginn þurft leyfi til þess að gangast fyrir stofnun þessa banka. Það er hverjum manni frjálst að gera tilraun í þá átt, sem það vill; og það hafa fleiri en einn gert, án þess að fá til þess neitt leyfi. En það hefir engum enn þá tekist að koma með þau skilríki, sem allir vita, — sem þekkja lögin —, að heimta verður áður en til mála gæti komið að veita leyfi til bankastofnunar samkv. lagaheimildinni.

Þá spurði hv. þm., hvort það hefði verið borguð ábyrgð sú, sem ríkissjóður er í fyrir h/f „Kára". Því er að svara, að sú ábyrgð hefir ekki verið borguð enn. Þá gat hann um það, að rekstrarláni hefði verið hleypt fram fyrir, samkv. heimild síðasta þings, og spurði, hvort það rekstrarlán væri borgað, og hvort veðrjetturinn væri lakari nú heldur en hann var áður en því láni var hleypt fram fyrir.

Jeg er ekki viss um, að jeg geti gefið alveg nákvæmar upplýsingar um þetta, óviðbúinn eins og jeg er; en get sagt það, að það var aðeins tiltölulega mjög lítið rekstrarlán, sem var hleypt fram fyrir veðrjett ríkissjóðs. Það þurfti ekki eins mikið, þegar til kom, eins og við hafði verið búist. Og mjer var tjáð af bankanum, sem þetta fjelag skiftir við, að það hefði ekki getað borgað upp þetta rekstrarlán að öllu leyti árið sem leið, þannig að líklega standa eftir fáir tugir þúsunda, sem verða á undan þessum veðrjetti ríkissjóðs. — En um það, hvort veðrjettur ríkissjóðs sje verri en hann var fyrir ári síðan, þá verð jeg því miður að segja það, að hann er hvorki verri nje betri en hann var. Hann er öldungis einskisvirði nú eins og þá, vegna þess, að ríkissjóður hafði frá upphafi 2. veðrjett, en með 1. veðrjetti hvílir svo mikil upphæð á skipunum, að það er ekki nokkur von um, að 2. veðrjettur fái neitt, ef skipin verða seld. Svona hefir það því mið-

ur verið alla tíð frá 1924, að veðrjettur ríkissjóðs hefir verið einskisvirði. Von ríkissjóðs um það að sleppa frá því að greiða þessa ábyrgðarupphæð, sem er hátt á annað hundrað þús. kr., byggist einungis á því, að fjelagið geti rjett við, þannig að það geti borgað þá skuld, sem hvílir með 1. veðrjetti á skipunum. Þá getur veðrjettur ríkissjóðs batnað svo, að hann sleppi skaðlaus frá sinni ábyrgð. En takist fjelaginu ekki að rjetta við, þá eru því miður ekki minstu horfur á að ríkissjóður sleppi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það var viðvíkjandi þeim tíu spurningum, sem hv. 5. landsk. vjek til mín. Jeg skal reyna að leysa úr þeim flestum eða öllum og svara þeim stutt og áreitnislaust, eins og hv. þm. spurði.

Hv. þm. spurði fyrst um það, hvort tilgangurinn væri að fullgera bygginga á Kleppi í ár. Það hefir nú ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það. En stjórninni þótti rjett að búast ekki við, að það yrði hægt í ár, og fór fram á fjárveitingu á næsta ári. Hinsvegar hefir verið rætt um það okkar á milli, að ef vel liti út, þegar kæmi fram á sumar, gæti komið til mála að vinna fyrir þessa fjárveitingu. En um það er engin ákvörðun fengin; svo að það fer eftir því, hvernig landsbúskapurinn gengur, hvað mikið verður unnið þar í sumar.

Næst spurði hv. þm. um landhelgisrýmkunina, hvernig gengi með það mál. Það gengur þannig, að það standa nú yfir rannsóknir um það, hversu mikill munur sje á fiskmergðinni innan og utan landhelginnar hjer við land. Þessar rannsóknir eru framkvæmdar eftir ráðum dr. Schmidts. Hann segir, að eina ráðið til þess að geta gert sjer von um að fá þessa rýmkun landhelginnar sje það að geta sýnt fram á, að það hafi verulega þýðingu fyrir uppvaxandi fiskinn, — sýnt það og sannað vísindalega. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að skýra frá, að dr. Schmidt er heimskunnur vísindamaður á þessu sviði. Hann hefir sagt við mig persónulega, að meðan þessum rannsóknum er ekki lokið, sjái hann ekki fært að mæla með þessu, því að það þarf að vera hægt að staðhæfa um nauðsynina með vísindalegum rökum. Það er kunnugt, að Danir fóru fram á það við Englendinga, fyrir hönd Færeyinga, að fá rýmkaða landhelgina kringum Færeyjar, en var synjað, meðal annars vegna þess, að það var ekki vísindalega sannað, að þetta hefði áhrif viðvíkjandi uppeldi fiskjarins. Og alveg sömu afstöðu hafa Englendingar tekið um Norðursjóinn, þrátt fyrir það, að komið hefir í ljós, að mergð fiskjarins þar hefir rýrnað mjög á síðari árum.

Í 3. lagi spurði hann um tryggingarmál, sem var til umræðu í fyrra. Um það er það að segja, að dr. Ólafi Daníelssyni hefir verið falið að gera þann útreikning, sem með þarf til undirbúnings því máli. Hann kom með bráðabirgðaútreikning skömmu fyrir þing, en ljet þess getið, að hann áliti ekki rjett að byggja á honum; þyrfti að athuga hann betur áður en farið væri að leggja hann sem gagn fyrir þingið.

Þá spurði háttv. þm., hvaða kaup vegamálastjóri borgaði nú verkamönnum almennum. Jeg verð að segja eins og er, að mjer er ekki kunnugt

um það. (**JBald:** Í Skagafirði?). Það er mjer alveg ókunnugt. Jeg býst við, að sama verði að ganga yfir Skagafjörð og aðrar sveitir. Í hv. fjvn. Nd. fjekk stjórnin ákúrur fyrir það, að vegamálastjóri hefði borgað of hátt kaup í fyrra. Hann átti og tal við nefndina, og sagði hún honum það sama. Jeg átti tal við hann og sagði honum, að auðvitað yrði kaupið í ár að lækka í hlutfalli við lækkun dýrtíðarinnar að minsta kosti. En að öðru leyti hefi jeg auðvitað falið honum að ráða mennina; því að það skilur hv. þm., að ráðherra getur ekki farið að gefa sig að ráðningu verkamanna, enda væri þá til lítils að hafa vegamálastjóra. Stjórnin getur ekki annað en sett aðallínurnar, en svo verður vegamálastjóri að framkvæma eftir þeim aðallínum.

Í 5. lagi spurði hv. þm., hví jörðin Lambhagi hefði verið seld, og með hvaða verði. Um síðara atriðið hjelt jeg, að ekki þyrfti annað en að fara inn í lestrarsalinn, því að jeg held, að hingað sje búið að senda skjöl um sölu þjóðjarða á síðasta ári. Um ástæðuna fyrir því, að jörðin var seld, held jeg að sje hið sama að segja og aðrar þjóðjarðir. Það var gert samkvæmt heimild laga frá 1905 um sölu þjóðjarða.

Um hinn svonefnda „Víðir" í Mosfellssveit er það að segja, að 2 eða 3 stykkjum af landinu hefir verið ráðstafað. Það er held jeg rúmlega helmingur af því eða svo. Er svo tilætlunin, að Mosfellspresturinn hafi hitt til umráða og afnota.

Enn spurði háttv. þm. um Elliðaárveginn til Hafnarfjarðar, hvort tilætlunin væri að gera hann á næstunni. Af fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og frv. til fjárlaga fyrir næsta ár getur hann sjálfur sjeð, að ekki er ætlað fje til þessa vegar. Og það er af því, að stjórnin álítur svo góðan og viðunandi veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að víða væri meiri nauðsyn að leggja nýja vegi heldur en þar.

Um líkur fyrir virkjun Dynjanda veit jeg ekki annað en það, að jeg fjekk nú nýlega brjef frá manni þeim, er mest gekst fyrir þessu máli í fyrra, þar sem hann tjáir mjer, að í sumar muni verða sendir verkfræðingar vestur, til þess að gera mælingar og undirbúa framkvæmdir. Vitaskuld ber jeg enga ábyrgð á, að þetta sje rjett. Jeg veit ekki, hvað hæft er í þessu að öðru leyti en því, að jeg hefi brjef um þetta til sýnis.

Í 9. lagi vjek háttv. þm. að bilun á vegi í Borgarfirði og spurði, hvort ekki væri tilætlunin að gera við hann í sumar. Jeg man ekki, hvort hann spurði um fleira í því sambandi. (**JBald:** Hvort hafa ætti á honum nokkra nýja tilhögun). Nú, það á að gera við þennan veg í sumar og breyta honum þannig, að gera vatnsrásirnar í gegnum hann víðari en áður. Það sýndi sig í vetur, að í áköfum leysingum gátu ræsin ekki tekið við öllu því vatnsmagni, sem leitaði á veginn. — Vegamálastjóri hefir tjáð mjer, að vegurinn mætti hiklaust teljast tryggur með stærri vatnsrásum og það hafi eingöngu verið vatnsmagnið, sem varð honum að grandi í vetur.

Í 10. lagi spurði háttv. 5. landsk., hvað því hefði valdið, að síldarsamlagið, sem lög voru samþykt um í fyrra, komst ekki á fót í ár. Hann kvaðst hafa heyrt, að það stafaði af

andúð utanlands frá. Sú ástæða er ekki rjett. Það er ekki af andúð gegn málinu erlendis, enda er auðsætt, að þetta er algerlega innlent mál. En ástæðan til þess, að það komst ekki á fót, er sú, að stjórninni þótti málið ekki nægilega undirbúið til þess, að það væri tímabært að svo stöddu. — Hún leit svo á, að fyrst þyrfti að útvega samlaginu aðgang að hentugum peningalánum. Annars eru smáútgerðarmenn í vandræðum með að geta haldið útgerðinni áfram. Og af því að ekki var útlit fyrir, að bankarnir sæju sjer fært að „finansera" þetta fyrirtæki, þótti ekki rjett að stofna til þess nú á þessu ári.

Ef nægilegum undirbúningi verður lokið fyrir næsta nýár, er mjer vitanlega ekkert því til fyrirstöðu, að það komist á.

Þá hefi jeg svarað öllum spurningum háttv. 5. landsk. Hvort hann er ánægður með svör mín eða ekki, það kemur nú í ljós bráðum.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer bæði að svara fáum orðum ræðu hæstv. forsrh. (JÞ) um fjárveitingar og víkja nokkuð að öðrum málum, t. d. fjárhagsástandinu, og spyrja báða hæstv. ráðh. um ýmsar framkvæmdir, sem hefir átt að gera síðastliðið ár, eða eru nú á döfinni. En áður en jeg byrja vildi jeg þó minnast á vörn hæstv. forsrh. í dag fyrir því, að stjórn hans sje „parlamentarisk". — Hann vjek að afstöðu míns flokks til þess atriðis, svo að jeg hefi gefið tilefni til þess. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að stjórn sú, er hann stýrir, sje meirihlutastjórn, eða með öðrum orðum þingræðisstjórn. En það er áreiðanlega rangt. Hæstv. forsrh. hefir reyndar reynt að veifa úlfhjeðni að höfði þingsins í þessu efni. Í byrjun þings gaf hann út tilkynningu þess efnis, að hann skoðaði sig sem formann þingræðisstjórnar, ef því yrði ekki mótmælt með vantrausti. Það er harla undarleg aðferð til þess að afla stjórn sinni stuðnings. Annars á stjórnin eftir algildum reglum að prófa það sjálf, hvort hún er í meiri hluta. Ef hún er í minni hluta eða jafntefli er milli flokka, er hún ekki þingræðisstjórn. En það hefir hæstv. forsrh. ekki viljað gera. — Það er kunnugt, að þingræðisfyrirkomulagið byggir á þeirri skoðun, að meiri hluti þjóðarinnar skapi meiri hluta þings og eigi að ráða, hver stjórn situr að völdum. Því fylgir sá kostur, að stjórn með meiri hluta þings að baki sjer getur ráðið gangi þingmála og verið virkilega starfhæf stjórn. En um leið og stjórn missir þann eiginleika að vera í meiri hluta í báðum deildum hættir hún að hafa þau sjereinkenni þingræðisstjórnar, sem einkenna „parlamentariskt" fyrirkomulag í öllum löndum. Það var því ákaflega nauðsynlegt að slá því föstu, að stjórn sú, er nú situr og er í minni hluta í stærri deildinni og getur ekki fengið traust í Sþ., er annars eðlis en venjuleg þingræðisstjórn, þótt hún verði að skoðast starfandi til bráðabirgða, eins og segir í till. Hún er ekki embættisstjórn, heldur starfandi bráðabirgðastjórn, en það virðist mjer heppileg þýðing á danska orðatiltækinu „fungerende Ministerium",

Ef þessi aðstaða stjórnarinnar hefði verið látin kyr liggja, mátti búast við, að hjer kæmu í umferð falskir þingræðispeningar. Þá hefði skapast sá falski hugsunarháttur, að stjórn, sem er óekta, óhæf sem meirihlutastjórn, geti setið að völdum sem slík, og þjóðin vaðið í þeirri villu, að hún hefði starfhæfa stjórn með meirihlutastuðning að baki.

Nú kom það fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann vildi ásaka aðra deild þingsins fyrir að hafa breytt fjárlagafrv. En kennir þar ekki átakanlegast máttleysis hæstv. stjórnar? Hefir ekki deildin sýnt með meðferð fjárlagafrv., að hæstv. stjórn *er* þar í minni hluta?

Ef 15 af 28 þm. í hv. Nd. hefðu lýst ákveðið vantrausti á núv. ríkisstjórn, í stað þess að láta í ljós, að hún yrði að þolast sem bráðabirgðastjórn til næstu kosninga, verður maður að álíta, að hæstv. landsstjórn hefði tafarlaust farið frá völdum. Þá var hugsanleg sú leið, að mynduð yrði önnur stjórn, ef til vill ekki meirihlutastjórn, heldur millibilsstjórn, sem hefði þá að minsta kosti ekki leynt á sjer heimildum, eða því verið öðruvísi formlega fyrirkomið, að H. H. konungurinn hefði beðið núverandi stjórn að sitja nokkra mánuði enn, ef hentugra hefði þótt að skifta ekki um stjórn fyr en við næstu kosningar. Jeg skil ekki í hæstv. forsrh., sem var löglegur *eina* nótt og part úr degi, að vera að reyna að dylja þetta. Um leið og hv. Nd., stærri deildin, var búin að lýsa þessu yfir, hjer um bil sólarhring eftir að hæstv. forsrh. fjekk hið lengi þráða símskeyti frá konungi, var hans parlamentarisku hundadögum lokið.

Þá vil jeg víkja að sjálfri frumræðu hæstv. forsrh., þar sem hann mintist á fjárlögin og fjármálaástandið. Var auðheyrt, að hann áleit þá hækkun, sem hv. Nd. hefir gert á gjöldum fjárlagafrv., óviðeigandi og yrði að þurka hana út í meðferð þess í þessari hv. deild. Hann sagði að vísu ekki, að strika ætti út endilega þá liði, sem hv. Nd. hefir sett inn. En nærri liggur að ályktа svo, eftir aðstöðu stjórnarflokksins í hv. Nd. Það hefir komið fram í málgagni stjórnarinnar, sem hún á ítök í ásamt nokkrum útlendingum, að þessi hækkun á fjárlagafrv. sje óforsvaranleg og óskiljanleg og stafi frá ósanngjörnum undirtektum frá stjórnarandstæðingum. Það er því auðsjeð á málgagninu, að það eru sjerstaklega þessar verklegu framkvæmdir, sem meiri hl. hv. Nd. vill fá framgengt, sem eru hæstv. ráðh. þyrnir í augum og hann vill burt. En það er hægt að leiða rök að því, að þessar viðbótarframkvæmdir sjeu ekki rjettlausari en aðrar framkvæmdir, sem stjórnarfrv. gerði ráð fyrir. Það er ekki óeðlilegt, að meiri hluti hv. Nd. vilji hafa sína skoðun á því, hvað gera skuli, og hafi ekki álit á sparsemi þeirrar stjórnar, sem hefir undirbúið ýms eyðslulög, sem þetta málgagn er að hrósa. Nú finst mjer út af fyrir sig ekkert sjerstakt við það, og hæstv. forsrh. þyrfti síst að vera hissa á því, þó að útgjöldin sjeu reikningslega hækkuð um 300 þús. kr., þar sem vitanlegt er, að útreikningar og áætlanir þings eru ótryggar.

Hæstv. ráðh. ætti að minsta kosti að reka minni til, að þingið áætlaði einu sinni í hendur honum 8 milj. króna tekjur, sem urðu 16 milj., og 8 milj. kr. útgjöld, sem reyndust 3—4 milj. kr. hærri. Úr því að landsstjórnin hefir getað borgað út nokkrum milj. kr. hærra en fjárlögin áætla, þá finst mjer engin goðgá, þótt meiri hl. í hv. Nd. leyfi sjer að leggja til verklegar framkvæmdir í kjördæmum, sem hafa orðið útundan. Jeg skal síðar koma að því, að hvaða leyti jeg áliti það forsvaranlegt að auka vissar tegundir útgjalda. Ef svo reynist, að spara þurfi á árinu 1928 með því að kippa að sjer hendinni um verklegar framkvæmdir, tel jeg ekki rjett að fara þá leiðina að framkvæma alt af því, sem stjfrv. fer fram á, en ekkert af hinu, sem háttv. Nd. hefir bætt við, heldur sumt af hvorutveggja. Til þess að vekja eftirtekt hæstv. stjórnar á því, að ekki er nægilegt, þótt deildin færi að skera niður sitthvað smávegis, framlög til símalína, vegarspotta o. s. frv., þá vil jeg benda á, að það er ýms önnur eyðsla, sem hæstv. stjórn hefir viljað hafa í frammi utan við fjárlög.

Hæstv. atvrh. hefir látið hlaða upp sjóvarnargarð á Sauðárkróki fyrir nokkra tugi þúsunda. Jeg neita því alls ekki, að þetta sje þarft og nauðsynlegt mannvirki, þótt eitthvað hafi flotið út af því. En ef á að fara að skera niður framlög til framkvæmda, þá getur líka komið til mála að spara í kjördæmi hæstv. ráðh. (MG).

Jeg býst við, að hæstv. forsrh. sje ekki búinn að gleyma, að fyrir fám dögum var til meðferðar frv., sem fer fram á mikinn kostnað til þess að dýpka Vestmannaeyjahöfn. Enda þótt Vestmannaeyjar sjeu ekki kjördæmi míns samherja, var jeg því hlyntur, að þetta væri gert strax í sumar, ef fjárhagur leyfði. En er þessi tilmæli um 100 þús. kr. útgjöld komu fram, þá sagði hæstv. ráðh. ekkert við því, en við í fjhn. lækkuðum eins og nú er niður í 70 þús. kr.

Þá er enn verið að hugsa um annað íhaldskjördæmi, sem sje Akureyri. Þar á í sumar að leggja — með samþykki stjórnarinnar — í kostnað til umbóta á höfninni, sem er þó einhver hin besta á landinu. (**Forsrh. JÞ:** Það er lán). Já, en peningar úr landssjóði eru það samt sem áður. Svo er líka ráð fyrir gert, að landssjóður beri ábyrgð á því. Einmitt þessar tvær upphæðir til Vestmannaeyja og Akureyrar fylgjast að, og hæstv. stjórn hefir gengist fyrir því að fá hingað sjerstakt skip í sumar til þess að framkvæma verkið.

Jeg held líka, úr því að hæstv. stjórn hefir álitið þörf að veita í fjárlögum fyrir árið 1928 20 þús. kr. til þess að leggja veg um Vestmannaeyjar, þá geti hún ekki verið hissa á því, að heilt hjerað, nefnilega Dalasýsla, sem má heita vegalaust og hlýtur sökum legu sinnar að fara mikið til á mis við allar strandferðir, dirfist að fara fram á nokkurt fje til þess að bæta úr brýnustu þörf um samgöngur við næstu hjeruð. Allur stjórnarflokkurinn í hv. Nd. greiddi atkv. á móti minni upphæð til þess að tengja þetta hjerað við önnur heldur en hann ljet óátalið, að gengi til vegar í Vestmannaeyjum, sem jeg viðurkenni að vísu, að sje nauðsynlegur vegna ræktunar, vegna aukins hagræðis og

bættrar aðstöðu, sem hann skapar framkvæmdum á því sviði. En þrátt fyrir það er ómögulegt að bera þá nauðsyn saman við vegaþörf Dalasýslu. Hún er tilfinnanlegri en svo.

Þá hefir hæstv. stjórn álitið, að fjárhagurinn leyfði að gera töluvert af brúm í Skagafirði. Maður gæti ímyndað sjer, að hjeraðið legðist ekki í eyði, þótt það biði nokkur, segjum 2—3, ár eftir að fá 3. eða 4. brúna á Hjeraðsvötnin. En hæstv. stjórn mun þegar hafa ráðstafað fje í þá brú og mun vera að ráðgera aðra, sem verða mun einhver hin dýrasta brú, sem bygð hefir verið hjer, enda er hún í kjördæmi eins stuðningsmanna stjórnarinnar.

Þetta eru alt saman ágætar framkvæmdir og framfarir. Og jeg get ekki annað en glaðst yfir því, að brú komi á Hvítá og Hjeraðsvötn. En þegar hæstv. stjórn kemur og prjedikar sparnað, þá gengur hún framhjá þessu. Þegar hún leggur kjördæmum tveggja aðstandenda sinna ½ milj. kr. til brúagerða eftirtölulaust, þá er ekki von til, að önnur kjördæmi sitji þegjandi hjá og láti umtölulaust skerða eða jafnvel stöðva nauðsynlegar verklegar framkvæmdir hjá sjer.

Ennfremur vil jeg benda á það, að hæstv. landsstjórn hefir skapað sjer möguleika til þess að geta brúkað 200—300 þús. kr. í eitt hús hjer í Reykjavík, — jeg á þar við heimild til þess að koma upp heimavistum við mentaskólann —, ef eitthvað kynni einhvern tíma að verða afgangs í sjóði. En þótt jeg fari ekki út í það mál nú, — tækifæri mun gefast til þess síðar, — vil jeg þó benda á, að það er nú svo ástatt um þennan skóla, sem á að njóta þessa, að í neðri deild hans eða gagnfræðadeildina fara ekki aðrir unglingar en úr Reykjavík, svo heitið geti, en nálega engir nemendur utan af landi. Aldurstakmarkið er svo lágt, að fæsta foreldra mun fýsa að senda börn sín svo ung ein síns liðs að heiman til náms í Reykjavík. Og þeir, sem farnir eru að vinna fyrir sjer, en vilja sækja inn á mentabrautina, eru orðnir of gamlir til þess að ganga inn í deildina, en fá hinsvegar ekki að setjast í 2. eða 3. bekk.

Heimavistir eru því þarflausar fyrir helming skólans. En hinsvegar krefst helmingur þjóðarinnar, — og líklega meira en helmingur þjóðarinnar, — að Akureyrarskóli, sem er eins og nú hagar til miklu betur sniðinn við hæfi fullorðinna og þroskaðra námsmanna, fái rjett til þess að útskrifa stúdenta. Og þó að háttv. þm. Ak. (BL) sje því máli mótsnúinn og þannig í ósamræmi við vilja meginþorra stuðningsmanna sinna jafnt sem andstæðinga í kjördæmi sínu, verður það samt að teljast aðeins tímaspursmál, hvenær Akureyrarskóli tekur við þeim rjetti. En þá er um leið numin burt þörf hins helmings mentaskólans á heimavistum, því að Akureyrarskóli mundi að sjálfsögðu njóta áfram sinna þroskuðu námsmanna úr sveitunum. Það er því ekki sjáanlegt, að hæstv. stjórn geri þetta til annars en þess að koma þessum 2—300 þús. kr. fyrir í Reykjavík. Þar sem sýnilegt er, að heimavistirnar eru óþarfi, get jeg skilið þessa viðleitni hæstv. stjórnar á engan annan hátt en þann, að henni valdi löngun til þess að efla

þetta kjördæmi, með því að geta á árinu 1928 lagt því til atvinnu við bygging þessa húss.

En ekki nóg með það. Hæstv. stjórn hefir ekki látið sjer nægja þessa heimild fyrir árið 1928, heldur vill hún tryggja með lögum um samskóla Reykjavíkur að geta lagt fje til bygginga, sem eftir teikningu er á stærð við landsspítalann og nýja húsið á Kleppi.

Það verður ekki sjeð af þessu, að hæstv. ríkisstjórn sje í peningavandræðum eða sjái fram á nokkuð slíkt á næstunni. Jeg tek það sem gleðilegan vott þess. Ella mundi hún varla vera svo óðfús á eyðsluframkvæmdir, jafnframt því, sem hún er bundin um fjárframlög til landsspítalans. Hæstv. stjórn hefir sem sje gert þá samninga við landsspítalasjóðsnefndina, sem gera það að verkum, ef standa á við þá, að ríkissjóður þarf að leggja þeirri stofnun 900 þús. til 1 milj. kr. á næstu þremur árum. Þetta hefir stjórnin undirgengist. Það er ágætt að fá landsspítala. En frá sjónarmiði stjórnar-barlómsins skortir á samræmi milli orða og afreka.

Fjárveiting til hafnarbóta í Ólafsvík og til Stykkishólmsvegar siglir væntanlega upp hjer í deildinni fyrir atbeina stjórnarinnar. Það er ekki í samræmi við þá stefnu, sem stjórnin hefir látið í ljós að fylgja beri. Mjer ofbýður ekki, þó að varið sje nokkru á aðra miljón króna til nauðsynlegra, verklegra framkvæmda. Jeg býst við, að ef athugað væri embættabáknið, sem stjórnin gerir enga tilraun til að minka, mundu koma í ljós æði margir liðir óþarfari. Stjórnin og stuðningsmenn hennar hjer í deildinni feldu fyrir nokkru að leggja niður 18. þús. króna embætti, sem hv. Nd. var búin að samþ. að leggja niður. Stjórnin hefir líka borgað sendimanninum á Spáni alt að 40 þús. krónum, þó að henni sje kunnugt, að ræðismenn Norðmanna í Suðurlöndum hafa ekki nema tæpar 15 þús. krónur. Og þó hefir komið í ljós, að þessi sendimaður ferðast ekki um Pyreneaskagann, því að nú þarf aðra fjárveitingu til manns í Portugal.

Jeg skil þessar lítilfjörlegu kröfur, sem meiri hl. fjvn. í Nd. hefir gert um fjárframlög til hjeraða, sem ekki hafa notið velvildar stjórnarinnar, á þá leið, að hún búist við, að stöðva verði áður en langt líður megnið af verklegum framkvæmdum vegna örðugleika, sem gengishækkunin veldur. Ástandið er þannig nú, að ríkissjóður hefir fengið talsvert mikla peninga, en hinsvegar er gjaldþol þegnanna hörmulegt. Það væri ekki nema eðlilegt, að stjórnarandstæðingar segðu eitthvað á þessa leið: Við sjáum, hve útlitið er slæmt fyrir einstaklingunum, og okkur er ljóst, að fjárhagur ríkissjóðs hlýtur að fara versnandi á næstu árum. Nú hefir þingið skrúfað inn fje með ýmiskonar tollum, en jafnframt gert ráðstafanir til þess, að það fje rynni til kjördæma stjórnarinnar og hennar manna. Svo þegar hrunið kemur og skattar greiðast ekki vegna getuleysis gjaldþegna, þá er stjórnin búin að koma því svo laglega fyrir, að hennar menn í Vestmannaeyjum, í Reykjavík, Akureyri, Skagafirði o. s. frv. hafa nær því einir setið að framkvæmdum, meðan þær voru einhverjar.

Svona má hugsa sjer, að meiri hl.

fjvn. í Nd. hafi litið á hlutina og hugsað sem svo: Við vitum, hvað í vændum er, en við viljum bara fá ofurlítið í okkar kjördæmi, meðan eitthvað er að hafa. Þetta er ekki nema mannlegt og eðlilegt.

Nú á málari einn, sem er svo heppinn að vera ættaður úr kjördæmi annars ráðherrans, að fá lán með stuðningi Íhaldsflokksins til þess að byggja sjer vinnustofu. En um leið er felt að kaupa nokkur málverk eftir frægan málara, sem er svo óheppinn að vera fæddur í Árnessýslu og nýtur því ekki sömu velvildar og hinn, sem fæddur er í Skagafirði. Jeg veit ekki, hvað meiri hl. þessarar hv. deildar gerir við fjárlögin. Það getur vel verið, að hann hreinsi svo til, að ekkert verði gert nema fyrir þessi íhaldskjördæmi, Vestmannaeyjar, Reykjavík, Akureyri, Skagafjörð o. s. frv. En jeg hefi þó gert ljóst, hvaða prinsíp hlýtur að vaka fyrir stjórninni, ef hún hefir nóga peninga handa sínum kjördæmum, en enga handa öðrum.

Af þeim fjárveitingum, sem blað útlendinganna og stjórnarinnar hefir mest gagnrýnt, skal jeg minnast á fjórar. Suður-Múlasýsla á að fá 9000 kr. til að leggja vegarpart, sem er alveg bráðnauðsynlegur fyrir alt hjeraðið. Móti þessari fjárveitingu greiddu liðsmenn stjórnarinnar í Nd. atkvæði, eins og það væri einhver dauðasynd, að Suður-Múlasýsla, það hjerað, sem gefur ríkissjóði einna mestar tekjur, fengi þennan vegarspotta. Jeg hefi minst á Dalasýsluveginn. Svo þótti, sem öllu væri verið að sökkva, þegar sú fjárveiting var samþykt. En þeir, sem lögðust þar mest á móti, gátu í sömu svifum samþ. byggingu tveggja stórhýsa í Reykjavík. Þá sáu þeir ekki peningaleysið yfirvofandi. En sú eyðsla, sem stjórninni hefir víst gengið næst hjarta, var fjárveitingin til símalagningar fram í Vatnsdalinn. Þetta er einhver blómlegasta bygð landsins, en hefir til þessa verið símalaus, þó að sími hafi verið lagður í minstu útróðravíkur. Kálfshamarsvík fjekk síma, en Vatnsdalur mátti ekki fá hann. Svo mikil var grimd stjórnarinnar, að einn af helstu stuðningsmönnum hennar, sem er búsettur þarna nálægt, varð að greiða atkvæði á móti þessari fjárveitingu, þó að hann annars veitti örugt fylgi öllum eyðsluráðstöfunum stjórnarinnar.

Í hv. Nd. var sett inn 11 þús. króna fjárveiting til húsmæðrafræðslu í Þingeyjarsýslu gegn $^3/_5$, sem lagðir skyldu fram af hjeraðsbúum sjálfum. Þetta gátu stuðningsmenn stjórnarinnar ekki felt sig við, en komu með till. um að byrja á öðrum skóla, sem byggja á fyrir íhaldskonur á Akureyri; vildu sem sje spara þessar 11 þús. kr., með því að leggja 35 þús. kr. til hins skólans, sem allar ráðagerðir um eru í lausu lofti.

Jeg hefi nú dregið fram nokkur dæmi til þess að sýna afstöðu stjórnarinnar, sem hlýtur að vita, að kreppa muni vera í nánd, hvernig hún beitir ítrustu hlutdrægni til þess að veita síðustu aurunum í íhaldskjördæmin, en neitar hinum um hinar lítilfjörlegustu upphæðir.

Þá vil jeg beina fáeinum fyrirspurnum til hæstv. stjórnar og einkum til hæstv. atvrh.

Fyrst vil jeg þá spyrja um það, hvaða framkvæmdir hafi verið gerðar um það að mæla siglingaleiðir á

Breiðafirði og við Strandir. Það var vakið máls á þessu hjer í deildinni á síðasta þingi, og hæstv. atvrh. tók þá liðlega í málið. Af þessu tvennu álít jeg enn nauðsynlegra að mæla Breiðafjörð. Þar hefir nýlega fengist áþreifanleg sönnun fyrir því, hvað það kostar að hafa hann ómældan. Annars rekur það mest eftir að gera verður Barðstrendingum kleift að nota strandferðir. Meðan sú sýsla hefir ekki gott samband við aðra landshluta, er óhugsandi, að landbúnaður geti þar borið sig. Að þessar mælingar hafa ekki verið teknar upp bendir á, að stjórnin vilji gjarnan tefja fyrir, að Barðstrendingum sje hjálpað.

Þá vil jeg næst spyrja hæstv. forsrh., hvaða vonir megi gera sjer um, að sú ekki ódýra aðgerð, sem hann ljet fram fara á húsi því, er hann nú býr í, geti orðið til þess að nota megi húsið til að taka á móti tignum gestum. Jeg gæti hugsað mjer, að ráðherrabústaðurinn yrði framvegis notaður sem risnustaður í þarfir landsins og þá einkum til þess að taka á móti hans hátign konunginum. Það mun ekki vera siður í nágrannalöndunum, að ríkið leggi forsætisráðherra til bústað, og þá ekki heldur ætlast til, að risna fyrir landsins hönd fari fram í hans híbýlum. Mjer dettur í hug, að þetta hús gæti orðið að meira gagni í framtíðinni, ef það væri notað á þennan hátt, og þá sjerstaklega með tilliti til konungsmóttöku.

Þá vil jeg ennfremur spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki sje búist við reikningi á ríkissjóð vegna aðgerðar á húsi fyrv. forsrh. (JM), sem gerð var vegna risnu. Jeg hefi ekki sjeð slíkan reikning í fjáraukalögum, en býst við, að Íhaldsmenn muni ætlast til, að erfingjarnir fái þennan kostnað endurgreiddan.

Þá vil jeg spyrja hæstv. atvrh., hvort hann ætli ekki að leigja strandferðaskip eins og í fyrra. Það mun hafa verið álitið bráðabirgðaúrræði, þar til bygt yrði skip. Jeg skal játa, að nokkuð bar á óánægju yfir því, hve skipið væri ófullkomið. En þetta átti aðeins að vera tilraun. Það var gengið svo frá strandferðamálinu í hv. Nd. í fyrra, að meiri hluti deildarinnar skoraði á stjórnina að nota eldri heimild til að láta byggja strandferðaskip. En það hefir ekki verið gert og hefði þó verið ólíkt þarfara en að byggja heimavist við mentaskólann. Jeg vildi heyra viðhorf hæstv. ráðherra gagnvart þessu máli, hvort honum er ekki ljós þörf smáhafnanna á bættum samgöngum.

Þá óska jeg ennfremur eftir upplýsingum viðvíkjandi fyrirhleðslunni fyrir Þverá. Þegar veitt var fje í fyrra til þess fyrirtækis, þótti sumum leikmönnum það fávíslegt athæfi. Nú væri gott að fá að vita, hvort það var stjórnin sjálf eða vegamálastjóri, sem lagði þessi ráð á, hve miklu fje var eytt og með hvaða árangri. Í umræðunum í fyrra var óskað eftir, að rannsakað yrði sem fyrst, hvernig tiltækilegast væri að halda Þverá í skefjum, og lofaði stjórnin að láta slíka rannsókn fara fram. Nú hefir komið tillaga um að reyna að hemja Þverá með því að nota mokstursvjel til þess að dýpka Markarfljót. Það væri gott að heyra, hvort stjórnin er þessu ráði meðmælt eða ætlar sjer að halda ánni í skefjum með görðum.

Jeg held, að hæstv. ráðh. hafi mis-

skilið spurningu mína um ellitryggingarnar. Jeg vildi vita, hvað dr. Ólafur Daníelsson hefir gert í þessu máli, og þar sem jeg vænti þess, að hann hafi a. m. k. gefið einhverjar bráðabirgðaupplýsingar, væri æskilegt, að þær væru látnar þinginu í tje. Þetta er mál, sem miklu varðar, og nauðsynlegt að fá innlent fje, svo að hægt sje að byggja landið án þess að sökkva því jafnframt í erlent skuldafen.

Þá flutti jeg í fyrra þál. um rannsókn vega- og brúastæða í Vopnafirði, Þistilfirði, Axarfirði og vesturhluta Suður-Þingeyjarsýslu. Vegamálastjóri mun hafa framkvæmt einhverjar rannsóknir á þessu ári, og óska jeg, að stjórnin gefi ítarlega skýrslu um árangurinn.

Þá mun hæstv. atvrh. minnast þess, að hjer kom fram till. í fyrra um að kaupa snjóbíl. Jeg bar fram till. um 10 þús. kr. fjárframlag til þess að kaupa snjóbíl, sem flyti yfir snjó og vegleysur. Þetta breyttist í meðferðinni, því að hæstv. atvrh. vildi fá heimild til að kaupa mokstursbíl, og niðurstaðan varð sú, að sá bíll var keyptur, en ekki sá, sem jeg ætlaðist til. Nú óska jeg að fá skýrslu hæstv. ráðherra um það, hvað þessi bíll kostaði, hvar hann er keyptur, hvort það sje rjett, sem mælt er, að hann sje gamall, hvernig hann hefir reynst í vetur og hvort það sje rjett, að hann sje bæði lítilvirkur og seinfær og komist jafnvel síður leiðar sinnar en aðrir bílar. Ennfremur hvort það sje rjett, að 20—30 manns hafi stundum orðið að moka frá þessum mokstursbíl stjórnarinnar, til þess að hann kæmist leiðar sinnar.

Að vísu vil jeg ekki áfella stjórnina, þó að hún hafi verið svo óheppin, að hennar bíll hafi gefist illa. Það gat farið svo um minn bíl, að hann ekki svaraði til þeirra vona, sem jeg hafði gert mjer um hann. En jeg vil fá nánari vitneskju um það frá hæstv. stjórn, sem mun hafa varið 40 þús. kr. í sinn bíl, hvers vegna hún gat ekki hugsað sjer að kaupa margfalt ódýrari bíl, jafnvel þó að væri upp á von og óvon, bíl, sem hafði þann stóra kost að geta farið yfir snjó, þar sem hinir komust ekki. Slíkir bílar eru nú notaðir til póstflutninga í Sviss. Jeg get ekki fullyrt, hvort þeir mundu reynast að fullu gagni hjer, en jeg skal endurtaka, að þeir hafa verið notaðir með mjög góðum árangri um fjallvegi suður í álfu. Hæstv. stjórn kynni nú að svara, að vegamálastjóri hafi ekki haft trú á þessum bílum, heldur hinum. En jeg vil benda hæstv. stjórn á það, að þegar yfirlýstur vilji þingsins liggur fyrir, getur hún ekki svo mjög farið eftir tillögum vegamálastjóra, þar sem hann hefir ekki reynst óskeikulli en raun hefir á orðið, bæði um fyrirhleðsluna í Þverá og snjóbíl stjórnarinnar, svo að fleira sje ekki talið.

Jeg get trúað hæstv. atvrh. fyrir því, að nokkrir stuðningsmenn hans á Suðurlandi hafa viljað láta mig gjalda aðgerða hæstv. stjórnar í þessu máli. Þar hefir verið blandað saman tveim bílum, en jeg hinsvegar varð fyrstur manna til að hreyfa þessu máli, og þegar svo vill til, að áhald hæstv. stjórnar hefir gefist hörmulega og áunnið sjer litla virðingu bænda austanfjalls, er sagt, að þetta sje minn bíll. Jeg get þessa aðeins vegna þess, að jeg vil láta rjetta aðilja svara

til sakar. Ef hæstv. atvrh. er því ekki kunnugur, get jeg sagt honum, að það, sem bændur fundu bílnum mest til foráttu, var ekki einungis það, að hann annaði ekki því, sem hann ætti að gera, heldur tækist honum að gera veginn ófæran öðrum ökutækjum, t. d. kerrum. Þegar skafrenningur kom, skóf úr sköflunum, sem mokað hafði verið upp báðumegin við veginn, og svo fylti hann.

Jeg met þá viðleitni hæstv. stjórnar, sem verður að halda áfram, að reyna að finna ökutæki fyrir okkar heiðavegi, en um leið verð jeg að láta í ljós hrygð mína yfir því, að hún skuli ekki hafa notið betri aðstoðar frá ráðunautum sínum en raun hefir á orðið.

Jeg ætla að víkja nokkrum orðum til hæstv. stjórnar út af ráðstöfunum hennar til varnar gin- og klaufasýki. Þær hafa verið í ófullkomnasta lagi og borið vott um mikið tómlæti hæstv. stjórnar um hag aðalatvinnuvegar þjóðarinnar. Það er skemst frá því að segja, að þegar gin- og klaufasýkin geysaði í Noregi í vetur og þar voru gerðar miklar og nákvæmar ráðstafanir til þess að hindra útbreiðslu hennar, sem reyndar tókst, fór mörgum hjer að standa stuggur af því, að veikin gæti borist hingað, annaðhvort frá Danmörku eða ekki síður með heyi frá Noregi. Að þessu var talsvert vikið í einu af stjórnarandstæðingablöðunum hjer framan af vetri og mælst til þess, að stjórnin gæfi út reglur eða setti jafnvel bráðabirgðalög, en hæstv. stjórn gerði ekkert af þessu. Það heyrðist líka í málgagni, sem styður stjórnina og er eign útlendra „spekúlanta", að slíkt væri hin mesta heimska. Jeg geri ráð fyrir, að þar sem þetta blað birtir ræður hæstv. ráðherra og sýnist yfirleitt vera þeirra málpípa, þá hefði verið innan handar fyrir hæstv. ráðh. að stöðva þá gagnrýni, sem þar kom fram, ef þeir hefðu viljað. Að lokum neyddist þó hæstv. stjórn til þess að setja nokkra rögg á sig og gera ýmsar ráðstafanir, en þó ekkert líkt því, sem gert var í útlöndum. Í Noregi voru meira að segja menn, sem komu hjeðan, hvað þá heldur frá Danmörku, kyrsettir og látnir ganga í gegnum sóttvarnir. En hingað er mjer sagt, að hafi komið menn úr fjósi í Danmörku og farið hindrunarlaust upp í sveitir, og það er á almanna vitorði, að þeir fóru að vinna hjer aftur, án þess að hæstv. stjórn skifti sjer hið minsta af því. Í öðru lagi get jeg tekið það fram til þess að sýna, hversu kákkendar og lítilfjörlegar þessar ráðstafanir voru, að það var gert að skyldu sjerhverjum búðareiganda, sem fjekk hálm í umbúðum, að láta brenna hann á vissum stað hjer. En hvernig var þessu framfylgt? Einu sinni sá jeg smádreng, sem var að fara með hálm, og hann spurði, hvar ætti að brenna hann. Hálmurinn var brendur rjett fyrir neðan tún ritstjóra „Tímans", sem hefir kúabú, svo að það var rjett eins og ætlast væri til, að veikin kæmi fyrst upp í kúnum í Laufási. (**Atvrh. MG** hlær). Hæstv. ráðh. hlær, en hitt er full alvara, að hjer er svo mikið í húfi, að það rjettlætir, að hæstv. stjórn hefði gert strangar kröfur um eftirlit. Þetta aðgerðaleysi hæstv. stjórnar getur ekki skilist öðruvísi en svo, að henni hafi

ekki legið þungt á hjarta, hvað yrði um landbúnaðinn. (**Atvrh. MG:** Er þetta líka spaug?). Hæstv. ráðherra getur leikið sjer að eldinum, þangað til gómarnir sviðna, ef hann vill. En það er ekki spaug, að hæstv. stjórn hefir sýnt óafsakanlega ljettúð í þessu máli.

Þá kem jeg að varðskipinu „Óðni". Það, sem hefir gerst, er það, að hæstv. stjórn hefir eftir fyrirmælum þingsins ráðist í að láta byggja nýtt skip — í Danmörku. En þó að undarlegt megi virðast, ljetu Danir sjálfir á sama tíma byggja sín skip bæði í Svíþjóð og Þýskalandi, af því að það var ódýrara en í Danmörku. En hæstv. stjórn leit svo á, að þó að það væri of dýrt fyrir Dani sjálfa að byggja heima hjá sjer, væri ekki of dýrt fyrir okkur að byggja í Danmörku. Skipið kemur heim, og menn eru mjög glaðir, einkum þeir, sem eru stríðsmenn miklir, því að skipið líktist herskipi. En nú fór að ganga miður, og þó að það næði síst til yfirmannanna, sem eru á 12 þús. króna launum, er fullyrt, að mikla karlmensku hafi þurft til að vera á skipinu, og loks lagðist það á hliðina í hafnarmynninu á Siglufirði, sem er einhver besta höfn landsins. Það rjetti þó við aftur, án þess að slys hefði að orðið, og nú uppgötvuðu menn, að þyngdarpunktur skipsins var ekki niðri í sjó, heldur fyrir ofan sjó, eftir því sem „Morgunblaðið" sagði.

Sagan er ekki hjer með búin, heldur er „Óðni" nú í miklum flýti sveiflað úr strandvörnunum, þegar mest lá á, og hann sendur til Kaupmannahafnar áður en sjór fór að versna. Það þótti mikil karlmenska að fara þannig að, í stað þess að binda „Óðin" aftan í eitthvert millilandaskipið. Hann komst samt klaklaust til Kaupmannahafnar, og var afráðið að gera á honum allmiklar breytingar, sem kostuðu nokkurt fje. Önnur spjöll verri voru þau, að skipið var marga mánuði að heiman, og á meðan gerðust þau Fróðárundur, sem kunn eru og háttv. þm. Snæf. (HSteins) hefir manna best skýrt frá. Um það var talað í stjórnarblöðunum, að það væri hin mesta snild að láta skipið vera svona, til þess að hægt væri að gera við það seinna, og menn skildu það svo, að lögbrjótunum hjerna í landhelginni hefði þótt vissara að hafa skipið í Flydedokken á þessum tíma. En þetta væri nú sök sjer, ef ekki væri öðru verra til að dreifa, sem sje því, að hæstv. stjórn virðist hafa farið svo gálauslega að, að von var að illa tækist. Jeg hefi áður minst á þetta, og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir, að því er virðist, gefið óviljandi ranga skýrslu. Jeg hefi minst á, að undarlegt sje, að hæstv. stjórn skyldi ekki hafa haft sjer við hönd þann mann, sem best hefir reynst á þessu sviði, Nielsen framkvæmdarstjóra. Jeg man ekki betur en að hæstv. ráðh. segði, að Nielsen hefði verið með í ráðum. Jeg hefi í dag spurt hann að því, og hann sagði mjer, að hann hefði hvergi komið nærri framkvæmdum í „Óðins"-málinu fyr en í Kaupmannahöfn í haust, að hæstv. atvrh. spurði hann um álit hans, og hann ljet í ljós, að hann teldi nauðsynlegt að lengja skipið. Jeg tel því sannað, að hæstv. stjórn hafi farið aðra leið en fyrverandi stjórn fór, þegar „Esja" var smíðuð.

þá var farið eftir tillögum Nielsens, enda reyndist, þrátt fyrir hrakspár hæstv. fjrh., það skip vel fært til að standast sjóana hjer við land. Það er mjög ámælisvert af hæstv. stjórn að leyfa sjer að hafa sjálfstæða skoðun um, hvernig svona skip eigi að byggja. Þegar menn, sem ekki hafa vit á þessum málum, eins og hæstv. ráðherrar, eru að braska í þessu sjálfir, er von að illa fari. Hæstv. stjórn hefir álitið rjettara að leita til flotamálastjórnarinnar í Danmörku. Það mun vera rjett, að þegar hæstv. ráðh. gekk frá samningum um þetta skip, hafi hann borið það undir menn úr danska sjóhernum, hvort skipið væri sæmilegt, og nú getur hann náttúrlega borið það fyrir sig, að þeir hafi sagt svo vera. Enda býst jeg við, að skipið hefði getað flotið í sundunum milli dönsku eyjanna, og því ekki óeðlilegt, að það yrði talið sæmilegt af mönnum, sem aðeins þekkja danska sjóganginn. Í þessu liggur alveg frámunalegt ráðleysi hjá hæstv. stjórn, að tala ekki við Nielsen. Mistökin er engum hægt að kenna, nema hæstv. stjórn og hennar ráðunautum.

Það, að „Óðinn" er betri nú, er ekkert tiltökumál, en jeg held því fram, að öll þessi rekistefna hafi verið óþörf hneysa fyrir landið og óverjandi með öllu að leita til útlendra sjerfræðinga, sem voru ókunnir staðháttum hjer, þegar við eigum ágætismanni í þessari grein á að skipa. Það er ofdramb hjá hæstv. stjórn að vilja sýna, að hún hafi vit á hermálum líka. Landhelgisgæsla var hjer fyrir bragðið í megnasta ólagi alla þá mánuði, sem fóru í viðgerðina.

Þá hefi jeg ekki meira að segja að sinni. Hæstv. stjórn hefir nú fengið tækifæri til að skýra frá nokkrum málum, sem hún að vísu ótilneydd hefði átt að skýra frá.

Ingvar Pálmason: Hjer hefir verið tekinn upp sá siður í efri deild, sem ekki hefir tíðkast áður, sem sje að halda eldhúsdag yfir stjórninni. Jeg ætla ekki að fara að blanda mjer í þær umræður, sem þegar hafa orðið, heldur aðeins að bera upp vankvæði hjeraðs míns, í von um að fá það upplýst, hvernig þau verði leyst. Á síðasta þingi lofaði þáverandi forsrh. (JM), að strandvarnir skyldu leystar af hendi við Austurland á tímabilunum frá 15. maí til júníloka og frá 15. sept. til 20. okt. Við þetta var ekki staðið að öllu leyti, því að strandvarnirnar byrjuðu þar ekki fyr en síðast í maí. Að þær gætu ekki byrjað fyr en þetta, var mjer kunnugt um áður en jeg fór austur í fyrra vor, því að skip það, sem fara átti, varð að leggjast upp og hreinsast. Þetta tilkynti þáverandi forsrh. mjer, svo að um það var ekki hægt að sakast. — Annaðist „Þór" svo gæsluna yfir júnímánuð. En þegar svo kom að síðara tímabilinu, komu vanefndirnar. Má vel vera, að þær hafi stafað af óviðráðanlegum orsökum, en um það er mjer ekki kunnugt.

Út af þessu vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort við Austfirðingar megum ekki vænta þess, að lík landhelgisgæsla verði framkvæmd fyrir Austfjörðum í sumar og lofað var í fyrra.

Það hefir verið viðurkent á undanförnum þingum, bæði af fyrverandi forsrh. og sjútvn., að landhelgisgæsl-

an fyrir Austurlandi hafi verið vanrækt. Treysti jeg því fastlega, að úr þeirri vanrækslu verði bætt nú. En úr því að svona hefir farið að undanförnu, þótti mjer tryggara að slá varnaglann og spyrja, hvers við Austfirðingar mættum vænta í þessu strandvarnarmáli, og vildi því óska, að hæstv. stjórn gæfi sem skýrust svör þessu viðvíkjandi, til þess að við gætum fengið það skjalfest, hvers við mættum vænta í þessu efni.

Jóhann Jósefsson: Við umræður um annað mál hjer í deildinni komst hv. 1. landsk. (JJ) inn á þetta sama og nú, vansmíðið á varðskipinu „Óðni". Vill hann koma þeirri sök yfir á hendur hæstv. stjórnar og jafnvel á einstaklinga í landinu. Á sökin aðallega að vera fólgin í því, að stjórnin hafi ekki í þessu máli leitað aðstoðar hjá framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og af þeirri stóru vangá hafi þessi mistök orðið á smíði skipsins. Þá dró hann og í efa, að heppilegt hefði verið að fela Flydedokken þessa smíði. Um það skal jeg ekkert fullyrða, þótt jeg hinsvegar geti látið í ljós, að jeg er ekki viss um, að það hefði verið á nokkurn hátt verra að taka tilboðum frá öðrum skipasmíðastöðvum.

Jeg held nú, að framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins sje enginn greiði ger með því að vera altaf að klifa á, að mistökin á smíði skipsins hafi stafað af því, að hans aðstoðar hafi ekki verið leitað, því að sannanlegt er, að framkvæmdarstjórinn hafði afskifti af máli þessu alt frá þeim tíma, er fyrverandi forsrh. (JM) tilkynti sjútvn. þingsins á þinginu 1925, að stjórnin hefði í hyggju að kaupa eða byggja strandvarnarskip, og með leyfi hæstv. forseta vil jeg, sannleikans vegna, lesa upp kafla úr fundargerð sjútvn. þingsins frá þeim tíma, til þess að sýna, að E. Nielsen var við málið riðinn. Fundargerðin hljóðar þannig:

„Ár 1925, þriðjudaginn 3. mars hjeldu sjávarútvegsnefndir beggja deilda sameiginlegan fund.

Formaður sjútvn. Ed. tilkynti, að forsætisráðherra hefði hinn 28. febr. kallað nefndirnar saman á fund og tilkynt þeim, að stjórnin hefði í hyggju að kaupa strandvarnarskip, en með því að ekki væri nægileg heimild til í lögum fyrir stjórnina til þessara framkvæmda, hefði hann í hyggju að leggja frumv. fyrir þingið um heimild fyrir stjórnina til að kaupa nú strandvarnarskip. Samtímis hefði ráðherrann afhent nefndunum þau skjöl, er hjer greinir:

1. Brjef til ráðherrans frá Dir. E. Nielsen, dags. 28. febr. þ. á., um verð skips 160 feta með 13 mílna hraða.
2. Brjef til ráðuneytisins frá h/f. Víði í Hafnarfirði, dags. 26. febr., þar sem fjelagið býður stjórninni skipið „Víði" til kaups á 150 þúsund ..."

Af þessu er það ljóst, að það er fjarri sanni, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hafi ekki komið nærri þessu máli, þar sem hið fyrsta plagg, sem sjútvn. fá í hendur því viðvíkjandi, er einmitt frá honum.

Auk þess get jeg bætt því við, að mjer var kunnugt um, að allar teikningar og útboð viðvíkjandi hinu fyrirhugaða skipi gengu í gegnum Eim-

skipafjelagið þann tíma, sem þá var eftir þingsins.

Jeg þykist nú hafa lagt fram sannanir fyrir því, að þessi ásökun hv. 1. landsk. (JJ) á hendur hæstv. stjórnar er ekki rjett.

Hitt læt jeg ósagt um, hvort E. Nielsen hefði gert nokkuð til þess að bægja Flydedokken frá að ná samningum um byggingu þessa skips, enda þótt honum hefði verið falið að gera þá. Annars minnist jeg þess ekki, að fram kæmi nein aðvörun, hvorki frá þingmönnum nje öðrum, um að forðast Flydedokken frekar en aðrar skipasmíðastöðvar, við undirbúning þessa máls.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í umræðum sínum um stjórnina blandaði háttv. 1. landsk. (JJ) saman þingræðisstjórn og meirihlutastjórn. Þetta er ekki rjett. Þingræðisstjórn er hver stjórn svo lengi sem flokkar þingsins óska ekki eftir stjórnarskiftum, hvort sem flokkur stjórnarinnar er þar í meiri hluta eða ekki. Þetta er þungamiðja þingræðisins. Og það getur komið sjer vel fyrir háttv. 1. landsk. síðar að taka vel eftir þessu, hver munur er á meirihlutastjórn og þingræðisstjórn.

Hitt er annað mál, hve lengi stjórnin getur starfað, ef hún hefir ekki meiri hluta bak við sig í báðum deildum, en það miðast við gang málanna í hvorri deildinni fyrir sig. Þannig get jeg kannast við, að meðferð fjárlagafrv. í Nd. ber þess merki, að stjórnin hefir ekki meiri hluta þar. Og nú er eftir að vita, hvort grípa þarf til þeirra ráðstafana, sem gera þarf stundum, þegar stjórn og þingmeirihluti geta ekki komið sjer saman.

Þá var það í fyrsta skifti, sem jeg hefi fengið skýringu á þeim orðum í brtt. Framsóknarflokksins við vantrauststillöguna í Nd. „starfandi til bráðabirgða“. Háttv. 1. landsk. taldi þau eiga að merkja hið sama sem á dönsku er kallað „fungerende Ministerium“. En þetta er ekki rjett. Það táknar ávalt stjórn, sem búin er að beiðast lausnar, en samkv. beiðni konungs eða ríkisforseta gegnir stjórnarstörfum, þangað til ný stjórn hefir verið mynduð. Um þetta er ekki hjer að ræða. Stjórnin hefir ekki beiðst lausnar og er því ekki það, sem kallað hefir verið á hrognamáli „fungerandi“ stjórn. Sá eini skilningur, sem hægt er því að leggja í þetta, er, að stjórnarandstæðingar sjeu af sinni hálfu að boða skammlífi núverandi stjórnar.

Þá kem jeg að því, sem háttv. 1. landsk. sagði um fjárlagafrv., og skal jeg fara þar fljótt yfir sögu. Hann var þar að gera mjer upp orðin og sagði, að jeg hefði farið fram á, að alt væri strikað út úr þeim, sem hv. neðri deild hefði sett inn. Þetta sagði jeg alls ekki, enda hefir það aldrei verið ætlun mín, og því til staðfestingar skal jeg taka það fram, að jeg tel öldungis óhjákvæmilegt að láta sumt af því standa óhreyft, sem neðri deild setti inn.

Það, sem jeg átti við, var það, að það yrði að færa niður sumt af því, sem ætlað væri til verklegra framkvæmda, og það alveg án tillits til þess, hvort það væri borið fram af stjórnarandstæðingum eða stuðningsmönnum stjórnarinnar.

Þá vil jeg ekki láta það standa ómótmælt, sem þessi háttv. þm. sagði, að stjórnin hefði gert samningana við

stjórn landsspítalasjóðsins á bak við þingið. Þetta er ófyrirgefanlegt minnisleysi hjá sagnfræðingi, því að sagnfræðing telur þessi háttv. þm. sig vera, að minsta kosti þegar hann er að skrifa sumar kenslubækurnar sínar. Í athugasemd við fjárveitinguna til landsspítalans í fjárlögunum fyrir 1926 stendur: „Samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands". Samningur þessi var því gerður með fullu samþykki þingsins. Jeg held nú, að þetta nægi til þess að sýna fram á, að það eru alt staðlausir stafir, sem þessi hv. þm. fer með, þegar hann er að tala um, að farið hafi verið á bak við þingið með þessa samningagerð.

Þá gerði hann svona almenna grein fyrir því, að mest alt það fje, sem varið væri til verklegra framkvæmda, gengi til þeirra kjördæma, sem styddu Íhaldsflokkinn, og þótti það ekki nema eins og molar, sem hryndu af borði hins ríka manns til hins fátæka, sem önnur kjördæmi fengju, eins og t. d. það, sem samþykt var í hv. neðri deild handa þeim flokkum, sem ekki styðja stjórnina. Hann taldi Reykjavík íhaldskjördæmi, þó að það sje nú ekki nema að hálfu leyti rjett. Vitanlega mintist hann ekkert á það, sem Framsóknarkjördæmin fengju, eins og t. d. til Vaðlaheiðarvegarins, Laugaskólans o. fl. Nefni jeg þetta ekki af því, að jeg ætli að fara út í meting um þessa hluti, heldur aðeins til þess að minna þennan háttv. þm. á, að til eru þó upphæðir, og þær ekki sem óverulegastar, sem renna til annara kjördæma en Íhaldsmanna.

Annars vil jeg minna þennan háttv. þm., sem er svo alkunnur að því að síma alla mögulega hluti út um land, á að gleyma því nú ekki fyrir kosningarnar að tilkynna sem flestum, að alt, sem til verklegra framkvæmda sje varið úr ríkissjóði, gangi til þeirra kjördæma, sem styðji Íhaldsflokkinn.

Af öllum þeim spurningum, sem hv. 1. landsk. beindi til stjórnarinnar, voru ekki nema tvær, sem snertu mig eða minn verkahring.

Hann mintist á aðgerðina á ráðherrabústaðnum og spurði, hvort húsið væri nú svo úr garði gert, að konungurinn gæti búið þar, ef hann kæmi hingað. Hvað viðgerð hússins snertir, þá álít jeg hana nægilega til þess. En jeg vil ekki fara út í bollaleggingar um það, hvort það sje framkvæmanlegt eða viðeigandi, meðan hús þetta er notað sem embættisbústaður, að ráðherra flytji sig úr því, þegar konungurinn kemur til landsins. Hitt er annað mál, hvort nota skuli húsið eingöngu fyrir risnu. Um það má tala, en jeg sje ekki, að það hafi þýðingu að vera að því nú, meðan ekkert liggur að öðru leyti fyrir um það að breyta risnuhaldi þings og stjórnar. En þess þyrfti að sjálfsögðu, ef nota ætti hús þetta eingöngu í því skyni.

Þá spurðist háttv. þm. fyrir um kostnaðinn við aðgerð á húsi Jóns sál. Magnússonar síðastliðið vor. Hann kvaðst ekki hafa sjeð í fjáraukalögum fjárveitingu í þessu skyni. Það var nú svo síðastliðið vor, að Jón sál. Magnússon gerði landinu þann mikla greiða að flytja úr húsi sínu og lána konungi og fylgdarliði hans það til íbúðar, meðan það dvaldi hjer. Leysti hann þar með fram úr máli, sem annars hefði getað orðið talsvert vandamál. Hann ætlaði sjer ekki að setja

neitt upp fyrir þetta, en varð þó sjálfur af leigu, því að hann leigði nokkuð af húsinu út, en sá leigjandi varð að flytja í burtu um nokkuð langan tíma vegna viðgerðarinnar og svo meðan að hans hátign konungurinn bjó þar. Jeg hygg, að það hafi verið ætlun hins látna forsætisráðherra að bera sjálfur kostnaðinn að miklu leyti við þá aðgerð og fágun innan húss, sem honum þótti nauðsynlegt að láta fram fara áður en hinn tigni gestur flyttist í húsið, þó að það annars hefði verið alveg sjálfsagt, að ríkið borgaði þann kostnað að einhverju dálitlu leyti, en svo ljest hæstv. forsrh. (JM) áður en búið var á nokkurn hátt að ganga frá greiðslu þessa kostnaðar, og okkur, ráðherrunum sem eftir sátum, þótti það yfir höfuð ekki sanngjarnt, að ekkja hans eða dánarbú bæri þá verulegan kostnað af þeirri aðhlynningu að húsinu, sem sannanlega og sjáanlega hafði verið gerð vegna dvalar hans hátignar þar, þannig að megnið af aðgerðarkostnaðinum var borgað úr ríkissjóði, og hefir það verið talið með öðrum kostnaði við konungskomuna, sem greitt hefir verið af óvissum gjöldum ársins 1926, samkvæmt 19. gr. fjárlaganna fyrir það ár. Er kostnaður þessi innifalinn í þeim útgjöldum samkv. 19. gr., sem jeg gaf skýrslu um ásamt öðrum útgjöldum ríkissjóðs í þingbyrjun í hv. Nd.

Jeg ætla svo aðeins að enda þessi ummæli mín með þeirri almennu athugasemd, að þó að stjórnin vilji fara fram á það við þingið, að það sje afgreitt og ákveðið, hvort heimavistahús eigi að byggja við lærða skólann eða ekki, og þó að hún vilji fá það afgreitt, hvort þingið vilji ganga inn á þá leið í mentamálum höfuðstaðarins og landsins, sem bent er til með samskólafrv., og þó að það kunni að vera margt annað, sem þarf að koma til athugunar og ákvörðunar þingsins og hefir í för með sjer útgjöld í framtíðinni, þá er alt þetta engan veginn til þess að draga úr nauðsyninni á því að gera fjárlögin sæmilega úr garði; tekjuhalli á fjárlögunum verður ekki minna tilfinnanlegur eða síður afleiðingaríkur fyrir það, þó að menn hafi fyrirætlanir um framhald á verklegum framkvæmdum á ýmsum sviðum, heldur einmitt þvert á móti, vegna þess að það er í þessu svo að segja nýnumda landi ekki hægt að sjá fram úr öllum þeim framkvæmdum, sem fyrir liggja. Einmitt þess vegna er nauðsynlegt að sýna nægilega gætni í afgreiðslu fjárlaganna, til þess að það þurfi sem sjaldnast og helst aldrei að koma fyrir, að um lengri eða skemri tíma þurfi að stöðva þessar verklegu framkvæmdir, til þess að rjetta við halla, sem orðinn er á landsbúskapnum, halla, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða, ef tekjuhallafjárlög eru samþykt ár eftir ár.

En um alt það, sem hv. 1. landsk. þm. sagði um fyrirætlanir stjórnarinnar í slíkum málum, er það að segja, að það er einungis árjetting þess, sem jeg sagði í upphafi ræðu minnar, að gæta þess að reisa ekki landinu hurðarás um öxl í útgjöldunum á fjárlögunum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) hjelt hjer í dag ræðu hátt á annan klukkutíma. Jeg skal nú lofa því að verða ekki eins langorður, en þó þarf jeg

að svara nokkrum atriðum úr ræðu hans.

Hann sagðist ætla að bera upp nokkrar fyrirspurnir til stjórnarinnar, en svo dæmdi hann sjálfur um flest af því, sem hann spurði um, og svaraði sjer sjálfur. Það virðist því svo, sem hann hafi ekki viljað leita fræðslu, heldur fræða aðra. Jeg hefi nú ýmislegt við þessa fræðslu hans að athuga og skal fara þar um nokkrum orðum.

Hv. þm. spurði þá fyrst um uppmælingar siglingaleiða á Húnaflóa og Breiðafirði. Úr þeim uppmælingum verður ekkert í ár, og það mun sennilega taka tvö sumur t. d. að mæla upp Húnaflóa og kosta mikið fje. Það þarf að fá til þess fagmenn, útbúa sjerstakt skip til mælinganna og kaupa ýms áhöld. Jeg grenslaðist eftir því, þegar jeg var í Kaupmannahöfn í vetur, hvort ekki mundi vera hægt að fá þar æfða menn, og var það ekki útilokað, ef gott skip fengist. Kom það svo til orða að fá vitaskipið „Hermóð" til þessa, en hann getur ekki annað því í sumar vegna mikilla flutninga, einkum vegna hins stóra vita, sem á að reisa á Dyrhólaey. En jeg hefi loforð fyrir því, ef lagt verður í þennan kostnað á næsta ári, að fá 1 eða 2 lærða menn frá Danmörku til þess að standa fyrir mælingunum. Hjer var líka um tvent að ræða, hvort heldur ætti að snúa sjer að þessum mælingum eða fá mokstrarskipið til þess að dýpka hafnirnar á Akureyri, Vestmannaeyjum og víðar, og það varð ofan á að fá heldur mokstrarskipið, því að meira lægi á að dýpka þessar hafnir heldur en að mæla upp siglingaleiðirnar.

Þá mintist hv. þm. á strandferðirnar og spurði, hvort stjórnin hefði hugsað sjer að leigja skip til þeirra. Um þetta hefir engin ákvörðun verið tekin, því að stjórnin hefir eigi fengið neina áskorun um það frá þinginu, en það er þingsins að taka ákvörðun um þetta. Mjer hefir skilist svo á hv. samgmn. Nd., að hún sje á móti því að leigja skip til strandferða. Það var ýmislegt fundið að því skipi, sem leigt var í fyrra. Eimskipafjelaginu var þá falið að leita eftir hentugu skipi, en það gat ekki fengið betra skip. Nú er þörfin fyrir slíkt skip minni en í fyrra, vegna þess að Eimskipafjelagið hefir bætt við sig nýju skipi, „Brúarfossi", og því fleiri skip sem það hefir í förum, því betri verða samgöngurnar.

Þá vildi hv. þm. fá að vita, hvað jeg áliti um hið fyrirhugaða nýja strandferðaskip. Það mál er nú ekki hjer á dagskrá og þess vegna ekki rjett að blanda því inn í umræðurnar. Hv. þm. mun komast að því síðar, hvern hug jeg ber til hins nýja skips. Hv. þm. sagði, að jeg hefði eigi farið eftir áskorun þingsins í fyrra um strandferðaskip, og það er rjett. En jeg tók það fram í fyrra, og það mun sjást í Alþt., að jeg sæi mjer ekki fært að nota heimildina frá árinu 1913, þar sem hún hefði verið notuð áður. Auk þess var stjórninni uppálagt að halda genginu föstu, og þá dugði ekki að fara að slengja mörgum skipakaupum ofan á aðrar greiðslur. Það er nóg fyrir okkur að kaupa eitt skip á ári, eins og „Brúarfoss", og eins og allir vita lagði ríkissjóður fram 350 þús. kr. til þess að fá það skip.

Þá spurði hv. þm. um fyrirhleðslu Þverár, og hver hefði ráðið til þess, að hún var gerð. Það var vitanlega

vegamálastjóri, en hann tók enga ábyrgð á því, að verkið hepnaðist, og það sagði hann þegar. Tilraunin kostaði um 7000 kr. En í vatnavöxtum í fyrra ónýttist stíflan, ekki vegna þess að hún bilaði, heldur vegna hins, að fljótið breytti sjer, þannig að það reif sjer nýjan farveg í gegnum þurra sandeyri, hinumegin við stífluna.

Þá spurði hv. þm. um rannsókn nýrra vega- og brúastæða, en þar svaraði hann sjer sjálfur, þar sem hann kannaðist við, að vegamálastjóri hefði framkvæmt þessa rannsókn. Vilji hv. þm. fá skýrslu um þetta frá vegamálastjóra, þá getur hann eflaust fengið hana.

Þá talaði hann um þál. í fyrra um snjódreka og bifreið, og álasaði hann vegamálastjóra fyrir það að kaupa þennan snjódreka og bifreið, en ekki þá bifreið, er hann, hv. 1. landsk., áleit að ætti að kaupa. Jeg get gefið þær upplýsingar um snjóbílinn, að hann hefir reynst vonum betur og hefir hjálpað mikið til þess að halda opinni leið austur yfir fjall. Þó er það satt, sem hv. þm. sagði, að það er ekki gott að fara í slóð hans eftir að fent hefir í hana. En þá má fara utan við, og er það altaf gert á vetrum að fara utan við veginn. Og seint mun hægt að fá þann snjóbíl, að ekki geti fent í slóð hans. Jeg skildi þál. í fyrra svo, að það væri ekki lagt að stjórninni að kaupa þessa 10 þús. kr. beltabifreið, sem hv. þm. hafði í huga, því að í till. stendur, að stjórnin skuli kaupa hana, „ef líkur eru til, að hún komi að verulegu gagni.“ Vegamálastjóri rannsakaði þetta nú erlendis og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að nota þá bifreið í dýpri snjó en ½ meter. Hv. þm. sagði, að það ætti ekki að fara eftir tillögum vegamálastjóra, og fanst mjer hann ætlast til, að stjórnin færi eftir till. sínum. En með allri virðingu fyrir tillögum hans, sá stjórnin sjer ekki fært að fara að kaupa þá bifreið, sem reynslan erlendis hefir sýnt, að ekkert vit er í að kaupa.

Þá sagði hv. þm., að stjórnin hefði greitt erindrekanum á Spáni 40 þús. krónur. Það væri betra fyrir hann að reyna að fara rjett með. Það voru rúml. 30 þús. kr., sem sendimaðurinn fjekk, en af því greiðir ríkissjóður ekki nema ⅓; bankarnir greiða ⅔ þeirrar upphæðar. Og hv. þm. getur ímyndað sjer, hvort stjórn Íslandsbanka t. d. sje svo vitlaus að greiða þetta, ef hún teldi það óþarft og tilgangslaust.

Mjer þykir leitt, ef hv. þm. hefir beðið tjón á sálu sinni, af því að stjórnin keypti snjóbílinn, því að hann má ekkert missa og þarf á öllu sínu að halda. En honum til huggunar skal jeg taka þá ábyrgð á mig, — því að syndabaggi hans er nógu þungur fyrir.

Þá sagði hv. þm., að það hefðu verið vetlingatök hjá stjórninni, hvernig hún snerist í vörninni gegn gin- og klaufasýkinni. Sýki þessi hefir nú í mörg ár geysað í Danmörku, og ekkert hefir verið gert hjer til þess að forðast hana. Þó hefir Alþingi verið vel kunnugt um þetta. Hvers vegna hefði stjórnin þá átt að þjóta upp til handa og fóta, þótt eitt tilfelli af veikinni kæmi fyrir í Noregi? Nei, það er annað, sem liggur hjer á bak við, og það

er að fá bannaðan innflutning á heyi. En þetta tilfelli, sem jeg gat um, kom fyrir í Víkinni, en alt það hey, sem við fáum frá Noregi, er frá Bergen og þar í grend. Í ýmsum landshlutum hjer er mjög erfitt að fá innlent hey, svo sem t. d. í Vestmannaeyjum. Þar er miklu erfiðara að ná heyi úr landi heldur en frá Noregi. Og til þessa verður að taka tillit. Og jeg tel nokkurn vafa á, hvort rjett sje að banna innflutning á heyi frá Noregi til Vestmannaeyja vegna gin og klaufasýki, þar sem hún hefir verið landlæg í Danmörku árum saman og ekkert verið gert til að verjast henni.

Það var ekki rjett hjá hv. þm., að ekkert hafi verið gert til þess að hefta það, að sýkin berist hingað með mönnum. Hefir hann þá ekki lesið blöðin? Stjórnin gaf út auglýsingu um það, að allir þeir, sem kæmu frá útlöndum, yrðu að gefa drengskaparyfirlýsingu um það, að þeir hefðu eigi síðustu sex mánuðina dvalið í hjeraði, þar sem veikin hafi verið. Lengra var eigi unt að fara. Og ef þetta eru vetlingatök hjá stjórninni, þá hafa verið enn meiri vetlingatök hjá Alþingi á undanförnum árum, er það hefir verið að semja lög um innflutningsbann á ýmsum varningi.

Hv. þm. sagðist vita til þess, að fjósamaður hefði komið frá Danmörku og farið í fjós uppi í Mosfellssveit. Ef hann hefir vitað um þetta, þá var það borgaraleg skylda hans að segja frá því um leið, en geyma það ekki þangað til hjer í þinginu. Þetta er líkt og um hálmpokann, er hann talaði um, að hann hefði sjeð. Hann átti þá að sjálfsögðu að hringja til lögreglustjóra undir eins og láta hann vita af þessu. Borgarar eiga þegar að tilkynna það, ef þeir verða varir við, að lög eru brotin, annars eru þeir samsekir. Annars þykir mjer undarlegt, að formaður Búnaðarfjelags Íslands skuli ekki hafa kært, ef það hefir átt að koma gin- og klaufaveikinni til hans með þessum hálmpoka, eins og hv. þm. var að spauga með.

Hv. þm. sagði, að það væri sótthreinsun að brenna hálminn. Það hefi jeg nú ekki heyrt fyr, og a. m. k. er það ekki algeng sótthreinsun að brenna.

Um byggingu varðskipsins „Óðins" er þessu að svara: Skipið var bygt í Danmörku vegna þess, að ódýrasta tilboðið kom þaðan, nema ef telja skyldi tilboð það, sem kom frá Þýskalandi um skip með alt öðru lagi. Auk þess var þar krafist svars sama dag, án þess að fyrir lægju nægilegar upplýsingar til þess að dæma um tilboðið. Það skiftir engu máli, þó að Danir hafi látið byggja skip annarsstaðar. Mjer er þó ekki um það kunnugt. En jeg man eftir því, að gert var einu sinni við danskt skip í Svíþjóð, þó að jeg hinsvegar muni ekki eftir því, hvaða fjelag átti það. Annars hafa Danir ekki látið byggja nein ný skip, nema hjá sjálfum sjer. T. d. hefir „Sameinaða fjelagið" bygt öll sín skip í Danmörku.

Það er von, að háttv. þm. haldi, að skipið sje valt, úr því að hann hyggur þyngdarpunktinn verið hafa ofansjávar. (JJ: Morgunblaðið sagði það!). Það er nú ekki altaf gott að fara eftir því, sem sagt er. Það stóð nú t. d. í þingvísu, að þyngdarpunktur háttv. 1. landsk. hefði fallið niður. En það er

auðvitað ekki altaf örugt að fara eftir sögusögn annara, hvorki í þessu efni nje öðrum. (JJ: En hvar var þá þyngdarpunkturinn?). Hann var að minsta kosti ekki í heila hv. þm. (JJ), en annars hefi jeg ekki rannsakað, hvar hann var. En það sýnir aðeins fáfræði hv. þm., þegar hann ímyndar sjer, að þyngdarpunktur skipsins sje ofansjávar. Úr því farið var að minnast á þetta, þá get jeg upplýst það, að þyngdarpunkturinn var 1½ feti ofar en hann átti að vera. Þegar skipið var rannsakað kom það í ljós, að teikningunni hafði ekki verið fylgt, er það var bygt. Nú vill hv. 1. landsk. meina, að þetta sje mjer að kenna. Hann ætlast þá til, að jeg hefði átt að vera í Danmörku meðan skipið var bygt, til þess að sjá um, að teikningunni væri fylgt. Nú var skipið bygt einmitt um þingtímann, og var því ekki vel gott fyrir mig að koma því við. Jeg gerði því það eina, sem hægt var að gera, og það var að fela kunnugum mönnum eftirlitið með smíðinni. Fól jeg það því sama firma, sem haft hefir eftirlitið með öðrum skipum hjá Flydedokken fyrir Eimskipafjel. Íslands, og er jeg viss um, að það hefir gert það, sem það gat, í þessum efnum. Það er nú svo, að í sjálfri skipasmíðastöðinni kemur mönnum ekki saman um, af hverju þetta stafi. Vjeladeildin kennir hinni deildinni um það, en hún aftur vjeladeildinni. En fyrir okkur hefir það auðvitað enga þýðingu, hverjum það var sjerstaklega að kenna, eða þó að þeir deili innbyrðis. Það hefir verið bent á, að jeg hafi gert þennan samning, sem og er rjett. Og það sýndi sig, að samningurinn var svo fullkominn, að það voru engar útgöngudyr fyrir skipasmíðastöðina. Hún varð að gera við skipið á sinn kostnað.

Háttv. 1. landsk. sagði, að skipið hefði verið smíðað eftir ráðum danskra hermanna. En þar fer hann villur vegar, eins og fyrri daginn. Skipið var teiknað hjá „Flydedokken", en síðan var það borið undir flotamálaráðuneytið, hvort alt væri nægilega og greinilega tekið fram, sem að smíðinni laut, en það hafði aftur á móti ekkert athugavæði um það, hvernig skipið ætti að vera. Þetta var gert eftir ósk þess firma, sem átti að hafa eftirlit með skipinu. Það kvaðst ekki vera vant skipum, sem þola þyrftu fallbyssur, og vildi því, að fagmenn flotamálaráðuneytisins segðu álit sitt um það, hvort skipið væri nægilega traust til þess að bera fallbyssur. Þetta var borið undir flotamálaráðuneytið og annað ekki.

Það er algengt, að gallar komi í ljós á skipum. Jeg vil minna á „Esju" í því sambandi. Það voru ekki neinir smáræðisgallar, sem komu þar í ljós. Jeg veit ekki, hvort háttv. 1. landsk. er það kunnugt, en jeg býst þó við því. Aftur á móti er mjer ekki kunnugt, að hann hafi gert neitt veður út af því. En það er svo um katlana á „Esju", að það verður að gera við þá í hverri einustu ferð. Þeir eru altaf að springa, og er það af því, að efnið í þeim er slæmt. Og í vetur varð loks að láta hana fara utan til þess að gera við katlana.

Þá var háttv. þm. að tala um það, að það hefði ekki verið mikið að marka skipið, þó að það hefði gengið í sundunum dönsku. En hann hefði átt að lesa samninginn áður en hann sagði þetta. Jeg fjekk því nefnilega komið inn í samninginn, að skipið ætti að vera fullkomið með tilliti til þeirra

ferða, sem það ætti að halda uppi, sem sje við „Fiskeri-inspektion“ við strendur Íslands. Það er því ekki til neins fyrir hann að vera að tala um dönsku sundin, því að skipið var ekki smíðað til umferðar um þau.

Háttv. þm. hjelt því einnig fram, að ekki hefði þurft að senda skipið utan, ef engir gallar hefðu á því verið. En þetta er misskilningur. Það er venja, sem ekki er út af brugðið, þegar skip eru keypt, að þau eru til reynslu í 6 mánuði, en verða svo að fara til skoðunar. Ef gallar koma í ljós, er sá, sem smíðaði skipið, skyldur að laga þá. Skipið hefði því þurft að fara utan, þó að engir gallar hefðu verið á því. Það er nú svo um skipin, að fagmenn treysta sjer ekki til að segja fyrirfram um það, hvort þau muni reynast eins og tilskilið er, með því aðeins að sjá þau eða teikninguna, sem þau eru bygð eftir.

Þá kom háttv. 1. landsk. ekki með fleiri fyrirspurnir, eins og hann kallaði það, en voru það þó í rauninni ekki. En hann var með ýmsa útúrdúra, eins og hann er vanur, og ætla jeg að svara þeim að nokkru. — Hann talaði um það, að stjórnin hefði varið miklu fje til framkvæmda í kjördæmum stuðningsmanna sinna. En hann hefði bara átt að líta í fjárlagafrv. Stærstu upphæðirnar tvær til vegagerða, 50000 kr. og 60000 kr., eru til kjördæma Framsóknarmanna. Hann mintist á Hvítárbrúna og sagði, að hún tilheyrði Borgarfjarðarsýslu. Jeg vil þá segja, að hún tilheyri fult eins mikið Mýrasýslu, sem þó er Framsóknarkjördæmi *enn*. Ef hann athugar svo fje það, sem veitt er til símalagningar, þá mun hann reka sig þar á, að hæsta upphæðin fer til Skaftafellssýslna, en það er þó ekki nema önnur þeirra íhaldskjördæmi *enn*. (JJ: Þær verða það kannske hvorugar næst). Eða kannske báðar. Það er þess vegna langt frá því, að þetta sje rjett hjá hv. 1. landsk. En jeg vil út af þessari ásökun, sem er næsta ósvífin, taka það fram, að framkvæmdarstjórar ríkisins, vegamálastjóri, vitamálastjóri og landssímastjóri, eru látnir gera tillögur um það, hvað þeir álíta helst að gera beri fyrir hinar ákveðnu upphæðir. Þessar till. eru svo lagðar fyrir þingið, og geta því hv. þm. sjeð, hvort rjett sje að álasa stjórninni fyrir hlutdrægni. Ef um hlutdrægni er að ræða, þá ætti hún að vera framkvæmdarstjórunum að kenna. En jeg býst nú við, að hv. þm. (JJ) vilji ekki segja það, og geri jeg því ráð fyrir, að þessi orð hans falli máttlaus niður.

Þá sagði hv. þm., að mikið hefði verið gert í Skagafirði, bygð ósköp af brúm o. s. frv. En af því að hv. þm. hefir komið í Skagafjörð, þá veit hann, að þar liggja sundvötn eftir endilöngu hjeraðinu, en skiftast um Hegranes og renna svo til sjávar báðumegin nessins. En vegurinn yfir vötnin við ósana beggjamegin er sýsluvegur, og hefir sýslan varið stórfje til brúa þar. Annar vegur liggur framar yfir vötnin, og þar er engin brú, þó að þar sje landssjóðsvegur. En það er dugnaði sýslubúa að þakka, að brýr eru komnar á ósana. Það kvað svo ramt að því, að sýslubúar voru búnir að leggja fram alt fjeð í hittiðfyrra og buðust til að lána ríkissjóði þann hluta, sem hann átti að borga. En af því að ríkis-

sjóður stóð þá vel eftir góðærið 1924, þurfti þess þá ekki með. Þarna á nú að gera eina brú í sumar, og er hún á þjóðveginum, og þetta er eina vatnsfallið, sem altaf er sund í, á póstleið, og er enn óbrúað. Og þó að þar sje dragferja, þarf oft að sundríða út í hana. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. álíta það hlutdrægni að setja þarna brú, því að þetta er síðasta vatnsfallið á aðalpóstleið hjer á landi, þar sem altaf er sund, og er þó enn óbrúað.

Jeg get látið mjer nægja það, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði viðvíkjandi heimavistunum við mentaskólann og öðrum framkvæmdum, sem stjórnin stakk upp á utan fjárlaga. Það er nú svo um þær, að þær eru áætlanir um, hvað gera skuli, er um hægist, og verður ekki sjeð annað en að það sje hyggilegt að hafa þannig starfsáætlun til þess að fara eftir, þegar fje er fyrir hendi. Ef þingið álítur, að verk þessi beri að framkvæma, þá á að gera þau, er um hægist. Annað felst ekki í þessum frv. stjórnarinnar. Og hvað samskólana snertir, þá verður ekki byrjað á þeim, nema veitt sje til þeirra fje í fjárlögum.

Háttv. 1. landsk. álasaði stjórninni fyrir þann framkvæmdarhug, sem lýsti sjer í frv. hennar. En jeg hygg, að landsmenn muni ekki taka undir það með honum. Hjer er margt óunnið, og jeg ímynda mjer því, að landsmönnum þyki gott, að stjórnin hefir hug á framkvæmdum, og að þeir sjeu henni þakklátir fyrir, að hún lætur í ljós, að hún vilji koma verkum í framkvæmd, og býr til áætlanir um, hvað gera skuli.

Hv. þm. áleit, að það hefði verið nær að ráðast eitthvað á embættabáknið. Það getur vel verið. En jeg man þó ekki, að jeg fengi neitt þakklæti hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), er jeg vildi draga ofurlítið úr síldarmatsmannabákninu. Það þótti illa gert, ef ekki væri borgað úr ríkissjóði stórfje fyrir mat á nokkrum tunnum.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara hv. 1. landsk. Jeg skal þó fræða hann um það, að málarinn, sem fjekk lán og fæddur var í Skagafirði, fjekk það ekki með atkv. mínu. — Annars vil jeg segja það, að mig sundlar alveg við að horfa ofan í það hyldýpi saurugs og gerspilts hugsunarháttar, er lýsti sjer í ræðu hv. 1. landsk. — Hann getur ekki ímyndað sjer, að nokkur hlutur sje gerður af andstæðingunum, nema eitthvað saurugt liggi á bak við. Það er ekkert hægt að sjá eins leiðinlegt og þann hugsunarhátt, er svo oft kemur fram hjá hv. þm. Jeg vil ekki segja, hvað hann minnir mig á, en það er mjög ljótur hlutur.

Einar Jónsson: Jeg hjelt satt að segja, að þegar þetta mál kæmi á dagskrá, þá mundu umr. snúast um það, hvernig það væri úr garði gert, í fyrsta lagi frá hendi stjórnarinnar og í öðru lagi frá hendi hv. Nd., er það kemur nú hingað, fremur en að farið yrði að halda eldhúsdag, sem þó ekki er neinn verulegur eldhúsdagur. Því að hjer er ekki gert annað en að endurtaka það, sem áður hefir verið minst á, og það jafnvel flest hjer í deildinni, og er það því ekki til annars en að tefja tímann. Jeg hjelt þó, að flestum þætti nóg um, hve lítil störf þingsins hafa orðið til páska, þó að menn færu nú ekki að rísa upp eftir páska

til þess að tefja störfin og eyða tímanum. En það er engin furða, þó að menn tali um fjárlagafrv., eins og það er nú orðið sjerstaklega, og hvort það sje hyggilegra að hafa það þannig, eða laga þann tekjuhalla, sem á því er og mjer þykir alt of mikill. Jeg er ófáanlegur til þess að hafa þá meðferð á fjárlagafrv., að því verði skilað með slíkum tekjuhalla úr þeirri deild, sem jeg á sæti í. Það er ekki forsvaranlegt að samþ. það, eins og það nú er. Jeg ætla ekki að fara að álasa neinum sjerstökum flokki, því að það væri ekki sanngjarnt. Báðir flokkar eiga að nokkru leyti sök á því. Það væri heldur ekki sanngjarnt að álasa stjórninni. En ef einhver á álas skilið fyrir þau fjárlög, er nú verða afgreidd, þá er það fyrst og fremst þessi deild. Þó svo fari, að hv. Nd. fari að trássast við að koma þeim í sama horf aftur, þá getur það ekki gengið, ef viljinn hjer verður nógu sterkur.

Háttv. ræðumenn hafa nú eytt deginum mest í það að álasa stjórninni fyrir ýms atriði, sem að sumu leyti eru eðlileg, en að öðru leyti mjög smávægileg og óþörf. Jeg ætla ekki að fara út í þessi einstöku atriði, en get þó ekki leitt hjá mjer nokkur atriði, sem færð hafa verið fram gegn stjórninni og eru viðkomandi mínu kjördæmi. Háttv. 1. landsk. var að finna að tilraun þeirri, sem gerð var í fyrra til fyrirhleðslu fyrir Þverá. Það var ekki stór upphæð, sem til þessa var veitt, einar 5000 kr. En hæstv. atvrh. upplýsti nú, að kostnaðurinn hefði farið upp í 7000 kr. Hann lýsti því og rjettilega, að farið hefði verið eftir áliti vegamálastjóra og auk þess leitað umsagnar sýslunefndar, hvort gera ætti tilraunina, og sagðist hún óska þess fyrir sitt leyti. En það var vatnið, en ekki mistök verkamanna, sem eyðilagði verkið. Straumurinn er svo mikill og þungur, að jarðvegurinn getur ekki staðist hann. Annars óska jeg ekki aftur, að slíkar smátilraunir verði gerðar, því að þær hafa enga þýðingu. Hjer dugar ekkert kák. Það þarf að gera rækilega fyrirhleðslu í Markarfljóti og veita vatninu burt úr Þverá. En til þess þarf auðvitað mikið fje. En þetta verður að taka föstum tökum, ef í það er ráðist.

Þá var sami háttv. þm. að tala um snjóbílinn og verk það, sem unnið var með honum á yfirstandandi vetri á Hellisheiði. Hann lýsti, hvernig því hefði verið háttað og að hvaða gagni það hefði komið. Hann lýsti þessu svo sem hann hefði verið þar við, en lýsti því þó ekki allskostar rjett. Það er sannanlegt, að bíllinn gerði stundum gagn, en svo aftur á öðrum tímum ógagn. En mest gagn verður að bílnum, er svo hagar til, að eftir eru orðnir stöku skaflar, en vegurinn annars auður á milli, og skörðin, sem hann grefur, haldast, en fyllast ekki þegar aftur af snjó. Það er því hyggilegast að brúka bílinn sem minst fyr en undir vor, þegar snjór er tekinn að sjatna og minni hætta er á því, að nýr snjór falli. En um það, hvernig verkinu hefir verið hagað, skal jeg ekki dæma. En hjer er þó eitt eftir skilið. Hvort sem bíllinn hefir gert gagn eða ekki, þá er það þó kunnugt, að mikill mannafli var honum ætíð til hjálpar úr Reykjavík, en þar voru menn atvinnulausir og hafa því verið fegnir að fá þennan starfa, sem varð þannig eins-

konar atvinnuleysisbjörg. Og ætla jeg ekki að álasa fyrir það.

Eins og jeg sagði áðan, var minst á þessi atriði hjer í lítilfjörlegri tilraun til eldhúsdags. En jeg ætla ekki að taka frekari þátt í þeim umr., en jeg vil aðeins lýsa því yfir, að jeg vil ekki, að fjárlögin fari úr höndum hv. Ed. eins og þau eru nú, og jeg óska, að háttv. þdm. verði sammála um að breyta hallanum, sem á þeim er, í vænlegra horf.

Jón Baldvinsson: Jeg bjóst altaf við því, að hæstv. forsrh. vildi ekki ganga inn á það, að stjórn hans væri bráðabirgðastjórn, eins og gerð var yfirlýsing um í hv. Nd. Hann stendur á því fastar en fótunum, að stjórn sú, er nú situr, sje þingræðisstjórn, og að sú ályktun, sem aðaldeild þingsins gerði, hafi þar engin áhrif haft. Jeg þarf ekki annað en benda hæstv. forsrh. á það, að ályktunin var gerð móti vilja hans sjálfs, hins ráðherrans líka og allra flokksmanna þeirra í hv. Nd. Ef ályktunin var hlutleysisyfirlýsing til hans og stjórnarinnar, hvers vegna sat þá ekki stjórnin hjá eða greiddi jafnvel atkv. með till.? Hitt var hreint og beint sönnun þess, að hjer var um vantraust að ræða.

Það hefir verið gerð ályktun á móti vilja hæstv. stjórnar og það í aðaldeild þingsins, hv. Nd. Því kemst hæstv. ráðh. (JÞ) ekki undan því, að stjórn sú, sem hann nú veitir forstöðu, er ekki þingræðisstjórn. En að hæstv. ráðh. (JÞ) virðir þingræðið ekki mikils, það sýna aðgerðir hans rjett áður er vantraustsyfirlýsingin kom fram. Ef hann hefði virt þingræðið, þá hefði hann ekki þegar hlaupið til að láta skipa sig forsætisráðh., þegar er hann fjekk pata af því, að vantraustsyfirlýsing væri á ferðinni. Það er eins og hæstv. forsrh. hafi gert þetta til þess að festa sig í sætinu. En gagnvart þinginu hefir þetta enga þýðingu. Hæstv. ráðh. blandar saman tvennu óskyldu, þegar hann er að tala um stjórnir í öðrum löndum, sem hafa ekki svo mikinn þingflokk að baki sjer, að þær hafi meiri hluta í þinginu með sjer, en hafa þá trygt sjer sumpart stuðning og sumpart hlutleysi meiri hlutans. Svo er það víðast í löndum Norður-Evrópu, þar sem stjórnarflokkurinn er ekki beint í meiri hluta. Svona er það í Svíþjóð og í Danmörku, þar sem stjórnin hefir ekki meiri hl. í þinginu, en íhaldsflokkurinn og gerbótamenn eru saman um hlutleysi eða stuðning. Í þessum löndum er því þingræðisstjórn, enda þótt stjórnarflokkurinn sjálfur sje ekki í meiri hluta.

En hjer er það svo, að hæstv. stjórn hefir máske helming atkvæða í þinginu, en ekki meiri hluta, en þar að auki hefir hún ekki hlutleysisyfirlýsingu frá neinum. Hún getur því á engan hátt verið kölluð þingræðisstjórn í rjettum skilningi þess orðs. En mig furðar á því, að stjórnin skuli vera svo lítilþæg að vilja sitja, eftir að slík ályktun og sú, er kom fram í hv. Nd., hefir verið samþykt. Hún átti eftir öllum þingræðisreglum að segja af sjer, og ef ekki hefði verið hægt að mynda nýja stjórn, þá átti hún að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga.

Þetta er alt annað en þegar utanþingsstjórnir starfa, eins og var í Danmörku fyrir nokkrum árum. Það varð af alveg sjerstöku ástandi, vegna þess

að stjórn sú, er konungur upp á sitt eindæmi setti af, vildi ekki gegna stjórnarstörfum þar til nýtt ráðuneyti yrði myndað á þingræðislegan hátt. Af því, sem jeg nú hefi sagt, verð jeg að líta svo á, að hæstv. stjórn sje aðeins stjórn, er starfar til bráðabirgða, með þeim afleiðingum, sem því fylgir að lögum.

Jeg hefi lagt fyrir hæstv. stjórn nokkrar spurningar og fengið fullnægjandi svör við sumum þeirra, en sumum ekki. Vildi jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um svörin.

Það er þá fyrst byggingin á Kleppi. Hæstv. ráðh. (MG) svaraði engu ákveðið um það, hvort byggingunni yrði haldið áfram nú, en sagði, að tekin yrði ákvörðun um það seinna í sumar, ef útlitið verður gott. En það má ekki draga það lengur að ljúka við bygginguna. Það, sem eftir er að gera, er að leggja dúka á gólfin, setja í hurðir og mála að innan, auk þess sem eftir er að leggja vatnsleiðslu og setja niður eldavjel. Þetta má ekki draga lengur, því að það er athugandi, að þó að húsið verði ekki búið fyrir veturinn, þá verður engu að síður að leggja í miðstöðina í vetur, svo að húsið skemmist ekki. Er af þessu ekki lítill kostnaður. Og þá verður að leigja fyrir sjúklingana hjer í bænum í vetur ófullnægjandi húsnæði, sem óforsvaranlegt er af heilbrigðisstjórninni að láta viðgangast. Hæstv. ráðh. (MG) má ekki slá þessu nauðsynjamáli frá sjer með því einu, að þetta verði ef til vill gert í sumar, ef alt gengur vel. Jeg vildi í þessu sambandi leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh. um það, hve mikið fje muni vera komið í bygginguna, því að það er langt síðan kjallarinn var bygður. Jeg hefi heyrt, að það muni vera um 160 þús. kr. komnar í hana nú.

Fyrirspurn minni út af tryggingarmálunum er jeg hræddur um, að hæstv. ráðh. (MG) hafi svarað skakt. En jeg beindi til hans þessari spurningu vegna till. þeirrar, sem jeg bar fram á síðasta þingi, en ekki var samþykt, heldur málinu vísað til stjórnarinnar fyrir tilstilli hæstv. ráðh. Kom þá fram loforð frá hæstv. ráðh. um það, að stjórnin mundi leggja fyrir næsta þing frv. um málið. Skal jeg til sönnunar því, að jeg fer með rjett mál, með leyfi hæstv. forseta lesa hjer upp örfá orð úr ræðu hæstv. ráðh., þegar hann var að mælast til, að till. væri vísað til stjórnarinnar. Ráðherrann segir:

„Mjer finst eðlilegast, að stjórnin taki þetta mál að sjer, og jeg vona, að jeg geti komið með frv. um þetta efni fyrir næsta þing, enda þótt jeg vilji ekki lofa því.“

Þetta verð jeg að skoða sem loforð af hendi hæstv. atvrh. Þetta er svo alvarlegt mál, að það má með engu móti dragast að hrinda því í framkvæmd, sjerstaklega vegna fjárhags landsins og sveitarfjelaganna. Jeg álít það óhyggilegt og rangt af hæstv. ráðherra að koma í veg fyrir slíka löggjöf, sjerstaklega þegar hann með villandi loforðum hefir fengið hv. þdm. til þess að vísa málinu til aðgerða landsstjórnarinnar.

Hæstv. ráðh. sagði, að Lambhagi í Mosfellssveit hefði verið seldur fyrir 20 þús. kr., og kvað hann þá sölu hafa farið fram samkvæmt heimild í lögum um sölu þjóðjarða. En jeg hygg, að það sje skýrt kveðið á um það í lög-

unum, að þjóðjarðir, sem liggja í nágrenni kauptúna, — en svo er um þessa jörð, — skuli ekki seldar. Sala þessi er því algerlega á móti anda laganna, og hygg jeg, að hæstv. ráðh. hafi gert rangt í því að samþykkja söluna, jafnvel þó að hrepps- og sýslufjelag hafi mælt með því.

Þá var svar hæstv. ráðh. við spurningu minni viðvíkjandi ræktun á landi í Mosfellsmýri allsendis ófullnægjandi. Jeg spurði hæstv. ráðh., hvað þar hefði verið gert, en hann svaraði því, að eitthvað hefði verið selt af því landi. En samkvæmt hvaða heimild var það gert? Upphaflega var ætlast til þess, að ráðist yrði í nýbýlarækt á þessu landi. En síðan lá það óhreyft í mörg ár, en nú segir hæstv. ráðh., að selt hafi verið eitthvað af landinu.

Þá var það Hafnarfjarðarvegurinn. Hæstv. ráðh. vísaði til fjárlagafrv. um, að það hefði ekki verið ætlast til þess, að unnið væri við veginn. Mjer þykir það mjög undarlegt, að svo mikið fje skuli hafa verið lagt í veginn eins og gert hefir verið, ef svo hefir ekki verið ætlast til þess að halda vegagerðinni áfram. Árið 1917 var dýrtíðarvinna við veginn, og á sama tíma var grjótvinna í Öskjuhlíð, einnig dýrtíðarvinna. Hæstv. forsrh., sem nú er (JÞ), og íhaldsblöðin gerðu mikið hróp að stjórn þeirri, er sat að völdum, út af þessari vinnu, og var hver hríðin á fætur annari gerð að henni á Alþingi út af þessu og talað um það, að hún hefði ráðist í þetta fyrirhyggjulaust, og talað um Öskjuhlíðarfarganið o. s. frv. En það undarlega skeði, að aldrei var minst á dýrtíðarvinnuna í Hafnarfjarðarvegi. En af hverju var ekki minst á hana? Af því að það voru fagmenn, — landsverkfræðingurinn og íhaldsmaður, — sem höfðu ráðið þessu og því áttu hlut að máli. Jeg veit ekki með vissu, hve mikið fje hefir verið lagt í Hafnarfjarðarveginn, en jeg hygg, að það muni skifta tugum þúsunda króna. En samt sem áður er ekki haldið áfram með veginn. En peningarnir, sem lagðir voru í grjótnámið í Öskjuhlíð, *þeir eru komnir aftur.* Sumpart hefir grjótið verið selt, og sumpart hefir ríkið notað það til sinna þarfa. Líklega hugsar hæstv. stjórn sjer að láta grotna niður þessar 70 þús. kr., sem lagðar hafa verið í veginn, og verða að engu. Þetta er eingöngu að kenna mistökum þeirra forráðamanna þjóðarinnar, sem stýra eiga verklegum framkvæmdum í landinu nú. En það er margt fleira, sem athugavert er um framkvæmdir þeirra, en jeg mintist á þetta aðeins vegna þess, að það er einna mest áberandi.

Viðvíkjandi fyrirspurn minni um það, hvað virkjun Dynjanda liði, þá gat hæstv. ráðh. þess, að hann hefði nýlega fengið brjef, þar sem honum væri tjáð, að verkfræðingar verði sendir hingað til landsins til þess að gera mælingar viðvíkjandi virkjuninni. Þetta er í sjálfu sjer ekkert svar. Þetta ber aðeins vott um það, að fjelagið hefir enga peninga til virkjunarinnar, en reynir að halda þeim, sem það ætlar að fá peninga hjá, uppi á snakki um það, að nú ætli það að fara að taka til starfa. Þetta er æði ólíkt því, sem fullyrt var í fyrra, að verkamenn mundu verða farnir að vinna nú þar vestra. Hefði óneitanlega verið

skemtilegra, ef hæstv. ráðh. hefði getað sagt það í stað þessara frjetta um verkfræðingana.

Þá kem jeg að Ferjukotssíkinu. Hæstv. ráðh. upplýsti ekki, hve mikill kostnaðurinn væri orðinn af þeirri vegagerð, en mjer er sagt, að það muni vera um 60—70 þús. kr. Það var byrjað á því 1921 að fylla upp mýrarflóa, og lá það þá þegar í augum uppi fyrir hverjum verkfróðum manni, að þar gæti aldrei orðið fær vegur, en engu að síður var verkinu haldið áfram af vegamálastjóra. Vegurinn hefir nú sokkið á hverjum vetri, enda er það eðlilegt, þar sem efnið í veginn hefir verið tekið úr sjálfri mýrinni. Hæstv. atvrh. segir, að vegurinn hafi bilað af því, að vatnsrás, sem liggur í gegnum veginn, hafi ekki verið nógu stór. En mjer er sagt, að vatnsrásin hafi líka sokkið. Hæstv. ráðh. ætti að athuga það hjá vegamálastjóra, hvort ekki væri hægt að ráðstafa þessu á annan og betri hátt.

Hæstv. forsrh. (JÞ) sagði, að það þyrfti enginn að fá leyfi til þess að reyna að koma á fót nýjum banka. En mjer er spurn. Höfðu ekki þeir, sem fengu upp hingað til landsins þýsku fjármálamennina, loforð hæstv. stjórnar um leyfi til þess að setja á stofn banka, ef svo bæri undir? — Hæstv. ráðh. sagði, að það hefðu fleiri en einn reynt að stofna hjer banka á síðustu árum. Hafði hæstvirt landsstjórn ekki veitt ákveðnum mönnum vilyrði fyrir því, að þeir fengju að stofna hjer banka, ef þeir næðu í peninga til þess? Jeg vildi fá að vita hverjir menn þeir væru, er fengið hefðu leyfi stjórnarinnar til bankastofnunar. En þessu svaraði hæstv. ráðh. engu.

Hæstv. ráðh. upplýsti það, að lánið til h.f. „Kára“ hefði ekki alt verið borgað upp síðastliðið ár. Er undarlegt, hve ljett hæstv. ráðh. hljóp yfir þetta. Hann sagði, að það stæðu *ekki nema* nokkrir tugir þúsunda kr. eftir af láninu. Hann hefði ekki gert svona lítið úr þessu, ef um hefði verið að ræða till. til fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda; þá hefðu nokkrir tugir þúsunda verið stór peningur í hans augum.

Hæstv. forsrh. (JÞ) varði sig þá með því í þinginu, að þetta hefði ekki gert til, því að veðrjettur ríkissjóðs væri einskis virði. Hið sama sagði hann nú. En eftir verði togara í fyrra, þá eru ekki líkur fyrir því, að ríkissjóður hefði tapað nándar nærri eins miklu, ef togararnir hefðu verið seldir þá. Það hefði, hygg jeg, verið auðvelt að selja þá undir vetrarvertíðina, og hefði ekki endilega þurft að selja þá á uppboði, eins og hæstv. forsrh. gerði ráð fyrir.

Þá mótmælti hæstv. atvrh. (MG) því, að síldarsamlagið hefði mætt mótspyrnu erlendis frá. En hjer liggja plögg frammi á lestrarsal, er sýna, að mótmælin hafa komið fram. Jeg skil það vel, að mótmæli komi fram erlendis. Erlendir menn sætta sig ekki við það, að örfáir síldarspekúlantar hjer hafi öll ráðin yfir síldarframleiðslunni. Þetta benti jeg á í fyrra. En hinsvegar mundi aldrei hafa verið haft á móti síldarsamlagi, ef það hefði verið stofnað af ríkinu, eða ef ríkið hefði tekið síldarsöluna í sínar hendur.

Viðvíkjandi spurningum mínum um mannaráðningarnar í Skagafirði, þá kvaðst hæstv. ráðh. ekkert um kaupið vita, vegamálastjóri rjeði því. En hann sagðist hafa fengið ákúrur fyrir það, hve kaupið hefði verið hátt í fyrra. En hæstv. ráðh. hlýtur að vita, að kaup það, sem nú er boðið í Skagafirði, er óforsvaranlega lágt. Þar er boðið 50 aurar um tímann, en í Eyjafirði er það þó 60 aurar fram að slætti. Í fyrra var kaupið 70 aurar um tímann, og er þessi lækkun því meiri en venja er til og engu lagi lík. Hæstv. atvrh. á að taka í taumana, ef hann verður þess var, að vegamálastjóri ætlar að þrykkja kaupinu niður meira en góðu hófi gegnir. Þegar nú sjerstaklega er hjer um hans eigið kjördæmi að ræða, þá þykist jeg gera honum greiða með því að benda honum á þetta.

Viðvíkjandi þál. þeirri, sem samþykt var hjer í fyrra út af rýmkun landhelginnar, þá er jeg ánægður með svör stjórnarinnar út af því. Það er rjett leið að láta rannsaka vísindalega þann hag, sem fiskiveiðar vorar myndu hafa af því, að landhelgin væri rýmkuð, og vænti jeg þess, að stjórnin láti framkvæma þessa rannsókn sem fyrst.

Jeg get látið hjer staðar numið að sinni. Jeg ætlaði ekki að gera hjer neinn eldhúsdag. Jeg lýsti því yfir í dag, að jeg skoðaði stjórnina aðeins sem bráðabirgðastjórn, sem framkvæmdi dagleg störf ríkisins, og krafði hana því um nokkrar upplýsingar viðvíkjandi framkvæmdum ríkisins. Sumar þeirra hefi jeg fengið, sumar vantar enn, en vera má, að þær komi fram síðar í þessum umræðum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get vel skilið það, að háttv. 5. landsk. (JBald) sje óánægður yfir því, að stjórnin skyldi ekki fara frá út af till. þeirri, sem samþykt var í hv. Nd. Það var flokksbróðir hans, er bar fram vantraustið, sem átti að leiða til stjórnarskifta, ef meiri hl. þingsins hefði fengist með því. En vantrauststillagan komst ekki til atkv. Henni var vikið frá í hv. Nd. Niðurstaðan varð því ekki að skapi hv. 5. landsk.; aðrir tóku af honum ráðin. Flokksbróðir hans sat hjá við atkvgr. um till. þá, sem samþykt var af helming deildarmanna. Till. þessi var flutt af 5 Framsóknarflokksmönnum. Formaður flokksins, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), mælti fyrir henni og skýrði frá því, hvað með henni væri meint. Jeg hefi nú fyrir framan mig þessa ræðu hans, leiðrjetta af honum, og þar getur hv. 5. landsk. fengið fulla skýringu á því, hvers vegna stjórnin gat ekki gert þá till. að fráfararatriði. Að ráðherrann og flokksmenn stjórnarinnar greiddu atkvæði á móti þessari till. stafaði af því, að stjórnin vildi heldur, að vantrauststillagan kæmi til atkvæða, en það gat ekki orðið, nema þessi till. yrði feld. Jeg vil leyfa mjer að lesa hjer upp kafla úr niðurlagi ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), því að þar er ljóslega tekið fram, hvað flm. ætlast til að hún þýði:

„Ef hún (þ. e. till. þeirra) verður samþykt, er vantrauststillagan úr sögunni, og þessi stjórn situr áfram sem starfsstjórn. Eins og hæstv. forsrh. (JÞ) sagði í sinni ræðu, er það Alþingis að segja til, hvort landsstjórnin eigi að sitja eða ekki. Ef þessi brtt. er samþykt, þá er þar með látinn í ljós sá

vilji, að hæstv. stjórn haldi áfram starfi sínu fyrst um sinn, enda þótt hún sje ekki meirihlutastjórn, uns þjóðinni hefir gefist kostur á að skera úr".

Þar sem hv. þm. talar um, að þjóðinni gefist kostur á að skera úr, þá á hann við kosningarnar næsta sumar eða haust. Jeg veit nú ekki, hvernig stjórn, sem hefir helming þm. með sjer og fær svona lagaða yfirlýsingu frá öðrum stærsta flokki þingsins, hefði átt að gera samþykt þessarar tillögu að fráfararatriði. Það verður að koma eitthvað nýtt fyrir, sem gefur tilefni til þess; þetta er sannarlega ekki fráfararástæða. Hv. 5. landsk. verður að láta sjer það lynda, að flokksbróðir hans í hv. Nd. varð að láta í minni pokann og till. hans var vísað frá. Þessi yfirlýsing Framsóknarflokksins til núverandi stjórnar er alveg samskonar þeirri yfirlýsingu, sem vinstrimannastjórnin, sem nú situr í Danmörku, fjekk frá íhaldsflokknum þar, og hún ljet sjer nægja til þess að sitja við völd og framkvæma lagasetningar þær, sem hún hafði í hyggju. Í yfirlýsingu íhaldsflokksins danska er ekki einu sinni farið svo langt að heita stjórninni hlutleysi til næstu kosninga, heldur vildi íhaldsflokkurinn lofa henni að gera tilraun til að koma fram þeirri lagasetningu, sem fyrir lá. Þetta hlutleysi gengur skemra en hjer, og þó er danska stjórnin fullgild þingræðisstjórn. Þessi afstaða Framsóknarflokksins hjer er eðlileg afleiðing bæði af ástandi því, sem nú er í þinginu, og ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það var óframkvæmanlegt að hefta störf þingsins með þingrofi, stjórnarskráin bannar að rjúfa þing fyr en búið er að afgreiða fjárlögin. Það var því ekki hægt að rjúfa þetta þing fyr en búið var að afgreiða fjárlögin, sem þýðir eftir venju, að þingrofið hefði orðið að bíða, uns þingið hefði lokið störfum sínum.

Þá nær það ekki nokkurri átt að kalla þá stjórn, sem nú situr hjer, „Forretnings-Ministerium", eins og hv. 5. landsk. vildi gera. Það kemur engu þingi í þingræðislandi til hugar að taka í „Forretnings-Ministerium" menn, sem standa framarlega í einum þingflokki. Þegar slíkir menn mynda stjórn, þá er ekki annar kostur en að líta á stjórnina sem þingræðisstjórn, sem verður að fara frá völdum, ef meiri hluti þingsins óskar þess. En hjer er engu slíku til að dreifa, hjer eru aðeins tveir þm., sem hafa óskað stjórnarskifta.

Þá fór hv. 5. landsk. nánar inn á undirbúninginn um bankastofnunina og spurði, hvort þeir menn, sem fengust við að reyna að koma bankanum upp, hefðu fengið loforð um það, að öðrum yrði ekki veitt leyfi til bankastofnunar, þótt þeir kæmu með fje til þess. Engum mönnum hefir verið gefið slíkt loforð. Þessir menn voru látnir vita, að heimildin yrði notuð, ef einhverjir aðrir kæmu með nægilegt fje og semdu við stjórnina að öðru leyti. Einn af þeim mönnum, sem við þessar tilraunir fengust, fjekk um tíma loforð fyrir því, um það leyti, sem hann byrjaði á tilraununum, að öðrum skyldi ekki veitt leyfi til bankastofnunarinnar næstu 2 mánuði. En sá tími var löngu liðinn, er þjóðverj-

arnir komu hingað í haust, og engin framlenging hefir verið gefin á þeim tíma.

Viðvíkjandi Kárafjelaginu og ábyrgð ríkissjóðs á skipakaupaláninu hefi jeg engu við að bæta. Jeg get látið mjer nægja að vísa til þess, sem fram kom á síðasta þingi. Málið var fullkomlega upplýst þá.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gleymdi áðan að svara hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem gerði fyrirspurn út af strandgæslunni fyrir Austurlandi á yfirstandandi ári. Hann spurði, hvort það stæði ekki við það sama, sem hæstv. fyrv. forsrh. (JM) hefði lofað í fyrra. Jeg veit nú ekki, hvernig það loforð hefir legið fyrir, en jeg get fullvissað hv. þm. um það, að hið sama verður látið ganga yfir Austurland sem aðra landshluta. — Strandgæslunni verður hagað eins og þeir, sem með hana fara, álíta best og heppilegast. Frekara loforð fær hv. þm. ekki hjá mjer, enda get jeg ekki sjeð, að hann geti heimtað meira en að sama verði látið ganga yfir Austurland sem aðra landshluta.

Út af ræðu hv. 5. landsk. (JBald) þarf jeg ekki að segja nema örfá orð. Hann ráðlagði stjórninni að taka sem fyrst ákvörðun um byggingu Kleppshælisins. Jeg þakka honum fyrir góð ráð, en það þarf líka fje til þess að geta framkvæmt þetta, en stjórnin vill ekki taka lán til þess.

Þá mintist hann á Dynjanda og sagði, að jeg bæri ábyrgð á framkvæmdum í því máli. Það er of snemt nú að fullyrða, að ekkert verði úr framkvæmdum. Fjelagið þarf ekki að taka sjerleyfið fyr en 1. desember 1928, og svo hefir það 4 ár til stefnu. Að öðru leyti verð jeg að neita því, að jeg beri nokkra ábyrgð á því, að úr framkvæmdum verði.

Þá sagði hv. þm., að ekkert væri upplýst um það, hve mikið fje hefði farið í Ferjukotssíkið. Það er nú ekki von, að jeg hafi slíkar tölur á takteinum, og jeg get ekki verið að gera það honum til geðs að setja mig í gapastokkinn fyrir honum með því að nefna einhverjar tölur, því að náttúrlega býst jeg við því, að hann sje þessu máli þaulkunnugur. En jeg býst við, að allir geti verið sammála um það, að úr því, sem komið er, þá sjeu það ekki tiltök að flytja veginn þaðan.

Að því er snertir síldarsamlagið, þá skildi jeg hv. þm. svo, að mótmæli hefðu átt að koma frá stjórnum einhverra erlendra ríkja, og því var jeg að andmæla. En hitt var mjer fullkunnugt um, að þeir menn, sem við síldarsölu fást, höfðu sent andmæli.

Kaupgjaldið í Skagafirði ræði jeg ekki um við hv. þm., því að vegamálastjóra hefir verið falið að ráða menn til vegagerðar og þá vitanlega að semja um kaupgjaldið líka.

Þá var talað um, að ályktunin, sem gerð var í hv. Nd. um daginn, hafi verið gerð gegn vilja stjórnarinnar, og því hefði hún átt að segja af sjer. En hv. 5. landsk. (JBald) veit það ósköp vel sjálfur, að fylgismenn stjórnarinnar greiddu atkvæði á móti brtt. Framsóknarmanna af því, að þeir vildu, að greidd væru atkv. um vantrauststillöguna sjálfa. En jafnvel flm. tillögunnar, flokksbróðir hv. þm., hv. 4. þm.

Reykv. (HjV), þorði, þegar til kom, ekki að láta till. sína koma til atkv., — vitanlega af því, að hann var þess fullviss, að hún mundi falla.

Jónas Jónsson: Hæstv. landsstjórn hefir af einhverjum ástæðum álitið heppilegra að svara ekki sjálf vissu atriði viðvíkjandi „Óðni", heldur beitti hún hv. þm. Vestm. (JJós) þar fyrir sig. Jeg hafði fyrir mjer bein orð Nielsens framkvæmdarstjóra um það, að hann hefði ekkert haft með þetta mál að gera fyr en hæstv. atvrh. kom til hans í haust í Kaupmannahöfn og spurði hann ráða. Nú reyndi hv. þm. Vestm. að sanna, að Nielsen hefði verið við byggingu skipsins riðinn, af því að hann var riðinn við undirbúning málsins á Alþingi. Það er vitaskuld alveg rjett, að Alþingi leitaði ráða til hans, og eins var hann með í ráðum, þegar „Þór" var keyptur. En það, sem hv. þm. (JJós) tókst ekki að afsanna með tilvitnunum sínum, var einmitt aðalatriði málsins: að eftir að hæstv. landsstjórn afrjeð að láta byggja skip, tók hún sjer aðra ráðunauta. Ef þetta hefði verið í stærra landi, þar sem margir sjerfræðingar eru í þessum efnum, hefði auðvitað ekki verið neitt við þessu að segja. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir vitanlega engan einkarjett á að láta spyrja sig ráða. En nú er ekki nema þessi eini maður, sem til mála getur komið að leita ráða til hjer í landi. Hann er viðurkendur sjerfræðingur, og aðstaða hans til að vera ráðunautur hefir batnað til stórra muna, eftir því sem hann hefir verið hjer lengur og kynst betur öllum staðháttum. — Mjer finst það því mega vera úttalað mál, að hann var ekkert við riðinn það byggingarlag, sem loks var ákveðið að hafa á skipinu. Enda hafa ekki verið bornar brigður á þau ummæli mín, hvorki af hv. þm. Vestm. nje öðrum. Hjer heima var skoðanamunur bæði um lengd skipsins og form að öðru leyti, og það hefir eflaust orðið til þess, að leitað var ráðlegginga hjá öðrum.

Jeg hefi áður minst á, að einkennilegt er, að skipið skuli smíðað í Danmörku, og að ódýrara tilboð hafi komið annarsstaðar að. Jeg á bágt með að skilja það, að ekki sje hægt að fá tilboð utan Danmerkur, sem ekki þarf að svara samdægurs. Einkum er þetta ólíklegt nú, þegar allar skipasmíðastöðvar sækjast eftir verkefni. Hinsvegar gladdi það mig, að hv. þm. Vestm. var mjer sammála um, að ósennilegt væri, að ekki mætti afla góðra tilboða utan Danmerkur. Því að á þessum tíma stóðu Danir sjerstaklega illa að vígi í iðnaðarsamkepni við aðrar þjóðir, og notuðu jafnvel sjálfir erlendar skipasmíðastöðvar.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. forsrh. (JÞ). Hann reyndi eftir megni að berja í brestina um, að sín stjórn væri þingræðisstjórn. Þó gekk hann ekki svo langt að segja, að hún væri meirihlutastjórn. En það er viðurkend regla, að þingræðisstjórn verði að vera meirihlutastjórn. Hæstv. forsrh. hlýtur að vita það sjálfur, ef hann veit nokkuð, að t. d. í Englandi er það skilyrðislaus skylda stjórnarinnar að hafa meiri hluta á bak við sig í neðri deild þingsins. En sá meiri hluti þarf ekki endilega að vera í flokki stjórnarinnar einum; — MacDonald var t. d.

studdur bæði af verkamönnum og frjálslyndum. — Aftur á móti hefir þess ekki þótt þurfa í Englandi, að stjórnin hefði meiri hluta í efri málstofunni, því að hún ræður engu um fjármálin. Jeg held því, að staða hinnar íslensku stjórnar yrði ekki góð eftir enskum mælikvarða, þar sem hún er í beinum minni hluta í neðri deild þingsins. — Seinna í ræðu sinni hjelt hæstv. ráðh. (JÞ) því fram, að í Danmörku væri fordæmi fyrir sinni aðstöðu. Jeg neita algerlega, að svo sje. Það kom einmitt nýlega fyrir í Danmörku, að á þetta reyndi, og þá sást, að stjórnarandstæðingar eru í minni hluta. Jeg skal rekja nokkuð sögu stjórnanna í Danmörku á síðari árum. Zahle-stjórnin hafði lengi eins atkvæðis meiri hluta, þegar talinn var með stuðningur verkamanna, er höfðu þá svipaða aðstöðu gagnvart stjórninni og hægrimenn hafa gagnvart núverandi stjórn. Þegar Zahle-stjórnin fór frá, komu nokkur óvenjuleg atvik, og var mikill vafi um aðstöðu stjórnarinnar, þar sem einn þm. var veikur. Eftir kosningar kom síðan vinstrimannastjórn, sem með tilstyrk hægrimanna var í meiri hluta. Við næstu kosningar kom nýr meiri hluti í neðri deild þingsins, að vísu mjög veikur, en á honum sat þó ráðuneyti Staunings, uns hann kaus sjálfur að leysa upp þingið og komst í minni hluta við kosningarnar. Því er ekkert dæmi, hvorki frá Danmörku nje Englandi, sem sambærilegt sje við aðstöðu stjórnarinnar hjer. Hún getur hvergi komið fram sínum vilja af eigin rammleik. Hún ræður ekki forseta neðri deildar. Og í sameinuðu þingi er atkvæðum þannig háttað, að guðsdómur gengur á móti henni. Stjórnina vantar því öll aðaleinkenni þingræðisstjórnar, og ástæðan til þess, að Framsóknarflokkurinn ljet sjer nægja þessa yfirlýsingu í neðri deild, var sú, að svo nærri er komið kosningum, að ekki er hægt að flýta mikið dómi þjóðarinnar yfir íhaldinu með þingrofi. En þessi yfirlýsing, sem hv. þm. Str. (TrÞ) gaf sjerstakt gildi með mjög vængjuðu orði, var beinlínis miðuð við þá freku aðferð, sem stjórnin hafði haft, þegar hún vildi slá því föstu, að hún væri þingræðisstjórn. En með yfirlýsingu hv. Nd. var hún færð úr fötunum um þetta. Nú verður ekki lengur á móti því borið með nokkurri skynsemd, að hæstv. landsstjórn er sama eðlis og bráðabirgðastjórnir þær, sem settar eru til að halda stjórnarskútunni á floti, þar til þinginu líst að skipa nýja stjórn.

Þá kem jeg að fjármálaræðu hæstv. ráðh. (JÞ). Þar verð jeg að segja, að hann var á allhröðu undanhaldi. Hann gat ekki neitað því, sem var aðalatriðið hjá mjer, að sú stjórn, sem nú kemur og biður um sparsemi, hefir á fjölmarga vegu lifað og látið eins og engin fjárlög væru til, og er að reyna að skapa sem flesta vegu til að nota landsfje utan við fjárlög á árunum 1927 og '28. Hæstv. ráðherra gaf að vísu þá skýringu á orðum sínum, að hann vildi ekki endilega strika út þær litlu framkvæmdir, sem andstæðingar hans komu inn í fjárlagafrv. í háttv. Nd. Það er nú gott að heyra, að hann er ekki að panta hlutdrægni af stuðningsmönnum sínum í þessari háttv. deild. En það er eftir að vita, hvort hann sættir sig við það í framkvæmdinni, að skornar verði niður fjárveit-

ingar til byggingar landsspítala eða til Vestmannaeyjahafnar, eða hvort hann vill fella frv. um heimavistir við mentaskólann, eða fresta að brúa Hvítá í Borgarfirði eða Hjeraðsvötn í kjördæmi hæstv. atvrh. (MG). Mjer finst það vera eftirtektarvert fyrir hv. deild að athuga þær stóru upphæðir, sem hæstv. stjórn vill hafa möguleika til að eyða. — En hæstv. forsrh. mintist ekki einu orði á það, með hvílíkri hörku fylgismenn hans í háttv. Nd. reyndu að drepa allar brtt. um framkvæmdir í kjördæmum andstæðinganna. Ekki nefndi hann heldur hitt, að hið danska stuðningsblað hans hjer í höfuðstaðnum hefir ekkert sagt út af Vestmannaeyjahöfn eða heimavistunum, en ætlar alveg af göflunum að ganga út af því, að hv. Nd. samþykti 9 þús. kr. fjárveitingu til vegagerðar í Suður-Múlasýslu.

Hæstv. ráðh. reyndi ekki að hrekja það, að eðlilegt væri, að öll hjeruð vildu hafa jafnrjetti um fjárveitingar, meðan fjárkreppan nær ekki alveg til ríkissjóðs. Jeg get vel búist við, að nú verði alt samþykt, heimavistir, samskóli, Vestmannaeyjahöfn o. s. frv., og síðan verði bætt við höfn í Ólafsvík og Stykkishólmsvegi fyrir stuðningslið stjórnarinnar. Þetta eru sumt góð mál, en árið 1928 getur þó sorfið svo að, að ekki sje hægt að koma neinu af þessu í framkvæmd. Jeg er síst að óska, að svo verði, en það er engan veginn óhugsandi. En það má líka hugsa sjer þann möguleika, að fjeð endist til að framkvæma margt af þessu, og kannske vel það. Sje jeg þá ekkert á móti því, að eitthvað mætti mætti fara í smásímaspotta og vegabúta í kjördæmum stjórnarandstæðinga.

Hæstv. ráðh. (JÞ) talaði mikið um sanngirni Íhaldsins gagnvart andstæðingum sínum. Já, — mjer hefði fundist rjett, að hæstv. ráðh. hefði nefnt Laugaskólann sem dæmi um þann mikla kærleik. Hæstv. forsrh. hefir sjálfur, hjer á hinu háa Alþingi, farið ókurteislegum niðrunarorðum um forstöðumann þessa skóla, af því að hann hafði rekið hæstv. ráðh. í vörðurnar á mannfundi á Norðurlandi. Fjárveitingar til þessa skóla hafa verið knúðar fram gegn vilja hæstv. landsstjórnar af andstæðingum hennar. Og nú síðast, við atkvgr. um stofnun húsmæðradeildar við skólann, var aðeins einn stuðningsmaður hæstv. stjórnar, sem þar greiddi ekki atkv. á móti. — Jeg fæ ekki sjeð, hvernig hægt er að komast hjá því að tengja Akureyri við umhverfi sitt með vegum. En meðan ekki eru búnir nema 2 eða 3 km. af þessum vegi, sem hæstv. ráðh. vitnaði til til að sanna sanngirni sína, held jeg ekki, að þar sje mikið að þakka.

Aftur á móti get jeg verið hæstv. ráðh. þakklátur fyrir upplýsingarnar um ráðherrabústaðinn og viðgerðina á húsi Jóns heitins Magnússonar. Jeg var dálítið hissa, þegar jeg sá á fjáraukalögum aðeins fjárveitingu til viðgerðar á ráðherrabústaðnum við tjörnina, og hjelt því, að engin krafa hefði komið um greiðslu á hinni viðgerðinni, eða að niðurstaðan hefði orðið sú, að hún ætti ekki að borgast úr landssjóði. En nú sje jeg, að mjer hefir skjátlast, og að allstór fjárhæð hefir verið greidd í þessu skyni. Jeg veit ekki, hve há þessi upphæð hefir

verið, en hafi viðgerðin verið greidd að fullu, gæti jeg trúað, að það hafi numið um 20 þús. kr. fyrir landssjóð. Jeg vil nú spyrja hæstv. ráðh. (JÞ), hve mikið hann hefir greitt af hendi í þessu skyni. Það skiftir nokkru máli, þegar þess er gætt, að þessu er eytt í viðgerð á húsi einstaks manns, svo að konungur geti búið þar 2 eða 3 daga, og einmitt á þessum tíma þarf að láta fram fara viðgerð á ráðherrabústað þeim, er landið sjálft á. Hefði konungi verið fenginn sá bústaður, hefði alveg sparast kostnaðurinn við viðgerð hins hússins, sem var mjög gott til allra venjulegra þarfa, án þess að nokkuð væri við það gert. Í þessu sambandi má minna á það, að fyrir nokkrum árum eyddi þáverandi stjórn 20 þús. kr. í viðgerð á húsi austur í Árnessýslu, svo að konungur gæti gist þar eina nótt.

Hæstv. ráðh. mælti svo fyrir hinni dýru byggingu, sem hann er að reyna að fá samþykta, — heimtavistunum við mentaskólann hjer, — að hann vildi, að Alþingi sýndi stefnu sína í þessu máli. En jeg fæ ekki sjeð, að þarna sje um neitt stefnumál að ræða, nema ef vera skyldi í því, að Íhaldið vilji heldur draga unglinga hingað en til Akureyrar.

Hæstv. fjrh. sagði, að óæskilegt væri að fá stöðvun í þessar framkvæmdir. Jú, þetta er satt. Þess vegna ættu menn að kunna sjer hóf og ráðast ekki í stórar húsbyggingar, sem vel mega bíða þar til úr rætist, svo sem heimavistahús mentaskólans o. fl., sem verið er að fitja upp á. Mjer skilst líka, að rektor mentaskólans hafi ekki verið spurður um þetta, og mátti það þó ekki minna vera.

Þá var það eitt atriði, sem jeg vildi beina til hæstv. forsrh., og er það þó sumpart til hans sem utanríkisráðherra. Þessi spurning er út af því, að hann hefir altaf verið að gera þær kröfur til Framsóknarflokksins, að hann eigi að líta á einn aðalflokkinn sem óaldarflokk, sem Framsókn megi ekki hafa nein mök við. Hæstv. stjórn og stuðningsblöð hennar hafa af veikum mætti reynt að sýna fram á það, að það gengi glæpi næst hjá Framsóknarmönnum að vinna um sum mál með verkamönnum, einkum að vinna á móti andstæðingum beggja, núverandi stjórnarflokki. Út af þessu vildi jeg vekja athygli á því, að hjer var á ferðinni í sumar foringi flokks verkamanna í Danmörku, sem er hliðstæður þessum íslenska óaldarflokki, sem hæstv. ráðh. telur glæpi næst að hafa nokkur mök við. Og á meðan þessi maður, Stauning forsætisráðherra, dvaldi hjer, hjelt hæstv. stjórn honum dýrindis veislur upp á ríkis kostnað, og sýndi honum yfir höfuð alla þá virðingu, sem hugsast gat og samboðin mátti vera hverjum þjóðhöfðingja, og meira að segja hefi jeg fyrir satt, að þessum danska verkamannaforingja hafi af hæstv. stjórn verið sendur blómvöndur á skipsfjöl, er hann lagði frá landi. Jeg get bætt því við, að jeg var af tilviljun staddur í Kaupmannahöfn í sumar, er hæstv. forsrh. var þar á ferð, og varð jeg þess þá var, að hann sat veislur með þessum mönnum, sem ætla má, eftir því sem hann hefir talað um flokksbræður þeirra hjer heima, að hann hefði ekkert samneyti viljað við hafa, en eiginlega var svo að sjá, að þarna í Kaupmannahöfn gengi hnífurinn ekki á milli

hæstv. forsrh. og þessara skaðræðismanna í Danmörku.

Nú vildi jeg spyrja hæstv. ráðh. (JÞ), hvort hann álíti ekki, að þessir verkamannaforingjar í Danmörku sjeu álíka miklir glæpamenn eins og flokksbræður þeirra hjer á landi, og að siðspillandi sje að komast nokkuð í námunda við þá. Og sje þetta álit hæstv. utanríkisráðherra (JÞ), hvort honum finnist þá viðeigandi, að þessum erlendu mönnum sje sýnd sú kurteisi, sem hjer var gert, eða hvort honum virðist sæmandi að sitja veislur með þessum óaldarflokksforingjum.

En ef hann lítur nú svo á, að þessir menn sjeu honum jafnrjettháir að mannvirðingum og sæmilegir menn í allri framkomu, þá vildi jeg skjóta því til hans, að hann ætti ekki að vera með þennan fariseahátt í blöðum sínum, að verkamannaforingjarnir hjerna sjeu þeir misyndismenn, sem allir velþenkjandi menn verði að forðast eins og pestina.

Þessir sleggjudómar hafa gengið svo langt, að íhaldsmaðurinn Einar Hjörleifsson Kvaran hefir að makleggleikum vítt þetta framúrskarandi heimskulega háttalag stjórnarblaðanna, og þessa grein Kvarans varð aðalmálgagn stjórnarinnar að flytja. Ef hæstv. stjórn meinar ekkert með þessu, ef verkamannaforingjarnir eru ekki eins vondir og látið er í veðri vaka, og ef hæstv. ráðherra þykir gott að drekka þeirra dýru vín og eta þeirra góða mat í veislusölum Kaupmannahafnar, þá ætti hæstv. ráðh. að leggja þessa hræsni á hilluna og láta blöðin tala eins og hann meinar.

Þetta er að því leyti utanríkismál, að ef verkamannaforingjarnir eru eins og haldið hefir verið fram í íhaldsblöðunum, þá hlýtur hæstv. stjórn að hafa litið svo á, að hún gæti á engan hátt haft samneyti við þessa bersyndugu menn.

Hæstv. atvrh. (MG) lofaði að halda stutta ræðu til þess að verja sig, og fullnægði því á þann hátt, að honum tókst að halda litla ræðu og innihaldslausa. Það litla, sem hann var að reyna að svara fyrir sig, var flótti frá spurningum mínum. Viðvíkjandi strandmælingum, þá sagði hann, að unnið hefði verið að þeim á Húnaflóa, þrátt fyrir það, þó að þáltill. mín í fyrra snerist aðallega um mælingar á Breiðafirði, þar sem þörfin er allra mest, að dómi þeirra manna, sem til þekkja. **(Atvrh. MG:** Jeg mintist á báða staðina). Jú, að vísu, en hæstv. ráðh. man þó, ef hann vill muna það, að í fyrra var aðallega talað um þörfina á því að mæla upp siglingaleiðir á Breiðafirði. Hann gaf líka loforð um það í fyrra, að strandvarnarskipin yrðu látin annast mælingar þessar að miklu eða öllu leyti, og ljet þess getið í því sambandi, að skipherrann á „Óðni" hefði lagt á sig aukanám í því skyni að geta tekið að sjer slíkan starfa. Það getur nú kanske verið einhver afsökun í þessu efni, hvernig fór um þyngdarpunktinn í „Óðni" og skipið tafðist frá störfum um langan tíma. En jeg vildi þá skjóta því til hæstv. ráðh., hvort ekki mundi hægt að nota vitabátinn til þessara mælinga, og vænti jeg, að hann gefi einhverjar upplýsingar í því efni.

Viðvíkjandi byggingu strandferðaskips, þá upplýstist nú, sem að vísu

var vitanlegt áður, að hæstv. stjórn er mótfallin auknum strandferðum. Og þó má svo að orði kveða, að alveg ófullnægjandi strandferðir sjeu milli Hornafjarðar og Búðardals norður um land. Á þessu svæði er mikil þörf á því, að strandferðaskip komi á erfiðari hafnirnar, að minsta kosti einu sinni eða tvisvar í mánuði. Annars var það eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vildi vekja eftirtekt á. Hann benti á og það með rjettu, hve erfitt það væri fyrir Vestmannaeyinga að fá innlent hey. Og af hverju? Af því að smáhafnirnar hafa svo vondar samgöngur, að þær geta ekki komið vöru sinni á markaðinn.

Það má t. d. nefna höfn eins og Hvammstanga; þar hefir ekki verið hægt að fá markað fyrir einhverja bestu og verðmætustu vöru hjeraðsins, laxinn, af því að svo strjálar ferðir eru þangað og þaðan, að ekki hefir verið unt að koma þessari vöru á markað. Og í þessu sambandi mætti t. d. á það benda, að einhver allra besta og mesta jörðin í sýslunni, Þingeyrar, hefir verið auglýst til sölu í vetur, vegna þess að bóndinn, sem þar býr, getur ekki komið laxinum á markaðinn vegna slæmra og ónógra samgangna á sjó. Og þó er Húnavatnssýsla mun betur farin með samgöngur sínar heldur en t. d. Barðastrandarsýsla og Skaftafellsýslur.

Hæstv. stjórn hefir ekkert gert til þess að bæta strandferðirnar. Þó að Brúarfoss og Goðafoss fari kringum land einu sinni í mánuði og bæti að ýmsu leyti fyrir Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, eru þó allar smærri hafnirnar þar á milli jafnilla settar eftir sem áður vegna þess, að hjer er aðeins um hraðferðir að ræða milli útlanda og stærri hafna hjer við land. Jeg bendi aðeins á þetta af því, að hæstv. atvrh. hefir ekki hugsað um þörf smærri hafnanna og lætur eins og hann viti ekki, að stóru millilandaskipin sneiða að mestu leyti hjá smærri höfnunum.

Þá svaraði hæstv. atvrh. ekki nema að litlum parti fyrirspurnum mínum viðvíkjandi fyrirhleðslunni í Þverá. Jeg spurði um kostnaðaráætlun þessa verks, sem hv. 2. þm. Rang. (EJ) komst lítillega inn á og fordæmdi sem einskonar káktilraun, sem að engu væri hafandi. Jeg spurði ennfremur, af því að mörgum leist betur á það en till. vegamálastjóra í fyrra, að hingað væri fengin stórvirk vjel, sem græfi niður farveg Markarfljóts, svo að hann yrði nógu djúpur, — hvers vegna ekki hefði verið að því ráði horfið.

Jeg vildi minna á þetta hjer, svo að það kæmi skýrt fram, að úr því að vegamálastjóri hindraði, að hingað yrði keyptur bíll, sem flýtur yfir snjó og vegleysur, en fjekk í stað þess ónýta mokstrarvjel, þá myndi maður sá ekki heldur óskeikull um fyrirhleðslu Þverár.

Það hefir líka komið fram í umr. í dag, að þessi maður, sem í fyrra hindraði kaup á snjóbílnum, hefir á sínu baki 80—100 þús. krónur, sem hann ljet á sínum tíma leggja í vegspotta inni undir Elliðaám, sem átti að liggja til Hafnarfjarðar, en var horfið frá, svo að þessi fjárupphæð kemur aldrei neinum að gagni. Þess vegna er það ekki til neins fyrir hæstv. stjórn að vitna í þennan mann sem sjerstakt „autoritet“, nema þá að hún vilji

leggja sjerstaka áherslu á axarsköftin, er hann hefir unnið. Því að þau eru svo mörg, að undrum sætir, að manni í opinberri stöðu skuli haldast slíkt uppi. Í því sambandi mætti minna á veginn hjá Ferjukoti. Hæstv. ráðh. ætti að spyrja Borgfirðinga um þau vinnubrögð og heyra dóm þeirra á framkvæmdum vegamálastjóra.

Þá fór hæstv. atvrh. (MG) lítið inn á það, hvernig sá snjóbíll hefir gefist, sem hann og vegamálastjóri stóðu fyrir kaupum á. Að vísu vildi hann kenna mjer um, að bíll þessi væri keyptur, en jeg neita algerlega að eiga þar sök á. Alt slíkt verður að skrifast á reikning þeirra beggja, vegamálastjóra og hæstv. ráðherra (MG). En hitt skal ósagt látið, hvað lengi þeim tekst að hindra það, að hingað verði keyptur bíll, sem getur farið yfir snjó.

Hæstv. atvrh. fór líka undan í flæmingi að svara, hvað sá mokstrarbíll hefði kostað, sem hingað er kominn. Jeg hefi heyrt talað um kaupverð, sem nam tugum þúsunda. En þá sjaldan hann hefir verið að verki, hafi fjöldi atvinnulausra manna hjeðan úr bænum orðið að fylgja honum eftir til þess að moka honum áfram.

Hæstv. ráðh. (MG) var kampakátur yfir því, hvað þessi mokstrarvjel hefði gefist vel. En jeg held hann ætti að spyrja stuðningsmenn sína austanfjalls, því að dómur þeirra er sá, að ekki muni gerlegt að bæta meiru á bak stjórnarinnar, og vilja þeir því koma þessum bagga á aðra. **(Atvrh. MG:** Þeir ætla, sem rjett er, að hv. 1. landsk. labbi með þennan bagga á sínu baki).

Vill stjórnin sverja fyrir börn sín? Vill hún lauma afglöpum sínum á bak annara? Annars vildi jeg skjóta því til hv. 5. landsk. (JBald), hvort ekki mundi heppilegt í atvinnuleysinu á Ísafirði að fá þangað eina tvo snjóbíla og láta flokk atvinnuleysingja draga þá á milli Hnífsdals og Ísafjarðar.

Þá kom hæstv. ráðh. að gin- og klaufaveikinni, og þykist hann hafa staðið sig vel í því máli með því að gefa út reglugerð, sem varni mönnum, sem koma úr sýktum fjósum í öðrum löndum, að gerast fjósamenn hjer, en hve snemma var sú reglugerð gefin út? Þessi maður, sem sagt er að komið hafi úr sýktu plássi, var kominn áður en reglugerðin kom út, en það sýnir einmitt það, að í fyrra var engin sjerstök áhersla lögð á varnarráðstafanir, vegna þess að sýkin var þá ekki komin til Noregs, en þegar veikin var komin þangað, ekki á einn bæ, heldur fjöldamarga, þá er fje þar skorið niður með ærnum kostnaði, og gerðar margbreytilegar ráðstafanir til þess að halda veikinni í skefjum. Og eftir að farið var að skrifa hjer um málið og knýja stjórnina til að gera eitthvað, þá gerir eitt stjórnarblaðið gys að öllu saman. Meira að segja, eftir að búið er að gefa út bann gegn innflutningi á heyi, mun samt hafa verið flutt inn hey til Vestmannaeyja. En að segja það til afsökunar, að heyið hafi verið frá Bergen, lýsir ekki mikilli þekkingu á norskum staðháttum, því að hey, sem skipað er út þar, þarf ekki að vera þaðan úr grendinni, maður veit ekkert, hvaðan það er að komið með járnbrautum. Jeg

held, að það sje mjög lítill heyskapur í Bergen og hlíðunum þar í kring. (**Atvrh. MG:** Á götunum þar, það held jeg líka). Jeg held, að hæstv. ráðh. þurfi að læra sína norsku landafræði miklu betur áður en hann fer næst að halda fram heyskapnum í Bergen.

Hæstv. ráðh. segir, að þeir menn, sem komi frá sýktum löndum, eigi að gera vart við sig. Jeg vil í þessu sambandi minna á söguna um óbótamanninn og lögregluþjóninn, sem tók hann fastan á götunni og sagði: Legstu nú niður og bíddu rólegur, meðan jeg fer og sæki handjárnin. Þessi auglýsing, þótt hún sje birt í Lögbirtingablaðinu, er ekki þekt af mönnum, sem eru við nám eða vinnu utanlands. Hún er nokkuð linleg, samanborið við aðgerðir norsku stjórnarinnar, en þrátt fyrir allar aðgerðir hennar, komst veikin þó inn í landið. Nei, hvernig sem aðgerðir hæstv. stjórnar eru metnar, þá er stjórnin þar vegin og ljettvæg fundin. Yfirleitt finst mjer, að það minsta, sem stjórnin hefði getað gert, hefði verið að spyrjast fyrir á hverju skipi, sem frá útlöndum kom, um það, hvort hver maður, sem með skipinu kom, hefði skírteini fyrir því, að hann kæmi ekki frá sýktu hjeraði, og eins með allar vöruumbúðir, að láta taka vörurnar þannig upp, að þær væru um leið sótthreinsaðar.

Það er rjett, sem hæstv. ráðh. segir, að þessi veiki getur komið hvort sem vera skal frá Noregi, Danmörku eða Svíþjóð, en jeg held, að þessar lítilfjörlegu varúðarráðstafanir, sem gerðar hafa verið af landsstjórninni, hafi aðeins komið undan þunga almenningsálitsins, eftir að andstöðublöð hæstv. stjórnar voru búin að skýra málið fyrir almenningi og hættuna, sem yfir vofði. Stjórninni hefir þá sömuleiðis fundist, að hún yrði að gera eitthvað að nafninu til. Að minsta kosti finst mjer það mjög lítilfjörleg ráðstöfun, sem að líkindum er er gert að tilhlutun hæstv. stjórnar, að fara með hálminn óbrendan suður með tjörn, þangað sem kindur eru stöðugt á beit, sem ganga hjer í kringum bæinn.

Þá kom hæstv. ráðh. aftur að varðskipinu, og þóttist hafa staðið sig að öllu leytin mjög vel, þar sem hann hefði gert svo ágætan samning um byggingu þess eins og raun er á orðin. Jeg held nú samt sem áður, að það hefði verið miklu skemtilegra, ef samningurinn hefði verið svo frábær, sem af er látið, að skipið hefði ekki reynst ónýtt, að það hefði ekki reynst mannhætta að vera á því, og að það hefði ekki þurft að leggjast á hliðina á einni af betri höfnunum, sem til eru á Íslandi. En það hefir hæstv. ráðh. þó orðið að játa, að skipið var sem sagt nær ónýtt til þess, sem átti að nota það til, þegar það kom. En það getur vel verið, eins og Danir segja, að „man kan ogsaa göre en Skælm uret", að þyngdarpunkturinn hafi ekki verið eins langt frá því, sem hann átti að vera, og að stjórnarblöðin hafi sagt ástandið verra en það var. En þó að maður vilji ekki taka þessi blöð trúanleg um aðra hluti, þá býst maður samt ekki við, að þau vilji skrökva upp á hæstv. landsstjórn. En það er víst, að afvelta „Óðins" á Siglufirði benti á það, að þyngdarpunkturinn væri óþægilega ofarlega, því að skipshöfnin var víst um stund í efa um,

hvort hún myndi komast inn á höfnina öðruvísi en á kjöl, og hefði það verið leitt, ef þeir ágætu menn, sem nú eiga að komast á 12 þús. króna laun sumir hverjir, hefðu komið inn á Siglufjörð þannig, að þeir hefðu orðið að hanga á kilinum, alt fyrir vitlausan þyngdarpunkt í skipi því, er hæstv. ráðherra ljet byggja.

Nú mun það, því miður, vera aðalástæðan í þessu máli, að hæstv. stjórn hefir haft ungan ráðgjafa sjer við hönd, en ekki gamla og reynda menn, og jeg vona, að hæstv. ráðh. (MG) muni það ennþá úr sínum kristnu fræðum, að einn ungur og óreyndur konungur í Gyðingalandi vildi lemja menn sína með skorpiónum og hafa ráðherra á sínu reki til þess að leiðbeina sjer um ríkisstjórn. Nú býst jeg við, að það hafi verið eitthvað líkt ástatt um hæstv. ráðh., sem sagt hefir verið að hafi tekið með sjer ungan og óreyndan lögfræðing til þess að gera með sjer samningana um byggingu skipsins. Og virðist það, satt að segja, mikið yfirlætisleysi hjá hæstv. ráðh., ef hann hefir treyst þessum unga lögfræðingi betur en sjálfum sjer, enda þótt þessi lögfræðingur hafi áður verið „business"-maður á vegum hæstv. ráðh. og þess vegna átt að fá að njóta atvinnunnar áfram. Ef menn hefðu búist við, að ráðherrann væri ekki fær um að gera samninga af þessu tagi, þá hefði verið afsakanlegt að hafa ráðunaut.

Nú hefir það komið í ljós hjá hæstv. ráðh., að skipið hefir verið teiknað í Flydedokken, smíðað í Flydedokken og eins og áður hefir verið sagt, smíðað í samkeppni í Flydedokken. En hvernig getur það átt sjer stað? Leikmönnum finst, að þegar um slíka samkeppni er að ræða, þá geti hún ekki átt sjer stað, nema því aðeins, að fleiri teikningar af skipinu sjeu til, og að allir, sem vilja keppa, fái teikningu af skipinu, fái að vita hve stórt og hvernig það á að vera. En nú hefir hæstv. ráðh. komið upp um sig, því að annars hefði skipið ekki verið bæði teiknað og smíðað í Flydedokken, og það lítur þá helst út fyrir, að samningar hafi þegar verið gerðir við Flydedokken, þegar hún teiknaði skipið, og þess vegna var hægt að koma fram ábyrgð á hendur henni, fyrir að teikningin hafi verið röng. Annars fanst mjer það dálítið hlálegt í ræðu hæstv. ráðh., að þessir einstöku starfsmenn í Flydedokken hafi verið að reyna að koma skömminni fyrir smíðagalla skipsins hverjir á aðra, en það sýnir þó, að þeir hafa haft næmari sómatilfinningu en hæstv. landsstjórn, því að hún ljet einn af stuðningsmönnum sínum segja, að skipið væri snildarlega úr garði gert, og að það væri einmitt svo ágætt að fá verkið svona af hendi leyst. En smiðirnir hafa aftur á móti sjeð, að verkið var ekki svo sómasamlegt fyrir þá, sem að því unnu. Og þó að skipið hefði þurft að fara út aftur til rannsóknar, þá vona jeg, að hæstv. ráðh. sje mjer samdóma um það, að það hefði ekki þurft að vera eins lengi í burtu, svo að færri togarar hefðu orðið til að hrella hv. þm. Snæf. (HSteins), og skipið hefði ef til vill getað veitt betur við Snæfellsnes. Jeg hygg yfir höfuð að tala, að enginn geti dást að þessu axarskafti hæstv. stjórnar, nema ef það væru einhverjir, sem vildu hafa varðskip sem minst hjer eða að mann-

skaði yrði sem mestur á þeim, því að það sýnist sannarlega ekki hafa verið stjórnarinnar dygð að þakka, að skipinu ekki hvolfdi og fjöldi manna fórst. Mjer þætti annars gaman að vita, hvort hæstv. ráðh. hefir getað komist hjá því að nota ráð framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, þangað til þurfti að fara að ráða bót á göllunum. Jeg hygg, að það standi óhrakið, sem jeg sagði í kvöld, að það hafi ekki þurft að láta lengja „Fossana" eða Esju, sem Nielsen hefir látið smíða, og að þetta hafi farið svona óheppilega fyrir hæstv. landsstjórn, af því að hún hafi haft svo ófullkomna aðstoð við að leysa málið. Hitt er sannað, að þegar þessi reyndi maður var til kallaður og hafði ráðlagt að lengja skipið til stórra muna, en sem kostaði landið töluvert, þá var það gert og reyndist happaráð, og væri æskilegt, að þetta hefði verið sjeð fyr.

Hæstv. ráðh. sagði, að sjerfræðingar væru látnir ráða öllu um brúagerðir, síma- og vegalagningar, og að landsstjórnin skifti sjer ekkert af þeim málum. Jeg teldi það síst galla, þó að þeir væru látnir ráða þessum málum, ef ráð þeirra gæfust vel. En jeg teldi það á hinn bóginn stóran kost, ef sjerfræðingur hefði ekki verið látinn ráða vegarlagningunni frá Elliðaánum áleiðis til Hafnarfjarðar, eða ekki látinn ráða Kveldúlfsbúkkanum hjerna um árið, eða að það hefði ekki verið sjerfræðingur, sem reiknaði út Norðurárbrúna, eða sjerfræðingur, sem landsstjórnin hafði með sjer við samningana um Óðinn, því að það hefði þá líklega alt saman reynst betur. Það er sem sagt mjög undarlegt, þegar hver óvalinn maður getur farið út og látið smíða gufuskip eins og togarana, og þeir leggjast ekki á hliðina og hvað síst inni á höfnum, þá virðist það dálítið athugavert, hvort rjett er að láta þessa sjerfræðinga ráða öllu. Jeg fyrir mitt leyti skoða það svo, að þingið standi yfir þessum mönnum, og jeg skoða það eiginlega sem ósvífni að leyfa sjer að sleppa því hjer á þingi, að það sjeu menn með öllu óviðkomandi landsstjórninni, sem ráði öllum framkvæmdum í þessum málum. Það er að minsta kosti svo, að þingið á að ráða þessum málum, og ef hitt á sjer stað hjá íhaldsflokknum, þá verður að búa svo um hnútana, að hann ráði sem minstu, ef hann leyfir sjer að vera sem undirtylla hjá slíkum mönnum. Það er algerður misskilningur hjá hæstv. ráðh. á starfi þessara manna, ef hann heldur, að þeir eigi að ráða öllu. Það er vitaskuld þingið, sem á að ráða, og að nokkru leyti þjóðin. En það á að hafa, að svo miklu leyti sem hægt er, ráð þessara manna, og það verður náttúrlega í mörgum tilfellum hægt að taka tillit til þeirra, t. d. til ráða Forbergs heitins landssímastjóra. Sjerfræðingar eru misjafnir eins og annað fólk. Jeg held, að Forberg hafi haft mjög lítið af síma-framkvæmdum á samviskunni, sem sambærilegar væru við Hafnarfjarðarveginn, hina margumræddu fyrirhleðslu fyrir Þverá eða síkið hjá Ferjukoti.

Jeg mintist nú aðeins á þessa byrjun í Skagafirði í tilefni af þeirri sparnaðarræðu, sem einn af stuðningsmönnum hæstv. landsstjórnar, hv. 2. þm. Rang. (EJ), hjelt. En ef hv. þm. (EJ) er alvara, þá getur vel farið svo, að

það verði t. d. að hætta við að brúa Hjeraðsvötnin. Það er ekki hægt fyrir hæstv. stjórn að knýja altaf fram meira og minna fje þar, sem stuðningsmenn hennar eiga hlut að máli, með því að skera niður alstaðar annarsstaðar. Það verður að láta jafnt ganga yfir alla.

Þá vildi hæstv. ráðh. láta það líta svo út með þessi frv., sem hæstv. stjórn hefir verið að knýja með flokksvaldi gegnum þingið, að það væru uppástungur um, hvað ætti að gera á næstu árum. Það eru sannast að segja mjög skrítnar uppástungur. Hæstv. stjórn sagði, að hún vildi fá lög um heimavistir gegnum þingið til þess að geta gripið tækifærið, þegar peningar væru í sjóði. Henni nægði ekki að athuga málið, heldur vildi hún reyna að binda hendur þingsins þannig, að það væri ómögulegt að komast hjá því að gera þetta, ef eitthvert fje fjelli til. Það væri gaman að heyra það frá þeim háttv. stuðningsmanni stjórnarinnar, er talaði áðan (EJ) og vildi láta skera niður smávegi og smásíma, hvort hann vildi, að þessi heimild kæmist fram, til þess að hægt væri að brúka fje landssjóðs í það þetta sumar eða næsta sumar.

Þá gleymdi hæstv. ráðh. alveg höfninni í Vestmannaeyjum og sömuleiðis höfninni á Akureyri, sem jeg er mjög hræddur um, að muni koma til að kosta nokkra tugi þúsunda í sumar. Svo að ef á að fara að stunda sparnað, þá held jeg, að hæstv. ráðh. hefði átt að benda okkur í fjhn. á, að þetta mætti ekki gera, því að ríkissjóður hefði ekki ráð á því.

Um síldarmatsembættið á Austurlandi ætla jeg ekki að fjölyrða. — Annars hefir hæstv. stjórn verið svo fjarlæg því að færa saman embætti, að hún hefir hlaðið upp fjölda mörgum dýrum embættum. Hún hefir komið upp nýju embætti við háskólann, endurreist sendiherrann í Kaupmannahöfn, hlaðið undir Spánarlegátann, bjargað Mogensen, komið á upp undir 40 föstum embættum á varðskipunum og vill skapa ótakmarkaða starfsmannafjölgun með samskólafrv. og öðrum skyldum frv. Því að eins og jeg er búinn að sýna fram á, þá er ómögulegt að standa á móti því, að önnur hjeruð geti fengið fasta kennara handa unglingaskólum sínum og væntanlega til iðnfræðslu, úr því að hún verður tekin á landið fyrir Reykjavík. Það er því óþarfi fyrir hæstv. stjórn að vera að afsaka sig með því, að hún hafi opin augun fyrir embættasparnaði.

Hæstv. ráðh. reyndi að sýna fram á, að það væri ekki hægt að áfella sig fyrir það, að hann hefði stutt fagrar listir með því að vera með því, að umræddum málara hefði verið veitt lán. Jeg tók ekki eftir því, hvernig hæstv. ráðh. greiddi atkvæði, en hinu tók jeg eftir, að megnið af stuðningsmönnum hæstv. stjórnar og meira að segja sá íhaldsþingmaður, sem venjulega er harðastur við að fella alla styrki til lista og listamanna, greiddi þessari till. atkvæði. Jeg er ekki þar með að halda því fram, að það sje ekki gott verk að veita þessum manni lán til að byggja yfir sig, en jeg hygg, að hjer sje þó annar maður miklu hæfari, og það mun flestra manna álit, að sá málari, sem hv. Nd. vildi ekkert sinna, sje þeim kostum búinn, að það sje rangt að taka aðra málara fram yfir hann, og eins sje það mesta vansæmd

að kaupa ekkert af honum í nokkur undanfarin ár.

Þá vil jeg beina einni lítilli fyrirspurn til hæstv. ráðh., sem hann skaut sjer undan að svara áðan. Það er hvernig stendur á því, að hæstv. stjórn hefir tekið það starf af þjóðmenjaverði að velja og kaupa málverk fyrir landið, og hverjum hún hefir fengið það starf. Það er að vísu vitanlegt, að hæstv. stjórn hefir tekið þetta starf af þjóðmenjaverði og fengið það einhverjum manni eða konu úti í bæ, sem svo hefir keypt fyrir alla peningana af einum og sama málara. Jeg segði ekkert um það, þó að eitthvað væri keypt af honum líka, en þetta verð jeg að skoða sem bersýnilega hlutdrægni, og mjer þætti mjög fróðlegt að fá að heyra, hverjum hæstv. stjórn hefir falið þetta starf. Jeg held, að þessi ráðsmenska stjórnarinnar og trúnaðarkonu hennar hafi vakið svo mikla gremju meðal listamannanna, að hörð mótmæli og vantraust á stjórnina frá þeim sje nú á uppsiglingu.

Þá endaði hæstv. ráðh. ræðu sína með því að segja, að það kendi miður ánægjulegs hugsunarháttar í ræðu minni til stjórnarinnar. Það er skiljanlegt, að þegar hún hefir fengið regn af spurningum yfir sig viðvíkjandi ráðsmensku sinni, er bera með sjer, hve illa hún hefir staðið í stöðu sinni, þá hafi það þau áhrif á hana, að henni finnist þær ósanngjarnar og óviðeigandi.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. atvrh. að vera að „moralisera“ hjer í deildinni. Menn vita nú orðið, hvaða „moral“ hann hefir að geyma, og menn hafa alment myndað sjer skoðun um það. Krossaneshneykslið stendur sem ævarandi minnismerki yfir hugsunarhætti hans. Hvernig sem hann reynir að þvo sig hreinan af því hneyksli, getur hann aldrei breytt því áliti, sem skapast hefir um hann. Hann getur ef til vill setið sem ráðherra part úr ári ennþá, en hitt er óhugsandi, að hann geti nokkuð breytt þeim rótgrónu skoðunum, sem almenningur hefir myndað sjer um hann í sambandi við Krossanesmálið og önnur mál. En við hinu, að hann fái við og við að dingla við völd af náð Íhaldsflokksins, er ekkert að segja. Flokkurinn hefir nú einu sinni ekki upp á betra að bjóða. En þar fyrir má hæstv. ráðh. ekki halda, að hann sje neinn æðsti prestur í siðferðilegum efnum. Hann getur því alveg sparað sjer að koma fram sem „moralskur“ vandlætari.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) hefir nú enn á ný haldið hátt upp í tveggja tíma ræðu, enda er hann nú svo aðfram kominn, að hann gat litlu komið upp seinast vegna einhverrar munnsýki, — jeg vona þó, að það sje ekki gin- og klaufaveiki. Jeg ætla nú að svara hans löngu ræðu, en býst þó við að komast af með fjórðung þess tíma, sem hann sjálfur notaði til sinnar ræðu.

Hv. þm. fann að mælingunum á Breiðafirði og Húnaflóa og fann mjer það til foráttu, að jeg hefði aðeins talað um mælinguna á Húnaflóa. En jeg talaði einmitt um báðar mælingarnar í einu.

Hann neitaði því, að strandferðir Eimskipafjelags Íslands hefðu nokkuð bætt úr samgönguþörfinni,

þar eð smáhafnirnar hefðu orðið útundan. En nú fara skipin einmitt með vörur frá útlöndum á smáhafnirnar. Og eftir því sem Eimskipafjel. fær fleiri skip, því betri verða strandferðirnar.

Þá nefndi hv. þm., að stjórnin þyrfti að halda í gengið. Það er rjett, að Alþingi lagði svo fyrir, að því skyldi haldið föstu. Þess vegna varð að varast að kaupa mikið inn frá útlöndum. En skipakaup eru annað en húsabyggingar, því að skipsverðin fara öll út úr landinu, en húsabyggingafjeð rennur að miklum hluta til innlendra manna. Þá þótti hv. þm. jeg ekki hafa upplýst það, hvað það kostaði að reyna að halda þverá og Markarfljóti í skefjum. Ræða háttv. þm. var nú tveggja tíma löng, og jeg gat ekki skrifað hana alla upp. Svo var hún full af ótal spurningum. Það á hjer við, að eitt fífl getur spurt að fleiru en tíu vitringar geta svarað.

Annars var ræða hv. 1. landsk. (JJ) fremur árás á vegamálastjóra en stjórnina. Hann var að hnjóða í þennan duglega embættismann. Þá sagði hv. þm., að sjer kæmi ekki við þál. 575, sem samþ. var í fyrra. Hún var nefnilega mikið löguð frá því, sem hann samdi hana. En stjórnin taldi sjer skylt að fara eftir því, sem þingið samþykkir, en ekki eftir firrun hv. þm. (JJ). Stjórnin hefir farið eftir áliti þingsins bæði með snjóbílinn og fyrirhleðsluna.

Svo sagði hv. þm., að „Óðinn" hefði verið ónýtur þegar hingað kom, og að mannhætta hefði verið að vera á honum. Skipið var hjer í alt fyrrasumar, sigldi svo til Kaupmannahafnar í vetur og hrepti svo vont veður, að „Ísland", sem lenti í sama veðri, misti skipsbátinn, en „Óðinn" komst óskaddaður. Þetta sýnir, að hann var ekki ónýtur, en það þurfti „ballest" í hann.

Hv. þm. hjelt, að það væri einhver uppgötvun hjá sjer, að „Flydedokken" hefði gert teikningar allar af skipinu. Þetta er fáfræði hjá hv. þm., því að skipasmíðastöð sú, sem smíða á skip, gerir jafnan allar teikningar og fær aðeins gefið upp, hve langt og breitt skipið eigi að vera, hver hraði þess eigi að vera o. s. frv. En alt annað er stöðvarinnar að annast undir eftirliti. En upp úr öllu þessu hafðist það, að við höfum, vegna þessa óhapps með bygginguna, fengið miklu betra skip en við höfðum samið um áður.

Jeg tók það fram, að þegar verið væri að semja stjfrv. til fjárlaga, þá segði stjórnin við hina ýmsu framkvæmdarstjóra hins opinbera, hve mikla upphæð hver og einn gæti fengið til sinna framkvæmda, en svo skyldu þeir gera till. um, hvernig þessu fje væri varið. En þegar jeg benti á þetta, þá kallar hv. þm. það hlutdrægni og enda beina ósvífni að láta þá ráða nokkru hjer að lútandi, sem kunnugastir eru. En heldur hv. þm., að það sje ósvífni að láta þá menn, sem eru kunnugastir þessum málum, gera till. um þau til stjórnarinnar? Heldur hv. þm., að lesendur sínir sjeu svo lítt hugsandi menn, að þeir gleypi alt ómelt, sem hann segir? Nei, þeim fer óðum fækkandi, sem trúa hv. þm. (JJ).

Hv. þm. var að vona, að það yrði að hætta við brúna á Hjeraðsvötnum.

En hjer blandar hann saman eins og áður. Þessi brú verður bygð fyrir fje, sem veitt er í fjárlögum 1927, en ekki 1928.

Svo var það besta hjá hjá hv. þm., þegar hann var að tala um, að stjórnin væri í minni hluta í hv. Nd., en segir svo, að hún hafi knúð fram með flokksvaldi frv. um samskóla Reykjavíkur. Ef á að fá nokkurt vit út úr þessu, þá er það líklega þannig, að hann vill gefa Íhaldsflokknum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), fræðslumálastjóranum, sem hjálpaði til að koma frv. fram.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði gleymt höfninni í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Það liggur ekki fyrir hjer. Jeg er vanur að tala um þau mál, sem eru á dagskrá, en ekki að hringla úr einu í annað og tala um alt milli himins og jarðar, eins og hv. þm. gerir, en tóm vitleysa er þetta. Þá spurði hv. þm., hvers vegna tekin hefðu verið af fornmenjaverði ráðin um innkaup á málverkum. Það gerði þingið í fyrra, er það setti þessa fjárveitingu sjerstaka, til þess að þetta heyrði ekki undir þjóðmenjavörð. Og það væri mjer alveg að meinalausu, þótt hv. þm. kæmi fram með brtt. um þetta, en það hefir verið leitað ráða góðs málara um innkaup á málverkum, því að stjórnin hefir treyst honum betur en sjer til þessa.

Þá sagði hv. þm., að stjórnin hefði ekki gert neinar embættasamsteypur. Hann gleymir síldarmatsstarfinu á Seyðisfirði og fræðslumálastjóraembættinu. Svo hefir dósentsembættið í grísku ekki ennþá verið veitt.

Jeg ætla svo ekki að svara hv. þm. meiru, því að hann hefir fengið vottorð frá einum af bestu læknum landsins um það, að hann geti ekki borið ábyrgð orða sinna.

Ingvar Pálmason: Svar hæstv. atvrh. (MG) við spurningu minni kom bæði seint og illa. Fyrst og fremst gengur hæstv. ráðh. alveg framhjá að svara því, hvort það var vegna þess, að „Óðinn" forfallaðist, sem strandvörnum var ekki sint fyrir Austurlandi seinni partinn í fyrrasumar. Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði gefið í skyn, að jeg hefði fengið loforð frá fyrverandi forsætisráðherra (JM) um strandvarnir fyrir Austurlandi. Jeg gerði meira en gefa það í skyn, jeg fullyrti það, og er ekki einn til frásagnar um það. Jeg get vitnað til sjútvn. Ed., að í samráði við hana var það gert, og það var borið undir mig sem kunnugan mann. Og hefði hæstv. fyrv. forsrh. (JM) notið við, geri jeg ráð fyrir, að við loforðið hefði verið staðið. Viðvíkjandi gæslunni fyrir Austurlandi á þessu ári var svarið hjá hæstv. ráðh., að það sama yrði látið ganga yfir það og aðra landshluta. Það væri nú gott, ef við fengjum aðra eins strandgæslu og Vestmannaeyjar, aðeins að það yrði á þeim tíma, sem nauðsyn er mest, en það er að vorinu og síðari hluta sumars. Minni þörf um miðsumarið, þ. e. yfir júlí og ágústmánuði. Aftur á móti er lítil þörf á landhelgisgæslu yfir vetrarmánuðina. Hæstv. ráðh. þýðir ekki að svara út í hött og segja, að það sama verði látið ganga yfir Austfirðinga og aðra. Það veltur alt á tímanum. Við viljum fremur fá 2 mánaða strandgæslu, ef það er á rjettum tíma, en 4 mánaða á óhentugum tíma. Það hefði

verið heppilegast fyrir hæstv. ráðh. að fara að ráði fyrirrennara síns og leita upplýsinga kunnugra manna um það, hvenær heppilegast væri að hafa strandgæslu fyrir Austurlandi, og hvenær hennar væri þar helst þörf. Hæstv. ráðh. hefði átt að svara fyrirspurn minni svo, að einhverjar ályktanir hefði mátt draga út úr svari hans. Jeg vona nú, að hann svari fyrirspurn minni betur og sýni, að hann er atvinnumálaráðherra.

Jeg vænti þess, að hæstv. ráðh. (MG) beri það undir hv. sjútvn. eins og fyr, þó að jeg eigi þar ekki sæti nú, hvernig landhelgisgæslunni verði hagað á yfirstandandi ári. Jeg get fullvissað hann um það, að nefndin ber fult skyn á, hvernig henni verði haganlegast komið fyrir, svo að strandvarnirnar komi okkur Austfirðingum að fullu liði. Ef ekki á að binda sig við fastákveðinn tíma, eru þær gagnslausar. En það er hæstv. atvrh. auðsjáanlega þyrnir í augum að binda sig við fastan tíma.

Jeg verð að biðja hv. deild velvirðingar, hafi jeg tafið hana meira en góðu hófi þykir gegna. En jeg gat ekki látið vera að svara í öðrum tón en jeg spurði, því að hæstv. ráðherra gaf fult tilefni til þess.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skil vel af öllum ummælum hv. 1. landsk. (JJ) út af till., sem samþykt var í hv. Nd., að hann er ekki fullánægður með afstöðu flokksbræðra sinna í hv. Nd. til stjórnarinnar. Óminn af ósigri þeim, er hann hefir beðið innan flokks síns, mátti ótvírætt heyra í ræðu hans. Jeg get sagt hátv. 1. landsk. það, að svo vel sem jeg get látið mjer lynda að sitja við hlutleysi flokksbræðra hans, væri mjer að sama skapi leitt, ef sú stjórn, er jeg veiti forstöðu, ætti að einhverju leyti að búa við hlutleysi frá hans hendi sjerstaklega.

Í ræðu hv. þm. (JJ) kom ekki neitt nýtt fram viðvíkjandi þessu, nema hvað hann færði sem sönnun fyrir því, að stjórnina skorti þingfylgi, að hún hefði ekki ráðið forsetakosningum í Nd. og Sþ. Hann var nýbúinn að vitna í ástandið í Danmörku og þingræðisstjórnina þar. En hann athugar ekki, að það stendur nú svo á þar, að stjórnin hefir ekki forseta úr sínum flokki í þjóðþinginu, sem eftir stjórnarhögum þar í landi er sú deild, sem þingræðið miðast aðallega við. Það er ávalt svo, að ekki er krafist, að stjórn hafi meiri hluta endilega úr sínum flokki einum. Þá er heldur ekki heimtað, að hún ráði forsetakosningu frekar en öðru. Stærsti flokkurinn í þinginu danska, nefnilega sósíalistar, hefir vitanlega ráðið um forsetana.

Jeg get svo látið útrætt um þennan innanflokks ágreining, sem gægst hefir fram úr orðum hv. 1. landsk. (JJ). Stjórninni nægir alveg það hlutleysi fram til næstu kosninga, er hv. formaður Framsóknarflokksins (ÞorlJ) hefir látið henni í tje í ræðu, er jeg las kafla úr.

Um fjármál sagði háttv. þm., að stjórnin hefði lifað og látið eins og engin fjárlög væru til. Og hann vitnaði í fjáraukalög því til sönnunar. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi þar átt við fjáraukalög fyrir árið 1926, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing.

En um þau lög er svo háttað, að engar aðfinslur hafa komið fram gagnvart þeim fjárveitingum, sem þar er leitað heimildar fyrir, og því síður hefir bólað á neinni till. í þá átt að fella þessi lög. Sú eina breyting, sem á þeim var gerð, var að till. hv. fjvn. í Nd., að bætt var við einni dálítilli fjárupphæð, sem stjórnin hafði ekki farið fram á og ekki þurfti beinlínis að greiða, en verður auðvitað greidd, úr því að þingið óskar þess.

Afleiðingin af því að afgreiða fjárlög með tekjuhalla nú er sú, að óhjákvæmilegt verður að stöðva ýmsar verklegar framkvæmdir á árinu 1928. Jeg get ekki annað sagt en að það sje vandræðameðferð á fjárlögunum af hálfu þingsins, ef hrúgað er inn í þau þeim kynstrum af fjárveitingum með það fyrir augum, að stjórnin sjái sjer ekki annað fært en ganga á snið við fjárveitingarvaldið og láta framkvæmdir fyrirfarast, sem fje er veitt til samkvæmt fjárlögum. Jeg veit ekki með hverju þingið getur spilað fjárveitingarvaldinu úr sínum höndum í hendur stjórninni, ef ekki með þessari aðferð, sem hv. 1. landsk. fanst eðlileg.

Hv. þm. (JJ) spurði, hve mikið fje hefði farið til viðgerðar á húsi Jóns heitins Magnússonar fyrverandi forsætisráðherra. Jeg er ekki við því búinn að segja til, hve mikill partur það er af konungskomuupphæðinni. Jeg hefi ekki athugað það. Hv. þm. gat upp á upphæð, sem jeg, án þess að segja að sje rjett tilgreind, tel líklegt, að ekki fari fjarri sanni. En jeg hygg, að það mætti verða hinum látna forsætisráðherra til afsökunar, að hann mun ekki hafa ætlast til, að ríkið borgaði viðgerðarkostnað á húsi sínu. En úr því sem fór þótti rjett, að ríkissjóður tæki á sig kostnaðinn, þótt segja megi, að rjettast hefði þá verið að láta fjeð renna í annað hús, sem ríkið ætti sjálft.

Jeg ætla að hlífa þessari hv. deild við því að tína upp fleiri sundurlausa þanka úr hinni löngu ræðu háttv. 1. landsk. Því að sundurlaus var hún. Það vantaði sem sje eitt í þá ræðu, en það var þungamiðjan. Þyngdarpunkturinn hafði einhvern veginn fallið niður.

En jeg verð þó að víkja lítillega að ummælum hv. þm. um komu forsætisráðherra Dana hingað til Íslands og þær móttökur, er hann hlaut hjer, og hinsvegar för minni til Danmerkur og viðtökum þeim, er jeg átti þar að fagna.

Þó að hv. þm. hefði ekkert út á aðgerðir stjórnarinnar að setja gagnvart þeim móttökum, ljet hann þó skína út úr orðum sínum, að þær hefðu verið fullvirðulegar og vingjarnlegar. En jeg verð að segja það, að þá er það bar við í fyrsta sinn, að forsætisráðherra sambandsþjóðar vorrar tók sjer ferð á hendur til þess að heilsa upp á Íslendinga, áleit jeg það sjálfsagða skyldu mína, — jeg hafði þá nýtekið við starfi mínu, — að halda uppi þeim viðtökum fyrir landsins hönd, að þjóðinni yrði ekki vansæmd að. Í sambandi við þetta þótti mjer æði mikill ljóður á orðbragði hv. 1. landsk., að fjórum sinnum talaði hann um Alþýðuflokkinn hjer svo sem væri hann óaldarflokkur og glæpamenn; seinast nefndi hann þá stórglæpamenn. (**JJ**: Jeg síteraði aðeins stjórnarblaðið!). Jeg veit ekki til, að nokkur

stjórnmálaflokkur hafi leyft sjer að halda því fram, að Alþýðuflokkurinn verðskuldi þessi ókvæðisorð, sem hv. 1. landsk. lætur sjer sæma að nota eða skrökva upp í annara orða stað um þennan flokk. Þarna hefir honum sviðið, að því hefir verið haldið fast á lofti, að óeðlilegt væri, að flokkur, sem svo er skipaður mönnum sem Framsóknarflokkurinn, væri í bandalagi við Alþýðuflokkinn. Þó vil jeg taka það fram, að enginn hefir mjer vitanlega leyft sjer að halda því fram, að neitt væri óeðlilegt við það, að hv. 1. landsk. sje og hafi verið í nánu samræmi um skoðanir og í náinni samvinnu við sósíalista. Jeg hefi áður lýst því yfir, að öll afstaða hv. 1. landsk. bendi til þess, að hann sje sósíalisti í skoðunum, og við það stend jeg. Og því skyldi engan furða á, að hann leiti samvinnu við sína nánustu skoðanabræður. En menn verða að fá að vera frjálsir að því að álíta, að óeðlilegt sje, að rólegir og íhaldssamir bændur úti um land, sem standa föstum fótum á grundvelli núverandi þjóðskipulags, að þeir leiti stjórnmálasamvinnu við Alþýðuflokkinn, eins og skoðanir hans nú eru í þeim efnum. Enda er það svo, að háttv. 1. landsk. svíður undan því, að rjettur skilningur á þessu er óðum að útbreiðast meðal kjósenda, sem hingað til hafa fylgt Framsóknarflokknum að málum. Maður getur virt honum til vorkunnar, að hann kenni sárinda undan því ljósi, sem um síðustu mánaða skeið hefir verið brugðið upp yfir þessi óheilindi og orðið mjög til þess að rýra álit og fylgi þessarar stefnu, sem háttv. 1. landsk. er fyrirsvarsmaður fyrir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. S.-M. var óánægður út af svari mínu við beiðni um strandgæslu eystra. Jeg kannast ekki við, að það sje rjett, að svar mitt hafi verið á nokkurn hátt ókurteist. En hitt er satt, að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að lofa, að skip til strandvarna komi á ákveðnum mánaðardegi og fari á vissum mánaðardegi. Og við það held jeg fast. Hv. þm. (IP) var óspar á að margtyggja, að ekki væru haldin gefin loforð. Hann var að gefa í skyn, að loforð frá í fyrra hefði ekki verið haldið. **(IP:** Jeg meira en gaf það í skyn. Jeg sagði blátt áfram, að það hefði ekki verið haldið). Jæja, það var þá því betra. Þó var jeg búinn að taka það fram, að ekki var hægt að koma við strandgæslunni í fyrra á tilætluðum tíma, af því að gera þurfti við skipið. **(IP:** Það var ekki átalið). Það getur altaf komið fyrir, að skip þurfi viðgerðar við. En ef jeg þekki hv. 2. þm. S.-M. (IP) rjett, þá mun hann kalla það svik.

Jeg spurði, hvar stæði loforð fyrir því, að strandvörnum yrði haldið uppi vissan tíma við Austurland, því að jeg hafði hvergi rekist á það. Nú er það upplýst, að það var í hv. sjútvn. í Ed. En þar var jeg ekki viðstaddur, og það veit hann, og að jeg gat ekkert um það vitað.

Um síldarmatsmannsstarfið kæri jeg mig ekki að deila frekar. Jeg gerði það um daginn og rak þá háttv. þm. (IP) rækilega á stampinn. Jeg býst við, að það mál eigi enn eftir að leggjast fyrir þingið, og það er ekki enn á því stigi, að taki því að bítast um það strax.

Þá kvaðst hv. þm. vona, að jeg bæri þetta mál undir sjútvn. til umsagnar og leiðbeininga. Það getur vel skeð, að jeg geri það. En jeg endurtek hitt, er jeg sagði áður, að jeg hvorki vil nje get gefið hv. þm. loforð um ákveðinn mánaðardag, er skipið skuli koma og fara.

Jón Baldvinsson: Aðeins fáein orð til hæstv. forsrh. (JÞ). Hann sagði, að vantrauststill. hefði verið vikið frá í hv. Nd. En það er ekki allskostar rjett. Þar var ekki beitt þeirri aðferð, er tíðkast á þingi, að vísa málum frá með rökstuddri dagskrá. Mál þau, er slíkri meðferð sæta, eru talin í flokki feldra mála í Alþingistíðindunum, og eins og hæstv. ráðh. getur sjeð, mun hann aldrei finna till. í þeim flokki. Nei, vantraustsyfirlýsingin var samþykt með áorðnum breytingum, og á í Alþingistíðindunum að vera talin með þeim málum, er samþykt hafa verið. Það er því rangt, að tillögunni hafi verið vikið frá.

Hæstv. ráðh. sagði, að flokksbróðir minn í hv. Nd., háttv. 4. þm. Reykv. (HjV), hefði ekki haft hugdirfð til þess að greiða atkvæði á móti brtt. við vantrauststill., heldur setið hjá. En hann gerði fullkomlega grein fyrir því, hvers vegna hann greiddi ekki atkvæði á móti till. Það var af því, að í henni er slegið föstu því aðalatriði, sem haldið er fram í aðaltillögunni, að stjórnin sje ekki þingræðisstjórn. Því sat hann hjá, þótt hann mundi hinsvegar hafa kosið að kveða skýrar að orði. En nú er hæstv. forsrh. og stjórn hans svo lítilþæg, að þau hafa tekið á móti till., sem gengur lengra í vantraustsáttina en nokkur stjórn ætti að geta sætt sig við.

Jeg játa, að hæstv. forsrh. tók dálítið klaufalega í tillöguna. Ef hann og flokksmenn hans álitu hana hlutleysisyfirlýsingu, áttu þeir vitanlega að sitja hjá og setja sig ekki gegn henni, eða samþykkja traust ella. En í stað þess ferst hæstv. ráðherra svo óhönduglega, að hann beitir sjer gegn till., og ályktun sú, er í henni felst, er samþykt gegn vilja hans og stjórnarinnar og flokksins.

Það er ekkert vafamál, að aðaldeild þingsins hefir lýst því yfir, að stjórnin hafi ekki traust þingsins að baki sjer og geti ekki fengið. Þetta verður hæstv. ráðherra að viðurkenna. Og þó að hann vitni í ummæli úr ræðu formanns Framsóknarflokksins sínu máli til sönnunar, þá er hægt að vitna í önnur ummæli hans, þar sem hann skýrði afstöðu stjórnarinnar samkv. orðalagi till., að hún skuli aðeins framkvæma þau daglegu störf, og lýsti einkennum hennar sem starfandi bráðabirgðastjórnar. Hæstv. forsrh. hefir ekki getið þessara ummæla, en þau munu finnast í ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Hvernig svo sem hann vill snúa sjer í þessu máli, fær hann ekki undan því komist, að háttv. Nd. Alþingis hafi gert „positiva" ályktun viðvíkjandi stjórninni og þó gegn vilja hennar. Það vil jeg leggja sjerstaka áherslu á, er um þetta er rætt.

Jónas Jónsson: Jeg sje, að mest alt loftið er farið úr hæstv. forsrh., sem hann hefir belgt sig upp með út af þessu mikla ódæði, sem hv. Nd. hefir framið gagnvart honum og stjórn

hans. Jeg hefi nú þrautsannað með dæmum alla eyðsluna hjá hæstv. landsstjórn, utan fjárlaga og í, og nú síðast þessar 15—20 þús. kr., sem fóru til þess að gera við hús einstaks manns hjer í bænum, — leiga fyrir þriggja daga notkun. Það sýnir, hvernig hæstv. stjórn virðir fjárlögin að vettugi.

Frá minni hálfu er þegar búið að undirstrika, að ekki er vanþörf á, ef skera verður niður ýmsa liði úr fjárlögum, að taka duglega til bænar marga pósta til eyðslufframkvæmda, sem hæstv. stjórn hefir komið í gegn samhliða fjárlögum og munu skapa óskapa tekjuhalla, ef þær verða framkvæmdar á þeim tíma, sem hæstv. stjórn ætlast til.

Hæstv. forsrh. kom auðsýnilega illa, að jeg benti á ósamræmið milli þess, er hann kemur fram í Danmörku og etur góðan mat og situr fagnað hjá formanni verkamannaflokksins þar, og þegar hann svo talar hjer heima á Íslandi um stjettar- og flokksbræður þeirra. Nú vildi hann ganga frá orðum og anda greina í flokksblaði sínu. En það er sannanlegt, að Morgunblaðið hefir lýst íslenskum verkamönnum oft og einatt sem væru þeir misyndismenn. Það er undarlegt, að hæstv. ráðh., sem hefir lýst íslenskum bændum, „sem standa föstum fótum á grundvelli núverandi þjóðskipulags“ og hata byltingu eins og pestina, hann, sem hefir af miklum móði hamrað á þeirri goðgá, að þeir skuli nokkurt samband hafa við þá, er æskja einhverra breytinga og umbóta, sest að fótum „bolsivikka“ í Danmörku og samneytir þeim.

Þetta ætlaði jeg að fá hæstv. forsrh. til að viðurkenna. Og það hefir tekist.

Hæstv. ráðh. hefir gengið í „felluna“. Hann vill eiga alt gott við verkamennina dönsku og skoðar það skyldu sína að halda þeim veislu á ríkisins kostnað. Þótt hæstv. ráðh. vilji líta smáum augum á verkamenn hjer, af því að þeir eru fátækir, þá verður annað uppi á teningnum, þegar hann hittir stjettarbræður þeirra í Danmörku, því að þar eru þeir stór flokkur, sem hefir ráð á veislum og góðum mat handa hæstv. ráðh.

Hæstv. atvrh. (MG) ætti, held jeg, sem minst að vitna í hv. 6. landsk. (JKr), nema hann vilji láta gera samskonar aðgerðir á sjer og jeg hefi áður vitnað í, að hv. 6. landsk. hefir gert á skurðarborði. Hæstv. ráðherra hefði kannske gott af svipaðri aðgerð og hv. þm. Str. (TrÞ) vildi láta gera á hæstv. stjórn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald) getur ekki komist fram hjá því, sem flm. till. þeirrar, sem samþ. var í hv. Nd., sagði um hana. Hann sagði, að með henni væri vantrauststill. úr sögunni.

Það er þegar búið að afgreiða til stjórnarinnar till. þá, sem samþ. var, og í henni er ekki minst einu orði á vantraust. Jeg geri ráð fyrir, að í skýrslu Alþt. verði sú till., sem Framsóknarflokkurinn flutti og fjekk samþykta, tekin upp, en ekki hin. Þá sagði háttv. 5. landsk., að jeg hefði kallað till. hlutleysisloforð. Það er rjett; jeg sagði, að till. fæli í sjer loforð um hlutleysi til næstu kosninga, án þess að jeg telji flm. till. bundna við það loforð eða þá yfirlýs-

ingu, ef eitthvað nýtt kæmi fyrir, sem gæfi tilefni til vantrausts. Þangað til verður hv. 5. landsk. að sætta vig við það, að hans flokkur hefir ekki atkvæðamagn til þess að koma fram vantrausti á núverandi stjórn.

Hv. 1. landsk. (JJ) þarf jeg eiginlega ekki að svara neinu. Það er engin furða, eftir þær löngu ræður, sem hann hefir haldið, að hugur hans er nú farinn að snúast um matinn. Það, sem hv. þm. sagði, að jeg hefði lýst verkamönnum sem glæpamönnum, er algerlega tilefnislaus uppspuni frá hans hendi, sem jeg verð algerlega að vísa heim. Jeg er þeim mun betur innrættur og meiri skapstillingarmaður en hv. 1. landsk., að jeg legg það ekki í vana minn eins og hann að nota ókvæðisorð um andstæðingana, heilar stjettir heiðarlegra manna, í hvert skifti, sem einhver hefir gaman af því að „hleypa honum upp" á opinberum mannfundum. (**JJ:** Lætur hæstv. ráðh. þá blöð sín gera það?). Nei, ráðh. lætur blöðin ekki svívirða menn.

Magnús Kristjánsson: Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessum umr., en það var einkum eitt atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem mjer fanst nokkuð athugavert. Hæstv. ráðh. var að tala um það, að Íhaldsflokknum væri að aukast fylgi í sveitum landsins. Mjer þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi gera dálítið nánari grein fyrir þessu. Mjer skildist þetta standa í sambandi við það, að einn hv. þm. í Framsóknarflokknum hefði haldið því fram, að jafnaðarmenn hefðu mjög heilbrigðar skoðanir á landsmálum og vildu vinna að miklum framförum til hagsbóta fyrir hina vinnandi stjett landsins. Þetta átti að orsaka fylgisauka Íhaldsflokksins til sveita. Annars er það auðráðin gáta, hver tilgangurinn er með öllu þessu tali og öllum skrifum íhaldsmanna um óeðlilegt samband milli flokkanna. En jeg ber það traust til dómgreindar íslenskra bænda, að þeir láti alt slíkt sem vind um eyrun þjóta. Jeg get því alls ekki fallist á skoðun hæstv. forsrh., að fylgi Íhaldsflokksins sje að aukast, en Framsóknarflokksins að þverra, í sveitum landsins. Það er nú ekki langt að bíða úrskurðarins, og ef hann yrði á þá leið, að skoðun hæstv. ráðh. sje rjett, þá mundi það rýra mjög virðingu mína fyrir bændastjett þessa lands. — Þótt nú það sje talið óeðlilegt, að jafnaðarmenn og Framsóknarmenn geti átt samleið í nokkru máli, verður hitt þó að teljast miklu óeðlilegra, að Framsóknarmenn geti átt samleið með þeim mönnum, sem hafa unnið að því að draga megnið af fjármagni þjóðarinnar saman á einn stað, hjer í Reykjavík, og bæta þar steini ofan á stein, þangað til bærinn er orðinn eins og of stórt höfuð á vanskapaðan krypling. Þó að miklu fje hafi verið eytt til að útbreiða íhaldsboðskapinn um sveitir landsins, þá hefir árangurinn ekki orðið eins mikill og til hefir verið ætlast.

Í þessu sambandi dettur mjer í hug skýring sú, sem hæstv. forsrh. gefur í Eimreiðargrein sinni á undirstöðuatriðum stjórnmálastefnu Íhaldsflokksins. Hæstv. forsrh. tekur þar sem dæmi fyrstu landnámsmennina á Íslandi, sem tóku það ráð að flýja Noreg heldur en að lúta Haraldi hárfagra, og vill svo skýra þetta svo, að þessir

menn hafi verið svo miklir íhaldsmenn, að þeir gátu ekki sætt sig við pólitík Haralds. Þeir hafi viljað halda svo mikið í hið ríkjandi ástand, að þeir gátu ekki unað stjórn Haralds. Jeg skildi svo þessa skýringu hæstv. ráðherra, að hann áliti, að Haraldur hárfagri hefði verið framsóknarmaður, en jeg verð að líta svo á, að sá skilningur sje algerlega rangur, því að hitt mun sanni nær, að hann hafi verið íhaldssamur harðstjóri.

Þá hygg jeg, að það sje einnig röng skoðun hjá hæstv. ráðherra, að fylgi Framsóknarflokksins sje að þverra. Hitt hygg jeg rjettara, að honum aukist fylgi svo að segja daglega í sveitum landsins. Enda er ekkert eðlilegra. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að bændur þessa lands láti villa sjer svo sýn, að þeir láti, eins og átt hefir sjer stað í seinni tíð, draga úr höndum sjer í fyrsta lagi uppvaxandi kynslóðina, vinnukraftinn, í öðru lagi fjármagnið og í þriðja lagi það pólitíska vald, sem þeir hafa haft frá landnámstíð. Ef svo færi, að skoðun hæstv. forsrh. reyndist rjett, þá verð jeg að segja það, að jeg aumka þessa stjett, sem talin hefir verið kjarni þjóðarinnar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) svaraði engu í sinni síðustu ræðu, en sneri sjer að hv. 6. landsk. (JKr), vegna þess að jeg endaði mína síðustu ræðu með því að vísa til vottorðs frá honum. En hv. þm. ætti ekki að minnast á læknisstörf hans, því að þau verða til þess að halda nafni hans lengst á lofti.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Forsjónin hefir nú svo marga vegi, að henni tekst vonandi að ráða fram úr því, að bændastjett landsins geti haldið virðingu hv. 4. landsk. (MK) án þess, að hún gangi í samband við aðra landsmálaflokka, sem hún sannarlega á enga samleið með.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjvn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, 449, n. 465 og 467, 472).

Frsm. (Einar Jónsson):* Jeg vil leyfa mjer að hefja mál mitt með þakklæti til háttv. meðnefndarmanna minna fyrir góða samvinnu í starfi okkar frá upphafi til enda. En jafnframt verð jeg þó að taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti hefi ekki getað skilið ástæðurnar til þess, að jeg var valinn frsm. nefndarinnar, því að þar var um mjer hæfari menn að ræða og sumir þeirra enda haft þetta starf með höndum áður. Vænti jeg því, að nefndin aðstoði mig eftir föngum í skýringum og andsvörum, þar sem með þarf, svo að jeg geti nú til að byrja með komist af með stutta ræðu, svo sem vani minn er.

Ef til vill má ýmislegt finna að nál. Þó held jeg, að þar komi nægilega í ljós, að nefndin setti sjer tvö höfuðmarkmið, er hún tók til starfa, og

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

reyndi að fylgja þeim eftir bestu getu, hvað athugun og afgreiðslu þessa máls snertir. Í fyrsta lagi ákvað nefndin að nema á burt tekjuhalla þann, er komist hafði í frv. við afgreiðslu og meðferð hv. Nd. á því, og í öðru lagi að sneiða hjá allri hlutdrægni í till. sínum.

Nefndinni var það ljóst, að fyrra markmiðinu —, að skila frv. tekjuhallalausu, — yrði ekki náð með öðru móti en að færa eitthvað niður fjárhæðir, sem ætlaðar eru til nytsamra og verklegra framkvæmda, bæði þær, sem stóðu í stjfrv. og eins hinar, sem inn í frv. komust í hv. Nd.

Þó skal jeg taka fram, að nefndinni var þetta alt annað en gleðiefni. Þess vegna er yfirleitt hið sama að segja um allar þessar lækkanir, að þær eru eingöngu gerðar vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs, en nefndin er ekki á neinn hátt að amast við hlutaðeigandi framkvæmdum, eða neita nauðsyn þeirra. Það er aðeins álit hennar, að ekki megi á einu ári ætla hverri þeirra stærri fjárhæð en svo, að árstekjur ríkissjóðs nægi til að greiða þær allar, án þess að tekjuhalli verði að stórum mun í landsreikningnum.

Af því að jeg er ógjarn á að halda langar ræður úr hófi fram, vísa jeg á margan hátt til nál. á þskj. 465 og læt mjer því nægja að minnast aðeins á þær brtt. nefndarinnar, sem jeg hefi eitthvað sjerstakt um að segja. Ef jeg t. d. tæki mig til og talaði um hverja einstaka brtt. á þskj. 449, segjum t. d. 5 mínútur um hverja þeirra, þá mundi það taka mig á sjöttu klukkustund. En þá leið ætla jeg ekki að fara, heldur mun jeg stilla svo í hóf, að framsögu minni geti verið lokið á skammri stund. Þess vegna ætla jeg ekki að fara neitt frekar út í aðallækkunartill. nefndarinnar um verklegar framkvæmdir, en vísa þar til nál.

Eins og nál. ber með sjer, sá nefndin sjer ekki fært að breyta neinu í tekjubálkinum. Er tekjuhliðin því óhreyfð, eins og háttv. Nd. gekk frá henni. Brtt. nefndarinnar eru því allar við gjaldabálkinn, og sú 1. í röðinni er þá við 11. gr. frv., þar sem nefndin leggur til, að framlag ríkissjóðs til landhelgisgæslu sje lækkað um 65 þús. kr., eða úr 300 þús. kr. niður í 235 þús. kr., gegn 200 þús. kr. framlagi úr landhelgissjóði. Að öðru leyti vísast til nál. um þetta efni.

Um 3. brtt. má segja að ekki taki að ræða, þar sem lagt er til, að nýjum lið sje skotið inn í 12. gr., um 550 kr. styrk til Kjósarhrepps til læknisvitjana, en jafnhliða sje feldur niður styrkurinn til læknis í Reykjavík, sem skylt sje að gegna læknisvitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit. Það, sem farið er fram á með þessu, er í fullu samræmi við það, sem tíðkast, að veita þeim sveitum styrk til læknisvitjana, sem sjerstaklega eru illa settar. En að miða styrkinn eingöngu við Kjósarhrepp kemur til af því, að nefndin lítur svo á, að sá hreppurinn standi margfalt ver að vígi en Kjalarnes og Mosfellssveit, sem eiga altaf ljett með að ná til Reykjavíkur, eða jafnvel til hjeraðslæknisins í Hafnarfirði.

Um 8. brtt., sem er líka við 12. gr., er lítið að segja. Þessi kona, Eva Hjálmarsdóttir, hefir áður fengið styrk til dvalar á erlendu hæli, sjer til heilsubótar. En þar sem ætla má, að þessi styrkur nægi til þess, að hún

nái þeim bata, sem búist er við, leggur nefndin til, að þetta sje lokastyrkur, og að ekki komi til, að oftar þurfi að veita hann.

Þá er 14. brtt. og till. þar á eftir um stórkostlega lækkun til þjóðvega og fjallvega. Nefndinni þótti rjett að ráðast ekki á neinn veg, sem ekki hefði hærri fjárveitingu en 10 þús. kr., en heldur á þá, sem fengju hærri fjárveitingar. Þó hefir hún reynt að taka tillit til allra staðhátta og yfirleitt leitast við að vera sem sanngjörnust.

23. brtt., við 13. gr., B, III, um brúagerð, er vandi að athuga. En hún er um að lækka fjárveitingu til brúagerðar að miklum mun. En með hliðsjón af því, að tvær stórbrýr, Hjeraðsvatnabrúin og Hvítárbrúin, munu báðar vera með í sigtinu, en á þeim brúm er báðum byrjað fyrir fjárveitingu í fjárlögum þessa árs, þá ætlast fjvn. til þess, að nóg sje í lagt 1928 með þeirri upphæð, sem hún stingur upp á, að varið sje til brúagerðar.

Um brtt. 24, við 13. gr. B, V, er það sama að segja og sagt var um þjóðvegina, að það er aðeins gert í sparnaðarskyni að lækka fjárveitinguna.

Brtt. 25 er svo smávægileg, að um hana þarf ekki að tala, en hún ræðir um ferjuna á Hrosshyl. Það var lengi búið að hringla því milli tanna hv. Nd., hve há fjárveitingin ætti að vera, en það rjeði úrslitum hjá nefndinni, að samanborið við styrk til dragferja, sem ekki er nema 300 kr., þá mundi 150 kr. vera nægilegt hjer. Þá hefir heyrst, að bóndinn byggist ekki við miklum styrk, en þar sem hann tefur sig oft frá heimaverkum við að flytja ferðamenn, þá fanst nefndinni ekki ástæða til að hafa styrkinn minni en 150 kr.

Þá kemur brtt. 26, við 13. gr. B, X, um vetrarflutninga á Hellisheiði. Það hefði mátt búast við, að jeg mundi verða tregur til að lækka þennan styrk, þar sem leið mín liggur yfir Hellisheiði, er jeg þarf að fara frá heimili mínu til Reykjavíkur. En jeg sá enga ástæðu til þess að setja mig upp á móti því, að styrkurinn lækkaði um 2000 kr., því það var fyllilega sanngjarnt. Mikill hluti kostnaðar liggur í snjómokstri á Hellisheiði á vetrum. Var því samþykt af öllum nefndarmönnum að lækka styrkinn svo.

27. brtt. er við 13. gr., D, II. Þar er um nokkuð stórt mál að ræða, en jeg læt þar nægja að vísa til nál.

Aðeins skal jeg koma með þá athugasemd, að af fjárveitingunni til nýrra símalagninga skal varið 10 þús. kr. til þess að leggja símalínu frá Hnausum að Ási í Vatnsdal, með því að sterkar sönnur eru fyrir því, að hlutaðeigendur leggi þar meira á móti en annarsstaðar.

Um 28. brtt., við 13. gr., E, V, a. er hið sama að segja og um þá síðustu, að þar er um nokkuð mikið að ræða, þar sem eru vitar og leiðarljós. Annars nægir að láta nál. skýra frá þessari brtt., sem er um það að veita 10 þús. kr. lægri fjárveitingu en áður.

30. brtt. er við 14. gr., A, 7, um húsabætur á prestssetrum. Þar leggur nefndin til, að styrkurinn til þeirra verði lækkaður að miklum mun, vegna upplýsinga, er nefndin fjekk um tvö prestssetur, sem fyrirhugað var að endurbyggja, að þau mundu ekki

geta haft not af styrk næsta ár. Þessi prestssetur eru Laufás og Háls, bæði í Þingeyjarsýslu. Var gengið út frá því, að ekki yrðu not að því að byggja við hús þar á þessu tímabili.

31. brtt. er um styrk til byggingar stúdentagarðsins, sem ákveðinn var áður 50 þús. kr. Leggur nefndin til, að honum verði skift á tvö ár og á árinu 1928 greiðist 25 þús. kr., en á árinu 1929 jafnmikið og þá.

32. brtt. er um gjöld til Hvanneyrarskóla, og nægir að vísa til nál. Eru þau gjöld ætluð til upphitunar á íbúðarhúsinu og til fjósbyggingar, en nefndin lítur svo á, að fresta megi fjósbyggingunni og því megi lækka liðinn sem því nemur.

33. brtt., um húsmæðraskóla, er mjög víðtækt atriði, en þar segir nál. glögt frá. Í því atriði var mjer hjálpað til að semja nál. af einum nefndarmanna, sem er glöggur og manna fróðastur í þessu efni, svo að á það er hægt að reiða sig.

Þá kemur 34. brtt. Þar var jeg svo heppinn, að þingsystir mín átti sæti í nefndinni, en hún er fróðust manna um þá hluti alla og getur því gefið þær upplýsingar, sem þarf. Annars var nefndin sammála um að hækka þyrfti liðinn úr 19 þús. kr. upp í 21 þús. kr., vegna kostnaðar við aukakensludeild og hækkun launa til forstöðukonunnar eða skólastjórans, því að jeg geri ráð fyrir, að hv. 2. landsk. (IHB) nefnist skólastjóri, en ekki forstöðukona. Annars heiti jeg á hv. 2. landsk. að skýra þetta mál sem honum þóknast.

Þá hefir liðurinn um raflýsing Blönduósskóla lækkað um 2000 kr., þar sem nýskeð var veitt mikið fje til upphitunar og nú til raflýsingar í þeim skóla. Ennfremur hefir það upplýst, að þetta er komið í kring að miklu leyti, en þar sem hinsvegar engir reikningar lágu fyrir um kostnað, þá lagði nefndin það til sem sparnaðarráðstöfun, að upphæðin yrði lækkuð svo sem þessu nemur.

Þá eru það 36.—42. brtt. Það er að vísu nokkuð staglsamt að vísa svona mörgum brtt. í nál., en jeg geri það einungis til þess að geta talað í sem fæstum orðum.

Brtt. 43, 44 og 45 fjalla allar um sama efni. Þó er um hækkun að ræða aðeins til Leikfjelags Akureyrar. Á það var skrásett 800 kr., en nefndinni fanst sanngjarnt, samanborið við Ísafjörð, að styrkurinn væri hækkaður upp í 1000 kr. Akureyringum er sem sje gert að skyldu að leggja fram 500 kr. móti 800 kr. úr ríkissjóði, en Ísfirðingum ekki nema 300 kr. á móti 600 kr., og eru það ekki sanngjörn hlutföll. Þá hefir siglingastyrkur til Friðfinns Guðjónssonar leikara verið lækkaður. Þó mætti finna þá menn innan nefndarinnar, sem vildu fella þann lið alveg niður. Hið sama mætti segja um styrk til Önnu Borg og Haralds Björnssonar, til leiknáms, en nefndin hefir komið sjer saman um þetta umþráttunarlaust og án þess, að það yrði að misklíðarefni.

Auk þess sem mjer finst umræður um þetta mál byrja á óhentugum tíma, þar sem fundur hefir þegar staðið lengi, þá geri jeg ekki ráð fyrir, að menn vilji tapa sínu miðdagskaffi, og vil jeg vera sem stuttorðastur, eins og minn er vandi, og hlaupa yfir þar til kemur að 62. brtt. Um hana er nokkuð getið í nál., en

hún er um eftirgjöf af láni Stokkseyrarhrepps vegna brunans þar í vetur. Það má vel vera, að það muni verða óhjákvæmilegt að gefa eftir lánið, en hinsvegar þykir nefndinni óþarflega fljótt að gefa eftir lánið sama veturinn og það er tekið og áður en útsjeð er, hvernig þetta brunamál endar. Nefndin hefir því lagt það til að strika út þennan lið, enda á hann ekki heima í þessari grein fjárlaganna.

Um brtt. 63 segir nál. nægilegt, og hvað viðvíkur brtt. 64—68, þá álít jeg, að lítið þurfi um þær að tala. Þær breytingar, sem á þeim liðum hafa verið gerðar, eru einungis í samræmi við annað, til þess að nefndin geti verið sem sanngjörnust. Og eftir því sem kunnugir hafa skýrt frá, þá eru þessir menn í slíkum rjetti, að sjálfsagt virðist að veita þeim þennan styrk.

Með því að hlaupa svona á skemsta vaði getur maður verið fljótur, og er nú komið að síðustu brtt., sem er sú 69. Eru allir nefndarmenn sammála um, að liðurinn falli niður, eins og sjá má í nál.

Jeg hefi nú gefið yfirlit yfir brtt. fjvn. Tekjuhalli á frv. er nú kr. 327819.97, en brtt. fjvn. fara fram á kr. 339550 sparnað. Ef þær ná allar fram að ganga, verður þannig tekjuafgangur kr. 11730.03. Nú hafa einstakir þm. Ed. komið fram með till., sem samtals nema 323075 kr. hækkun. Því er þannig farið, að lækkun tekna nemur 15000 kr., en hækkun gjalda 324100 kr., sem er samtals 339100 kr. En nú nemur lækkun gjalda hjá einstökum þm. 16025 kr. og verður því mismunurinn 323075 kr. Ef þessi hækkun ætti að koma til viðbótar við hækkun Nd., þá væri tekjuhallinn orðinn 650894 kr. alls. En eins og málið liggur nú fyrir deildinni, er tekjuhalli ekki svo mikill, vegna þess, að það, sem nefndin leggur til til sparnaðar, dregst frá og er þá mismunurinn 311345 kr. Tel jeg nauðsynlegt fyrir deildina að reyna að nema burt þá upphæð frá fjárlagafrv. áður en það fer frá Ed., og meira að segja tel jeg henni það jafnvel skylt.

Till. nefndarinnar eru þá komnar hjer frá hennar hendi fyrir hv. deild. Leggur nefndin mjög mikla áherslu á, að hv. deild sje henni sem best samtaka um að laga tekjuhallan á fjárlagafrv.

Ábyrgðin hvílir því hjeðan í frá á atkvæðum og óeigingirni hv. þm. Ed. Hvort fjárlögin fyrir árið 1928 fara frá þingsins hendi með litlum eða engum tekjuhalla, er á valdi og ábyrgð hv. Ed., eins og komið er. Ef hún aftur á móti skellir skolleyrum við till. nefndarinnar, þá álít jeg, að hún geri landinu engan greiða með því. Það er betra að fá á sig óánægju einstakra manna en að landinu sje stefnt í voða, með því að engu stórfyrirtæki er í hættu stefnt, þótt farið sje eftir till. nefndarinnar.

Þá er eftir að athuga brtt. þær, sem komið hafa frá hv. þm., og vona jeg, að þeir vilji sjálfir skýra frá þeim. Ýmsar skýringar geta breytt afstöðu manna, en annars hygg jeg, að nefndin vilji fella þær að mestu leyti, einkum þær, sem fara fram á hækkun útgjalda.

Skal jeg svo veita hv. þm. leyfi til þess að segja það, sem þeir álíta nauðsynlegt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins þakka hv. fjvn. þessarar deildar fyrir þær mjög myndarlegu tilraunir, sem hún hefir gert til þess að koma lögun á fjárlögin. Jeg álít, að nefndin hafi sett sjer það markmið, sem þurfti, sem sje það, að nema tekjuhallann í burtu. Jeg vona, að jeg eigi eftir að finna þetta áform nefndarinnar standast fyrir þeim freistingum, sem kunna að liggja í brtt. einstakra þingmanna. Ef sú von bregst ekki, mun jeg geta fylgt nefndinni að málum yfirleitt, þó að jeg hefði kosið nokkur smáatriði á annan veg. Jeg mun ekki gera þau að ágreiningsefni, ef jeg finn, að með samstarfi við nefndina verður hægt að afgreiða fjárlögin við þessa umr. tekjuhallalaus.

Ingvar Pálmason: Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara mikið út í brtt. hv. fjvn. Að vísu get jeg ekki fylgt þeim að öllu leyti, en úr því, sem komið er, mun jeg þó fylgja nokkrum þeirra. Jeg býst heldur ekki við, að það beri mikinn árangur að hreyfa mótmælum, þar sem bæði hv. fjvn. og hæstv. stjórn virðast standa saman um þessar tillögur. Jeg hefi þó gerst svo djarfur að bera fram tvær litlar brtt., sem báðar stríða á móti þessari stefnu nefndarinnar. Sú fyrri er V. brtt. á þskj. 472 og er við brtt. nefndarinnar á þskj. 449, 22. lið, um framlag til Hólmahálsvegar. Nd. hafði samþ. til þessa vegar 9000 kr. Nú hefir hv. fjvn. þessarar deildar tekið það ráð að tálga dálítið utan úr öllum fjárveitingum til vegagerða, og skal jeg ekki beinlínis ámæla henni fyrir það, þótt leiðinlegt sje að þurfa að fara þá leið. En mjer finst ekki rjett að skera allar þessar fjárveitingar niður við sama trog, því að misjafnlega getur staðið á. Vegurinn, sem hjer er um að ræða, er þjóðvegur, en þessi fjárveiting, sem Nd. samþykti, var bundin því skilyrði, að hjeraðið legði fram ¼ kostnaðarins, og er það nokkuð á annan veg en venjulegt er um þjóðvegi. Það er líka rjett að geta þess, að búið er að byggja brú yfir Eskifjarðará, að miklu leyti fyrir fje sýslusjóðs og sveitanna. Þegar svo stendur á sem hjer, að viðkomandi hreppar vilja taka á sig aukabyrði til þess að hrinda verkinu í framkvæmd, finst mjer að taka verði tillit til þess. Þessi brú er þannig sett, að óhjákvæmilegt er að leggja veg beggja megin við hana, annars kemur hún ekki að fullu gagni. Jeg vænti þess fastlega, að hv. fjvn. komi til móts við mig í þessu máli, þar sem jeg geng inn á nokkra lækkun, en hinsvegar er viðurkent, að þessi vegur eigi sama rjett á sjer og aðrir þjóðvegir. Þegar litið er á aðrar lækkunartillögur nefndarinnar á framlögum til vegagerða, sjest, að aðeins einn vegur hefir orðið fyrir sömu meðferð og þessi, fjárveitingin verið lækkuð um ⅓. Það er Dala-vegurinn. Jeg geri ráð fyrir, að nefndin kannist við, að ekki sje rjett að gera Hólmaháls-veginum lægra undir höfði en flestum öðrum vegum á fjárlagafrv., og samþ. þessa hóflegu miðlunartillögu mína.

Þá skal jeg geta XXIII. brtt. á þskj. 472, sem fer fram á lítilsháttar styrk til aldraðrar, heilsubilaðrar konu, sem sumir hv. þdm. munu kannast við, ekkju Jóns Stefánssonar síldarmatsmanns á Seyðisfirði, en hann andaðist s.l. sumar. Það hefir tíðkast og

þótt sanngjarnt að styrkja nauðlíðandi ekkjur starfsmanna ríkisins, og jeg fullyrði, að þessi kona er á allan hátt makleg slíks stuðnings. Fjvn. hefir tekið upp einn eða fleiri slíka liði, og jeg vænti þess, að hún sjái sjer fært að taka þennan litla styrk með. Jeg sje ekki ástæðu til að fara ítarlega út í brtt. nefndarinnar, en læt nægja að sýna afstöðu mína við atkvæðagreiðslu. Jeg skal þó láta þess getið, að mjer þykir ekki allskostar viðeigandi að tálga 5000 kr. af því litla fje, sem Fiskifjelagi Íslands hefir verið ætlað. Fjelagi þessu hefir altaf veist örðugt að fá fje frá fjárveitingarvaldinu, svo sem það hefði þurft til þess að verða hliðstætt Búnaðarfjelagi Íslands, eins og það hefði átt að verða. Það var um eitt skeið hálfdrættingur við Búnaðarfjelagið, en nú hefir það ekki nema ⅓ á við það. Það er fjarri mjer að vilja á nokkrum hátt rýra styrkinn til Búnaðarfjelagsins, en eins og nú standa sakir finst mjer það lýsa of miklu skilningsleysi á verkefni Fiskifjelagsins að leggja sig niður við að tálga af því þennan 5000 króna styrk. Að vísu hækkaði hv. fjvn. Nd. þennan lið um þessa umræddu upphæð frá því, sem var í frv. stjórnarinnar, en jafnrjettmætt er það fyrir því. Þá er hjer ein brtt. enn frá nefndinni, sem jeg vil lýsa óánægju minni yfir. Nefndin leggur til að lækka styrkinn til markaðsleitar erlendis, og skal jeg ekkert um það segja út af fyrir sig. Hitt tel jeg lakara, að nefndin leggur til að fella úr fjárlagafrv. þá skiftingu þessarar fjárveitingar, sem hv. Nd. lagði til. Jeg tel illa farið, að þau drög til skipulags á þessu máli, sem hv. Nd. lagði til, sjeu niður feld, og jeg álít óheppilegra að ganga frá þessari fjárveitingu svo sem hjer er gert.

Jeg skal svo ekki lengja umræður frekar, nema tilefni gefist.

Jón Baldvinsson: Mjer hefir fundist það liggja í loftinu og koma jafnvel fram í tali sumra háttv. íhaldsmanna, síðan þessar tillögur hv. fjvn. komu fram, að hún væri nú búin að bjarga föðurlandinu úr þeim voða, sem ógætni hv. Nd. hefði verið búin að steypa því í. Jeg get ekki tekið þátt í þessari aðdáun á starfi hv. fjvn., og jeg er hræddur um, að hún eigi ekki lof skilið fyrir allar niðurskurðartillögur sínar. Jeg er líka hræddur um, að sumar þessar tillögur hennar reynist ekki haldgóðar sparnaðarráðstafanir, og það muni koma fram í dagsljósið, þegar landsreikningurinn fyrir árið 1928 verður lagður fyrir Alþingi. Það væri full ástæða til að athuga vandlega, hvort ekki er verið með sumum tillögum nefndarinnar að draga fjöður yfir einhver þau útgjöld ríkissjóðs, sem óhjákvæmileg eru, útgjöld, sem stjórnin verður að borga, hvað sem fjárlögin segja. Það er ekki til annars en að draga sjálfan sig á tálar að vera að færa niður að miklum mun áætlaða útgjaldaliði á fjárlögunum, ef sú niðurfærsla fer í bága við reynslu undanfarinna ára. Jeg get því ekki tekið undir þann lofsöng um hv. fjvn., sem mjer heyrist, að sumir vilji nú kyrja. Jeg skal játa, að nokkur ástæða er til þess að hafa jafnvægi í fjárhag ríkissjóðs í fjárlögunum, en það er hægt án þess að ganga jafnlangt í niðurskurðinum og hjer er gert. En það er ekki nauð-

synlegt, að þetta jafnvægi haldist nákvæmlega á öllum tímum. Það getur verið ástæða til að leggja fram fje á kostnað framtíðarinnar, einmitt í því skyni að auka tekjurnar síðar. Hæstv. forsrh. (JÞ) mun nú sjálfur vera kominn á þá skoðun, að nauðsynlegt sje til þess að komast yfir krepputíma að nota fje ríkissjóðs til þess að auka verklegar framkvæmdir og hjálpa atvinnuvegunum að minsta kosti óbeint. Ríkissjóður fær líka margvíslegar tekjur af framkvæmdum sínum, hvort sem um er að ræða bættar samgöngur, hafnarbætur eða aðrar þarflegar framkvæmdir. Þó að þetta kosti mikið fje í bili, fær ríkissjóður, vegna aukinnar framleiðslu, þá uppskeru áður en langt líður, sem borgar allan tilkostnað og meira en það. Þegar litið er á þessa hlið málsins, fer að verða vafasamt, að hv. fjvn. hafi hitt naglann á höfuðið með þessum hlífðarlausa niðurskurði sínum. Máli mínu til sönnunar skal jeg nú drepa á nokkur atriði, sem ekki virðast vel fallin til virkilegs sparnaðar, þó að þau kunni að sýna minni tekjuhalla á fjárlagafrv.

1. brtt. nefndarinnar er um framlag til landhelgisgæslu. Í raun og veru minkar nefndin alls ekki þann kostnað, enda gæti hún það ekki. Hún minkar að vísu framlag ríkissjóðs, en því fylgir sá böggull, að það, sem sparast á þann hátt, á að taka úr landhelgissjóði. Nefndin segir í áliti sínu, að hún líti svo á, að landhelgissjóður sje svo vel stæður, að hann geti vel bætt á sig þessari fjárhæð. Með þessu móti getur fjvn. að nafni til lækkað útgjöld ríkissjóðs um 65 þús. kr., og tekjuhallinn lækkar þá að sama skapi. En þetta er enginn raunverulegur sparnaður. Fjeð er bara tekið úr öðrum vasa ríkissjóðs og látið í hinn. Í raun og veru er hjer aðeins um einskonar blekking að ræða, til þess að láta fjárlögin líta betur út. Landhelgissjóðurinn er vitanlega eign ríkisins, og hv. fjvn. á ekkert lof skilið fyrir að flytja svona peningana úr einum vasanum í annan, þar sem hin raunverulega útkoma breytist ekki neitt. Mjer skilst, að svipað gildi um fleiri till. frá nefndinni, t. d. þessa 5000 kr. lækkun til yfirskattanefnda. Þarna er aðeins um áætlunarupphæð að ræða og ekki ósennilegt, að það komi fram í landsreikningnum, að hún sje ekki of hátt áætluð. Líku máli gegnir um framlagið til hælisins í Kristnesi og gjöld vegna jarðræktarlaganna. Þetta eru alt áætlunarupphæðir og engar líkur til, að þessar tillögur nefndarinnar leiði til nokkurs sparnaðar á þessum liðum.

Jeg gæti komið fram með samskonar till. um að áætla ekki neitt, en það væri á móti allri reynslu. Hið sama er með frv. hæstv. stjórnar. Þar eru ekki settir inn liðir, sem munu reynast nauðsynlegir, og ef hæstv. stjórn hefði verið samviskusöm, þá hefði hún átt að setja þá inn. En þá hefði auðvitað tekjuhallinn orðið meiri. Það er nauðsynlegt, að útgjaldaliðir fjárlagafrv. sjeu svo rjettir, að þeir fái staðist, en meðferð sú, er frv. fjekk í hv. Nd., sýnir, að svo var ekki, og því hefir þeim verið breytt eins og þeir nú eru. Að jeg ekki tali um, að hæstv. stjórn gleymdi að gera ráð fyrir nokkur hundruð þúsund kr. tekjufrv., sem hún gerði ekki ráðstafanir til að kæmi fram. Á jeg þar við frv. um

gengisviðaukann. Svo er hv. nefnd samt sem áður að klípa af áætlunarupphæðunum. Er það mjög vafasöm aðferð og getur verið stórhættuleg, ef dregið er svo mikið úr þeim, að virkilegar útborganir ríkissjóðs fari langt fram úr þeim. Jeg hefi talið mjer skylt að minnast á þessa liði, sem eiga að vera eins og til þess að prýða fjárlögin, þó að þeir bæti á engan hátt fjárhag ríkissjóðs.

Þá vil jeg minnast á till. hv. nefndar um að fella niður eftirgjöfina til Stokkseyrar, 10 þús. kr. Minnist jeg á þetta vegna þess, að svo stendur á, að ríkissjóður veitti þetta lán vegna sjerstaks óhapps, sem henti þetta kauptún. Og mjer er sagt, að stjórnin hafi þó gefið vilyrði fyrir því, að þetta yrði gefið eftir. Jeg heyri nú sagt, að hv. fjvn. hafi í huga að koma með till. um þetta undir öðrum lið. Jeg ætla mjer ekki að víta nefndina fyrir þetta, en jeg álít, að það hefði verið rjett að láta þetta standa á þessum stað, sem það stóð, til þess að það sæist glögt af fjárlögunum, hvað við fjeð hefir verið gert. Það er því aðeins form hv. nefndar, sem jeg er á móti.

Þá vildi jeg víkja að brtt. mínum við fjárlagafrv. Þær eru nokkuð margar, en þegar jeg sá, hve margar till. hv. fjvn. voru, sem taka þurfti til athugunar hvort eð var, þá rjeðist jeg í það að flytja þessar till., þó að jeg gengi að því vísu, að þær mundu ekki fá áheyrn. Mjer þykir samt hlýða að sýna það, að þær hafa við rök að styðjast.

Fyrsta brtt. mín er í þrennu lagi og fer fram á það, að fella niður skólagjöld þar, sem þau eru talin til tekna ríkissjóðs. Þetta er komið inn í fjárlögin fyrir nokkrum árum, en er ekkert annað en illþyrmisleg tilraun til þess að hindra það, að fátækir menn fái notið skólamentunar, því að ríkissjóð munar sáralítið um þessa fjárhæð, 150 kr. fyrir manninn, en fátækum mönnum er þetta mjög tilfinnanlegt gjald, þar sem þeir einnig þurfa að kosta sig langt frá heimilum sínum. Og allir vita, að það er dýrt að búa í kaupstöðum, auk þess sem nú er óvenjuleg kreppa í landinu. Því harðneskjulegra er þetta gjald, sem bolar fátækum mönnum frá því að geta stundað skólanám. Það er að vísu hægt nú að gefa fátækum og efnilegum nemendum eftir skólagjald, en það er á valdi skólastjórnarinnar, hverjir verða þess njótandi, og eins og ræður af líkum, þá verða þeir sárfáir. Jeg hefi heyrt sagt, að þessi eftirgjöf sje framkvæmd þannig, að öll skólagjöld sjeu krafin inn að haustinu og síðar ákvarðað, hverjum skuli gefið eftir skólagjaldið, og sje þeim þá greitt það til baka. En þessu fylgir það óhagræði, að fátækir menn hafa þurft, þrátt fyrir eftirgjöfina, að berjast við það að útvega sjer peninga fyrir gjaldinu, án þess þó að hafa nokkra vissu fyrir því, að þeir yrðu eftirgjafarinnar aðnjótandi. Í skólunum eru svo margir fátækir nemendur, að það verður aldrei nema örlítið brot, sem verður aðnjótandi þessa náðarbrauðs. Því álít jeg rjett að fella niður þessi skólagjöld, og I. og IX. brtt. lúta að því.

Jeg álít óþarft að tala meira fyrir þessari till. hjer. Samskonar till. hefir verið rædd í hv. Nd. Skilst mjer, að

ekki sje hægt að finna nein rök fyrir því að halda þessum skólagjöldum. Hygg jeg, að aðeins sje um stífni að ræða hjá sumum þeim mönnum, sem vilja halda þeim, og að hjá öðrum sje þetta hugsað sem hemill til að hindra það, að landsmenn verði of mentaðir.

Þá vildi jeg minnast á brtt. mína um fjárframlag til akvegar yfir Fjarðarheiði. Þykist jeg þar eiga vísan stuðning hæstv. atvrh. (MG), því að það er af hans hvötum, sem jeg ber till. fram. Mjer þætti því vænt um, ef hann kæmi hingað í hv. deild. Snemma nú á þinginu var flutt till. um það að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka vegarstæði yfir Fjarðarheiði. Kom þá fram í umr., að erfitt væri að bera fram till. um fjárveitingu til vegagerðarinnar fyr en mælt hefði verið fyrir veginum, en hæstv. atvrh. sagði, að mjer mundi alveg óhætt að bera fram till. um 50—100 þús. kr. fjárveitingu til þess að byrja með strax. Jeg hefi því með till. minni orðið við tilmælum hæstv. ráðh. og þykist því vita, að hann með meiri hluta sínum hjer í hv. deild muni styðja till. Býst jeg við, að þetta verði eina brtt. mín, sem fær meiri hluta hv. þdm. með sjer. En það er sýnishorn af yfirgangi stjórnarflokksins hjer í hv. deild, að þó að traust mitt til hæstv. atvrh. sje mikið í þessu máli, þá hefi jeg ekki þorað annað en að flytja varatill., 50 þús. kr., þó að jeg telji víst, að hæstv. ráðh. muni gera alt, sem hann getur, til þess að koma 100 þús. kr. fjárveitingunni í gegn. En jeg veit, að honum er ekki ofvaxið að fá samþyktar 50 þús. kr. Svo á jeg einnig vísan stuðning hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), því að ekkert er jafnmikið áhugamál kjördæmi hans eins og þessi vegur, og meðflokksmenn þeirra eru vísir til að veita þeim liðsinni sitt. Veit jeg þá ekki, hverjir geta verið á móti till.

Ef hæstv. forsrh. (JÞ) er nærstaddur, þá vildi jeg mjög gjarnan, að hann hlustaði á mál mitt, enda þótt atriði það, sem jeg ætla að minnast á, heyri ekki undir starfssvið hans, en það er um uppbót til Daníels verkstjóra Hjálmssonar. Daníel var lengi vegaverkstjóri hjá ríkissjóði, en var sviftur stöðunni eftir margra ára starf, þannig, að hann taldi sjer gert rangt til, og sendi hann því Alþingi erindi þess efnis, að sjer yrðu veittar bætur fyrir tjón það, sem hann hefði beðið við frávikninguna. Fór hann nú síðast fram á 20 þús. kr., og er sú upphæð miðuð við tímann, sem liðinn er síðan honum var vikið úr stöðunni, en það var 1913. Hafa þessi erindi frá honum legið fyrir þinginu undanfarin ár, ásamt meðfylgjandi plöggum. Er meðal annars í plöggum þessum mjög harðort skjal frá þáverandi landsverkfræðingi, Jóni Þorlákssyni, dags. 12. ág. 1913, þar sem hann er að verja sig út af því að hafa vikið Daníel frá starfanum. Þótt við fljótan yfirlestur þessa skjals virðist hafa verið margar ástæður til þess að víkja Daníel frá, þá verða menn eftir yfirlestur svars umsækjanda í miklum vafa um, hvort ástæðurnar hafi verið svo ríkar eins og Jón Þorláksson vill vera láta í brjefi sínu til stjórnarinnar. Hann telur manninn óhæfan til þess að hafa starfið á hendi, en tekur það aftur seinna í brjefinu, þar sem hann segir, að Daníel haldi mönnum vel að vinnu, og að verkin, sem

hann skili, sjeu vel að vöxtum o. fl., sem mest er áríðandi fyrir verkstjóra. Maður, sem hefir þessa kosti, en ekki fleiri ókosti en teknir eru fram í brjefi landsverkfræðingsins, verður varla talinn óhæfur verkstjóri. Það má einnig sjá af skjölunum, að það er ekki alveg sannleikanum samkvæmt, sem Jón Þorláksson segir í brjefi sínu til stjórnarinnar, að hann hafi tekið Daníel fyrir þrábeiðni hans, því umsækjandi segir í svari sínu, að hann hafi aðeins einu sinni sótt um að mega halda starfinu áfram, og það verður ekki kallað þrábeiðni. Í brjefi umsækjandans er þess getið, að hann hafi ekki hlíft sjer við vinnuna, og að hann hafi orðið veikur af vosbúð við starf sitt í þjónustu landsins, og liggur ekkert fyrir, sem hrekur það. Getur vel verið, að landsverkfræðingurinn og verkstjórinn hafi ekki átt skap saman. Þeir hafi verið of stórbrotnir báðir. Og auk þess er það alkunna, að verkfræðingar vilja ekki taka leiðbeiningum leikmanna, enda þótt reynslan hafi sýnt, að þeir hafi rjett fyrir sjer. Mætti nefna ýms dýr dæmi því til sönnunar. Eru ýmsir vegir og brýr hjer á landi, sem bera merki þess, að betra hefði verið að fara eftir tillögum staðkunnugra manna um byggingu þeirra.

Jeg hefi borið fram till., sem þó er ekkert í námunda við það, sem Daníel fer fram á, sem sje 2 þús. kr. í stað 20 þús. kr., sem hann biður um, því jeg get ekki varist því, að mjer finst maður þessi hafa verið beittur órjetti. Hann hefir sýnt dugnað við starf sitt í mörg ár, og hann hefir ekki orðið sannur að sök um neitt það brot, er rjettlæti það, að hann var sviftur starfanum. Jeg ber till. meðfram fram til þess að fá að heyra frá hæstv. stjórn, hvaða ástæður hún hefir fram að færa fyrir því, að maður þessi fái ekki þessa uppbót, og hvort hann hafi maklega verið sviftur stöðunni.

Jeg hefi orðið nokkuð langorður um þetta atriði, en jeg hefi mátt til að skýra málið nokkuð ítarlega vegna hinna mörgu plagga, sem umsókninni fylgja.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. mína við 14. gr., B, II, e, um lokastyrk til Sigurkarls Stefánssonar. Maður þessi tók stúdentspróf úr stærðfræðideild mentaskólans 1923 með I. einkunn. Síðan hefir hann lesið stærðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og hefir þaðan ágæt meðmæli kennara sinna, auk þess sem hann hefir fengið vottorð frá dr. Ólafi Daníelssyni, er segir, að Sigurkarl sje einn af efnilegustu nemendum, sem hann hafi kynst. Tel jeg þau meðmæli mikils virði. Og því meiri þörf er honum á þessum styrk, þar sem hann hefir fyrir fjölskyldu að sjá og á því eðlilega við þröngan fjárhag að búa. Og mjer er kunnugt um það, að aðstandendur hans geta ekkert lagt honum af mörkum. Það hefir verið venja þingsins að veita stúdentum lokastyrk, og maður þessi væntir þess að geta lokið embættisprófi vorið 1928, ef hann fengi þennan styrk. Jeg hefi stungið upp á 1500 kr., en vegna hins ríkjandi sparnaðaranda hjer í hv. deild, þá hefi jeg borið fram varatill. um 1000 kr.

Þá er það XI. brtt. við 15. gr., um styrk til Bjargeyjar dóttur Páls Árna-

sonar lögregluþjóns. Hún hefir stundað hljómlistarnám í nokkur ár og er nú að fullkomna sig hjá frægum kennara í Noregi, Sverre Jordan.

Henni hefir ekki verið veittur neinn styrkur áður. Foreldrar hennar, sem hafa fyrir mjög mikilli ómegð að sjá, hafa hingað til hjálpað henni. Faðir hennar segir í umsókninni, að hann eigi 9 börn, og skiljanlega getur hann ekki lagt mikið til að hjálpa dóttur sinni. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að þessari stúlku verði veittur 800 króna styrkur. Hún hefir ágæt meðmæli frá kennurum sínum utanlands og auk þess frá Páli Ísólfssyni hjer heima, en orð hans verða að gilda sem hæstarjettardómur um það, hvort hljómlistarnemendur hafi listgáfu eða ekki. Hann segir, að þessi stúlka sje gædd miklum músikgáfum og „framúrskarandi ástundunarsöm.“ Í styrkbeiðninni er farið fram á 2500 krónur, en í till. minni er aðeins stungið upp á 800 krónum. Svo mjög tek jeg til greina í till. minni sparnaðarhvatningu hv. fjvn., að jeg tek ekki nema tæpan ⅓ af því, sem um er beðið, og er það þó ekki hátt.

Það hefir víst alveg farið fram hjá bændum þingsins, að ungur og efnilegur mentamaður, sem nú er kennari á Akureyri, hefir sótt um styrk til þess að rannsaka „eðli og uppruna þúfna og annara yfirborðsmyndana, algengra hjer á landi.“ Jeg býst við, að þetta erindi hafi farið algerlega fram hjá öllum þingbændum, því að annars er óhugsandi, að þetta málefni hefði ekkert verið nefnt og ekkert borið fram um það, þegar svo langt er liðið á þingtímann og fjárlagafrv. komið til 2. umr. hjer í hv. Ed. Það er því ekki annað mögulegt, en að algerlega hafi sjest yfir þetta erindi, því að annars myndu þeir hafa viljað hafa frumkvæði að því að stinga upp á einhverju í þessum tilgangi. En með því að ekkert kom frá hv. fjvn. um þetta, þá rjeðist jeg í það að gera till. um, að Pálma Hannessyni væri veittur 2500 króna styrkur til þeirra rannsókna, sem segir í XVII. brtt. á þskj. 472. Jeg þekki ofurlítið þennan mann, og ef menn kynnast honum og vita um þann áhuga, sem hann hefir, ekki einungis fyrir þeirri rannsókn, sem hjer er um að ræða, heldur líka rannsókn landsins yfirleitt, þá held jeg, að menn myndu verða fúsir til þess að veita honum nokkurn styrk. Jeg sje ekki, að annar maður sje nú líklegri til þess að taka þar við, sem Þorvaldur Thoroddsen hætti, heldur en einmitt þessi ungi mentamaður. Hann hefir mikla kosti til að bera, því að auk þess sem hann er góður vísindamaður, er hann mjög duglegur ferðamaður og vanur öllu ferðavolki í óbygðum og hefir sýnt í því hinn mesta dugnað og framtakssemi. Jeg skil því varla, að það líði á löngu þangað til, að í fjárlögunum verður tekin upp fjárveiting til jarðfræðirannsókna hjer, en jeg held, að það væri kannske rjettara að byrja á því, sem hann fer hjer fram á að rannsaka, og held jeg, að fyrir búnaðinn geti það haft sína þýðingu.

Jeg minnist þess, að þegar jeg var ungur drengur, þá voru áhrif frá Ólafsdalsskólanum byrjuð að koma vestur á land, þau áhrif, að stöku bændur voru byrjaðir að sljetta tún sín, rífa niður þúfurnar og gera þar sljett beð. Þetta mætti mjög misjöfnum dómum.

Einstaka framkvæmdamenn sáu, að þetta var til mikils gagns, en margir vildu ekki líta við þessu, þóttust hafa góðar og gildar ástæður til þess að líta ekki við þúfnasljettum; það var sem sje það, að ef farið væri að rífa niður þúfnakollana og sljetta, þá myndi yfirborð túnsins verða svo miklu minna, þegar búið væri að taka þúfnakollana burt. En jeg vona, að slík hjátrú sje ekki hjá mönnum hjer á þingi, svo að þeir af þeim ástæðum verði á móti því að rannsaka eðli og uppruna þúfna. Mjer er sagt, að það sje ekki í nærri öllum löndum, að slík þúfnamyndun sem hjer eigi sjer stað, en það væri nógu fróðlegt að eiga til vísindalega rannsókn á því, hvernig slíkar myndanir verða; jeg gæti hugsað, að það væri nógu fróðlegt fyrir landbúnaðinn.

Það var einhver að segja það við mig, þegar þessi umsókn kom fram á þinginu fyrst, að það væri alment brosað að þessu meðal bænda, og maður, sem var trúaður á þetta, sagði, að þessi mentamaður hefði gert illa í því að nefna ekki þúfurnar latnesku heiti, til þess að gera þetta verk svolítið vísindalegt. — Umsóknin hefði kannske haft meira fylgi í þinginu, ef hann hefði að einhverju leyti orðað umsókn sína á latínu, eða að minsta kosti gefið þúfunum latnesk nöfn. En jeg þykist vita, að þessa þurfi nú ekki, og að þegar bent er á þetta, þá muni bændur í þessari hv. deild fúslega fallast á þetta og veita þessum unga og líklega manni styrk til þessara rannsókna, þann, sem hann fer fram á. Jeg spái því, að það verði ekki mörg ár áður en sá maður stendur fyrir jarðfræðirannsóknum hjer á landi, eins og jeg hefi drepið á áður.

Þá kem jeg að lið, sem er brtt. við 63. brtt. fjvn. á þskj. 449. Það er till. um að gera nokkuð annað úr tillögunni um Byggingarfjelag Reykjavíkur heldur en hv. nefnd vill vera láta. Nefndin leggur til, að þessu fjelagi verði ekki veittur neinn styrkur, heldur feldur niður sá styrkur, sem það hefir samkvæmt tillögu hv. Nd. Af því að þetta er orðið dálítið sjerstakt mál, öðruvísi en títt er um smávægilega þingstyrki, þá vil jeg að nokkru leyti rekja tildrögin að því, að fjelag það, er hjer um ræðir, var stofnað og tók til starfa. Það var stofnað árið 1919, á þeim árum, þegar langmest bar á húsnæðisvandræðum í Reykjavík. Þá var svo mikið húsnæðisleysi, að stórar fjölskyldur urðu að húka í svolítilli herbergiskytru, og allir urðu að láta sjer það lynda, sem þeir höfðu, því að ef þeir einhverra hluta vegna mistu húsnæði sitt, þá voru aðrir undir eins komnir í þeirra stað og engin tiltök að fá neitt í staðinn. Húsnæðisvandræðin hafa aldrei verið eins mikil og þá, þegar mest var „spekúlerað" í síldinni og seðlaflóð Íslandsbanka flæddi yfir landið og einstakir menn og hið opinbera hafði talsvert miklu úr að spila, en þá var ekki sjeð fyrir þeirri lífsnauðsyn að sjá fólkinu fyrir sæmilegum íbúðum í kaupstöðunum. Stofnun fjelagsins var þá knúin fram af þörf nokkurra fátækra manna. Hugmyndin var ekki ný. Hún hefir verið framkvæmd erlendis á þann hátt, að nokkuð stór hluti verkamanna hefir slegið sjer saman og myndað fjelagsskap, og þessi fjelagsskapur

hefir svo verið styrktur af bæjarfjelögum og ríkjunum að mjög miklu leyti, jafnvel 30—40% af byggingarkostnaðinum. Auk þessa styrks hafa þessi fjelög fengið mjög góð lán út á 1. og 2. veðrjett í byggingum sínum. Eftir þessum fyrirmyndum, sjerstaklega þýskum, var Byggingarfjelag Reykjavíkur stofnað. Menn voru þá stórhuga og litu svo á, að eftir því sem peningamagnið í landinu ykist, myndi hægt að ráðast í miklar byggingar, og allmargir meðal hinna fátækari manna gengu í þennan fjelagsskap. Það var safnað dálitlu hlutafje, en þó að nokkurt fje væri þá í umferð hjá landsmönnum, þá máttu þeir ekki missa af miklu til fyrirtækja, frá nauðsynjakaupum, svo að það fje, sem heimt var, var haft í 100 króna hlutum, og var því þannig til hagað, að hver maður, sem fjekk 2 herbergi og eldhús, lagði til 300 kr. í hlutum, 100 kr. fyrir herbergið. Dálítið af þessu fje var frá áhugasömum mönnum, sem töldu þessa aðferð heppilega til að byggja hús, og jeg vil geta þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur, henni til maklegs lofs, tók vel undir það að veita fjelaginu nokkurn styrk. En að hún tók svo vel undir þetta mál þá, var af því, að borgarstjóra og bæjarfulltrúum var það vel ljóst, að húsnæðisvandræðin voru að verða óþolandi í bænum, þar sem heilum fjölskyldum með 6—8 mönnum var samanhrúgað í litlum herbergiskytrum; afleiðingarnar af þessu urðu líka oftast þær, að mikil veikindi urðu hjá þessu fólki. Og enginn veit, hve margir af þessum mönnum hafa orðið að leita til sveitarinnar, og hún varð að taka á sig útgjöld, sem sköpuðust af því, að fólkið hafði ekki nægilega loftgóðar íbúðir, sem það gat lifað heilsusamlegu lífi í. Bæjarstjórnin veitti fjelaginu þess vegna ríflegan styrk á fjárhagsáætlun sinni í nokkur ár, sem var alt að 10% af byggingarkostnaðinum, og fjelagið fjekk alt að 5% af byggingarkostnaðinum frá ríkinu. Hús þess kostuðu nokkuð á fjórða hundrað þúsund krónur; það voru upphaflega 36 íbúðir, en það voru líka íbúðir, sem ætlaðar voru mönnum. Það voru ekki íbúðir eins og þær, sem flestir verkamenn bjuggu þá í og verða enn að hafa; það voru bjartar og rúmgóðar íbúðir með öllum þeim þægindum, sem þá voru algeng í húsum. Steinhús þau, sem fjelagið reisti hjer austur í bænum, kostuðu liðlega 200000 krónur og timburhús, sem fjelagið bygði, rúmlega 100000 kr. Þetta var gert þegar dýrtíðin var sem mest, árin 1919—'21, og það gefur að skilja, að sá byggingarkostnaður, sem þá var, var svo margfalt meiri en sá, sem nú er. Svo að þó að fjelagið hafi fengið 15% af byggingarkostnaði sínum, þá stendur það þó svo miklu ver að vígi heldur en þeir, sem nú eru að byggja, og auk þess var ráðist í þessar byggingar, þegar þörfin var mest, og þegar hvorki ríkisstjórn nje bæjarstjórn eða einstakir menn höfðu framkvæmd til að gera það. Jeg álít þess vegna, að þeir menn, sem lögðu sína smáu skildinga í það að koma upp þessum myndarlegu byggingum, þeir eigi það fullkomlega skilið, að þeim sje veittur sá styrkur, sem nú er farið fram á, sá styrkur, sem hv. Nd. sýndi þá sanngirni og þann skilning að samþykkja. Hið opinbera var alveg ófáanlegt til þess að hefjast handa. Það

var fyrst og fremst af því, að sú stefna rjeði þá, eins og víst nú líka, að það sjeu einstaklingarnir, sem eigi að hafa framkvæmdirnar í öllu. En það sjest, að það verður stundum lítið úr einstaklings-framtakinu, og að minsta kosti varð ekki á þessum árum neitt úr því, að einstakir menn rjeðust í að byggja íbúðir handa húsnæðislausu fólki, og það var ekki einstaklingsframtakið, heldur samvinna og fjelagsskapur allmargra fátækra manna, sem rjeðist í að reisa þessar heilsusamlegu íbúðir, sem gátu tekið á móti 36 fjölskyldum. Þegar þessar byggingar voru reistar var renta af peningum nokkuð há, en síðar urðu vextir af peningalánum enn hærri. Varð það til þess að gera þeim alt miklu erfiðara, sem ráðist höfðu í slík fyrirtæki á þessum dýra tíma. Húsaleigan var ákveðin með það fyrir augum, að húsin gætu nokkurn veginn svarað vöxtum og afborgunum af lánum þeim, er á hvíldu, en eins og áður er sagt, hækkuðu vextir síðar að miklum mun, og jókst útgjaldabyrði fjelagsins um mörg þúsund krónur við það. En húsaleiguna var ekki unt að hækka vegna þess, að hún var fastákveðin með samningum milli leigjenda (sem flestir voru líka eigendur), og varð ekki breytt, meðan þeir stóðu í skilum.

Nú hefði alt gengið vel, ef tvent hefði ekki komið til, ef rentubyrðin hefði ekki aukist til stórra muna og atvinnuleysi haldist um margra ára skeið. Lán fjelagsins voru öll í víxlum í upphafi, og annar bankinn heimtaði, að veðdeildarlán yrði tekið og víxlarnir borgaðir niður með því. Þetta var og gert, en veðdeildarbrjefin seldust ekki nema fyrir ¾, þannig, að sá, sem tók veðdeildarlán, fjekk ekki fyrir sitt 100 króna brjef nema 75 krónur, og jafnvel þó að veðdeildarlánin sjeu veitt til nokkuð langs tíma, þá verða þau með slíkum kjörum svo dýr, að vextir af þeim nálgast víxilvexti. Og þegar lántaka gegn 1. veðrjetti er svo óhagstæð, þá má geta nærri, hvaða kjör eru á lánum, sem veitt eru út á 2. veðrjett. Nú eru vextir af víxillánum í Íslandsbanka um 8% með framlengingarkostnaði og stimpilgjaldi; og þetta verður fjelagið að greiða af allháum víxli, sem er í þeim banka. Aftur eru vaxtakjörin á lánum Byggingarfjelagsins betri í Landsbankanum. Og það er aðallega vegna háu vaxtanna, nú, sem fjelagið sækir um styrk. Rentubyrði fjelagsins árið 1925 var kr. 18630.20. Og skuldir fjelagsins eru á þriðja hundrað þúsund krónur. En atvinnuleysistímarnir 1921—1924 hnektu líka hag fjelagsins. Á þessum árum er meira eða minna af fólki, sem gengur atvinnulaust heil og hálf misserin, og þegar menn hafa ekkert að starfa, eiga menn líka erfitt með að borga. Menn geta ímyndað sjer, og jeg veit, að hv. þm. muni skilja það, að þegar fátækir verkamenn hafa mist sína atvinnu, þá líður ekki á löngu, þangað til þeir komast í þrot og verða að skulda hjá húseigandanum og hjá kaupmanninum, og ef þeir ekki hafa lánstraust, þá verða þeir að leita til sveitarfjelagsins. Verði menn fyrir veikindum fer á sömu leið.

Það hefir altaf viðgengist, að menn hafa skuldað húsaleiguna einhvern hluta úr vetri, þann tímann, sem menn hafa haft minst að gera. En út-

gjöldin eru þá oft og tíðum mikil fyrir fjölskylduna, því að útgjöldin eru þá enn meiri en að sumrinu til, svo sem kostnaður við ljós og hita. Nú gengur þetta oft vel hjá mörgum manni, sem skuldar yfir vetrarmánuðina, hvort sem það er húsaleiga, úttekt hjá kaupmanninum eða þá bankalán. Verkamaðurinn getur borgað þetta upp af sumarkaupi sínu, ef vel gengur. En nú getur komið fyrir, að einhver óhöpp beri að höndum, t. d. að sá, sem vinnur fyrir heimilinu, veikist, verður að borga mikið fje í kostnað við læknishjálp o. fl. Auk veikindakostnaðarins fer hann þá líka á mis við atvinnu, sem hann annars hefði notað til að framfleyta sjer og sínum á. En það er sama hvers vegna hann ekki getur borgað, hvort það er vegna veikinda eða vegna atvinnuskorts, skuldin er orðin til, og flestir skuldunautar munu þá vilja reyna að bíða þar til atvinnutíminn kemur, í von um, að eitthvað rætist úr og þeir fái eitthvað upp í skuld sína. En langmest af húsaleiguskuldum Byggingarfjelagsins hefir orðið til af þeim ástæðum og á þann hátt, sem jeg hefi nú lýst. Þegar svo koma mörg atvinnuleysisár í röð, þá safna verkamenn miklum skuldum, og mikið af þeim skuldum tapast, því að atvinna þeirra gefur víst sjaldan meira en svo, að þeir á hverjum tíma aðeins geti fleytt fram fjölskyldum sínum. Og kemur þá til ákvarðana lánardrotna, hvað gera skuli. Nú eru flestir svo, að ef einhver skuldar, þá teygja þeir sig í lengstu lög til þess að ná inn fjenu, kannske með smáafborgunum á löngum tíma. Og sumt kemur inn, en sumt ekki. Veldur því þá oft annaðhvort atvinnubrestur eða heilsubilun, sem getur jafnvel orðið til þess, að menn þurfa að leita til sveitarsjóðs. Það er nú svo um verkafólkið, að ef það skuldar, þá getur það ekki borgað, nema atvinna sje góð. En ef sá eini möguleiki bregst, eða ef fólkið verður fyrir áföllum, þá eru litlar líkur fyrir því, að skuldin náist. Þá kemur þetta til greina. Og að því er snertir Byggingarfjelagið, átti stjórn þess að víkja hverjum manni úr íbúðinni, er ekki gat borgað mánaðarlega? Það var auðvitað hægt undir húsaleigulögunum að láta fógeta reka mennina út. Jeg efast þó um, að það sje jafnvel venja hjá einstökum mönnum, er hús eiga. Þeir munu vafalaust teygja sig langt í því að gefa gjaldfrest, í von um, að það geri leigjendunum auðveldara að komast fram úr því að jafna skuldina, og að þannig fengju þeir á endanum peninga sína borgaða. En þegar ár eftir ár koma slík ár sem þessi mörg undanfarin atvinnuleysisár, þá safnast mönnum skuldir, sem þeir geta ekki borgað upp að sumrinu, en næsta vetur safnast svo enn nýjar skuldir. En af hverju stafar þetta? Er það stjórn Byggingafjelagsins að kenna? Nei, það er þeim mönnum að kenna, sem binda togarana og koma þannig í veg fyrir, að menn geti unnið; því að frá sjávarútveginum stafar sú atvinna, sem hjer fæst í Reykjavík, að langmestu leyti. Þegar svo atvinnuleysi er sumar eftir sumar, þá er skiljanlegt, að það safnist fyrir skuldir hjá verkamönnum, og þá er líka hætt við, að þeir, sem hjá þeim eiga, tapi, er

fátækari hluti fólksins verður að leita til sveitarsjóðs til þess að geta lifað. En eins og kunnugt er, borga sveitarsjóðir ekki áfallnar skuldir þeirra manna, sem þeir taka við. Árin 1922—'23 og 1925 og síðastliðið ár söfnuðust skuldir við Byggingarfjelagið, sem eru þó ekki meiri en það, að þær nema um 6% tapi af húsaleigu fjelagsins. Nú vil jeg segja háttv. fjvn.-mönnum það, að verkamenn geta ekki, eins og t. d. háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), farið í ríkissjóðinn og látið hann borga fyrir sig húsaleiguna, eða eins og háttv. 2. landsk. (IHB), sem í hvert skifti, er kvennaskólann vantar peninga, getur komið til ríkissjóðs eða til þingsins og sagt: Getið þið nú ekki veitt okkur 2 þús. kr. í viðbót? o. s. frv. Og við segjum auðvitað jú undir eins. Enda er það líka sjálfsagt. Þó er skólinn „privat"-stofnun. En jeg skal gjarnan bæta því við, að jeg hefði ekkert á móti því, að kvennaskólinn væri ríkisskóli, en ekki „privat"-stofnun. En verkamenn geta ekki gengið í ríkissjóðinn og heimtað að fá húsaleigu sína greidda þaðan. (IHB: En kvennaskólinn hefir ekki verið kröfuharður!). Nei, nei, en þegar hann vantar peninga, þá kemur hann bara til þingsins, og það er svo elskulegt að veita honum altaf styrk, alveg eins og ríkissjóður borgar hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) til þess að renta sitt eigið hús. En þetta geta nú verkamennirnir ekki gert. Þeir eiga ekki aðgang að svo góðum viðskiftavinum sem ríkissjóður er. Og þó að sveitin taki við þeim og greiði húsaleigu þeirra, þá greiðir hún þó ekki hinar gömlu skuldir.

En svo að jeg víki aftur að Byggingarfjelaginu, þá er ekki nóg með það, að till. er fram komin um að fella niður fjárveitinguna til þess, heldur virðast líka hafa verið pantaðar illgjarnar árásargreinar á fjelagið og stjórn þess. Jeg vil nú skjóta því til háttv. nefndarmanna, hvort þeim hafi ekki í nefndinni verið bent á greinar þær, er út komu í blaði því, er jeg gerði mig áðan sekan í að nefna hjer, en mun gæta þess, að jeg komist ekki í þingvíti fyrir aftur, einmitt þá daga, er nefndin var að taka ákvörðun um Byggingarfjelagið. Þetta blað hefir gert mjög óvingjarnlega árás á Byggingarfjelagið og stjórn þess og jafnvel brugðið henni um fjárdrátt. En það er nú í máli. Jeg vona, að þessar greinar hafi ekki verið pantaðar og það til þess eins, að hvorki bæjarsjóður nje ríkissjóður veittu fjelaginu styrk. Jeg vona líka, að árásargreinar og aðdróttanir blaðsins, sem jeg ekki nefni, sjeu ekki skrifaðar í skjóli dómsvaldsins, þó að annar ritstjóri blaðsins hafi nú sagt við mig: „Jeg skal ekki verða sektaður", sem getur ekki þýtt annað en það, að hann sje búinn að tryggja sjer, að hann verði ekki dæmdur, og sje búinn að fá vitneskju um það hjá hlutaðeigandi dómara, að hann mundi verða sýknaður, hvað sem fram kæmi. Slíkt fullyrða menn ekki, nema þeir sjeu alveg vissir. — Jeg hefi nú vikið að þessu máli af því, að mjer hefir fundist háttv. þdm. leggja fullmikið upp úr árásargreinum þeim á fjelagið, er út hafa komið nú undanfarið. Það virðist hafa verið stuðlað að því með útkomu sumra þessara greina, að þær kæmu

einmitt út á þeim tíma, er hv. fjvn. fjallaði um fjárlagafrv. Mjer þótti vænt um, að háttv. Nd. stóð af sjer þessar árásargreinar og tók styrkinn upp í fjárlagafrv., og jeg vona, að hann verði einnig látinn halda sjer hjer í þessari hv. deild, enda þótt nefndin hafi lagt til, að hann yrði feldur niður. En styrkur þessi er fullkomlega rjettmætur, því að ásakanirnar eru ekki á neinum rökum bygðar. Á reikningum fjelagsins sjest auðvitað, að útistandandi skuldir eru miklar. Þær voru um áramótin ca. 10 þús. kr., en þess ber að gæta, að þann tíma er einmitt erfiðast um allar greiðslur. Venjulega er minst útistandandi af skuldum seinni hluta sumars, því að þá eru allir, sem geta, búnir að borga upp. — Ef litið er á það, hve mikið fje er lagt til byggingarfjelaga erlendis, þá getur maður undrast það, að ekki skuli vera greiddur hjer hærri styrkur til samskonar framkv. Eftir því, sem jeg kemst næst, er styrkveitingin til byggingarfjelaga í Danmörku svo mikil, að það svaraði því, að hjer væru veittar um 70—80 þús. kr. til Byggingarfjelags Reykjavíkur. En það er helmingi hærri upphæð en því hefir verið veitt hingað til. Fyrir þá sök hefi jeg nú komið fram með till. um 40 þús. kr. styrk til fjelagsins, enda lækki það líka húsaleiguna. Ef skuldir þess lækka nú um 40 þús. kr., þá svarar það til, að vaxtaútgjöld lækki um nálega 3 þús. kr. hjá fjelaginu. Fái nú fjelagið þessar 40 þús. kr. og lækki húsaleiguna um 10%, þá helst það nokkurn veginn í hendur, ef ársleigan er nálægt 30 þús. kr. á ári. Jeg ætla nú samt að gera ráð fyrir, að svo geti farið, að jeg ef til vill taki þessa tillögu aftur, því að jeg þykist vita, eftir þeim sparnaðarhug, sem hjer ríkir, að hv. þdm. muni ekki vilja samþ. hana.

Þá á jeg hjer eina till. eftir, sem jeg vildi minnast á. Hún er um það, að veitt verði fje úr ríkissjóði til atvinnubóta, ef atvinnubrestur verður. Jeg álít, að þetta eigi að standa í hverjum fjárlögum. Ef atvinnan stöðvast, þá leiðir af því atvinnuleysi fyrir verkafólkið, eins og jeg hefi lýst í sambandi við Byggingarfjelagið. En jeg held, að jeg megi fullyrða, að hæstv. forsrh. (JÞ) hafi nýlega látið þá skoðun í ljós, að á slíkum tímum ætti ríkissjóður að halda uppi framkvæmdum. Jeg vil nú með till. minni koma því svo fyrir, að stjórninni sje heimilt að gera þetta, ef á þarf að halda, og einnig að veita lán til bæjar- og sveitarfjelaga í sama skyni. Síðastliðinn vetur var veitt fje til atvinnubóta, en það var bæði lítið og aðeins á einum stað, sem sje hjer í Reykjavík. Stjórnin á að halda uppi framkvæmdum eftir slíkt atvinnuleysisár sem var hjer 1926. Það á helst að byrja á haustin áður en klaki er kominn í jörð, því að þessi vinna er oftast undirbúningur undir byggingar, vegagerð o. fl. Segjum, að byrjað væri í september og haldið áfram eins lengi og hægt væri með nokkrum árangri að stunda slíka vinnu. En það er miklu verra að byrja t. d. í desember eða janúar og vinna þegar kaldast er og stystur dagur, og þegar minst verður úr verki.

Áður en jeg sest niður vil jeg víkja ofurlítið að einni brtt. hv. nefndar. Það er 6. brtt. og er um það að fella niður aths. við styrkinn til Jóns Krist-

jánssonar, en þó á styrkurinn að haldast. Þess ber að gæta, að niðurfelling á vöxtum og afborgunum af láni þessa manns svarar til þess, að honum hafi verið veittur lítill styrkur í nokkur ár til „klinikinnar". En viðurkenningin felst í því, að háttv. Nd. veitti styrkinn og hv. fjvn. í Ed. felst á hann, en vill aðeins hafa hann minni. Annars ætti að láta aths. standa og skoða þetta bara sem styrk frá fyrri árum.

Jeg man nú ekki, hvort það var fleira, sem jeg þurfti að gera að umtalsefni nú. En jeg á þá altaf eina ræðu til góða, ef andæft verður hastarlega ræðu minni og jeg þarf að tala aftur. Þó get jeg ekki stilt mig um að finna að því, að tveir hv. þm. (BK og JKr) hafa farið að narta í Þórberg Þórðarson og vilja nú taka af honum þær 200 kr., sem hv. Nd. setti inn. Það var nú ætlunin, að hann hjeldi þessum 1200 króna styrk, en stjórnin lækkaði hann um 200 kr. En hv. Nd. leiðrjetti það. En nú koma þessir tveir hv. þm. fram á vígvöllinn og vilja skera niður þessa smáupphæð. Mjer finst þetta satt að segja óþarfa nart. Þeir gátu með fult eins góðri samvisku komið fram með fjárveitingu til þess manns, sem þeir vilja nú styrkja til svipaðrar starfsemi, þó að þeir færu ekki að draga fje af Þórbergi. Það er líka enn síður ástæða til þessa, þar sem honum hefir verið vikið úr atvinnu fyrir að búa til snildarverk, sem er landi voru til hins mesta sóma, snildarverk, sem er sígilt og hefir víðfrægt svo marga íhaldsmenn, að þeir munu lengi lifa í því meistaralega riti. Ætti þeim því heldur að vera kappsmál að styðja Þórberg og styrkja til ritstarfa. Jeg sje, að hjer er nýr maður kominn inn í deildina, hv. þm. Barð. (HK), sem orðið hefir þess heiðurs aðnjótandi hjá þessum ritsnillingi að vera gerður ódauðlegur í riti hans.

Jeg læt nú hjer staðar numið. Jeg hefi orðið að vera nokkuð langorður um Byggingarfjelagið, af því að gerðar hafa verið á það látlausar árásir til þess að spilla fyrir því, að það fengi styrk. Jeg skal geta þess, að styrkur þessi er eiginlega ekki annað en endurgreiðsla, vegna þess að 5 þús. kr. hafa staðið á fjárlögum, en ekki komið til úthlutunar, heldur fallið niður, ekki af því, að fjelagið væri ekki verðugt styrksins, heldur vegna þess, að Íhaldið í bæjarstjórn hefir notað meiri hluta sinn þar til þess að varna þess, að fjelagið fengi styrk. En það hefir verið sett að skilyrði fyrir ríkissjóðsstyrknum, að styrkur kæmi á móti frá bæjarstjórn Reykjavíkur. En þar eru nokkrir ofstækisfullir menn, sem geta ekki augunum litið neitt fyrirtæki, sem hefir á sjer sósíalistiskt eða samvinnusnið, þá ætla þeir alveg að sleppa sjer. Úr þeirri átt er komin sú ófrægingaralda, er leitt getur til þess, að þeir sporgöngumenn Íhaldsins, er níðgreinarnar hafa skrifað, verði dæmdir í sektir og fangelsi, ef rjetturinn á að ske, fyrir illyrði sín og árásir á Byggingarfjelagið.

Björn Kristjánsson: Jeg er svo heppinn, að jeg á enga brtt. sjálfur að þessu sinni. Samt þarf jeg að segja fáein orð út af tillögu hv. fjvn. á þskj. 449, 4. lið. Jeg kemst ekki hjá

því að mótmæla þessari till. hv. nefndar, þar sem hún fer fram á, að styrkurinn til Kjósarlæknisins sje færður úr 1500 kr. niður í 550 kr. Svo er styrkur þessi til orðinn, að hjeraðslæknirinn, sem þar á að þjóna, getur ekki ferðast þangað, af ástæðum, sem hv. deild eru kunnar. Þessi hreppur og tveir hreppar aðrir hafa því verið hjeraðslæknislausir, síðan læknisembættið í Kjósinni var lagt niður. Byrjað var á því að veita sjerstaklega þessum hreppi dálitlar sárabætur fyrir missi læknisins, með því að veita Kjósarhreppi 300 kr. árlegan styrk til að leita læknis í Reykjavík eða Hafnarfirði. En reynslan sýndi, að enginn læknir í Reykjavík vildi skuldbinda sig til að fara inn í Kjós, þegar á lá, fyrir þennan litla styrk. Það gengu oft dagar í að fá lækni þangað, og það jafnvel þó að líf manns lægi við. Auk þess voru ferðir þeirra afardýrar, miklu dýrari en gerist meðal hjeraðslækna. Hv. Ed. fjelst því á það fyrir nokkrum árum að hækka þennan styrk upp í 1500 kr. Sú upphæð var ákveðin eftir að búið var að ganga á milli læknanna hjer í Reykjavík og spyrja þá, fyrir hvaða borgun minst þeir vildu annast læknisstörf í upphreppunum í Kjósarsýslu með venjulegum læknataxta. Allra lægsta borgunin var 1500 kr. Menn höfðu reyndar ekki miklar vonir um að geta fengið lækni fyrir þetta, þó að það tækist. Ól. heitinn Gunnarsson læknir tók að sjer þennan starfa og hjelt honum, þangað til hann dó í haust. En í haust eða vetur var starfinn veittur Daníel lækni Fjeldsted, sem þá var búinn að setja sig niður sem „praktiserandi" læknir í Hafnarfirði. En sett var upp við hann, að hann flyttist til Reykjavíkur. Nauðsynin á því var bæði sú, að þá var læknirinn nær, og ekki síður hitt, að hjer má ná í lækni að nóttu, en ekki í Hafnarfirði. Það eru því ekki lítil vonbrigði fyrir þennan mann, ef upphæðin verður færð niður, og í rauninni er þetta freklegt gabb við hann.

Hjer liggja fyrir alveg sjerstakar ástæður, sem hvergi munu eiga sinn líka, sem sje þær, að hjeraðslæknirinn getur ekki þjónað þessum hreppum, enda eru þær ástæður áður viðurkendar af Alþingi. Kostnaðarspursmálið fyrir þá, sem leita eiga læknis, er afarmikið. Í fyrsta lagi eru taxtar lækna hærri hjer en taxtar hjeraðslækna, og auk þess er flutningskostnaðurinn fram og aftur margfaldur.

Hrepparnir hafa samið við núverandi lækni að fara með mjólkurbílnum, sem gengur daglega upp að Esju, þegar ekki er um bráða sjúkdóma að ræða. Far með þessum bíl kostar aðeins 4 krónur fram og aftur. En ef hreppsbúar verða að taka einhvern lækni á þeim tíma, sem þeir eru viðlátnir, þá kostar bílferðin fram og aftur 40 krónur. Svona er mikið í húfi fyrir íbúa þessara hreppa.

Og ekki nóg með þetta. Það kom oft fyrir hjer áður, að menn drógu að sækja lækni kostnaðarins vegna, þangað til sjúklingurinn var kominn í dauðann. Jeg man eftir tveim bændum á einum bæ, sem svona stóð á fyrir, og þeir dóu báðir. Það eru því eindregin tilmæli mín við hv. fjvn., að hún láti ekki atkvgr. um þessa till. fara fram nú, heldur fresti því til 3. umr., og hafi þá tal af viðkomandi lækni, sem jeg hefi því miður ekki

haft tækifæri til að ná í. Vilji læknirinn fallast á að þjóna upphreppum Kjósarsýslu með þeim kjörum, sem hv. nefnd leggur til, þá mundi jeg geta sætt mig við tillöguna, en annars ekki.

Þá ætla jeg að minnast ofurlítið á brtt., sem samgmn. flytur á þskj. 472, VII, við 13. gr. C, 2, um að færa styrkinn til flóabáta úr 109300 kr. niður í 100000 kr. Í nál. hv. fjvn. á þskj. 467 sjest, á hverju þetta er bygt. Hún telur ógerning, eins og útlitið er nú, að hækka styrkinn eða bæta nýjum við og vill fresta því, að minsta kosti um eitt ár. Að öðru leyti ætlar hún stjórninni að skifta styrknum milli flóabátanna eins og að undanförnu, eða því sem næst.

Jeg er meðflm. ásamt hv. 6. landsk. (JKr) að tveim till. á þskj. 472, XIV og XV. Fyrri till. er þess efnis að lækka styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar úr 1200 kr. niður í 1000 kr. Með tilliti til hinnar till., sem fer fram á styrk handa öðrum manni til samskonar starfa, höfum við viljað lækka þessa fjárveitingu. Háttv. 5. landsk. (JBald) fann að þessu, mjög vægilega þó, og taldi þessum orðasafnara, Þórbergi Þórðarsyni, svo mikið til gildis, að hann ætti meira en skilið að halda þeim styrk, sem hann hefði haft. Ennfremur mintist háttv. þm. á verk, sem maður þessi ritaði fyrir nokkrum árum, og kallaði það sígilt. Já, sínum augum lítur hver á silfrið. Jeg segi fyrir mig, að ef jeg væri einvaldur í þessu landi, mundi jeg hafa strikað þessa fjárveitingu alveg út, því að mjer finst það eiginlega vera til skammar að styrkja slíkan höfund. En sem sagt er það með tilliti til hinnar tillögunnar, að við berum þessa fram, og eins vegna þess, að krónan hefir hækkað svo mikið nú á síðustu tímum, að lækkunin er í fullu samræmi við það.

Seinni tillagan er þess efnis, að Guðmundi Davíðssyni á Hraunum verði veittur 600 kr. styrkur til að safna orðum úr alþýðumáli og orðtaka bækur, enda verði safnið eign ríkisins. Við teljum, að gott sje og nauðsynlegt, að orðasöfnun fari fram á fleiri stöðum en einum og af fleiri mönnum en einum. Og þegar um er að ræða jafnheiðarlegan, duglegan og greindan mann eins og Guðmund Davíðsson, vænti jeg, að hv. þd. geti verið þessu meðmælt.

Það er ekki venja mín að skifta mjer mikið af till. annara þingmanna. Þó er ein till. hjer, sem jeg verð að minnast á. Það er till. á þskj. 472, XII,2, við 15. gr., 20, þess efnis, að liðurinn falli niður. Þessi tillaga er frá hv. 1. landsk. (JJ), sem síðan vill setja 1000 kr. inn í 18. gr. til sama manns, Jóhannesar Lynge Jóhannssonar. Eins og mönnum er kunnugt, var Jóhannesi veittur þessi starfi fyrir mörgum árum, enda sagði hann af sjer prestsskap þess vegna. Hann hjelt sig einskis í missa, og er undarlegt að fara nú að fella þennan lið niður, vitandi, að Jóhannes Lynge er enn sístarfandi og í fullu fjöri og þarf því ekki eftirlauna við. Það væri auðvitað gott að fá þau, þegar þess þarf með, en tíminn er ekki enn kominn. Jeg verð því að mæla í móti þessu og skoða það sem brot á samningi Alþingis við þennan mann.

Jónas Jónsson: Jeg mun byrja á því að mæla með till. hv. 1. þm. G.-K.

(BK), enda þótt hann endaði með því að mæla móti minni till. Mjer er persónulega kunnugt um, að ástandið í Kjósinni er alveg ótrúlega slæmt. Stundum þurfa menn að borga 60 kr. til þess að fá lækni, eftir að hafa gengið hálfan dag á milli lækna bæjarins til þess að fá þá. Kjósarbúar eru því verra en læknislausir. Jeg vil sem sagt styðja till. hv. 1. þm. G.-K., um að nefndin taki málið til nýrrar athugunar, sem jeg vona að leiði til þess, að hún falli frá að spara þessar 1000 kr.

Viðvíkjandi 31. lið hv. nefndar vil jeg upplýsa það, að stúdentar hafa treyst á þessa fjárveitingu, og er sennilegt, að þessi lækkun muni hindra það, ef til vill árum saman, að hægt verði að koma upp byggingunni. Það er öllum kunnugt, að stúdentar hjer eiga við erfið kjör að búa eftir sitt langa nám, og væri jafnvel beinn sparnaður að hlaupa nú undir bagga með þeim.

Þá ætla jeg að víkja að háttv. 2. landsk. (IHB) út af húsmæðrafræðslunni. Jeg verð að segja, að það kemur úr hörðustu átt, að þessi fyrsta kona, sem sæti á á Alþingi, skuli vera í þeirri nefnd, sem leggur til svo gífurlegan og ósanngjarnan sparnað í þeim málum, sem snerta mentun kvenna sjerstaklega. Jeg vil fá fyrst benda á Staðarfellsskólann, sem nú er að komast á laggirnar og á við mikla örðugleika að stríða, — að þessi fyrsti og eini fulltrúi kvenna á Alþingi skuli ganga með til þess að klípa af þessari litlu fjárveitingu til skólans, sem honum er nauðsynleg, meðan hann er að koma sjer fyrir á fyrsta ári, þar sem alt vantar, kensluáhöld og margt fleira. (**IHB**: Það eru til samningar um þennan skóla!). Það eru engir samningar um það. Það ættu þá að vera til margfaldir samningar um kvennaskólann hjer, en að honum kem jeg síðar.

Þá kem jeg næst að Blönduósskólanum, sem nú er langstærsti húsmæðraskóli á landinu. Þar er búið að koma upp vandaðri og dýrri rafveitu. Um 40 stúlkur sækja skólann. Þar er alt í góðu lagi og skólinn ódýr, bæði fyrir nemendur og ríkið. Þó er þessi sami hv. fulltrúi kvenþjóðarinnar með því, að klipið sje af Blönduósskólanum 2000 kr. En jeg vil minna á í þessu sambandi, að það er ekki klipið úr fjárveitingunni til mentaskólans hjer. Við hann er ekkert sparað. Hann er aukinn ár frá ári og nú blásinn svo út, að leigja verður hans vegna kenslustofur úti í bæ.

Þá er klipið af húsmæðraskólanum á Ísafirði 1000 kr. og að lokum klikt út með því að fella niður 11 þús. kr. fjárveitingu til þess að koma upp húsmæðrakenslu við Laugaskólann.

Með þessu er þá sýnt, að þessi hv. fulltrúi, eini kvenmaðurinn og fyrsti, sem á sæti á Alþingi og þangað er kosin af konum víðsvegar um land, hún lætur sjer sæma að níðast á allri húsmæðrafræðslu í landinu, ýmist með því að fella niður nauðsynlegar fjárveitingar í því skyni eða þá að klípa svo úr þeim, að þær komi að litlu gagni, — nema einni fjárveitingu, er jeg kem að síðar.

Á Laugum eru nú um 60 nemendur, og námskostnaður þar er ekki nema þriðjungur móts við vetrarkostnað í skólum í Reykjavík. Það er því sparað mikið fje fyrir fátæka nem-

endur með því með því að efla þann skóla og styrkja. Þarna hefir farið fram verkleg kensla, sem mjög hefir verið rómuð. Og nú hefir fyrsta sporið verið stigið þarna til þess að taka þar upp verklega kenslu fyrir kvennemendur og húsmæðraefni. En hv. 2. landsk. (IHB), sjálfur kvennafulltrúinn, leyfir sjer að fótum troða þá viðleitni, sem þarna hefir verið sýnd, með því að neita um nauðsynlegan styrk til þess að efla húsmæðrafræðsluna við Laugaskólann. Það eru til peningar í sjóði, sem áhugasamar konur í Þingeyjarsýslu hafa safnað, og báðar sýslurnar hafa komið sjer saman um að veita fje úr sínum sjóðum gegn því, sem fengist frá ríkinu. En eini kvenfulltrúinn á þingi myndar meiri hl. í hv. fjvn. til þess að fella þetta og eyðileggja þar með, að aukin húsmæðrafræðsla komist á í landinu. Það gætu komið þeir dagar, að þessa yrði hefnt, og að rjettlátt þætti að draga eitthvað úr þeim fjáraustri, sem mokað er árlega til kvennaskólans hjer í Reykjavík. Mætti þá minnast þess, er hv. 2. landsk. notaði aðstöðu sína á Alþingi til þess að fella niður aukna húsmæðrafræðslu. Annars er það hart, þegar við karlmenn erum að vinna að aukinni kvennamentun í landinu, að þá skulum við vera höfuðsetnir af þessum eina fulltrúa kvenna, svo að öll okkar viðleitni til bjargar góðu málefni er eyðilögð. (**IHB:** O, sei, sei, sei, sei, sei!). Jeg tek þetta fram af því, að höfuðsyndin og ábyrgðin hlýtur að leggjast á hv. 2. landsk., en ekki t. d. á hv. form. fjvn. (JóhJóh), sem vitanlega ber lítið skyn á þessi mál.

Af því að mjer virðist svo, að ekki sje nema sem allra minst leggjandi á hv. frsm. (EJ), eftir þessum ræðustúf að dæma, sem hann flutti í dag, þá vildi jeg skjóta því til hv. 2. landsk. (IHB) að útskýra fyrir háttv. deild, hvers vegna hafi þurft ennþá einu sinni að hækka styrkinn til kvennaskólans í Reykjavík. (**IHB:** Hann var lækkaður í vetur; þetta er aðeins leiðrjetting). Undarlegt, að slíkt óskabarn hæstv. stjórnar skuli hafa orðið fyrir því, að lækkaður hafi verið styrkur til skóla, er hún veitir forstöðu. Annars vildi jeg aðeins benda á það, að þar sem þessi hv. kvennafulltrúi leggur til, að fært sje að fella niður fjárveitingar til aukinnar kvennamentunar í landinu, þá sje ekki samræmi í því að hækka jafnframt styrkinn til kvennaskólans hjer í Reykjavík.

Þá er það Hvanneyrarskólinn, og verð jeg að segja, að mjer finst undarlegt af hv. fjvn. að leggja til, að feldur verði niður fjárstyrkur til þess að reisa peningshús á Hvanneyri, en ekkert hróflað við styrk til Hólaskólans í sama skyni. Jeg vildi óska, að hæstv. atvrh. (MG) vildi útskýra, hvers vegna meiri ástæða er til að leggjast á annan skólann en hinn, því að óneitanlega verður þetta athæfi hv. meiri hl. fjvn. grunsamlegt, þegar þess er gætt, að sá skólinn, sem á að halda sínum styrk, er svo settur, að þangað sækja fáir, og þarf ekki peningshús sem stendur, en er í kjördæmi hæstv. atvrh. — Jeg vona, að hæstv. ráðh. svari þessu, og að það komi í ljós, að hjer sje ekki um pólitíska hlutdrægni að ræða.

Um 42. liðinn í brtt. hv. fjvn. vildi jeg segja fáein orð. Þar er lagt til, að feldur verði niður úr frv. 300 króna styrkur til Gríms Kambans. Verð jeg að segja, að þá sje nú farið að leggjast á flest, úr því að þessi litla upphæð má ekki vera í friði. En vegna þess að jeg býst við, að hv. fjvn. og enda sumum hv. þdm. sje lítið eða ekkert kunnugt um þennan fjelagsskap, þá ætla jeg að skýra svolítið frá honum.

Það stendur svo á um þetta fjelag, að það er stofnað af mönnum úr öllum flokkum hjer í bæ, með það markmið fyrir augum að hjálpa Færeyingum og vinna að andlegu sambandi milli Færeyja og Íslands. Þetta fjelag hefir svo verið nefnt Grímur Kamban, eftir fyrsta landnámsmanni í Færeyjum. Síðan hefir Patursson, einhver ágætasti Færeyingur, sem nú er uppi, unnið að því að stofna slíkt fjelag í Færeyjum, og mun það eiga að bera nafn Ingólfs Arnarsonar.

Þessar deildir vinna svo saman í bróðerni að málum beggja þjóðanna, ópólitískt með öllu og án þess að blanda sjer inn í þær deilur, sem risið hafa milli Dana og Færeyinga síðustu árin. En hitt getur enginn bannað okkur, að viðurkenna Færeyinga sem frændur okkar, enda er um þá sagt, að þeir sjeu eina þjóðin í heimi, sem líti upp til Íslendinga. Annars er um samstarf þessara deilda það að segja, að komið hefir til mála, að hingað komi færeyskir mentamenn til þess að fræða okkur um land sitt, þjóð og bókmentir, en að við sendum úr hópi okkar mentamanna færa menn á námsskeið Færeyiniga til þess að kenna þar íslensku, sem fjöldi eyjaskeggja sækist nú eftir. Af þessu er auðsætt, að hjer er aðeins um andlega samvinnu að ræða milli þessara frændþjóða, og vænti jeg því, að hv. fjvn., eftir þessar upplýsingar, finni ekki ástæðu til að leggjast á jafnsmáa fjárhæð og hjer er um að ræða.

Þá þykir mjer undarlegt af háttv. fjvn. að leggja til, að styrkurinn til Friðfinns Guðjónssonar leikara skuli lækkaður, því að hann er sennilega sá maðurinn, sem langoftast hefir glatt hjörtu Reykvíkinga og annara, sem hjer hafa dvalið og í leikhús komið. Þessi maður er nú farinn að eldast, hefir aldrei farið út yfir pollinn, en langar nú utan til þess að skoða sig um bekki og safna nýjum kröftum. Jeg veit, að margir skoða þennan styrk sem heiðurslaun fyrir vel unnið starf, og vænti, að hv. fjvn. fallist á að taka þessa till. til baka, enda tæplega sæmandi að láta hana koma til atkvæða.

Þá er 62. brtt., um að fella niður styrk til Stokkseyrarhrepps vegna tjóns af eldsvoða í vetur. Um þessa till. verð jeg að segja það, að mjer finst það koma úr hörðustu átt, að hv. form. fjvn. (JóhJóh), sem jafnhliða er dómari og þessu máli sjerstaklega kunnugur, skuli leggja til, að styrkur þessi falli niður. Því eins og kunnugt er var það fyrir ógætilega meðferð á eldi hjá aðkomumönnum hjeðan úr Reykjavík, að svona mikill hluti þorpsins brann, og það í vertíðarbyrjun, en tjónið tilfinnanlegra af því, að margir mistu þar veiðarfæri sín. Enda sá hæstv. stjórn, að hjer þurfti skjótrar hjálpar, og lánaði hún því fje til veiðarfærakaupa, og það er sú upp-

hæð, sem hv. Nd. hefir fallist á, að Stokkseyringum yrði gefin eftir. Mjer þykir því undarlegt, að hv. fjvn. skuli leggjast á þennan styrk, og ekki síður fyrir það, að Stokkseyringar hafa litið svo á, að hæstv. stjórn mundi ekki hafa gert ráð fyrir endurgreiðslu, þegar hún veitti lánið.

Þá verð jeg að segja, að mjer finst furðu gegna, að hv. meiri hl. fjvn., sem eru flokksmenn hæstv. stjórnar, skuli leggja til, að styrkurinn til ekkju Bjarna heitins Jónssonar frá Vogi skuli færður niður, því að hæstv. stjórn mætti þó muna, hvern stuðning Bjarni veitti henni síðustu ár sín. En burtsjeð frá því, að oft var gustur um þennan mann og við oftast á öndverðum meiði, þá tel jeg þó, að hann hafi gripið það inn í sjálfstæðisbaráttu okkar, að þar sje nokkurs að minnast, þó að maðurinn sje fallinn frá. Jeg skal ennfremur nefna eitt, sem ekki hefði komist upp, hefði Bjarna frá Vogi ekki notið við, og það er listasafnshús Einars Jónssonar á Skólavörðuhæðinni. Það fyrsta, sem flestir erlendir og innlendir ferðamenn skoða, er þeir koma hingað til borgarinnar, er þetta hús Einars Jónssonar og þau listaverk, sem það hefir að geyma. Hefði Bjarni frá Vogi ekki barist fyrir því, að húsið yrði reist, hefðu þessi listaverk grotnað niður úti í löndum. Annars verð jeg að álíta, að það sje ekki sæmandi fyrir okkur að skera svo við neglur styrkinn til ekkju Bjarna frá Vogi, að hún sjái ekki sjer og börnum sínum farborða.

Með þessu hefi jeg þá lokið því helsta, er mjer fanst jeg verða að segja um einstakar brtt. hv. fjvn., og mun þá næst snúa mjer að mínum eigin brtt.

Verður þá fyrir mjer III. brtt. á þskj. 472, um 500 kr. styrk til Kristjönu Helgadóttur, Vík í Eyrarsveit. Hv. þm. Snæf. (HSteins) hefir einnig borið fram till. um styrk handa þessari konu, og er sú upphæð 100 kr. lægri. Þarna á fátæk ekkja í hlut, en svo er ástatt, að þangað sækir fjöldi sjómanna í beitifjöru, en þeir lenda oft í hrakningum og teppast þar, og hefir hún þá af góðleik síns hjarta veitt þeim allan þann beina og alla þá hjálp, sem hún hefir getað, og það oftast yfir efni fram. Nú kom til tals í vetur, eftir að kennarinn í Ólafsvík hafði vakið máls á því, að veita þessari konu einhvern styrk í viðurkenningarskyni. Var talað um að leita almennra samskota í sýslunni, eða þá að snúa sjer til Alþingis. Af þessu hefir þó ekki orðið, en jeg frjetti um þetta af tilviljun og fanst málið þess vert, að jeg vildi fyrir mitt leyti reyna að bjarga því. Þess vegna bar jeg fram till. þessa og vænti, að hv. þdm. geti fallist á, að kona þessi fái nú einhvern styrk, og þó að mín till. falli, að þá verði till. hv. þm. Snæf. (HSteins) samþykt.

Við fyrri lið brtt. hv. 5. landsk. (J-Bald), um fjárveiting til akvegar á Fjarðarheiði, mun jeg bera fram skriflega brtt. til þess að tryggja betur, að það komist sem fyrst í framkvæmd, að byrjað verði á þessari nauðsynlegu vegagerð.

Þá á jeg X. brtt. á sama þskj., og er hún í tveim liðum, en um sama efni, þar sem farið er fram á fjárveitingu til þess að gera steinsteypt-

ar sundlaugar. Er fyrri liðurinn miðaður við styrk til steyptra sundlauga utan Reykjavíkur og stungið upp á, að hann sje mun hærri en verið hefir og alt að helmingur kostnaðar.

Jeg ætla þá að nota tækifærið og fara nokkrum orðum um, hver nauðsyn það er, að löggjafarvaldið styrki þetta mál.

Mjer er kunnugt um, að víða um land er vaknaður mikill áhugi fyrir því að koma upp steyptum sundlaugum, þar sem hverir eða laugar eru nærri, en miðar seint vegna fjárskorts. Það eru vanalega ungmennafjelögin, sem saman standa af efnalitlum unglingum, sem fyrir þessu gangast.

Við Ísafjörð hefir verið komið upp einni slíkri sundlaug, sem styrkt hefir verið, og þykir hún gefast vel og er mikið sótt. Og mjer er kunnugt um, að í Svarfaðardal, Dalasýslu og enda víðar er verið að undirbúa það, að komið verði upp sundlaugum, en vinst hægt vegna þess, að um talsverðan kostnað er að ræða, en hinsvegar lítil geta þeirra, sem nærri því standa.

Í Svarfaðardal er lítil heit uppspretta uppi í fjalli fyrir ofan bæinn Tjörn, og er meiningin að leiða vatnið þaðan og niður að þjóðveginum, og hugsa Svarfdælir sjer að gera þar sundlaug, sem nothæf verði jafnt sumar sem vetur. Svarfaðardalur er mannmörg sveit, mig minnir, að hann telji um 1000 íbúa, svo að gera má ráð fyrir, að sundlaug þeirra verði mikið notuð. En af því, hvernig hagar til og laugin á að verða vönduð, er kostnaður við að byggja hana allmikill. Þó teljast Svarfdælir munu auðveldlega standast hann, ef þeir fá þann styrk, sem nema mundi helmingi kostnaðar.

Í Dalasýslu er ungmennafjelag að vinna að því að byggja yfirbygða sundlaug nálægt Laugum, þessum fræga stað, þar sem Guðrún Ósvífursdóttir bjó, en vantar styrk til þess að fullgera hana.

Um sundhöllina í Reykjavík verð jeg að fara fáeinum orðum. Eftir mjög stuttan tíma verður heitu vatni úr laugunum veitt til bæjarins til þess að hita upp barnaskólann, landsspítalann og stúdentagarðinn. Þegar svo er komið, fellur úr uppi í nýja barnaskólanum nægilega mikið af vatni, sem er ekki nógu heitt til þess að hita hús, en ágætt fyrir sundlaug. Borgarstjóri hefir í samráði við íþróttamenn bæjarins tiltekið ákveðinn stað fyrir væntanlega sundhöll, mjög nærri barnaskólanum tilvonandi, og tilætlunin er að láta heita vatnið frá skólanum streyma í laugina. Húsameistari hefir nú gert uppdrátt að slíkri byggingu, eftir þessum till., og telur hana ekki munu kosta minna en 200 þús. króna.

Það væri mikil sanngirni í því, að ríkið legði fram helming þessa kostnaðar á móti Reykjavík. Þetta mikla mannvirki mundi hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir aðra en Reykvíkinga. Skólafólk utan af landi mundi alt nota laugina, sennilega daglega, og fjöldi manna utan af landi mundi koma til þess að læra sund. En þó að maður reiknaði nú ekki með því, þá munu Reykvíkingar líta þannig á, að ekki sje ósanngjarnt, að landið leggi við og við til þeirra gagnlegu framkvæmda, sem koma til nota bæjarbúa aðeins. Jeg býst fastlega við, að vart verði

hægt að finna nokkurt mál, þar sem hægt væri með einum 100 þús. krónum úr ríkissjóði að skapa eins mikla blessun hjer í bænum, eins og með því að leggja í þetta þjóðþarfa fyrirtæki. Hjer í bænum eru orðnar yfir 20 þús. manna. Mikill hluti þessa fólks býr í mjög þröngum húsakynnum; mjer er sagt, að ⅓ bæjarbúa lifi í kjöllurum og íbúðum, sem ættu ekki að vera mannabústaðir. Í þessum ljelegu íbúðum þrífast berklar og allskyns sýklar mætavel; og erfiðleikarnir fyrir fátæka fólkið að ala börnin sín hjer upp eru ótrúlega miklir; ljeleg húsakynni heima fyrir, gatan fyrir leikvöll, fábreytt umhverfi, — þetta er það, sem þúsundir af þeim uppvaxandi lýð í Reykjavík eiga við að búa. Það er áreiðanlegt, að það er ákaflega stórt vandamál fyrir þjóðina alla að vanrækja ekki þennan mikla fjölda af upprennandi borgurum bæjarins.

Gert er ráð fyrir, að þessi sundlaug sje þrískift; ein laugin á að vera grunn, fyrir börn og viðvaninga, þar sem þeim væri kent að synda; þar hjá á að vera önnur stærri laug fyrir íþróttamenn, sem myndu einnig nota hina laugina, þegar viðvaningar væru ekki til hindrunar. Í 3. lagi á að hafa sjólaug, þar sem dælt væri í hreinu, söltu vatni og yljað aðeins, án þess þó að blanda það ósöltu vatni. Þar gætu menn tekið sjóböð allan ársins hring. Það er nú einu sinni svo, að sjóinn hjer við Reykjavík vantar 3—4 stig á sumrin til þess að verða nothæfur til baða fyrir almenning. Það eru aðeins hörðustu íþróttamenn, sem nota hann nú. Aðeins ein leið er til þess að breyta þessu, og hún er einmitt kostnaðarlítil; er hægt að ylja sjóinn svo mikið, að hann verði álíka og við strendur Noregs og Danmerkur 3—4 heitustu mánuði ársins, þá mánuði, sem menn nota hann þar til baða.

Þeim, sem voru fyrir fáum dögum að tala um berklakostnað, — og jeg vildi taka undir með þeim, sem töluðu með sparnaði á þeirri grein, — þeim vildi jeg segja það, að jeg held það mundi borga sig að taka 100 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll til sundlaugar í Reykjavík, aðeins vegna berklanna. Er mjög líklegt, að þann árangur mætti af þessu leiða, að berklasjúklingum hjer í bænum fækkaði um svo sem ⅓; og það mundi áreiðanlega verða, þegar sú líkamsmentun, sem þessu fylgir, er farin að hafa áhrif. Og fyrir utan alla þá, sem yrði bjargað frá berklaveiki, mundu fjölmargir njóta betri heilsu og lengri lífdaga fyrir þessar framkvæmdir, sem gæfu Reykjavíkurbúum kost á að synda ýmist í heitu laugarvatni eða volgum sjó allan ársins hring.

Jeg vil taka það enn fram, sem jeg hefi áður sagt hjer í deildinni, að meðan ríka fólkið í Norður-Evrópu streymir á haustin suður til Ítalíu til þess eins að geta baðað sig í hinum hreina, salta sjó Miðjarðarhafsins, þá væri það óneitanlega gaman, ef höfuðstaður Íslands yrði á undan öllum öðrum bæjum í Norður-Evrópu til þess að veita sínum íbúum þessi óvenjulegu þægindi, að geta baðað sig í volgum sjó allan ársins hring.

Jeg vil taka það fram, að menn þurfa ekki að óttast, að bærinn leggi út í þetta fyrirtæki fyr en landsspítalanum og barnaskólanum hefir verið lokið og leiðsla verið gerð frá laugunum. En

það mundi vera mikilll samúðarvottur frá þinginu til íþróttamanna hjer í bænum, ef þetta yrði samþ.; því að þá vissu þeir, að þeirra áreynsla til þess að hrinda málinu áfram bæri æskilegan árangur, ef ekki stæði á landinu, þegar þar til kæmi, að hin önnur ytri skilyrði væru fengin.

Þá hefi jeg flutt XIII. till. um tvo hljómlistarmenn erlendis. Annar er Axel Guðmundsson, viðurkendur ungur söngmaður á Norðurlandi, er nýtur þar mjög mikils álits og nýtur þess trausts, að vinir hans og vandamenn hafa tekið töluverð lán til þess að standast kostnað af dvöl hans erlendis. Þeir vita, að þeir munu ekki fyrst um sinn fá þetta fje endurborgað, en ætlast þó ekki til, að styrktarfje þetta gangi til þeirra, heldur beint til námskostnaðar í framtíðinni.

Síðari liðurinn er til Hermínu Sigurgeirsdóttur frá Akureyri til þess að stunda nám á hljómlistarskólanum í Kaupmannahöfn, 1000 kr. Jeg vil geta þess, að hún er dóttir Sigurgeirs frá Stóruvöllum, sem lengi var söngkennari á Akureyri og frábær maður í sinni grein. Þessi stúlka byrjaði nám á hljómlistarskólanum í Kaupmannahöfn í haust sem leið; og við inntökuprófið stóð hún sig svo vel, að hún fjekk þegar í stað inntöku, var ein af þeim 8 bestu af 50, sem á skólanum eru. Nú er stúlka þessi efnalítil, og faðir hennar er fátækur, og þess vegna hefir hún leyft sjer að fara fram á þennan litla styrk.

Þessar till., sem jeg hingað til hefi talað um, ganga í útgjaldaáttina. En jeg hefi gert eina till. til sparnaðar, og það er einmitt sú eina, sem mælt hefir verið á móti af öðrum hv. þm. Jeg legg til, að styrkur sá, sem hingað til hefir verið veittur til Jóhannesar Lynge og kallast veittur til vísindalegrar orðabókar, sje feldur niður, en í stað þess verði þessum gamla manni veittur ellistyrkur, sem er tiltölulega hár í samanburði við ellistyrk presta.

Út af mótmælum eins hv. þm. vil jeg taka það fram, að það er algerlega rangt, að það hafi verið samið um orðabókina við þennan mann. Vildi jeg skora á þá, sem halda því fram, að láta leggja samninginn fram. Sjerstaklega vildi jeg spyrja þennan hv. þm., hvort hann byggist við, að þessi samningur mundi vera svo öruggur, að þessum manni mundu verða dæmd launin, ef í mál færi. Ef svo er ekki, þá er þetta ekki samningur, heldur fjárveiting, meðan þingið vill svo vera láta.

Nú hefir ljóslega komið fram af ritlingi, sem þessi maður hefir sent þinginu nýlega, að hann telur sig ekki geta starfað að orðabókinni á þann hátt, sem vera ber. Hann tekur beint fram, að sjer hafi verið meinað af þinginu að vinna eins og hann vildi, með því að láta sig ekki líka hafa skrifstofukostnað. Hann talaði um, að það, sem hann helst vildi orðtaka, geti hann ekki fyrir þessa sök. Ætli þetta hefði ekki verið látið í tje af stjórninni, ef um nokkra nauðsyn var að ræða? Henni hefir þótt nóg að láta hann hafa þennan styrk sem ellistyrk, því að verkið er einskis virði fyrir landið, úr því að ekki er meira til þess varið. Er það sennilega af pólitískum ástæðum, að þessu er haldið við. Fyrir nokkrum árum kom jeg með till. um að fela málfræðideild háskólans að rannsaka, hvað mikið væri búið að gera af þessari orðabók, og gera tillögur um, hvernig þetta ætti að

vinna. Till. var feld. Af hverju? Meiri hl. deildarinnar vissi, að ef þessi rannsókn færi fram, myndi koma í ljós, að þetta væri óhæft verk. Annars hefði till. ekki verið feld. En nú býst jeg ekki við, að hægt sje að taka hvern roskinn prest utan af landi og setja hann á þessi laun.

Fyrsti styrkur til orðabókar var veittur Jóni heitnum Ólafssyni rithöfundi sem heiðurslaun á efri árum, fyrir langa þjónustu í stjórnmálum og blaðamensku. Hann gaf út eitt hefti orðabókarinnar. Svo deyr hann. Þá stendur svo á um einn mjög góðan málfræðing, sem áður var kennari við kennaraskólann, að hann var orðinn heilsulítill, og þingið vildi gjarnan gefa honum tækifæri til að vinna innivinnu, og hann fær orðabókarstyrkinn. Síðan deyr þessi maður, sem var eini sjerfræðingurinn, sem að þessu hefir unnið; þá er hjer ungur málfræðingur, sem ekki hefir neitt sjerstakt að gera; honum er þá veittur styrkurinn, og starfaði hann eitt ár eða svo. Þá er það, að einn þingmaður, sem hafði persónulega mikið álit á þessum presti úr Dalasýslu, byrjar að berjast fyrir því, að styrkurinn verði honum veittur, og var svo gert. Klerkurinn var eins og hinir, að hann þurfti atvinnu. Síðan hefir þessi prestur fengið styrkinn árlega. En jeg er þeirrar skoðunar, að þegar þessi maður fellur frá, verði vart farið að gefa út neina Oxfordútgáfu af íslensku máli, eftir handriti Jóhannesar frá Kvennabrekku. Handritasafn hans mun líklega frekar verða lagt við hlið 1. heftis orðabókar Jóns Ólafssonar, sem einn prófessor háskólans kvað í vanta 1000 orð.

Þá kem jeg að stærstu brtt. við 16. gr. Það er nýr liður til nýbýla á áveitusvæðunum á Skeiðum og í Flóa, eftir ráðstöfun stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, 100 þús. kr.

Það má vera, að mönnum finnist þetta nokkuð stór liður. En þegar menn athuga, hvernig áður er í pottinn búið á þessum stað, þá held jeg, að menn geti ekki verið svo hissa á þessu. Ríkið er búið að leggja eitthvað um 400 þús. kr. til áveitu á Skeiðin, — því að mest alt er þetta á ábyrgð landsins, og bændur þarna hafa ekki ennþá sjeð sjer fært að borga nema lítið af þessum lánum. Og þeir geta það heldur aldrei, nema með því móti, að fjölgað sje býlum og notað betur landið. Þá koma skuldirnar á fleiri bök. Nú er áveitan búin að standa nokkur ár, en ekki hefir fólki fjölgað á Skeiðum. Eftir stendur af láninu 300 þús. kr., fyrir utan það, sem landið leggur beint fram. Og þessar framkvæmdir hafa ekki haft nein veruleg áhrif á efnahag þeirra, sem þarna búa. Árferði hefir verið svo erfitt, að þeir hafa ekki getað stækkað bú sín. Þó leikur enginn vafi á, að þarna gæti lifað miklu fleira fólk, ef vel væri í haginn búið, því að landið er gott. Mörg hundruð hesta engi verða þarna úti á ári hverju, og svo verður, þangað til býlum er fjölgað; en til þess þarf hjálp. Er það annars nokkur búmenska, að ríkið leggi til fram undir ½ miljón í þessa áveitu, án þess að halda áfram að styðja að því, að þarna geti fjölgað fólki, svo að hægt sje að nota áveituna?

Eftir fáa daga verður Flóaáveitan opnuð, og rennur þá upp sú lengi þráða stund, þegar Hvítá flæðir yfir

þetta stóra svæði. Til þess verks er ríkið búið að verja mörgum hundruðum þúsunda króna beint og óbeint. En það er enginn vafi, að fyrir Flóann verður áveitan fjárhagslegt drep eins og Skeiðin, ef ekki verður fjölgað heimilum. Þá verður þessi dýra umbót að böli, en ekki blessun, þegar kemur að skuldadögunum, og náttúrugæðin liggja ónotuð.

Það er ekki hægt að koma með ítarleg skilyrði viðvíkjandi þessari fjárveitingu. En einhverjum þarf að trúa fyrir fjenu og þá helst þeim, sem best hefir vit á þessum hlutum; og jeg sá engan aðila þar betri en Búnaðarfjelag Íslands, sem einmitt er sú sjerfræðilega stofnun, sem á að sjá um slík mál.

Jeg vil taka það fram, að jeg tel sjálfsagt að lána þessa upphæð til langs tíma og með mjög góðum kjörum, eftir því sem sjerfræðingar og stjórn Búnaðarfjelagsins álíta heppilegt, til þess að koma upp einum 10—15 nýjum heimilum á þessu svæði. Einhverja tryggingu yrði náttúrlega að heimta, sjerstaklega í mannvirkjum lánþiggjenda.

Það, að jeg bind þessa fjárveitingu við áveitusvæðið, er af því, að þar kreppir skórinn mest að. Það er ekki af því, að það sjeu ekki að sumu leyti meiri skilyrði víða annarsstaðar á landinu, og sjálfsagt er að vinna að heimilafjölgun víðar og víðar; en eins og nú er komið, þá hygg jeg, að ekki sje hægt að finna heppilegri stað fyrir slíka fjárveitingu heldur en að fylgja nú eftir þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið á þessu svæði, og hefjast handa um heimilafjölgun. Síðar — á næstu árum — býst jeg við, að mjer og öðrum hv. þm. gefist tækifæri til þess að sinna rjettlátum kröfum annarsstaðar af landinu.

Þá vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Snæf. (HSteins), sem fór fram á hækkun til hafnarbóta í Ólafsvík, hvaða skynsamlega ástæðu hann geti gefið fyrir því, að þessi eina hafnarbót á landinu á að vera undanþegin því, að hjeraðið leggi fram fje á móti ríkisstyrk. Jeg þykist nú vita, að þetta muni vera fyrir erfiðan hag; en þetta er líka nokkuð sjerstætt, og jeg held það sje heldur ekki búið að skýra það fyrir hv. deild, hve stórt þetta mannvirki er. Jeg hefi heyrt, meira að segja frá einum stuðningsmanni hv. þm. þar vestra, að talið væri, að þetta tæki mörg ár, þótt fjeð væri veitt, og jafnvel væri dregið í efa, að garðurinn mundi standa. Með Stykkishómsveginum hefi jeg greitt atkv.; þar er hægt úr fjarlægð að dæma um, að verið er að vinna þarft verk.

Þá kem jeg að síðustu brtt. minni, að Sigfús frá Eyvindará fái 500 kr. í viðurkenningarskyni fyrir starf sitt. Þetta er einn þeirra manna, sem frægur er orðinn fyrir þjóðsagnir sínar, enda mesti þjóðsagnasafnari, sem nú er uppi hjer á landi. Mjer finst það harla ósanngjarnt við þann mann, sem unnið hefir jafnóeigingjarnt starf mestan hluta æfi sinnar, úr því að honum er það í nokkru launað, að láta hann þá ekki fá meira en 300 kr. Viðbót mín er að vísu lítil, en þó sanngjarnari.

Jeg gleymdi öðrum lið hjá hv. fjvn., sem jeg vildi mæla á móti, þar sem hún leggur til, að mjer finst ranglátan sparnað, þegar ræðir um styrk til

læknanna Jóns Kristjánssonar og Magnúsar Pjeturssonar. Jeg trúi því varla, að nefndin hafi athugað það, að ef stjórnin leggur til, að Jón Kristjánsson fái fastan styrk árið 1928, þá er það ósanngjarnt, að hann fái ekkert fyrir þau ár, sem liðin eru.

Mjer er kunnugt um þetta af því, að á vegum mínum hafa verið margir mænuveikissjúklingar utan af landi, sem jeg hefi komið til hans til lækninga. Hann hefir gert mjög mikið fyrir þessa sjúklinga sína, sumum gaf hann allan lækniskostnað, en var mjög ódýr við aðra, og hefir mörgum þeirra batnað algerlega hjá honum. Það er einmitt einn sjúklingur frá þessum lækni, sem hefir vakið athygli mína á, hve ósanngjarnt sje að veita ekki styrk fyrir umliðin ár. Þegar litið er til þess, hve margir fá bata hjá þessum lækni, og þegar þess er gætt, hve mikill kostnaður við lækningar af líku tagi mun verða fyrir landið, þegar landsspítalinn er kominn upp, þá sýnist ekki rjett að fella þennan styrk niður.

Hvað viðvíkur styrk til Magnúsar Pjeturssonar, þá er jeg hræddur um, að nefndin hafi þar fengið rangar upplýsingar. Það, sem sagt er í nefndarálitinu, er ekki rjett, og ætla jeg því að leiðrjetta það.

Þar segir, að ekki sje langt síðan þessi læknir sigldi til þess að kynna sjer berklavarnir, og þar að auki heyri þær heldur ekki undir hans verkahring. Það er rjett, að það er ekki langt síðan hann fór utan með lækninum á Vífilsstöðum til þess að sitja fund berklalækna, sem halda átti í Svíþjóð. En þegar þeir komu til Kaupmannahafnar, kom atvik fyrir í Svíþjóð, sem varð til þess, að úr þessum fundi varð ekkert. Þetta varð því ekki annað en snögg ferð, og vanst honum enginn tími til þess að kynna sjer berklavarnir á þeim stutta tíma, er hann dvaldi í Kaupmannahöfn. Ef hann fær styrk til þessa nú, er það ætlun hans að kynna sjer nýjustu berklavarnir í Englandi og Þýskalandi og ennfremur sóttvarnir ýmissa landa. Hann er, sem kunnugt er, svo að segja sóttvarnarlæknir alls landsins. Á honum hvílir öll ábyrgðin, og það er því óhjákvæmilegt, að hann geti kynt sjer framfarir í þessum efnum erlendis öðru hvoru. Og þegar svo mikið er í húfi, er ekki rjett að fella þennan styrk niður. Þá er það mestmegnis þessum lækni að þakka, að við höfum gert þær merkilegu ráðstafanir til berklavarna, sem gerðar voru með berklavarnarlögunum 1921.

Hann var framarlega í röð, ef ekki fremstur þeirra manna, sem unnu að því að koma þessum lögum á, og þegar það er athugað, að í skjóli þessara laga er fjölda manns um alt land veitt hjálp til björgunar frá ótímabærum dauða, þá virðist það ósanngjarnt, að þessi maður, sem teljast má faðir berklavarnarlaganna, skuli hindraður frá því að kynna sjer framfarir í þessum efnum erlendis.

Mjer er kunnugt um, að í Þýskalandi magnaðist berklaveikin mjög eftir styrjöldina miklu, við hörmungar þær, sem þýska þjóðin átti þá við að búa. Síðan hafa þjóðverjar gert yfirgripsmiklar ráðstafanir til þess að verjast hættunni, og jeg tel það víst, að af engri þjóð munum við geta lært jafnmikið og þeim. Enginn læknir hjer á landi hefir haft jafnmikið með

berklaveikt fólk að gera og einmitt þessi læknir, að lækninum á Vífilsstöðum einum undanskildum. Jeg vil í þessu sambandi beina einni fyrirspurn til hæstv. heilsumálaráðherra. Mjer hefir verið sagt, að landlæknir hafi mælt með þessum styrk til Magnúsar Pjeturssonar; er það þá að ráðum hæstv. ráðh., að nefndin vill fella þennan lið niður? Jeg spyr hann sem æðsta mann í þessum málum, yfir landlækni, hvort hann vill taka á sig að einhverju leyti ábyrgð á þessum störfum nefndarinnar, eða hvort hann eða nefndin hafi þau gögn í höndunum, sem gera þetta forsvaranlegt. Ef ekkert slíkt kemur frá yfirmanni heilbrigðismálanna, ætla jeg að trúa landlækni, að þessa styrks sje þörf. Hafi nefndin aftur á móti lagt þetta til af ókunnugleika og sennilega í óþökk ráðherra, þá vona jeg, að hæstv. ráðherra gefi þá skýringu, sem nægir til þess að brtt. verði ekki samþ. Mjer skildist á hæstv. ráðh., að við eyddum 700000 kr. árlega í berklavarnir. Það þyrfti þá ekki að spara mikið af þeirri upphæð til þess, að þeir, sem lærðastir eru í þessum efnum, geti kynst því besta, sem völ er á.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer tvær litlar brtt., sem ekki er þörf á að tala langt mál um. Sú fyrri er við 12. gr., 19. lið, þar sem farið er fram á, að Kristjönu Helgadóttur í Vík í Eyrarsveit verði veittar 400 kr. sem viðurkenning fyrir hjúkrun á sjóhröktum mönnum. Eftir að brtt. voru komnar á prent sá jeg, að hv. 1. landsk. flutti till. um sama efni, en fór fram á hærri fjárupphæð. Það lítur þannig út eins og við sjeum í nokkurskonar kapphlaupi um þessa ekkju, en það gleður mig að sjá, að fleiri eru þessu fylgjandi en jeg, því að því vísari von er um, að þetta nái fram að ganga. Þessi ekkja hefir nú um 30 ára skeið hýst og hjúkrað sjómönnum, er hafa borið þar að hraktir og illa haldnir. Það hagar þannig til þar vestra, að sjómenn verða að afla sjer beitu langt að, og ef veður breytist, verða þeir oft að vera að heiman marga daga. Ef svo fer, þá er þarna ekki nema um tvo bæi að ræða, þar sem þeir geta leitað gistingar og aðhlynningar, og er það þó sjerstaklega þessi bær. Þessi kona hefir oft orðið að hýsa 30—40 manns, en borgun, sem hún hefir fengið, oft af skornum skamti. Fyrst er það, að mennirnir eru flestir fátækir, og svo hafa þeir ekki búið sig út með peninga heiman að eða haldið, að þess gerðist þörf. Þetta má því skoða sem mannúðarstarfsemi, sem ekkjan á skilið að fá viðurkenningu fyrir í eitt skifti fyrir öll, einkum þar sem samkv. 18. gr. er fjöldi ekkna með hærri og lægri styrk. Jeg er ekki þar með að segja, að þessar ekkjur eigi ekki skilið að fá styrk, en jeg þori að segja, að þetta tilfelli þolir fyllilega samanburð, sjerstaklega þar sem aðeins er farið fram á þessa styrkveitingu einu sinni. Jeg vona því, að þessari brtt. hv. 1. landsk. verði vel tekið, því að jeg geri ráð fyrir, að deildarmenn taki heldur hærri till., en ef ekki, þá skoðast mín till. sem varatill., sem jeg geng að sem sjálfsögðu, að verði samþ.

Við 16. gr., 22, um hafnarbætur í Ólafsvík hefir fjvn. lagt það til að

lækka fjárveitinguna til þess fyrirtækis úr 15 þús. í 12 þús. kr. Jeg hefi orðið var við mikinn ókunnugleika um þetta mál, sjerstaklega hjá hv. 1. landsk. Jeg skal því skýra málið nokkru nánar.

Það er áætlað, að báðir hafnargarðarnir í Ólafsvík muni kosta ca. 140 þúsund krónur, og er það áætlað af vitamálastjóra. Nú er búið að vinna að öðrum garðinum fyrir 53—54 þús. kr.; þar af hefir ríkissjóður lagt til 30 þús. kr., en hreppurinn 23—24 þús. Af þessum aðalgarði, sem á að vera 180 metrar, er nú búið að vinna ca. 120 m. Jeg skal taka það fram, að þegar þessi ytri garður er kominn, þá er þar komið skjól fyrir vestan- og norðanátt, sem þegar má nota fyrir mótorbáta, þótt þessar hafnarbætur verði ekki fullkomnar fyr en syðri garðurinn er kominn.

Nú er það kunnugt, að jörðin Ólafsvík er ríkiseign, og í lögum 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, er það ákveðið, að ríkissjóður leggi til ¼ alls kostnaðar, en beri ábyrgð á þeim ¾, sem hreppurinn borgar. Þetta vil jeg taka fram vegna þess, að jeg hefi heyrt ýmsa hv. þingmenn fárast yfir því, að hjer sje um fjárveitingu að ræða, þar sem ekkert komi á móti. Að þessu er þannig farið, má kenna hæstv. fjrh. Í fyrra, þegar þetta mál kom til umr., setti stjórnin sig upp á móti þessu ákvæði og vildi heldur hafa upphæðina hærri í fjárlögunum, en losna við ábyrgð ríkissjóðs. Hin leiðin var okkur miklu haganlegri, því þá væri unnið fyrir hærri upphæð árlega en þá, sem nú er veitt í fjárlögunum. Í sambandi við þau ummæli hv. 1. landsk., að hann teldi vafa undirorpið, hvort þetta mannvirki mundi standa til frambúðar, vil jeg geta þess, að síðan þessi garður var bygður hafa komið svo mikil hafrok vestra, að slík eru ekki í manna minnum, og hefir ekki einn steinn haggast. Er það ólíkt glæsilegri árangur en orðið hefir um ýms slík mannvirki hjer á landi, sem þó hefir verið fleygt í tugum þúsunda og jafnvel hundruðum þúsunda árlega, og þó hægt að hafa þau orð um þau í orðanna eiginlegu merkingu, að því fje hafi verið fleygt í sjóinn.

Í gildandi fjárlögum 1927 eru áætlaðar 20 þús. kr. til þessarar hafnargerðar, en nú hafði stjórnin móti von minni lækkað þá fjárveitingu niður í 15000 kr., og hafði jeg sannast að segja ætlað mjer að koma með brtt. í þá átt að hækka fjárveitinguna upp í 20 þús. kr. aftur. Verkinu miðar lítið áfram með slíkum smáfúlgum, og mátti sannarlega ekki vera lægri fjárveiting en 20 þús., ef nokkuð átti að muna um hana. En að jeg hætti við að bera fram þessa brtt. var af því, að jeg vildi ekki sporna á móti sparnaðarviðleitni þingsins og vildi sýna það með því að sætta mig við lægri fjárveitinguna í ár, ef hún væri hækkuð í fjárlögum næstu ára. En þegar hv. fjvn. fer líka að klípa af þessari upphæð, þá er mjer meira en nóg boðið, þá er mjer ofboðið. En þar sem er við ofurefli að etja, þar sem jafnfjölmenn nefnd er í fámennri deild, þá hefi jeg látið nægja að koma með þessa brtt., þótt jeg eigi mjög bágt

með að sætta mig við lækkun fjárhæðarinnar frá því, sem hún er á yfirstandandi ári.

Vona jeg, að hv. þingdeildarmenn geti með góðri samvisku greitt þessari brtt. minni atkvæði.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal fúslega játa, að starf hv. fjvn. er bæði erfitt og vanþakklátt, en hún má ekki búast við, að allir geti verið ánægðir með þær niðurstöður, sem hún hefir komist að.

Jeg hefi ætlað mjer að minnast á ýmsa liði, þar sem mjer hefir fundist sparnaður hennar ganga í öfuga átt. En nú hefir verið tekið af mjer ómakið með sumt, svo að það er fáu einu við að bæta, enda hefi jeg enga tilhneigingu til þess að lengja umræðurnar að óþörfu. Þó að viðleitni nefndarinnar til að spara sje virðingarverð, þá verð jeg að segja, að því víkur óþægilega við, þegar um er að ræða verklegar framkvæmdir. Þegar verið er að klípa utan úr litlum upphæðum til ýmissa fyrirtækja, þá getur jafnvel farið svo, að það, sem áður er lagt í verkið, komi ekki að fullum notum. Ef farið er eftir ráðum hv. fjvn. í þessu efni, þá getur það ekki einungis valdið því, að það, sem áður er gert, komi ekki að fullum notum, heldur getur það orðið til skaða, ef ganga þarf frá verkinu hálfgerðu. Jeg á hjer við sparnaðartill. nefndarinnar til verklegra framkvæmda yfirleitt, og mun jeg með atkvæði mínu sýna, hvernig jeg lít á hverja einstaka þeirra.

Þá vil jeg aðeins minnast á 12. brtt. á þskj. 449 við 12. gr., 19, r. Þar hafði Nd. lagt það til, að Jóni Kristjánssyni veitingamanni á Akureyri yrðu veittar 1000 kr. sem lítilfjörlegar bætur fyrir það mikla tjón, er hann varð fyrir vegna sóttvarnarráðstafana á sínum tíma.

Jeg býst við, að það stafi af ókunnugleika hjá nefndinni, að hún vill, að þessi liður verði feldur niður. Það verður að gæta að því, að hversu tilfinnanlegt sem það kann að vera fyrir ýms heimili, sem verða fyrir því sama, þá er það svo miklu tilfinnanlegra fyrir þann, sem stundar þennan atvinnurekstur. Þessi litla upphæð gerir auðvitað lítið til þess að bæta hið mikla tjón, sem hann beið. Slíkar stofnanir bíða þess aldrei bætur, þegar veikindi koma þar inn, því það dregur úr aðsókninni, og jeg vil segja, að þetta veitingahús beri þess merki enn. Mjer finst því varla þess vert að hafa af manni þessum þessa litlu upphæð.

Þá er hjer 58. brtt., við 16. gr., 24. lið. Jeg álít það muni í raun og veru stafa af misskilningi, að háttv. nefnd hefir borið fram þessa till. Eins og allir vita, er það viðurkent hið mesta nauðsynjamál að gera alt, sem hægt er, til þess að afla afurðum okkar sem bestra söluskilyrða. Háttv. Nd. gerði talsverðar tilraunir í þá átt. Hv. sjútvn. í Nd. hafði málið til meðferðar, rannsakaði það til hlítar og komst að þeirri niðurstöðu, að 30 þús. kr. alls til markaðsleitar erlendis fyrir aðalafurðir okkar væri sú minsta upphæð, sem frambærilegt væri, að hún legði til, að þingið veitti í þessu skyni. Ennfremur taldi nefndin nauðsynlegt að liða upphæðina sundur, þannig, að ákveðið væri, hversu miklu skyldi verja til markaðsleitar á hverjum

stað og fyrir hverja aðalvörutegund, er hjer um ræðir. En háttv. fjvn. Ed. hefir þóknast að gerbreyta þessu. Jafnvel þótt hún leggi til nærri sömu upphæð og háttv. Nd., eftir að búið var að klípa af fjárveitingunni þar, þá er það mikill galli, að hún hefir slengt saman í eitt upphæð, sem er tvískift í frv. eins og það liggur fyrir. Það má ekki eiga sjer stað, að svo verði frá fjárveitingunni gengið sem till. fer fram á. Jeg vænti þess, að háttv. fjvn. geri þessa till. ekki að kappsmáli. Jeg þykist hafa reynt að kynna mjer þetta atriði, og jeg þykist hafa þekkingu og reynslu í þessum sökum, þar sem jeg hefi fengist við þennan atvinnurekstur milli 30 og 40 ár, og mjer er það ljóst, að nauðsyn ber til, að fyrirkomulaginu verði hagað sem næst því, er háttv. sjútvn. Nd. hefir lagt til. Jeg hefi ekki heyrt, hvorki frá háttv. frsm. nje öðrum í nefndinni, nein rök fyrir því, að nokkuð sje unnið við þessa breytingu. Að vísu er lauslega á það drepið í nál., en ekki tel jeg þau rök, er þar koma fram, fullnægjandi. Því er nú einu sinni svo varið, að þessum fjárveitingarlið verður að skifta í tvent.

Það má ganga út frá því sem gefnu, að sú upphæð, sem ætluð er til að leita markaðs fyrir fisk í Suður-Ameríku, beri ekki sýnilegan árangur í fljótu bragði. Alt fyrir það er sjálfsagt að hefjast handa, en ekki má búast við verulegum eftirtekjum í náinni framtíð. Það geta liðið allmörg ár þangað til þessi viðleitni, sem nú er verið að styrkja, ber ávöxtu til heilla landi og þjóð. Vænti jeg þess, að á sínum tíma þurfi enginn að sjá eftir, að til þessarar viðleitni gangi sú upphæð, er háttv. Nd. ætlast til.

Hinn liðurinn, sem ætlaður er til markaðsleitar fyrir síld í Mið-Evrópu eða þeim löndum, þar sem vænlegt er um árangur, t. d. í Frakklandi, máske í Finnlandi, honum er svo varið, að jeg er ekki í vafa um, að það er beinlínis búhnykkur að leggja fram í þessu skyni fje það, er þar er gert ráð fyrir. Því að eins og allir vita, er tollur á þessari vöru svo hár að salan þarf ekki að aukast ýkjamikið til þess, að ríkissjóður verði skaðlaus. En búast má við, að þessi upphæð beri margfaldan ávöxt og ríkissjóði áskotnist drjúgar tekjur af aukinni síldarsölu. Segjum, að salan ykist um 10 þús. tunnur. Tollur af þeim nemur 15 þús. kr. Þá hafa þegar áunnist 5 þús. kr. Þegar þessa er gætt, ætti öllum að vera ljúft að láta eitthvað af hendi rakna til stuðnings þeim atvinnuvegi, sem ber hæsta skatta og tolla, tífalt og jafnvel tvítugfalt við aðrar sambærilegar atvinnugreinir. Það er ekkert smáræði fyrir atvinnurekendur, sem þessa atvinnu stunda, að greiða kr. 1.50 í toll af hverri síldartunnu, þótt þeir hafi jafnvel stórtjón af atvinnurekstrinum að öðru leyti. Kröfur úr þessari átt eru fullkomlega rjettmætar. Það fer eftir undirtektum þingsins í þetta mál, hvort hin megna óánægja, sem komið hefir í ljós út af þungum og óbærilegum álögum, sem íþyngja þessum atvinnuvegi, á að haldast ellegar ekki. Mjer þykir ekki þurfa að fjölyrða um þetta frekar. Háttv. þm. virðast líka hafa tilhneigingu til þess að vera alstaðar annarsstaðar en þeir eiga að

vera, svo að það þýðir ekkert að tala fyrir fólki, sem ekki gerir skyldu sína. En jeg vona samt, að allir þeir að minsta kosti, sem heyra mál mitt, sannfærist um það, að þessi 58. brtt. sje óþörf og skaðleg, og jeg hygg, að hv. fjvn. þurfi ekki að taka sjer nærri, þótt hún verði feld. Jeg ætla ekki að ámæla hv. nefnd, því að jeg álít þetta stafa af því, að hún hefir ekki haft tækifæri til þess að kynna sje málavöxtu. En jeg skora fastlega á háttv. deild að samþykkja ekki þessa till., heldur láta liðina standa óhreyfða, eins og þeir eru í frumvarpinu. Jeg tel mig ekki hafa farið neitt ósanngjarnlega að hv. fjvn. og vona því líka, að hún líti á bendingar mínar með fullri sanngirni.

Áður en lýkur þarf jeg að segja fáein orð um eina brtt. á þskj. 472. Það er XXV. brtt., við 18. gr. — Það er ekki alveg nýtt, að á mál þetta sje minst. Svipuð till. þessari hefir legið tvisvar eða þrisvar áður fyrir hv. Ed., en fallið með eins atkvæðis mun eða jöfnum atkvæðum. Að minni hyggju er það sönnun þess, að nokkuð mikill hluti hv. þm. í deildinni telji hana eiga rjett á sjer.

Þessi maður, sem í till. er nefndur, var starfsmaður landssímans um mörg ár, — jeg man ekki, hvort hann var það frá upphafi, en víst milli 10 og 20 ár. Og hjer liggja nú fyrir ummæli starfsmanna landssímans, sem þessu máli eru kunnugir, að þessi umræddi maður hafi verið starfi sínu vel vaxinn og rækt það með alúð og skyldurækni. Jeg ætla ekki að fara fram á það við hæstv. forseta að fá að lesa upp þessi skjöl. Ef á þarf að halda, mun jeg grípa til þeirra. En jeg læt þau eiga sig fyrst um sinn. Þessi maður, Eggert Stefánsson, hefir orðið fyrir því óláni að komast í ósátt við ýmsa af samstarfsmönnum sínum og það einmitt þá þeirra, sem miklu hafa verið og eru ráðandi innan símamannastjettarinnar og hafa með stofnun fjelagsskapar meðal starfsfólks símans og úthaldi blaðs skapað sjer aðstöðu til þess að halda á lofti og útbreiða skoðanir sínar. Þessir starfsmenn virðast hafa lagt alt kapp á að spilla áliti og mannorði þessa manns. Orsakir eru þær, að innan starfsmannaflokks símans hefir, sem kunnugt er, reyndar ekki frá upphafi, en síðan 1914, bólað nokkuð á uppreisnaranda og hvað eftir annað soðið upp úr og verið hafðar í frammi megnar verkfallshótanir. Allir vita, hversu hættulegar afleiðingar það hefði getað haft, ef þessar hótanir hefðu verið framkvæmdar.

Þessi maður, sem jeg hefi nefnt, taldi það skyldu sína að vinna á móti þessum uppþotsviðbúnaði, ef jeg mætti svo segja. Fyrir þær sakir hafa þeir starfsmenn, er fremstir stóðu í flokki, lagt slíkt hatur á hann, að þeir hafa ekki lint látum fyr en þeir höfðu ófrægt hann svo mjög við yfirboðara hans, að honum var vikið úr stöðu sinni. Jeg verð að segja, að það hafi verið mjög ófyrirsynju, því að enda þótt því verði ekki neitað, að eitt var hægt að finna þessum manni til ámælis, — hann er sem sje nokkuð vínhneigður, — þá voru þó ekki meiri brögð að því en svo, að yfirboðarar hans höfðu veitt honum sæmilega stöðu úti á landi og þar með viðurkent starfshæfileika hans. Hjelt hann sjer þá algerlega frá vínnautn um eins árs skeið, og er jeg sannfærður um, að

framhald hefði orðið á þeirri hófstillingu, ef hann hefði fengið að vera áfram í þeirri stöðu. En er búið var að ræna hann starfi sínu, — liggur mjer við að segja, — og eyðileggja álit hans, sótti aftur í sama horf um vinfengi hans við Bakkus, og varð það tilefni þess, að honum var vikið frá símanum.

Nú hefir berlega komið fram sú skoðun hjer á þingi, að rjett sje að sýna langlundargerð og umburðarlyndi starfsmönnum ríkisins, þótt í fari þeirra finnist breyskleiki sá hinn sami og þessum manni var gefinn að sök. Í samræmi við þá skoðun leyfi jeg mjer að vænta þess, að hv. deild álíti rjett að viðhafa þá sömu aðferð gagnvart þessum ógæfusama manni.

Jeg álít í raun og veru æskilegast, að þessi fjárveiting þyrfti aldrei að koma til framkvæmda, heldur sæju þeir, sem ráðin hafa, svo um, að þessum manni yrði aftur veitt starf við landssímann. Það væri besta lausn málsins og sanngjörnust. — Jeg er óhræddur um, að hann reynist ekki fær til þess að leysa starf sitt af hendi. Því að hefði þetta ólán ekki hent hann, er mjer kunnugt um, að ekki voru meiri brögð að vinnautn hans en svo, að hann hefði vel getað gegnt starfi sínu áfram og ekki miður en gerist upp og ofan um aðra starfsmenn símans.

Verður nú að skeika að sköpuðu, hvort háttv. deild vill sjá sóma sinn í að bæta að nokkru fyrir þá ómannúðlegu meðferð, sem þessi maður hefir orðið fyrir. Annað samskonar tilfelli hefir komið fyrir, þar sem manni þeim, sem talinn var hafa orðið fyrir misrjetti, var bættur skaðinn. Munu háttv. þm. minnast Petersens í Vestmannaeyjum, sem þjarkað var um á þingi svo árum skifti. Jeg er sannfærður um, að hans málsstaður var þó ekki betri en svo, að hafi verið rjettmætt að veita honum, sem einum af starfsmönnum ríkisins, 10 þús. króna uppbót fyrir ómannúðlega meðferð, þá sje þessi till. því rjettmætari sem hún er hreint lítilræði að fjárkröfu til, samanborið við fordæmið.

Þar við bætist, að þessi maður má skoðast sem nokkurskonar píslarvottur. Það er eftirtektarvert, að þetta hefir hann orðið að líða af því, að hann taldi það skyldu sína gagnvart þjóðfjelaginu að vera á verði gegn því, að óbilgjarnir samstarfsmenn með yfirgangi og frekju bökuðu landinu ófyrirsjáanlegt tjón, ef þeir hefðu fengið vilja sínum framgengt, með því að undirbúa verkfall við símann oftar en einu sinni.

Ef til andmæla kemur, mun jeg hjer nokkru við bæta. Jeg vona, að til þess komi ekki. Jeg hefi ekki ætlað mjer að nefna nein nöfn og geri ekki að svo komnu máli. En svo getur þó farið, að jeg neyðist til þess, ef till. verður þunglega tekið.

Einar Árnason: Jeg á hjer brtt. þess efnis að veita Freymóði Jóhannssyni 1500 kr. styrk til utanfarar til þess að fullkomna sig í leiktjaldagerð. Hann sótti til þingsins í fyrra um styrk í sama skyni, en fjekk þá ekki áheyrn. Gerði jeg tilraun í hv. Ed. til þess að fá styrk handa honum og flutti till. um það, en hún var feld. Það kann að vera eðlilegt, að sú till. náði ekki samþykki þá, vegna þess að þessi maður var þá til þess að gera

lítið þektur hjer syðra, þótt hann væri töluvert orðinn kunnur nyrðra.

En nú á síðastliðnu ári —, það mun hafa verið í haust, — þá hjelt hann sýningu í Reykjavík á málverkum sínum. Eftir því, sem jeg veit best, mun þessi sýning hafa vakið talsverða eftirtekt. Voru þeir margir, sem leist vel á þennan listamann.

Það má segja, að hann hafi lagt á margt gerva hönd: stundað húsamálningar og unnið fyrir sjer með því, málað andlitsmyndir og landslagsmyndir og nú síðustu 8 árin lagt mikla vinnu í að mála leiktjöld fyrir leikfjelagið á Akureyri.

Er það álit þeirra, sem vit hafa á og um geta dæmt, að hvergi hjer á landi hafi sjest eins góð leiktjöld og á Akureyri þessi ár. Háttv. þm., — margir að minsta kosti, — hafa átt kost á að sjá eitt leiktjald, sem hann hefir málað. Það var baktjaldið í „Munkunum á Möðruvöllum", er það leikrit var leikið hjer í Reykjavík í vetur. Hefi jeg heyrt marga dómbæra menn ljúka lofsorði á þetta leiktjald og telja það bera vott um óvenju góða hæfileika málarans í þessa átt.

Um það bil, er hann sýndi hjer myndir sínar, átti hann tal við marga hv. þm., sem búsettir eru hjer í bænum, og eftir því, sem hann sagði mjer, þá vænti hann stuðnings þeirra. Freymóður er kvæntur fjölskyldumaður, sem á fyrir þungu heimili að sjá, og er því ekki nema eðlilegt, að hann hafi ekki efni á að kosta sig í útlöndum til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun, sem hann hefir mikla hneigð til og álíta má, að þörf sje á að koma í betra horf hjer á landi en nú er, ef leiklistin á að taka framförum, og sjerstaklega ef þjóðleikhúsið kemst upp, sem álíta má, að ekki verði langt að bíða. Er það eingöngu af löngun hans til þess að fullkomna sig í list sinni, að hann hefir lagt í kostnað um efni fram til þess að ferðast um helstu lönd Evrópu, þar á meðal suður til Ítalíu, til þess að kynnast þar ýmsu, er að list hans lýtur. Jeg hefi verið kunnugur manni þessum í langan tíma, og það leyndi sjer ekki, hversu mikið hann hefir lært í list sinni á þessu ferðalagi sínu, enda sjást nú víða í húsum málverk eftir hann. Jeg get fullyrt það, að hann er mesti reglu- og dugnaðarmaður og áhugasamur eftir því. Er óhætt að treysta því, að peningum þeim, sem hann fengi í þessu skyni, yrði vel varið. Auk þessa fylgja umsókn hans meðmæli góðra manna, þar á meðal formanns Leikfjelags Akureyrar, Indriða rithöfundar Einarssonar, sem er kunnur að áhuga fyrir íslenskri leiklist, og Haralds Björnssonar, sem er í Kaupmannahöfn nú og hefir lagt þar stund á leiklistarnám. Þessir menn hafa haft tækifæri til þess að kynna sjer hæfileika mannsins á þessu sviði listarinnar, leiktjaldamáluninni, og þeir veita honum eindregið meðmæli sín. Hann fer í umsókn sinni fram á 3000 þús. kr., en jeg hefi ekki treyst mjer til þess að fara fram á meira en 1500 kr.

Jeg orðlengi þetta svo ekki frekar, en vona, að hv. deild vilji veita honum þetta, svo að hann geti náð þeim þroska í list sinni, sem hann óskar, og verði ekki fyrir vonbrigðum eins og í fyrra.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Flestir hv. þm., sem talað hafa hjer, hafa byrjað mál sitt með því að dæma verk hv. fjvn. og mun jeg fylgja dæmi þeirra. Jeg álít, að hv. nefnd hafi leyst gott starf af hendi og hafi skift rjettlátlega sól og vindi, þannig, að hún hefir fært niður á mörgum stöðum, en þó ekki tilfinnanlega nema á einstaka stað. Í þessu efni er jeg ósamþykkur hv. 5. landsk. (JBald). Það er svo um slíkar nefndir sem þessa, að það er ómögulegt fyrir þær að vinna svo, að allir sjeu ánægðir með störf þeirra, og jeg hefi einnig athugasemdir að gera við einstaka till. nefndarinnar, en þær eru hverfandi í öllum fjöldanum.

Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi tekið eftir því, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar er gerð sú breyting á listamannastyrknum, að það er heimilað að láta hann fara niður í 500 kr., í stað þess, að í núgildandi fjárlögum má hann ekki fara niður úr 1000 kr. Hv. nefnd hefir ekki breytt þessu og hv. Nd. ekki heldur, og verð jeg því að álíta, að þingið sje þessu samþykt. Jeg vil nú færa mig upp á skaftið og láta þá skoðun mína í ljós, að jeg álít rjett að skifta styrknum fyrir yfirstandandi ár í 500 kr. til hvers, svo að fleiri menn geti notið hans, því að ef það verður ekki gert, þá geta aðeins 8 menn fengið styrkinn, en umsækjendurnir eru 38. Vegna þess að menn þeir, sem um er að ræða, eru margir fátækir, þá mundi þá muna um það að fá þó ekki sje nema 500 kr. Jeg vildi því fá heimild til þess að skifta styrknum 1927 á sama hátt og fyrir árið 1928, enda tel mjer það heimilt, ef ekki koma fram andmæli gegn því. Jeg sagði svipað um þetta í háttv. Nd., en þar komu engin andmæli fram. Jeg álít þó ekki rjett að lækka styrkinn til þeirra manna, sem hv. fjvn. í fyrra nefndi sjerstaklega og ætlaðist til, að fengju 1000 kr.

Um markaðsleitarstyrkinn er þess að geta, að hv. fjvn. leggur það á vald stjórnarinnar, hvernig farið verður með hann. Háttv. nefnd virðist hafa horfið frá því ráði að láta greiða á yfirstandandi ári nokkuð af fjárhæðinni.

Hv. 1. landsk. talaði um hækkun styrksins til kvennaskólans í Reykjavík og fanst það ekki sanngjarnt. En ástæðan til hækkunarinnar er sú, hve skóli þessi er meira sóttur en aðrir hliðstæðir skólar á landinu. Ef borinn er saman styrkurinn til þessa skóla og skólans á Staðarfelli, sem gert er ráð fyrir að hafi 10 nemendur, þá er styrkurinn til Staðarfellsskólans hlutfallslega mikið hærri, því að í kvennaskólanum í Reykjavík eru námsmeyjarnar hátt á annað hundrað. Er þetta nægilegt til þess að sýna rjettmæti hækkunarinnar, auk þess sem laun kenslukonunnar í matreiðslu hafa verið hækkuð, til þess að hægt væri að halda henni við skólann.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um styrkinn til fjárhúsbyggingar á Hólum í Hjaltadal og hjelt því fram, að þar væri um kjördæmareipdrátt að ræða, af því að feldur hafði verið styrkur til hlöðu- og fjósbyggingar á Hvanneyri. En það er ætlast til að veita styrk til miðstöðvar á Hvanneyri, enda mun þess meiri þörf. Annars stendur fjárhúsbyggingin á

Hólum í sambandi við aukning búsins þar, sem samþykt var á þinginu í fyrra.

Jeg tek undir það álit hv. 1. þm. G.-K. (BK), er hann sagðist skoða það sem samning við sjera Jóhannes Lynge, að hann starfaði áfram að orðabókinni. Hann var tekinn úr embætti sínu til þessa starfa, og væri það því brigðmælgi, ef atvinnan væri nú tekin af honum og hann aðeins látinn njóta lítilla eftirlauna. Enda er hann ekki svo hrumur, að hann hefði ekki getað verið í embætti sínu ennþá.

Út af till. háttv. samgmn. um að lækka styrkinn til bátaferðanna vil jeg geta þess, að enda þótt ekki sje víst, að hægt sje að komast af með þessa upphæð, þá tel jeg þó rjett að hafa hana ekki hærri. Er í því efni betra fyrir stjórnina að hafa áætlunina krappa, því að með því stendur stjórnin betur að vígi við eigendur bátanna. Jeg tel það ekki heppilegt, að í nál. er talið upp, hve mikið skuli fara til hvers báts, því að þá þykist hver eigandi eiga heimtingu á því, sem nefnt er. Hv. nefnd hefði getað náð sama tilgangi með því að láta stjórnina hafa útskrift úr gerðabók sinni um það, hvernig hún vill, að styrknum sje úthlutað.

Hv. 5. landsk. (JBald) mintist á till. sína um styrk til Fjarðarheiðarvegar og kvaðst álíta, að hann mundi fá aðstoð mína til þess að koma þessum styrk í kring, af því að jeg hefði bent honum á, að hann gæti komið fram með slíka till., enda þótt ekki væri búið að rannsaka kostnaðinn, sem vegagerðin hefði í för með sjer. Hv. þm. (JBald) hefir misskilið mig hrapallega, ef hann heldur, að jeg hafi lofað honum fulltingi mínu í þessu efni. Jeg bara svaraði honum þannig til þess að sýna honum, að hann gæti ekki borið því við, að ómögulegt væri að bera fram till. um þetta af því, að málið væri ekki rannsakað. Jeg sje mjer ekki fært að mæla með þessari till., þegar þess er gætt, að verið er að klípa af styrk til vega, sem stjórnin hefir borið fram í frv. sínu. Það er því aðeins hægt fyrir stjórnina að ganga inn á lækkun á styrk til verklegra framkvæmda, að ekki verði settar inn nýjar till., sem ekki hafa meiri rjett en þær, sem skornar eru niður.

Þá mintist hv. 1. landsk. (JJ) á styrkinn til Magnúsar læknis Pjetursonar og spurði mig, hvort jeg tæki ekki undir meðmæli landlæknis, er umsókninni fylgja. Jeg greiddi atkv. á móti þessum styrk í hv. Nd., meðal annars af því, að læknir þessi hefir ekkert með berklavarnirnar að gera, og jeg áleit því, að þegar þingið er í vandræðum með að koma jafnvægi á tekju- og gjaldabálka fjárlagafrv., þá ætti ekki að samþykkja slíkan styrk sem þennan.

Háttv. 4. landsk. (MK) mintist á styrkinn til Eggerts Stefánssonar símritara og talaði um það, að hann hefði verið ófrægður af stjettarbræðrum sínum og yfirboðurum, og talaði um hann sem píslarvott í þessu efni. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hafa lesið skýrslu þá um þetta mál, sem áður hefir legið fyrir þinginu, en jeg skal ekki fara nánar út í það, nema jeg fái frekara tilefni til þess. En jeg get með engu móti viðurkent rjettmæti þessara ummæla hv. 4. landsk.

Það eru 2 till. hv. fjvn., sem jeg er ekki ánægður með. Önnur er sú, að

fella niður kaup á sýslumannsbústaðnum á Sauðárkróki. Jeg er hræddur um það, að ekki verði til lengdar hægt fyrir ríkissjóð að spyrna á móti því að útvega sýslumönnum úti um land bústaði, því að þegar hann útvegar nú bæði læknum og prestum bústaði, þá er það á engan hátt rjettlátt gagnvart sýslumönnunum að ganga fram hjá þeim í þessu efni, því að þeir eiga jafnerfitt og hinir embættismennirnir um að sjá sjer fyrir bústöðum, þegar þeir koma fátækir frá prófborðinu. En auk þessa var önnur ástæða fyrir því, að jeg áleit rjett að samþykkja þessa till., og hún var sú, að jeg er viss um, að engir sýslumenn mundu geta boðið ríkissjóði jafngóð kjör og þessi sýslumaður, vegna þess, að sparisjóður sýslunnar hljóp undir bagga. Ríkissjóður eignast húsið fyrir 7 þús. krónur, auk vaxta meðan verið er að borga lánið, sem á að greiðast á 22 árum.

Hin till., sem jeg vil nefna og jeg er óánægður með, er sú, að lækka eftirlaun ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi. Jeg veit, að upphæð sú, sem sett var í hv. Nd., er hærri en veitt er nokkurri ekkju hjer í eftirlaun. En það stendur svo á hjer, að um engin efni er að ræða, því að það var nú ekki Bjarna sterka hlið í lífinu að hugsa um fjármál, en hann lætur eftir sig með þessari konu sinni 3 börn. Jeg veit, að það hefir komið til orða, að efnilegur sonur hans hætti skólanámi til þess að fara að vinna fyrir sjer og móður sinni. Af því að jeg veit, að þessi piltur er sjerstaklega efnilegur, og að honum og móður hans er það mjög þungbært, ef hann þyrfti að hætta námi, og vegna þess, að hinn látni heiðursmaður, sem mjer þótti vænt um, bað mig þess á dánardægri sínu að sjá svo um, að ríkissjóður gerði vel við ekkju sína, þá vil jeg eindregið mæla með því, að sú fjárhæð fái að standa, sem samþykt var í hv. Nd.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Það hefir verið sagt svo margt um fjárlagafrv. og tillögur hv. fjvn., að jeg sje ekki ástæðu til að teygja tímann með almennum hugleiðingum um störf nefndarinnar. Það má sjá á brtt. hennar, að hún hefir gert ítarlegar tilraunir til þess að fá jöfnuð á fjárlagafrv., og þó efalaust sje, að ekki fáist samkomulag um allar þær till., er líklegt um jafnmannmarga nefnd á móts við deildarmenn, að lítið þýði að slást við hana um þær till., sem hún stendur saman um. Jeg hefi því álitið þýðingarlaust að koma með brtt. við till. nefndarinnar um lækkun á framlagi til Vestmannaeyjavegarins, en skal þó benda á, að talsvert öðruvísi stendur á um þessa fjárveitingu en sumar þær upphæðir, sem hv. þm. hafa komið inn í fjárlagafrv. við umr. í hv. Nd. Loforð frá hv. fjvn. var fyrir þessari fjárveitingu frá fyrra ári, og í samræmi við það var hún tekin upp í fjárlagafrv. stjórnarinnar og náði samþykki í hv. Nd., þrátt fyrir illvíga mótspyrnu. Mjer finst hv. fjvn. með tillögum sínum ekki hafa tekið

nægilega mikið tillit til þess, að svona stendur á, og ekki heldur til þess, hve mikið viðkomandi hjerað ætlar að leggja fram, samanborið við aðrar tillögur um skilyrðislausa fjárveiting.

Jeg býst nú við, þó að margt megi út á till. nefndarinnar setja, að svipað kynni að hafa farið fyrir öðrum, sem hefðu einsett sjer að ná jöfnuði á tekjum og gjöldum, á pappírnum a. m. k. Þeir hefðu orðið að skera víða niður, og jeg treysti mjer ekki að áfella nefndina fyrir það, þó að hún kysi þá leiðina að höggva nokkuð víða og þá smærra í hverjum stað. Þó eru nokkur atriði, sem jeg vildi minnast á.

Jeg skal fyrst nefna till. nefndarinnar um lækkun á styrk til húsabóta á prestssetrum. Nefndin vill lækka hann úr 35 þús. niður í 24 þús. kr. Samkvæmt nál. hv. fjvn. átti þessi styrkur að ganga til húsabóta á fimm prestssetrum, og þau voru talin þar upp. Fjvn. þessarar hv. deildar lætur nægja að geta þess í nál. sínu, að hún búist við, að hægt sje að fresta húsabótum á tveimur þessum prestssetrum, en hún nefnir ekki, hvaða prestssetur eigi fyrir því að verða. Jeg vildi óska, að hv. frsm. ljeti þess getið í umr., hver þessara prestssetra nefndin hefir fyrirhugað að láta njóta styrks, og hver hún hyggur að fella megi niður að þessu sinni.

Jeg tók eftir því í ræðu hæstv. atvrh. (MG), þegar hann mintist á brtt. nefndarinnar við fjárveitingu til markaðsleitar erlendis, að hann benti á, að nefndin hefði breytt henni frá því, sem var þegar fjárlagafrv. kom hingað, auk þess sem hún hefði lækkað hana. Nefndin hefir lagt til, auk lækkunarinnar, að ekki sjeu höfð sömu fyrirmæli um notkun þessa styrks eins og samþ. voru í hv. Nd. Þar var það orðað svo, að 12 þús. kr. skyldi varið til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku, en 10 þús. kr. til síldarsölu í Mið-Evrópu og Finnlandi. Þetta horfir dálítið einkennilega við, þegar athugað er brjef frá hv. sjútvn. Nd., sem getið er um í gerðabók sjútvn. þessarar deildar á þá leið, sem hjer segir: „Ennfremur var lagt fram brjef frá sjútvn. Nd., dags. 30. mars, þar sem nefndin tilkynnir, að hún á fundi sínum 16. mars hafi lagt það til við fjvn. Nd., að alt að 20 þús. krónum verði veittar í fjárlögum 1928 til markaðsleitar í Suður-Ameríku, og ráði atvinnumálaráðherra styrkveitingunni, enda sje það trygt, að fiskur verði sendur til Suður-Ameríku eftir ráðleggingum styrkþega". — Sjútvn. þessarar deildar gekk inn á þetta og skrifaði háttv. fjvn. samskonar brjef. Jeg held, að öllum hljóti að vera ljóst, að ef styrkja á markaðsleit í Suður-Ameríku, þá muni ekki veita af 20 þús. kr. til þess. En mjer virtist hæstv. atvrh. byggja það á till. nefndarinnar, að nú lægi það í hans valdi, hvernig þessum styrk yrði varið, og jafnvel, að ekki bæri skylda til að fara eftir hinum upphaflegu till. sjútvn. Jeg skal taka það fram fyrir hönd sjútvn. þessarar deildar, að hún vill eindregið, að farið sje eftir þeim tillögum, sem brjefið getur um, og hún álítur ekki til neins að verja í þessu skyni minna fje en 20 þús. kr. Það var upphaflega talað um að fá hæfan mann til að setjast að þarna um tíma, vera þar og vinna að sölu fiskjar. Hv. sjútvn. Nd. virðist nú vera orð-

in eitthvað hikandi í þessu máli, en sjútvn. þessarar hv. deildar er alveg sömu skoðunar og áður, og hún leggur áherslu á, að farið sje eftir hinum upphaflegu tillögum beggja þessara nefnda, en stjórninni sje ekki heimilað að ráðstafa fjenu eftir sínu höfði.

Jeg hefi flutt nokkrar brtt. við frv., en verið getur, að jeg taki eitthvað af þeim aftur. Jeg skal minnast fyrst á þær, sem jeg er ráðinn í að láta koma til atkvæða.

Jeg nefni þá fyrst till. um að auka dálítið styrkinn til Páls Þorkelssonar málfræðings. Þessi háaldraði maður nýtur eins og er dálítils styrks úr ríkissjóði, en sótti nú um hærri styrk til þingsins til þess að fullkomna málsháttasafn sitt, en þeirri beiðni var ekki sint. Jeg skal ekki áfella nefndina, þó að hún treysti sjer ekki til að veita þann styrk, sem farið var fram á. En með þeim styrk, sem veittur er, er viðurkent, að maðurinn sje styrks maklegur. Þegar á það er litið, að þessi maður er nú kominn á áttræðisaldur og á enga að, en hinsvegar dýrt að lifa hjer, verður ljóst, að 800 krónur eru honum ónógur styrkur. Jeg hefi því leyft mjer að leggja til, að styrkurinn verði hækkaður upp í 1200 kr. Þó að það sje ekki há upphæð, mundi hún þó koma að meira gagni. Það er kunnugt, að Páll Þorkelsson hefir unnið töluvert að ritstörfum, og þó að hann sje kannske dálítið sjervitur, sem kallað er, þá mun málsháttasafn hans þykja merkilegt á sínum tíma. Hann hefir líka gert okkur sóma út á við, þar sem hann hefir verið sæmdur heiðursmerki fyrir ritstörf sín.

Aðra brtt. á jeg, um að 5000 kr. sjeu veittar handa mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Till. sama efnis var borin fram í háttv. Nd. af hv. 1. þm. N.-M. (HStef), en náði ekki fram að ganga. Eins og kunnugt er, eiga þeir menn oft erfitt uppdráttar, sem verða fyrir því slysi að missa lim, og þó að þeim sje lítil bót að gervilim móts við það að hafa limi sína heila, eru þeir þó miklu betur settir, ef þeir geta aflað sjer þeirrar hjálpar, heldur en ef þeir verða að vera æfilangt eins og slysið hefir við þá skilið. Stundum njóta þessir menn góðvildar náunga sinna og eignast gervilimi með þeirra aðstoð, en þeir munu þó vera fleiri, sem ekki verða fyrir því happi og aldrei fá þá bót meina sinna, sem hjer er hægt að veita. Það væri mjög æskilegt, að til væri einhver hjálparsjóður, sem þessir menn gætu leitað til. Það þykir ef til vill ekki hentugur tími að leita þessarar fjárveitingar nú, en þar sem ekki er farið fram á hærri upphæð, vænti jeg þess, að hv. deild geti fallist á að samþykkja þetta. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvílíkt nauðsynjamál þetta er fyrir hlutaðeigendur, en það er líka óneitanlega nokkurs virði fyrir þjóðfjelagið að gera þessa menn starfhæfa á ný. Þó að jeg tæki það ekki fram við þessa brtt., er vitanlega til þess ætlast, að stjórnin úthluti fjenu og ráði, hvernig umsóknir eru stílaðar. Jeg get getið þess hjer í þessu sambandi, að jeg hefi orðið þess var á undanförnum þingum og áður, að lamaðir menn hafa leitað til fjvn. þingsins um styrki til þess að kaupa sjer gervilimi. Þetta

er ofureðlilegt, því að fjöldi þessara manna hefir ekki ástæður til þess að fá sjer þessa gervilimi. Jeg álít því rjettara að veita eina upphæð í fjárlögunum í þessu skyni, sem stjórnin svo úthluti, heldur en að vera að bera fram hvern einstakling á hverju þingi.

Þá hefi jeg tekið upp till. um styrki til tveggja stúdenta, sem stunda nám við erlenda skóla, annar í Stokkhólmi, en hinn í Vínarborg. Hvað pilta þessa snertir vil jeg taka það fram, að jeg þekki þá ekkert persónulega, en jeg hefi kynt mjer umsóknir þeirra, sem liggja fyrir þinginu, ásamt umsögn ýmissa manna um þá, og eftir þeim upplýsingum, sem þar er að fá, dylst mjer ekki, að þeir hafa verið órjetti beittir samanborið við ýmsa aðra, sem styrk hafa fengið. En af því að jeg hefi von um að geta aflað mjer ennþá betri upplýsinga um pilta þessa, að minsta kosti um annan þeirra, þá býst jeg við að taka till. aftur til 3. umr.

Þá hefi jeg borið fram till. um 800 kr. styrk til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja. Tilgangur þessa sjóðs er sá, að styrkja ellihruma og heilsubilaða sjómannafjelagsmeðlimi, ennfremur ekkjur látinna fjelagsmanna, sömuleiðis þá fjelagsmenn, sem sökum óhjákvæmilegrar fátæktar geta ekki staðið straum af sjer og fjölskyldu sinni. Nú stendur svo á, að Alþingi hefir gefið fordæmi í þessu efni, þar sem það hefir veitt fje til styrktarsjóðs sjómanna hjer í Reykjavík; vænti jeg því fastlega, að þessu fjelagi verði einnig veittur þessi litli styrkur. Lítil viðurkenning örvar þessa þörfu starfsemi að safna fje til sameiginlegrar hjálpar.

Læt jeg svo útrætt um þetta í bili, því að jeg sje ekki ástæðu til að fara að tala um brtt. annara hv. þm.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg mundi ekki hafa kvatt mjer hljóðs í þetta sinn, hefði jeg ekki verið nauðbeygð til að svara hv. 1. landsk. (JJ). Hann var að vanda með persónulegar árásir í minn garð, sem jeg er neydd til að svara að einhverju leyti, því að jeg vil þó ennþá sýna honum þá kurteisi að telja hann svara verðan, enda þótt jeg álíti tímanum betur varið á annan hátt en til að elta ólar við hann.

Þessi hv. þm. taldi í ræðu sinni í gær, að jeg væri völd að þeim 4 brtt. fjvn., sem ganga í þá átt að draga úr styrk til húsmæðrafræðslu. Á hann þar við till. nefndarinnar, sem snerta Blönduósskólann, húsmæðraskólann á Ísafirði, Laugaskólann og hinn væntanlega Staðarfellsskóla. Allar þessar niðurfærslur taldi hv. þm. mjer að kenna. Það er nú ekkert nýtt, þó að hv. 1. landsk. liggi á því lúalagi að rægja mig og níða, bæði í ræðu og riti, seint og snemma. Því, sem hann hefir ritað um mig, hefi jeg ekki nent að eltast við að svara, en brigslyrðum hans í þinginu hefi jeg aldrei látið ósvarað. Þessi hv. þm. veit það vel, aðeins ef hann vill vita það, að það er langt frá því, að jeg hafi borið eða beri kala til þessara skóla; það er honum kunnugt frá samstarfi okkar í mentamálanefnd þessarar hv. deildar nú á undanförnum þingum. Það, sem okkur hefir greint á um, er það, að jeg vil koma föstu skipulagi á húsmæðrafræðsluna, en hann vill flana eitthvað út í loftið skipulagslaust. Þessu hefi jeg haldið fram og held

fram enn, því að mjer er illa við að sýnast og látast vera alt annað en jeg er. Jeg hefi enga loddarahæfileika. (JJ: Það er jeg nú ekki viss um). Að halda því einu fram, sem maður telur rjett og satt, er enginn loddaraskapur.

Fyrir fáum dögum var samþ. hjer í deildinni þál. um að skora á stjórnina að taka húsmæðrafræðsluna til nákvæmrar yfirvegunar, og þegar um þetta var rætt í nefndinni, var ekki langt frá hv. 1. landsk. að standa með okkur, en tilhneigingin til þess að látast og sýnast rjeði yfir honum í það skifti sem endranær, og þess vegna skarst hann úr leik og kom fram sem sjerstakur nefndarhluti. Annars mun reynslan skera úr því, hvort okkar hefir haft hollari áhrif á húsmæðrafræðslumálin í landinu.

Þá bar hann mjer á brýn, að jeg hefði drepið húsmæðraskólann á Austurlandi. Þetta er vitanlega fjarri öllum sanni, og jeg er hissa á, að hann skuli vera svo fífldjarfur að bera þetta fram í deildinni. Jeg mælti þvert á móti með till. um aukinn styrk til frú Sigrúnar Blöndal, svo að hún gæti þegar hafið húsmæðrafræðslu í Mjóanesi, enda þótt í smáum stíl sje. — Sömuleiðis bar hann mjer á brýn, að jeg hefði ráðið því í nefndinni að koma með till. um það, að Laugaskólinn fengi ekki þær 11 þús. kr., sem hv. Nd. var búin að samþykkja. Jeg átti vitanlega minn þátt í því, að till. þessi kom fram, eins og aðrir nefndarmenn, og tek jeg því á mig minn hluta af ábyrgðinni.

Jeg get nú ekki látið hjá líða að minna þennan hv. skjaldsvein húsmæðrafræðslunnar á það, að hann hefir gleymt því, að til eru lög frá 1917, sem kveða skýrt á um það, að stofna skuli húsmæðraskóla í grend við Akureyri. Um þetta segir í nál. á þskj. 465: „Með lögum nr. 37 1917 er ákveðið að stofna húsmæðraskóla í grend við Akureyri með 40 heimavistum og kenslustofum fyrir alt að 50 nemendur, auk íbúðar forstöðukonu og þjónustufólks o. fl. Þegar efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunanlegum kjörum, skal ríkissjóður leggja fram ⅔ af stofnkostnaði og skólinn rekinn á ríkisins kostnað."

Jeg býst nú við, að bæði Norðlendingar og fleiri þekki þessi lög og telji þau eiga svo mikinn rjett á sjer, að tekið sje tillit til þeirra, þegar rætt er um skipun húsmæðrafræðslunnar á Norðurlandi. Að það hefir dregist svona lengi, að lög þessi hafi komið til framkvæmda, er af mörgum ástæðum, sem jeg veit, að háttv. deildarmönnum munu kunnar. Þegar nú eyfirskar konur frjettu það, að alveg átti að gera þær afskiftar í þessu máli og fara átti að veita fje til húsmæðradeildar við Laugaskólann, þá fóru þær að athuga málið og sendu símskeyti til Alþingis, þar sem þær skora á þing og stjórn að veita fje til byggingar húsmæðraskóla Norðurlands. Skeyti þetta vil jeg lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Konur á Akureyri skora á stjórn og yfirstandandi Alþingi að veita í fjárlögum 1928 70 þús. kr. til byggingar húsmæðraskóla Norðurlands, samkvæmt lögum nr. 37 26. okt. 1917, þar sem fyrir hendi eru 35 þús. kr. á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu. — Húsmæðraskólanefndin."

Þetta símskeyti hefir Alþingi borist

frá eyfirskum konum. Jeg treysti mjer ekki til að halda því fram, að þessi hreyfing sje sprottin af öfund til þingeyskra kvenna, eins og haft hefir verið við orð hjer í hv. deild af hv. 1. landsk. Þvert á móti tel jeg það fullkomlega eðlilegt, að þær hreyfi máli þessu, þegar svo er komið sem nú. — Nei, jeg sje ekki annað fært en taka tillit til þessara laga, úr því að ekki er búið að nema þau úr gildi, sem ekki virðist heldur sjáanlegt, að gert verði á næstunni, eftir þeim byr, sem húsmæðrafræðslan virðist hafa yfirleitt. Og úr því að einstakir menn telja sjer ekki sæmandi að brigða gefin loforð, þá ætti Alþingi ekki að ganga á undan og gefa fordæmi í því að brigða loforð sín.

Þá vildi jeg lítilsháttar minna á eitt atriði, það er húsmæðradeild kvennaskólans hjer. Hún hefir starfað í 18 ár og haft 422 námsstúlkur víðsvegar að af landinu. En þó hefi jeg aldrei heyrt, að þessi háttv. húsmæðrafræðslufrömuður hafi á nokkurn hátt lagt henni liðsyrði, hvorki í ræðu nje riti. Kemur það dálítið undarlega heim við þann mikla áhuga, sem hann telur sig hafa á húsmæðrafræðslu yfirleitt.

Nei, jeg er því miður hrædd um, að ást hans á málinu sje ekki eins einlæg eins og hann lætur í veðri vaka, því að væri svo, myndi framkoma hans vera alt önnur.

Þá var háttv. 1. landsk. með hótanir við mig. En þær skelfa mig ekkert. Jeg hræðist engar hótanir og get staðið við alt, sem jeg hefi sagt og gert í þessu máli, fyr og síðar, en getur hv. 1. landsk. það?

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg verð lítilsháttar að minnast á þær ræður, sem hjer hafa verið haldnar síðan í gær.

Mjer hefir nú hálft í hvoru skilist, að framsaga mín hafi þótt ónóg, sökum þess, að jeg hafi verið svo stuttorður. Um það er ekkert að segja, þar um hefir hver sína skoðun.

Eins og vænta mátti var afstaða háttv. deildarmanna mismunandi til fjvn., og skal jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hvers eins, í þeirri röð, sem þeir töluðu.

Hæstv. forsrh. (JÞ) flutti nefndinni þakklæti fyrir störf sín. Kann jeg honum bestu þakkir fyrir það, því að hans orð met jeg mikils.

Næstur talaði háttv. 2. þm. S.-M. (IP). Hann var hógvær að vanda, en sagðist þó ekki vera með öllum tillögum nefndarinnar. Um það er jeg heldur ekkert að saka háttv. þm., nefndin hefir aldrei búist við, að allir væru ánægðir með till. hennar. Þegar hann svo fór að finna að störfum nefndarinnar, fann hann mest að því, að lækkuð hafði verið fjárveitingin til Hólmahálsvegarins. Þessu er því til að svara, að fjárveiting þessi var ekki lækkuð meira hlutfallslega en aðrar fjárveitingar til vegagerðar, enda þótt hún væri sett inn í neðri deild, og það í hálfgerðu trássi við vegamálastjóra, og sú fjárveiting hefði því flestum fjárveitingum fremur átt að strikast að öllu leyti út. Finst mjer því mega vel við þetta una.

Þá fann þessi háttv. þm. ástæðu til að mæla með 200 kr. styrk til Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar síldarmatsmanns. Að sjálf-

sögðu fann hann till. þessari margt til ágætis frá sínu sjónarmiði, en jeg vil minna hann á, að þær eru margar ekkjurnar, sem erfitt eiga og styrk þyrftu.

Sami hv. þm. sagði, að það væri óviðeigandi að vera að klípa af styrk Fiskifjelagsins, en eins og jeg hefi áður sagt, þá er það gert til þess að koma meira samræmi á milli þess og Búnaðarfjelagsins. Fjvn. gerði það með ráðnum hug að lækka styrkinn, sjerstaklega vegna upplýsinga, sem henni bárust og jeg hirði ekki að geta um að svo stöddu. Og jeg þori að fullyrða, að nefndinni er það talsvert áhugamál, að þessi fjárveiting komist aftur í sama horf og hún var í frv. stjórnarinnar.

Þá kem jeg næst að hv. 5. landsk. (JBald), er sagði margt um brtt. fjvn., bæði hrós og álas, og fanst mjer þó minna bragð að hrósinu. Jeg er ekki viss um, að jeg komist af með stutta ræðu, ef jeg á að fara að rekja ræðu hans, því að hún var löng, eins og oft vill verða hjá hv. þm. (JBald). Hann byrjaði á því, að fjvn. þættist vera að bjarga landinu með till. sínum, en ætti þó ekkert lof fyrir þær. Jeg bjóst nú ekki við, að hann færi að syngja fjvn. neinn lofsöng, — jeg veit annars ekki, hvort hann kann nokkurt lag, — en það er rangt, að fjvn. hafi nokkuð látið falla í þá átt, að hún væri að bjarga landinu. Svo stærilát er hún ekki, en hún bar fram þær breytingar, er hún taldi rjettmætar.

Hv. þm. talaði um ýmsar tilfærslur hjá nefndinni, er ekki kæmu fjárhag ríkisins neitt við, sjerstaklega framlag ríkissjóð til landhelgisvarna og útgjöld samkv. jarðræktarlögum. Þetta má að nokkru leyti til sanns vegar færa, en að öðru leyti ekki. Jeg álít heppilegast, að ársreikningur hvers fyrirtækis sem er, hvort sem það er einstaks manns, fjelags eða ríkissjóðsfyrirtæki, komi út greinilega fyrir hvert ár, en grípi ekki yfir mörg ár. Jeg vil í þessu sambandi minna hv. þm. (JBald) á það, að hvað hár styrkur sem ætlaður væri listamönnum og skáldum, þó hann væri 100 þús. kr., og ætti að skiftast niður á fleiri ár, þá mundi það sannast, að ekki yrði mikið eftir af honum að fyrsta árinu liðnu. Þannig mætti nefna mörg dæmi, t. d. verklegar framkvæmdir. Þó það væri ætlað 10 sinnum meira til þeirra heldur en nota ætti á einu ári, þá færi það alt saman. Og þá yrði landsreikningurinn skrítinn.

Sami hv. þm. mintist á eftirgjöf á Stokkseyrarláninu út af brunanum þar í vetur. Fjvn. hefir nú lagt til, að lánið verði ekki gefið eftir að svo stöddu. En eins og tekið er fram í nál., þá eru líkur til þess, að þessa upphæð verði að gefa eftir innan skamms, en fjvn. vill aðeins ekki gera það að þessu sinni. Jeg færði fram ástæður fyrir þessu í gær, sem sje þær, að lánið er nýtt, ekkert verður enn vitað, hvernig fer um brunamálið, ekkert er að vita, nema þorpið geti greitt vexti og afborganir af láninu. Það þarf ekki nema eina góða vertíð þar til þess, að þorpið þurfi ekki að fá lánið eftirgefið, enda þótt það hafi orðið fyrir miklu tjóni af brunanum.

Brtt. hv. þm. (JBald) á þskj. 472, VI við 13. gr., um akveg yfir Fjarð-

arheiði, get jeg hleypt fram hjá mjer, því að það, sem hann talaði um hana, var stílað til hæstv. atvrh. (MG).

Nokkuð hið sama má segja um till. um styrk til Daníels Hjálmssonar. Þar mun hæstv. forsrh. (JÞ) verða til andsvara, og er hann maður til þess. En jeg þykist mega fullyrða, að marga hefir hent hið sama og þennan mann. Í till. liggur það sem rökstuðning fyrir því, að veita beri þennan styrk, að maðurinn hafi verið sviftur starfi sínu. Það hefir nú komið fyrir æðimarga menn, og ef það ætti að fara að elta þá alla uppi og láta þá fá skaðabætur, þá gæti það orðið mikil upphæð, sem ríkissjóður yrði að greiða.

Þá er till. um styrk til Sigurkarls Stefánssonar. Um hana er hið sama að segja, að maður veit, að það eru ótölulega margir, sem gjarnan vilja fá styrk til náms og þarfnast hans eflaust efnanna vegna, en það er ómögulegt fyrir ríkissjóð að hjálpa þeim öllum, og þess vegna þarf oft og einatt að ganga fram hjá einum og öðrum.

Þá er brtt. um styrk handa Bjargeyju Pálsdóttur til hljómlistarnáms. Jeg skal lýsa yfir því, að þar hafa nefndarmenn óbundin atkvæði. Hjer stendur sjerstaklega á, þar sem faðir hennar á í hlut, því að hann er framúrskarandi duglegur, á mörg börn og hefir komið þeim vel upp og til menta. Og þessi dóttir hans er talin sjerstaklega efnileg.

Þá er enn styrkur til Pálma Hannessonar til rannsókna á eðli og uppruna þúfna og annara yfirborðsmyndana. Þennan mann þekki jeg ekki neitt, en brtt. finst mjer einkennilega orðuð, og jeg get ekki felt mig við hana, og svo mun vera um fleiri hv. þingmenn í fjvn. Hv. flm. (JBald) sagði, að þetta mundi hafa skotist fram hjá þingbændum, en þingbændur í fjvn. hafa athugað erindið og þó ekki getað fallist á það. Þegar við bændur viljum athuga þúfurnar, þá ráðumst við vanalega á þær með plóg og skera, en þurfum engan svona „pálma“ til þess að stikla á þeim fyrir okkur.

Þá kemur nú brtt., sem er ekki svo lítil, að til Byggingarfjelags Reykjavíkur skuli koma 40 þús. kr. sem nýr liður. Á fjelag þetta er minst í nál., en fleira má þó um það segja en þar er gert. Hv. flm. (JBald) hafði mörg orð um það, hvað það mundi hafa mikil áhrif á húsaleigu hjer, ef þessi fjárveiting næði fram að ganga. Það er sjálfsagt, að ef þetta fje yrði veitt, þá gæti fjelagið lækkað eitthvað húsaleigu í sínum húsum. En fyrst hv. flm. er svo viss um, að það mundi hafa áhrif á húsaleigu í bænum yfirleitt, þá ætti hann heldur að snúa sjer til forráðamanna Reykjavíkur með slíka málaleitun en að heimta skatt af fólki uppi um fjöll og úti með sjó í þeim tilgangi. Það gengur líka ósvífni næst að fara fram á þetta, eftir að Reykjavíkurbær hefir sjálfur neitað fjelaginu um styrk og sett á það rannsóknarnefnd út af því, að 130 þús. kr. víxill, sem bæjarsjóður var á fyrir fjelagið, hefir verið afsagður sökum greiðslufalls. Þegar fjelagið hefir þannig komið sjer út úr húsi hjá bæjarfjelaginu, ætlar það sjer að ná peningum úr ríkissjóði.

Jeg hefi þá rakið brtt. hv. 5. landsk. (JBald), og af því að hann fór hóflegum orðum um flest atriði, þá hefi

jeg reynt að borga honum í sömu mynt.

Þá kem jeg að styrk handa Kjósarsýslubúum til þess að leita læknis. Hv. 1. þm. G.-K. (BK) sagði, að hjeraðslæknir þar gæti ekki ferðast, — og út frá því er gengið, þar sem fjvn. vill veita styrk til Kjósarbúa til læknisvitjana. Nefndinni var kunnugt um það, að hjeraðslæknir í Hafnarfirði á bágt með að ferðast á hestum, en nú er svo komið, að víða um hjerað hans er hægt að ferðast í bifreið, og bifreið getur áreiðanlega borið lækninn, þótt hann sje stór. Hjer ber líka að athuga það, að litlir styrkir eru veittir mörgum hjeruðum, sem eiga miklu erfiðara um að ná til læknis heldur en Kjósarbúar. Við skulum taka til dæmis Grímseyinga og Hólsfjallabúa. Þeir fá þó ekki eins háan styrk eins og Kjós er hjer ætlaður. Jeg hygg, að fjvn. hallist að því, að atkvgr. verði látin skera úr um það, hvernig þessi styrkur er veittur. En mjer skildist á hv. 1. þm. G.-K. (BK), að hann óskaði þess, að brtt. fjvn. yrði tekin aftur til 3. umr. Út af því skal jeg geta þess, að jeg veit ekki, hvort hv. form. nefndarinnar hefir tekið eftir þessum tilmælum, en fyrir mitt leyti hygg jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að öll nefndin muni vera á því að láta þennan lið koma til atkvgr. nú.

Sami hv. þm. (BK) talaði um styrk til Guðmundar Davíðssonar á Hraunum, til að safna orðum úr alþýðumáli og orðtaka bækur, og sagði, að safn hans yrði eign ríkisins. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja fyrir mitt leyti, hvernig fer um þennan styrk, og nefndin hefir óbundin atkvæði um hann. Hv. þm. var óánægður með styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar og vildi, að hann yrði lækkaður, og mun fjvn. honum samþykk í því. Einnig mun hún honum samþykk í því, sem hann sagði um styrk til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, eða ljet á sjer skilja.

Stærsti liðurinn, sem þessi hv. þm. (BK) mintist á, var strandferðirnar. Fjvn. mun samþykk því, er hann sagði um það mál, og hún er samþykk hv. samgmn. í því að lækka styrkinn til flóabáta niður í 100 þús. kr.

Þá kem jeg næst að þeim hv. þingmanni, sem jeg vil ógjarnast eiga orðastað við af öllum þeim, sem eru í þessari hv. deild. Veldur því afstaða okkar beggja, að jeg get ekki talað við hann á sömu sveif og við aðra hv. þdm. Jeg á hjer við hv. 1. landsk. (JJ). En ef hann áreitir mig ekki neitt, þá skal jeg reyna að tala hóglega við hann.

Hann sagði, að það væri þveröfugt við alla skynsemi, að mjer skildist, að skifta tillagi til stúdentagarðsins á 2 ár, og að það yrði til þess að hindra garðsbygginguna. Þar er fjvn. á annari skoðun. Okkur er ekki kunnugt um það, að það eigi að flýta þessari byggingu svo mikið, talið gott, ef hún kæmist upp fyrir 1930. Og þótt ekki sjeu lagðar til hennar meira en 50 þús. 1928, og svo aðrar 50 þús. 1929, ætti hún að geta komist upp fyrir þann tíma. Mjer er óhætt að fullyrða, að fjvn. vill ekki kvika fet frá brtt. sinni.

Þá kom sami hv. þm. (JJ) að húsmæðraskólunum og hafði þar mikla gremju í hug, og fór hann mismun-

andi vingjarnlegum orðum um ýmsa menn, eins og hans er vandi. Jeg þarf nú ekki að svara honum, því að hv. 2. landsk. (IHB) hefir nú haldið hjer ræðu og skýrt vel, hvað fyrir nefndinni vakti. Þó get jeg ekki látið hjá líða að ávíta þau ómaklegu orð, sem hv. 1. landsk. hafði um hv. 2. landsk. (IHB), þar sem hann sagði, að hv. 2. landsk. ljeti sjer ant um að ráðast á húsmæðraskólana, því að jeg veit ekki annan, sem ber það mál meira fyrir brjósti nje hefir kynt sjer það betur. En mín reynsla í samvinnu við hv. 2. landsk. er sú, að sá hv. þm. lætur ekki neyða sig til neins, en athugar hvert mál gjörla og er í tillögum sínum ekki verri en karlar. Tel jeg mjer því skylt að taka svari þessa hv. þm. (IHB), þar sem á hann er hallað.

Svo kom hv. 1. landsk. að mjer, og mjer datt heldur ekki í hug, að jeg yrði látinn hlutlaus út af hinni svonefndu framsögu minni hjer í gær. Hann sagði, að það væri ekki vert að leggja á mig þunga bagga, og að það hefði skinið mikið skilningsleysi út úr ræðu minni. Jeg var stuttorður með vilja, enda er jeg ekki vanur því að vera með miklar málalengingar, hvorki mánudaga nje aðra daga. Út í hina löngu ræðu hv. þm. er algerlega óþarft að fara mikið, enda lagði jeg ekki á mig að punkta neitt eftir honum. Um till. hans vil jeg segja það, að þó að sumar þeirra væru ekki svo fráleitar að efni, ef peningar væru fyrir hendi, þá sjer hver einasti maður, að það er ómögulegt að samþ. þær nú, og það er því alveg tilgangslaust að flytja þær hjer og halda um þær langar ræður.

Þá kom næstur hv. þm. Snæf. (HSteins). Hann talaði skörulega fyrir till., sem honum er áhugamál um, og jeg skal játa, að eftir að hafa fengið þær upplýsingar, sem hann gaf, liggur mjer nær að styðja hans till. en áður. Hinsvegar geri jeg mig ánægðan með, að deildin geri í því efni það, sem hún telur rjettast. Jeg tel upplýsingar og rök hv. þm. mikilsvirði, og jeg held, að allflestir hv. þdm. hafi verið nærstaddir, þegar hann hjelt sína ræðu.

En hv. þm. (HSteins) mintist á aðra till., sem jeg feĺli mig miklu ver við, þó að fjárhæðin sje miklu minni. Þeir eru þar í sambandi hv. þm. Snæf. (HSteins) og hv. 1. landsk. (JJ) um konu nokkra vestur í Eyrarsveit. En það eru til svo margar konur, og að jeg hygg í nágrenni hvers einasta þm., sem hafa unnið sjer margt gott og heiðarlegt til ágætis, og jeg efast alls ekki um, að rjett sje skýrt frá um þessa konu. En hjer er um fordæmi að ræða, sem jeg vil ekki skapa og get ekki greitt atkv.

Næstur kom hv. 4. landsk. (MK), og hann hafði nú ekki fyrir mörgum till. að berjast, enda fór hann mjög hóflega í sakirnar, eins og hans er vandi. Hv. þm. lagði þó áherslu á eina brtt. um 1600 kr. styrk til Eggerts símritara Stefánssonar á Akureyri, og gaf svo góðar og glöggar upplýsingar og miklu betri en jeg hefi áður fengið í þessu máli, að ekki verður annað sjeð en að þessi till. eigi við svo góð rök að styðjast, að erfitt sje að ganga á móti þessum styrk.

Háttv. þm. (MK) byrjaði ræðu sína með því að viðurkenna viðleitni fjvn. til að koma jöfnuði á fjárlagafrv., þó að hann væri ekki ánægður með ein-

stök atriði, sem er mjög skiljanlegt í sjálfu sjer. — Mjer sýnist annars deildin vera að tæmast. Það hefir komið fyrir fleiri en mig, en ef svona heldur áfram, sje jeg mjer ekki fært annað en hætta. (**Forseti HSteins:** Deildarmenn eru á næstu grösum).

Háttv. 4. landsk. (MK) verður að afsaka mig, ef jeg þarf að tala meira um hans till., og vona jeg, að hann minni mig á, ef jeg hefi gleymt einhverju. (**MK:** Mjer þætti vænt um að heyra um afstöðu nefndarinnar til styrksins til Jóns Kristjánssonar veitingamanns á Akureyri). Já, jeg býst við, að hv. þm. hafi haldið, að hjer ylli ókunnugleiki, en svo er ekki. Það var fordæmi, sem fjvn. ekki vildi gefa. Henni er kunnugt um fleiri svipuð tilfelli og þetta, og er hætt við, að fleiri kæmu á eftir.

Þá talaði hv. þm. um styrkinn til markaðsleita og var fróður í þeim efnum eins og öðrum, sem hann hefir lagt sig eftir að kynnast. En þar sem hv. þm. fullyrti, að á sjerstökum stöðum bæri mest nauðsyn til að vinna að þessu, þá finst mjer, að jeg með sama rjetti geta fullyrt, að á vissum tímum sje ómögulegt að fullyrða neitt um slíkt, hvaða staðir sjeu helst til þessa fallnir. Mjer finst rjettara að fela stjórninni að ráðstafa því fje, sem til þessa er veitt, án þess að hún sje bundin við vissa staði.

Þá kom næstur hv. þm. Eyf. (EÁ) og talaði fyrir einni brtt., um styrk til Freymóðs málara Jóhannssonar, en þar sem hv. þm. er í fjvn. og hefir skýrt þetta mál fyrir henni og einnig deildinni, ætla jeg ekki að tala neitt um þá till.

Næstur var þá hæstv. atvrh. (MG) og talaði hann bæði um till. fjvn. og um till. einstakra hv. þm. Hæstv. ráðherra var óánægður með, að nefndin skyldi ekki hafa viljað aðhyllast kaupin á sýslumannshúsinu á Sauðárkróki, og lýsti því, með hve góðum kjörum ríkissjóður gæti fengið þetta hús, og tók það fram, að innan skamms mundi ríkið verða að eiga sýslumannabústaði um alt land.

Þrátt fyrir þetta býst jeg nú við, að aðrir hv. nefndarmenn sjeu enn jafneindregnir á móti þessu eins og jeg. Meðan við verðum að klípa af öllum nauðsynlegum fjárveitingum, get jeg ekki sjeð, að rjett sje að ganga inn á þessa braut. Það gæti þá svo farið, að ríkið yrði á endanum að leggja öllum embættismönnum til bústaði. — Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri síður ástæða til að leggja sýslumönnum til bústaði heldur en læknum, en hann verður að viðurkenna, að því fleiri sem bætast við, því verra.

Ef þetta ráð verður tekið upp, að leggja öllum embættismönnum til bústaði, er auðsætt, að ekki er nema eitt ráð til, og það er að fækka embættismönnum um helming eða meira. Er hvenær verða ástæður til þess? Jeg er með öllu ósamþykkur hæstv. ráðh. um þetta og álít, að slíkt eigi ekki að gerast, nema á þeim stöðum, sem knýjandi nauðsyn ber til.

Þá talaði næstur háttv. þm. Vestm. (JJós). Hann byrjaði með að lýsa óánægju sinni yfir því, að nefndin hefði lækkað tillagið til Vestmannaeyjavegarins, en hún gerði það í samræmi við lækkun til annara vega í landinu. Hv. þm. vildi binda sig við fjvn. hv. Nd.

og sagði, að hún hefði sett þetta inn, og að loforð hefðu verið gefin á fyrri þingum. En hann verður að gæta að því, að fyrir fjvn. vakti að hafa sem rjettust hlutföll milli hinna ýmsu vega. Jeg hygg líka, að hv. þm. Vestm. geti ekki fært nein gild rök fyrir því, að ástæða hafi verið fyrir nefndina til að víkja frá þeirri reglu af þeim ástæðum, að meiri nauðsyn væri á þessum vegi en öðrum. Heldur ekki er það rjett, að sjálfsagt sje fyrir ríkið að veita ríflega til þessa vegar af þeirri ástæðu, að ríkið eigi Vestmannaeyjar.

Þá ljet hv. sami þm. (JJós) í ljós óánægju yfir því, að fjvn. hefði lækkað styrkinn til húsabóta á prestssetrum.

Sami hv. þm. talaði fyrir till. um fjárveitingu til styrktar mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Þegar jeg sá þessa till., greip það mig strax, að hjer væri um mikla nauðsyn að ræða, að styrkja þá menn, sem hafa mist einhvern hluta af líkama sínum. Ef hægt er að gera þessa menn vinnufæra, þá er það augljóst, að hjer er um hina mestu nauðsyn að ræða. En mjer er það ekki fullljóst, hvort þessi styrkur á að ganga til gervilimasmiðs eða mannanna, sem fyrir slysum hafa orðið, og skiftir það mjög miklu máli í mínum augum. (**JJós:** Orðalag till. skýrir þetta). Já, en það gæti þó hugsast, að styrkurinn gengi til gervilimasmiðs, sem svo ætti að selja limina við vægara verði. En ef svo er, að styrkurinn eigi að ganga til hinna einstöku manna, sem fyrir slysum verða, þá mun jeg verða því fremur hlyntur, að þessi till. verði samþ.

Þá flytur háttv. sami þm. till. um hækkun á styrk til málsháttasafnarans Páls Þorkelssonar. Það er vitanlega ekki um stóra upphæð að ræða, en þó hefði jeg haldið, að jafnlengi og þessi maður er búinn að hafa styrk í fjárlögum, að hann mundi láta sjer þá fjárhæð nægja, sem nú er þar.

Brtt. sína undir lið VIII hefir hv. þm. tekið aftur til 3. umr.

Þá flytur hv. þm. (JJós) að síðustu tillögu um styrk til Sjómannafjelags Vestmannaeyja og sagði hann, að mjög nauðsynlegt væri að styrkja það, og efast jeg ekki um, að svo sje. En það er nú svo um mörg slík fjelög, og þótt áður sje búið að styrkja Sjómannafjelag Reykjavíkur, þá er ekki þar með sagt, að önnur fjelög hafi kröfu til styrks.

Fjvn. getur ekki að svo stöddu mælt með styrk til þessa fjelags, meðan mörg önnur fjelög, sem vita má að eiga sama rjett á styrk, ekki fá neitt.

Jeg skal játa það, að jeg hefi, eins og í gær, farið fljótt yfir sögu, til þess að spara tíma deildarinnar. Jeg býst ekki við, að það, sem jeg hefi sagt, verði af öllum tekið gilt eða fullnægjandi, en jeg verð nú þó að ljúka máli mínu í þetta sinn.

Jón Baldvinsson: Háttv. frsm. (EJ) hefir nú svarað nokkuð fyrir hönd hv. nefndar og lýst afstöðu hennar til till. einstakra þm. og þá einnig til minna till. En um þær till., sem hv. frsm. ekkert mintist á, verð jeg að líta svo á, að nefndin hafi óbundin atkv. (**EJ:** Það kemur í ljós við atkvgr.). Já, það er rjett, það kemur í ljós við atkvgr., en það er nú vani að láta það koma fram fyrirfram, hvernig nefndin tekur hinum ýmsu till.

Jeg skildi ekki vel hugleiðingar hv. frsm. um, að ársreikningar ættu að grípa yfir tímabil það, sem fjárlögin mynda. Jeg veit ekki betur en svo sje. En hafi hann átt við það, að útgjöld ríkissjóðs fari eftir fjárlögum að öllu leyti, þá er það alger misskilningur. Áætlanir í fjárlögum eiga að fara eftir lögum, sem útgjalda krefjast, og eftir þeirri reynslu, sem fengin er, en lögin ekki eftir áætlunum fjárlaganna. Ef til dæmis styrkur samkvæmt jarðræktarlögunum er áætlaður í fjárlögum 200 þús. kr., en lögin heimta 400 þús. kr., þá verður ríkissjóður að borga þessar 400 þús. kr., hvað sem stendur í fjárlögum. En ef þessi sami liður væri áætlaður 600 þús. kr., en yrði ekki í reyndinni nema 300 þús. kr., þá greiddi ríkissjóður heldur ekki nema þær 300 þús. kr. Það er því alger misskilningur, að sama gildi um áætlunarútgjöld og persónustyrki svokallaða, eða þesshátt-ar, sem greiðist í þeim upphæðum og tölum, sem settar eru í fjárlögin.

Jeg heyrði ekki um afstöðu nefndarinnar til Fjarðarheiðarvegarins, en jeg veit, að um það munu vera óbundin atkv. Enda veit jeg, að jeg á þar sterkan stuðningsmann í því efni, sem er hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), formaður hv. nefndar.

Jeg hefi ekki heyrt nein andmæli frá hæstv. forsrh. (JÞ) út af tillögu minni til Daníels Hjálmssonar. Jeg sje því ekki betur en að upplýsingar mínar hljóti að vera rjettar, og að hann eigi rjett á þessum litlu bótum.

Jeg vil þakka hv. fjvn. fyrir undirtektir hennar undir sumar brtt. mínar, t. d. styrkinn til Bjargeyjar Pálsdóttur. En mig langar til að leggja alveg sjerstaka áherslu á styrkinn til Sigurkarls Stefánssonar. Þessum manni er um að gera að ná prófi á næsta ári. Og það getur hann áreiðanlega, ef hann fær þá hjálp, sem jeg fer fram á að Alþingi veiti honum. Þessi stúdent er, svo sem jeg sagði í gær, fátækur, en mjög efnilegur og hefir hin bestu vottorð. Hann hefir nú gerst svo djarfur að mynda fjölskyldu, og gerir það fjárhag hans erfiðari, eins og skiljanlegt er. Jeg er ekki í vafa um, að þetta yrði einhver allra nauðsynlegasti stúdentastyrkurinn í fjárlögum.

Háttv. frsm. (EJ) talaði um styrk þann, er jeg fer fram á til Pálma Hannessonar, og sýndist mjer háttv. nefnd vera sæmilega eindregin á móti honum. Hv. frsm. fór annars um þetta þesshátt-ar orðum, að jeg kemst ekki hjá að minnast nokkuð á það. Honum leist illa á að fá þennan mann til að „stikla á þúfunum" og hjelt, að betra væri að ota að þeim einhverjum öðrum „pálma". Þetta er einmitt galli margra bænda. Þeir átta sig ekki á því, að mannvitið geti orðið þeim til nokkurrar hjálpar. Þeir vilja ota járnpálmanum að þúfunum, en kasta frá sjer þessum Pálma, sem með þekkingu sinni og lærdómi gæti orðið þeim að þúsundföldu gagni. En þeir góðu menn mega reiða sig á, að meðan þeir neita samvinnu við mannvitið, standa þeir aldrei með pálmann í höndum í viðureign sinni við íslenskar þúfur. Það er mjög svo ómaklegt af hv. frsm. (EJ), er hann gerir gys að því, að framkvæmd sje vísindaleg rannsókn á þessum merkilegu yfirborðsmyndunum, enda þótt hann hafi sjálfur ekki víðsýni til að sjá annað en að

þetta sje lítilfjörlegt og ómerkilegt. Það líður áreiðanlega ekki á löngu áður en menn sjá, hve nauðsynlegar þessar rannsóknir eru. Þær grípa svo inn í túnræktina, sem er ein aðalstoðin undir búskap Íslendinga. Ef rannsóknirnar gætu bætt eða aukið framkvæmdir um ræktun landsins, þótt ekki væri nema lítið, þá væri ekki lengi að endurgreiðast sá styrkur, sem hjer er farið fram á. Það er svo um flestar gagnlegar nýjungar og vísindalegar rannsóknir, að fyrst í stað ypta menn öxlum við þeim, einkum hinir þröngsýnni, íhaldsmennirnir.

Þá þarf jeg að síðustu aðeins að minnast á ummæli hv. frsm. um Byggingarfjelagið. Brtt. mín var um 40 þús. kr. aukinn styrk til fjelagsins, en jeg hefi nú lýst yfir, að hún komi ekki til atkvæða. En það er rangt hjá hv. frsm., að af hálfu jafnaðarmanna hafi ekki verið gerðar tilraunir til að lækka verð á húsnæði í Reykjavík. Hann verður að játa, að húsaleigan er einn erfiðasti útgjaldaliður, bæði Reykjavíkurbæjar og borgara hans, og jafnframt alls ríkisins. Í öllum sveitum landsins hljóta menn að gjalda hinnar gífurlegu húsaleigu hjer í bænum, því að hjer dvelur t. d. skólafólk o. fl. hvaðanæfa. Því er hin mesta nauðsyn á því, að húsaleigan lækki. Nú stendur hún fyrir þrifum sumpart þarflegum framkvæmdum og sumpart því, að framleiðslan komist í eðlilegra horf en enn er orðið. Við jafnaðarmenn höfum gert tilraunir til að lækka húsaleiguna, en þær hafa altaf verið drepnar af flokksbræðrum hv. þm. (EJ). Jeg skal játa, að þessar 5 þús. kr., sem nú eru í fjárlagafrv. til Byggingarfjelags Reykjavíkur og hv. fjvn. leggur til, að feldar sjeu niður, gera aldrei neitt til að hækka eða lækka húsaleigu í Reykjavík. En jeg álít þessa litlu upphæð rjettmæta viðurkenningu til fjelags, sem á dýrasta tíma ræðst í að byggja heilnæmar íbúðir handa fátæku fólki, sem hafði orðið að kúldrast í kjallaraholum og öðrum ljelegum hreysum. Það er líka viðurkent af flestu því fólki, sem þarna fjekk íbúðir, að afkoma þeirra og heilsufar er miklu betra en það var áður. Það er rjett hjá hv. frsm., að víxill, sem fjelagið hafði gefið út, var afsagður. En því hefir nú verið komið í lag og var áður en hlaupið var með það í Morgunblaðið. Mjer virðist ekki ósanngjarnt, að af tekjum ríkissjóðs renni eitthvað til að lækka húsaleiguna í Reykjavík, þar sem býr meira en fimti hver landsmaður, auk þess sem margir fleiri njóta góðs af, ef leigan lækkar. Jeg vil svo láta útrætt um þetta mál. Jeg beini því til hæstv. forseta, að jeg tek aftur brtt. XX á þskj. 472, en skora á hv. þdm. að fella brtt. hv. fjvn. um að nema burt styrkinn til Byggingarfjelagsins.

Jónas Jónsson: Mjer skilst, að talsverð mistök sjeu orðin í starfi hv. fjvn., ef marka má af þeim Aron, er hún hefir valið til að túlka sitt mál við deildarmenn. Það er sagt, að hann sje stundum í því ástandi, að hann sjái 11 þar sem 1 á að vera, og er það ekki ótrúlegt eftir þeim glundroða, sem var á framsöguræðu hans, er hann virtist jafnvel mæla með þeim tillögum, sem nefndin er á móti. Það er eins og segir í fornsögunum, að „mikil raun er að ferðast milli svo

heimskra þjóða;“ — það hlýtur að hafa verið mikil neyð, er kom hv. form. fjvn. (JóhJóh) til að hliðra sjer hjá að bera sjálfur vopnin að þessu sinni, en fá þau í hendur slíkum amlóða, sem hefir sýnt sig vanfæran til að bera bæði sverð og skjöld.

Út af tveim vegum, sem nefndin vill skera niður, veginum yfir Hólmaháls og Vesturlandsveginum, vil jeg gera nokkrar athugasemdir. Hv. frsm. taldi tvær ástæður til að lækka styrk til þessara vega. Fyrst var sú, að sjálfsagt væri að lækka styrk til þessara vega eins og annara framkvæmda. En þar er þess að gæta, að ólíkt minna hefir hingað til farið af landssjóðsfje til vegalagninga í Suður-Múlasýslu eða Dalasýslu heldur en t. d. í Rangárvallasýslu. Þar er mikill munur á. Það sje mjög fjærri mjer að vilja telja eftir viðgerðina á Holtaveginum, en mjer er ekki kunnugt um, að í mörg ár hafi verið lagður nokkur vegarspotti um Suður-Múlasýslu fyrir landsins fje. Er því ákaflega hart að vera með eftirtölur á öðru eins lítilræði og þessu. Sama máli er að gegna um Dalasýslu. Hún hefir verið mjög afskift árum saman. Hin röksemdin hjá hv. frsm. gegn þessum vegum var sú, að vegamálastjóri hefði ekki lagt með þeim og þeir væru komnir í fjárlagafrv í trássi við hann. Þetta er líkara því, að það sje mælt í draumi heldur en í vöku. Hv. frsm. hefir alveg haft endaskifti á valdaskiftingunni í þessu landi. Eða ímyndar hann sjer, að embættismaður, undirmaður Alþingis, eigi að ráða því, hvaða vegir eru lagðir? Nei, það er til minkunar og skaða, hvað slíkir undirmenn hafa leyft sjer að sýna mikla samúð og andúð á ýmsum sviðum og þannig gert tilraunir til að hrifsa til sín völdin. Það lítur annars helst út fyrir, að hv. frsm. haldi, að við lifum undir embættismannastjórn eins og á 18. öld. Og eftir öllu sálarástandi hv. þm. (EJ) mætti vel ætla, að hann hafi ekki fylgst betur með.

Hv. frsm. (EJ) sagði, að ekki væru margar brýr, sem tengdu okkur saman. Ekkert mun jeg játa með ljúfara geði en að þarna hafi hann sagt rjett frá. Það skilur okkur altof mikið af öllum þeim eiginleikum, sem móta menn, til þess að nokkur samvinna sje hugsanleg milli okkar. Það eru ekki aðeins lífsskoðanir, heldur og alt annað. Jeg hefði t. d. aldrei getað hugsað mjer, að maður á menningarstigi hv. frsm. næði kosningu á þing, og þá þaðan af síður, að hann yrði kjörinn framsögumaður sæmilega virðulegrar nefndar. Enda hefir hv. meiri hl. fjvn. orðið hált á því kjöri, því að ekki munu dæmi til annarar eins frammistöðu af hálfu frsm. í stórmáli.

Annars er eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem jeg vil viðurkenna og er glaður að fá tækifæri til að viðurkenna. Það eru þau ummæli, er hann hafði um þingsystur sína, háttv. 2. landsk. (IHB), að hún væri ekki lakari þingmaður en hver karlmaður, sem hjer á sæti. Já, það er t. d. ekki sambærilegt, hve mjög hún er þarfari og nýtari en háttv. 2. þm. Rang. (EJ). Í raun og veru er móðgun að nefna þau saman, því að hann er svo miklu neðar en alt það, sem Íhaldið hefir leyft sjer að bjóða þinginu, — og er þá mikið sagt. Jeg hefi heyrt marga bera brigður á gagnsemi hv. 2. landsk. (IHB), en jeg hefi jafnan

tekið svari hennar og sagt, að hún tæki langt fram mörgum flokksbræðrum sínum að gáfum og hjartalagi. En svo sem jeg sagði, hefir Íhaldsflokkurinn hvergi komist neðar en í hv. 2. þm. Rang. (EJ), sem nú er kallaður frsm. fjvn. Enginn, sem lesið hefir eitthvað í Alþt. og sjeð hefir hið sundurlausa ræðurugl þessa hv. þm., — sem þó birtist þar í leiðrjettri og lagfærðri mynd, — hefir getað komist hjá því að kveða upp þungan áfellisdóm yfir Rangæingum fyrir að hafa ekki betra að bjóða á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. (**EJ**: Mikið er að heyra!). Það vill svo til, að jeg á einhversstaðar í fórum mínum nokkur blóm, sem jeg hefi tínt upp úr ræðum hans. Getur vel komið fyrir, að jeg leiði þingheim síðar inn í þann grasgarð, ef tilefni gefst. Jeg hefi neyðst til að taka þetta fram sakir þess, að mjer þótti það óhæfilegt grobb hjá hv. frsm. að ætla að fara að slá sjer upp á kostnað háttv. 2. landsk. (IHB).

Það lítur út fyrir, að hv. þm. hafi sjerstaka ást á fjósi sínu og því, sem þar á heima, því að hann er altaf að tala um kýr hjer í deildinni. Jeg held, að hann gerði rjett í því að fara að reka á eftir till. um Gunnarsholtskýrnar, sem hann bar fram snemma á þingi. Það er leitt, ef flokksbræður hans ætla að svæfa það mál fyrir honum, og bendir ekki á, að hann hafi mikið að segja í sínum hóp. Annars held jeg, að hv. þm. ætti að leysa út þessar 60 Gunnarsholtskýr og láta þær bregða á leik hjer í deildinni áður en hann fer frekar út í kúafræðina. (**EJ**: Kannske Síbilja vilji slást í hópinn?) Hann myndi vera hæfilegt forustudýr í þeim hópi, og mun hann þess vegna sífelt draga kýr inn í umræðurnar.

Að öðru leyti mátti heita, að hv. frsm. gæfist algerlega upp, og skal jeg aðeins minnast á fá atriði til að sýna hinn undraverða misskilning hans. Það vita allir, að fjárlögin eru ekki nema að litlu leyti mynd af þjóðarbúskapnum. Ótal önnur lög grípa inn í hann að miklu leyti. Menn kannast við lögin um húsagerð ríkisins, um bryggjugerð í Borgarnesi, berklavarnarlögin o. s. frv. Einhvern næstu daga verður líklega afgreitt frv. um heimavistir við mentaskólann. Alt þetta má stjórnin borga, þegar henni sýnist. Hvernig fer þá um „jöfnuðinn", sem á að vera í fjárlögunum? Hv. Nd. er nú nýbúin að samþykkja stærðar skóla-bákn, og nái það frv. fram að ganga, verður það vitanlega til stórkostlegrar eyðslu, hvað sem öllum fjárlögum líður. Eða hvað halda menn að þurfi að leggja til landsspítalans, ef hann á að vera fullgerður 1930? En kúasmalinn frá Gunnarsholti og öll íhaldshersingin gapir af undrun, þegar talað er um 100 þús. kr. til að rækta Flóa og Skeið. En þeir þurfa ekki að vera hissa. Undrunin stafar aðeins af þeirra eigin vanþekkingu, því að þeirra frv. fara fram á margfalt meiri eyðslu, og hæstv. landsstjórn er að bisa við margfalt stærri útgjaldaliði utan fjárlaga. Jeg hlýt því að neita, að nokkur ábyrgðarhluti sje að flytja slíkar endurbóta-tillögur, sem jeg hefi borið hjer fram. Enda sýndi hv. frsm. einu greindarmerkin í að reyna ekki að hrekja gagnsemi þeirra. Hann hefir vitað, að hægara myndi að drepa þær þegjandi.

Í sambandi við þetta langar mig til að benda hv. þdm. á, hve lítið tilefni hæstv. landsstjórn hefir til að gorta af jafnvægi í fjárlögunum. Þegar borguð eru 15—20 þúsund til að geta notað eitt einstaks manns hús í Reykjavík 2 eða 3 daga til konungsmóttöku og eins stórri upphæð eytt fyrir eina nótt hjá Ölfusá, þá held jeg að enginn þurfi að blikna eða blána, þótt farið sje fram á 50 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík eða 300 kr. til ferju á Hrosshyl. Jeg skil ekki, að íhaldsfylkingin þurfi þess vegna að rísa upp á afturfæturna og mótmæla í nafni „viðreisnar fjárhagsins."

Þá kem jeg að þeim lið, sem kvennafulltrúinn, hv. 2. landsk. (IHB), hefir tekið að sjer að verja. Þetta virtist koma heldur illa við skapsmuni hv. þm., og segi jeg henni það meira til lofs en lasts, því að það sýnir einmitt hreinskilni og hjartagæsku hv. þm. Hún sá nú sína sæng upp reidda, er rakin hafði verið hin undarlega afstaða hennar til þessara mála.

Hv. þm. svaraði í miklum gremjutón og kastaði hnútum, og er það glegsta sönnun þess, að hjer var einmitt stungið á kýlinu. (**IHB:** Þetta er ósvífni!). Jeg er einmitt að hæla hv. þm.; því að það er áreiðanlega satt, sem skáldið segir, að „bestu blómin gróa í brjóstum, sem að geta fundið til." Miklu verra væri, ef ofan á sannaða sök hefði bæst það, sem í kverinu mun hafa verið kallað „andvaraleysi og harðúð hjartans;" en því var alls ekki til að dreifa.

Jeg ætla þess vegna ekki að fara að svara neitt köpuryrðum þessa hv. þm., því að þau voru öll ástæðulaus. Jeg hefi einmitt oft tekið svari þessa hv. þm. og það gagnvart hans eigin starfsbræðrum, og jeg held það sje ekki ástæða að bregða mjer um hlutdrægni í þessum dómi. Hitt er annað mál, að jeg hefi sjeð ástæðu til þess nú, þegar svo mjög keyrði um þverbak í málum kvenþjóðarinnar, að láta opinberar umræður skera úr því, hvaða rök hv. þm. gæti fært fram fyrir sinni afstöðu til mála kvenna hjer á Alþingi. Og það var ekki af neinni löngun til að erta hv. þm., heldur blátt áfram af því, að mjer finst óhugsandi, að það geti liðist átölulaust til lengdar, að fulltrúi kvenna á Alþingi sje beinlínis valdur að því, að kvenfólkið í landinu fái sem erfiðasta aðstöðu til undirbúnings undir lífsbaráttuna.

Vegna þeirra, sem ekki gátu heyrt mál mitt í gær, vil jeg benda á, að það hefir verið gerð verri aðstaða kvenfólksins frá því, sem nefndin skildi við málið, með 4 brtt. hjer í hv. deild. Og mjer er kunnugt, að með sumar, — jeg held allar, — var hægt að skapa öðruvísi meiri hluta í nefndinni, ef þessi hv. þm. hefði lagst á þá sveif. Jeg býst við, að hv. þm. (IHB) muni ekki vilja neita þessu. En það er skemst af að segja, að í hv. Nd. beittist sá flokkur, sem hv. 2. landsk. (IHB) telst til, móti a. m. k. flestum þessum till. Allir þessir hv. þm., að einum undanteknum, beittu sjer móti húsmæðradeild við skólann á Laugum og margir móti hækkun til Staðarfellsskólans, flestir móti hækkun til Blönduósskólans og að minsta kosti allmargir móti hækkun til Ísafjarðarskólans. En það voru einmitt sam-

herjar mínir í hv. Nd., sem stóðu með þessum hækkunum, þótt hjer væri engu síður um kjördæmi andstæðinga að ræða.

Nú vil jeg spyrja hv. þm. (IHB), hvernig á að útskýra það öðruvísi en sem vöntun á samúð með þessum fyrirtækjum úti á landi, þegar hv. þm. leggur til, að það sje gerður erfiðari fjárhagur þessara þriggja húsmæðraskóla, sem nú eru, og að beint sje ákveðið að drepa þann fjórða, þrátt fyrir það, að fjeð er til, sem leggja á á móti, og hlægilega lítil upphæð, sem farið er fram á í stofnkostnað. Það er ómögulegt að komast utan um það, að hv. 2. landsk. (IHB) hefir nú með sinni afstöðu reynt að gera erfiðari hag þessara stofnana, en fer hinsvegar fram á það, sem einn í hv. fjvn. Ed., að gerður verði betri hagur þeirrar stofnunar, er hv. þm. sjálfur stýrir. Það virðist altaf brenna í þessum hv. þm., að ekki tókst að koma þeim skóla alveg yfir á ríkið. Hv. þm. hefir ekki viljað láta yfir sinn skóla ganga það hrís sparnaðarins, sem heimtað er að gangi yfir hina skólana í svo ríkum mæli.

Hv. þm. (IHB) hefir látið í ljós, að það vanti kerfi í kvennaskólamálinu. Jeg spyr: Í hvaða kerfi er kvennaskóli Reykjavíkur? Hann er utan við öll kerfi landsins. Ef mjer skjátlast ekki því meir, þá er hann líka í sinni röð eini kvennaskólinn á landinu, skóli með aðallega bóklega fræðslu, aðeins að karlmönnum er ekki veittur aðgangur. Og jeg get tæplega hugsað mjer, að það komi nokkurn tíma nokkur annar skóli með sama sniði. En það má telja til hróss hv. þm. og sem merki um dugnað, að þessi skóli hefir samt sem áður vaxið og blómgast undir hans stjórn, þrátt fyrir það, þótt hann sje í engu samræmi við strauma samtíðarinnar eða þróun skólamálanna í landinu. Þó að það rísi upp húsmæðraskólar og ungmennaskólar, þá reisir enginn skóla í svipuðu sniði og kvennaskólann í Reykjavík. Allir vita, að svo sjerstaklega stendur á, að skólinn er sem leifar frá þeim tímum, þegar kvenfólk átti ekki aðgang að neinum öðrum skóla, en hann var sjálfsagður liður í viðreisnarbaráttunni hjá forgöngumanni í þeim málum.

Það má nú náttúrlega segja sem svo, að kvenfólkið eigi ekki rjett á að fá nema þennan skóla í Reykjavík. En jeg er á gagnstæðri skoðun um það efni. Jeg held við verðum að gera stórkostlega mikið á næstu árum til þess að auka möguleikana, ekki síst fyrir konur, til þess að afla sjer verklegrar mentunar. Fyrir almennu mentuninni er nokkurn veginn sjeð, — bæði kvenna og karla —, svo að þar vantar minna á. En því finst mjer það svo undarlegt, að þessi hv. þm., sem ætti að hafa vit á þessum hlutum, af því að hann hefir svo gott vit á mörgu öðru, skuli leyfa sjer að standa þarna á móti.

Til þess að taka fleira um afskifti af baráttu fyrir möguleikum hinnar íslensku kvenþjóðar til þess að afla sjer mentunar, vil jeg benda á málið um húsmæðraskóla á Staðarfelli, sem jeg flutti frv. um. Þar var gert ráð fyrir að nota jörðina og eignir, sem þar voru. Þessu máli var eytt fyrir mjer; og hv. þm. (IHB) mun ekki neita að hafa unnið að því að koma því fyrir kattarnef. (**IHB:** Studdi það

manna mest, þegar tíminn var kominn til þess!). Jeg skal benda hv. þm. á það, að það var stöðvað í nefnd, einmitt fyrir fulla andstöðu þessa hv. þm.

Það er kannske rjett að gera upp fleira viðvíkjandi Staðarfellsskólanum. Vil jeg nefna það atriði, að þegar var verið að ákveða rekstrarstyrk þess skóla, vildum við Sigurður Eggerz tiltaka hann 4 þús. krónur. En af því að hv. 2. landsk. lagðist á móti, gerðum við það til samkomulags að lækka hann niður í 3 þús. Þessu veit jeg, að hv. þm. muni ekki vilja neita. Fanst mjer sannast að segja kenna þarna lítillar samúðar gagnvart þessum upprennandi skóla og hart, að við karlmennirnir skyldum þurfa að vera kröfufrekari fyrir kvenfólksins hönd heldur en sjálfur kvenfulltrúinn.

Jeg ætla ekki að fara út í einstakar styrkveitingar, þó aðeins minnast á tvær, styrkinn til Halldóru Bjarnadóttur og utanfararstyrk Sigurborgar Kristjánsdóttur til þess að sækja fund í Finnlandi, þar sem jeg held, að við karlmennirnir höfum ekki viljað sýna kvenþjóðinni minni samúð heldur en hv. 2. landsk. (**IHB:** Jeg er ekkert að sýnast!). Það er aðalatriðið að vera. (**IHB:** En hv. 1. landsk. *er* ekki, hann sýnist!). Jeg hugsa, að þær háttv. konur tvær, sem hafa orðið af þessum styrk sínum og sitja með það verðleikalof neitunarinnar, sem hv. 2. landsk. hefir úthlutað þeim, hafi fundið hinn beiska veruleika á þann hátt, að frá karlmönnum í þessari hv. deild fengu þær verulegan stuðning, en frá hv. 2. landsk. engan stuðning. (**IHB:** Ábyrg fyrir mig!). Þetta hefði jeg aldrei dregið inn í umræðurnar, hefði ekki hv. 2. landsk. viljað gera nokkurskonar allsherjar hreingerningu viðvíkjandi þrálátri mótstöðu gagnvart málum kvenþjóðarinnar.

Mjer heyrðist hv. þm. (IHB) grípa fram í áðan og vera búinn að gleyma, að Staðarfellsskólamálið var í tvennu lagi. Fyrst kom fram till. frá mjer um að stofna ríkisskóla á Staðarfelli, og var ætlast til, að notaður yrði Herdísarsjóðurinn til þess skóla, þannig að framkvæmdur yrði sá samningur, sem fyrverandi forsætisráðherra gerði við hjónin á Staðarfelli, og Herdísarsjóðurinn sameinaður þeirri gjöf. Háttv. 2. landsk. beitti sjer mjög á móti þessu viðvíkjandi sjóðnum.

Þá vil jeg minna á, að það er ekki nema örstutt liðið, síðan hv. 2. þm. S.-M. (IP) bar fram frv. um skóla á Hallormsstað. (**IHB:** Við mintumst á það rækilega í dag!). Ekki er úr vegi, að málið sje skýrt, því að afstaða hv. 2. landsk. var dálítið vafasöm í því efni. Hv. þm. kunni ekki við að láta komast svo að orði, að hann hefði verið með því að drepa skólann á Hallormsstað; en ef hv. þm. athugar í skjölum þingsins, þá mun frv. talið meðal fallinna mála. Og hverjir eru þeir, sem báru sverðið að skólanum? Hv. 2. landsk. og flokksbræður hans; ekki er um það að deila, „af er fóturinn", eins og segir í Njálu.

Nei, það væri miklu skynsamlegra af hv. þm. að reyna ekki að neita staðreyndum; og þar sem hv. þm. var að gefa í skyn, að ekki hafi verið mikill skoðanamunur í nefndinni, þá var hann þó svo mikill, að meiri gat ekki verið, þar sem jeg í minni hluta vildi

láta frv. halda áfram; gekk að vísu inn á að breyta frv. í verulegum atriðum. En hv. 2. landsk. lagði til það gagnstæða, nefnilega að eyðileggja málið. Það, sem jeg tel í raun og veru allra vítaverðast í framkomu hv. þm., er, að hafa ekki notað sína kunnáttu og þekkingu á þessum málum, sem vafalaust er allmikil, því að það hefði verið auðvelt fyrir nefndina að bæta frv. til verulegra muna. Jeg skal taka fram, hvaða breytingu jeg vildi gera. Það var að hafa skólann minni, og hefði hann orðið tiltölulega ódýr stofnun í rekstri, en gert tiltölulega mikið gagn. En hvað leggur hv. nefnd til að gera í þessu máli? Það er að vísa málinu til stjórnarinnar, en samt ekki með þeirri orðsendingu, að það skuli lagt fyrir næsta þing. „Svo fljótt sem verða má" er býsna óákveðið; það gætu verið ein 10 ár, alt eftir því, hvað koddinn væri mjúkur, sem málið væri lagt á. En það var sjálfsagt að óska, að málið kæmi fyrir næsta þing.

Jeg hefi áður látið í ljós skoðun mína um það, hvað miklar líkur eru til, að núverandi stjórn myndi hafa aðstöðu til að bæta þetta mál, og hefi engu þar við að bæta. Jeg vil þó nefna það, að jeg tel harla ósennilegt, að þeir ráðunautar hæstv. stjórnar í þessu máli hjer í bænum hafi þann kunnugleika t. d. í Múlasýslu og Þingeyjarsýslu, að þeir geti komið með betri ráðagerðir heldur en áhugafólk í þessum hjeruðum, sem leggur peninga fram úr eigin vösum til þess að styðja þetta mál. Jeg hygg, að þar sje einmitt sú hagkvæmasta þekking, sem hægt er að fá viðvíkjandi lausn þessa vandamáls. Og þó að jeg hafi sýnt mikla sanngirni í því að unna hv. 2. landsk. margra góðra kosta, þá verð jeg að segja, að einmitt í þessum málum finst mjer jeg ekki geta búist við neinum endurbótum fyrir Austfirði frá þessum hv. þm., þótt hæstv. stjórn leitaði í þá átt um ráð; því að ýmsar till. þessa hv. þm. bera vott um svo mikið skilningsleysi, að jeg held alveg áreiðanlega, að fólkið í þessum hjeruðum viti miklu betur sjálft, hvernig á að koma þessum málum fyrir.

Ef hv. 2. landsk. hefði haft góðan málstað í þessu efni, þá hefði engin geðshræring þurft að komast að, — ef hv. þm. hefði á öllum tímum reynt að styðja viðleitni karlmanna hjer á Alþingi til að koma mentamálum kvenna í betra horf. Hefði það að vísu verið ánægjulegt, ef þessi eina kona í þinginu hefði tekið að sjer að vera einskonar verkstjóri og stýra veikum kröftum karlmannanna, sem vildu að því vinna að bæta úr því misrjetti, sem kvenþjóðin hefir hingað til átt við að búa. En því miður er það svo, að það er ekki þyngra blýlóð lagt á metaskálarnar móti kvennamentun utan Reykjavíkur frá öðrum en einmitt hv. 2. landsk.

Hv. 2. landsk. vildi gera tvent í einu, rjettlæta það að drepa þessa viðbót til verklegs náms við Laugaskóla og jafnframt sýna fram á, að það væri gert vegna laganna frá 1917.

Nú vil jeg fyrst taka Laugamálið. Þar stendur svo á, að sýslufjelagið og konur í þessu hjeraði vilja leggja fram, að jeg hygg, ⅗ af þeirri litlu upphæð fyrir deild handa 12 stúlkum, sem verður bygð 1928, ef ekki stendur á framlagi úr ríkissjóði. Það er sjerstaklega heppilegt að hafa skóla á þessum stað fyrir margra hluta

sakir. Hann gæti að ýmsu leyti haft stuðning af hinum skólanum, íþróttakensla gæti verið sameiginleg o. fl.; svo kostar þessi viðbót ríkið ekki nema einar 11 þús. kr., og þá sennilega ekki meira en 3—4 þús. kr. í rekstrarkostnað, miðað við áætlun um Staðarfellsskólann.

Þess er vert að gæta, að þessi deild við Laugaskólann yrði sem sjálfstæður partur úr þeirri sjerstæðu nýjung í skólamálum, sem Laugaskólinn er, þar sem hann er almennur unglingaskóli fyrir karla og konur, þar sem fyrst og fremst er lögð stund á íþróttir og verklega kenslu, auk bóknámsins. Í fyrra var þar ágætur trjesmiður og teiknikennari, og kendi hann a. m. k. piltum smíði. Voru þeir farnir að smíða töluvert vandasama hluti, þegar þeir fóru. Síðastliðinn vetur var einnig haldið uppi vefnaðarkenslu fyrir stúlkur. Alt er þetta spor í rjetta átt. Ennfremur var reynt að koma á húsmæðrakenslu, en húsrúm skorti tilfinnanlega.

Það má því segja, að þessi viðbót sje sprottin upp af þörf fólksins. Menn og konur hafa hafist handa til þess að bæta úr þörf hjeraðsins heima fyrir, en ekki, eins og hv. 2. landsk. álítur, til þess að spilla fyrir, að upp komi skóli á Akureyri samkvæmt lögum frá 1917.

Þar sem nú háttv. 2. landsk. skoðar þessa viðleitni sem fleyg til þess að drepa annað þarft málefni og vitnar svo mjög í þessi lög, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja, hvers vegna sami hv. þm. (IHB) hefir ekki gert meira síðan 1923, eða frá byrjun þingsetu sinnar, til þess að hrinda því eitthvað áleiðis. Ef hv. 2. landsk. skoðar sig sem sjálfkjörinn fulltrúa og leiðtoga í þessum efnum, skyldi maður ætla, að einhver litur hefði verið sýndur á viðleitni til að koma þessum skóla á. En öll þessi ár hefir ekkert verið gert fyrir þetta mál fyr en nú, þegar á að hindra framkvæmdir annarsstaðar. Það ber ekki vott um mikinn áhuga fyrir þessum málum. Hv. þm. (IHB) sagði, að með þessari fjárveitingu til verklegs náms á Laugum væri verið að bera rjett eyfirskra kvenna fyrir borð. Jeg ætla þá að skýra frá því aftur, hvernig þessu máli horfir við. (**IHB**: Það er óþarfi!). Jeg veit, að hv. 2. landsk. er ekki enn farinn að skilja viðhorfið, og nú reyni jeg að skýra það í þeirri veiku von, að hv. þm. komist nú í skilning um villu síns vegar.

Lög um stofnun húsmæðraskóla í Eyjafirði gengu í gegn á þingi árið 1917, fyrir atbeina núverandi hv. 4. landsk. (MK), og var þar með sköpuð aðstaða til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Nú hefir sá hv. þm. (MK), er fyrir því barðist þá, ekki átt sæti á þingi um nokkurra ára skeið. Hann verður því ekki ásakaður fyrir það, að ekkert hefir verið gert síðustu árin.

Hvað skeður nú á þessu þingi? Þegar till. um framlag til Laugaskólans í áður umræddu skyni er borin fram í hv. Nd., þá rís upp núverandi hv. þm. Ak. (BL), sem ekkert hefir gert fyrir þetta mál og ekki svo mikið sem þakkað hv. 4. landsk. (MK), og ræðst með ónotum og dylgjum á skólann á Laugum, þótt hann sje áður orðinn ósannindamaður að öllum sínum ummælum, sem hann ljet sjer enn á ný um munn fara nú á þingi.

Það er vítavert þetta, að hann að ástæðulausu stekkur upp á nef sjer með órökstuddri gremju og bæxlagangi gegn andstæðingum sínum, sem vilja koma þessu í kring. Það, sem af er kjörtímabils hans, hefir hann ekki, svo menn viti, gert neitt fyrir væntanlegan kvennaskóla í kjördæmi sínu. Nú sker hann upp herör, símar norður á Akureyri, biður menn vakna og búast sem skjótast. Liggi nú mikið við að koma áformum þingeyskra kvenna fyrir kattarnef. Fær hann síðan skeyti að norðan, sem notast skyldi sem fleygur til að kljúfa liðið. Upp á þetta skeyti, sem reyndar segir ekki mikið, því að engin trygging er fyrir því, að þetta fje, sem þar getur, sje til, kemur hv. þm. (BL) með tvær till., aðra til vara, og ber þær fram í hv. Nd. Hvernig fer svo atkvgr. um þessar till.? Þannig, að margir Framsóknarflokksmenn greiða atkvæði með aðaltillögunni, 35 þús. kr. til skóla hjá Akureyri, en aðeins einn einasti stjórnarflokksmaður, og það var hv. flm. (BL) sjálfur. Sást þá, að fyrir háttv. flm. vakti ekki að hrinda málinu áfram, ella mundi hann hafa lagt meira kapp á að safna liði meðal flokksbræðra sinna um aðaltill.; í stað þess reynir hann að smala fáeinum atkv. á hina till., um að drepa skóla þingeyskra kvenna. Öll frammistaða hans ber þess vott, að gerðum hans ráði ekki löngun til þess að verða þessu húsmæðraskólamáli að liði, heldur pólitísk illgirni til þess að hindra, að upp komi slíkur skóli í nágrannahjeraði.

Hv. 2. landsk. hefir látið sjer nægja órökstudda sleggjudóma og gremjufullar upphrópanir gegn staðreyndum. Jeg skal ekkert segja um, hvernig á því stendur, en niðurstaðan verður sú, að háttv. 2. landsk., forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík, er ekki í fremstu röð um neitt „positivt" í kvennafræðslumálum, nema um fjárframlög til síns eigin skóla. Fram að þessu hefi jeg greitt atkvæði með endurteknum hækkunum á styrk til kvennaskólans í Reykjavík, af því að mjer hafa fundist þær sanngjarnar, og jeg hefi vænst skilnings á móti um sanngirniskröfur annara landshluta í þessum efnum. En svo lengi má hrópa í skóginn, að komi þaðan svar. Þótt mig langi ekki að hefnast á hv. 2. landsk., get jeg fullyrt, að þessi frammistaða skólastýrunnar í Reykjavík hefir frá upphafi vakið eftirtekt og gremju í landinu.

Hvað geta nú þau hjeruð sagt, sem orðið hafa fyrir þyngstum búsifjum af hendi hv. 2. landsk.? Jeg geri mjer kannske vonir um, að þau vilji ekki erfa mótstöðuna og andmælin, heldur skoða þau sem óvitahjal gegn kvennamentuninni í landinu. Með því einu móti geta þau afsakað hv. 2. landsk.

Þegar átti að koma kvennaskólanum í Reykjavík á landssjóð í fyrra skiftið, þá gleymdist kvennaskólinn á Blönduósi. Og þegar hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) bar fram till. um, að hann fengi að fljóta með, var því afarilla tekið af hv. 2. landsk.

Við seinni tilraunina var Blönduósskólanum loks hnýtt aftan í, bersýnilega af þeirri ástæðu, að sá skóli átti þá aðstandendur í hv. Nd., að ekki varð undan komist.

Það má segja, að ekki skifti máli, þótt einn þingmaður sje svona harðsnúinn í þessu kvennamentunarmáli.

En ákaflega er það leiðinlegt, að til skuli vera þeir menn á þingi, sem ekki geta tekið skynsamlegum fortölum nje litið á sjálfsbjargarviðleitni annara hjeraða í þessum efnum með sanngirni og óhlutdrægni, heldur nota hvert tækifæri til þess að hamla, að þau fái kröfum sínum framgengt.

Áður en jeg sest niður get jeg ekki stilt mig um að minnast á eina furðulega og í fljótu bragði óskiljanlega setningu í ræðu hv. frsm. (EJ). Hann sagðist sem sje ætla að tala stutt í dag, þó að það væri mánudagur. Hann útskýrði ekki frekar, hvað það merkti eða hvort mánudagurinn væri eitthvað sjerstaklega hættulegur. Jeg held nú samt, að vit megi fá út úr þessu „goðsvari". Sumir menn búa sem sje þannig að heilsu sinni og hæfileikum á laugardögum, að þeim er áreiðanlega best og hentast að hafa sig sem minst í frammi og halda sem stystar ræður á mánudögum.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vona, að hv. deildarmenn skilji, að það er dálítið erfitt að sitja undir annari eins dælu og þeirri, sem hv. 1. landsk. (JJ) hefir nú látið ganga, þegar sama efnið er margþvætt þing eftir þing, ár eftir ár, og tuggið upp í ekki neitt. Þótt jeg ætti að beita öllum mínum sálarkröftum, þá get jeg ekki fengið neina heildarhugsun út úr þessum vaðli hv. 1. landsk. um mig og húsmæðrafræðsluna, er altaf hefir klingt í eyrum mínum, síðan hv. 1. landsk. og jeg komum fyrst á þing. Það er kannske ekki að marka núna, eftir öll þessi ósköp, sem hafa þreytt mig og sljóvgað. Hv. þm. (JJ) gat þess, að ræða sín í gær og nú aftur í dag mundi hafa „örvandi" áhrif á mig. En það er svo fjarri því, að langlokuhugsanagrautur hans hafi vakið mig til hugsunar og dáða, að hann hefir beinlínis svæft mig, heimskað mig. (**JJ:** Það er samviskubitið, sem slær háttv. þm.). Það heimskar aldrei. Ef hv. 1. landsk. hefði hugmynd um þá tilfinning, sem heitir samviskubit, þá væri margt öðruvísi en er. (**JJ:** Jeg þarf þess ekki með). Það er hverjum manni holt að vakna upp af sjálfsánægjudraumum sínum og andvaraleysi, og síst mundi hv. 1. landsk. vanþörf á einhverju slíku leiðarljósi sem samviskan er, svo erfiðlega sem honum gengur að átta sig á rjettu og röngu.

Hv. 1. landsk. staglast á því látlaust, að jeg, „forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík, hafi beitt mjer gegn kvenna- og húsmæðrafræðslunni í landinu". Hv. 1. landsk. er skólastjóri eins og jeg, þótt ólíku sje saman að jafna, þar sem annarsvegar er samvinnuskóli, en hinsvegar aðeins kvennaskóli. Munurinn á afstöðu okkar til skólamála er þessi: Jeg vil láta rannsaka og undirbúa og forðast alt skipulagsleysi. Það er sá rauði þráður, sem gengur í gegnum öll mín afskifti af þeim málum. En afstaða hv. 1. landsk. er með öllu samhengislaus. Hann vill flana að verki og setja skóla hingað og þangað, skipulagslaust, hvar sem hann heldur, að það sje einhverjum til geðs og geti haft áhrif á kosningu hans. (**JJ:** Jeg fæ talsvert af kvennaatkvæðum fyrir það). Það getur vel verið. Þær eru því

miður talhlýðnar sumar, en þó ekki allar.

Margt af því, sem hv. 1. landsk. bar fram, er ósvífni og vísvitandi ósannindi. Hann sagði með hátíðlegum blæ og eins sakleysislegum svip og hann getur sett upp, að sjer yrði ekki brugðið um hlutdrægni, hann bæri húsmæðrafræðsluna svo fyrir brjósti, að ekki yrði um vilst. Hann ber hana svo fyrir brjósti, að hann eyðir 2—3 dögum til þess að gera hana að umtalsefni á hverju þingi, að þess megi sjást vottur í þingtíðindum. En jeg er hissa á þeirri fordild og hjegómaskap, sem vill vinna það til að sýnast að láta aftur og aftur koma fram það, sem sagt hefir verið áður og þá hrakið jafnóðum.

Vegna þingsetu eins þm., þ. e. mín, segir háttv. 1. landsk. afstöðu kvenna um þau mál, er lúta að sjermentun þeirra, vera alt aðra en annars mundi. Já, jeg kippi mjer ekki upp við svona ummæli og ætla ekki að eyða orðum að þeim. Umræður um þessi mál á þingi bera það með sjer, hver afstaða mín var, er og mun verða, meðan jeg á sæti á þingi.

Þá bar háttv. 1. landsk. mjer það á brýn, að jeg, sem 1 af 5 í fjvn. hv. deildar, hefði beitt mjer mjög og mest fyrir þessum lækkunum. Jeg veit ekki, hvað hann hefir fyrir sjer um það, en nenni hinsvegar ekki að reka það ofan í hann. Honum virtist ríkjandi sorg í huga út af því, að kvennaskólinn varð ekki að ríkisskóla, eins og frv. ríkisstjórnarinnar 1924 og 1926 fóru fram á. Jeg tek ekki í hverja framrjetta hönd, sem mjer er boðin. Mjer fjellu að vísu úrslitin illa, en jeg hefi ekki haft neinar harmatölur út af þeim og bið engan að gera það fyrir mína hönd.

Ennfremur taldi hv. 1. landsk. sjer til gildis og samherjum sínum, að þeir hefðu orðið við sanngirniskröfum um hækkun á styrk til kvennaskólans. Jeg þakka öllum þeim, sem hafa tekið í það mál með sanngirni, en það eru menn úr öllum flokkum. En hvorki hafa þessar kröfur verið margar nje miklar. Og hækkunin, sem nú er um að ræða eftir till. fjvn., er um 1000 kr. frá því í fyrra, eða 2000 kr. alls nú. Jeg veit ekki, hvort jeg á að tefja hv. þingdeild á því að rekja tildrög þessarar hækkunarbeiðni.

Í sambandi við kvennaskólann starfar húsmæðrakennaradeild. Fyrir henni stendur ágæt kona, svo vel mentuð í sinni grein og dugleg, að ekki getur aðra, er taki henni fram um kunnáttu á þessu sviði. Hún hefir nú gegnt þessu starfi í 4 ár, en býr við smánarlaun eins og raunar allir þeir, sem við kvennaskólann starfa. Mjer er annað betur lagið en að sæta öllum tækifærum, sem gefast, til þess að skara eld að köku stofnunar þeirrar, er jeg starfa við. En sleppum því. Þessi óvenjulega starfhæfa kona ætlaði að fara frá skólanum, ef hún fengi ekki launauppbót, sem svaraði 800 krónum. Skólanefnd kvennaskólans óskaði að geta orðið við þessari kröfu um leið og hún hækkaði forstöðukonulaun mín um 500 kr., og vegna þessa var farið fram á 2000 króna hækkun á rekstrarstyrk til kvennaskólans árið 1928. Jeg hefi þvert á móti reynt að draga úr útgjöldunum, því að það er nú einu sinni svo, að útgjöld, þótt til

skólamála sjeu, verða að hafa einhver takmörk. Ennfremur sagði háttv. þm., að jeg hefði gert skólunum á Staðarfelli, Blönduósi og Ísafirði erfiðara fyrir. Hv. þm. má halda þessu fram, en jeg mótmæli því harðlega, enda hefir jafnvel hv. þm. þess kjördæmis, sem Blönduósskólinn er í, ekkert haft að athuga við mínar tillögur viðvíkjandi þeim skóla. Ennfremur sagði hv. þm., að kvennaskólinn væri ekki í neinu kerfi. Um það er það að segja, að skólinn er ekki nema einn, og er því kerfi út af fyrir sig um leið, sem aðrir skólar ganga svo inn í síðar.

Hvað snertir unglingafræðsluna, þá hefi jeg aldrei haft neitt á móti því, að henni væri hagað á hverjum stað eins og best þætti henta, þangað til henni er skapað fast kerfi.

Þá sagði hv. 1. landsk., að skólinn væri ekki í neinu samræmi við strauma. Hvort hann átti þar við tímaritið „Strauma" eða strauma tímans, um það ætla jeg ekki að deila. En þökk sje þeirri góðu og merku konu, sem, þótt ekki væri hún íslensk, vann að stofnun fyrsta kvennaskólans á Íslandi og opnaði þær leiðir, sem síðan eru opnar íslenskum konum til mentunar og menningar.

Jeg hefi einhverntíma kastað því fram, að jeg hjeldi, að hv. 1. landsk. væri miklu meiri kvenrjettindamaður í eðli sínu en hann ljeti koma fram hjer á Alþingi. Ef dæma má eftir framkomu hans hjer, þá er hans afstaða oftast mjög þröngsýn í þeim efnum. Hv. 1. landsk. tók það fram, þegar hann talaði um kvennaskólann, sem ekki væri í neinu kerfi og úreltur, að það ætti ekki við um hússtjórnardeildina; hún mætti standa. Jæja, það var þó dýrmætt.

Þá sagði hv. þm., að konur ættu ekki rjett á að fá sjerstakan skóla. (**JJ**: Þetta er ekki rjett haft eftir!). Jú, hv. þm. sagði þetta, jeg skrifaði það upp eftir honum, og jeg er bæði læs og skrifandi.

Hv. þm. fanst það horfa kynlega við, að jeg, sem ætti að hafa vit á þessum málum og reynslu, væri andvíg stofnun húsmæðraskóla *án* allrar fyrirhyggju og undirbúnings og rannsóknar á staðháttum og öðru slíku.

Jeg ætla að leyfa hv. þm. að halda þessu fram, jeg ann honum heiðursins af því, en sjálf óttast jeg ekki dóm reynslunnar um mínar till. í framtíðinni. — Þá mintist hv. þm. á afskifti okkar af Staðarfellsskólanum, sem hann bar fram á fyrsta þinginu, sem hann sat á, í frumvarps- eða tillöguformi, jeg man ekki, hvort heldur var, enda skiftir það litlu máli. Jeg kom með sömu mótbáru þá og nú, að jeg vildi fyrst þá fylgja því máli, þegar það væri rækilega undirbúið, en ekki flana að því, eins og þegar maður kastar knetti út í loftið og lætur ráðast, hvar henn lendir. Þá mintist hv. þm. á, að þegar hann, hv. 1. landsk. (JJ), og fyrv. 1. landsk. (SE) og jeg hefðum unnið saman í mentmn., þá hefði jeg átt þátt í því, að styrkur til Staðarfellsskólans hefði verið lækkaður. Jeg hjelt nú, að mjer ætti að vera heimilt að skapa mjer skoðun á því, hvað væri hæfilega hár styrkur.

Ennfremur mintist hv. 1. landsk. á afskifti mín af svonefndum bitlingum og kallaði styrkveitingar til fröken Halldóru Bjarnadóttur og Sigurborg-

ar Kristjánsdóttur „bitlinga“. En þar er jeg nú á annari skoðun. Jeg kalla það ekki bitlinga, þó að menn fái einhver laun fyrir *unnin störf*. En hitt kalla jeg bitlinga, ef menn eru launaðir ár eftir ár fyrir lítil eða engin störf. Þá brá hv. þm. mjer um það, að jeg hefði ekki viljað láta Herdísarsjóðinn ganga til Staðarfellsskólans. Jeg sannaði það bæði með gjafabrjefi Herdísar sál. Benediktsen og öðrum skjölum, að sjóðurinn ætti ekkert skylt við skólann. (**JJ**: Jón Magnússon sagði það). Nei, jeg veit betur um þetta en hv. 1. landsk., og að jeg hafði þá rjett fyrir mjer, hefir hann ekki afsannað og getur ekki, skjölin sýna það, og þeim verður ekki mótmælt. Jeg hefi reynt að vera á verði bæði þar og annarsstaðar, þegar átt hefir að ráða óundirbúnum málum til lykta með þeim hætti, að menn mundi iðra þess síðar, ef framkvæmt væri.

Þá hefir hv. 1. landsk. haldið því fram, bæði í gær og í dag, að jeg hafi drepið Hallormsstaðarskólann. En er það sama sem að drepa mál, þó að því sje beint í annað og rjettara horf? — Annars var hv. þm. sammála okkur hinum í nefndinni, þó að honum þætti karlmannlegra að koma með sjerstakt nál. Hv. 1. landsk. sagðist hafa verið tillleiðanlegur til að slá af kröfunni til samkomulags. En jeg vissi ekki og veit ekki, hversu langt hann vildi ganga í þessu efni, enda hefi jeg aldrei verið í kaupamensku.

Hv. þm. áleit það vítavert, að jeg hefði ekki notað sjerstöðu mína í þágu þessara mála. Jeg tel ekki þörf á að gera sjerstaka grein fyrir því. Þekking og reynsla eru ólýgnustu vottarnir, og til þeirra vísa jeg. Og hafi hv. 1. landsk. nokkra þekkingu á skólamálum, þá er ekki til of mikils mælst, að hann taki hlutina til dálítið rækilegri athugunar áður en hann ályktar heldur en hann hefir gert, þegar við höfum unnið saman í mentmn. þessarar hv. deildar.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að jeg hefði ráðið till. um að fela stjórninni að undirbúa húsmæðraskólana, og að það væri gert til þess að draga úr, að nokkuð yrði gert. Þetta eru fallegar getsakir! En ef hv. þm. kann íslensku, sem jeg efast ekki um, þá ætti hann að geta skilið, hvað felst í orðunum „svo fljótt sem verða má“. Hvað snertir það, að hæstv. stjórn hafi ekki þekkingu á þessum málum, þá hefi jeg drepið á þetta atriði áður og bent á það, að til þess er ekki hægt að ætlast, jafnvel þótt hæstv. stjórn væri miklu fjölmennari en okkar stjórn er, að hún hafi þá sjerþekkingu, sem þarf til þess að undirbúa slík mál. Nei, til þess er ekki hægt að ætlast. Hæstv. stjórn þarf í þessum efnum og ef til vill fleirum að leita ráða annara, stundum ef til vill hjá hv. 1. landsk. (JJ), og stundum ef til vill hjá mjer. — Hv. þm. benti á það, að þess væri ekki að vænta, að menn hjer í bæ hefðu kunnugleika til þess að leggja annað eða betra til málanna en menn heima í hjeraði. Jeg verð nú að gera ráð fyrir því, að þekkingin sje ekki alveg staðbundin, og svo hinu, að betur sjá augu en auga, en augað er vanalega aðeins eitt hjá þeim mönnum, sem eru öfgakendir, og þeir sjá málin aðeins frá einu sjónarmiði.

Það, sem hv. þm. mintist á geðshræringu, kemur ekki mjög við mig.

Jeg vona, að hv. þdm. sjái, að hún er mjer ekki til mikilla örðugleika. Hún er aðeins þægileg vaka eftir svefninn undir ræðu hv. 1. landsk. (**JJ**: Það er gott að iðrast).

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði verið þyngsta lóðið, þyngsta blýlóðið, til niðurdreps kvennaskólamálunum, og átti þetta víst að vera fyndni. Hann sagði, að þröngsýni mín væri alkunn, að framkoma mín hefði vakið undrun um alt land o. s. frv. (**JJ**: Það væri ástæða til). Og þegar stjórnin árið 1924 lagði fram stjfrv. um að gera kvennaskólann í Reykjavík að ríkisskóla, átti jeg að hafa hamast á móti því, að Blönduósskólinn nyti sama rjettar, en í fyrra átti jeg að hafa verið orðin snúin. En jeg hefi altaf óskað þess, að báðum þessum skólum væri gert jafnhátt undir höfði, og að þeir nytu þess rjettar, sem þeir ættu kröfu til. — Jeg er nú aðeins að sýna lit á því, að jeg hafi haft vilja á því að taka eftir því, sem hv. þm. hefir sagt, en órökstutt var það alt, og jeg vísa því öllu til föðurhúsanna aftur sem órökstuddum sleggjudómum, sprottnum af ekki góðu innræti og sögðum móti betri vitund. Jeg hefi sýnt sjálfbjargarviðleitni í þessum málum, sem öllum skepnum er meðsköpuð, bæði hv. 1. landsk. og mjer.

Mjer þykir leitt að verða að tefja tíma deildarinnar svo mjög, en það verður ekki hjá því komist. Það er erfitt að svara ræðu, sem snýst um alt og ekkert, en jeg má ekki setjast niður án þess að minnast á Akureyrarskólann. Jeg hefi minst á þetta áður og ætla að tala sem styst um það nú. Jeg vil leyfa mjer að benda á, ef ske kynni að hv. 1. landsk. vildi skilja rjett, því að það getur hann ef til vill, að þó að jeg hafi nú fyrst hjer á þessu þingi sjeð ástæðu til að skifta mjer af heimildarlögunum frá 1917 um stofnun húsmæðraskóla í Eyjafirði, þá er það ekkert nýtt, sem því veldur. Jeg sagði það einu sinni við Sigurð heitinn Jónsson fyrv. ráðherra, sem var hræddur um, að jeg mundi verða á móti þessum skóla, að jeg mundi, þegar sá tími kæmi, sýna það í verkinu, að jeg vildi þeim skóla vel. Við þetta stend jeg og ætla að standa, þangað til málinu er lokið samkvæmt lögum.

Allar getsakir hv. 1. landsk. í garð kvenna í Eyjafirði og sömuleiðis í garð hv. þm. Ak. (BL) eru líka gersamlega rakalausar og óverðskuldaðar. Eyfirskar konur hafa nú handbært fje, sem þær hafa safnað löngu áður en þingeyskar konur komu fram með ósk um húsmæðraskóla við Laugaskólann. Fje þessu hafa þær safnað jafnframt því, að þær hafa lagt sinn mikla skerf til heilsuhælisins í Kristnesi. Jeg vil að lokum nota tækifærið til þess að slá því föstu, að hv. 1. landsk. hafi í þetta sinn talað móti betri vitund. Það, að konur í Eyjafirði hafa nú komið fram með kröfu um, að 10 ára gömul loforð við þær væru efnd, er ekki annað en eðlileg sjálfbjargarviðleitni til þess, að rjettur þeirra yrði ekki fyrir borð borinn frekar en annara. Jeg held, að það sje svo ekki meira, sem jeg þarf að svara að þessu sinni, og læt því staðar numið.

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg vil ekki láta þess ógetið, hv. þdm. til

heiðurs, að sem frsm. fjvn. álít jeg, að umr. hafi hjá öllum, sem nokkuð mark er takandi á, farið mjög hóflega og vel fram. Þó að fundið væri að gerðum fjvn. í einstökum atriðum, þá er það ekki að undra, en hitt tel jeg mikilsvert og vil þakka fyrir það. Þótt misjafnlega væri mælt með brtt. einstakra þdm., hefir fjvn. ekki orðið fyrir álasi, svo að teljandi sje, frá þeim. Álas í minn garð hefir aðeins komið frá einum hv. þm., sem gjarn er til að senda óvingjarnleg skeyti til þeirra, sem honum eru ekki að skapi.

Hv. þm. (JJ) rjeðist á mig fyrir það, hvernig jeg hefði leyst af hendi starf mitt sem frsm. fjvn., og var það auðvelt að finna að því, en hitt var ekki nema eðlilegt, að einhver af 5 manna nefnd yrði fyrir valinu. Að það var jeg, sem fyrir því varð, var heldur ekki mín sök, og í rauninni var það nefndarinnar að finna að því, hvernig jeg framkvæmdi mitt starf, en ekki hv. 1. landsk. Að þessum hv. þm. þótti ræða mín of stutt er ekki nema eðlilegt, svo gjarnt sem honum er til að halda langar ræður — og margar. Það vita allir, að það er hann, sem tefur þingið mest í þessari hv. deild. En þar sem hv. 1. landsk. var að tala um það, að það hefði verið af neyð gert að velja mig fyrir frsm. fjvn., þá held jeg, að það hafi ekki síður verið neyð að kjósa hann fyrir 1. landsk. þm., og mjer er kunnugt um og get sannað, að meiri hl. þjóðarinnar sjer eftir því, að svo skyldi fara. En jeg hygg, að gremja hans til mín eigi rót sína að rekja til þess, að jeg er úr Rangárvallasýslu. Hann lætur hatur sitt til sýslunnar bitna á mjer, og jeg hygg, að jeg viti ástæðuna til þess, að honum er svo illa við alla Rangæinga. Ástæðan mun vera sú, að honum hefir á óhappaferðalagi austur þar verið tekið ver en hann ætlaðist til. Síðan kemst hv. 1. landsk. naumast lengra austur en að Þjórsá. Til samanburðar vil jeg benda honum á það, að Jörundur hundadagakonungur komst þó að Jökulsá, og var hann þó ekki vinsæll af Íslendingum. En hv. 1. landsk. er þeim mun óvinsælli, að hann kemst ekki nema að Þjórsá.

Alt þetta lætur hv. 1. landsk. bitna á mjer, og jeg var þess þó ekki valdur, að Rangæingar kváðu hann svo niður, að hann varð að setjast á móbing og fær ekki að koma austur aftur; jeg stóð hjá og hafðist ekki að.

Þegar hv. 1. landsk. er að reyna að gera lítið úr mjer, byrjar hann á tilraun minni til að koma upp kúabúi í Gunnarsholti og vill í því sambandi binda mig við beljuhala. En þegar hv. 1. landsk. bjó á Hriflu, var það annaðhvort, að hann skrifaði sjálfur greinar um hinn mikla fyrirmyndarbúskap, eða hann ljet nafna sinn gera það, og eitt af því, sem þessi mikli afkastamaður gerði, var það að gera áveitu úr Skjálfandafljóti á þorranum í 12° frosti! Ef á að gera lítið úr búskapnum á Rangárvöllum, þá er fróðlegt að athuga búskapinn á Hriflu, eins og hann var í höndum hv. 1. landsk.

Hv. 1. landsk. var að tala um, að það væri ekki gott að vera einn um að taka fje úr ríkissjóði. Mjer datt þá í hug, að honum væri mjög áríðandi að athuga, hver nær í meira fje frá einstökum mönnum en hann. —

Hver fær jafnódýrt húsnæði, skólakenslu og ferðakostnað til annara landa? Þegar hv. 1. landsk. vitnar í það, að veita þurfi fje til sundlaugar til þess, að menn geti sparað sjer ferð til Nissa til þess að læra sund, þá datt mjer í hug, hver er sendur í útlönd, þegar friður þarf að vera í landinu, og látinn ferðast á annara kostnað.

Þegar þessi hv. þingmaður fer að stagast á dygðum sínum og drengskap, get jeg ekki að því gert, að mjer koma í hug viðskifti hans við einn gamlan Rangæing, sem Brynki var kallaður. Það var á unglingsárum hv. þm., að Brynki hafði eitthvað fyrir sig að leggja, en hv. 1. landsk. ekki. Þeir reru þá báðir suður í Garði, og varð hann þá feginn að njóta góðvildar Brynka. Seinna breyttist þetta svo, að það varð Brynki, sem þurfti hjálpar við og leitaði til hv. 1. landsk., sem þá var kominn í góða stöðu. En þá ljet þessi háttvirti þm. sem hann þekti ekki gamlan velgerðarmann og fjelaga. Þetta kalla jeg hvorki drengskap nje dygð, og svona hefði þingmanni Rangæinga aldrei hugkvæmst að breyta við nágranna sína.

Þá var hv. þm. með illkvitnislegar dylgjur út af framsöguræðu minni í gær. Hann ætlaði að vera fyndinn og hagaði orðum sínum á þá leið, að það kæmi stundum fyrir, að menn væru illa fyrirkallaðir á mánudögum. Jeg get sagt hv. 1. landsk. það, að jeg er ekkert feiminn við að tala berum orðum um það, sem hann var að dylgja um. Jeg veit, að það hefir verið sagt um mig, að jeg væri drykkjumaður, og jeg skifti mjer ekki af því. Jeg hefi a. m. k. aldrei verið það á annara kostnað. En jeg skora á þennan hv. þm. að sanna, að jeg hafi verið drukkinn í gær, ef hann treystir sjer til.

Jeg get lýst því yfir, að jeg er ánægður með umræðurnar um fjárlagafrv. í heild sinni, og jeg er ekki reiður hv. 1. landsk. fyrir hans ummæli. Það er nú einu sinni siður hans að hnífla óvini sína, eftir því sem hann fær því við komið, og ekki ástæða til að kippa sjer upp við það. Jeg vona, að starf fjvn. verði fjárlögunum til góðs, og jeg vænti þess fastlega, að hv. deild fari að óskum hæstv. ráðh. (JÞ) um að fylgja tillögum nefndarinnar.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. (EJ) mintist á brtt. mína um 5000 króna fjárveitingu handa mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Mjer virtist hann taka heldur hlýlega í þessa brtt., en af því að hann hafði ekki skilið mig alveg rjett og virtist ætla, að þetta fje ætti að ganga til þess manns, sem hefir á hendi umbúðasmíði, þá vildi jeg gefa þær upplýsingar, að eins og jeg tók fram var tilætlunin, að mennirnir sjálfir, sem gervilim þurfa að fá, fengju þennan styrk. Jeg mintist á, að til væri ætlast, að þessir menn sæktu um styrkinn til stjórnarinnar og hún úthlutaði honum eftir bestu vitund. Þetta vona jeg, að hv. frsm. og öðrum sje ljóst.

Út af því, sem hv. frsm. mintist á brtt. mína viðvíkjandi styrk til Sjómannafjelags Vestmannaeyja, skal jeg aðeins drepa á, að samskonar fjelagsskapur er styrktur hjer í Reykjavík, svo að jeg teldi sanngjarnt, að þetta fjelag fengi svipaðan styrk.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi lítið getað fylgst með umræðunum hjer vegna þess, að jeg hefi verið bundinn við umr. í hv. Nd. En mjer hefir verið sagt, að hv. 5. landsk. (JBald) hafi dregið ályktanir af þögn minni viðvíkjandi brtt. hans á þskj. 472, VI, 2, um uppbót til Daníels Hjálmssonar.

Jeg vildi aðeins út af því segja það, sem jeg hefi sagt hjer á Alþingi áður, að jeg álít ekki, að þessi fyrverandi vegaverkstjóri eigi neina sanngirniskröfu til uppbótar fyrir það, að hann ljet af vegaverkstjórn.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hv. 2. landsk. (IHB) þarf jeg ekki að leiðrjetta annað en það, að hv. þm. lítur svo á, að hv. þm. Ak. (BL) hafi sýnt nægan áhuga fyrir húsmæðraskólamáli Akureyringa með því að hreyfa því við 3. umr. fjárlagafrv., án þess að leita til fjvn. En öll Nd. veit, að við þessu máli hefði ekki verið hreyft, ef nábúar hv. þm. (BL) hefðu ekki gert ráðstafanir til að færa út verklega kenslu við sinn skóla. Úr því að hv. þm. Ak. (BL) vildi ekki leysa málið með því að fá 35 þús. króna styrk án þess að reyna að drepa hitt málið um leið, er afstaða hans greinilega sönnuð.

Það er ekki rjett að leggjast á garðinn þar, sem hann er lægstur, svo að jeg skal fara vægilega með hv. frsm. (EJ). Jeg lít á hann alveg sömu augum og aðrir landsmenn. Það liggur ekkert eftir hann hjer á þinginu, og um álit Rangæinga á honum, sem hafa tvisvar felt hann við kosningar, er nokkurn veginn kunnugt. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, þó að hann efist um, að jeg greiði þakklætisskuldir mínar. En jeg get fullvissað hann um, að þegar hann er búinn að greiða skuldir sínar við Ingólf á Stokkseyri, þá verð jeg búinn að greiða allar mínar þakklætisskuldir.

Hv. þm. mintist á óeirðir hjá Rangæingum. En slíkt er algengt á skrílfundum og ekkert merkilegt. Jeg veit ekki annað en hv. þm. (EJ) hafi sjálfur hegðað sjer sæmilega á Hvolsfundinum nafntogaða, en þarna voru nokkrir ölvaðir menn, sem ljetu illa. Það gerði mjer ekkert til, því að skrílskapur bitnar jafnan á þeim, sem hann fremja. Þessi minni hluti, sem ljet ófriðlega, sýndi bara, að þarna er dálítið af ljelegu fólki, og það er skiljanlegt samræmi milli þess og hins, að hv. þm. (EJ) er illa að sjer og ófær til þingstarfa.

Þegar hv. þm. fór að tala um, að jeg hefði stundað jarðabætur á koti fyrir norðan í 12 gráða frosti, þá þykir mjer líklegt, að hann hafi eitthvað blandað því saman við 12 gráða meðal, sem hann kann að hafa notað við ófrjóseminni í eigin höfði, þegar hann var að búa sig undir framsöguræðu sína. Mjer þótti gaman, að hv. frsm. skyldi ná í skækilinn í stærsta málinu, sem hjer hefir verið talað um í dag. En þó að honum takist í bili að hindra, að mönnnum gefist kostur á að stunda íþróttir, þá mun það mál lifa löngu eftir að þingseta þessa hv. þm. er gleymd.

Magnús Kristjánsson: Mjer virtust ummæli hæstv. atvrh. (MG) bygð á misskilningi, þegar hann talaði um styrkinn, sem hv. Nd. samþykti til markaðsleitar erlendis. Hann hjelt því

fram, að hv. fjvn. þessarar deildar hefði látið í ljós þá skoðun með brtt. sinni, að með henni væri því slegið föstu, að þessi fjárveiting ætti ekki að skiftast eftir þeim hlutföllum, sem hv. Nd. hefir ákveðið, heldur væri það algerlega á valdi stjórnarinnar, hvernig henni væri varið. Jeg lít svo á, að þetta sje alger misskilningur. Þessi skoðun hefir hvorki komið fram í ummælum hv. frsm. nje í nál., svo að jeg veit ekki, á hverju hún er bygð. Jeg verð að álíta, að það sje vilji hv. Nd. að greiða bæði fyrir síldar- og fisksölunni, eins og fram kom í till. sjálfri og umræðunum, og jeg veit ekki til, að neitt hafi komið fram í þessari deild, sem sýni, að hv. fjvn. vilji kollvarpa gerðum hv. Nd. í þessu máli. Jeg vil leggja nokkra áherslu á þetta, ekki síst af því, að hv. þm. Vestm. (JJós) ljet ótvírætt í ljós, að engum blöðum væri um það að fletta, að þessi styrkveiting væri eingöngu ætluð til markaðsleitar í Suður-Ameríku. Jeg vil algerlega mótmæla þessu, og jeg álít, að skoðun hv. Nd. sje bygð á þeirri nauðsyn, að báðar þessar atvinnugreinir njóti nokkurs af þeim lítilfjörlega styrk, sem þingið hefir ákveðið að veita til markaðsleitar. Mjer finst því víkja nokkuð undarlega við, hvernig altaf er verið að klípa utan af þessu. Þetta var í fyrstu frambærilegur styrkur, en nú finst mjer orðin lítil von um, að hann geti komið að tilætluðum notum. Jeg tek þetta fram af því, að annaðhvort hefi jeg misskilið hæstv. atvrh. (MG), eða þá að hann hefir skift um skoðun frá því, að jeg talaði við hann fyr á þinginu. Þá virtist mjer hann hafa nokkurn skilning á því, að greiða þyrfti fyrir síldarsölunni, en sú fyrirgreiðsla verður ennþá brýnni af því, að ekki eru látin koma til framkvæmda lögin um síldarsöluna, sem samþ. voru á síðasta þingi. Jeg vil beina því mjög alvarlega til hv. fjvn. og allra hv. deildarmanna, að jeg álít, að miklu betur færi á því, að þessi till. nefndarinnar næði ekki fram að ganga, því að af henni gæti ekkert gott leitt. Mjer er kunnugt um, að þeir menn, sem berjast ár eftir ár við að framleiða þessa vöru og hafa orðið að taka á sig gífurlega byrði, þar sem síldartollurinn er, líta svo á, að vægustu kröfur, sem hægt sje að gera til þingsins, sjeu þær, að eitthvað sje gert til að greiða fyrir sölu síldarinnar. Jeg veit, að mikil óánægja ríkir út af þessum háa tolli, og hún kynni að magnast svo, að einhverjir örðugleikar gætu af risið. Það þýðir ekki að fara um þetta fleiri orðum, og jeg vona, að tillaga nefndarinnar verði ekki samþykt. En ef svo óheppilega tekst til, þá treysti jeg hv. Nd. til að kippa þessu í samt lag. Jeg álít, þegar um svona mikilvægt atriði er að ræða, að ekki sje rjett að brýna fyrir þinginu, að hin eina sanna nauðsyn sje í því fólgin, að fjárlagafrv. þurfi ekki að hrekjast milli deilda. Það getur jafnvel oft komið fyrir, að ýms atriði sje heppilegast að útkljá í Sþ.

Þá skal jeg víkja fáum orðum að 25. brtt. á þskj. 472, sem nokkuð var um rætt í gær. Mjer virtist hæstv. atvrh. (MG) taka upp þykkju út af því, sem jeg mintist á ómannúðlega meðferð á þessum símamanni. En það er misskilningur, að nokkru álasi hafi verið beint til hæstv. atvrh. (MG) út af þessu máli. Þar er um alt aðra

menn að ræða, og þóttist jeg lýsa því nægilega skýrt. Hlutaðeigandi símamanni hefir aldrei komið til hugar, að hæstv. atvrh. ætti sök á þeirri meðferð, sem hann varð fyrir. Í varnarskjali sínu segir hann: „Það skal játað, að brjef þetta er þannig vaxið, að það virðist vera nægilega sterkur grundvöllur undir slíkri stjórnarráðstöfun. Ráðherrann hefir því að mínu áliti aðeins gert það, sem honum bar að gera, eins og málið lá fyrir og eins og það var fyrir honum flutt.“

Jeg vona, að hjer þurfi ekki frekari vitna við. Eins og þessi orð bera greinilega með sjer, er hjer ekki um neina ákæru að ræða á hendur stjórnarinnar.

Jeg vænti þess fastlega, að þar sem það er fullkomlega sannað, að þessi maður hafi orðið fyrir ofsóknum af mönnum, sem tóku völdin í sínar hendur og báru ofurliði sjálfan landssímastjórann, að þessi hv. deild sýni þá sanngirni að samþykkja till. mína. Undirmenn símans sýnast hafa haft þarna svo mikil völd, að þeir gátu ekki einasta beygt landssímastjórann, sem þá að vísu var farinn að kenna þess sjúkleika, sem dró hann til dauða, heldur líka ráðherrann (KlJ), svo að hann fer bónarveg að Eggert Stefánssyni um að afsala sjer þeirri stöðu, sem búið var að veita honum, með loforði um, að hann skyldi fá aðra stöðu jafngóða, svo að hann biði ekki af skiftunum fjárhagslegt tjón. En efndirnar urðu þannig, að með rógi og illmælum var honum bolað úr þeirri stöðu líka.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, en hvernig sem fer um till. mína verð jeg að segja það, að þó að í öllum tilfellum sje sárgrætilegt, að menn sjeu beittir ranglæti, er enn verra að þola slíkt af hálfu hins opinbera en einstaklinga á milli. Þó að það verði ekki hrakið, að þessi maður sje að einhverju leyti breyskur og eigi við ástríður að stríða, þá er hitt eins víst, að ekki er sannað annað en að hann hafi altaf gegnt starfi sínu mjög vel. Og í heilt ár, eftir að hann hafði fengið loforð fyrir hinni nýju margumræddu stöðu, hjelt hann sjer alveg frá vínnautn. Þó að slæmt sje, að sekur maður komist undan hegningu, er þó enn verra, að saklausum sje hegnt, eins og hjer á sjer stað.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg býst við, að flestum þyki nóg komið af þessum umr., svo að jeg ætla ekki að fara að halda neina langa ræðu, heldur aðeins gera örstutta aths. út af orðum hv. 4. landsk. (MK) um styrkinn til markaðsleitar.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er farið fram á, að veittar sjeu 5000 krónur til markaðsleitar fyrir íslenskar afurðir erlendis. Við þennan lið gerði hv. fjvn. Nd. enga breytingu, en frá hv. sjútvn. þeirrar hv. deildar kom fram brtt. í 3 liðum. Fyrsti liðurinn var þess efnis, að veittar skyldu 12000 krónur til þess að afla nýrra markaða á fiski í Suður-Ameríku. Næsti liður var þess efnis, að veittar skyldu 10000 krónur til að leita markaðs í Eystrasaltslöndunum fyrir síld, og loks var í þriðja lið tillögunnar farið fram á að hækka 5000 króna liðinn í stjfrv. upp í 8000 krónur, sem skyldi verja til þess að afla nýrra

fiskmarkaða í Portúgal. Fyrsti og annar liðurinn voru samþyktir, en sá þriðji feldur, og þannig kom frv. til þessarar hv. deildar. Fjvn. hefir nú komið fram með brtt. þess efnis, að upphæðin sje 20000 krónur „til markaðsleitar", þannig, að stjórnin hafi frjálsar hendur um það, hvernig hún vill verja fjenu. Fjvn. þótti ekki tiltækilegt að hækka upphæðina, bæði af því, að hún hafði sett sjer það markmið að skila frv. tekjuhallalausu, og líka af því, að hv. Nd. hafði ekki farið hærra en upp í 22 þúsund kr. Jeg held, að hv. frsm. (EJ) hafi láðst að taka þetta fram, og leyfi jeg mjer því að gera það, að gefnu tilefni.

Eins og jeg tók fram áðan, hefir fjvn. sett sjer það markmið að skila fjárlagafrv. tekjuhallalausu. Það er síður en svo, að það sje skemtilegt verk eða þakklátt, enda vissi nefndin, að hún mundi litlar þakkir fá fyrir. En undirtektirnar hafa orðið betri en hún bjóst við. Það er heldur ekki af því, að nefndin viðurkenni ekki, að margar af þessum fjárveitingum sjeu sanngjarnar og jafnvel nauðsynlegar, að hún hefir tekið þessa stefnu. Hún vildi helst, að fjárhagur Íslendinga væri svo blómlegur, að hún gæti með góðri samvisku samþykt allar þær tillögur, sem hjer eru fram bornar. En þó að fjárhagurinn megi teljast sæmilegur núna sem stendur, þá er útlitið mjög slæmt og fyrirsjáanlegt, að tekjur yfirstandandi árs ná ekki þeirri upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir. Það má því búast við, að eyðist af þeim sjóði, sem til er og gerir það, að enn hefir ekki þurft að taka lán. En um áramót verður að vera nóg í sjóði til að nota þar til tekjur næsta árs koma fram. Nefndinni er sem sagt mjög óljúft að greiða atkvæði á móti brtt. hv. þdm., en hún sjer sjer ekki annað fært, vegna fjárhags ríkissjóðs.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 1. landsk. (JJ) mælti hjer nokkur reiðiorð, en þar sem hann á ekki kost á að tala aftur og er auk þess genginn út úr deildinni, fer jeg ekki lengra út í ræðu hans en að mótmæla þeim ummælum um kjósendur í Rangárvallasýslu, sem sótt hafa fund, þar sem hv. 1. landsk. fór mjög halloka, sem hann hefir leyft sjer að láta sjer um munn fara. Hv. þm. notaði orðið skrílfundur og skrílsskapur. Það er mjög óviðeigandi af hv. þm., sem sjálfur er fæddur og uppalinn í sveit, að nota slík orð um hið eina kjördæmi á öllu landinu, þar sem enginn er úr kaupstað eða þorpi. Auk þess veit jeg, að þetta fólk er sjerstaklega myndarlegt fólk.

Hv. þm. (JJ) mintist aðeins á eina af brtt. sínum, um að veita 50 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík. Jeg held, að það hafi ekki komið fram í umr., að með þessari tillögu er farið að öfuga endanum á þessu fyrirtæki. Það hefir þegar verið gerð áætlun um að veita heitu vatni úr laugunum til bæjarins til að hita upp byggingar í bænum. Kostnaðaráætlunin er 200 þús. kr. Enn er áreiðanlega ekki búið að gera ráðstafanir til þess að fá fje til þessarar veitu, en það liggur í hlutarins eðli, að meðan ekki er sjeð fyrir því, er tillaga hv. 1. landsk. gersamlega ótímabær. Það lægi nær að

reyna að koma á veitunni sjálfri, og gera síðan ráðstafanir til að koma upp sundhöllinni og öðru, sem nota ætti vatnið til. Þó að jeg viðurkenni, að hjer sje um nauðsynlegt menningarmál að ræða, get jeg ekki verið með þessari tillögu, þar sem líka fjárhagsástæður gera það mjög óaðgengilegt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins örfá orð út af umræðum þeim, sem orðið hafa um fjárstyrk til markaðsleitar. Jeg sagði hjer í gærkvöldi, að jeg áliti, að fjvn. hefði ekki látið neitt í ljós um það, hvort hún ætlaðist til þess, að stjórnin notaði nokkuð af þessum styrk þegar á þessu ári til að leita nýrra markaða, og beindi fyrirspurn til nefndarinnar um það. Það er ekki venja að eyða fyrirfram slíkum fjárveitingum sem þessari, og út af því, sem fram kom við umr. í hv. Nd. um þetta atriði, vil jeg gjarnan fá að heyra undirtektirnar í þessari hv. deild líka. En jeg tel mig ekki enn hafa fengið umbeðið svar frá hv. fjvn.

Hv. 4. landsk. (MK) þarf ekki að ætla, að jeg hafi breytt neitt skoðun á málinu, þótt jeg skyti þessari fyrirspurn til nefndarinnar, þar sem form. hennar hefir undirstrikað það, að hún vilji láta stjórnina ráða því algerlega, hvernig þessu fje sje varið. Þetta talaði jeg ekki um í gærkvöldi, heldur spurðist jeg fyrir um það, hvort tilætlunin væri, að síldarmarkaðs væri leitað þegar á þessu ári. Að öðru leyti fór jeg ekki neitt út í málið.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 4. landsk. (MK) út af beiðni Eggerts Stefánssonar. Jeg tók það svo í gær, að hann ætti við mig með sumum ummælum sínum, en nú hefir hann lýst yfir því, að svo hafi ekki verið, og má það þá mín vegna niður falla.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð fyrst að víkja að ræðu hæstv. atvrh. (MG) og verð að segja, að jeg fjekk ekki betur skilið ummæli hans í gær en að frá fjvn. lægi fyrir bending um það, að styrkinn til markaðsleitar ætti ekki að nota á yfirstandandi ári. En úr því að hæstv. atvrh. hefir nú lýst yfir því, að ummæli hans beri ekki að skilja á þann veg, þá get jeg vel unað við það. Jeg býst þá sem sje við, að hann sje sömu skoðunar og áður um það, að brýn nauðsyn sje á því að gera eitthvað í þessa átt nú þegar á þessu ári. Og jeg veit fyrir víst, að hæstv. atvrh. (MG) hefir svo mikinn skilning á atvinnuhögum þjóðarinnar, að hann veit, að brýn nauðsyn er á að gera þessar tilraunir sem allra fyrst, og að það geti meira að segja orðið til þess að auka mikið beinar tekjur ríkissjóðs á þessu ári.

Hv. frsm. fjvn. hefir ekki á neinn hátt látið í ljós, að ekki mætti nota styrk þennan í ár, og í nál. stendur ekkert um það. Ef ekkert verður úr framkvæmdum á þessu ári, þá er það ekki öðru að kenna en viljaleysi hæstv. stjórnar.

Það getur náttúrlega valdið óþægindum, að hv. fjvn. hefir klipið 2000 kr. af styrknum, en það ætti þó ekki að snerta markaðsleit fyrir síld, því að jeg vona, að til hennar verði varið þessum 10 þús. kr. En það væri best, að nefndin tæki aftur brtt. sína, eða að hún yrði feld, því að 2000 kr. hafa ekki þau áhrif á fjárhag ríkissjóðs, að neinu verulegu nemi.

Það er staðreynd, að á nálega öllum mannfundum að undanförnu hefir venjulega aðaláherslan verið lögð á það, ekki aðeins af þingmannaefnum og stjórnmálamönnum, heldur öllum hinum víðsýnustu mönnum, að það, sem umfram alt beri að leggja stund á, sje að styðja atvinnuvegina. Nú er einmitt tækifæri til þess að auka framleiðsluna og gera hana verðmætari, að auka og efla atvinnuvegina og koma afurðum þeirra sem víðast. En ef ekki á að framkvæma neitt í þá átt, þá er alt, sem um það hefir verið skrafað utan þings og innan, aðeins innantóm orð. En jeg vona nú samt, að svo sje ekki, og að þingið meira að segja sjái, að það er of langt gengið að vera að klípa af þessari fjárveitingu.

Það er krafa mikils fjölda þingmanna, að þegar í ár sje hafist handa um markaðsleit og ekki varið til þess minna fje en hv. Nd. ákvað. Við höfum ekki ráð á því að bíða eitt árið enn, — allra helst vegna þess, hvað útlitið er ískyggilegt, — með það að láta komast í framkvæmd þau ráð, sem líklegust eru til bjargar fyrir stærstu atvinnuvegi vora.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekkert um það sagt, hvernig jeg muni ráðstafa þessari upphæð. Jeg var aðeins að fiska eftir því í gær að fá eitthvað ákveðið um það frá hv. fjvn., hvort hún ætlaðist til þess, að fjárveiting þessi yrði notuð í ár, en nú sýnist mjer svo sem nefndin vilji ekki gefa neina yfirlýsingu í þá átt.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla, að hv. frsm. fjvn. (EJ) hafi ekki vikið neitt að XXVI. brtt. á þskj. 472, en jeg hefi átt tal við hann síðan og komist að þeirri niðurstöðu, að nefndin er á móti því, að brtt. sje samþykt. Jeg skildi það svo, að hann liti svo á, — og svo hafi verið litið á á fyrri þingum, — að ef atvinnubrestur yrði í einhverju sjávarþorpi, þá bæri ríkissjóði skylda til þess að hlaupa undir bagga á hentugasta hátt á hverjum tíma.

Jeg þykist nú vita, að brtt. muni falla, úr því að svona stór nefnd legst á móti henni. Og þess vegna ætla jeg ekki að leggja till. undir öxi nefndarinnar, en tek hana aftur með þessum formála.

Þá ætla jeg að minnast á tvær brtt., sem skotist hafa fram hjá mjer áður. Það er þá fyrst 44. brtt. á þskj. 449, um að lækka utanfararstyrk til Friðfinns Guðjónssonar leikara um 500 kr. Hv. Nd. samþykti að veita honum 2500 kr. styrk til þess að kynnast leiklist erlendis. Þessi maður er kunnur að því, að hann er einhver besti krafturinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. Hann hefir nú leikið í 30 ár og aldrei fengið neina viðurkenningu fyrir. Og mjer finst, að þótt honum verði veittar 2500 kr., þá sje það ekki neitt í ósamræmi við aðra styrki í fjárlögunum, og mjer finst, að allir ættu að vera sammála um það, að hann sje vel að þessum styrk kominn fyrir marga skemtistund, sem hann hefir veitt mönnum.

Þá er 56. brtt. á sama þskj., um hafnarbætur í Ólafsvík. Í sambandi við það vil jeg geta um eitt þorp hjer nærlendis, — það er Akranes, —

sem fjekk lán úr fiskveiðasjóði til hafnarbóta hjá sjer. Hefir þetta gefist svo vel, að nú geta sjómenn þar verið heima alla vertíðina og þurfa ekki eins og áður að leita til annara verstöðva. Hefir gróðinn af þessu skift tugum þúsunda fyrir þorpið, eigi aðeins vegna þess, hve mikill kostnaður sparast við það að þurfa ekki að taka sig upp og flytja í aðra verstöð, heldur vegna þess, hvað vinna hefir verið þar meiri, hvað aflinn hefir nýst betur, og hve mörg önnur fríðindi fylgja þessu, svo sem það, að nú geta þorpsbúar sjálfir notað allan fiskúrgang til ræktunar hjá sjer. Þetta er alt hafnarbótunum að þakka.

Þá vil jeg víkja máli mínu til hæstv. forsrh. (JÞ). Hann var að ávíta hv. 1. landsk. (JJ) fyrir þau ummæli, sem hann hafði haft um fólk í einni sýslu. Jeg heyrði ekki þau ummæli, en það má vera, að þau hafi verið ógætileg. En í ræðu hæstv. forsrh. komu fram niðrandi ummæli um kaupstaðarbúa, því að hann var að tala um skrílfundi hjer í Reykjavík. Það vita nú allir, að hjer er enginn skríll, og það sat síst á hæstv. forsrh. að vera að álasa hv. 1. landsk., en gera sig jafnframt sekan um hið sama, sem hann var að ávíta fyrir.

Frsm. (Einar Jónsson):* Jeg get endurtekið það, sem jeg sagði í síðustu ræðu minni um brtt. nefndarinnar. Það hafa í rauninni ekki komið nein þau mótmæli gegn þeim, sem jeg þarf að andmæla, fyr en nú hjá hv. 5. landsk. (JBald). Honum þótti það ósanngjarnt að lækka styrkinn til Friðfinns Guðjónssonar. Frá mínu sjónarmiði er það ekki forsvaranlegt að veita meira fje en fjvn. gerir ráð fyrir til leikfjelaga og leikara, og skattleggja þá um leið sveitafólk og sjófarendur, sem aldrei sjá leikið. Að rjettu lagi ættu Reykvíkingar að leggja fram alla styrki til leikara, því að það eru þeir, sem helst njóta listar þeirra.

Hv. 5. landsk. mintist sanngjarnlega á það, hverja þýðingu hafnarbætur hafa, og tók þar Akranes til dæmis. Maður þekkir nú það, að þannig getur farið, þegar heppnin er með. En um hafnarbæturnar í Ólafsvík er það að segja, að hv. þm. Snæf. (H-Steins) hefir upplýst það, að þótt verkið sje unnið smám saman, þá hefir ekkert haggast af því, sem gert hefir verið, og þess vegna er hægt að fullgera það mannvirki smátt og smátt. En það má eflaust færa rök fyrir því, að ekki veiti af þeirri upphæð, sem hv. Nd. samþykti, og jeg er sjálfur með því, að styrkurinn verði ekki lækkaður úr því, sem Nd. ákvað.

Það situr ekki á mjer að fara að bera hönd fyrir höfuð hæstv. forsrh. (JÞ), því að hann er manna best fær um það sjálfur. En vegna þess að ummæli hv. 1. landsk. náðu til Rangárvallasýslu, þá ætla jeg nú að biðja samherja hans og fóstbróður, hv. 5. landsk., að hlaupa yfir til hans og spyrja hann að því, hvort ekki finnist skríll í Rangárvallasýslu. Jeg hefi að minsta kosti engan frið fyrir ásökunum frá hv. 1. landsk. um það, og hann hefir líka skrifað ótæpt um það í blöð, að í Rangárvallasýslu sje voðalega bjálfalegur lýður.

Af því að hv. 1. landsk. (JJ) hafði

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ónotaleg orð um mig, þá vildi jeg beina til hans nokkrum orðum. Hann sagði, að ekkert markvert lægi eftir mig frá öllum þeim árum, sem jeg hefði átt sæti á Alþingi. En það er til Alþingisályktun fyrir því, að ekkert liggi eftir hv. 1. landsk. á þingi, er til bóta horfi, nema síður sje. Mjer var það ekki grunlaust, þegar jeg kom á þing, að hv. þm. (JJ) mundi minnast einhverjum orðum á kaupfjelagið „Ingólf" á Stokkseyri í sambandi við mig, en mig grunaði líka, að þar myndi hann ekki hafa í fullu trje við mig. Jeg var formaður í kaupfjelaginu „Ingólfi", en orsökin til þess, að það varð gjaldþrota, var sú, að jeg og aðrir menn í kaupfjelaginu lögðumst á móti því, að fjelagið gengi í Samband íslenskra samvinnufjelaga, og forðuðum því frá því að verða, eins og kaupfjelag Rauðasands, til óþurftar landsmönnum. En jeg vildi, úr því að hv. þm. (JJ) var svo óskammfeilinn að minnast á kaupfjelagið „Ingólf" við mig, aðeins minna hann á, að hann var einn af forgangsmönnum og stofnendum kaupfjelags í Reykjavík, en smaug út úr því, þegar komið var í óefni fyrir fjelaginu, og skaut sjer undan þeirri sjálfsögðu siðferðilegu skyldu og lagaskyldu að greiða sinn hluta af skuld fjelagsins, sem honum bar sem fjelagsmanni. Þó að því hv. þm. hafi verið með dylgjur til mín um kaupfjelagið „Ingólf", þá skal jeg láta hann vita það, að jeg skulda ekki neitt. Og til þess að sýna og sanna hv. þm. (JJ) þetta, þá skal jeg sækja til hans lækni og greiða læknishjálpina sjálfur.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gera stutta athugasemd út af einu atriði í ræðu hv. 5. landsk. (JBald), þar sem hann talaði um, að það væri óviðeigandi og óverðskuldað að lækka styrkinn til Friðfinns Guðjónssonar.

Það, sem úrslitum rjeði um lækkunina, var alls ekki það, að nefndin áliti ekki, að leikarinn væri þessara 2500 kr. fyllilega maklegur, en nefndin mintist þess, að í fyrra var hjer í þessari hv. deild færður niður samskonar styrkur til frú Guðrúnar Indriðadóttur, og var því lækkunin nú gerð með tilliti til þess, en ekki af því, að nefndin liti svo á, að hann væri styrksins, eins og hann var, ekki maklegur. Nefndin viðurkennir fullkomlega leikarahæfileika hans og það, hversu oft hann hefir skemt mönnum með leik sínum.

Forseti (HSteins): Jeg vildi mælast til þess við hv. þm., að þeir, til þess að tefja ekki tímann, biðji ekki um nafnakall nema nauðsynlegt sje. Að öðrum kosti mun jeg neyðast til þess að beita þingsköpum til hins ítrasta og leyfa ekki nafnakall, nema atkvæðagreiðsla sje óljós.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 472,I feld með 9:3 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

6.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 449,1 samþ. með 11:1 atkv.

— 449,2 samþ. með 12:1 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,3 feld með 8:4 atkv.
— 449,4 tekin aftur.
— 449,5 samþ. án atkvgr.
— 449,6.a samþ. með 8:5 atkv.
— 449,6.b samþ. með 8:6 atkv.
— 449,7 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EÁ, EJ, GÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ.
nei: IP, JBald, JJ, JKr, MK, HSteins.
Brtt. 449,8 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 449,9 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,10 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,11 samþ. með 8:3 atkv.
— 472,II tekin aftur.
— 449,12 samþ. með 8:5 atkv.
— 472,III feld með 9:5 atkv.
— 472,IV samþ. með 9:5 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,13 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,14 samþ. með 10:2 atkv.
— 472,VI.1 (aðaltill.) feld með 10:2 atkv.
— 472,VI.1 (varatill.) feld með 9:4 atkv.
— 494 tekin aftur.
— 449,15 samþ. með 10:1 atkv.
— 449,16 samþ. með 9:5 atkv.
— 449,17 samþ. með 9:2 atkv.
— 449,18 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,19 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,20 samþ. með 10:4 atkv.
— 449,21 samþ. með 10:3 atkv.
— 472,V feld með 7:7 atkv.
— 449,22 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,23 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,24 samþ. með 10:4 atkv.
— 449,25 samþ. með 9:5 atkv.
— 449,26 samþ. með 10:1 atkv.
— 472,VI.2 feld með 8:1 atkv.
— 472,VII samþ. með 10:4 atkv.
— 449,27 samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 449,28 samþ. með 10:3 atkv.
— 449,29 samþ. með 10:4 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,30 samþ. með 10:4 atkv.
— 449,31 samþ. með 10:4 atkv.
— 472,VIII.a—b teknar aftur.
— 472,IX.1 (aðaltill.) feld með 9:3 atkv.
— 472,IX.1 (varatill.) feld með 7:4 atkv.
— 472,IX.2 feld með 10:4 atkv.
— 472,IX.3 tekin aftur.
— 449,32 samþ. með 10:4 atkv.
— 449,33 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,34 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 449,35 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.
nei: MK, EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ.
Brtt. 449,36 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,37 samþ. með 10:3 atkv.
— 449,38 samþ. með 10:4 atkv.
— 449,39 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.
Brtt. 472,X.1 feld með 10:4 atkv.
— 472,X.2 feld með 10:3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,40 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,41 samþ. með 9:3 atkv.
— 449,42 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÓ, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, EÁ, EJ, HSteins.
nei: IP, JJós, JBald, JJ, MK, BK.
Brtt. 449,43 samþ. með 8:2 atkv.
— 472,XI samþ. með 9:3 atkv.
— 449,44 samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 449,45.a samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÓ, IHB, JóhJóh, JKr, BK, EÁ, HSteins.
nei: IP, JJós, JÞ, JJ, MK.
EJ, JBald greiddu ekki atkv.

Forseti spurði um ástæður. **EJ:** Jeg hefi ekkert með þetta leikfólk að gera. **JBald:** Það er af „princip"-ástæðum; jeg vil aldrei vera með nefndinni. **(Form. fjvn. JóhJóh:** Þetta var það mesta „kompliment", sem nefndin gat fengið).

Forseti tók gildar ástæður þm.

Brtt. 449,45.b samþ. með 8:3 atkv.
— 472,XII samþ. með 9:4 atkv.
— 472,XIII.1.a feld með 8:4 atkv.
— 472,XIII.1.b feld með 8:4 atkv.
— 472,XIII.2 feld með 8:2 atkv.
— 472,XIV feld með 7:5 atkv.
— 472,XV feld með 9:5 atkv.
— 449,46 samþ. með 8:1 atkv.
— 472,XVI feld með 7:5 atkv.
— 449,47 samþ. með 9:4 atkv.
— 449,48 samþ. með 10:3 atkv.
— 449,49 samþ. með 10:3 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 449,50 samþ. án atkvgr.
— 449,51 samþ. með 10:3 atkv.
— 449,52 samþ. með 10:3 atkv.
— 449,53 samþ. með 9:4 atkv.
— 472,XVII (aðaltill.) feld með 11:1 atkv.
— 472,XVII (varatill.) feld með 9:5 atkv.
— 472,XVIII feld með 10:3 atkv.
— 449,54 samþ. með 8:5 atkv.
— 449,55 samþ. með 10:3 atkv.
— 472,XIX samþ. með 9:2 atkv.
— 449,56 sjálffallin.
— 449,57 samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 449,58 samþ. með 9:5 atkv.
— 449,59 samþ. með 8:6 atkv.
— 449,60 samþ. með 8:4 atkv.
— 449,61 samþ. með 8:4 atkv.
— 449,62 samþ. með 9:4 atkv.
— 472,XX tekin aftur.
— 449,63 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, HSteins.
nei: GÓ, IP, JBald, JJ, MK, EÁ.

16. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 472,XXI (aðaltill.) feld með 8:5 atkv.
— 472,XXI (varatill.) samþ. með 8:4 atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 449,64 feld með 8:6 atkv.
— 449,65 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 449,66 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 472,XXII tekin aftur.
— 449,67 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 449,68 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 472,XXIII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 472,XXIV samþ. með 9:4 atkv.
— 472,XXV (fyrri hl., út að „þar til") samþ. með 8:4 atkv.
— 472,XXV (síðari hl., „þar til" til enda) tekin aftur.

18 gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

21. gr., að breyttu breytanda samkv. atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 11 shlj. atkv.

22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 449,69 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, EÁ, EJ, GÓ, IHB, IP, JóhJóh.

nei: JBald, JJ, JKr, MK, BK, JJós, HSteins.

Brtt. 472,XXVI tekin aftur.

23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 495, 513, 516).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 516. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frms. (Einar Jónsson): Jafnvel þó að jeg hafi orðið þess var, að svo stórt „númer" sem Alþýðublaðið er í áliti ýmsra manna — og jafnvel fáeinir, sem það „númer" vilja gera stærst, — hallist á mig fyrir framsöguræðu mína við 2. umr. fjárlagafrv. og finni mjer helst til foráttu, hve stuttorður jeg hafi verið, þá læt jeg mjer slíkar aðfinningar í ljettu rúmi liggja og mun því halda sömu venju og áður, að forðast alla óþarfa mælgi og tilgangslaust orðablaður, en vera eins stuttorður og mjer er framast unt.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, tók frv. þeim breytingum við afgreiðslu 2. umr., að nú kemur það til 3. umr. með tekjuafgang, sem nemur 10630 krónum.

En þegar litið er á þær brtt., sem nú liggja fyrir og fjvn. á lítinn þátt í, en miða allar til hækkunar, nemur sú upphæð 23200 krónum. Frá þeirri upphæð dragast aðeins tvær lækkunartill. frá nefndinni, sem nemur til samans kr. 696.49, en það eru lögboðin eftirlaun og prestsekknastyrkur til Valgerðar Gísladóttur, sem nú hefir gifst í annað sinn og hefir því tapað rjetti sínum til eftirlauna. Þegar þessi lækkun er dregin frá, nema hækkunartill. kr. 22503.51, og eru það eingöngu brtt. hv. þdm. Ef maður nú hugsar sjer, að allar þessar hækkunartill. verði samþ., sem jeg ætla þó engu að spá um, mundi afleiðingin verða sú, að frv. færi með dálitlum tekjuhalla út úr deildinni. Þó er aðgætandi að draga má frá tekjuafgang þann, sem nú er á frv. og nemur eins og kunnugt er 10630 krónum. Mundi því tekjuhallinn verða, ef allar hækkunartill. yrðu samþ., kr. 11873.48.

Eftir því, sem fram kom við 2. umr., vænti jeg, að hv. deild haldi fast við þá stefnu, er hún tók þá, að afgreiða frv. tekjuhallalaust.

En af því að svo háttar til, að einstakir hv. þdm. bera fram þessar brtt., ætla jeg að spara mjer að minnast á þær, þangað til þeir hafa gert grein fyrir þeim. Þó geri jeg ráð fyrir, að fjvn. muni fæstum þeim fylgja, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. Sömuleiðis sleppi jeg að sinni að minnast á þær brtt., sem nefndin hefir borið fram við 22. gr., enda mun samnefndarmaður minn, hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), gera nokkra grein fyrir XXV. brtt.

Þetta læt jeg mjer þá nægja að sinni, og kippi mjer ekki upp við það, þótt jeg fái að heyra á eftir, að jeg hafi verið stuttorður.

Jón Baldvinsson: Þetta gengur svo fljótt yfir hjá hv. frsm. (EJ) og ber svo bráðan að, enda ekki fyrir miklu að tala hjá honum, að maður fylgist

varla með því, sem hann er að segja, og vinst tæplega tími til þess að kveðja sjer hljóðs.

En jeg vildi þó um leið og jeg stend upp minna hv. frsm. á það, að það skýtur nokkuð skökku við hjá honum, er hann segir, að hv. fjvn. sje ekki við riðin neina hækkunartill. Hún ber þó fram stærstu till. af þeim, sem fyrir liggja. (**EJ**: Það er lán, og verður minst á hana seinna, eins og jeg minnist á). Já það er lán, eins og hún er borin fram, en það getur líka orðið styrkur, enda æði mörg dæmi þess, að einmitt slík lán eru gefin eftir, og það stundum eftir fá ár.

Jeg á hjer fáeinar brtt. á þessu sama þskj. (513) og hefði haft tilhneigingu til þess að hafa þær fleiri, en sá það ekki til neins, af því að það eru auðsæ samtök háttv. íhaldsþingmanna að drepa allar fjárveitingar, sem fara eiga til andstæðinga þeirra, og samþ. helst það, sem er nógu lítið og vitlausast.

X. og XI. brtt. viðvíkjandi kaupum á listaverkum eru ekki til útgjalda, heldur ber að skoða þær sem öryggisráðstöfun.

Vegna þess að eftir till. má búast við, að farið verði hlutlaust með fjeð og ekki verði auðvelt fyrir stjórnina að beita ranglæti og hlutdrægni, þá býst jeg ekki við, að þessi till. verði samþ. Jeg hefi því borið fram þá varatill., að þjóðminjavörður annist kaupin. Rök till. eru rjett og hún að öllu leyti sjálfsögð, en það eru líklega ekki meðmæli hjá hv. meiri hluta þessarar deildar.

Þá hefi jeg borið fram brtt. við 15. gr., 18, k, um styrk til Jóns Leifs. Hann hefir, sem kunnugt er, um langt skeið búið í Þýskalandi. Um hann hefir staðið talsverður styr, og ekki alt verið á eina lund, sem um hann hefir verið sagt. Samt sem áður hefir það verið svo einlitt, að engum getur blandast hugur um, að hjer er á ferðinni listamaður, sem mun vinna sjer fasta stöðu í hópi þeirra og vera landinu til sóma. Það er ekki ólíklegt, að hann sje einmitt sá maður, sem tekið getur við af Sveinbirni prófessor Sveinbjörnsson, enda enginn af íslensku bergi brotinn, sem er jafnlíklegur til að gera garðinn frægan með tónsmíðum sínum og einmitt hann. Ýms tónverk hans hafa hlotið einróma lof þeirra erlendra og innlendra manna, sem færir eru að dæma um slíkt. Fjárhagur hans er samt mjög þröngur, þar eð hann býr í framandi landi, þar sem margt er listamanna, því að þótt hann skapi verk, sem gera hann frægan og okkur eru mikilsverð, þá er ekki víst, að hið framandi land taki hann upp á arma sjer fjárhagslega. Okkur er það líka skyldast að sjá honum fyrir fjárstyrk, því að tónsmíðar hans eru íslenskar og bera á sjer auðsæ merki Íslendingsins. Í fyrra gerði hann það þrekvirki að koma hingað með 40 manna hljómsveit, og þótt hann fengi til þess nokkurn styrk frá bæjarstjórninni í Reykjavík, verður það að teljast þrekvirki engu að síður. Það er ekki hægt nema fyrir þann, sem bæði er dugnaðar- og hæfileikamaður, að leysa þetta svo af hendi, að ekki lendi alt í endileysu vegna kostnaðar, auk þess, sem sá maður þarf líka að vera frábær stjórnandi. Jón Leifs hafði alt þetta til að

bera, og auk þess naut hann þess álits, sem gerði honum kleift að leysa þetta vandaverk af hendi. Öllum, sem hlustuðu á þessa hljómsveit, mun það ógleymanlegt, enda margir, sem aldrei eiga þess kost framar að hlusta á jafngóða músik. Því að þótt hingað komi einn og einn listamaður, þá er það lítið á móts við valdar hljómsveitir, sem aðeins hin stóru lönd hafa upp á að bjóða.

Jeg vil því stinga upp á því, að hann fái föst laun í 18. gr. Það er kannske fulllágt að fara fram á 2000 kr., en ef hv. Nd. finst það of lágt, getur hún bætt úr því. Skal jeg svo enda umr. um Jón Leifs með því, að þótt hann sje ungur, hefir hann hlotið slíka viðurkenningu, að okkur ætti að vera sómi að styrkja hann á þann hátt, sem hjer er farið fram á.

Þá kem jeg að till. um að hækka styrk Guðbrands Jónssonar úr 1000 kr. upp í 1200 kr., eins og hann var áður. En stjórnin lækkaði hann, og er þessi till. aðeins leiðrjetting á því. Er ennþá mikið óunnið úr gömlum handritum um miðaldamenningu okkar, og mun því ekki veita af, þótt 200 kr. verði bætt við, svo að styrkurinn verði jafnhár og í fyrra.

Er þá þeim till., sem jeg er einn um, lokið. Eins og jeg sagði áðan, áleit jeg ekki rjett að bera fram fleiri till. en þær, sem nauðsynlegar eru og ekki er svo mikill flokkslitur á, að þýðingarlaust sje fram að bera. Þessar till. ættu því allir að geta verið sammála um. Jeg vil aðeins víkja að því, sem hv. frsm. sagði, að lítið hefði verið gert úr framsöguræðu hans við 2. umr. Mönnum fanst hann fara óvenju fljótt yfir störf hv. fjvn., og var það ekkert óeðlilegt, þótt menn styngju saman nefjum um það. Yfirleitt höfðu menn enga hugmynd um afstöðu hv. fjvn. í málinu fyr en búið var að smátína það út úr hv. frsm. sjálfum og meðnefndarmönnum hans. Hv. frsm. má því ekki kveinka sjer við, þótt að þessu sje fundið, enda játaði hann þetta sjálfur.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á hjer litla brtt. á þskj. 513, undir XVIII. lið, sem jeg vil fara nokkrum orðum um, enda sú eina brtt., sem jeg á. Það hefir legið fyrir báðum deildum erindi frá Kvenrjettindafjelagi Íslands um 500 kr. árlegan styrk. Fjvn. hefir ekki treyst sjer til þess að sinna þessari styrkbeiðni, þótt hún sje fyllilega sambærileg við styrk, sem veittur hefir verið í fjárlögum undanfarin ár til ýmissa fjelaga, sem líkt hefir verið ástatt fyrir.

Fjelag þetta var stofnað 26. janúar 1907, og hefir það starfað öll þessi ár, sem síðan eru liðin, bæði út á við og inn á við. Það heitir Kvenrjettindafjelag Íslands. Út af nafninu hefi jeg ýmsa heyrt segja, að slíks fjelags væri ekki lengur þörf, þar eð konur hefðu nú öðlast jafnrjetti. Þessu vil jeg svara þannig, að ef það hefir átt erindi til þjóðarinnar áður, þá á það ekki síður erindi til hennar nú, því að það er engu minni vandi að gæta fengins fjár en afla þess. Fengnum rjettindum fylgir skylda, og skyldurnar verða svo best leystar af hendi, að einstaklingarnir þekki þær. Fjelagið hefir frá fyrstu byrjun reynt að hafa áhrif á konur víðsvegar á landinu, svo að þær fengju aukna þekkingu á jafnrjetti kvenna. Það hefir reynt,

af litlum efnum, en miklum áhuga, að búa konurnar undir það að verða góðir og nýtir þjóðfjelagsborgarar. Enginn getur gengið til verks án þekkingar, og þessari þekkingu hefir fjelagið reynt að miðla eftir bestu getu. Þá hefir fjelagið á seinni árum, eftir að það hefir ekki þurft að berjast lengur fyrir jafnrjetti kvenna, haldið ýms námsskeið. Má þar til nefna matreiðslunámsskeið, svo og fyrirlestra almenns og fræðandi efnis, sem það hefir látið halda. Ennfremur hefir það gengist fyrir fundahöldum, þegar kjósa hefir átt til þings og bæjarstjórnar, boðað til fyrsta kvennafundarins hjer 1924 og beitt sjer fyrir fundinum á Akureyri síðastliðið sumar. Báðir þessir fundir höfðu mikil og vekjandi áhrif á fundarkonur og sýndu þeim, hve mikils styrkur þeirra má sín, ef þær taka höndum saman. Það væri heldur ekki sæmandi konum, ef þær ljetu sjer lynda að ganga að kjörborðinu; nei, það á að vera metnaður hverrar konu að verða sem bestur borgari.

Hjer er farið fram á lítinn styrk til þess að útbreiða þessa starfsemi fjelagsins, og finst mjer sá styrkur sjálfsagður. Það eru mjer því mikil vonbrigði að heyra, að hann sje óþarfur, því að það er langt frá, að svo sje. Jeg vænti þess, þótt svo stutt sje yfir sögu farið, að hv. þingdeildarmenn ljái styrkbeiðni þessari lið sitt og samþykki þennan 500 kr. styrk.

Mjer láðist að geta eins í sambandi við nauðsyn þessa styrks. Nú eru miklar hömlur lagðar á hlutaveltur, og þær munu alls ekki leyfðar. Aðrar skemtanir eru ekki arðvænlegar til þess að afla fjár, enda þarf að borga af þeim skemtanaskatt. Fjelögum er því gert ómögulegt að afla sjer annara tekna en ársgjalda fjelaga, sem er mjög lágt; mun vera tvær krónur í þessu fjelagi. Jeg vona því, að styrkbeiðni þessi fái þann byr, sem sæmandi er Alþingi Íslendinga árið 1927, þegar konur hafa haft kosningarrjett í 12 ár og eru búnar að sýna lit á því, að þær eru þess albúnar að taka á sig þær skyldur, sem rjettindunum fylgja.

Jeg varð of sein með aðra brtt. og spyr því hæstv. forseta, hvort hún verði tekin gild, ef hún er borin fram skriflega. Mun jeg þá mæla með henni.

Kristín Jónasdóttir ljósmóðir í Seltjarnarneshreppi hefir sent stutt erindi, þar sem hún skýrir frá ástæðum sínum. Hún hefir gegnt ljósmóðurstörfum síðan 1903, þar til fyrir þrem árum, að hún misti heilsuna. Í Landakotsspítala hefir hún legið sárþjáð í tvö ár, en síðastliðið ár fór hún utan með tilstyrk nokkurra vina sinna til þess að leita sjer heilsubótar, og kom aftur án þess að hafa fengið nokkurn verulegan bata. Erindi hennar er stutt, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Það hljóðar svo:

„Jeg undirrituð leyfi mjer hjer með að sækja um styrk til hins háa Alþingis alt að kr. 1500,00 árlega. Jeg hefi haft á hendi ljósmóðurstarfann í Seltjarnarneshreppi síðan 1903 og þangað til nú, en fyrir ca. 3 árum hefir heilsa mín bilað svo, að jeg get varla gegnt starfi þessu lengur. 11 fyrstu árin voru laun mín kr. 50,00 á ári, hækkuðu þau þá um kr. 10,00 á ári og hjeldust þannig þar til 1920, að

þau hækkuðu ofurlítið meira. Lýsir heilsuleysi mitt sjer nú tilfinnanlegast í því, að jeg hefi næstum að öllu leyti tapað sjóninni, og hefi jeg bæði hjer á landi og erlendis reynt að fá bót við vanheilsu minni, en alt árangurslaust. Veit jeg, að allir hljóta að skilja, að ástæður mínar eru hinar þungbærustu, þar sem laun mín hafa ekki verið slík undanfarin ár, að af þeim hafi verið hægt að leggja neitt til hliðar, er nú megi grípa til, er heilsan er þrotin. — Leyfi jeg mjer að láta hjer með fylgja umsögn stjettarsystra minna um ástæður mínar, en landlæknir og hjeraðslæknir í Reykjavík munu votta á umsókn þessari, að rjett er hermt frá kjörum mínum. — Reykjavík, 25. febrúar 1927. — Virðingarfylst. — Kristín Jónasdóttir."

Vottorð hjeraðslæknis er svo hljóðandi:

„Jeg votta hjer með, að það, sem ljósmóðir Kristín Jónasdóttir segir frá sjúkdómi sínum, er rjett, og ennfremur, að hún stundaði starf sitt með alúð og samviskusemi. — Reykjavík, 25. febr. 1927. — Jón Hj. Sigurðsson."

Landlæknir skrifar:

„Samdóma og samþykkur hjeraðslækninum. — Reykjavík, 25. febrúar 1927. — G. Björnson."

Þetta erindi talar sjálft fáum ljósum orðum um ástandið.

Það er um konu, sem á engan að, en hefir búið við lítil laun, og á nú engan annan kost en segja sig til sveitar.

Þótt hún hafi gegnt ljósmóðurstörfum svo lengi í Seltjarnarneshreppi, mun hún ekki geta vænst mikils styrks þaðan. Að hún hefir getað staðist kostnað þriggja ára veikinda án sveitarstyrks er meira en jeg get skilið, en jeg býst við, að til þess hafi hún notið styrks frá vinum sínum. Starfssystur hennar skrifa líka með styrkbeiðni hennar, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa það upp:

„Við undirritaðar vonum, að hið háa Alþingi sjái sjer fært að verða við bón Kristínar Jónasdóttur ljósm., sem á við hin erfiðustu kjör að búa, bæði hvað heilsu og efnahag snertir. — Reykjavík, 25. febr. 1927. — Í stjórn Ljósmæðrafjelags Íslands. — Þuríður Bárðardóttir, f.m. Þórdís J. Carlquist, ritari. Sigríður Sigfúsdóttir, gjaldkeri."

Ennfremur fylgja ummæli frá Kjartani Ólafssyni augnlækni, þar sem hann segir, að hún geti aldrei vænst þess að fá fulla sjón, en nú hafi hún tæplega hálfa sjón. Þótt mjer hafi ef til vill ekki tekist að bregða upp ljósri mynd af þeim, sem engan eiga að, engin efni og engan annan kost eiga en að fara á sveitina, þá vona jeg, að hjer sjeu svo margir góðir og sanngjarnir menn, að þeir samþykki þessa brtt. mína, sem verður við 12. gr. 13, og að þessi styrkur verði tekinn upp. Það væri ekki til of mikils mælst, þótt þessi litli styrkur væri veittur og að litlu leyti ljett á sjúkrabyrði þessarar konu og þeim áhyggjum, er á henni hafa hvílt um langt skeið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg á eina brtt. á þskj. 516. Hún er ekki til hækkunar, heldur að fjárveiting, sem samþ. var við 2. umr. um eftirlaun Eggerts Stefánssonar, í 18. gr., falli burtu. Það er að vísu kominn upp dálítill ágreiningur í þinginu um, hvort heimilt sje að bera fram við

síðari umræðu máls brtt. um að fella niður það, sem komið er inn við fyrri umr. málsins. Um þetta liggja fyrir tveir forsetaúrskurðir, en hvor á sinn veg. Í þingsköpum er ekkert á móti því að fella niður lið, er samþyktur hefir verið. Þó hefi jeg jafnframt borið fram varatill., sem jeg tek aftur, nema því aðeins, að forseti úrskurði, að hinni till. verði vísað frá.

Varatill. er á þá leið, að þetta skoðist ekki sem eftirlaun, heldur styrkur veittur í eitt skifti fyrir öll. Háttv. 4. landsk. var þessari fjárveitingu meðmæltur, og gerði jeg það af hlífð við hann og hlutaðeigandi mann að gefa ekki skýrslu um embættisfærslu þessa manns.

Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að þessi Eggert Stefánsson á ekkert skylt við söngvara með þessu nafni. Þessi Eggert er símritari. Jeg skal nú birta hjer skýrslu, er sýnir, að það er ekki vansalaust að láta hann komast inn í 18. gr. fjárlaganna með einhver þau hæstu eftirlaun í þeirri grein.

Eggert lærði símritun á landssímastöðinni á Akureyri veturinn 1906—1907, en gekk aldrei undir próf. Var settur símritari á Akureyri 20. maí 1907 og skipaður símritari við sömu stöð 1. janúar 1908. — Sumarið 1909 var hann um stundarsakir settur símritari í Reykjavík. Samsumars vikið frá starfi sínu sökum óreglu og vanrækslu; var meðal annars riðinn við sendingu tveggja falsskeyta til blaðanna „Austra“ á Seyðisfirði og „Norðurlands“ á Akureyri. 1911 var Eggert tekinn aftur til reynslu um þriggja mánaða tíma við stöðina á Siglufirði, en að reynslutímanum loknum þótti ekki fært að veita honum aftur starf við landssímann. — 1. maí 1912 enn tekinn til reynslu við landssímastöðina á Seyðisfirði. Í lok júlímánaðar vikið frá sökum drykkjuskapar í vikutíma, án launa, en bætti lítt ráð sitt, og eftir að hafa falsað nafn stöðvarstjórans undir símskeyti, var honum enn einu sinni vikið burtu úr stöðunni 1. október s. á.

Í júlí 1915 tekinn til reynslu í fjórða sinn, þá við landssímastöðina í Reykjavík, og um haustið skipaður símritari aftur á Akureyri.

Í þetta sinn, og raunar í öll hin skiftin líka, mun það hafa verið sett sem skilyrði frá landssímans hálfu, að hann bragðaði ekki áfengi, því maðurinn hefir altaf verið drykkfeldur og kann sjer ekki hóf. En hann mun samt altaf hafa drukkið meira og minna, þó að ekki hafi beinlínis verið yfir því kært til landssímastjóra. Þess ber þó að geta, að hann mun hafa verið í bindindi einu sinni í 6—7 mánuði samfleytt.

1922 átti að reyna að hjálpa Eggerti við, með því að veita honum stöðvarstjórastöðuna á Borðeyri, en eins og kunnugt er, mótmæltu flestir starfsmenn landssímans mjög eindregið þeirri ráðstöfun, að manni með hans fortíð að baki sjer yrði veitt eitt af bestu embættum landssímans og tekinn fram yfir hæfa og duglega starfsmenn. Veitingin var svo afturkölluð og Eggert var kyr á Akureyri.

Haustið 1923 var Eggert Stefánsson um stundarsakir settur stöðvarstjóri á Akureyri, en þá keyrði vanrækslan og óreglan svo úr hófi fram, að þáverandi landssímastjóri sá sjer ekki annað fært en að leggja til, að honum yrði vikið burtu úr þjónustu

landssímans fyrir fult og alt, og það var gert í aprílmánuði 1924.

Við þetta þarf jeg ekki miklu að bæta. En mjer finst, að hv. 4. landsk. (MK) hafi látið sitt góða hjarta fara með sig of langt, með því að flytja mál þessa manns. Það er alls ekki viðunanlegt að láta þá, sem starfað hafa lengi og af alúð í þjónustu landssímans og lifa við mjög lítil eftirlaun, sjá, að embættisræksla eins og þessi, sem hjer hefir verið lýst, sje verðlaunuð með miklu hærri eftirlaunum en menn verða að sætta sig við eftir langa og trúa þjónustu. Og þó að jeg álíti ekki rjett að áreita starfsmenn hins opinbera með sjerstakri löggjöf gegn persónulegum breiskleika, svo sem áfengishneigð, þá má þó ekki loka augunum fyrir ítrekuðum brotum á þessu sviði og veita viðurkenningu fyrir. Jeg er sem sagt þeirrar skoðunar, að þessi liður eigi alls ekki að standa í fjárlögum, og að hið opinbera eigi ekki og megi ekki veita slíka viðurkenningu með eftirlaunum, þegar slíkir málavextir eru. Jeg ber þessa till. fram vegna þess, að eftir þeirri afgreiðslu, sem fjárlagafrv. hefir fengið hjer í þessari hv. deild, get jeg búist við, að hv. Nd. samþykki það óbreytt eins og það kemur hjeðan, ef það verður ekki skemt við þessa umr. Og því þótti mjer óhjákvæmilegt að bera mína brtt. og rökstuðninguna fyrir henni fram hjer í þessari háttv. deild.

Björn Kristjánsson: Vitavörðurinn í Gróttu hefir sent Alþingi erindi um það, að nauðsyn beri til að byggja fjós og hlöðu í Gróttu.

Landssjóður keypti þetta kot fyrir nokkrum árum, og var þar þá tún fyrir eina kú, þegar vitavörðurinn, sem nú er þar, kom þangað, en nú hefir hann grætt túnið svo út, að hann hefir nú 3 kýr. En svo stóð á, að þegar hann kom að kotinu, var hvorki fjós nje hlaða á jörðinni, og hefir hann neyðst til að hafa kýrnar í kjallara íbúðarhússins, til mikilla óþæginda fyrir heimilisfólkið, eins og skýrt er frá í vottorði hjeraðslæknis, sem hjer liggur fyrir.

Vitavörðurinn hefir snúið sjer til hæstv. atvrh. (MG), en vegna sparnaðar, sem vitanlega er full þörf á að gæta, hefir hann ekki sjeð sjer fært að sinna þessu. Hinsvegar er þetta til mjög mikilla óþæginda fyrir fólkið, og auk þess feyir það húsið svo, að það liggur undir stórskemdum.

Þessu til stuðnings vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa hjer upp vottorð hjeraðslæknisins Jóns Hj. Sigurðssonar:

„Jeg hefi í dag, samkvæmt beiðni Þorvarðs Einarssonar, farið og skoðað íbúðarhús það, sem hann býr í í Gróttu. Í kjallara hússins hefir hann neyðst til þess að hafa 3 nautgripi undanfarið, með því að engin fjósbygging er á býlinu. Frá gripum þessum stafar óloft og fýla um alt húsið, mest þegar þeir fá útlent kraftfóður, og er þá svo mikið að því kveðið, að heimilisfólkið á ilt með að þola það. Auk þessa skemmir þetta húsið, gólf og bitar feyjast, og dúar nú alt gólfið í norðvesturhorni hússins, ef á er gengið. Eiginleg alvarleg óhollusta álít jeg tæplega að stafi af þessu, en mikil óþægindi fyrir bæjarfólkið. — Reykjavík, 18. apríl 1927. — Jón Hj. Sigurðsson.“

Hann lýsir ástandinu eins og það er. Jeg held, að hver meðalbóndi í sveit, sem líkt stæði á fyrir, myndi brjótast í að koma þessum peningshúsum upp. Kostnaðinn hefir vitamálastjóri áætlað um 2000 kr., og liggja hjer fyrir meðmæli frá honum. Vitavörðurinn er nú orðinn roskinn maður, og má búast við því, að þegar nýr maður kemur, verði laun hans gerð þeim mun lægri, sem jörðin er betri. Kotið er eign landssjóðs og finst mjer ekki nema sanngjarnt, að vitavörðurinn, sem nú er, verði látinn njóta þess, hvað hann hefir bætt jörðina, einkum þar sem hagur hans og landssjóðs fer svo mjög saman. Jeg vona því, að hv. deild taki þessu vel. Það mun borga sig, þó ekki sje nema hússins vegna.

Magnús Kristjánsson: Það var út af brtt. hæstv. forsrh. á þskj. 516, að mig langaði til að segja nokkur orð.

Það virðist svo, sem hæstv. ráðherra tefli á tæpasta vaðið, þegar hann ber fram brtt., sem mikill vafi er á, að megi koma fram samkvæmt þingsköpum. Jeg geri ráð fyrir, að honum þyki mikils um vert sparnaðinn, þar sem hann sækir það svo fast að reyna að murka lífið úr jafnlítilfjörlegri sárabót til þessa manns, sem þessi styrkur er. Jeg lýsti við 2. umr. ástæðunum fyrir því, að þetta ástand hefir skapast með þennan mann, og þó að hæstv. ráðherra hafi nú lesið hjer upp langa skýrslu um vanrækslu hans, þá er alveg það sama um þetta að segja, að maðurinn hefir hreint og beint verið ofsóttur.

Það er hægt að semja skýrslur fyrir þá, sem vald hafa til þess, en jeg vil segja það, að þessi skýrsla er ekki annað en framhald þeirrar ofsóknar, sem maðurinn hefir orðið fyrir, einmitt vegna þess, að hann hefir hvað eftir annað reynt að bjarga landinu frá vandræðum, sem stafa af uppþotum við símann. Einu sinni eða jafnvel oftar hefir staðið til að gera allsherjarverkfall við landssímann, en mikið fyrir hans tilstilli tókst að afstýra því. Það virðist því mörgum undarlegt, að launin skuli vera fyrst og fremst þau, að honum er kastað út á gaddinn með fjölskyldu sína, og auk þess bornar á hann sakir, sem í sjálfu sjer eru vítaverðar, en jeg hygg hinsvegar, að því hafi verið slept að færa fram málsbætur, sem komið geta til greina. Það er þetta sorglega ástand með þessa stóru ríkisstofnun, að yfirmennirnir hafa ekki haft vald á sínum starfsmönnum og látið kúgast, ef einhverjir uppivöðsluseggir hafa haft hótanir í frammi.

Jeg verð að segja það, að þetta er sorglegt ástand, og enn sorglegra verður það, þegar landsstjórnin fetar í fótspor símastjórans —, það var ekki sú stjórn, sem nú situr, — og gugnar, en starfsmennirnir taka ráðin í sínar hendur. — Svo eru starfsmennirnir teknir trúanlegir, og aðalvitnin gegn þessum manni eru þessir óróaseggir.

Vegna þess, að því hefir verið haldið fram, að þessi maður væri lítt fær í starfi sínu, ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer upp vottorð frá samstarfsmönnum hans. Þau eru ekki frá starfsmönnum í Reykjavík, heldur annarsstaðar frá, og þarf ekki að tortryggja þau. Það hefir verið látið í veðri vaka, að Eggert væri lítt starfhæfur. Hjer er yfirlýsing frá tveimur

merkum starfsmönnum við landssímann:

„Að gefnu tilefni lýsum vjer undirritaðir því hjer með yfir, að herra Eggert Stefánsson hafi verið einn af færustu símriturum landssímans, þann tíma, sem hann starfaði þar. — Reykjavík, 9. apríl 1927. — Friðbjörn Aðalsteinsson, loftskeytastöðvarstjóri. Magnús Thorberg."

Svo er hjer annað vottorð, sem ekki kveður eins sterkt að orði, frá símastjóranum á Ísafirði:

„Samkvæmt beiðni vottast, að Eggert Stefánsson var í sinni símritaratíð samviskusamur með línuprófanir og góður morsemaður. — Björn Magnússon, símastjóri."

Jeg álít þessi vottorð nægileg til þess að hrinda þeirri ásökun, að maðurinn hafi ekki verið fær til starfsins. En eftir að jeg hefi heyrt hið langa syndaregistur þulið af hæstv. ráðh., get jeg ekki að því gert, að mjer finst það nokkuð undarlegt, að þrátt fyrir allar yfirsjónir mannsins hefir landssímastjóri sjeð sjer fært að veita honum stöðu við landssímann, sem nú er álitin einhver besta staðan þar. Virðist það benda á, að hann hafi ekki álitið Eggert óalandi og óferjandi, eins og hæstv. ráðherra virðist álíta hann. Það sýnir, að maðurinn hefir verið álitinn starfinu vaxinn og haft fullan rjett til að halda stöðunni, þegar hann var búinn að fá veitingu fyrir henni, þótt hann fyrir þrábeiðni ljeti svifta sig starfinu, eftir að hafa fengið loforð um, að hann yrði ekki fyrir halla, en er svo svikinn um alt saman. Síðan kemur hæstv. forsrh. með syndaregistur hans og mótmælir þeirri óhæfu, að manni þessum sje bætt að litlu leyti það tjón, sem honum hefir verið bakað.

Jeg vil skjóta því hjer inn í, að jeg hygg, að hæstv. ráðh. hafi áður verið svo mannlega sinnaður, að hann hafi í viðtali við þennan mann eða einhvern honum nákominn lýst því, að hann mundi ekki verða meinsmaður þess, að hann fengi einhverjar bætur, ef það kæmi fyrir þingið. En nú finst mjer þetta horfa nokkuð öðruvísi við.

Eins og jeg gat um í byrjun, ætla jeg að varast að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, en jeg sje nú, að hæstv. ráðherra hefir gert sig líklegan til að andmæla því, sem jeg nú hefi haldið fram, og vænti jeg þá, að mjer gefist tækifæri til að taka aftur til máls, ef þörf krefur.

Hæstv. ráðherra sagði, að jeg hefði látið mitt góða hjarta hlaupa með mig í gönur. En svo var ekki. Jeg flutti till. þessa vegna þess, að jeg er málinu kunnugur, og jeg taldi það mjög ranglátt, ef maðurinn fengi ekki einhverja uppbót, og auðvitað helst á þann hátt, að hann fengi eitthvað að starfa við símann með sæmilegum launakjörum. Þetta er aðeins þrautaúrræði að fara fram á þennan styrk, og jeg álít enn sem fyr, að hann væri hans vel verðugur.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að það sje misskilningur hjá hv. 4. landsk. (MK), að þessi starfsmaður símans hafi orðið fyrir ofsóknum, vegna þess að hann hafi reynt að bjarga landinu frá einhverju símafári. Hv. þm. vitnaði í viðburði frá 1914 því til stuðnings, en þá var Eggert ekki í þjónustu landssímans, á

tímabilinu frá 1. október 1912 til í júlí 1915.

Þá talaði hv. þm. um, að stjórnendur landssímans hefðu ekki haft vald á starfsmönnum sínum, og verð jeg að taka undir það, að það er mjög mikilsvert við jafnstóra stofnun og landssíminn er, að yfirmennirnir hafi full tök á starfsfólkinu. En þá mega ekki yfirboðarar þeirra, þing og stjórn, taka fram fyrir hendur þeirra í ráðstöfunum eins og þeim að víkja manni frá starfi sínu. En þetta er verið að gera með því að veita þessum frávikna starfsmanni há eftirlaun. Auk þess er verið að gera landssímastjóra ómerkan að því að víkja honum frá. Það er ekki uppörvandi fyrir yfirmenn símans, ef starfsmennirnir geta, hvað sem á milli ber, farið til æðsta valdsins í landinu, þingsins, og fengið það til að taka upp sinn hlut móti stjórn símans. Það er ekki vegna fjárhæðarinnar, sem jeg er að blanda mjer í þetta mál, heldur vegna þess, að 18. gr. fjárlaganna heyrir undir minn verkahring, og jeg tel mjer skylt að benda á það, þegar á að koma þar inn ákvæðum, sem ekki eiga þar að vera, og koma í veg fyrir það. Jeg hefi ekki sagt neitt um það, hvort þessi maður væri fær eða ekki fær til starfsins. Það er alt annað, sem honum hefir verið gefið að sök, en vankunnátta.

Hv. 4. landsk. sagði, að landssímastjóri hefði sjeð sjer fært að veita Eggerti stöðu, sem nú væri talin ágæt. En það var ekki landssímastjóri, sem veitti stöðuna, heldur hlutaðeigandi ráðherra. En landssímastjóri „innstilti“ tveimur mönnum, og Eggert var annar þeirra, og eins og rjettilega er lýst í skýrslu þeirri, sem jeg gaf, var þetta aðeins tilraun til að hjálpa honum. Að hann hafi verið svikinn, er ekki rjett. Jeg hefi heyrt, að honum hafi verið lofað, að hann skyldi ekki af þessu verða fyrir fjárhagslegu tjóni, enda veit jeg ekki betur en að hann hafi fengið stöðu á Akureyri með þeim launakjörum, að hann beið ekkert fjárhagslegt tjón. En hvernig fór? Hann gat ekki haldist við í stöðunni, af þeim ástæðum, sem jeg hefi greint.

Þá vil jeg taka það fram, að það er fullkomin missögn, ef einhver hefir sagt hv. 4. landsk., að jeg hafi gefið nokkurn ádrátt um stuðning í þessu máli. Það hefir verið sótt fast að mjer af góðum vinum mínum, sem eru nákomnir þessum manni, að styðja málið, en jeg hefi altaf neitað því afdráttarlaust. Sömuleiðis kom maðurinn sjálfur til mín snemma á þessu þingi, en jeg gaf honum engar vonir. Ef nokkur maður hefir sagt annað, er það bein missögn.

Magnús Kristjánsson: Hæstv. forsrh. (JÞ) tók það fram, að nauðsynlegt væri að láta til skarar skríða og taka duglega ofan í við menn, sem hefðu gert sig seka í vanrækslu á starfi sínu. Þetta er að vísu góð regla, en hitt er engu síður áríðandi, að hengja ekki bakara fyrir smið. Af tvennu illu er skárra, að sekur komist hjá refsingu en að saklausum sje hegnt, eins og hjer á sjer stað. Einnig gat hæstv. ráðh. um, að þetta væri afleitt fordæmi, ef tillaga mín næði fram að ganga. En jeg veit ekki betur en að

þegar sje gefið fullkomið fordæmi fyrir slíku, með máli Petersens frá Vestmannaeyjum. (**Forsrh. JÞ**: Nei!). Jú, ef það hefir verið siðferðileg og lagalega skylda ríkisins að greiða svo miklar skaðabætur, sem þá var um að ræða, er ekki síður ástæða til þess hjer. En það er ekki til mikils að deila við dómarann. Ef hæstv. ráðherra hefir sett sjer það markmið, að láta hjer knje fylgja kviði, þá býst jeg við, að honum geti tekist það. En mjer þykir fullhart, ef þeir stuðningsmenn hæstv. ráðherra, sem hingað til hafa viljað leggja þessu liðsinni, fara nú að breyta um skoðun. Jeg vona, að ekki þurfi að segja í þessu sambandi:

„Rænir drembin höfðingshönd,
heilagt frelsið deyðir".

Jeg hygg, að varla komi til þess, að hv. þdm. fari að breyta atkvgr. sinni, þó að fram komi áskorun um það frá hæstv. ráðh. (JÞ), svo að það er ástæðulaust fyrir mig að lengja umr. með því að færa fram frekari varnir. Jeg ætla aðeins að endingu að benda á, í sambandi við það, að hæstv. ráðh. taldi mig ekki hafa farið rjett með (**Forsrh. JÞ**: Þetta er ekki alveg nákvæmt!) það, sem jeg sagði um símaverkfallið 1914. Jeg talaði bara um það sem eina af þessum hollu hreyfingum innan þess fjelagsskapar. Einnig vildi hæstv. ráðh. leiðrjetta það, að landssímastjóri hefði veitt stöðuna. Þó að ráðherra undirskrifi plaggið, sem gert er eftir tillögum landssímastjórans, þá verð jeg að halda því fram, að það hafi einmitt verið landssímastjóri, sem veitti stöðuna, af því að hann hefir álitið, að þarna væri rjettur maður á rjettum stað. Ef ekki hefði viljað svo illa til, að heilsu landssímastjóra fór hnignandi dag frá degi, svo að hann var alls ekki fær um að standa í neinu stímabraki, þá held jeg, að aldrei hefði þurft að koma til þessa.

Jeg ætla svo að bíða rólegur átekta, í þeirri von, að tillaga hæstv. ráðherra verði feld.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þó að jeg hafi verið mótfallinn skaðabótagreiðslu til Petersens verkfræðings, var þó alveg ólíku saman að jafna, þar sem ekkert það kom fram í máli hans, sem yrði lagt honum persónulega út til lasts. En eins og jeg nú hefi gert háttv. þdm. grein fyrir, voru það alt ástæður, sem snertu persónu Eggerts Stefánssonar, sem urðu þess valdandi, að honum var vikið fjórum sinnum úr stöðu sinni, og þó var hvað eftir annað sýndur vilji til að taka hann aftur. Jeg geri mjer vonir um, að þær upplýsingar, sem jeg hefi talið embættisskyldu mína að gefa í þessu máli, — að vísu mjög ógeðfelda embættisskyldu —, verði til þess, að þá fjárhæð, sem komin er inn í fjárlagafrv., beri að minsta kosti ekki að skoða sem árlega eftirlaunagreiðslu, heldur sje sú upphæð greidd í eitt skifti fyrir öll.

Jónas Jónsson: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 513 og 516, sem jeg ætla að minnast ofurlítið á. Fyrsta till. er þess efnis, að Lárusi Rist leikfimikennara verði veittur 1000 kr. utanfararstyrkur. Þessi maður hefir í 20 ár verið fimleikakennari á Akureyri og verið einhver besti kennari hjer á landi í þeirri grein. En nú er nauðsynlegt fyrir hann að kynna sjer ýmsar nýj-

ungar í leikfimikenslu. Þar sem jeg fer aðeins fram á 1000 kr., er ekki hægt að segja annað en að hjer sje mjög hóflega af stað farið.

Næstu tillöguna flyt jeg ásamt hv. 1. þm. G.-K. (BK) og hv. 5. landsk. (JBald), um 1500 kr. styrk til Brynjólfs Þórðarsonar málara. Í fyrra bárum við fram tillögu um styrk handa þessum unga manni, með þeim einkennilega hætti, að styrkinn skyldi veita honum bæði í því skyni að fullkomna sig í málaralist og til þess að leita sjer heilsubótar. — Brynjólfur Þórðarson er mjög þektur hjer. Hann lærði hjá Þórarni heitnum Þorlákssyni, og er einn af þeim fáu málurum, sem með lítilli skólagöngu hafa komist svo langt, að nú má telja hann í fremri röð íslenskra listamanna. En nú sótti á hann brjóstveiki, svo að læknarnir töldu, að það eina, sem gæti bjargað heilsu hans, væri dvöl í mildara loftslagi. Svo var honum veittur styrkur í fyrra. Dvöl hans suður við Miðjarðarhaf hefir borið góðan árangur, en þó er hann enn ekki fullbata. En jafnframt því sem hann hefir haft fótavist, hefir hann getað stundað list sína.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram tillögu um að landið kaupi málverk af Ásgrími Jónssyni. Jeg hefi sjeð þess getið nýlega, að ekkert hafi verið keypt af honum síðustu 6 árin. En þar sem hann er sennilega mesti málarinn, sem okkar land hefir alið, má ekki láta hjá líða að kaupa af honum á ári hverju, þannig, að ekki falli langur tími úr þróun hans og landið tapi ef til vill hans bestu verkum. Varatill., um að veita Ásgrími lán eins og Jóni Stefánssyni, tek jeg líklega aftur í samráði við málarann sjálfan. Hann hefir aðeins farið farið fram á fyrra atriðið, en jeg bar fram varatill. af því, að jeg veit, að Ásgrímur á oft í húsnæðisvandræðum. Hann hefir altaf haft kalda og óþægilega vinnustofu, sem hann að öllum líkindum hefir beðið heilsutjón af að vinna í. En Ásgrímur vildi ekki spilla fyrir Jóni Stefánssyni, og ætti hann síst að gjalda þeirrar nærgætni sinnar.

Næst fer jeg fram á 1800 króna styrk handa Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara til Rómaferðar. Ásmundur er uppalinn á Kolsstöðum í Miðdölum í Dalasýslu. Foreldrar hans og systkini fluttust að Eskiholti í Mýrasýslu og búa þar. Er það alt mesta hagleiksfólk. Þessi maður lærði fyrst trjeskurð hjer heima, en fór svo á listaháskólann í Svíþjóð og er fyrsti íslenski listamaðurinn, sem hefir gengið í gegnum listanám í Svíþjóð. Frægasti myndhöggvari Svía hefir gefið honum mjög góð meðmæli. Foreldrar hans hafa stutt hann eftir megni, og auk þess hefir iðn hans komið honum að góðu haldi, því að hann er ágætur trjeskeri. Nú hefir hann dvalið um hríð í Frakklandi og hefir mikinn hug á að ljúka námi sínu með nokkurra mánaða dvöl í Róm. Jeg hitti hann ytra og sá, að hann vann af miklum myndarskap. En svo veiktist hann í vetur hættulega og lá lengi á spítala í París, en er nú albata. Ef hann fær ekki þennan styrk, verður hann að hætta við þennan síðasta áfanga flestra listamanna.

Mjer dettur í hug að segja háttv. þdm. sögu af því, hvernig Ásgrímur

Jónsson fjekk sinn Rómastyrk. Jeg held, að hún sje sönn, og vona jeg, að fyndni sögunnar hafi ekki aðeins orðið til að bjarga Ásgrími til Rómaferðar, heldur verði hún líka til að hjálpa Ásmundi Sveinssyni. Þegar Ásgrímur Jónsson var búinn að læra hjer á Norðurlöndum, langaði hann mikið til að komast til Rómaborgar og sótti um styrk í því skyni. Þá voru í fjvn. Nd. þeir Hermann Jónasson, Pjetur á Gautlöndum og Skúli Thoroddsen. Hermann var sá, sem beitti sjer mest fyrir því að hjálpa Ásgrími. Þegar þeir ætluðu að fara að undirskrifa nál., segir Hermann: „Vitið þið, af hverju Gunnar á Hlíðarenda sneri aftur?“ „Nei“, sögðu hinir, „við vitum ekki annað en það, sem stendur í Njálu“. „Ásgrímur er búinn að leysa gátuna“, segir Hermann, „eins og þið getið sjeð af málverki hans“. Þeir fara að skoða myndina, en sjá ekkert. Þá segir Hermann: „Sjáið þið ekki, að hestur Gunnars er beislislaus? Þess vegna sneri hann heim að Hlíðarenda“. Þessi fyndni Hermanns varð til þess, að Ásgrímur fjekk styrkinn. Nú hefir það verið siður um okkar fremstu listamenn, að þeir hafa farið til Rómar. Síðasti Íslendingurinn, sem hefir lokið prófi við listaháskóla, er Ásmundur Sveinsson. Því er ekki hægt að neita, að svo fremi við höldum áfram að styrkja okkar bestu listamenn til Rómaferðar, þegar þeir eru fullnuma að öðru leyti, þá er Ásmundur Sveinsson sá maður, sem á að fá slíkan styrk nú. Jeg treysti því þess vegna, að hv. þdm. telji þessa 1800 kr. fjárhæð rjettmæta og samþykki till. Hjer er aðeins verið að halda áfram reglu, sem hefir verið fylgt áður, okkar listalífi til styrktar.

Næsta tillaga mín er um 1000 kr. styrk til Einars Markans söngvara. Jeg þekki hann ekkert og hefi aldrei við hann talað. Jeg flyt tillöguna eftir beiðni nánustu vandamanna hans. En jeg vil geta þess, að bróðir hans, sem er í þjónustu landsins, hefir innunnið landinu marga tugi þúsunda með dugnaði sínum, sem bráðabirgðaskipstjóri á Þór, og lagt svo mikið á borð með sjer sinni, að jeg held, að þessari fjárhæð geti ekki talist illa varið.

Þá flyt jeg, eftir tilmælum manna úr Árnessýslu, tillögu um að styrkur Sigurðar Skúlasonar sje hækkaður úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Sigurður er sonur hins góðkunna læknis, Skúla í Skálholti. Hann ætlar að halda áfram sínum fræðum með utanlandsferð og hefir ágæt meðmæli frá kennurum sínum. Ekki þarf að óttast, að illa verði með fjeð farið, því að Sigurður er mesti dugnaðarmaður og mjög reglusamur.

Næst fer jeg fram á, að hækkaður verði ellistyrkurinn til Hans Hannessonar pósts upp í 1000 krónur. Þessi maður hefir verið í þjónustu landsins í hjerumbil 40 ár og sýnt mikinn dugnað og samviskusemi. Hann fór hinar erfiðu ferðir austur yfir Hellisheiði, en nú er farið að flytja póstinn austur í bílum, og í vetur tókst að halda veginum svo mikið opnum, að póststjórnin sagði honum alveg upp. Hann varð vegna stöðu sinnar að halda marga hesta og margvíslegan útbúnað, bifreiðar, sleða o. fl. Nú hefir honum alt í einu verið kastað úr þjónustu landsins með 300 króna ellistyrk.

Hann verður fyrir miklum skaða með þessu, en þess ber að geta um leið, að hann er á engan hátt látinn fara úr stöðunni fyrir vanrækslu sakir, heldur af því einu, að póststjórnin álítur, að nú eigi ekki að nota hesta og koffort lengur, heldur bíla og önnur ný flutningatæki. Jeg held því, að það væri í alla staði rjettlátt að veita manninum þennan styrk.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram tillögu um það, að skáldastyrkur sá til Einars Benediktssonar, sem ákveðinn var í hv. Nd., nái líka til yfirstandandi árs. Það er um þennan lið að segja, að flestum mun koma saman um það, að Einar Benediktsson sje, við hlið Stephans G. Stephanssonar, annað mest núlifandi skáld, og að hans störf sem skálds muni kasta ljóma yfir samtíð hans um ókomnar aldir, meðan íslensk tunga verður töluð og skilin. Nú hefir þessi maður, sem í skáldskap sínum hefir líkst mest Agli Skallagrímssyni, bæði verið kjarnaskáld og í aðra röndina víkingur, sem hefir herjað úti í löndum á sínum manndómsárum, á efri árum sest að hjer heima. Menn mundu áreiðanlega ekki heiðra Egil Skallagrímsson eins og gert er, ef hann hefði aðeins verið víkingur, því að mörg af hans afreksverkum orka mjög tvímælis. En Egill er nú fyrst og fremst skáld, og svipað er með Einar Benediktsson. Hann hefir farið víða, og þó að margt í víkingaferðum hans orki mjög tvímælis, þá er um ljóðagerð hans að segja, að hún er að mörgu leyti undursamleg, og er það sú hlið á starfi hans, sem þingið vill viðurkenna með þessari fjárveitingu. Mjer er kunnugt um, að það skiftir allmiklu máli fyrir skáldið, hvort þessi fjárveiting getur gilt fyrir yfirstandandi ár, því að hann hefir ekki, eins og Egill Skallagrímsson, flutt heim með sjer kistur fullar af silfri. Síðastliðið vor heyrði jeg það á skáldinu, að honum væri álitshnekkir gerður með því, að flestum öðrum íslenskum skáldum væri sýndur nokkur sómi af Alþingi, en ekki honum. Jeg benti á það, að meðan að hann hefði verið fjarlægur okkur, hefðu menn ekki búist við því, að skáldastyrkur, eins og hjer væri veittur, hefði mikla þýðingu fyrir hann, en þegar hann settist hjer í helgan stein, þá myndi hans sjálfsagt verða minst, eins og margra annara af okkar góðu skáldum. Svo þegar jeg hafði kynt mjer málið betur, spurði jeg helstu mennina í heimspekideild háskólans, hvort deildin vildi minnast þess, að þessi frægi víkingur væri nú sestur að hjá okkur, og þeir litu svo á, að tími væri til kominn að sýna skáldinu nokkurn sóma, og sóttu um heiðurslaun honum til handa. Hv. Nd. tók mjög vel í þetta. En jeg vildi líka gjarnan heyra álit hæstv. stjórnar um það, hvort hún mundi geta álitið sjer það leyfilegt að borga skáldinu fyrir árið í ár eins og fyrir næsta ár, og ef svo er, þá myndi jeg taka brtt. aftur.

Um upphæð þessa skáldastyrks vil jeg geta þess, að ef maður lítur á þau laun, sem þingið veitti Matthíasi Jochumssyni, nefnilega 2400 krónur, þá mun láta nærri, að þetta, sem hjer er talað um, myndi handa okkar mesta núlifandi skáldi vera hliðstætt því, er Matthías fjekk fyrir 35 árum, þegar hann ljet af prestsskap.

Þá hefi jeg borið fram eina brtt. á þskj. 516, um það að verja megi litlu

af því fje, eftir því sem þar er nánar tiltekið, sem kynni að sparast við að prestaköll eru laus, til að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og menningaráhrifa á söfnuði úti um land. Jeg bar þetta fram eftir tilmælum nokkurra presta, sem líta svo á, að það úrræði, sem þessi háttv. deild tók til í fyrra, hafi verið góð framkvæmd, og jeg geri það því frekar sem jeg álít, að það væri mjög æskilegt, að það væri meira gert að því að láta úrvalspresta ferðast um landið og halda guðsþjónustur, en aftur prestum fækkað þar, sem því mætti við koma; því að úrvalsprestar fá með því tækifæri til þess að starfa fyrir fleiri, og fleiri tækifæri til að njóta þeirra. Mjer er t. d. kunnugt um það, þó að það sje ekki alveg hliðstætt, að þegar þeir Einar Hjörleifsson og Haraldur Níelsson prófessor, annar skáld en hinn prestur, ferðuðust einu sinni um landið til þess að halda fyrirlestra andlegs efnis, þá flyktist fólkið til þeirra, og það jafnvel um heyskapartímann, til þess að hlusta á þá. Jeg hefi verið úti á landi, þar sem þessir menn hafa safnað saman mörgum hundruðum manna til að hlusta á sig, og jeg held, að ef þessu fje væri vel varið, myndi það yfirleitt verða til þess að glæða andlegan hugsunarhátt og menningu í hinum dreyfðu bygðum. Mjer er kunnugt um, að fyrir fje, sem kirkjustjórnin hefir mátt verja svona, hefir einn af merkustu mönnum þessa lands, sjera Þorsteinn Briem, haldið röð af fyrirlestrum við Hvítárbakkaskólann. Ennfremur er mjer kunnugt um, að sjera Sveinbjörn Högnason, sem mun flytjast til Rangárvallasýslu, ætlar að heimsækja Laugaskólann í sama skyni, og ennfremur er mjer kunnugt um, að Austfirðingar hafa sótt eftir að fá einhvern góðan mann til þess að flytja fyrirlestra við skólann á Eiðum. En hjer er ekki farið fram á neina nýja fjárveitingu, heldur er aðeins óskað þess, að það megi nota nokkuð af því fje, sem sparast um stundarsakir, þar sem prestaköll standa óveitt.

Jóhann Jósefsson: Við fyrri umr. þessa máls flutti jeg till. um dálitla fjárveitingu til styrktar þeim mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Jeg skýrði þá að nokkru það, hvernig henni ætti að verja, og ætlast jeg til, að sú skýring geti dugað, þannig, að það sje ljóst, hver tilgangurinn er með þessari fjárveitingu, ef hún verður samþykt. En af því að jeg heyrði það þá nokkrum hv. deildarmönnum, að þeim þótti upphæðin helst til há, þá tók jeg till. aftur og flyt hana nú þannig breytta, að upphæðin er mikið lækkuð. Jeg vonast til þess, að hv. deildarmenn muni sjá, hver nauðsyn er á því, að þeir, sem verða fyrir því slysi að missa limi sína, eigi undir vissum kringumstæðum kost þess að fá styrk frá því opinbera, annan heldur en sveitarstyrk, til þess að fá sjer aftur gervilim. Læt jeg svo útrætt um þetta, með því líka, að jeg var búinn að lýsa því við fyrri umr. málsins.

Svo á jeg aðra brtt. á sama þskj., það er VIII. brtt. Það var um að styrkja tvo stúdenta, en jeg tók hana aftur við 2. umr., meðfram af því, að jeg hafði þá ekki allar upplýsingar,

sem þurfti og jeg hefi nú fengið. Það er eins og kunnugt er, að þingið hefir styrkt nokkra stúdenta til framhaldsnáms erlendis, ýmist með því að veita þeim beinlínis styrk eða með því, að þeir hafa fengið styrk af þeirri upphæð, sem stjórnin hefir til umráða handa stúdentum erlendis, og veittur er eftir tillögum ákveðinnar nefndar, sem sker aðallega úr um það, hverjum eigi að veita þennan námsstyrk. Þegar síðast var úthlutað þessum námsstyrk, sóttu fleiri stúdentar en hægt var að veita, en nefndina greindi dálítið á um það, hverjum fjórum ætti að veita styrkinn, og tilnefndi eiginlega fimm, sem sumir í nefndinni álitu nokkurn veginn jafnrjettborna til styrksins, en það urðu þó ekki nema fjórir af þeim, sem fengu styrk. En þá vildi svo einkennilega til, að jafnvel þótt ætlast sje til, að styrkur sje veittur þeim, sem útskrifast á því ári, var skilinn eftir stúdent með ágætiseinkunn og frá því ári, sem um ræddi, en styrkur aftur veittur manni, sem var útskrifaður fyr, en ekki hafði eins gott próf og hinn. Það verður ekki sjeð, hvað hefir valdið þessu, en hitt virðist vera nokkurn veginn augljóst, að sá stúdent, sem þarna var skilinn eftir, hefir orðið fyrir ranglæti. Sá stúdent, sem hjer ræðir um, heitir Bjarni Sigurðsson og er frá Akranesi, fátækur piltur og af fátækum kominn, og hefir sjálfsagt ekki átt hjer neina eftirtölumenn í höfuðstaðnum. Hann hefir stundað smíðar jafnframt náminu og hefir lagt mikinn hug á að læra húsagerðarlist, og er það eftir ráðum húsameistara ríkisins og Guðmundar prófessors Hannessonar. Svo mikinn hug hefir hann lagt á að halda áfram á þessari braut, að þótt hann fengi engan styrk, þá hefir hann samt sem áður náð í lán og er kominn til Svíþjóðar, til Stokkhólms, og stundar þar námið. Af meðmælum, sem hjer liggja fyrir, er það auðsjeð, að þetta er óvenjulega duglegur og efnilegur maður, og mjer finst, að það sje ekki gert annað með þessu en að rjetta hlut mannsins, veita honum jafnrjetti við þá, sem þegar hafa orðið aðnjótandi styrks. Það, sem jeg fer fram á með tillögunni, er það, að Bjarna Sigurðssyni sje veitt jafnrjetti á við þá menn, sem þegar hafa fengið þennan styrk eða loforð um hann, og að sá órjettur, sem hann hefir orðið fyrir við úthlutun styrksins, sje nú leiðrjettur af hv. deild.

Þá er önnur tillaga mín viðvíkjandi Hrafnkatli Einarssyni stúdent, sem hefir sótt um styrk til þingsins, en ekki ennþá fengið, til að ljúka hagfræðinámi og semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskiveiðar. Það hefir verið lagt fram langt brjef frá þessum manni um það, hvernig hann hefir hugsað sjer að haga þessari ritgerð sinni, og af því að hún á nær eingöngu að vera um fiskiveiðar okkar, varð mjer sjerstaklega starsýnt á það, sem hann skrifar. Brjefið er vitaskuld alt of langt til að fara nokkuð að ráði út í það, en með leyfi hæstv. forseta vildi jeg þó lesa upp úr því dálítinn kafla, til þess að sýna það í höfuðdráttunum, hvernig hann hugsar sjer að starfa að þessu verki. Hann skrifar á þessa leið:

„Hingað til hefir enginn hagfræðingur skrifað um fiskiveiðar alment,

líkt og gert hefir verið t. d. um landbúnaðinn. Þetta var aðalástæðan til þess, að próf. Spann" — hann hefir minst á hann hjer að framan, það er einn af kennurum hans, sem hefir hvatt hann til að skrifa um þetta efni — „eggjaði mig á að skrifa um þetta. Hann er sömu skoðunar og jeg, að þar sje stórt skarð ófylt í hagfræðivísindunum, þar sem hluta af frumframleiðslunni sje slept algerlega. Þetta er frá hreinvísindalegu sjónarmiði það mikilverðasta, og það er von mín, að jeg verði þessu viðfangsefni svo vaxinn, að jeg geti fylt út þessa eyðu. Fiskiveiðunum ber sjerstakt sæti í kenningum hagfræðinnar um frumframleiðsluna, við hliðina á landbúnaði og námagrefti. Það er ætlun mín að sýna fram á, að svo er; hingað til hefir enginn hagfræðingur gert það. Í sambandi við þetta er það afarmerkilegt frá vísindalegu sjónarmiði að sýna, að hverju leyti þjóðarbú, sem svo mjög er bygt á sjávarútvegi, sje „principielt" frábrugðið öðrum, sem byggjast aðallega á landbúnaði eða stóriðnaði eða hvorutveggja í sameiningu ..."

Jeg skal nú ekki tefja tímann lengur með því að lesa meira upp af því, sem Hrafnkell Einarsson hefir sagt í sínu erindi, en svo virðist, eftir öllu að dæma, sem hann hafi valið sjer bæði mjög merkilegt viðfangsefni og þarft, ekki hvað síst frá vísindalegu sjónarmiði. Og fari það svo, að hann leysi það vel af hendi, þá hygg jeg, að þjóðinni verði allmikill sómi að þessum manni, þar sem hann tekur sjer fyrir hendur að rita um þessa atvinnugrein frá vísindalegri og hagfræðilegri hlið, og nokkuð á annan hátt en gert hefir verið. Jeg þekki manninn að vísu ekki persónulega, en frá dómi þeirra manna, sem jeg hefi talað við og þekkja hann vel, er það að segja, að þeim ber saman um, að hann sje frábærlega vel gefinn maður, og gera sjer bestu vonir um starf hans í þágu vísindanna.

Læt jeg svo útrætt um þessa tvo menn, sem jeg hefi flutt brtt. um. Mjer hefir að nokkru leyti orðið starsýnt á þá, því að mjer virðist sem það hafi verið gengið fram hjá þeim. Og það er ekki laust við, að manni detti í hug, að þetta fari nokkuð eftir því, hve margir eftirtölumennirnir eru, sem mæla með mönnum, þegar verið er að sækja um styrki til Alþingis. En mjer finst, að það verði fyrst og fremst að líta á það, hve mikill hagnaður verður að þeim í framtíðinni, og sömuleiðis verður að líta á það, hvort þeir eiga efnaða foreldra eða aðra menn fjarskyldari, sem maður hefði ástæðu til að ætla, að vildu hjálpa þessum ættingjum sínum. En þegar er að ræða um alveg bláfátæka menn, sem berjast áfram af engum eða litlum efnum, þá er mikill munur á, það hljóta allir hv. þm. að sjá. Og þegar hið opinbera á annað borð er að hafa áhrif á framhaldsmentun þessara manna, þá ber því óhjákvæmilega skylda til að taka tillit til þess, hvernig ástatt er í þessu efni; því að það er illa farið, ef góðar gáfur eða dugnaður ekki getur notið sín vegna þess, að efnin vantar til að menta þann mann, sem í hlut á.

Ingvar Pálmason: Jeg á hjer eina litla brtt. ásamt háttv. 5. landsk. (J-

Bald). En það stendur nú svo á, að sú brtt. hróflar ekkert við upphæðum fjárlagafrv.; það er brtt. VII á þskj. 513, um stúdentagarðinn. Í frv. stendur: „enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög hafa verið sett um hana". Formaður stúdentagarðsnefndarinnar hefir mælst til þess við mig, að jeg flytti þessa brtt., og jeg taldi mjer skylt að verða við þessari beiðni, eftir að hann hafði fært mjer rök fyrir því, að hún væri nauðsynleg. En rökin eru þau, að stúdentagarðsnefndin hefir ákveðið, að ekki verði samin lög um garðinn, heldur aðeins sett um hann skipulagsskrá, er fengi svo samþykki stjórnarráðsins. Af þessu er nauðsynlegt, að inn í aths. komi heimild um það, að byrja megi á verkinu eftir að samþykt hefir verið skipulagsskrá fyrir stúdentagarðinn.

Þetta ætti ekki að raska neitt þeirri tryggingu, sem felst í aths., því að í báðum tilfellum verður stjórnarráðið að veita samþykki sitt, svo að það ætti að vera nákvæmlega jafnmikil trygging fólgin í því, að ekki má byrja á að byggja stúdentagarðinn fyr en skipulagsskrá er samþykt af stjórnarráðinu eins og að lög fyrir hann væru samþykt. Jeg vona þess vegna, að hv. deildarmenn skilji, hvað átt er við með þessari brtt., og að þeir fallist á, að ekki sje neinu raskað með því, sem felst í henni. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. brtt.

En úr því að jeg stóð upp á annað borð, vildi jeg minnast lítillega á eina brtt., sem er á þskj. 513. Jeg lít svo á, að þegar er um eftirlaun starfsmanna að ræða, sem ákveðin eru af þinginu, en ekki miðast við nein lög, þá sje þess gætt, að ekki sjeu allir settir við sömu jötu. Aðstaðan er oft svo misjöfn, að það er fyllilega sanngjarnt, að eftirlaunin sjeu mismunandi. Jeg get tekið það fram um þennan mann, sem þessi liður á við, að hann hefir gegnt póstsstarfi um eða yfir 40 ár. Jeg hefi ekki sjeð mann þennan nema einu sinni, og var hann þá í póstferðum fyrir föður sinn frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði. Þetta var 1890, og var jeg honum samferða 2 dagleiðir, ásamt nokkrum Norðlendingum og þar á meðal einum kvenmanni, yfir Holtavörðuheiði og ofan Norðurárdal. Af því að mjer er þessi atburður minnisstæður, þykir mjer rjett að geta hans hjer, því að hann sýnir bæði framúrskarandi dugnað og samviskusemi þessa manns, þegar frá því fyrsta. Daginn, sem við fórum yfir Holtavörðuheiði, var snjóhríðarveður og ófærð svo mikil, að varla varð komist yfir heiðina. Við vorum 12 tíma frá Grænumýrartungu að Fornahvammi og vorum með 27 hesta. Jeg verð að segja það, að hefði Hans „pósts" ekki notið þar við, þá hefði orðið mannskaði á Holtavörðuheiði þann dag. En honum tókst að leiða okkur farsællega að Fornahvammi, og þar fengum við hinar bestu viðtökur og góða hvíld, öll nema Hans póstur. Hann fór ekki af fötum, en var alla nóttina hvíldarlaust á ferð milli hesta sinna, að brynna þeim, færa þeim hey o. s. frv. Af því mjer flaug í hug þessi liðni atburður í sambandi við till., gat jeg ekki stilt mig um að geta hans hjer. Jeg er viss um, að fleiri slík til-

felli hafi komið fyrir þessi 40 ár, sem Hans hefir gegnt póststörfum á þessum svæðum. Og eftir því, sem hv. 1. landsk. (JJ) gat um, á hvern hátt hann hefir nú losnað við þetta starf, þá finst mjer öll sanngirni mæla með því, að hann verði ekki settur við sömu jötu og aðrir póstar, sem ef til vill hafa starfað í 10—15 ár, þó að segja megi, að þeir eigi auðvitað alt gott skilið. Jeg leyfi mjer því að mæla fastlega með þessari sjálfsögðu till.

Frsm. (Einar Jónsson):* Hv. flm. till. hafa nú talað svo skýrt fyrir þeim, að jeg sje enga ástæðu til þess að fara að minnast á þær hverja út af fyrir sig, enda er það svo, að sá, sem málið flytur, er því kunnugastur. Jeg ætla því ekki að fara neitt út í þessar till., hvorki af minni hálfu nje nefndarinnar. Það er nú svo, að það er í raun og veru óþarft að vera að gera grein fyrir atkv. sínu. Það er nóg að atkvgr. skeri úr.

Það eru hjer 2 till. frá nefndinni, sem jeg mintist ekki á áðan. Eru það hvorttveggja lánsheimildir og eiga við 22. gr. Önnur till. er um lán til Steinamanna. Það vildi svo til í vetur, að vatnsflóð og skriða hljóp á bæina og lagði tvö býli algerlega í auðn og eyðilagði um leið alt, sem þar var innanhúss. Skaðinn er metinn um 7800 kr. Mönnum þessum hefir verið hjálpað nokkuð með samskotum, og þó að skaðinn sje þeim ekki að öllu bættur, þá kom sú hjálp þó í góðar þarfir. Jeg hygg, að það hafi ekki verið hvað síst Reykvíkingar, sem áttu þakkir skilið fyrir að bregðast skjótt við, eins og svo oft áður hefir fram komið. Jeg hefi heyrt, að samskotin úr Reykjavík einni hafi verið um 3000 kr. Einnig var reynt að hlynna að þeim af samsýslungum þeirra. En þess ber nú að gæta, að það eru ekki þeir, sem sækja til þingsins um þennan styrk, heldur eigendur jarðanna, því að landsspjöll urðu þarna tilfinnanleg og heyin eyddust. Skaðinn á löndum jarðanna hefir verið metinn, og kom þá í ljós, að 200 hesta tún var alveg komið í auðn, og að engjastykki, sem gefið hefir af sjer um 250 hesta, liggur nú undir skriðu og er einnig gereyðilagt. Þá fyltust og matjurtagarðar 5 bænda af aur og grjóti, og verður að búa til nýja. Landeigendur sækja nú um þennan styrk meðfram af því, að þeir búast við, að hægt verði með nokkrum kostnaði að koma í veg fyrir, að skriður falli á tún og engjar, og hafa þeir fengið loforð um athugun frá Búnaðarfjelagi Íslands af verkfróðum manni. Nefndin taldi sjer þó ekki fært að veita styrk, vegna þess mikla bunka af styrkbeiðnum, sem legið hefir fyrir, en vildi heldur veita 3000 kr. lán í von um, að háttv. deild sýndi þá sanngirni að samþ. það.

Hin brtt., XXV, er um stærri lánsheimild. Jeg er ekki eins kunnugur þar, en jeg hygg þó, að það sje álíka mikil sanngirni, sem mælir með því, að veitt sje 120 þús. kr. lán til hafnarbóta á Siglufirði. Nefndin veit, að þessa er mikil nauðsyn, og leggur því til, að hv. deild sæi sjer fært að verða við þessu.

Við brtt. IV á þskj. 513 hefir nefndin lagt til, að komi ofurlítil viðaukatill. Þar var ákveðið, að 10 þús. kr. færu til símalagningar í Húnavatnssýslu.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Er farið fram á, að bætt verði við orðunum „alt að", því að það hefir verið upplýst af landssímastjóra, að kostnaðurinn við þessa fyrirhuguðu símalínu kæmi ekki til að nema allri upphæðinni. Nefndinni þótti því rjett að slá þennan varnagla.

Brtt. V er aðeins orðabreyting. Nefndin fjekk fyrir skemstu að vita, að þessi „Hellisboði" heitir rjettu lagi Helluboði, og þótti henni því rjett að lagfæra það. Þessi boði er út af Siglufirði, á hinni svokölluðu Siglufjarðareyri, og dregur nafn sitt af hellu.

Eins og jeg gat um áðan, álít jeg ekki þörf að fara að minnast á hinar einstöku brtt., sjerstaklega þar sem flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim. Nefndin er á móti ýmsum þeirra, á mörgum stöðum er hún skift, en á öðrum hefir hún óbundin atkv. En það kemur í ljós við atkvgr., hvernig því er háttað. (**Forseti HSteins:** Jeg vil vekja athygli hv. frsm. á því, að æskilegt væri, að hann skýrði frá afstöðu nefndarinnar til hinna einstöku brtt., hverrar fyrir sig). Ef þess er óskað, er velkomið að jeg geri það, en annars ætlaði jeg að reyna að stuðla að því, að þessu máli yrði lokið sem fyrst.

Jeg ætla þá að byrja á till. og tek þær eftir röð. Brtt. I er nefndin á einu máli um að vera á móti. Um II. brtt. hefir hún óbundin atkv. Um III. brtt. er nefndin skift, og voru þó fleiri, sem gáfu í skyn, að þeir væru á móti till. Jeg hefi áður minst á IV. og V. brtt., en þær eru báðar frá nefndinni. Nefndin er öll á móti VI. brtt. VII. brtt. er um aths. við stúdentagarðinn, og styður nefndin hana. VIII. brtt. er frá hv. þm. Vestm. (JJós) og er um styrk til Bjarna Sigurðssonar stúdents. Um hana hefir nefndin óbundin atkv. Háttv. þm. Vestm. tók þessa till. aftur við 2. umr., en ekki kunni jeg við umsögn hans um það, af hverju nefndin hefði ekki tekið hana upp. Hann fullyrti, að í þessu væri órjettlæti. Er það nokkuð sterkt að orði komist, því að það væri ef til vill hægt að finna marga, sem ættu eins mikinn rjett á að vera styrktir og þessi maður eða aðrir, sem þess hafa orðið aðnjótandi. Um b-lið þessarar till. hefir nefndin einnig óbundin atkv., líka um IX. till.

Nefndin er samþykk því, að X. brtt. nái fram að ganga, en það er nýr liður um styrk til þess að kaupa listaverk. Sama má segja um XI. brtt., sem er um að þetta skuli gert eftir till. þjóðminjavarðar. Annars fanst nefndinni rjettast að fela stjórninni þetta, en hún getur þá auðvitað farið eftir till. þjóðminjavarðar, en þarf samt ekki að vera bundin af þeim.

Um XII. brtt. hefir nefndin óbundin atkv. Um XIII. brtt., sem er í sambandi við þá XXIV., er það að segja, að ef fyrri liðurinn verður feldur, þá mun nefndin fylgja varatill. Annars er hún á móti XIII,a, en skift um hina. XIV. brtt. mun nefndin fylgja með þeirri viðbót, að þetta sje í viðurkenningarskyni í eitt skifti fyrir öll. Þetta kann nú að þykja ónóg, og þá er að koma með skriflega brtt., ef hæstv. forseti tekur hana gilda. (**Forseti HSteins:** Það eru komnar fram tvær aðrar, svo að jeg mun að sjálfsögðu gera það).

Um styrkinn til Einars Markans er nefndin óbundin. Annars þekki jeg

ekkert þennan mann, en skal bæta því við í sambandi við till. hv. þm. Vestm. (JJós), að hjer má altaf bæta við, ef fullkomið samræmi á að vera í þessum styrkveitingum.

Nefndin er á móti XVII. brtt., sem er um það að hækka styrkinn til Sigurðar Skúlasonar. Um XVIII. brtt. frá hv. 2. landsk. (IHB), um styrk til Kvenrjettindafjelags Íslands, er nefndin óbundin, en fleiri eru þeir þó, sem fylgja till. XIX. og XX. brtt. hefi jeg minst á áður, en þær eru báðar frá nefndinni.

Nefndin er mótfallin XXI. brtt., sem er hækkun á eftirlaunum Hans Hannessonar pósts. Þau eru nú 300 kr., og er það í samræmi við það, sem aðrir póstar fá. Þá er nefndin líka mótfallin aths. við styrkinn til Einars Benediktssonar. Finst henni ekki rjett að fara að hrófla neitt við því, sem samþ. hefir verið, og þóttist ganga hjer nógu langt, þó að hún mælti ekki með því, að farið væri að greiða sömu upphæð á yfirstandandi ári.

XXIII.—XXV. till. hefi jeg talað um áður. En XXVI. brtt. er um uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarláni Innri-Akraneshrepps 1927—1928. Nefndinni var gefin skýrsla um það, að þetta væri mjög sanngjörn krafa móts við það, sem sum önnur hreppsfjelög hafa fengið. Vonar nefndin því, að þessi till. verði samþ. (**JBald:** Hvað verður þetta mikið í peningum? **Forsrh. JÞ:** Lánið alt er 3000 kr.).

Vil jeg svo þakka hv. þdm., hve skýrt þeir hafa talað fyrir brtt., en með því hafa þeir tekið af mjer mikið ómak. Einnig er jeg þakklátur fyrir það, með hve mikilli spekt þetta mál hefir nú verið rætt. Jeg kunni þó ekki við orð hv. 5. landsk. (JBald). Hann vildi bera á meiri hl. deildarinnar, sem er Íhaldsflokkurinn, og nefndina hlutdrægni við niðurfærslur upphæðanna í fjárlagafrv. En þetta er ekki rjettmæt aðdróttun, því að nefndin fór alveg hlutfallslega rjett og óeigingjarnt að þessu, án tillits til flokka, enda var samkomulagið hið besta. Og að meiri hl. hafi ekki viljað sinna styrkbeiðnum frá andstæðingunum er langt frá því að vera rjett, því að hlutföllin voru svo vönduð, sem þess var kostur.

Brtt. á þskj. 516 komu svo skyndilega, að jeg get ekkert um þær sagt, að minsta kosti ekki frá nefndinni. Hún mun sýna með atkv. sínu, hvernig hún tekur í þær. — Jeg sje svo ekki ástæðu til að tefja meira umr. og læt þetta nægja.

Jóhann Jósefsson: Af því að hv. frsm. (EJ) virtist misskilja það, sem jeg sagði um Bjarna Sigurðsson stúdent, þá verð jeg að segja nokkur orð til þess að leiðrjetta það. Jeg var ekki að átelja nefndina fyrir að hafa sýnt ósanngirni, en jeg benti á, að þessi maður hefði orðið útundan við úthlutun stúdentastyrksins. En í því felst engin ásökun til fjvn. Ed., eins og mjer fanst háttv. frsm. taka það. Það var, eins og jeg sagði áðan, gengið fram hjá þessum manni og hann misrjetti beittur, þar eð manni af öðrum árgangi og þar að auki með lægri einkunn var veittur styrkurinn. Jeg vona, að háttv. þm. taki þessa leiðrjettingu mína til greina, því að það var fjarri mjer að vera að ásaka nefndina. Mjer fanst nauðsynlegt að

gefa þessar upplýsingar til þess að fyrirbyggja misskilning, enda vildi jeg síst, að þessi fátæki en efnilegi maður liði neitt við það.

Guðmundur Ólafsson: Jeg var að blaða í fjárlagafrv. undir umræðunum og rakst þá á dálítið í 22. gr., sem fjvn. hefir skotist yfir, þegar hún gerði sínar brtt. Það er við 8. liðinn, um að veita Jóni Stefánssyni málara 10 þús. kr. lán til þess að reisa sjer vinnustofu. Við það er það að athuga, að þar er ekkert minst á vexti og því síður endurgreiðslu. Jeg hefi því komið með skriflega brtt. þess efnis, að aftan við liðinn bætist, að lánið ávaxtist með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum. Það hlýtur að vera af óaðgæslu, að þetta hefir komist svona inn hjá hv. Nd. Það hefir víst aldrei sjest fyr, að ekki hafi verið settir skilmálar um vexti og endurgreiðslu af viðlagasjóðslánum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætla ekki að fara hjer að ræða brtt. einstakra hv. þm., en vildi núna fyrir atkvæðagreiðsluna minna á það, að þessi hv. deild vann það þrekvirki við 2. umr. að skila fjárlagafrv. tekjuhallalausu og meira að segja með ofurlitlum tekjuafgangi. En nú er það svo, eftir þeim brtt., sem fram eru komnar, að það getur brugðist til beggja handa, hvort deildin getur haldið þessu heiðursorði. Mjer virðist, eftir þeim tillögum, sem fram eru komnar, og afstöðu hv. fjvn. til þeirra, að svo muni geta farið, að tekjuafgangurinn breytist í dálítinn tekjuhalla. En það er þó nokkur munur á því að geta sagst hafa skilað fjárlögunum tekjuhallalausum heldur en með tekjuhalla, þótt lítill sje.

Þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um 22. gr., um heimildirnar til þess að lána fje úr viðlagasjóði. Jeg hefi látið þær afskiftalausar við meðferð fjárlagafrv. í þetta sinn, meðfram vegna þess, að jeg hefi álitið, að það geti eins vel orðið einhver annar en jeg, sem býr að heimildum fyrir árið 1928. Mín skoðun er sú, að það sje engin von til þess, að stjórnin geti notað allar þessar heimildir eða veitt öll þau lán, sem heimiluð eru úr viðlagasjóði á árinu 1928. Ef jeg ætti að velja um, hvað ætti að veita og hverju ætti að neita, þá mundi jeg láta sitja fyrir lán til nytsamlegra, verklegra framkvæmda, sem líkleg eru til þess að geta skilað fjenu aftur á sínum tíma, en heldur láta sitja á hakanum að veita málurum lán til þess að koma upp vinnustofu. Jeg er sannfærður um það, að slík lán eru vandræðagripir fyrir viðlagasjóðinn. Það er hætt við því, að þingið miskunni sig fyr eða síðar yfir slíka menn og gefi þeim upp lánin. En það á ekki að nota viðlagasjóðinn svo, til þess að draga hulu yfir styrkveitingar úr ríkissjóði.

Hv. 5. landsk. (JBald) var að saka Íhaldið um hlutdrægni og tók máli sínu til stuðnings óheppilegt dæmi, till. frá hv. fjvn. um eftirgjöf vaxta og afborgana af láni Innri-Akraneshrepps á árinu 1927—'28. Mjer skilst, að þetta hafi verið borið fram til samræmis við aðrar eftirgjafir, sem þegar eru komnar inn, eftirgjöf til Árneshrepps, Grunnavíkurhrepps og Gerðahrepps. Það verður að bera þessa eftirgjöf saman við annað en þessar hlið-

stæðu eftirgjafir. Annars skal jeg ekkert frekar segja um þessa tillögu. Jeg er ekki sannfærður um, að það hafi verið ástæða til þess að gefa eftir vexti og afborgun af þessu litla láni. Öðru máli var að gegna um hina hreppana, sem búið var að samþykkja. Þar var um stærri upphæðir að ræða og því erfiðara fyrir hreppana að standa straum af þeim.

Þá er stjórninni ennfremur í 23. gr. heimilað að gera ýmislegt, svo sem að kaupa hús á Sauðárkróki og jörð í Kelduhverfi o. fl. Jeg skal taka það fram um alla þessa liði, að jeg tel enga stjórn bundna við svona lagaðar heimildir, nema henni á sínum tíma, að öllum málavöxtum athuguðum, virðist rjett að nota þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegar brtt. (verða þskj. 521, I—III) leyfð og samþ. í e. hlj.

Forseti (HSteins): Út af brtt. hæstv. fjrh. (JÞ) á þskj. 316 skal jeg geta þess, að í 3. málsgr. 32. gr. þingskapanna segir svo, að „breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi ....“

Nú er það að vísu svo, að það atriði, sem felst í brtt. hæstv. fjrh., hefir ekki verið felt í þessari hv. deild, en hefir hinsvegar verið samþ. hjer við 2. umræðu. En jeg tel, að samkvæmt þingsköpunum beri að líta svo á, að sama gildi um samþ. brtt. og þær, sem feldar hafa verið, enda er sá skilningur í samræmi við úrskurð, sem jeg feldi á síðasta þingi um samskonar atriði. Samkvæmt þessu verð jeg að líta svo á, að síðari brtt. (aðaltill.) á þskj. 516 geti ekki komið til atkvæða, og vísa jeg henni frá. Hinsvegar tel jeg sjálfsagt, að varatill. á sama þskj. verði tekin til greina, og mun jeg láta hana koma til atkvæða.

Að svo mæltu hefst atkvæðagreiðslan.

Brtt. 513,I samþ. með 8:6 atkv.
— 513,II samþ. með 9:4 atkv.
— 521,I (aðaltill.) feld með 7:6 atkv.
— 521,I (varatill.) samþ. með 10:2 atkv.
— 513,III feld með 7:6 atkv.
— 516,I feld með 8:5 atkv.
— 513,IV samþ. með 10:1 atkv.
— 513,V samþ. án atkvgr.
— 513,VI (fyrri liður) feld með 7:5 atkv.
— 513,VI (síðari liður) samþ. með 8:5 atkv.
— 513,VII samþ. í e. hlj.
— 513,VIII.a samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JJós, JBald, JJ, JKr, MK, EJ, HSteins.

nei: GÓ, JóhJóh. JÞ, BK, EÁ.

Brtt. 513,VIII.b samþ. með 9:4 atkv.
— 513,IX samþ. með 9:4 atkv.
— 513,X feld með 9:5 atkv.
— 513,XI (aðaltill.) tekin aftur.
— 513,XI (varatill.) feld með 7:7 atkv.
— 513,XII samþ. með 8:5 atkv.
— 513,XIII.a feld með 9:4 atkv.
— 513,XIII.b samþ. með 8:6 atkv.
— 521,II. feld með 11:1 atkv.
— 513,XIV samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JBald, JJ, MK, EJ, HSteins.

nei: JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EÁ.
Brtt. 513,XV feld með 10:3 atkv.
— 513,XVI samþ. með 9:4 atkv.
— 513,XVII feld með 7:5 atkv.
— 513,XVIII samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, IP, JJós, JKr, MK, BK, EJ, HSteins.
nei: JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, EÁ, GÓ.
Brtt. 513,XIX—XX samþ. með 13 shlj. atkv.
— 513,XXI feld með 8:3 atkv.
— 513,XXII tekin aftur.
— 516,II (aðaltill.) vísað frá.
— 516,II (varatill.) samþ. með 8:5 atkv.
— 513,XXIII samþ. með 13 shlj. atkv.
— 513,XXIV samþ. með 8:4 atkv.
— 521,III samþ. með 11 shlj. atkv.
— 513,XXV samþ. með 8:3 atkv.
— 513,XXVI samþ. með 9:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 523).

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 523, 536, 545, 550, 552, 554, 555).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 550, 552, 554 og 555. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. fyrri kaflans (Þórarinn Jónsson): Brtt. þær, sem fram hafa komið frá fjvn., eru nú með öðrum hætti en venja er til, vegna þess að nefndin hefir klofnað. Jeg vil taka það fram, að afstaða mín til brtt. og nefndarinnar er sú, að jeg gerði engar kröfur til þess, að nefndin klofnaði, enda þótt jeg liti öðruvísi á brtt. meiri hlutans; slíkt hefir ætíð verið svo, að meira eða minna leyti, án klofnings í nefndinni. Jeg tala hjer því aðallega fyrir sjálfan mig, nema að því leyti, sem jeg sem frsm. fyrri kaflans minnist á breytingar þær, sem á frv. eru orðnar, síðan það fór hjeðan úr þessari deild, og þó mun jeg fara fljótt yfir sögu.

Jeg get ekki minst á frv. eins og það kemur frá hv. Ed. án þess að víkja að því nokkrum orðum, hvernig fjvn. hv. Ed. farast orð í nál. um afgreiðslu fjárlagafrv. frá þessari hv. deild og störf fjvn. hjer. Í fyrsta lagi eru þar talsverðar ákúrur frá fjvn. Ed. til fjvn. Nd., um að hún sje sein í svifum um afgreiðslu málsins.

Það má ef til vill álasa henni fyrir þetta, en þeir, sem lengi hafa starfað í nefndinni, vita, hve miklar tafirnar eru. Þá hefir hún ýmislegt það fram yfir Ed., sem tekur hana mestan tíma, svo sem heimsóknir og viðtöl við menn, sem er því meira, er fleiri erindi liggja fyrir. Jeg vil ekki þar með segja, að hv. Ed.-nefndin losni alveg við þetta, en alt er það miklu minna, sem til hennar kasta kemur. Það er engin dygð, þótt nefnd Ed. sje fljótari; hún getur byrjað starf sitt þegar í þingbyrjun, jafnt og Nd.-nefndin, og fær öll skjöl frá henni jafnóðum. Hún á því ekkert annað eftir, þegar fjárlagafrv. kemur hjeðan, en að gera brtt. og semja nál. Það virðist mjer hún ekki hafa gert á skemri tíma en búast mátti við, því að þeim störfum

hefir nefnd Nd. lokið á þrem dægrum. Nefnd Ed. tekur það fram, að það sje hennar verk að nema burt tekjuhallann. Það er að vísu góðra gjalda vert, en þá vil jeg minnast þess, að nefnd Nd. hafði ásett sjer, eins og jeg lýsti yfir fyrir hönd nefndarinnar við 3. umr. málsins hjer í deildinni, ef fjárlagafrv. færi eins og það var gegnum báðar deildir, að þá yrði næsta verk hennar að jafna tekjuhallann, en til þess yrði að ganga á verklegar framkvæmdir. Þetta hefir fjvn. Ed. því gert eftir tillögum nefndarinnar hjer, og hefir það komið verst niður á þeim kaflanum, sem mjer heyrir til. Til þess hefir hún orðið að lækka fjárveitingu til landhelgisvarna, vega- og brúagerða og símalagninga að miklum mun. Það, sem þurfti til þess að nema burt tekjuhallann, hefir nær eingöngu verið tekið af þessum kafla.

Þá get jeg ekki gengið fram hjá því, er segir í nál., að fjvn. hjer hafi oft gripið til þess ráðs að hækka tekjuliðina, en að fjvn. Nd. hafi ekki lagt út í það „að þessu sinni". Jeg vísa því fastlega frá nefnd Nd., að hún hafi nokkru sinni lagt það til að hækka tekjuáætlunina til þess að jafna tekjuhallann. Og þótt það hafi komið fyrir, að hún hafi lagt til að hækka tekjuáætlunina, þá hefir það verið mjög varlega gert, og reynslan sýnt, að þar var í hóf stilt. Nú hafði nefndin, sem kunnugt er, lagt það til að *lækka* tekjuáætlunina. Mjer finst því harla óviðeigandi að kasta því fram rakalaust í annari deildinni, sem má verða til óvirðingar hinni.

Jeg hefi minst á stærstu liðina, sem fjvn. Ed. hefir breytt, en nú vil jeg minnast á einstakar brtt. aðrar, þar sem nefnd Ed. leggur til, að þeir liðir verði lækkaðir, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki geta lækkað. Þannig leggur nefndin til að lækka fjárveitingu til yfirskattanefnda niður í 40 þús. kr. Jeg sje enga leið til þess, að þessi liður geti lækkað, en þykir gott, ef hann verður ekki hærri en áætlað er í frv. Í landsreikningnum 1925 hefir þessi liður verið 48 þús. kr. Það má að vísu segja, að undirbúningur undir nýtt jarðamat byrji ekki strax, en samt sem áður sje jeg engar líkur til þess, að hægt verði að draga úr þessu. Þá hefir nefndin lagt það til að fella niður styrk til Kjósarlæknisins. En þar sem enginn læknir er skyldugur til þess að gegna þar læknisstörfum, verður að veita styrk til þess að einhver fáist til að gegna þeim. Þetta er því enginn sparnaður, enda sá deildin þar betur og feldi till. Margar slíkar till. eru í síðari hlutanum.

Við 12. gr. er brtt. um það frá fjvn. Ed. að lækka styrk til sjúkraskýla og læknabústaða um 15 þús. kr. Mjer er ekki vel ljóst eftir nál., hvernig í þessu liggur eða út á hvað það á að ganga. Við 3. umr. fjárlagafrv. hjer hækkaði þessi styrkur um 15 þús. kr. Þar af áttu 8 þús. kr. að ganga til Reykhóla, en 7 þús. kr. voru eftirgjöf á láni til Þistilfjarðarhjeraðs til sjúkraskýlis á Þórshöfn. Verður ekki betur sjeð en að það sjeu þessar 15 þús. kr., sem feldar eru niður. Ef ekki er sú meiningin með lækkuninni að nema þetta brott, þá verður að ganga út frá því, að þessi upphæð sje tekin af því, sem ætlað er til sjúkraskýlisbygginga, viðgerða o. s. frv. En þetta eru lofaðar upphæðir, sem ekki er

hægt að komast hjá að greiða, ef ekki á þessu ári, þá strax á næsta nýári. Það var gert ráð fyrir að byggja sjúkraskýli og læknishús í Hofsóshjeraði. Þetta var það eina, sem hugsanlegt var að hægt væri að ganga á, ef ekki yrði bygt þar. En það nægir ekki heldur upp í þessi 15 þús. Það virðist því ekkert geta fallið út af þessum lið, nema þetta, sem jeg nefndi, ef ekki á að verða alt sem ógert. Eins og við vitum, var þetta tekið inn með ákveðnum meðmælum landlæknis og að þeim upplýsingum fengnum, að þar væri alt undirbúið, sem venja er til, og ekkert vantaði, nema að ríkissjóður legði fjeð fram.

Jeg veit ekki, hvort jeg hirði um að gera fleiri athugasemdir við gerðir fjvn. Ed. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á eina brtt., sem kemur mjer dálítið við. Það er um lækkun styrks til raflýsingar á Blönduósskóla, úr 6000 kr. í 4000 kr. Þar í deildinni virðist hafa verið sjerstök flokkssamþykt um þennan lið, en á öðrum till., svo sem styrk til einstakra manna, verður ekki sjeð, að neitt slíkt hafi átt sjer stað. Þá er það mjög óviðfeldið, að þessar 2 þús. kr. skuli lagðar til kvennaskólans í Reykjavík. Vil jeg leyfa mjer að sýna, hve þetta er ósanngjarnt. Eins og deildin veit, hefir verið tekin ákveðin stefna um það, hve mikið ríkissjóður á að greiða við byggingu slíkra skóla. Áður bygðir skólar hafa einnig fengið líkan styrk, t. d. hefir Hvítárbakkaskólinn fengið þennan styrk, og það eftir dýrtíðarvirðingu á húsunum. Blönduósskólinn hefir engan styrk fengið. Þó mætti ef til vill segja, að skólinn hafi fengið eitthvað í þessa átt, þegar hann fjekk styrk til miðstöðvarlagningar í fyrra. Nú hefir skólinn verið raflýstur, sem er alveg nauðsynlegt. Þótt þessi upphæð verði tekin af byggingarstyrknum, er enn mikið eftir, vegna þess að skólahúsið er svo dýrt, miklu dýrara en önnur skólahús, sem hjer geta komið til samanburðar. Af þessum styrk er svo tekið miklu meira en af öðrum styrkjum; í stað þess að nema burt af honum $^1/_7$ eða $^1/_5$, eins og af flestum öðrum, er tekinn $^1/_3$ af honum og lagt til rekstrarkostnaðar við kvennaskólann í Reykjavík.

Í fyrra lá frv. fyrir þinginu um að gera kvennaskólana á Blönduósi og í Reykjavík að ríkisskólum, og var jeg því fylgjandi vegna þess, hvað skólann í Reykjavík snerti, að hann getur aldrei orðið sjermentunarskóli, nema þing og stjórn fái full umráð yfir honum. Með því fyrirkomulagi, sem nú er á skólanum, hlýtur hann að verða lagður niður, þegar gagnfræðaskóli kemur í Reykjavík, nema þá ef til vill sú sjermentunardeild, sem í skólanum er.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að aðstaða mín gagnvart fjárlagafrv. er sú, að jeg gæti gengið á móti hverri till. til hækkunar. En þegar jeg sá brtt. koma hvaðanæfa, kom jeg líka með brtt., en verði það að samkomulagi að taka þær allar aftur, mun jeg að sjálfsögðu taka mínar brtt. aftur líka. Þangað til fer jeg fram á, að rekstrarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi hækki um 3000 kr. Skólinn hefir hingað til starfað frá 15. okt. til 14. maí, en á nú að starfa frá 15. sept. til 20. júní. Það er fyrirsjáan-

legt, að ekki verður hægt að halda uppi kenslu svona lengi án aukins styrks, nema því aðeins að leggja mjög mikið á hjeraðið.

Jeg hefi nú minst á brtt. mínar, nema eina, við þennan fyrri kafla. Þessi brtt. er við 13. gr., um símalagningar. Ef sími verður lagður fram að Ási í Vatnsdal, hafði jeg hreyft því í nefndinni að fá línu frá Lækjamóti að Breiðabólsstað.

Þegar jeg átti tal um þetta við landssímastjóra, þá lagði hann á móti því, að línan í Vatnsdalinn yrði lögð. Aftur á móti hafði hann góð orð um, að þessi Breiðabólsstaðarlína yrði lögð um leið og línan frá Borðeyri til Sauðárkróks; það kostaði litla fyrirhöfn, og kostnaðurinn við það ekki meiri en um 3—4 þús. kr.

Jeg hefi gert þá brtt., að á línunni frá Ási verði ákveðin stöð í Flögu, og finst mjer það sjálfsagt, þar sem þar er eitt af stærstu og best bygðu býlum hjer á landi. Ábúandi hefir einnig mjög mikla þörf fyrir síma, þar sem hann rekur verslun á Blönduósi. Að öðru leyti vil jeg ekki hagga neinu, sem áður er ákveðið, og tel sjálfsagt að hafa stöð austan árinnar. Vænti jeg þess, að deildin verði ekki á móti þessari till. minni, en samþykki hana, þegar til atkvæða kemur. En taki jeg þessa brtt. aftur, ef til samkomulags dregur, þá vil jeg skjóta því til stjórnarinnar, að þetta verði gert.

Þá á jeg eina brtt. við síðari kaflann, 23. gr., um styrk til Eimskipafjelags Íslands, að fyrir 85000 kr. komi 55000 kr. Stjórninni er þar heimilað að greiða 85000 kr. til fjelagsins, en þessi upphæð hefir undanfarið verið 60000 kr. Brtt. þessi kom frá hæstv. atvrh. og var samþykt. Ástæðan til brtt. minnar er sú, að jeg tel ekki rjett að heimila frekari greiðslu út af byggingu „Brúarfoss" en áður hafði verið gert, vegna þess að enn verður ekki sjeð, hvernig rekstur hans verður. Jeg tel því þetta of fljótt, þótt ef til vill verði ástæða til þess síðar. Í þessu sambandi get jeg ekki stilt mig um að minnast á afstöðu fjelagsins til samgangna á Húnaflóa, hvað „Brúarfoss" snertir og jafnvel önnur skip. Þar gengur aðeins „Esja" og „Goðafoss" aðeins í annari leið sinni, frá útlöndum. Jeg verð að átelja þetta og hygg, að fjelagið gæti hagað þessu betur, enda ekki minni ástæða fyrir það að hlynna að samgöngum á Húnaflóa en annarsstaðar. Til þess að bera saman, hvort flutningsþörf er ekki eins mikil á Húnaflóa og Skagafirði, hefi jeg tekið upp tölur úr hagskýrslunum um aðfluttar og útfluttar vörur frá þessum stöðum frá árunum 1922—1924. Árið 1922 eru útfluttar vörur frá höfnum á Húnaflóa fyrir 760 þús. kr., en úr allri Skagafjarðarsýslu fyrir 648 þús. kr. Mismunurinn er rúmar 110 þús. kr. Innflutningur er svipaður, en ef borinn er saman útflutningur frá einstökum höfnum á því ári, þá er útflutningur frá Sauðárkróki að vísu 40 þús. kr. hærri en frá Blönduósi einum, sem hafði flutt út fyrir 492 þús. kr. Jeg geri ekki þennan samanburð á Blönduósi og Sauðárkróki fyrir annað en það, að „Brúarfossi" er ætluð viðkoma í *hverri einustu* ferð á Sauðárkróki.

En 1923 er munurinn orðinn miklu meiri. Þá er frá Sauðárkróki útflutt fyrir 644 þús. kr., en frá Blönduósi

einum fyrir 1147 þús. kr., eða nær helmingi hærri upphæð. Þá er frá Hvammstanga útflutt fyrir 277 þús. kr. og frá Skagaströnd fyrir 273 þús. kr. Og enn er ótalinn ca. ⅓ af útfluttum vörum frá Borðeyri, sem heyrir til Húnavatnssýslu. En frá allri Skagafjarðarsýslu er útflutt fyrir 798 þús. kr., en frá Húnavatnssýslu fyrir 1780 þús. kr., eða nær 1 milj. kr. hærri upphæð. Aðfluttar vörur eru þá líka hærri. Hvort mun þá minni ástæða fyrir viðkomu skipa á Húnaflóa en á Skagafirði?

Árið 1924 mun mega játa það, að Sauðárkrókur hafi verið aðeins hærri en Blönduós einn, en þá var Hvammstangi með 277 þús. kr. Allur útflutningur það ár nam í Skagafjarðarsýslu allri 1242 þús. kr., en í Húnavatnssýslu 1940 kr. Einnig voru þá aðfluttar vörur talsvert hærri.

Þessar tölur ættu gera það ljóst, að það væri full ástæða fyrir Eimskipafjelagið að haga viðkomum í Húnavatnssýslu ekki ver en annarsstaðar.

En svo mjög sem þetta hjerað hefir verið afskift hingað til, þá tekur þó út yfir með viðkomur hins nýja skips „Brúarfoss". Þar er sjerstaklega á það að líta, að verkefni „Brúarfoss" á að vera það að koma á markaðinn frystum vörum, sem ekki voru áður tök á að senda út eða milli hafna innanlands. Með tilliti til þess lagði ríkissjóður fram mikið fje til byggingar þessa skips, svo að það annaðist þessa flutninga alveg laust við það, hvaða hjeruð eiga í hlut. En það virðist nú svo, að það sje beinlínis níðst á þessu hjeraði. „Brúarfoss" hefir viðkomu á Sauðárkróki í hverri einustu ferð, en enga á Hvammstanga. Nú er Húnavatnssýsla mesta laxveiðahjerað á Norður-, Austur-, og Vesturlandi, og þyrfti því kæliskipið að hafa viðkomur þar í júlí og ágúst, að minsta kosti, til þess að hægt væri að koma laxinum nýjum á markaðinn. Jeg geri ráð fyrir, að ætla megi, að lax úr þessu hjeraði muni nema um eða yfir 20 tonnum í meðal ári. Hinsvegar veit jeg ekki, hvað skipið hefir að gera á Sauðárkrók til þess að flytja þessa vöru. Þar er ekki pundsútflutningur af henni.

Jeg vil ekki gera Eimskipafjelaginu rangt til og hefi einatt orðið að vera hjer í þessari hv. deild málsvari þess, en jeg tel það of snemt að hækka nú styrk til Eimskipafjelagsins áður en vitað er, hvort halli verður á rekstri „Brúarfoss", og um leið og mjög er dregið úr tillagi til allra framkvæmda. Jeg vil því skora á hv. deildarmenn að vera þess minnugir, þegar þeir greiða atkv. um þessa tillögu.

Áður en jeg skilst við þennan kafla skal jeg geta um till., sem kom fram við 3. umr. Það var um það að veita sjerstakan styrk til augnlæknis, sem hefði aðsetur á Akureyri og starfaði fyrir Norður- og Austurland. Þetta var samþykt með tilliti til þess, að það væri ákveðinn maður, sem tæki þetta að sjer. En nú hefir þetta orðið á annan veg; þessi læknir fer ekki norður, heldur annar. En þar sem þessi læknir, Guðmundur Guðfinnsson, hefir styrk í fjárlögum, er það tilætlun nefndarinnar, að hann taki að sjer kenslu í læknadeild háskólans, þá, sem sá læknir hafði á hendi, er fer norður.

Jeg get lýst því yfir fyrir hönd mína og jeg held annara í fjvn., sem eru með því að samþykkja fjárlagafrv. eins og það er, að við munum ekki, að svo stöddu, fara út í það að lýsa afstöðu okkar til annara brtt. En ef frv. verður ekki samþ. óbreytt, mun *jeg* greiða atkvæði flestum þeim lækkunartill., sem hjer eru á ferðinni.

Það er þó einn liður í brtt. hv. meiri hl. fjvn., sem jeg get ekki fallist á, og og það er að fella niður tillagið til byggingar landsspítalans. Það er í rauninni óþarft að gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar till. fyr en hv. frsm. síðari kaflans og meiri hl. nefndarinnar (TrÞ) hefir talað, en jeg ætla þó að gera eina ferðina að því.

Það er kunnugt, að mjög mikill og almennur áhugi hefir verið fyrir þessu máli, ekki aðeins hjá þeim, sem safnað hafa til byggingarinnar, heldur einnig af hálfu alls almennings. Þál. samþyktar á Alþingi 1923 og 1925 sýna þetta. Og þó að þær að vísu slái varnagla, ef fjárhagur er þröngur, þá er þó samkv. þál., sem samþ. var á þingi 1925, gerður samningur af landsstjórninni við landsspítalasjóðsnefndina um byggingu spítalans, og skyldi henni lokið fyrir 1930, og hefir tillag ríkissjóðs til byggingarinnar verið miðað við þetta, þó svo, að alt verð hennar færi ekki fram úr 1 miljón króna.

Jeg get ekki sjeð annað en stjórnin hafi gert þennan samning í samræmi við vilja þingsins þá, og því sje þingið bundið við hann, og ekki heldur get jeg litið svo á, að hagur ríkissjóðs sje svo bágborinn, að hann geti ekki uppfylt sínar skyldur samkvæmt samningnum, enda þótt það hafi gerst síðar, að byggingin hafi orðið dýrari en ætlað var. Og það var líka með fullu samþykki þingsins.

Nú er það vitanlega augljóst, að ríkissjóður þarf að leggja fram mikið fje til þess að spítalabyggingunni verði lokið 1930. En til varúðar var sleginn sá varnagli, að ef það teldist ríkissjóði ofætlun að leggja fram nauðsynlegt fje, þá mætti taka lán til þessa.

Jeg geng út frá því, að þessi samningur sje í fullu gildi frá þingsins hálfu og hafi verið með samþ. hverra fjárlaga síðan viðurkendur, og get því ekki verið með því, að þessi liður sje feldur niður. Þó að þjóðin taki nærri sjer að gera þetta, þá er á það líta, að það er mikilsvert nauðsynja- og metnaðarmál, að landið eigi fullkominn spítala árið 1930, og læknar landsins telja, að hjer sje um óhjákvæmilega nauðsyn að ræða.

Hvað það snertir að taka lán strax, þá held jeg, að rjettara sje að ríkissjóður borgi meðan hann getur til byggingarinnar, en til þess ráðs verður auðvitað að taka, ef þörf krefur.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, verð jeg að vera eindregið á móti því, að þessi liður sje feldur niður. Jeg sje ekki, að það skifti neinu í sambandi við þessa till., hvort mikið eða lítið er felt niður af fjárveitingum til verklegra framkvæmda annara í landinu.

Till. einstakra hv. þm. ætla jeg ekki að taka til athugunar í þetta sinn,

enda hefir nefndin ekki tekið ákveðna afstöðu til þeirra, og skal því ekki tefja tímann meira að sinni.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mun ekki frekar venju fara út í almennar aths. viðvíkjandi fjárlagafrv. að þessu sinni. En jeg vil undirstrika það, að fjvn. var það fullljóst, þegar fjárlagafrv. var afgr. hjer frá þessari hv. deild, að taka þurfti sterkari tökum til lagfæringar á því, þegar það kæmi til deildarinnar aftur, og hún gerði ráð fyrir að koma með till. í þá átt. Nú hefir háttv. Ed. gengið inn á þessa braut, og í aðalatriðunum er nefndin samþykk þeim breytingum, sem hún hefir gert á fjárlagafrv., en hún eða meiri hluti hennar telur, að við eigum að fara lengra í því að fella niður og lækka útgjaldaliði, og að þar sje margt, sem eins mikil ástæða sje til að fella burtu eins og það, sem hv. Ed. hefir felt.

Meiri hl. fjvn. ber fram aðeins fjórar hækkunartill., sem nema samtals 24 þús. kr., en lækkunartill. meiri hl. nema samtals 233400 kr., svo að sú hækkun, sem farið er fram á, nemur ekki nema ca. 10% af þeirri upphæð, sem lagt er til að feld sje niður. En áður en jeg vík að brtt. fjvn. við síðari kafla fjárlagafrv., sem mjer tilheyrir, ætla jeg að minnast á eina brtt. við fyrri kaflann, sem meiri hl. nefndarinnar ber fram, um að fella niður fjárveitingu til byggingar landsspítalans.

Fjvn. fór suður að spítalabyggingunni í vetur ásamt húsameistara Guðjóni Samúelssyni, og sagði hann þá nefndinni, að með því fje, sem búið væri að veita til spítalans, mundi hann verða gerður fokheldur í ár.

Nú lít jeg svo á, að ef ríkissjóður þarf að hvíla sig eitthvað með framlag til þessarar byggingar, þá sje rjetti tíminn til að gera það nú, þegar húsið er orðið fokhelt, svo að það liggur ekki undir skemdum, þó að byggingin sje stöðvuð í bili. Þetta var gert með Kleppsspítalann á sínum tíma. Þá komu fjárhagsvandræði fyrir ríkið, eins og menn sjá fram á nú, og því meiri ástæða er til að kippa að sjer hendinni í þessu efni nú, þegar gera má ráð fyrir, að stofnun þessi verði hjerumbil helmingi dýrari en gert var ráð fyrir 1925, þegar samningurinn var gerður.

Við meirihlutamenn í fjvn. gerum það ekki með glöðu geði að leggja þetta til, því að okkur er það öllum ljóst, að það væri mjög ánægjulegt, að byggingunni væri lokið 1930, en við álítum, að við verðum að hvíla okkur. Og því til sönnunar vil jeg leyfa mjer að benda á það, að þessi fjárveiting, 150 þús. kr., sem nú er í fjárlagafrv., gefur ekki nema óljósa hugmynd um það, hvað mikið við verðum að leggja fram til þess, að byggingunni verði lokið 1930, eða til þess að uppfylla þann samning, sem hæstv. stjórn gerði við landsspítalasjóðsnefndina á grundvelli þeirrar þál., sem samþykt var á þinginu 1925. Til þess er það ekki nóg að veita árlega 150 þús. kr., nei, til þess að byggingunni verði lokið 1930, verðum við að leggja fram, auk 150 þús. kr. árið 1928, 450 þús. kr. hvort árið 1929 og 1930. Meiri hl. fjvn. getur ekki sjeð, að neitt vit sje í því að gera ráð fyrir, að ríkið geti

lagt svona mikið fje fram á þessum tíma, án þess að fella þá óeðlilega niður framlög til annars.

Það hefði vitanlega ekki komið til mála að kippa að sjer hendinni nú, ef ekki hefði staðið svo á, að hægt er að hvíla sig við bygginguna, án þess að nokkuð skemmist af því, sem unnið hefir verið. En húsið er nú orðið fokhelt, eða verður það af því fje, sem þegar hefir verið veitt.

Eins og hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) tók fram, gerði stjórnin samning við landsspítalasjóðsnefndina, og var sá samningur bygður á grundvelli þál., sem samþ. var á þingi 1925. En nú vil jeg benda á, að till. meiri hl. er fram borin beint með tilliti til þessarar þál. Þar segir svo meðal annars:

„.. Ennfremur ætlast þingið til þess, að verkinu verði haldið áfram á næstu árum og byggingunni lokið í árslok 1929, *ef ekki* ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gera ókleift að halda henni áfram ..“

Meiri hl. fjvn. Nd. verður að telja, að nú sjeu einmitt fyrirsjáanleg slík fjárhagsvandræði hjá ríkinu.

Það er rjett, að stjórnin hefir heimild til þess að taka lán, en meiri hluti fjvn. vill láta það koma skýrt fram, að hann telur það algerlega óverjandi, eins og sakir standa nú, og álítur, að við verðum að hvíla okkur nú, okkur sje það algerlega ofvaxið að leggja fram 450 þús. kr. hvort árið 1929 og 1930. Því heldur meiri hl. fjvn. fast við sína till., að fresta fjárveitingu til landsspítalans.

Þá skal jeg víkja að brtt. fjvn. við 14. gr., um að fella niður styrkinn til byggingar stúdentagarðs, 25 þús. kr. Hv. Ed. hefir fært styrkinn úr 50 þús., sem var í stjfrv., niður í 25 þús., en meiri hl. fjvn. Nd. vill fella þessa upphæð niður og þar með gefa til kynna, að þetta verði að bíða.

Okkur fanst það ilt til frásagnar, þegar við komum heim í hjeruð okkar og verðum að segja frá því, að við höfum orðið að klípa af fjárveitingum til brúagerða, vega og símalagninga, að verða um leið að viðurkenna, að við hefðum veitt stórfje til bygginga í Reykjavík, sem við viðurkennum hinsvegar, að eru nauðsynlegar, og við viljum styðja, þegar við teljum fært og afsakanlegt að veita fje til þeirra.

Þá kem jeg að 4 hækkunartill., sem meiri hl. fjvn. ber fram og allar snerta skólahaldið úti um hjeruð landsins og allar voru samþ. hjer í deildinni áður með yfirgnæfandi meiri hluta atkv.

Okkur þótti afgr. hv. Ed. harla einkennileg, að því er snerti þessar till. — Það er þá fyrst 9 þús. kr. hækkun til Hvanneyrarskólans. Það verður að teljast mjög einkennilegt hjá hv. Ed., að hún fellir þessa upphæð niður, en lætur standa tilsvarandi upphæð til fjárhúsbyggingar norður á Hólum. Og nú í dag sje jeg í blöðunum auglýst eftir tilboðum í að byggja þessi fjárhús, áður en samþ. hefir verið að veita þetta fje. Jeg verð að telja það mjög óviðeigandi og beinlínis storkun til fjárveitingarvaldsins að ætla að ráðstafa þessu fje áður en það er veitt. (**Forsrh. JÞ**: Þetta er alt misskilningur. Það er samkvæmt gildandi fjárlögum, fyrir árið 1927). Nei, í gildandi fjárlögum er veitt fje til að auka búið á Hólum, og byrjunarfjárveiting til fjárhússins, en í frv. er lokafjárveitingin.

Út af þessu verð jeg að mótmæla

því, að þannig sje farið að um þessa tvo bændaskóla. Jeg vil einlæglega styðja Hólaskóla, en Hvanneyrarskólinn á það sannarlega skilið, að ekki sje miður um hann búið. Hvers á hann að gjalda? Er minni aðsókn að honum? Nei, vissulega ekki. Það geta meira að segja ekki allir komist að, sem sækja. Er þá búskapur til meiri fyrirmyndar á Hólum? Nei, þar hefir alt verið á eilífu hringli. Stundum er búið leigt, stundum hefir skólastjórinn haft það, og svo hefir orðið að veita til þess sjerstaka fjárveitingu. Um ekkert slíkt er að ræða á Hvanneyri.

Þá kem jeg að hinum tillögunum. Jeg verð að láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig hv. Ed. hefir gengið frá þessum skólum. Hún hefir lækkað fjárveitingar til allrar kvennafræðslu úti um land: á Blönduósi, Staðarfelli, kvennadeildinni í Þingeyjarsýslu, og auk þess til hinnar almennu unglingafræðslu, en hækkað til þess skóla, sem hefir besta aðstöðuna, sem sje kvennaskólans í Reykjavík. Jeg hugsa, að hv. þm. hafi sínar hugmyndir um þetta. Jeg vil engum getum að leiða, hvernig á því stendur. Nefndin hjer vill ekki lækka aftur fjárveitinguna til Reykjavíkurskólans, heldur hækka á hinum stöðunum.

Háttv. frsm. fyrri kafla fjárlagafrv. (ÞórJ) hefir vel og rækilega gert grein fyrir því, hversu Blönduósskólinn hefir orðið út undan. Eins og gefur að skilja, er það hermdargjöf að veita ekki nema lítinn hluta þess fjár, sem við þarf, þar sem hjeraðið á fult í fangi með að reka skólann.

Um unglingaskóla utan Reykjavíkur þarf jeg ekki að tala. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) gerði það við 2. umr. Nefndinni finst óhugsandi, ef ríkið ætlar sjer að styðja myndarlega hjeraðsskóla úti um landið, að farið sje að klípa af rekstrarstyrk til þeirra. Það er gert alveg út í bláinn að skera niður þessa fjárveitingu, eins og hv Ed. hefir gert, svo að meiri hl. fjvn. leggur fast að mönnum að samþ. hans tillögu.

Þá kemur síðasta till., um styrkinn til húsmæðradeildar við Laugaskólann. Um þennan skóla var talað svo rækilega við 2. umr., að óþarfi er að orðlengja mikið um hann. Aðeins vil jeg taka það fram, að þarna hefir komið fram alveg sjerstakur áhugi og dugnaður, þannig, að ef nokkurn tíma er ástæða til að koma á móti fólkinu og heiðra myndarskap þess, þá er það hjer.

Næst koma 5 till. frá nefndinni um að fella niður styrki til einstakra manna. Hv. Ed. gerði mikið að því að samræma slíkar styrkveitingar. Fjvn. Nd. hefir engu breytt þar um, en leggur hinsvegar til, að feldir verði niður styrkir til þeirra, sem komust inn utan nefndarinnar við 3. umr. Jeg tel ekki ástæðu til að fara orðum um neinn af þeim sjerstaklega. Erindi hafa legið fyrir nefndinni. Hún hefir áður hafnað þeim og er enn þeirrar sömu skoðunar.

Nefndin leggur til, að lækkuð sje sú upphæð, sem stjórnin hefir í höndum til ferðastyrkja. Fjvn. lagði til í fyrra, að sú fjárveiting yrði alveg feld niður. Hún treystir sjer ekki til að ganga svo langt nú, en vill sem sagt lækka hana. Og það er því meiri

ástæða til að lækka hana, sem fleiri utanfararstyrkir til einstakra manna eru í fjárlögunum.

Fjvn. Ed. bar fram tillögu um að lækka framlag til hafnarbóta í Ólafsvík úr 15 þús. kr. niður í 12 þús. kr. Það náði ekki samþykki í Ed., en upphæðin var færð niður í 14 þús. kr. Nú hefir fjvn. borið fram tillögu fjvn. Ed. Það þarf ekki að gera mikla grein fyrir henni. Það er öllum kunnugt, að þessi styrkur er sjerstaks eðlis, þar sem hann er veittur án nokkurs framlags annarsstaðar að.

Þá vill nefndin fella styrkinn til markaðsleitar niður í 15 þús. krónur. Miklar deilur hafa orðið um þennan styrk. Hv. sjútvn. bar fram háar fjárkröfur, sem að vísu lækkuðu í meðferð hv. Ed., en eru þó fjórum sinnum hærri en gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Fjvn. álítur nóg að veita 15 þús. kr. til þessa, enda hefir enn ekki orðið mikill árangur af sendiförum til markaðsleitar, hvað sem síðar kann að verða.

Næstsíðasta tillagan er þess efnis að fella niður styrk til Verslunarráðsins til símskeytagjalda. Þessi liður var feldur niður úr frv. við 2. umr. Till. um að taka hann upp aftur var borin fram við 3. umr. og feld. Hv. Ed. setti liðinn inn aftur, en fjvn. þessarar hv. deildar heldur fast við sína skoðun um að liðurinn sje óþarfur.

Loks er brtt. við 22. gr. Menn minnast þess, að vegna brunans á Stokkseyri í vetur, þar sem fjöldi fólks varð fyrir miklu tjóni, var veitt viðlagasjóðslán. Nú hefir verið borin fram tillaga af fjvn. Nd. um að gefa lánið eftir, og var hún samþykt. Háttv. Ed. feldi niður fjárveitinguna, sem nota átti til greiðslu lánsins. Við viljum ekki halda þessu til streitu, en viljum fara meðalveginn og gefa upp vexti og frest á afborgunum.

Jeg vil loks lýsa yfir því af hálfu meiri hl. fjvn., að ef till. við fyrri kafla fjárlagafrv. til lækkunar verða ekki samþ., þannig, að legið getur við, að tekjuhalli fjárlagafrv. hækki, þá mun meiri hl. nefndarinnar taka aftur allar sínar hækkunartill.

Tilgangurinn er að hafa sem minstan tekjuhalla, og það er ekki síst þörf á að gæta þess núna, því að það er óhætt að segja, að fjárlagafrv. er mjög óvarlega gert, einkum með tilliti til tekjuáætlunarinnar, sem áreiðanlega er óvarlega há.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla að snúa mjer fyrst að þeim ummælum eða ásökunum, sem beint var í garð Hólaskóla. Það er eins og þessi skóli sje orðinn alveg sjerstakur ásteytingarsteinn vissra manna. Í fyrra bar hv. 1. landsk. (JJ) hann sjerstaklega saman við aðra skóla og sagði, að hann væri dýrari en flestir eða allir aðrir skólar. Nú lýsir hv. þm. Str. (TrÞ) því, hve aumlegt sje ástandið á Hólum, samanborið við Hvanneyri. Jeg ætla nú að leyfa mjer að gera lítið eitt rjettlátari samanburð en þann, sem hv. þm. Str. hafði fram að færa.

Hvernig er þá aðstaðan á Hvanneyri? Jörðin er einhver mesta uppgripa slægnajörð á landinu, og auk þess allmikil hlunnindajörð, og svo nálægt Reykjavík, að hún getur notið hins besta markaðs, sem til er á land-

inu, en þó nógu langt frá Reykjavík til að vera laus við ýmsa annmarka, sem af því leiða að liggja í grend við höfuðstaðinn. Árið 1907 er núverandi skólastjóra bygð jörðin sjálf með stóru búi fyrir hjer um bil 1000 kr. eftirgjald. Þetta eru kostakjör, enda er búskapur á Hvanneyri talinn einhver mesti uppgripabúskapur til fjáröflunar hjer á landi.

Um Hóla er það að segja, sem allir, er þekkja Hóla, vita, að jörðin er stór, sjerstaklega landmikil og erfið. Hún er hentug sauðajörð, það er að segja svipuð því, sem algengast er um jarðir hjer á landi, t. d. til dala, hefir stórt tún og ósljett, svo að ekki verður nema nokkur hluti þess sleginn með sláttuvjel, og engjarnar víðlendar, en mestpart þýfðar, og henni fylgja engin hlunnindi; um hagfeldan markað fyrir búsafurðir er heldur ekki að ræða í nágrenninu, sem hægt sje að notfæra sjer að ráði. Hún er sem sagt mannfrek og dýr í rekstri og auk þess var jörðin og búið bygt á þeim tíma, þegar alt var dýrast, í lok stríðsáranna. Þrátt fyrir þennan aðstöðumun hefir leigumálinn á Hólum með búi verið hjer um bil þrisvar sinnum hærri en á Hvanneyri. Þarf nú nokkurn að undra, þó að minna lægi eftir skólastjórann á Hólum en á Hvanneyri, og þó að ekki væri hægt að sýna beinlínis í verki, að þar sjeu eins miklar eða meiri framkvæmdir? Og þó hygg jeg, að núverandi skólastjóri á Hólum hafi árlega látið vinna engu færri jarðabótadagsverk en skólastjórinn á Hvanneyri. En Hólar hafa kannske ekki tekið eins vel við umbótunum. Í samanburði hv. þm. Str. á því, hvað gert hefir verið á þessum 2 skólasetrum, kendi, eins og þegar hefir verið sýnt, svo mikillar ósanngirni eða fáfræði, að það er nærri fágætt.

Þá er eitt atriði, sem sjerstaklega lýtur að aðsókninni að skólunum. Allir vita, að búskapur á Hvanneyri hefir borið sig ágætlega, enda verið gert þar mikið af því, sem hægt er að gera með þægilegu móti til umbóta, enda jörðin legið óvenju vel við þeim umbótum. Afleiðingin er sú, að menn álíta, að þarna sje mjög mikið að læra, og skal jeg ekki neita því, enda þótt staðhættir sjeu þar nokkuð sjerstæðir, en þetta hefir skapað skólanum álit og aukna aðsókn.

Aftur á móti var alt gert, sem hægt var, til að draga skólann á Hólum niður. 1922 fór skólastjórinn fram á lítilsháttar tilhliðrun, þannig, að hann fengi styrk, sem Pjetur Jónsson hafði lofað honum. Þessu var neitað af eftirmanni hans (KlJ). Skólastjórinn hafði ráðist í að kaupa mikinn búsauka á dýrasta tíma og bygt á gefnum loforðum þáv. atvrh., og þegar hann sá, að stjórnin vildi ekkert gera til að styðja skólann, þrátt fyrir það, að hann galt nær þrefalda leigu á móts við skólastjóra Hvanneyrar, sagði hann í gremju sinni búinu lausu og ljet stjórnina um að útvega nýjan bústjóra. En þegar svo er komið, að maður kemur í bústjórastöðuna, sem engar skyldur hefir gagnvart skólanum, heldur hugsar aðeins um það eitt að reyna að hafa sem mest upp úr jörðinni, þarf enginn að vænta þess, að skólapiltar læri þar nokkrar nýjungar, er geti verið þeim til fyrir-

myndar. Það má gott heita, ef það verður ekki það gagnstæða. Það er svo, þrátt fyrir alla bóklega kenslu í búskap, að almenningur leggur miklu meira upp úr því að sjá megi myndarlegan búskap, sem menn geti lært af, en fyrv. stjórn sá rækilega fyrir því, að svo yrði ekki á Hólum. Fyrir þessa handvömm, sem varð um eitt skeið, hefir aðsóknin að skólanum stórhrakað, en ekki vegna hins, að þar sje lakari kenslukröftum á að skipa en t. d. á Hvanneyri.

Jeg taldi skyldu mína sem kunnugs manns að gefa þessa skýringu. Jeg vil svo gera nokkra grein fyrir afstöðu minni hluta fjvn. til fjárlagafrv. og þess, hvernig á því stendur, að við erum í minni hluta. Það kom fram í ræðu hv. fyrra frsm. (ÞórJ), að honum þótti undarlegt, að við skyldum kljúfa nefndina. Líka gat hann þess, að það væri ekki venja, að fjvn. klofnaði, þó að nefndarmenn deildi eitthvað á, og það er alveg rjett. En þegar svo er komið, að við viljum í engu breyta frv., en fjórir nefndarmenn vilja gera stórar breytingar, þá getur ekki lengur verið um samvinnu að ræða. Aðstaða okkar í minni hlutanum er sem sje sú, að við viljum samþ. fjárlagafrv. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed. Eins og menn sjá, hefir það tekið allmiklum stakkaskiftum. Hjeðan fór það með ca. 330 þúsund króna tekjuhalla, en nú er það komið frá Ed. hjer um bil tekjuhallalaust. Þessi mikla breyting hefir þó ekki, eins og stundum á sjer stað, orðið með því að hækka tekjuliði fjárlagafrv., heldur að mestu leyti með því að færa niður útgjaldaliðina. Að sjálfsögðu verður það aldrei sársaukalaust, og jeg tel víst, að flestir þdm. eigi þar um sárt að binda. Yfirleitt hefir þó fjvn. Ed. sýnt svo mikla sanngirni í tillögum sínum gagnvart bæði fjvn. Nd. og Nd. í heild sinni, að við megum vel við una. Ýmsir útgjaldaliðir hafa lækkað, en örfáir eru feldir alveg niður og síst þeir, sem nokkurt kapp hefir verið um. Þó að minni hl. fjvn. sje ósamþykkur ýmsum tillögum hv. Ed. og játi, að sumt hefði þar getað betur farið, er frv. þó í höfuðatriðunum svo úr garði gert, að hann álítur, að ekki sje ráðlegt að fara að hrekja það á milli deilda og setja það í Sþ. Það, sem ræður afstöðu minni hlutans, er hvorki hlífð eða tillátssemi við hv. Ed., heldur hitt, að við teljum það heppilegustu leiðina til að skila frv. tekjuhallalausu að samþ. það nú óbreytt.

Á þinginu 1925 kom fjárlagafrv. frá hv. Ed. með um 730 þús. króna tekjuhalla. Það kom þá til orða í nefndinni að ganga að frv. óbreyttu eins og það kom, en það varð þó ekki, og frv. fór til einnar umr. í Nd. Afleiðingin varð sú, að tekjuhallinn hækkaði um 100 þús. krónur. Á síðasta þingi kom fjárlagafrv. frá Ed. með 275 þús. kr. tekjuhalla til Nd., og þó að fjvn. væri þá, eins og nú, alls ekki ánægð með ýmsa liði, sem komist höfðu inn í frv., þá var hún sjer þess þó meðvitandi, og það nokkuð af þeirri reynslu, er fjvn. fjekk á næsta þingi á undan, að hún myndi alls ekki hafa vald á fjárlagafrv., ef það yrði opnað hjer í Nd. Þá myndu koma inn margar tillögur, sem henni væru ennþá ógeðfeldari, en sem hún þó ekki gæti spornað við að yrðu samþyktar. Þess vegna lagði fjvn. til, að gengið væri

að fjárlagafrv. eins og það kom frá hv. Ed., og fjekk hún því framgengt. Og jeg tel, að það sje enginn vafi á því, að það hafi verið heppilegasta ráðið, og að fjárlögin hefðu orðið ennþá ver útleikin, ef þau hefðu farið til einnar umr. í Nd. og svo í Sþ.

Nú er svo komið, að fjárlagafrv. er komið til okkar, tekjuhallalaust að kalla má. Mjer sýnist þess vegna enn þá meiri ástæða nú heldur en í fyrra, að gengið sje að frv. eins og það er.

Nú hefir hv. meiri hl. fjvn. að vísu lagt til, að ýmsar fjárveitingar verði lækkaðar, svo sem til brúagerða um 20 þús. krónur, til nýrra símalagninga um 10 þús. krónur og til landsspítalans, að liðurinn, 150 þús. kr., falli niður, og svo nokkrar fleiri. Um þessa einstöku liði ætla jeg ekki að fara að ræða neitt sjerstaklega, það munu nógir aðrir gera þá að umtalsefni.

Það er nú svo, hvað brúagerðirnar snertir, að það munu flestir sammála um, að það sje eitthvert mesta nauðsynjaverkið, sem unnið er á landi hjer, að brúa þær ár, sem eru hættulegar yfirferðar, manndrápsár, sem árlega hefta ferðir fjölda manna. Stjórnin lagði til, að til þessa væri varið 225 þús. kr. næsta ár. Ed. hefir fært þessa upphæð niður í 190 þús. kr., og nú leggur meiri hl. fjvn. til að færa þessa fjárveitingu niður í 170 þús. kr. Með öðrum orðum, ef þessi lækkun nær fram að ganga, þá er búið að sneiða alt að því ¼ hluta af því fje, sem stjórnin ætlaði til brúagerða; og hvað ætlast meiri hl. til að komi í staðinn? Nokkrir skólastyrkir o. fl. þess kyns. Jeg legg því áherslu á, að þessi lækkunartillaga sje feld. Um aðrar lækkunartillögur er sama að segja. Það eru nauðsynlegar framkvæmdir og sumar samningsbundnar. Um nokkrar þeirra mætti þó segja, að það væri reynandi að lækka fjárveitingu til þeirra eitthvað, ef von væri til þess, að það yrði samþykt, en það eru sem sje ekki nokkrar líkur til, að niðurfellingar á stærstu upphæðunum verði samþyktar í þessari háttv. deild, ef marka má atkvgr. við fyrri umr., og enn minni líkur til, að þær yrðu samþ. í hv. Ed., þótt þær kynnu að ganga í gegn hjer, svo að jeg hygg, að hjer sje ekki til nokkurs barist.

Á hinn bóginn eru komnar fram hækkunartillögur, bæði frá hv. meiri hl. fjvn. og ýmsum þm., er nema um 60 þús. krónum. Er sumt af þessu gamlir kunningjar, bitlingar o. fl., sem komust hjer í gegnum Nd., en voru svo feldir í hv. Ed. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að ef farið er að opna fjárlagafrv., þá getur fjvn. ekki staðið á móti þeim straum, sem þarna veltur fram, heldur en við fyrri umr.

Jeg vænti þess vegna, að hv. deild geti orðið okkur minni hl. sammála um það, að hyggilegast sje að hafa þá aðferð að ganga að fjárlagafrv. óbreyttu, og vil jeg um leið minna á gamla málsháttinn, sem segir „betri er einn fugl í hendi en tíu á þaki". Jeg hygg, að það muni sannast hjer sjerstaklega, að betra sje að hverfa að ráði minni hl. fjvn., og vera heldur viss um, að fjárlögin verði afgreidd tekjuhallalaus, með því að samþykkja frv. óbreytt, heldur en að hlaupa eftir

tyllivonum um að bæta afgreiðslu þeirra, sem jeg er sannfærður um að verða aldrei annað en tálvonir.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil algerlega taka undir það álit hv. frsm. minni hl. fjvn., hv. 2. þm. Skagf. (JS), að það muni vera hyggilegra fyrir þá, sem vilja hafa fjárlagafrv. afgreitt tekjuhallalaust, að samþykkja það þá eins og það kemur nú frá hv. Ed., þótt einhverjir smávægis agnúar kunni að þykja á því, heldur en að eiga á hættu, að meira eða minna fari inn af þeim mörgu og misjafnlega þörfu fjárveitingum, sem nú hefir verið stungið upp á í deildinni.

Jeg get náttúrlega ekki annað en virt þá viðleitni hv. meiri hl. fjvn., stjórnarandstæðinga, sem nú kemur fram, þótt seint sje, að þeir vilja fyrir sitt leyti láta sýnast svo, sem þeir eigi einhvern þátt í þeim vilja, sem óneitanlega hefir komið fram í þinginu til að afgreiða forsvaranleg fjárlög. En hinsvegar get jeg ekki tekið allar niðurfærslutillögur þessa hv. meiri hl. alvarlega, og gildir það sjerstaklega um stærstu till., sem er útstrikun á 150 þús. króna fjárveitingu til landsspítalans. Það er ekki hægt að taka þessa till. alvarlega, af því að hv. meiri hl. fjvn. veit það, að landsstjórnin er með samningi, sem gerður var með fullum vilja og vitund þingsins, skuldbundin til að leggja þessa upphæð fram á árinu 1928. Því víkur þannig við, að samningur sá, sem gerður hefir verið á milli ríkisstjórnarinnar annarvegar og stjórnar landsspítalasjóðsins hinsvegar, sem jeg veit, að hv. fjvn. hefir haft á milli handa, hann áskilur, að frá og með árinu 1926 sjeu lagðar fram til samans úr ríkissjóði og landsspítalasjóði að minsta kosti 200 þús. krónur á ári. Þessu hefir nú verið fylgt samkvæmt ákvæðum fjárlaganna fyrir árið 1926, og því verður fylgt fyrir árið 1927, og það er alveg óhjákvæmilegt að fylgja þessu ákvæði einnig árið 1928, því að það er svo ákveðið í samningi, sem landsstjórnin hefir gert eftir beinum fyrirmælum Alþingis og Alþingi sjálft er búið að viðurkenna með því að vísa tveim sinnum í hann í fjárlögum. Að upphæðin er 150 þúsund krónur stafar af því, að landsspítalasjóður leggur á móti ríkissjóði á meðan hann endist til; og á árinu 1928 verða eftir 50 þúsund krónur í sjóðnum, svo að það árið þarf ríkissjóður að leggja fram 150 þús. kr. til þess að standa við samningana. Hinsvegar hefir ríkisstjórnin heimild til að taka að láni það fje, sem þarf til byggingar landsspítalans, en núverandi stjórn lítur svo á, að þess þurfi ekki með ennþá; hún lítur svo á, að eftir þeirri afgreiðslu, sem fjárlagafrv. fyrir árið 1928 hefir fengið frá hv. Ed., þá sje ekki annað sjáanlegt en að fje verði fyrir hendi af ríkistekjum til þess að leggja fram þetta fje fyrir árið 1928.

Hv. þm. Str. (TrÞ) gerði grein fyrir því sem sinni skoðun, að til þess að standa við ákvæði samningsins, um að spítalinn yrði tekinn til afnota árið 1930, þá myndi þurfa um 450 þús. kr. fjárveitingu hvort árið. Jeg skal ekkert segja annað um þessa áætlun hv. þm. en það, að þetta hefir þó ekki legið skjallega fyrir stjórninni ennþá,

en jeg sje ekki, að þessar upphæðir árin 1929 og 1930 muni verða neitt minni fyrir það, þótt með samningsrofi verði farið inn á þá leið, sem hv. þm. Str. mælir með, að byggingin sje stöðvuð, þegar hún er orðin fokheld, og ekkert unnið að henni árið 1928. Mjer skilst þá, að fjárframlögin hin tvö árin myndu þá verða að hækka og ekkert ljettara að greiða þá hærri upphæðir heldur en lægri upphæðir öll árin.

Jeg vona, að hv. deild fari ekki að sýna það hverflyndi að ganga á gerða samninga, og jeg tel þess vegna víst, að ef þessi brtt. hv. meiri hl. fjvn. kemur til atkvæða, þá verði hún feld. Það er engum ófyrirsjáanlegum fjárhagsvandræðum til að dreifa, sem staðið geti fyrir framkvæmdum þessa verks, því að þótt óvíst sje um fjárhagsástæður ríkisins árið 1928, þá hefir ríkið þó lánstraust til þess að geta staðið við samninga sína. En stjórnin álítur ekki tímabært að fara strax að gera ákvarðanir um lántöku. Þegar jeg þess vegna geri þessar tillögur upp, um hækkun og lækkun, þá tek jeg hana ekki með, vegna þess að það er fje, sem þarf að greiða af hendi, hvort sem það verður veitt í fjárlögum eða ekki, en þá líta tillögurnar svoleiðis út, að hv. meiri hl. fjvn. kemur með till. um niðurfærslu útgjalda, sem nemur 83400 krónum. Þar af eru 20 þús. krónur teknar af fje til brúa, 10 þús. kr. af símafje, 10 þús. kr. af nýjum vitum, sem þó á að legga til eins mikið fje annarsstaðar frá, og loks eru 25 þús. kr. teknar frá stúdentagarðinum. Þetta er samtals 65 þús. kr., eða fullir ¾ af upphæðinni, sem þannig á að taka af nauðsynlegum verklegum framkvæmdum, en allar fjárveitingartillögur hv. nefndar var áður búið að færa niður í hv. Ed. við meðferð fjárlagafrv. þar, svo að þessi nýja uppástunga um frekari niðurfærslu kemur náttúrlega þeim mun harðar niður.

Hitt eru svo 6 smábitlingar, sem hv. meiri hl. leggur til að verði feldir niður, að upphæð 7400 krónur, og svo nokkur þúsund krónur, sem eru í ýmsum öðrum smækkunum. En á móti þessu liggja fyrir hækkunartillögur að upphæð 24 þús. kr. frá hv. meiri hl. nefndarinnar, en frá öðrum hv. þm. fullar 35 þús. kr. Hækkunartill. eru flest persónulegir styrkir, sem orðið hafa að meira eða minna leyti ágreiningsefni hjer áður, og ef nú meiri hlutinn af þessum hækkunartillögum á að komast inn, þá sýnist mjer, að fjárlagafrv. myndi ekki taka neinni breytingu til bóta. Jafnvel þótt þessi litli tekjuhalli, sem nú er, hyrfi alveg burt, þá myndi svipurinn aðeins breytast þannig, að í staðinn fyrir fjárframlög til verklegra framkvæmda, nokkur þúsund krónur, má búast við að komi fjárframlög til annars, sem ekki er eins nauðsynlegt, í mörgum fleiri liðum.

Mjer er kunnugt um, að það er ósk Íhaldsflokksins hjer í þessari hv. þingdeild, að það verði tekið við fjárlagafrv. og það afgreitt eins og það kemur frá hv. Ed. heldur en að eiga á hættu það, sem nú má búast við að komist inn, ef annars er farið að samþykkja breytingar á því.

Vil jeg nú hjer beina þeim tilmælum til hv. formanns Framsóknarflokksins, að hann vilji nú leitast fyrir um það í sínum flokki, hvort ekki sje hægt að fá samkomulag um, að sá

flokkur geti einnig fallist á þetta. Jeg vona, að formaður Framsóknarflokksins láti mig vita um sína afstöðu í þann mund, þegar fundur byrjar hjer aftur eftir það fundarhlje, sem væntanlega verður gefið hjer innan skamms.

Það er ekki margt, sem jeg þarf að svara. Jeg hygg, að það sje misskilningur hjá hv. þm. Str., að það sje búið að afráða framkvæmdir nokkurra þeirra mannvirkja, sem ekki er búið að veita fje til. Það er t. d. fjárveiting til skólans á Hólum fyrir yfirstandandi ár, og auk þess er brunabótaupphæð, sem einnig á að nota til hússins.

Hv. þm. gat þess viðvíkjandi till. hv. meiri hl. fjvn. um niðurfærslu á fjárveitingu til utanfararstyrkja, úr 6000 krónum í 4000 kr., að ástæðan væri að einhverju leyti sú, að komnir væru inn í fjárlagafrv. utanfararstyrkir bundnir við nafn, og stjórnin þyrfti því minna fje til umráða. Jeg vil nú út af þessu minna á það, að þegar hv. meiri hl. fjvn. ætlar stjórninni 4000 krónur til umráða í þessu skyni, þá er það jöfn upphæð og það, sem þingið í sama fjárlagafrv., 12. gr., 13, ætlar einum einasta manni til utanfarar í erindum, sem jeg hefi ekki áður heyrt getið um. Á jeg hjer við utanfararstyrkinn til Magnúsar bæjarlæknis Pjeturssonar til þess að kynna sjer millilandasóttvarnir. Jeg hefi leyft mjer að bera fram till. um, að þessi sjerstaki utanfararstyrkur til M. P. falli niður, en mun samt taka hana aftur, ef samkomulag fæst um að afgreiða frv. óbreytt. En að öðrum kosti vona jeg, að till. fái að koma til atkvæða, og að þessi utanfararstyrkur verði feldur niður, en vil þá mælast til þess, að sú upphæð, sem stjórninni hefir verið ætluð til að styrkja einstaka menn, fái að vera óbreytt. Og það er alveg sjálfsagt, ef það verður gerð grein fyrir því fyrir stjórninni og það reynist að vera rjettmætt, að styrkja bæjarlæknirinn í þessum erindagerðum, þá á hann sem aðrir rjett til þess að fá styrk af fje því, sem stjórnin hefir til umráða.

Þá hefir hv. meiri hl. fjvn. borið fram brtt. við 22. gr. fjárlagafrv., að af viðlagasjóðsláni Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns skuli veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1927—'28. Það hafði nú við meðferð fjárlagafrv. hjer í deildinni verið settur inn liður þess efnis, að þetta svokallaða viðlagasjóðslán Stokkseyrarhrepps, krónur 10000, skyldi greitt viðlagasjóði með fjárveitingu úr ríkissjóði. Þetta var felt niður í hv. Ed., en er nú komið hjer fram í nýrri mynd, en það er aðeins það að athuga við þetta alt saman, að Stokkseyrarhreppur hefir ekkert lán úr viðlagasjóði, svo að þetta er af sama misskilningi sprottið og sá liðurinn, sem numinn var burt í hv. Ed. Og mjer er kunnugt um, að þetta hefir vakið eftirtekt hreppsnefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, og henni hefir þótt leitt, að það skuli hafa komið til orða, að hreppnum verði gefið eftir lán, sem hann aldrei hefir fengið. En svo stendur á þessu, að 5—6 útgerðarmenn þar fengu í vetur viðlagasjóðslán vegna brunatjóns, sem þeir höfðu orðið fyrir, og var þess krafist, að hreppsnefndin gengi í ábyrgð fyrir þá, og það gerði hún. En jeg býst við, að henni þyki sjer ekki vel borgað með því, að altaf sje verið að tala um að gefa henni upp það, sem hún hefir aldrei

fengið. Annars verð jeg að líta eins á þetta og hv. Ed., að það sje nógur tími til þess að fara að tala um eftirgjöf til þessara góðu manna, þegar fyrsti gjalddaginn er kominn og ekki er borgað, og jeg vil sjerstaklega af þessari fyrnefndu ástæðu mælast til þess, að brtt. VII á þskj. 536 verði feld.

Þá hefi jeg ekki meira að segja vegna þessa fjárlagafrv., en af því að jeg hefi þann heiður að eiga sæti í stjórn Eimskipafjelags Íslands, þá vildi jeg mega nota þetta tækifæri til þess að segja nokkur orð út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) um fjelagið og brtt. þeirri, sem hv. þm. (ÞórJ) flytur, um að færa úr 85 þús. kr. niður í 55 þús. kr. þá upphæð, sem stjórninni samkvæmt 23. gr. fjárlagafrv. er heimilað að greiða fjelaginu sem rekstrarstyrk.

Það hefir vakið óánægju hjá þessum hv. þm. (ÞórJ) og kannske fleirum, hve fáir viðkomustaðir „Brúarfoss" hafa verið áætlaðir. En jeg get upplýst það frá fyrstu hendi, að þótt þessir viðkomustaðir hafi verið settir svo fáir á áætlunina, þá er það ekki af því, að fjelagið þar með vildi taka ákvörðun um það, að skipið ætti að koma á svo sjerstaklega fáar hafnir. Ástæðan var sú, að af því að þetta var fyrsta árið, sem þetta kæliskip átti að vera í ferðum hjer, og af því að við í stjórn fjelagsins þóttumst ekki hafa nægilegan kunnugleik á því, hvenær skipið þyrfti að hafa viðkomu á hverjum stað til þess að koma að sem bestum notum, þá varð það ofan á hjá okkur við samningu áætlunar um ferðir skipsins kringum landið, að við skyldum aðeins setja fáa viðkomustaði, en hafa áætlunina svo rúma, að hægt væri að bæta á skipið viðkomustöðum eftir því, sem þurfa þætti, og þó sjerstaklega viðkomustöðum, þegar óskað væri eftir því, eða þegar upplýst væri, að nægilegur flutningur fengist handa skipinu. Við ætluðumst svo til, að ferðir skipsins og sú reynsla, sem fengist á þessu ári, miðuðu til þess, að fjelagsstjórnin gæti sett fyllri áætlun fyrir skipið næsta ár.

Hv. þm. (ÞórJ) sagði t. d., að það mætti vænta útflutnings á laxi frá Blönduósi. Jeg þori að fullyrða, að ef skipið á þeim tíma á að vera á ferðinni þarna nálægt, þá er hægt að fá skipið til að koma þar við, og nú er einmitt tækifæri til þess að snúa sjer til framkvæmdarstjóra fjelagsins og gefa honum upplýsingar um, hvenær sú vara geti legið fyrir, og hve mikið af henni. Það verður að taka við öllum upplýsingum um það, og ekki síst þó með tilliti til að semja áætlun fyrir skipið til næsta árs.

Mjer skildist hv. þm. (ÞórJ) óska eftir umbótum í þá átt, að fleiri viðkomur yrðu á Blönduósi og öðrum höfnum en nú er á áætluninni. Í fjárlögum fyrir næsta ár er heimild til fjárframlaga til Eimskipafjelagsins. En það er ekki rjett leið fyrir þá menn, sem vilja láta skip fjelagsins koma að meiri notum með því **að hafa fleiri** viðkomustaði, að fara fram á, að styrkurinn til þess verði lækkaður. Það má eiga það víst, að því minni sem styrkurinn verður, því meira neyðist fjelagið til að hlaupa fram hjá smærri höfnunum, en því meiri sem styrkurinn er, því færara verður það til þess að hafa fleiri viðkomur og taka smáhafnirnar með. Till. háttv. þm. gengur því ekki

í rjetta átt. — Jeg játa, að það sje óviðkunnanlegt að hafa svona stóra fjárveitingu í 23. gr. fjárlaganna, þar sem hennar er ekki getið í samlagningunni.

Hvað „Brúarfoss" snertir, þá væri rjett að hækka styrkinn beinlínis, en gera svo aftur þær kröfur á móti, að hann hafi fleiri viðkomur en nú er áætlað. Annars álít jeg ekki nauðsynlegt að hækka strandferðastyrkinn, svo framarlega sem heimildin í 23. gr. fær að standa óbreytt, eins og hún nú er.

Magnús Torfason: Jeg á eina brtt. þess efnis að lækka styrkinn til bændaskólans á Hólum úr 9000 kr. niður í 2500 kr. Jeg skal taka það fram, að till. er ekki fram borin vegna þess, að jeg líti svo á, að styrk þennan beri í sjálfu sjer að lækka, heldur aðeins samræmis vegna. Álíka till. til bændaskólans á Hvanneyri var feld í hv. Ed., og tel jeg því rjett að gera báðum skólunum jafnt undir höfði. Jeg vil með þessu gefa mönnum tækifæri til þess að bæta úr misrjetti. En út af því, sem sagt var hjer í deildinni um það, til hvers ætti að nota styrkinn, skal jeg geta þess, að í fjárlögum fyrir 1927 fær Hólaskóli 9000 kr. til ýmsra útgjalda, en Hvanneyrarskólinn aðeins 2000 kr. Hvanneyrarskólinn hefir því orðið útundan 2 ár í röð. Það er því enn meira misrjetti í því að láta nú Hólaskóla fá aftur 9000 kr., en Hvanneyrarskóla ekki nema 2500 kr. Og þessi brtt. er því, eins og jeg sagði, borin fram til þess að samræma þetta.

Jeg skal svo út af síðustu till. fjvn., um að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana á viðlagasjóðsláni Stokkseyrarhrepps, segja nokkur orð. Hvað formið á till. snertir, þá er frá því að segja, að hún er borin fram eftir beiðni oddvitans í Stokkseyrarhreppi. Satt er það, að jeg hefi ekki sjeð skuldabrjefið. Þeir kölluðu það hreppslán, en það er misskilningur, því að það eru einstakir menn, sem hafa tekið lánið, en hreppurinn stendur í ábyrgð. En það ætti að vera alveg það sama fyrir hreppsnefndina, því að vitanlega geta þessir menn ekkert borgað. — Jeg skal rifja upp lítillega, hvernig á því stendur, að þetta lán var tekið. Fiskifjelag Íslands gaf þessum mönnum 5000 kr. upp í hið mikla tjón, sem þeir urðu fyrir af brunanum 9. des., og einnig fór Fiskifjelagið fram á það við stjórnina, að hún gæfi þeim helmingi meira. Það þóttist stjórnin þá ekki geta gert, en hún veitti lán og lofaði að mæla með því, að það yrði gefið eftir. En nú hefir hún gengið á bak orða sinna við þá menn, sem gengust fyrir þessu, og einnig við hreppsnefndina í Stokkseyrarhreppi. Það var gengið út frá því, að þetta yrði gefið strax eftir og skoðað sem styrkur til þessara manna, sem að ófyrirsynju urðu fyrir þessu mikla tjóni af brunanum.

Þessi liður var feldur niður í Ed. meðal annars af þeirri ástæðu, að það væri ekki víst, nema mennirnir kynnu að fá eitthvað fyrir brunann. En jeg get nú fullyrt, að það er alveg útilokað. Maður, sem ekkert á til, hefir játað sig valdan að brunanum, og er ekkert af honum að hafa. Í öðru lagi var það fært til, að ekki væri loku fyrir

það skotið, að mennirnir gætu borgað þetta seinna. En það er vitanlegt nú í vertíðarlokin, að vertíðin á Stokkseyri hefir verið mjög rýr, og það einmitt vegna brunans í vetur. Sú beita, er Stokkseyringar áttu, brann þá öll, svo að þeir gátu ekki notað hana, og varð því afli þeirra mjög rýr. Óbeina tjónið af brunanum er alt að því eins mikið og beina tjónið, eða jafnvel meira.

Jeg skal svo að síðustu gera grein fyrir afstöðu minni til fjárlagafrv. yfirleitt og brtt. meiri hl. fjvn. Jeg er ekki samþykkur brtt. vegna þess, að jeg telji fjárlagafrv. í sjálfu sjer sjerlega ógætilegt, eins og það er nú, ellegar að það út af fyrir sig skifti miklu máli, hvort tekjuhalli er í fjárlögunum eða ekki, sakir þess að það er vitanlegt, að í fjárlagafrv. eru nú afborganir og bein framlög til bankans, sem nema um 800 þús. kr. Fjárhagur landsins þarf því ekki að versna, þó að tekjuhalli sje. En það er annað, sem gerir það að verkum, að jeg er með þessum brtt., og það er, að fjárhagsútlitið er svo svart. Jeg er hræddur um, að tekjuliðir fjárlagafrv. standist ekki, og því vil jeg minka útgjöldin. Þetta er ekkert nýtt fyrir mjer, því að í þingbyrjun, er fjárlagafrv. var tekið fyrir í fjvn., orðaði jeg það við hæstv. stjórn, hvort útgjöldin samkvæmt frv. væru ekki alt of há og óvarleg. Meðal annars beindi jeg þeirri spurningu til hæstv. fjrh., hvort ekki væri ástæða til þess að minka útgjöld frumvarpsins. En hann skelti við því skolleyrunum og sagðist óska þess, að fjárlagafrv. yrði samþ. eins og hann hefði lagt það fyrir þingið. Og af þeim ástæðum fór meiri hl. fjvn. ekki fram á að lækka fjárveitingar þær, sem í fjárlagafrv. stóðu, enda þýddi það ekkert, þegar stjórnin var á móti því, og hún hefir, eins og kunnugt er, meiri hl. í Ed. — Það er rjett, sem báðir frsm. nefndarinnar hafa sagt, að nefndin ákvað að bíða með niðurfærslur allar, þar til fjvn. Ed. hefði sagt sitt álit. En með þessu er það sagt, að nefndin í Ed. á ekki aðrar þakkir í þessum efnum en þær, að henni hefir gengið betur að sannfæra hæstv. fjrh. um það, að hans eigið fjárlagafrv. væri ógætilega hátt. Þess vegna verð jeg algerlega hvað mig snertir að neita því og mótmæla þeim ummælum hæstv. ráðh., er hann var að þakka fjvn. Nd. fyrir sparsemdarstefnu sína, *þótt seint kæmi*. Stefnan var altaf til, en það var hæstv. fjrh., sem hamlaði okkur að leggja út á þá sparsemdarbraut.

Þegar jeg athuga einstakar brtt. þær, er fram hafa komið, þá verður sjerstaklega fyrir mjer ein brtt., sem jeg vil mæla með, að samþykt verði. Það er brtt. um landsspítalann. Það hvílir engin skylda á þinginu að halda spítalanum áfram. Það er sem sje tekið fram í samningnum, að það megi rifa saman seglin, ef fjárhagsvandræði verða. Nú eru einmitt fjárhagsvandræði fram undan, og hefir Ed. staðfest það, þar sem hún hefir lækkað styrki alla til verklegra framkvæmda. Og þó eru það verklegu framkvæmdirnar, sem hæstv. fjrh. er sárast um og hann hefir lýst yfir, að helst bæri að halda í.

Um vegina er líka það að segja, að til þeirra þarf sama sem ekkert útlent

efni. Alt fjeð verður því í landinu sjálfu. En öðru máli er að gegna um fjárveitinguna til landsspítalans, því að þar fara peningarnir út úr landinu, og það verður meðal annars til þess að rýra aðstöðu landsins gagnvart útlöndum og auka skuldirnar þar, sem illa má við, og síst af öllu ættu menn að gera sjer leik að því á því þingi, sem neyðst hefir til þess að samþykkja lög um stórkostlega lántöku í útlöndum. Jeg verð að líta svo á, að sjerstaklega beri að fella niður slíkar upphæðir. Jeg er líka viss um, að þjóðin vill miklu heldur fella slíkt heldur en margt annað, sem til framfara horfir, og sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að tiltölulega mikið fje er veitt til ýmissa heilbrigðisbygginga. Má þar t. d. nefna Kristneshælið, spítalann á Ísafirði og Hafnarfjarðarspítalann. (**TrÞ**: Og Klepp!). Þarna er um stórar framfarir að ræða í þessari grein, þó að litlar framfarir hafi orðið í öðrum greinum. Þó að mönnum sje sárt um heilbrigðismálin, þá verða þau þó að standa í hlutfalli við aðrar framkvæmdir. Það er ekki til neins að ætla sjer að komast eins hátt í þessum efnum og menningarþjóðir heimsins. Við erum 100 ár á eftir tímanum í verklegum framkvæmdum og verðum því að sætta okkur við það, að ekki sje alt hjer jafnfullkomið og í útlöndum.

Það hefir í þessu sambandi verið minst á það, að það væri leiðinlegt, ef spítalinn væri ekki kominn upp 1930. En jeg get ekki sjeð, að það sje neinn vansi fyrir landið, þó að það verði ekki. Danir t. d., sú ríka þjóð, fengu ekki ríkisspítala sinn fyr en 1909, en höfðu áður aðeins fæðingarstofnun. En Kaupmannahafnarbúar sáu um spítalana. Öll vandræðin hjer stafa af því, að Reykjavík hefir brugðist skyldu sinni um að sjá Reykvíkingum fyrir sjerstökum spítala. Og ef það er skömm fyrir nokkurn, að spítalinn verður ekki kominn upp 1930, þá er það fyrir Reykjavík.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf aðeins að segja fáein orð út af ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT), sjerstaklega út af því, sem hann vjek að framlaginu til Hólaskóla og Hvanneyrarskóla. Hann vildi láta líta svo út, sem órjettmætur munur væri á fjárframlaginu til þessara skóla. Hann gleymir því, að á næsta ári eru veittar 7000 kr. til miðstöðvarhitunar á Hvanneyri, og gerir það meira en að vega á móti þeirri hækkun á styrknum til Hólaskóla, sem hjer er farið fram á. Ástæðan til þess að fje þetta er veitt til Hólaskóla er sú, að peningshúsin þar eru fallin, svo að óhjákvæmilegt er að reisa þau aftur. Þá var líka á síðasta þingi samþykt að auka búið á Hólum, og eru því húsin einnig of lítil. Það er þetta, sem verið er að gera við fje það, sem veitt er til óvissra gjalda Hólaskóla.

Tilmæli um fjárframlag til fjósbyggingar á Hvanneyri komu ekki fyr en stjórnin hafði samið fjárlagafrv. sitt, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) er kunnugt um. Jeg held, að skólastjórinn þar vilji ekki láta taka þetta fram yfir miðstöðina, því að hann hefir skýrt mjer frá því, að eldhætta væri þar mikil, meðan ekki væri komin þar miðstöðvarhitun. Jeg verð því að halda því fast fram, að halda beri í þessar fjárveitingar til skólanna,

sem gert er ráð fyrir í frv., og þó að annar sje í mínu kjördæmi, þá eru þeir mjer báðir jafnkærir.

Um Hvanneyrarfjósið er það að segja, að ástæðan til þess, að þar þarf að byggja, er meðfram hin mikla fjölgun nautpenings, sem þar hefir átt sjer stað síðan núverandi skólastjóri tók við.

Jeg ætla þá að víkja nokkrum orðum að till. meiri hl. fjvn. um að skera niður framlög til brúa, vega- og símalagninga. Jeg verð að segja, að það er þegar búið að skera svo mikið af fje því, sem til brúa á að fara, að ekki má með nokkru móti meira að því gera. Það er fátt, sem landsmönnum kemur ver en að fá ekki brúaðar ár, sem eru miklir farartálmar. Og þó að við leggjum fram fje það, sem gert er ráð fyrir í frv., þá er það þó ekki meira en svo, að minna má það ekki vera.

Um símana er svipað að segja. Það verður erfitt fyrir stjórnina 1928 að segja fyrir um það, hvaða síma eigi að skera niður af þeim, sem áætlað er að leggja samkvæmt stjfrv. Það mun varla verði mikil ánægja hjá þeim hjeruðum, sem fyrir þeim niðurskurði verða.

Það er nú búið að taka mest af því fje, sem ætlað var til vita. Þegar við athugum vitagjöldin, þá er fljótt hægt að sjá það, að það er ekki nærri alt það fje, sem fer til vitamálanna aftur. Tilgangurinn með þessum vitagjöldum var þó ekki sá, að þau yrðu tekjugrein fyrir ríkissjóð, heldur átti að verja þeim til byggingar og rekstrar vitanna.

Þá sagði hv. 1. þm. Árn., að ríkissjóði væri ekki skylt að leggja fram fje til landsspítalans, þó að fyrir liggi samningur um það, sem samþyktur hefir verið af Alþingi, lesinn upp í þinginu og er nú að finna í Alþt., auk þess sem vitnað er til hans í fjárlögunum fyrir 1926.

Þegar hv. þm. (MT) segir, að mest af því fje, sem til spítalans fari, lendi hjá útlendingum, þá er það ekki rjett, því að meiri hlutinn af því fje fer í verkalaun hjer. Húsið er nú komið undir það, og það, sem nú þarf að gera, eru slík verk, sem taka langan tíma og eru því vinnulaunafrek, en það er að sljetta húsið að utan og innan. Þarf til þess lítið sement en mikið verk. Læt jeg svo staðar numið, enda lofaði jeg hæstv. forseta að vera stuttorður.

Klemens Jónsson: Jeg verð fyrst að fara nokkrum orðum um ummæli, er fjellu frá hv. frsm. meiri hl. fjvn. (TrÞ) og hv. frsm. minni hl. fjvn. (JS), eins og þeir titla sig, þótt jeg hafi ekki sjeð neitt nál. frá þeim. Þessi ummæli voru viðvíkjandi því misrjetti, sem hv. frsm. meiri hl. þótti vera gert á Hólaskóla og Hvanneyrarskóla. Honum var þá svarað af háttv. frsm. minni hl. á þá leið, að ólagið á skólabúinu á Hólum hafi byrjað 1922—'23, og hafi stafað af því, að Pjetur Jónsson, sem þá var ráðherra, hafi lofað styrk til að auka búið, en það loforð hafi ekki verið efnt. Af því að jeg varð ráðherra eftir Pjetur Jónsson 1922, þá vil jeg gera við þetta nokkrar athugasemdir, þótt þess ætti reyndar ekki að þurfa, því að jeg hefi svarað hv. 2. þm. Skagf. (JS) um

þetta á þinginu 1923, er hann fór þá í eldhúsið, er fjárlagafrv. var til umræðu. Hann spurði mig þá, hvað hefði valdið því, að skólastjórinn sagði búinu lausu, og svaraði jeg því. Jeg hefi nú lesið umræðurnar frá 1923 í gegn, og jeg get ekki sjeð það, að þessi hv. þm. hafi *þá* borið fyrir sig loforð um styrk frá Pjetri Jónssyni, en það gerði hann hiklaust í dag. Jeg skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, hverju jeg svaraði hv. þm. þá. Jeg segi svo:

„Skólastjórinn hafði mælst til þess, að keypt væri af honum kvikfje og annar bústofn, sem hann átti í búinu; en stjórnin neitaði því. Til þess var engin fjárheimild, *og jeg sá ekkert frá hendi fyrv. atvinnumálaráðherra,* að lofað hefði verið í þá átt".

Þarna neita jeg því, að nokkurt loforð um þetta hafi legið fyrir frá fyrirrennara mínum í embættinu, og hefi jeg þá auðvitað rannsakað það. Jeg get jafnframt lýst yfir því, að jeg hefði talið það skyldu mína að uppfylla slíkt loforð, ef það hefði legið fyrir. Þá vildi hv. þm. kenna mjer um ólagið, með því að jeg hefði ekki leitað samkomulags við skólastjórann áður en skólabúinu var ráðstafað. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, hverju jeg svaraði þessu 1923:

„Áður en nokkuð var afráðið um jörðina sendi jeg honum (þ. e. skólastjóranum) símskeyti með fyrirspurn um, hvort hann hjeldi enn fast við uppsögnina, en fjekk ekkert svar upp á það". Hann virti stjórnina með öðrum orðum ekki svars, er hún sendi honum fyrirspurn, og þá var samið við ungan og efnilegan mann vestan úr Reykhólasveit. Jeg verð því að endurtaka það, að það er *algerlega tilhæfulaust,* að skólastjóranum hafi verið lofaður nokkur styrkur. Þetta var hrakið fyrir 4 árum, og jeg bjóst ekki við, að það þyrfti að hrekja það enn á ný. Hafi verið handvömm á rekstri skólabúsins á síðustu árum, þá er það ekki mjer að kenna. Handvömmin hlýtur að lenda á skólastjóranum sjálfum fyrir að segja skólabúinu lausu í bráðræði. Annars eru þetta smámunir, sem koma ekki þessum umræðum við. Hjer er verið að ræða um það, hvort þessir tveir skólar, Hólaskóli og Hvanneyrarskóli, eigi ekki að njóta fulls jafnrjettis. Jeg er ekki í vafa um, að flestir háttv. þm. muni vera sammála um það, að þeir eigi að njóta jafnrjettis, svo að þeir fái báðir að njóta sín og verða þjóðinni að sem mestu og bestu gagni.

Jeg á hjer tvær brtt., sem jeg þarf að gera grein fyrir. Önnur brtt. er frá samgmn. Eins og hv. þm. muna, var lagt til af samgmn. Nd., að styrkurinn til flóabáta væri hækkaður úr 100 þús. kr. í fjárlagafrv. stjórnarinnar upp í 109 þús. kr. Þetta átti að vera uppbót fyrir Djúpbátinn á Ísafirði, bát Austur-Skaftfellinga og Breiðafjarðarbátinn. En háttv. samgmn. Ed. hefir ekki fundið ástæðu til þess að taka þetta til greina að neinu leyti. Henni hefir ekki þótt nægja að skera niður till. samgmn. Nd., heldur heimtar hún líka, að útbýting styrksins fari eftir nál., sem hún gaf út í fyrra. Þetta kann nú að vera í sambandi við fjármálastefnu þá, sem hv. Ed. tók, að skera niður ýmsar samgöngubætur og önnur nauðsynleg framfarafyrirtæki. Það má segja um þennan niður-

skurð, að sagan endurtaki sig. Á kreppuárunum 1923—'24 varð að leggja niður í bili allar verklegar framkvæmdir. Nú er kreppan fyrir dyrum aftur, og er þá spurning um, hvað gera skuli til þess að bæta úr henni. Nú hefir hv. Ed. farið sömu leið og farin var þá, klipið af ýmsum fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Hún hefir krukkað í fjárveitingar til vega, brúa og vita, og hún hefir jafnvel lagst svo lágt að skera 150 kr. af 300 kr. fjárveitingu til ferju á Hrosshyl. Það verður nú að teljast vafasamt, hvort svona smásmugulegur niðurskurður sem þessi síðasttaldi er Alþingi samboðinn. Og það er nú spurning um, hvað holt þetta er, að klípa svona af verklegum framkvæmdum, hvort ekki er hægt að fara aðra leið. Jeg álít, að þetta ætti ekki að koma fyrir aftur. Stjórn og þing ættu að reyna að finna aðra leið til þess að koma jöfnuði á fjárlögin. Það er ósköp handhæg aðferð til lækkunar að taka einhverjar fjárveitingar af handahófi og klípa af þeim 50 þús. kr., en hvort það er sanngjarnt gagnvart almenningi, það er annað mál. Jeg held, að það sje einsdæmi, hvernig samgmn. Ed. hefir tekið þeim till., sem komu frá þessari hv. deild. Nú hefir samgmn. þessarar deildar haft fund með sjer. Það hefði verið eðlilegast, að hún hefði tekið upp aftur þessa 9 þús. kr. hækkun, en til þess að sýna viðleitni til sparnaðar, þá hefir hún aðeins lagt til, að liðurinn verði hækkaður um 4 þús. kr. Með þessu móti fæst auðvitað ekki sú hækkun til þessara þriggja báta, sem til var ætlast í upphafi. En það má þó ef til vill una við þetta, af því að jeg hefi það af vörum hæstv. forsrh. (JÞ), þótt ekki væri það hjer í deildinni, að alt kaup og kostnaður við útgerðina muni lækka á næsta ári, svo að það mundi vera hægt að fá bátana ódýrari. En það vil jeg taka fram fyrir hönd nefndarinnar, ef þessar 4 þús. krónur verða samþyktar og ef eitthvað sparast á öðrum bátum, þá er það samhljóða meining nefndarinnar, að því fje verði skift hlutfallslega milli þessara báta, sem jeg nefndi áðan. Vænti jeg, að hæstv. atvrh. taki þetta til athugunar.

Þá kem jeg að brtt. VI á þskj. 536. Hún er frá mjer og hljóðar upp á 1000 kr. til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í eitt skifti fyrir öll. Jeg veit, að hv. samþm. mínir, sem hjer hafa setið með mjer í 4 ár, eru mjer sammála um, að jeg hafi ekki lagt það í vana minn að bera fram till. um bitlinga til einstakra manna. Samt hefi jeg leyft mjer að bera fram þennan „bitling", ef svo mætti hjer að orði komast. — Aurasel er fyrir austan og sunnan Þverá, og ef menn líta á kortið, sem jeg hefi hjer með höndum, sjá þeir, að bærinn ber nafn með rentu. Umhverfis þetta býli eru eintómir svartir sandar og aurar, en bærinn er eins og óasi eða yndislegur grænn blettur í auðninni, til að sjá. Og þegar heim kemur reynist einnig svo, að bærinn er ekki verri en hann sýnist. Þarna hefir nú þessi maður, Kristján Jónsson, búið í 30 ár, og er hann nú kominn að sjötugu. Hann er alkunnur fyrir það, að hann hefir um þetta langa skeið fylgt fólki yfir Þverá. Það er alvanalegt, þegar fólk kemur austan, að það fer ekki yfir Þverá á Síkisvaði hjá Hemlu, heldur miklu ofar, nálægt

Auraseli. Af því að Þverá er mesti skaðræðisgripur, hefir þessi bóndi oft orðið að fylgja fólki vestur yfir ána, og jafnvel hefir hann stundum sótt það yfir um. Hann hefir marga svaðilförina farið, en þó altaf skilað fólkinu ósköddu í land. Hann hefir þó ekki altaf átt heimangengt, þegar komið hefir verið til hans og hann beðinn fylgdar, því að hann hefir altaf verið fátækur og haft lítinn mannafla. Samt er hann altaf, á nótt sem degi, reiðubúinn til að fylgja mönnum. Jeg get ekki stilt mig um að segja frá atviki, er kom fyrir einu sinni, er við sjera Eggert heitinn Pálsson vorum að halda þingmálafundi austur í Landeyjum. Jeg náttaði mig þar, en sjera Eggert heitinn vildi endilega komast heim um kvöldið eða nóttina. Jeg sagði honum, að ekki væri neitt vit í því að leggja út í Þverá svo síðla kvölds og í svarta myrkri, en hann svaraði aðeins: „Jú, jeg treysti honum Kristjáni mínum í Auraseli til að skila mjer á land". Sjera Eggert fór yfir um ána um kvöldið með fylgd Kristjáns, og varð ekki meint af. Jeg hefi sjálfur notið fylgdar hans s.l. sumar, er jeg var þarna á ferð. Mjer sýndist Þverá þá mjög ægileg tilsýndar, en samt var hún hvergi nema í miðjar síður, þar sem við fórum. Aðrir, sem fóru yfir ána samtímis, en án fylgdar Kristjáns, fengu rogasund og máttu þakka fyrir að farast ekki. — Einhverja borgun kann Kristján að hafa fengið hjá þeim, sem hann hefir fylgt. En þeir, sem til þekkja, vita, að það er ekki vandi manna hjer á landi að borga mikið fyrir fylgd bæja á milli. Jeg hygg, að enginn verði feitur af því. — Svo sem jeg sagði, er þessi maður nú að verða sjötugur og er um það bil að láta af búskap. Vil jeg nú spyrja hv. þdm., hvort það sje til of mikils mælst við fjárveitingarvaldið, að það veiti nú þessum manni í eitt skifti fyrir öll litla upphæð, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa í 30 ár fylgt mönnum yfir þetta skaðræðisfljót. Jeg hefi ekki gengið á milli manna og leitað atkvæða með þessari tillögu. Jeg læt alla sjálfráða um, hve þeir taka henni, en læt mjer nægja að skjóta fram þessari spurningu. Vona jeg, að hver svari henni sem honum líst best.

Sigurjón Jónsson:* Jeg hefi komið með eina litla brtt. á þskj. 545, V. Hún fer fram á að hækka styrkinn, sem kvenfjelagið „Ósk" á Ísafirði hefir til að halda uppi húsmæðraskóla, um 800 kr., úr 4000 í 4800. Það var að vísu svo, þegar fjárlagafrv. kom aftur hingað frá hv. Ed., að okkur íhaldsmönnum kom saman um að reyna að sporna við, að frekari breytingar yrðu gerðar á því, enda þótt ýmsir, þar á meðal jeg, álitu sum handtök hv. Ed. hafa orðið nokkuð óheppileg. En þegar jeg sá, að margar brtt. voru fram komnar, án þess að þessi væri tekin þar með, þótti mjer rjett að bera hana fram, ef einhverjar breytingar kynnu að ná fram að ganga. Jeg þarf ekki að rifja upp atriði þessa máls. Þeim var lýst við 2. umr. hjer í hv. deild. Get jeg látið mjer nægja að segja frá því, að kvenfjelagið „Ósk" fór fram á að fá 8000 kr. styrk hjá Alþingi til að halda uppi kvennafræðslu á Ísafirði. Eftir að jeg hafði átt tal um þetta við hv. fjvn.,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

sem tók málinu liðlega, gekk hún inn á að bera fram till. um 5000 kr. til fjelagsins, og sætti jeg mig við það. Jeg hjelt, að þessum styrk væri nú vel borgið, þar sem hann var fram borinn af 7 manna nefnd óskiftri og samþyktur í þessari hv. deild með öllum þorra atkvæða. En sú hefir ekki orðið raunin á, því að hv. Ed. hefir þótt rjett að sníða af þessu eins og flestum öðrum fjárveitingum. Það, sem jeg á verst með að skilja í afstöðu hv. Ed., er það, að hún lækkar jafnt þær upphæðir, sem hjer eru fram bornar eftir einhuga till. fjvn. og samþyktar með yfirgnæfandi meiri hluta, eins og hinar, sem þessi hv. deild var mjög skift um og samþyktar voru með litlum atkvæðamun. — Þetta er ein af þeim brtt., sem sjálfsagt er að halda fram, ef ekki á að láta hv. Ed. alveg ráða fjárlögunum eða hinum endanlega frágangi þeirra að þessu sinni. — Þessa styrks er leitað af því, að annars yrði skólagangan fátækum námsmeyjum um megn. En inn á það atriði þarf jeg ekki að fara frekar að sinni. — Jeg hefði getað vænst þess, að hv. meiri hl. fjvn. tæki upp þessa till. eins og aðrar brtt. sínar um styrki til skóla. Þessa till. er alveg eins mikil, og jafnvel enn meiri, ástæða til að samþykkja eins og sumar till. hennar. Því að um suma þá liði, er hv. meiri hluti ber fram, voru mjög skiftar skoðanir í hv. deild á sínum tíma, en þessi liður var samþyktur einróma.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast líka á aðra brtt., frá hv. fjvn., sem jeg tel sjálfsagt að samþykt verði, ef nokkur breyting á að ná fram að ganga. Það er hækkunin á styrk til unglingafræðslu utan Reykjavíkur. Hv. fjvn. lagði til, er fjárlagafrv. var hjer í fyrra sinn, að þessi styrkur væri hækkaður um 7 þús. kr., og var sú brtt. samþykt í einu hljóði. Þetta snerti mig dálítið sem þm. Ísaf., því að bæði í nál. fjvn., í framsöguræðu hv. frsm. og ennfremur í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) kom það skýrt fram, að þessi hækkun var gerð með tilliti til unglingaskólans á Ísafirði, sem að undanförnu hefir farið mjög varhluta af opinberum styrk. Og með tilliti til þessarar auknu fjárveitingar var það álitið afsakanlegt að svæfa frv. mitt um gagnfræðaskóla á Ísafirði. Þrátt fyrir þetta alt tók hv. fjvn. Ed. sig til og ljet sníða einmitt þessa upphæð af styrknum til unglingafræðslu. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. kenslumálaráðherra (MG), hvort þessi lækkun eigi sjerstaklega að snerta unglingaskólann á Ísafirði, sem svo oft hefir verið nefndur í þessu sambandi. Auðvitað getur hæstv. ráðherra aðeins svarað fyrir sig persónulega, því að ekki er víst, að hann verði kenslumálaráðherra, þegar þessi styrkur kemur til útborgunar. Ef það væri álit hæstv. ráðherra og manna yfirleitt, að þessi lækkun ætti sjerstaklega að koma fram gagnvart Ísafirði, þá þykir mjer hv. Ed. hafa sýnt skólamálum þess kaupstaðar litla sanngirni.

Að gefnu tilefni vil jeg leyfa mjer að beina annari fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG). Hjer hefir komið fram brtt. frá hv. meiri hl. fjvn., um styrk til fjósbyggingar á Hvanneyri. Í umr. hafa komið fram þær upplýsingar, að búið á Hvanneyri er leigt núverandi skólahaldara gegn ákaflega lágu afgjaldi. Ennfremur kom það fram, að þörf er á fjósbyggingu vegna naut-

gripafjölgunar. Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh.: Er þessi nýi nautafjöldi eign ríkissjóðs, eða er hann eign skólahaldara? Þegar búið var leigt, hafa eflaust fylgt því svo og svo margir nautgripir. Ef þeir eru fleiri nú, eru öll líkindi til, að skólahaldarinn eigi það, sem umfram er. En mjer þætti undarlegt, ef ríkissjóður ætti að fara að byggja yfir þá nautgripi, sem skólahaldarinn á Hvanneyri sjálfur á.

Þá verð jeg að minnast fám orðum á brtt. á þskj. 336,III, frá hv. meiri hl. fjvn., um að fella niður fjárveitingu til hljóðdufls á Helluboða. Það tjóar sjálfsagt ekki að fara að þrefa um þetta nú. Það var dálítið gert við 2. og 3. umr. í þessari hv. deild. En mjer þykir það hart, eftir að hv. Ed. hefir sniðið 11 þús. kr. af vitamálunum, að þá kemur fjvn. þessarar háttv. deildar og heimtar, að fjárveiting til vita sje lækkuð enn um 10 þús. kr. Eins og fjárlagafrv. lítur nú út, eru áætlaðar 228 þús. kr. til vitamála, en jafnframt eru áætlaðar 300 þús. kr. tekjur af vitum. Nú er það að vísu svo, að vitakerfið skuldar ríkissjóði nokkurt fje, ef honum er ekki talin nein eign í vitunum. En meðan ekki er komið betra lag á vitamálin heldur en hjer er enn, álít jeg það með öllu óverjandi, að vitarnir sjeu ríkissjóði til stórtekna. Jeg vil algerlega taka undir það með hæstv. atvrh., sem hann hefir sagt í þessa átt, og þakka honum ummælin. Hvað sem öðrum till. um niðurfærslur á gjöldum ríkissjóðs líður, vona jeg, að þessi verði steindrepin.

Þá er annar liður, sem hv. meiri hl. fjvn. leggur til, að sje lækkaður um 5 þús. kr. Það er fjárveiting til markaðsleitar erlendis. Mjer finst það óneitanlega skjóta dálítið skökku við, þegar nefnd, sem sett er til að sjá um hag sjerstaks atvinnuvegar, kemur með till. um 20—30 þús. kr. fjárveitingu til að leita að markaði fyrir afurðir hans, að þá er á þetta ráðist af háttv. fjvn. hvað eftir annað, reynt að drepa það alveg eða a. m. k. að narta svo í það, að það komi ekki að hálfu gagni. — Þetta skýtur dálítið skökku við þær umræður, sem hjer urðu nýlega um eitt stærsta fjármál, sem fyrir Alþingi hefir legið og allir búast við, að nái fram að ganga á næstu þingum. Það var um árlega fjárveitingu til landbúnaðarins, sem svarar til 3 milj. kr. höfuðstóls. Þetta sætti engri sjerstakri mótspyrnu, en samt láta menn sjer sæma að berjast með hnúum og hnefum gegn fárra þúsunda fjárveitingu sjávarútveginum til hagsbóta.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gerði til mín tvær fyrirspurnir. — Hin fyrri var um lækkun á styrk til unglingafræðslu utan Reykjavíkur, hvort hún ætti eingöngu að koma niður á unglingaskólanum á Ísafirði. Jeg fyrir mitt leyti lít ekki þannig á, heldur virðist mjer, að lækkunin eigi að skiftast niður á skólana. Vitanlega hlýtur hún þá að nokkru leyti að lenda á Ísafjarðarskóla. Og þar sem hækkunin í hv. Nd. var gerð sjerstaklega vegna þessa skóla og þriggja annara, þá geri jeg ráð fyrir, að lækkunin verði hlutfallslega ekki meiri á þessum en hinum.

Hv. þm. (SigurjJ) mintist ennfremur á Hvanneyri og spurði, hvort skólastjórinn þar hefði fengið búið á leigu með sjerstaklega hagkvæmum kjörum. Já, jeg lít svo á, að kjör hans sjeu mjög hagkvæm, en það er miklu leyti að þakka breytingu á verðlagi, síðan samningurinn við hann var gerður. En þar sem hann hefir bætt jörðina afarmikið, þá á hann í raun rjettri stórfje hjá ríkissjóði, sem hann fær þó ekki goldið, ef hann fer burtu á næstu árum. Það getur aðeins komið upp í afgjaldið af jörðinni. Því held jeg, að ekki væri sanngjarnt að gera breytingu á núverandi kjörum hans. Þótt þau sýnist góð, þá etur það í kringum sig að þurfa að hafa alla þessa skólapilta á heimilinu. Af því er mikill átroðningur, enda þótt jafnframt sjeu af því nokkrar tekjur. — Hitt veit jeg ekki vel, hvort fjósið á að vera yfir nautgripi skólastjóra sjálfs eða ríkissjóðs. Jeg held, að það fjós, sem þar er nú, sje orðið mjög gamalt og ljelegt. Skólastjóri hefir t. d. sagt mjer, að þakið sje nærri ónýtt. — Skólastjóri hefir sjálfsagt fleiri nautgripi en jörðinni fylgdu, er hann kom þar. Hann hefir gert jörðinni mikið til góða og hefir eflaust fleiri nautgripi, til að hafa hennar meiri not.

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer, að jeg mundi ekki þurfa að taka til máls að þessu sinni. Bæði er nú það, að jeg á enga brtt. sjerstaklega, og eins hitt, að hv. frsm. meiri hl. fjvn. (TrÞ) hefir staðið svo vel fyrir sínu máli, að við það hefi jeg engu að bæta.

En vegna þess, að hæstv. forsrh. (JÞ) beindi því til mín, að jeg grenslaðist eftir því hjá Framsóknarflokknum, hvort hann vildi ekki fallast á frv. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed., þá er því til að svara, að Framsóknarflokkurinn vill að sjálfsögðu gera sitt til þess, að gætt verði alls sparnaðar, svo að sem minstur tekjuhalli verði í fjárlögunum.

En þar sem meiri hl. fjvn. ber fram allverulegar lækkunartill., sem hann telur að miði að því að búa fjárlögin betur úr garði, þá sjer flokkurinn ekki ástæðu til annars en að fylgja því, enda er það í samræmi við það, sem áður er sagt.

En fari svo við atkvgr., að fyrstu aðallækkunartill. nefndarinnar falli, þá mun hún, eins og hv. frsm. lýsti yfir, taka hinar brtt. aftur.

Með þessu vona jeg að hafa lýst því fyrir hönd Framsóknarflokksins, að hann vill fyrir sitt leyti stuðla að góðri og heppilegri afgreiðslu fjárlaganna, enda þótt hann sjái ekki ástæðu til, að svo stöddu, að ganga að frv. óbreyttu, eins og það kom frá hv. Ed.

Eins og háttv. frsm. tók fram, þá hefir vakað fyrir þeim nefndarhlutanum, sem honum fylgir, og okkur Framsóknarmönnum að búa fjárlögin sem best úr garði. Við erum hræddir um, ef kreppan heldur áfram, að þá standist ekki sú áætlun, sem gerð hefir verið, og tekjurnar reynist minni, þegar til á að taka.

Þess ber líka að gæta, að í hv. Ed. tók frv. miklum breytingum, ekki aðeins með lækkun ýmissa gjaldaliða, heldur voru þar eftir till. hv. fjvn. feldir með öllu niður margir liðir, sem samþ. voru hjer með miklum atkvæða-

mun. Og þessi niðurskurður var gerður án þess, að hv. fjvn. Ed. leitaði á nokkurn hátt álits fjvn. þessarar hv. deildar.

Við meirihlutamennirnir í fjvn. höfum reynt að lagfæra þetta, án þess þó að fara út í það ítrasta eða ráðast á þær till., sem upp í frv. voru teknar í hv. Ed.

Aðalágreiningsefnið, sem verið hefir í dag, er það, hvort fresta eigi byggingu landsspítalans eða ekki. Það reynist nú allajafnan svo, að spurning er um, hvað spara megi og hvað ekki. Jeg held, að fjvn. hafi litið svo á framan af þingi, að ef um sparnað væri að ræða á einstökum liðum stjfrv., þá mundi mega höggva eitthvað í þennan lið. En þegar síðar kom í ljós, að hæstv. stjórn hafði gert samninga um, að landsspítalinn skyldi kominn upp fyrir hátíðahöldin 1930, þá leit minni hl. svo á, að við þá samninga yrði að standa, og því mundi ekki fært að spara á þessum lið. En þegar svo er komið, að búið er að skera og klípa af nauðsynlegum fjárveitingum til brúa, vega, síma og samgangna á sjó, þá er ekki nema eðlilegt, þó að dregið sje að einhverju leyti úr þessari miklu húsbyggingu, sem að vísu er nauðsynleg, en ætti þó að þola dálitla bið, þegar alt annað verður að spara vegna fjárhagskreppu þeirrar, sem yfir vofir. Enda eru dæmi þess, að mörg nauðsynleg bygging hefir orðið að bíða, þó að lengur væri, t. d. eins og Kleppur. Hinsvegar skal jeg fúslega játa, að mjög væri það gleðilegt fyrir okkur, ef þessari þörfu og nauðsynlegu byggingu væri lokið 1930, en úr því að ekki verður hjá því komist að fresta mörgum öðrum nauðsynlegum framkvæmdum um ótiltekinn tíma, verðum við að sætta okkur við, þó að bygging spítalans dragist eitthvað ofurlítið.

Í raun og veru er það ekkert nýmæli, þó að fjárlagafrv. sje eitthvað breytt við eina umr. í hv. Nd. Hitt mætti fremur segja, að sje einsdæmi, að það sje samþ. óbreytt, eins og það kemur frá hv. Ed. Jeg held, að það hafi ekki komið fyrir nema einu sinni núna síðustu 10 árin, og það var í fyrra. Og áður held jeg, að það hafi ekki komið fyrir á áratugum. Annars er ekki nema sjálfsagt að fallast á fjárlagafrv. við eina umr., í hvorri deildinni sem er, ef auðsær hagur er að því, hvað útkomu fjárlaganna snertir, og enginn ágreiningur um frv. milli deilda.

Nú hefir komið fram, að mikill ágreiningur er milli beggja deilda um afgreiðslu frv. Hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) sýndi með góðum rökum, hvernig hv. Ed. hefði virt að vettugi till. þessarar hv. deildar, og hv. frsm. samgmn. (KlJ) lýsti einnig með skýrum dráttum, hve lítið hv. Ed. hefði farið eftir því, sem hjer var samþykt eftir till. þeirrar nefndar, og með atbeina fjvn.

Þær brtt., sem báðar þessar nefndir bera nú fram, eru gerðar með það fyrir augum að bæta frv. og færa það í betra horf, svo að tekjuafgangur verði, en þó borgið ýmsum framkvæmdum, sem lögð var áhersla á að ekki biðu, þegar frv. var hjer til meðferðar áður.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer virðist, eftir yfirlýsingu formanns Framsóknarflokksins, hv. þm.

A.-Sk. (ÞorlJ), að dæma, að ekki sje mögulegt að fá hv. deild til þess að ganga að frv. óbreyttu. Er því ekki annað fyrir hendi en að láta atkvæði skera úr, og treysti jeg þá á loforð hv. þm. A.-Sk., sem mjer þótti vænt um og legg mikið upp úr, — það loforð hans fyrir hönd meiri hl. hv. fjvn., að allar hækkunartill. nefndarinnar verði teknar aftur, ef aðallækkunartill. verða feldar.

Mjer virðist þá, að málið beri svo við, að til atkvæði komi fyrst lækkunartill. hv. meiri hl. fjvn. og svo aðrar, sem eitthvað munar um. Vona jeg þá, að um atkvgr. þessa fari svo, að ekki skerðist heildarútkoma frv. frá því, sem nú er.

Hv. þm. A.-Sk. mintist enn á landsspítalann og fór sömu orðum um brtt. meiri hl. eins og háttv. frsm. (TrÞ) gerði. Báðir vilja halda því fram, að till. feli aðeins í sjer frestun á byggingu spítalans, en það gerir hún ekki, því að stjórnin getur tekið lán til byggingarinnar hvenær sem er. Sami hv. þm. (ÞorlJ) gat þess líka, að hv. fjvn. hefði fyr á þingi komið til hugar að ráðast á þessa fjárveitingu til landsspítalans í því skyni að lækka hana allmikið. En þegar svo komið hefði í ljós, að samningur væri til, sem kvæði svo á, að byggingunni skuli lokið 1930, þá hefði nefndin ekki getað fallist á að bera þetta fram, og meiri hl. því tekið það upp. En yfirlýsing sem þessi þykir mjer næsta undarleg frá formanni hv. fjvn., því að hann, og nefndin yfir höfuð, hefði þó átt að vita allra manna best um þennan samning, sem vitnað hefir verið í í tvennum fjárlögum og er enn tekið upp í frv. fyrir 1928. Í fjárlögunum 1926, 12. gr., stendur: „til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands". Sama aths. er við þennan lið í fjárl. fyrir þetta ár.

Þessi samningur, sem hjer er vitnað í, lá fyrir þinginu og hefir verið í höndum hv. fjvn., og samkvæmt honum er ríkissjóði skylt að leggja fram til byggingar spítalans árið 1928. — Byggingu þessa er ekki hægt að fella niður, því að geti ríkissjóður ekki einhverra hluta vegna greitt þessa upphæð, þegar til á að taka, hefir stjórnin heimild til þess að taka lán, svo að byggingunni verði haldið áfram samkv. samningnum. Það er því misskilningur, að hægt sje á nokkurn hátt að stöðva verkið.

Það hefir verið kastað ýmsu að hv. Ed. fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv., og þó einkum til hv. fjvn. fyrir till. sínar. Jeg ætla nú ekki að halda uppi miklum svörum fyrir þá háttv. deild, þó að jeg eigi þar sæti og hafi með atkv. mínu stuðlað að því, að frv. tók þeim breytingum, sem raun varð á. En út af ummælum háttv. 1. þm. Rang. (KlJ), að hv. Ed. hefði ráðist á verklegar framkvæmdir og gripið þar til samskonar ráðstafana eins og stundum áður hefir tíðkast, þegar fjárhagsvandræði bar að höndum, þá vildi jeg aðeins segja það, að þar hefir hv. Ed. gætt mjög hófs. Hún hefir ekkert annað gert en að færa þessar upphæðir niður sem líkast því, er stóð í stjfrv. M. ö. o. lækkaði heildaruppháeðina sem næst því, er nam hækkun þessarar hv. deildar á frv. En svo

mikla sanngirni sýndi hún þessari hv. deild og kurteisi, að hún feldi ekki burt þær fjárveitingar til verklegra framkvæmda, sem komust hjer inn í frv., heldur ljet hún jafnt yfir alla ganga, eða kleip jafnt af fjárveitingum stjfrv. eins og þeim, sem einstakir hv. þdm. höfðu komið inn í það. Mjer finst því, að þessi hv. deild hefði átt að þakka hv. Ed. og með því viðurkenna viðleitni hennar til þess að búa frv. sem best úr garði. Stjórnin vildi ekki eiga þátt í því að koma upp stífni milli deildanna með því að leggja til, að þær till., sem hjer komust inn, yrðu feldar niður, heldur þótti henni sigurvænlegri til samkomulags sú leiðin að láta sama ganga yfir allar fjárveitingarnar, eins og jeg drap á.

Þessi fáu orð vildi jeg vona, að yrðu til þess að draga úr þeim kur, sem orðið hefir hjer vart gagnvart háttv. Ed., og hirði jeg þá ekki um að hafa þau fleiri.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 545, og eru flestar þeirra gamlir kunningjar hjer í hv. deild.

Fyrsta till. mín er um að veita Símoni Jónssyni lítilsháttar styrk til þess að leita sjer lækninga í Danmörku, á heilsuhæli fyrir taugaveiklað fólk. Jeg bar áður fram till. þessa og lýsti þá nánar ástæðum mannsins, svo að jeg tel enga þörf á að endurtaka það nú. Þá fjell till. með eins atkvæðis mun. En jeg kem þó með hana aftur og vil aðeins bæta við, að svo framarlega sem nokkur brtt. á rjett á sjer, þá á þessi að ná samþykki.

Þá er önnur brtt. um að lækka tillag ríkissjóðs til landsspítalans um 50 þús. kr. Hæstv. forsrh. hefir nú lýst yfir, að samkv. samningum verði að verja til spítalans 1928 150 þús. kr. Mjer var ekki kunnugt um, að samningurinn væri þannig úr garði búinn, eins og nú er upplýst. Má því vera, að litla þýðingu hafi að bera till. þessa fram. Þó mun jeg láta skeika að sköpuðu um hana. Verði hún samþ. og stjórnin sjái sjer ekki annað fært en að leggja til spítalans 150 þús. kr., þá verður hún að útvega það fje að láni, sem til vantar, ef ekki verður hægt öðru vísi. Annars finst mjer, að hæstv. stjórn sje í rjetti sínum að verja ekki meira fje til spítalans en tiltekið er í hvert sinn.

Þriðja brtt. mín er um það, að sama upphæð verði veitt til ferju á Hrosshyl og samþ. var hjer við 2. umr. Þessi fjárveiting komst fyrst á í fyrra og þótti í alla staði mjög rjettlát, og við 2. umr. hjer á dögunum var hún samþ. með 20:4 atkv. Mig furðar það því ekki alllítið, að hv. Ed. skuli hafa farið að narta í þessa litlu upphæð, og get því tekið undir það, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, að það sje ekki samboðið hv. þingdeild að klípa og narta af smávægilegum upphæðum, sem ætlaðar eru fátækum einyrkjum til þess að greiða fyrir vegfarendum. Því hefir verið skotið að mjer, að þessi styrkur sje ekki í samræmi við aðrar ferjur, t. d. dragferjur, og má það vel vera. En mjer er kunnugt um, að þessi einyrki tefst svo um aðalannatíma ársins vegna ferjunnar, að það vegur lítið upp á móti því, þó að hann fái 300 kr. styrk.

Þá á jeg 2 brtt. undir VIII á sama þskj. Fyrri till. fer fram á 500 króna hækkun á utanfararstyrk Sigurðar Skúlasonar. Hv. Nd. hafði fallist á að veita þessum efnilega námsmanni 2000 kr. utanfararstyrk, en hv. Ed. færði hann niður um helming. Með brtt. minni er lagt til, að styrkur þessi verði 1500 kr., og virðist hann varla geta verið minni, eigi hann að koma að gagni. Það er dýrt ungum mönnum að kosta sig við erlenda skóla, enda mun þessi upphæð hrökkva skamt. Vænti jeg því, að hv. deild, sem tók svo vel í að veita þessum manni 2000 kr. styrk, sjái sjer fært að samþ. þessa brtt. mína.

Seinni liður þessarar till. er um 1500 króna styrk til jarðræktarfjelags Grímsnesinga til þess að kaupa dráttarvjel og plóg til nýtísku jarðyrkjutilrauna. Þetta fjelag, sem telur í sínum hóp ýmsa áhugasama bændur, hefir hug á að útvega sjer verkfæri þessi frá Vesturheimi. Það hefir í þessu efni leitað til Búnaðarfjelags Íslands, en enga áheyrn fengið. Þess vegna hefi jeg farið þessa leið. Hjer er um nýtt verkefni að ræða, sem ekki er hægt að óreyndu að segja um, hvernig muni gefast. En þeir, sem ríða á vaðið og ryðja braut nýjum tækjum, þurfa altaf miklu til að kosta. Og gefist þær tilraunir illa, bera þeir, sem í þær rjeðust, skarðan hlut frá borði. En gefist tilraunirnar vel, hafa þeir á hinn bóginn rutt öðrum braut til meiri framtakssemi. Svo að hvernig sem á þetta er litið, þá eru þó slíkar tilraunir að jafnaði góðra gjalda verðar og þeir menn styrks maklegir, sem fyrir þeim gangast.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Út af þeim orðum, sem fallið hafa, þá get jeg lýst því yfir, að falli aðallækkunartill. þær, sem fram eru bornar, mun jeg ekki halda fram hækkunartill. minum.

Jakob Möller: Till. þær, sem jeg hefi borið fram við þessa umræðu, eru flestar ekkert annað en endurtekning á því, sem áður var samþ. hjer í hv. deild. Þó er 1. till., undir IX á þskj. 545, ný; en jeg hefi lýst yfir, að hún er tekin aftur. 2. till., undir X, fer fram á að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands úr 1800 kr. upp í 4000 kr. Í fjárlagafrv. er styrkur til ungmennafjelaga í svipuðu skyni, að mig minnir 4500 kr. Mjer finst ekki rjett að gera svo mikinn mun á þessum tveimur fjelögum. Jeg er að vísu ekki nákunnugur því, hvað ungmennafjelögin hafa afrekað, en jeg veit hitt, að þau fjelög, sem eru í sambandi við Í. S. Í., hafa unnið ákaflega mikið í þarfir íþrótta. Íþróttasambandið hefir gefið út kenslubækur um ýmsar íþróttir, sjerstaklega glímuna, sem það hefir unnið mikið að að efla og endurvekja, eins og aðrar íþróttir, þar á meðal sund. Það hefir og haldið íþróttanámsskeið árlega og sent íþróttamenn út um landið víðsvegar, til þess að halda íþróttasýningar og efla áhuga. — Alt þetta starf kostar mikið fje; og jeg tel því fje vel varið, sem fer til þess að styrkja þessa starfsemi, og vænti því, að hv. deild taki vel þessari till., a. m. k. sjái sjer fært að samþ. varatill.

Jeg nenni nú ekki að orðlengja þetta, því að jeg efa ekki, að mjer

hafi þegar á þessum fáu mínútum tekist að sannfæra þá fáu menn, sem hjer eru inni.

Næsta till. er samskonar og samþ. var við 2. umr., að veita styrk til þess að kynnast nútímafyrirkomulagi og starfrækslu erlendra kaupþinga. Hefi jeg borið þessa till. þannig fram, að hún komi til atkv. á undan till. fjvn. um að fella tilsvarandi lið úr fjárlagafrv. Jeg geri ráð fyrir, að þeir hv. þm. fylgi þessari till., er samþ. samhljóða till. við 2. umr.; en hinsvegar mun jeg fyrir mitt leyti greiða atkv. móti till. fjvn.

Aðrar till., sem jeg flyt, fara fram á að hækka aftur smáfjárveitingar, sem samþ. voru hjer, en Ed. hafði lækkað. Það eru mjög lítilfjörlegar fjárhæðir. Hv. deildarmenn hafa sjálfsagt áttað sig á þeim, og hirði jeg því ekki að tala um þær.

Hákon Kristófersson:* Jeg get tekið undir með hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að innan íhaldsflokksins hefir verið rætt um að koma ekki með brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni. En þar sem margar brtt. eru samt sem áður komnar fram, þá hefi jeg leyft mjer að bera fram eina örlitla brtt. á þskj. 550, undir VIII, tillögu, sem vitanlega hefir enga þýðingu gagnvart ríkissjóði. Það er smávægileg hækkun til Guðmundar Björnssonar, gamals barnakennara. Jeg hefi áður mælt með þessum gamla heiðursmanni á áttræðisaldri, því að jeg bar áður fram svipaða brtt., svo að jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta nú. En fari svo, að till. til hækkunar eða lækkunar verði alls ekki samþ., tek jeg þessa till. vitanlega aftur, er jeg sje, að svo við horfir.

Það hafa komið fram ýmsar óánægjuraddir hjer í hv. deild út af meðferð hv. Ed. á fjárlagafrv.; og að málavöxtum athuguðum verð jeg að segja, að það er ekki óeðlilegt. Afleiðingarnar af þessari óánægju má vitanlega glegst sjá í till., sem fram eru komnar á þskj. 536, frá meiri hl. fjvn., sem hefir ekki fallist á gerðir hv. Ed. Ætla jeg engan dóm á það að leggja, hvor hafi þar rjettara fyrir sjer. En þegar jeg lít yfir brtt. meiri hl. fjvn., þá sakna jeg þess, að hún hefir ekki sjeð sjer fært að færa í samt lag þá upphæð, sem Nd. hafði ákveðið til sjúkraskýla og læknabústaða. Hv. Ed. hefir klipið af þessari upphæð, eins og mörgum öðrum.

Þar sem jeg á dálítinn hlut að máli sem þingmaður Barðstrendinga, þá hefði mátt vænta brtt. frá mjer til þess að kippa þessu í samt lag. Að jeg ekki gerði það kemur til af ýmsum ástæðum, þar á meðal af því, að jeg býst ekki við, að niðurfærslunni sje stefnt að neinu sjerstöku hjeraði. Til þess álít jeg hv. fjvn. hafa skort heimild, nema því aðeins að hún hefði að baki sjer álit heilbrigðisstjórnarinnar um það, að eitt væri rjettarminna en annað af þeim hjeruðum, sem eiga að njóta þessarar upphæðar. Þess vegna býst jeg við, að þegar til úthlutunar þessa fjár kemur, þá verði heilbrigðisstjórnin höfð með í ráðum, en ekki sje nú slegið föstu, að niðurfærslunni sje beint að sjerstökum hjeruðum. Vera má, að síðan fjárlagafrv. var til umræðu hjer í hv. deild, hafi það upplýst, að einhver af þeim hjer-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

uðum, þar sem slíka byggingu skyldi reisa, hafi horfið frá því í bili fyrir einhverjar ástæður, og er þá ekkert um þetta að segja.

Það hefir nú risið nokkur ágreiningur um till. meiri hl. fjvn. hjer, um að fella niður tillagið til byggingar landsspítalans. Mig furðar satt að segja, ef hv. þingmönnum hefir ekki verið kunnugt um þau samningsdrög, — eða hvað annars á að kalla það, — sem voru fyrir þessu máli. Mjer var þetta fullkunnugt, og jeg sagði á þeim tíma, þegar verið var að smeygja þessu máli inn, að svo gæti brátt farið, að fjárhagur okkar yrði það þröngur, að þetta gæti orðið allerfiður baggi. En jeg lít svo á, að þegar búið er að segja „A" í þessu máli, þá verði sóma þingsins vegna að segja „B". Jeg er samþykkur hæstv. forsrh. hvað þetta snertir. Úr því, sem komið er, held jeg, að varla sje hægt að snúa aftur.

Það er ekki af því, að jeg vilji bera háttv. fjvn. brigslyrðum, þótt jeg segi, að það sjest fljótlega á hækkunartill. hv. meiri hl. á þskj. 536, að „kennir hver sín". Jeg verð að segja, að hv. meiri hl. hefir verið betur ljóst það, sem lá honum dálítið nær, heldur en það, sem við kemur öðrum hv. þingmönnum. Skal jeg benda á meðal annars, að hv. fjvn. mintist í dag á styrk til hafnarbóta í Ólafsvík og taldi hann mjög í ósamræmi við aðrar slíkar styrkveitingar, sökum þess að ekkert fje kæmi annarsstaðar frá. Jeg verð nú að líta dálítið öðrum augum á þetta. Þetta er sem sagt ekkert annað en fyrirtæki, sem á að miða til þess að styðja velgengni þessa bygðarlags, alveg eins og aðrar stórkostlegar ríkisframkvæmdir til umbóta. Það má til dæmis nefna meiri háttar brýr, sem gerðar eru í þeim tilgangi að vernda líf og annað öryggi landsmanna. Lítum á vegina. Víða kemur ekki neinn styrkur frá hlutaðeigandi sýslufjelögum. Svo er það heldur ekki rjett hjá hv. frsm., að ekkert fje hafi komið frá þessu viðkomandi bygðarlagi til þessa mannvirkis, því að þessi fátæki hreppur hefir lagt fram rúmar 23 þús. kr. Þetta sýnist ekki lítil fjárhæð, þegar um ekki stærra bygðarlag er að ræða.

Jeg vil benda á það í þessu sambandi, að jörðin Ólafsvík mun vera eign ríkisins. Hverjum stæði það nú nær heldur en einmitt þessum landsdrotni, — ef svo má að orði komast, — að sjá um það, að íbúar þessa bygðarlags, sem aðallega lifa á sjónum, fái sæmilegar lendingarbætur, er gætu komið í veg fyrir mörg slys, sem vitanlega hafa oft komið þarna fyrir?

Getur maður með nokkrum rjetti borið saman slíkar hafnarbætur í Ólafsvík og fjósbyggingu á Hvanneyri, sem jeg býst við, að sje verið að byggja yfir gripi viðkomandi bónda sjálfs? En til þessarar byggingar er varið allmyndarlegri fjárhæð úr ríkissjóði. Jeg spyr: Hvernig getur nokkur maður, sem vill standa á rjettlætisins grundvelli, verið með því að leggja 11500 krónur til slíkrar fjósbyggingar, en lagt á móti tiltölulega lítilli upphæð til þess að vernda líf og limi sjómanna? — Þetta kemur áreiðanlega ekki af neinum illvilja hjá hv. frsm., heldur af því, að hann þekkir lítið, hvað það er að vera sjómaður. Jeg þekki dálítið til þess munar að koma að lendingu, sem maður veit, að er nokkurn veginn trygg, og koma að lendingarleysu. Jeg get frómt úr flokki

talað um þessi efni, fremur kannske en flestir þeirra, sem hjer eru innan veggja.

En svo er annað ótalið í þessu máli. Það eru til lög um hafnargerð í Ólafsvík, mig minnir frá 1919, þar sem ákveðið er fyrirkomulag á byggingu hafnarinnar. Er þar svo að orði kveðið, að verkið skuli gert fyrir framlag frá hreppnum og ríkinu, en auk þess er ríkissjóði skylt að standa í ábyrgð fyrir því, sem hreppurinn á að leggja fram. Jeg fæ nú ekki skilið, að það sje neitt sæmilegra fyrir hið háa Alþingi að koma hreppsfjelagi þessu, sem er fátækt, í stórkostlegar skuldir, þar sem vitanlegt er, að það hlýtur að koma til ríkissjóðs að greiða ábyrgðina.

Það er þegar fengin góð reynsla um traustleika þess hluta þessa mannvirkis, sem þegar er búið að gera, að það hefir staðist eitthvert allra mesta hafrót, sem núlifandi menn þekkja. Það stendur alveg óhaggað.

Jeg vildi segja þessi orð sökum þess, að mjer hefir ætíð frá því fyrsta, er jeg kom á þing, verið ant um, að þingið gerði skyldu sína gagnvart þessum mönnum, sem eiga við þau lífsskilyrði að búa að þurfa að sækja lífsuppeldi sitt og sinna með því að hætta sjer sjálfum. Og svo fremi að þingið hafi skyldu til að sýna umbun gagnvart landsins börnum, þá er það á þessu sviði og í öðru lagi í heilbrigðismálunum.

Jeg ætla ekki að fara inn á neinn samanburð á skólabúinu á Hólum og á Hvanneyri; og jeg vil enga andúð sýna þeim ágæta manni, sem er vel metinn og vel kunnur að mörgu leyti, skólastjóranum á Hvanneyri, þótt jeg segi, að þegar litið er á þær stóru fjárhæðir, sem nú eru látnar þangað frá ríkisins hálfu, þá muni hægt að fullyrða, að margir væru góðir bændur á landi hjer, ef þeir hefðu haft slíkum peningum úr að spila til þess að bæta jarðir sínar. Og jeg get ekki talið það neitt sjerstaklega lofsvert, þótt mikið hafi verið þarna unnið og jörðin hafi tekið miklum umbótum í höndum áhugamanns. — Þótt jeg að vísu telji sjálfsagt að styrkja slík fyrirtæki, þá segir það sig sjálft, að slíkum fjárveitingum verður að vera í hóf stilt. En það tel jeg ekki í hóf stilt að verja tugum þúsunda til fjósbyggingar, sjerstaklega yfir þá gripi, sem ríkinu koma í sjálfu sjer ekkert við. Jeg verð að segja, að í öllu falli þarf nauðsynlega að taka slíkar byggingar út, til þess að vita, hvort í þeim liggi sú fjárhæð, sem ríkið hefir af hendi látið. — Þegar maður lítur til þess, að jarðabót á þessari jörð má koma upp í jarðarafgjaldið, þá verð jeg að segja, að ágóðinn er mikið sæmilegur. Ætli aðrir vildu gefa eftir afgjald, þótt ábúandi gerði jarðabætur, sem gæfu þeim sama ábúanda að lokum margfaldan arð? Slíkt getur maður sagt, að falli ekki í skaut nema einstöku manna, sem eru svo lánsamir á lífsleiðinni að vera bornir á gullstólum. — Annars tel jeg sjálfsagt, að þjóðfjelagið gæti sóma síns um að styrkja ekki neitt lúsarlega slík myndarbú sem þetta skólasetur. En þá eiga þau líka að vera fullkomin fyrirmyndarbú, og er sjálfsagt að gera hinar fylstu kröfur til þeirra.

Það er nýtt mál, að skólapiltar geri

átroðning. Það getur reyndar verið rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) benti til, og sýnir það að vísu mikið höfðinglyndi hjá skólastjóra, ef hann gefur þeim meira og minna af sínu uppihaldi þar. En jeg þekki þó það til búskapar, að jeg veit, að það er ekki óþægilegt að hafa unga menn til ígripa við ýmis verk, sem fyrir koma á heimili. Og til þess eru menn auðvitað á þessum skóla, að þeir venjist verklegu starfi svo, að þeir verði að nýtari mönnum, þegar þeir koma aftur út í sveitir landsins.

Jeg verð að segja, að það er ilt að skólinn á Hólum skuli vera kominn í það ástand og þann vesaldóm, sem hv. frsm. lýsti, en hv. 2. þm. Skagf. lýsti ástæðunum til, að svo er. Þó hefir búið verið í höndum þess manns, sem hv. frsm. mun ekki telja með verstu bændum þessa lands, en er hann vjek þaðan fyrir skemstu, skilaði hann sumu í hinu mesta ólagi.

Um síðustu brtt. hv. meiri hl. á þskj. 536 er ekki annað að segja en það, að þar skín út hinn góði og göfugi tilgangur nefndarinnar, að hjálpa þessu hreppsfjelagi. En það þarf að vera samræmi í svona hlutum. Jeg bar fram till. sama efnis, en fyrir annað kjördæmi, og minnir mig ekki betur en að sá sami hv. meiri hluti snerist öndverður gegn henni. En þetta kjördæmi hafði fulltrúa í hv. fjvn., og honum hefir tekist betur að sannfæra meðnefndarmenn sína en mjer tókst að sannfæra hv. deild.

Jeg held jeg láti svo úttalað að sinni, og vona jeg, að það, sem jeg hefi hjer mælt, hafi ekki gefið tilefni til andsvara, því að orð mín voru öll rjett og þeim í hóf stilt, og tel jeg ólíklegt, að nokkur vilji verða til þess að slá sannleikann niður.

Pjetur Þórðarson: Jeg á brtt. á þskj. 545 undir VI. Jeg fer þar fram á, að lækkaður sje að nokkru styrkur til þriggja listamanna, og gangi þær lækkunarupphæðir til styrks handa einum listamanni í viðbót, sem líkt stendur á fyrir. Hann hefir styrksins brýna þörf, og er eins líklegur til þess að hafa varanleg not af honum og verða listamaður í sinni grein eins og flestir hinna, sem hjer hafa komið til greina. Jeg tel enga þörf að rekja nánar, hvers vegna farið er fram á, að dreginn verði 1/6 af styrk til Önnu Borg og Haralds Björnssonar. Það er ekki vegna þess, að jeg álíti styrk til þeirra of ríflegan, en jeg tel rjettara að koma fleirum að, eins og t. d. þessum pilti, sem jeg vil koma inn í fjárlagafrv. með þennan styrk til þess að ljúka námi.

Við 2. og 3. umr. fjárlagafrv. hjer í deildinni gerði jeg grein fyrir því, hve mikil þörf Guðmundi Kristjánssyni er að geta lokið söngnámi, og ætla jeg ekki að ræða um það frekar. Aðeins vona jeg, að nú verði litið til þess með meiri sanngirni en þá var gert.

Það er auðvitað vegna þess, að jeg er á líkri skoðun og ýmsir aðrir hv. þm., að rjett sje að forðast sem mest viðbót við fjárveitingar eða að stofnað sje til nýrra fjárveitinga, nema dregið sje af annarsstaðar, að jeg hefi lagt til, að dregið verði af þessum þremur styrkþegum, sem í mínum till. eru nefndir.

Þá á jeg eina brtt. á sama þskj. undir XI, við 16. gr. 40, nýr liður: til þess að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu verði endurveitt eins og í fyrra alt að 1000 kr. Eftir að fjárlagafrv. var tilbúið út úr þessari hv. deild um daginn, fjekk jeg brjef frá oddvita þess hrepps, sem hjer á helst hlut að máli. Hann segir í því brjefi, að helst sje útlit fyrir, að fjárveitingin, sem nú er í gildandi fjárlögum, verði ekki notuð og sje því nauðsynlegt að fá endurveitingu. Jeg vona, að hv. deild verði ekki á móti því, þar sem þessi fjárveiting hefir engin áhrif á jöfnuð reikninganna, hvenær sem hún verður notuð. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

Jeg hafði ekki hugsað mjer að fara út í önnur atriði en þá smáliði, sem jeg er flm. að. Þó vil jeg segja nokkur orð út af ræðu hv. þm. Barð. Ekki af því, að hjá mjer sje svo rík hvöt til þess að segja meira en nauðsynlegt er, og það er heldur ekki af því, að jeg telji svo nauðsynlegt að gera athugasemdir um það, sem hann sagði, en mjer finst harla einkennileg og furðulega framborin hugmynd hans um, hvers vegna veita á fje til húsbyggingar á Hvanneyri. Mjer finst þetta, um nauðsyn fjárveitingarinnar, liggja alveg í augum uppi, sjerstaklega vegna þess, eða í sambandi við það, sem hæstv. atvrh. vjek að. Jörðin hefir tekið stórkostlegum umbótum og framförum alla tíð, meðan þessi skólastjóri hefir haft hana til umráða, þó einkum á síðari árum. Túnið hefir ekki aðeins verið bætt, heldur einnig aukið að miklum mun. Þegar jörðin er aukin að ræktuðu landi, þarf stærri heyhlöður og stærri og fleiri skepnuhús en áður. Þetta liggur alveg opið fyrir, að það er eðlilegt að auka þessar byggingar, jafnótt og með þarf. Svo er þetta opinber eign, hvers vegna á þá ekki að byggja þar í samræmi við aðrar framfarir og afurðaaukningu? (**HK**: Hvernig er með prestssetrin? — **Trþ**: Er ekki verið að byggja yfir prestana? Jeg veit ekki betur). Jeg ætla að bíða þangað til hinir eru búnir. Já, hvernig er það á prestssetrunum. Það væri miklu rjettara að bæta skepnuhúsin þar en að láta þá hafa innstæðukúgildi. Það ætti að gilda sama um þær jarðir og skólasetrið á Hvanneyri. Jeg held, að ekki þurfi að vitna til neinnar annarar aðstöðu við slíka fjárveitingu en að jörðin sjálf þarf á stækkuðum og endurbættum húsum að halda. Læt jeg svo staðar numið.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 523, 536, 545, 550, 552, 554, 555, 560).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 560. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að fara út í það að gera grein fyrir afstöðu minni hl. fjvn. til fjárlagafrv. eins og það nú liggur fyrir, því að það hefir verið gert áður af hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og hv. 2. þm. Skagf. (JS).

En það, sem kom mjer til að standa upp, er það, hversu tíðrætt sumum hv. deildarmönnum hefir orðið um eina af

hækkunartill. meiri hl. fjvn., um hækkun á gjöldum til Hvanneyrarskólans. Eins og kunnugt er, var samþ. hjer í deildinni að veita 9 þús. kr. til fjós- og hlöðubyggingar á Hvanneyri. En meðal þess, sem hv. Ed. feldi niður til að koma jöfnuði á fjárlagafrv., var þessi liður. Mjer þykir það ekkert undarlegt, þótt rætt sje um þessa upphæð og aðrar út frá því, hvort hægt sje, fjárhagsins vegna, að leggja á ríkissjóðinn nú þessi og önnur útgjöld, sem hjer eru komnar fram till. um. En mjer þykir hitt dálítið undarlegt, þegar deilt er um það, hversu rjettmæt eða órjettmæt þessi fjárveiting sje í sjálfu sjer. Ástæða hv. Ed. til að fella niður þessa og aðrar fjárveitingar til verklegra framkvæmda hafa tvímælalaust verið þær einar, að hún sá ekki aðra leið til að koma rjettingu á fjárlagafrv.. en alls ekki hitt, að þessi og aðrar fleiri fjárveitingar ættu ekki fullan rjett á sjer, þegar fje væri fyrir hendi.

Jeg minnist þess ekki, þegar fjárveiting þessi var samþykt hjer í deildinni við 3. umr. fjárlagafrv., að nokkrar brigður væru bornar á rjettmæti hennar út af fyrir sig. En nú hefir komið fram hjer í umr. metingur um fjárframlög til bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum. Þessi metingur er bygður á því, að þessi fjárveiting til Hvanneyrarskólans hefir verið feld niður, en eftir stendur fjárveiting til fjárhúsbyggingar á Hólum. En svo stendur á um þessa fjárveitingu til fjárhúsbyggingar á Hólum, að á síðasta þingi var ákveðið að veita fje til hennar, en þótti of mikið að taka þá fjárveitingu á eitt ár, og var þá ákveðið að skifta fjárveitingunni á tvö ár, yfirstandandi ár og árið 1928. Þess vegna var það, að fjvn. Ed. sá sjer ekki fært að fella þessa fjárveitingu niður, enda hafði verið gert ráð fyrir því að byrja á verkinu á þessu ári. Ella hefði hún líka lagt það til, að þessi fjárveiting fjelli líka niður, eins og fjárveitingin til fjósbyggingar á Hvanneyri. Í sambandi við þennan meting, sem hjer hefir komið upp um það, að hvorum þessara skóla sje meira hlynt, hafa heyrst raddir um það hjer, hvort rjettmætt sje að veita fje til þess að byggja upp fjósið á Hvanneyri, fjós, sem sje við hæfi þess kúabús, sem nú er á jörðinni. Sú aukning, sem orðið hefir á kúabúinu fyrir dugnað og atorku skólastjórans, er vitanlega hans eign. En þess verður að gæta, að verðmæti ríkissjóðs í kúabúinu, að því leyti sem það er hans eign, hefir líka aukist mikið fyrir þær stórvægilegu umbætur á kúakyninu, sem orðið hafa, eins og viðurkent er, í tíð núverandi skólastjóra. Og þó að hjer sje farið fram á 9 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, þá er það ekki nema nokkur hluti þess, sem byggingin kostar, og mismuninn verður skólastjórinn að leggja fram af eigin rammleik, og jeg býst við, að hann nemi miklu meira en því, sem byggingin þarf að vera stærri vegna aukningarinnar á búinu. Svo er á það að líta, að þessar byggingar, sem hjer um ræðir, eiga auðvitað að vera fyrir framtíðina. Þær eiga að vera miðaðar við framtíðarþarfir búsins á Hvanneyri, og þess er að vænta, að búskapnum

verði þannig háttað, að full þörf verði fyrir þessa aukningu á búpeningshúsum í framtíðinni.

Þá hefir verið minst á það í þessu sambandi, að þegar væri búið að leggja mikið af ríkisfje í Hvanneyrareignina. Það er vitanlega rjett. Þar hefir verið bygt myndarlegt skólahús og sjerstakt leikfimihús, og var það vitanlega alt í þarfir skólans. Auk þess tókst svo illa til, að hið mikla og rammgera íbúðarhús, sem bygt var í skólastjóratíð Hjartar heitins Snorrasonar, brann til kaldra kola og var bygt upp aftur á dýrasta tíma. Það hús varð ákaflega dýrt, einkum vegna þess dráttar, sem varð á byggingunni, en þess er vert að geta, að skólastjórinn hafði enga yfirstjórn með þeirri byggingu. En til búpeningshúsa, hlöðubyggingar, haughúsgerðar, safnþróa og þess háttar hefir aldrei verið veitt neitt fje í fjárlögum í tíð núverandi skólastjóra. Þetta, sem hjer um ræðir, er fyrsta fjárveitingin, sem farið er fram á í því skyni. Þó hefir núverandi skólastjóri bygt ný peningshús, steypt haugstæði og safnþrær, þrjár votheystóftir og leitt vatn í fjós og bæ, alt á eigin kostnað. Aðrar umbætur hefir hann gert miklar, og má nefna til dæmis um 7 þús. dagsverk í jarðabótum og garðrækt. Þar af sljettað og stækkað túnið um 45 dagsláttur, veitt vatni á engjarnar og sótt áveituvatnið alla leið upp í svokallað Vatnshamravatn, sem er löng leið, gert skurði og stíflugarða í sambandi við áveituna, og með þessu hefir hann gert óbrigðult engi þar, sem áður voru venjulegar mýrarslægjur.

Þá hefir því verið haldið fram, að skólastjórinn búi við góðan og hagstæðan leigumála. Það er rjett, hann býr við gamlan leigumála, sem bygður var á verðlagi því, sem þá var, en hefir orðið enn hagstæðari síðan vegna verðlagsbreytinga. En þetta er ekkert sjerstakt með skólastjórann á Hvanneyri. Það er svo um alla, sem búa við gamla leigumála, frá því fyrir stríð, að því leyti, sem eftirgjaldið er borgað í peningum, þá hefir verðlagsbreytingin yfirleitt að þessu leyti verið hagstæð ábúandanum, en það raskar vitanlega í engu gerðum samningum. Þessi hagstæða aðstaða skólastjórans hefir líka komið ljóst fram í stórvægilegum umbótum á jörðinni og þar með aukningu á verðmæti hennar. Jeg vildi gefa þessar upplýsingar og taka þetta fram út af þeim ummælum, sem hjer hafa fallið.

Einhver kynni nú að halda því fram, að gott væri fyrir ábúandann að mega vinna afgjaldið af sjer í jarðabótum. En þetta er ekkert sjerstakt fyrir skólastjórann á Hvanneyri, heldur er þetta nú orðin meginregla um ábúendur á ríkissjóðsjörðum.

Mjer finst, að hjer á Alþingi eigi ekki að fara í neinn meting um þessa skóla, heldur eigi að hlynna sem best að þeim báðum, gera þá svo úr garði, að þeir nái sem best tilgangi sínum, og að þeir komi þjóðfjelaginu að sem mestu gagni.

Jeg get búist við því, þótt nú sje komin fram tillaga um það að taka þessa upphæð aftur upp í fjárlagafrv., að svo fari, að það sitji við það, sem nú er. En þörfin á að byggja þarna er hinsvegar mjög aðkallandi. En ráðist skólastjórinn samt sem áður í bygginguna, þá vænti jeg þess, að því megi treysta, að styrkur til þessarar

byggingar verði tekinn upp í næstu fjárlög.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að hv. deild líti á sínum tíma á málið með fullri sanngirni. Mjer fanst sem sagt rjett að gefa þessar upplýsingar, úr því farið var að ræða málið á þeim grundvelli, hvort rjett væri í sjálfu sjer að veita þetta fje eða ekki.

Jón Guðnason: Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð, því að þessar tvær brtt., sem jeg ber fram, eru hv. þm. kunnar frá fyrri umr. fjárlagafrv. Styrkveitingin til húsmæðraskólans á Staðarfelli náði þá samþykki í þessari háttv. deild, en er eitt af því, sem hv. Ed. hefir lækkað. Jeg vænti þess, að sama verði látið ganga yfir þessa till. og aðrar, sem fram eru komnar í þá átt að hækka styrki til húsmæðrafræðslu, sem hv. Ed. hefir ýmist lækkað eða felt niður.

Hin brtt. er um námsstyrk til Sigurkarls Stefánssonar, sem ekki náði samþykki við fyrri umræður. Um þennan styrk vil jeg aðeins segja það, að þar sem þingið hefir nú samþ. styrki til allmargra námsmanna, væri mikið ranglæti, ef þessi yrði feldur. Þó að jeg geri ráð fyrir, að hinir, sem styrk hafa hlotið, muni vera vel gefnir menn, þá hygg jeg, að þessi piltur muni vera í fremstu röð íslenskra námsmanna, sem nú stunda nám erlendis. Hann hefir lokið stúdentsprófi hjer heima og miðprófi í stærðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn með hæstu 1. einkunn, en vegna fátæktar mun hann varla geta lokið námi, nema hann fái til þess nokkurn styrk.

Benedikt Sveinsson: Jeg er riðinn við fáeinar brtt. við þessa umr., en áður en jeg vík að þeim vil jeg minnast lítið eitt á meðferð háttv. Ed. á frv. Hún hefir fengið eigi alllítið lof fyrir „lagfæringar" sínar á frv., einkum frá blöðunum, og það hefir verið látið heita svo, að hún hafi komið vitinu fyrir þingið í þessu efni. Sama hrós fjekk hún í fyrra. Jeg get þó ekki fallist á, að hv. Ed. eigi einskært lof skilið fyrir allar till. sínar, því að þótt hún hafi tekið þá stefnu að færa niður gjöldin, virðist mjer nokkuð á skorta, að þar sje alstaðar gætt fullrar sanngirni eða farin heppilegasta leið. Það er enginn galdur að færa niður gjaldaliðina á þann hátt að taka upphæðir af handahófi og lækka fjárveitingar t. d. til vegagerða, brúa, sjúkrahúsa o. s. frv. Þetta var líka gert í fyrra og fært sem ástæða, að líkur væru fyrir nokkurri lækkun á ýmsu, sem til framkvæmdanna þyrfti. En alt annað kom á daginn. Það má búast við, að enn fari á sömu leið, áætlanirnar reynist of lágar, þegar til á að taka, en hinsvegar kemur sjer illa fyrir menn að vera í óvissu um, hvað fram eigi að ganga af því, sem fyrirhugað er og til hefir verið ætlast, að framkvæmt yrði. Jeg vildi minnast á þetta í sambandi við styrkinn til sjúkrahúsa, sem efri deild hefir fært niður alveg út í bláinn, án þess að nokkur grein sje gerð fyrir því nokkursstaðar, hvar niður eigi að koma, og það hefir víst hv. Ed. ekki sjálf gert sjer grein fyrir. — En svo er mál með vexti, að í Þistilfjarðarhjeraði var ráðist í að reisa sjúkraskýli og læknisbústað með fyrirheiti

um ¼ kostnaðar úr ríkissjóði. Var þetta mest gert að hvötum landlæknis og með hans ráði. Var búist við, að allur kostnaður yrði 12 þús. kr., og fjekk hjeraðið greiddar 3 þús. kr. úr ríkissjóði. En vegna dýrtíðarinnar fór kostnaðurinn langt fram úr áætlun og varð yfir 40 þús. kr. Hjeraðið hefir aldrei fengið neina rjetting þessa máls, aðeins þessar 3000 kr., eða um $^1/_{14}$ af kostnaðinum. En nú er venjan orðin sú, að hjeruðin fái til þessara framkvæmda ⅓ kostnaðar. Því hefir nú verið farið fram á, að hjeraðið fengi eftirgjöf á 7000 króna láni úr viðlagasjóði, svo að alls væru veittar úr ríkissjóði 10 þús. kr., eða tæpur ¼ hluti kostnaðar. Landlæknir hefir gefið þessu eindregin meðmæli sín, og hv. fjvn. þessarar deildar tók málið að sjer og færði þessar 7000 kr. til tekna í 5. gr. fjárlagafrv., og þar stendur talan óhreyfð. En í hv. Ed. var styrkur til sjúkrahúsa færður niður, án þess að sjeð verði, hvar sú niðurfærsla á fram að koma. Mjer þykir ólíklegt, að Ed. sje svo ósanngjörn að ætlast til, að lækkunin komi fram á þessu hjeraði, sem hefir borið svo skarðan hlut frá borði að fá eðeins $^1/_{14}$ af kostnaðinum. Slíka sakargift ber jeg alls ekki á hv. Ed. En jeg tek þetta fram hjer til þess að koma í veg fyrir misskilning síðar. Þessi eftirgjöf liggur við traust akkeri, þar sem styrkurinn til sjúkrahúsa var hækkaður um 7000 krónur, en sama upphæð látin koma til tekna í 5. gr., sem rjett var, og stendur þar sem örugt vitni um eftirgjöfina. Nú sje jeg, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir borið fram till. um *að fella niður þessa greiðslu í 5. gr.* þykir mjer það grálega gert, ef svo á að skiljast, að hann hafi tekið sinnaskiftum í málinu. Heiti jeg á deildina að vera samtaka um að fella þessa till. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), og ef hún gerir það, sem jeg treysti fullkomlega, þá skoða jeg það sem nýja yfirlýsingu þess, að eftirgjöfin eigi fram að ganga. Læt jeg svo úttalað um þetta atriði.

Það hefir komið fram mikill áhugi á þessu þingi í þá átt að stofna og styrkja húsmæðraskóla í landinu. Tillögunni um stofnun húsmæðraskóla á Laugum hefi jeg fylgt og mun fylgja. Einnig kom fram till. frá hv. þm. Ak. (BL) um framlag til húsmæðraskóla í Eyjafirði samkv. eldri lögum, og greiddi jeg þeirri till. sömuleiðis atkvæði. Menn munu sammála um, að nauðsynlegt sje, að húsmæður geti aflað sjer sem mestrar þekkingar á starfi sínu. En þar sem víst er, að húsmæðraskóli verður ekki reistur í Eyjafirði að svo stöddu, og undir högg er að sækja um Laugaskólann, hefi jeg borið fram till. um, að Guðrúnu Björnsdóttur skuli veittur styrkur til húsmæðrakenslu á heimili hennar, Knarrarbergi, sem er nýbýli í Kaupangslandi í Eyjafirði. Guðrún er alþekt dugnaðarkona, hefir lært erlendis og staðið fyrir bæði Blönduósskólanum og Gróðrarstöðinni á Akureyri. Gerir hún ráð fyrir, að húsmæðrakensla gæti staðið þarna yfir 10 mánuði ársins. Jeg býst við, að þetta verði vinsælt mál og viðurkent verði, að með þessu sje þó stigið dálítið spor til þess að efla þá gagnlegu fræðslu, sem svo mikill áhugi er fyrir í Norðurlandi.

Þá hefi jeg borið fram aftur till. um uppbót til Friðriks Jónssonar pósts. Nd. hafði samþ. 3000 kr. styrk, en Ed. feldi hann niður. Til samkomulags

hefi jeg fært upphæðina niður í 2000 krónur og vænti, að deildinni hafi ekki snúist svo hugur, að hún felli þá till. Jeg hefi heyrt vitnað í brjef póstmeistara gegn þessu máli, en eins og jeg hefi bent á, er harla lítið á því að græða, því að hann tekur fram, að hann „þekki ekkert til þessa máls". Þegar því er svo greinilega yfir lýst, virðist farið í geitahús að leita ullar að sækja lærdóm um þetta efni til hans. Það er gefið í skyn í brjefi póstmeistara, að maðurinn muni ekki geta verið mjög efnalítill, þar sem hann hafi ráð á að koma hvað eftir annað hingað til Reykjavíkur. En Friðrik er nú sextugur að aldri og hefir komið alls þrisvar sinnum á æfinni hingað til Reykjavíkur. Hann hefir meðfram a. m. k. komið til þess að leita sjer lækninga og dvalið hjá systur sinni, sem er búsett hjer í bænum, svo að þetta sannar ekki, að hann sje vel stæður. Að öðru leyti er ekkert á þessu brjefi póstmeistara að græða.

Þá ber jeg fram brtt. um að Páll Þorkelsson fái 1500 kr. í stað 800. Hann er hniginn að aldri, en hefir stundað ýmisleg vísindi alla æfi. Hann varð fyrstur manna til að greiða fyrir frönskunámi hjer og hefir samið bæði franska samtalsbók og orðabók, og fleiri vísindarit hefir hann í smíðum. Hann er því vel að þessum styrk kominn á gamalsaldri, þegar hann getur ekki lengur rekið atvinnu sína sem áður, en hefir löngun til að ganga til fulls frá fræðiritum þeim, er hann hefir með höndum.

Hjer eru ýmsar lækkunartill., sem jeg hlýt að verða á móti, þar á meðal niðurfelling styrks til stúdentagarðs. Landsmenn hafa mikinn hug á því að koma þessari stofnun á fót, sem glögglega kemur fram í því, að fátæk hjeruð hafa lagt fram 5000 kr. hvert um sig til þess að koma stofnuninni upp. Stúdentar hafa og gengið mjög drengilega fram um fjársöfnun og annan undirbúning. Nú, þegar safnað hefir verið miklu fje, væri það óhagsýni að láta það liggja ónotað, en hinsvegar mesta nauðsyn á, að þessi stofnun komist sem fyrst á fót og geti orðið að tilætluðu gagni.

Þá eru hjer ýmsir smástyrkir, sem jeg vildi mæla með, þar á meðal styrkurinn til Færeyjafjelagsins. Þessi fjárveiting munar ríkissjóð engu, en henni á að verja til þess að afla ísl. bókum markaðs í Færeyjum. Ef það tekst, getur það orðið nokkur styrkur ísl. bóksölum og rithöfundum, og styrkir auk þess þjóðernisbaráttu Færeyinga.

Jeg skal ekki kasta neinum hnútum til hv. efri deildar fyrir meðferð hennar á frv. En hinsvegar tel jeg það óþarfa kurteisi að taka því tveim höndum eins og það kemur þaðan, án þess að lagfæra það, sem betur þykir mega fara.

Frsm. fyrri kaflans (Þórarinn Jónsson):* Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð, því að fyrir nefndarinnar hönd þarf jeg ekki að gera grein fyrir neinum brtt., sem fyrir liggja. Hv. meiri hl. nefndarinnar hefir gert grein fyrir sinni afstöðu, og mín afstaða er á þá leið, að ef samkomulag næst á milli flokkanna, get jeg fallist á að láta gilda það, sem hv. Ed. hefir gert, og ef það verður ofan á, mun jeg

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

taka brtt. minar aftur. Nú hefir meiri hl. lýst því yfir, að hann vildi heyra undirtektir deildarinnar um stærstu lækkunartillögurnar. Jeg hefi lýst afstöðu minni til stærsta liðsins, fjárveitingarinnar til landsspítalans. Jeg hefi álitið, að ekki væri hægt samnings vegna að fella þann lið niður, og þar sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) fót út í, að framan af hefði það verið skoðun nefndarinnar, að þann lið væri hægt að fella niður, skal jeg taka fram, að það hefir aldrei verið mín skoðun. Jeg fjekk afrit af samningnum og lagði fyrir nefndina og hjelt því altaf fram, að þar sem um væri að ræða samning, sem þingið hefir viðurkent og staðfest, væri órjettmætt að breyta þessu.

Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af tillögu minni um Eimskipafjelagið, af því að hæstv. forsrh. hefir gefið mjer tilefni til þess með sínum undirtektum.

Mjer virtist hæstv. ráðh. álíta, að tillagan væri fram komin af óánægju um áætlun fjelagsins, en það er ekki rjett. Jeg áleit, að þegar farið var að fella niður framkvæmdir úr fjárlagafrv., sem þjóðina skifta jafnmiklu og brúagerðir og vega, þá væri jafnrjett að fresta ýmsum framkvæmdum, sem ónauðsynlegri væru. Þó að Eimskipafjelagið kunni í framtíðinni að bíða meiri halla af rekstri „Brúarfoss" en annara skipa, svo að ástæða væri til, að ríkissjóður styddi það í samkepninni, þá er nægur tími til þess á næsta þingi. En viðvíkjandi óánægju minni um áætlun fjelagsins, þá sýndi jeg fram á, að hún er á rökum bygð. Jeg fjekk í ræðu hæstv. ráðh. viðurkennningu á því, að það, að áætlunin nær ekki til Húnaflóa, er ekki sprottið af ókunnugleika, eins og ætla mátti. Hæstv. ráðh. minti á, að hann á sæti í stjórn Eimskipafjelagsins. En hjer er einmitt um hans fæðingarhjerað að ræða, svo að gera má ráð fyrir, að hann sje þarna manna kunnugastur. Jeg vil líka taka það fram, að hvert einasta útgerðarfjelag, sem semur áætlun, leitar fyrst að flutningsþörfinni, hvar hún sje mest. Jeg hefi sýnt fram á, að meiri flutningsþörf er við Húnaflóa en Skagafjörð. Fæ jeg því ekki sjeð, hvers vegna „Brúarfoss" á að koma á Sauðárkrók í hverri ferð. Jeg veit ekki til, að þar sje um neinar sjerstakar vörur að ræða, sem þurfi að flytja í kælirúmi. Alt öðru máli er að gegna um Húnaflóa. Þar býst jeg við, að sje um að ræða vörur fyrir 20—30 þúsundir, t. d. lax, sem þarf að koma í kæliskip, ef þær eiga ekki að liggja verðlausar. Öll þau ár, sem „Gullfoss" hefir gengið, hefir hann aðeins einu sinni komið inn á Húnaflóa, og var hann þó eina skipið, sem hægt var að nota í þeim tilgangi, sem mestu skifti fyrir hjeraðið. Flutningsþörfin er því mjög rík. Mjer þykir einkennilegt, ef Eimskipafjelagið getur ekki sjeð, eða vill ekki sjá, nauðsynina á því að hafa viðkomur á Húnaflóa og jafnvel flytja til áætlunina. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki rjett leið að lækka styrkinn, ef menn vildu fá auknar viðkomur. En jeg setti þetta tvent alls ekki í samband hvort við annað. Annars veit jeg ekki, hver er rjetta leiðin í þessu máli. Jeg byrjaði á þeirri, sem jeg áleit að væri rjettust. Jeg fór sem sje til hæstv. atvrh. og bar málið undir hann, en lítið var á því að græða. Háttv. þm. A.-

Húnv. (GÓ) fór svo til forstjóra Eimskipafjelagsins, en fjekk það svar, að reynandi væri að senda almenna bænarskrá. Það er gamla sagan. Viðkomu var lofað í þetta skifti, ef svo og svo margra tonna flutningur fengist. Þetta er ófært. Fjelagið á hagsmuna sinna vegna að gera þetta ótilkvatt, eins og hvern annan sjálfsagðan hlut. Eimskipafjelagið á að hafa viðkomur bæði á Hvammstanga og Blönduósi, einkum að sumrinu til.

Jeg býst við, að ef ekki hefði dregið til þess samkomulags, sem varð um fjárlagafrv., og þessi tillaga hefði komið til atkv., þá hefði verið mikið gert til þess að fella hana. Jeg þykist ekki hafa verið fyrstur manna til þess að sporna við því, að ríkissjóður styrkti Eimskipafjelagið. Þingið hefir ekkert gert til þess að veikja aðstöðu þess, en hinsvegar stendur það betur að vígi nú en áður, þar sem það er búið að greiða hollenska lánið að fullu. Þess vegna álít jeg ekki rjett að auka heimild stjórnarinnar til þess að styrkja fjelagið fyr en komið er í ljós, að nauðsyn beri til þess. Jeg vil biðja hv. þdm. að athuga vel, hvað þeir gera, þegar þeir fella þessa till., eftir að búið er að fella niður ýmsar merkustu framkvæmdir í landinu.

Jeg vil minna á, í sambandi við þennan órjett, sem hjeruðunum við Húnaflóa er sýndur, að þar er meira en lítil hreyfing í þá átt að semja við aðra um vöruflutninga. Hitt verða menn líka að muna, að Húnvetningar hafa einungis notað Eimskipafjelagsskipin, auðvitað fyrst og fremst af þjóðrækni. En þegar þeim er hvað eftir annað misboðið, er ekki undarlegt að þeir verði óþolinmóðir. Í mínu kjördæmi er aðeins einn útflutningsstaður. Jeg hafði farið fram á það áður við hæstv. atvrh., að „Esja", sem er aðalskipið við Húnaflóa, kæmi þar við. Um þetta voru höfð góð orð, en úr framkvæmdum varð ekkert. Jeg vil leggja áherslu á, að jeg hefi þó ekki flutt tillögu mína í því skyni að vilja Eimskipafjelaginu illa, heldur af því, að jeg áleit hana nauðsynlega vegna annara gerða þingsins.

Jeg vil minna á brtt. mína við 5. gr., sem háttv. þm. N.-Þ. (BSv) gat um. Jeg flutti hana fyrst og fremst af því, að jeg hjelt, að jeg fengi nánari upplýsingar um það, hvað hv. Ed. meinti með því að fella niður þessa fjárveitingu, og hvar sú niðurfærsla ætti að koma niður. En jeg hefi engar upplýsingar fengið. Hinar upphæðirnar eru svo huldar, að jeg sje ekki, að yrði farið að grípa til þeirra. — Reikningar eru komnir og greiðslunni er lofað. Auk þess er aðeins ætlast til, að bygt sje eitt einasta sjúkraskýli. Verði þarna bygt, er auðvitað, að ef klipið er af upphæðinni, er alt gert ómögulegt. En verði ekki bygt, er öðru máli að gegna. Hitt eru greiðslur, sem hafa farist fyrir, af því að fje hefir ekki verið fyrir hendi. Nú er það þó ekki svo, að jeg vilji fyrirmuna þistilfjarðarhjeraði að fá sinn hluta. Jeg get því tekið aftur brtt. mína, því að brtt. í sjálfu sjer gerir ekkert til, en jeg vil ekki, að hún verði til þess að opna fjárlagafrv. Jeg mun því taka hana aftur, í fyrsta lagi vegna hv. þm. N.-Þ. (BSv) og hans kjördæmis, og í öðru lagi af því, að nú stendur fyrir dyrum atkvæðagreiðsla um lækkunar-

till. meiri hl. fjvn., en þessi till. kemur fyrst til atkvæða. Ef meiri hlutinn tæki aftur allar sínar tillögur út af henni, teldi jeg illa farið.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Það er vafamál, hvort ástæða er til að ræða einstakar tillögur. Ef lækkunartill. okkar í meiri hl. fjvn. verða ekki samþ., tökum við allar hinar aftur og greiðum atkvæði gegn öllum breytingum. Við álítum, að tekjuáætlunin sje of há, og viljum því kosta kapps um að skila fjárlagafrv. ekki verra hjeðan en það er frá hv. Ed.

Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af annari brtt. nefndarinnar. Fyrst vildum við fella niður styrkinn til landsspítalans. Því var eindregið mótmælt, bæði af hæstv. stjórn og fleirum. En hinu hefir ekki verið mótmælt, að það, sem á að veita á næsta ári, er ekki nema lítill hluti af öllu, sem um er samið að veita til spítalans. Ef standa á við samninginn, þarf ríkið að minsta kosti að borga 450 þús. kr. hvort áranna 1929 og 1930, ef áætlunin ekki hækkar. En reynslan sýnir, að hún hefir þegar hækkað úr 800 þús. kr. upp í 1500 þús. krónur. Hæstv. stjórn ber því við, að hún hafi gert skuldbindandi samning um greiðslu til landsspítalans. Það kom fram seint á þinginu. **(Atvrh. MG:** Hann var lagður fram 1925). Já, en það vissi fjvn. ekki um. En til þess að hægt sje að vitna í samninginn, verður hann fyrst og fremst að vera löglegur. Samningurinn er fyrst og fremst reistur á lögum um húsagerð ríkisins frá 1919, 1. gr. Samkvæmt 2. gr. er svo ríkisstjórninni heimilað að taka lán. Enginn efast um, að hún hafi leyfi til þess, ef hún vill takast slíka ábyrgð á hendur. En hún hefir í þessum lögum engan rjett til að skuldbinda fjárveitingarvaldið til að leggja fram hundruð þúsunda í þessu skyni, hvernig sem á stendur, og hvernig sem fjárhag ríkissjóðs er háttað. Önnur heimild, sem hæstv. stjórn mundi vitna í, er þál. frá 1925, en þar er sagt, að byggingunni skuli vera lokið í árslok 1929, ef ekki ófyrirsjáanleg atvik komi til greina. Hver á að skera úr þessu? Auðvitað á fjárveitingarvald Alþingis að segja fyrir um, hvaða afstöðu á að taka til málsins. Jeg held því þess vegna hiklaust fram, að þó að stjórnin hafi vald til að taka lán, þá hefir hún ekkert vald til að binda hendur okkar þingmanna um atkvgr., en það hefir hún gert, og að því leyti er samningurinn að engu hafandi. Í stað þess verður nú hver einstakur þm. að taka þá ábyrgð á sig að skuldbinda okkur til að veita 450 þús. kr. hvort áranna 1929 og 1930.

Nú skulum við athuga, hver sá samningsaðili er, sem hæstv. stjórn telur sig svona bundna við. Það er stjórn landsspítalasjóðsins. Mjer þykir það ákaflega merkilegt, ef það, að fólk víðsvegar á landinu gefur fje í landsspítalasjóðinn, þegar vel lætur í ári, á að gefa konunum vald til að gera svona óheyrilega kröfu. Jeg skil ekki, að til hennar þurfi að taka nokkurt tillit, þegar ríkissjóður er í fjárþröng og atvinnuvegir landsins bera sig ekki. Við eigum ekki að greiða atkvæði um samninginn, heldur hitt, hvort ríkið sje þess megnugt að leggja fram þessa miklu fjárhæð til lands-

spítalans. Við eigum að kasta mæðinni og sníða okkur stakk eftir vexti.

Jeg geri ráð fyrir, að þessi tillaga verði feld, þar sem mjer virðist Íhaldsflokkurinn gera það að kappsmáli, að staðið verði við samninginn. Það er hlutur, sem hæstv. stjórn verður að standa þjóðinni reikningsskil á.

Hin tillagan, sem fjvn. hefir borið fram og orðið hefir að deilumáli, er þess efnis að veita fjárhæð til fjósbyggingar á Hvanneyri, eins og samþ. var við 2. umr. Hv. þm. Borgf. (PO) hefir allmikið um hana talað og sömuleiðis hæstv. ráðh. — Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að jeg hefði farið með rangt mál í gær, þar sem jeg sagði, að auglýst væri eftir tilboðum í fjárhúsbygginguna á Hólum, byggingu, sem framkvæma ætti fyrir fje, sem nú væri farið fram á að veita. Að jeg hafi farið þarna með rangt mál, vil jeg harðlega mótmæla; jeg fór þvert á móti með fyllilega rjett mál. Og það er býsna merkilegt, að hæstv. ráðh. skyldi leggja út í að mótmæla þessu, þar sem það er skýrt tekið fram í athugasemdum við fjárlagafrv. það, sem hjer er til umræðu, að ýmisleg útgjöld Hólaskóla sjeu áætluð svo há vegna byggingarkostnaðar fjárhúsa og heyhlöðu. Það verður því ekki hrakið, að verið sje að leita tilboða um byggingu á húsum, sem að minsta kosti að miklu leyti á að byggja fyrir fje, sem ekki er búið að veita ennþá.

Út af orðum háttv. 2. þm. Skagf. (JS) vil jeg taka það fram, að það er langt frá, að jeg sje að mæla á móti þessari fjárveitingu, um það hlýtur honum líka að vera kunnugt frá samstarfi okkar í fjvn., heldur vil jeg, að báðum bændaskólunum sje gert jafnt undir höfði. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um þessa deilu.

Aðrar till., sem meiri hluti fjvn. hefir borið fram, hafa ekki verið gerðar að umtalsefni; er þar því engu að svara.

Um þær mörgu brtt., sem bornar hafa verið fram af einstökum þingmönnum, er það að segja, að jeg mun ekki taka fram afstöðu nefndarinnar til hverrar einstakrar, fyrst og fremst af því, að nefndin er klofin, og í öðru lagi sökum þess, að ekki er útlit fyrir, að sparnaðartill. meiri hlutans verði samþyktar, en þá mun hann ganga á móti öllum öðrum tillögum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins leiðrjetta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), að samningurinn við stjórn landsspítalasjóðsins um byggingu spítalans væri ekki bindandi. Hv. þm. (TrÞ) sagðist ekki hafa þekt þennan samning fyr en á þinginu nú, en mjer kemur það talsvert undarlega fyrir, þar sem samningur þessi var lesinn upp orði til orðs í efri deild á þinginu 1925. Var fjárlagafrv. svo breytt í þá átt, sem samningurinn kvað á um. Fór fjárlagafrv. svo aftur til neðri deildar og að sjálfsögðu til fjvn., sem háttv. þm. Str. (TrÞ) átti sæti í. Hlýtur hann því að hafa sjeð þessa breytingu á frv., svo framarlega sem hann hefir gert skyldu sína, að athuga frumvarpið nákvæmlega. Getur þá ekki hjá því farið, að hv. þm. (TrÞ) hafi vitað um þennan samning, en að hann hafi gleymt honum, má

vel vera. Hann getur því ekki staðið upp og sagt, að samningur þessi hafi aldrei verið lagður fyrir þingið, þar sem hann hefir verið samþyktur af því, orði til orðs. Að þingið sje bundið af samningi þessum er því ekkert efamál. Hitt er satt, að það er látið laust og óbundið, hvort taka skuli lán til þess að fullnægja honum.

Þá skildist mjer hv. þm. Str. vilja halda því fram, að hæstv. forsrh. (JÞ) hefði ekki farið rjett með, að fjárhúsin á Hólum ættu að byggjast að mestu leyti fyrir fje í fjárlögum 1927. En þetta er alveg rjett. Fjárveitingin til þeirra er í núgildandi fjárlögum, enda þótt stungið sje upp á dálítilli viðbót nú, og þó að leitað hafi verið tilboða í þessa byggingu nú, til þess að sjá, að hve góðum kjörum hægt er að komast, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje nein goðgá.

Pjetur Þórðarson: Það hefir orðið samkomulag milli mín og háttv. þm. Barð. (HK), fyrri flm. brtt. á þskj. 560, að jeg segði nokkur orð um hana.

Nokkuð snemma á þessu þingi bárust hingað erindi frá kjötmatsmönnunum Filippusi Magnússyni og Jóni Guðmundssyni um að fá laun sín hækkuð. Þeir telja laun sín 600 kr. á ári, og geta þess jafnframt, að þau sjeu ófullnægjandi, og færa fram fyrir því aðallega þrjár ástæður. Fyrst og fremst, að þeir sjeu bundnir við starfið 10—12 vikur á ári. Í öðru lagi, að starf þetta sje bundið því skilyrði, að þeim sje ekki heimilt að hafa neinskonar kjötsölu á hendi nje umboð fyrir kjötseljendur. Og í þriðja og síðasta lagi, að starfið útiloki þá frá að hafa önnur föst atvinnustörf á hendi. Um þessa starfsmenn er það að segja, að þeir eru búnir að hafa þetta starf á hendi frá því fyrst, að kjötmat komst á hjer á landi. Annar hefir haft Suðurland, frá Vík í Mýrdal og að Hvammsfirði, en hinn Vestfirði alla, Dali og Hrútafjörð að Hvammstanga. Filippus Magnússon hefir mikinn áhuga fyrir þessu starfi og hefir komið mörgu góðu til leiðar í þessum efnum og er nú viðurkendur fyrir dugnað sinn og áhuga, enda þótt hann væri dálítið illa liðinn fyrst fyrir það, hve strangur hann var um alla verkun kjöts til útflutnings, og hve vel hann vildi leysa starf þetta af hendi. En slíkt er nú alt jafnað fyrir löngu, því að það hefir altaf reynst best, sem hann hefir lagt til í þessu efni.

Hinn maðurinn, Jón Guðmundsson, er fyrsti kjötmatsmaðurinn, sem lært hefir erlendis. Er hann því búinn að vinna lengi að meðferð kjöts. Hann er búsettur hjer í Reykjavík og hefir umdæmi það, sem nær frá Vík í Mýrdal að Hvammsfirði. Má því segja, að umdæmi hans sje allerfitt. En þó er Filippus ver settur, þar sem hann þarf að ferðast um alla Vestfirði og norður á Hvammstanga.

Í fyrra barst samskonar erindi til landbn. Nd. og var þá frá fleiri kjötmatsmönnum. Hún mun þá hafa tekið þá ákvörðun, að þrír af fimm fengju einhverja uppbót, en sú ákvörðun mun aldrei hafa komið til framkvæmda. Nú gerði landbúnaðarnefnd þessarar deildar, sem erindið fjekk til umsagnar, tilraun til að afgreiða málið á þann hátt að leggja til við atvrh., að hann sæi um, að menn þessir gætu fengið einhverja ákveðna launauppbót. En í gær barst mjer, sem for-

manni nefndarinnar, brjef frá ráðherranum, þar sem hann telur sig ekki hafa heimild til að greiða þessa uppbót. Vegna þessarar yfirlýsingar ráðherrans er það, að við berum fram þessa brtt. Við gerum dálítinn mismun á uppbótinni til þessara tveggja manna, því að það er alment viðurkent, að Filippus eigi að fá meira, þó að þeir sjeu vitanlega báðir fullkomlega þess maklegir að fá þessa uppbót.

Jeg ætla ekkert að fara að blanda mjer í þær umræður, hvort rjett sje eða viðeigandi að fara að breyta fjárlagafrumvarpinu frá því, sem nú er. En það verð jeg þó að segja, að jeg tel það enga sjálfsagða kurteisi eða siðferðilega nauðsyn að ganga að frumvarpinu eins og það kom frá efri deild. Þess vegna leyfi jeg mjer að leggja til, að þessar till., sem jeg flyt, verði þó að minsta kosti samþyktar. Og fyrir mitt leyti heiti jeg engu góðu um að styðja það, sem meiri hl. fjvn. hefir lofað að gera, ef lækkunartillögur hans verða ekki samþyktar.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Það er sjaldan, sem jeg get látið í ljós ánægju mína yfir orðum hæstv. atvrh. (MG), en það get jeg þó að þessu sinni. Hann staðfesti það. sem jeg hefi haldið fram um gildi samningsins milli stjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðsins. Jeg vissi vel, að einhver samningur var gerður á milli þessara aðilja, en að hann væri svona, það vissi jeg ekki. Jeg taldi sem sagt víst, að hann hefði verið gerður á grundvelli þál. þeirrar, sem þingið þá hafði samþykt um þetta mál.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að þingið 1925 hefði samþykt samning þennan, en það er ekki rjett, samþykt þingsins í þá átt grundvallaðist á þál., sem samþykt var á því sama þingi.

Hitt atriðið, sem gladdi mig, var út af orðahnippingum þeim, sem jeg átti í við hæstv. fjrh. í gær. Hæstv. atvrh. varð nefnilega til þess að staðfesta það, sem jeg sagði um fjárhúsbygginguna á Hólum, að til hennar væri ekki veitt nægilegt fje á þessu ári, heldur ætti líka að byggja fyrir það fje, sem veita á til skólans í fjárlagafrv. því, sem nú er til umræðu. Jafnframt viðurkendi hann, að búið væri að auglýsa eftir tilboðum í byggingu þessa, sem ekki er búið að veita nægilegt fje til. Hæstv. atvrh. hefir því orðið til þess að bera vitni á móti embættisbróður sínum, hæstv. forsrh.

Það síðasta, sem jeg vildi segja, er það, að það mun vera einsdæmi í stjórnmálasögunni, að nokkur stjórn og flokkur hennar reyni af alefli að spyrna á móti góðri afgreiðslu fjárlaganna, en það gerir íhaldsstjórn Íslands og flokkur hennar á þinginu 1927.

Háttv. Ed. hefir gengið í sömu átt og meiri hluti fjvn. vill gera nú, og hefir viljað gera fyr, að stýfa tillögur hæstv. stjórnar, að hafa vit fyrir henni, en þá skeður þetta undarlega, að hún leggur áherslu á, að úr engu sje bætt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þekki háttv. þm. Str. (TrÞ) svo vel, að honum hefir ekki þótt vænt um það, sem jeg sagði síðast um landsspítalabygginguna, og því til frekari árjettingar vil jeg enn á ný rifja upp gang málsins frá 1925. Þá á þinginu var samþykt þál. um byggingu landsspítalans, og þar á eft-

ir var samningur þessi gerður, sem fjárlagafrumvarpinu var svo breytt í samræmi við í efri deild. Og eins og jeg benti þessum háttv. þm. á, þá bar honum sem fjvn.manni að athuga þann samning, sem vitnað var til í fjárlagafrv. Ef hann hefir ekki gert þetta, hefir hann vanrækt skyldu sína, og ætti hann síst að vera að halda því á loft sjálfur.

Nú vill háttv. þm. (TrÞ) fá felda burtu fjárveitinguna til landsspítalans, til þess að geta sett aftur inn ýmsar aðrar fjárveitingar, sem hann veit, að hægt er að komast af án. En hv. þm. dettur ekki í hug, að hægt sje að komast af án þessara fjárveitinga, og þetta er það sem skilur, en ekki annað.

Jeg hlustaði ekki á, hvað hæstv. forsrh. (JÞ) sagði hjer í gær, en jeg vil aðeins segja það, að þótt hv. þm. Str. vilji halda því fram, að það væri rangt að vilja ráða yfir fjárveitingu í fjárlögum fyrir 1928 — (**TrÞ**: það sagði jeg alls ekki). Nú, þá hætti jeg hreint að skilja þetta alt saman. (**TrÞ**: Jeg var að bera saman framkomu hv. Ed. og þessarar hv. deildar!). Þá er um alls engan ágreining að ræða, og hv. þm. hefir verið að hæla stjórninni, og vil jeg þá taka undir með honum og segja, að stjórnin hafi farið alveg rjett að.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hæstv. atvrh. hefir svarað svo skýrt og skorinort því, sem sagt var um landsspítalann, að jeg þarf svo sem engu þar við að bæta.

Hv. þm. Str. sagði, að því hefði ekki verið mótmælt, að það þyrfti að leggja fram 450 þús. krónur hvort árið 1929 og 1930. Þetta er rjett, jeg mótmælti því ekki, en staðfesti það ekki heldur. Svo hnýtti hv. þm. því aftan við ræðu sína, að áætlunin hefði hækkað um 750 þús. kr. á nokkrum árum. Þetta er rangt hjá hv. þm. Eftir því sem hv. þm. hefir gefið upp fyrir árin 1929 og 1930, getur fjárframlagið skoðast 1550 þús. krónur, en það hefir aldrei verið búist við því, að landsspítalinn, sem nú er verið að byggja, fengist fyrir 800 þús. krónur. Það var gengið út frá því, að byggingin myndi kosta 1200 þús. krónur. (**TrÞ**: 800 þús. kr. var sagt hjá okkur í nefndinni). Það hefir aldrei verið sagt um þessa byggingu. Ef það hefir verið sagt í nefndinni, þá hlýtur að hafa verið miðað við annað hús en það, sem varð ofan á að byggja.

Það er nú búið að leggja það svo greinilega fram, að landsstjórnin er bundin þessum samningi, og að hún hefir gert hann eftir hvötum Alþingis, með vitund og samþykki Alþingis eftir á, svo að það er ómögulegt annað en að standa við hann, og er sjálfsagt að standa við hann.

Hv. þm. sagði, að stjórnin mundi verða að standa þjóðinni reikningsskap á því, hvort hún ætlaði að standa við gerða samninga. Jeg held, að það verði ljett fyrir stjórnina, en jeg hygg, að það verði erfiðara fyrir hv. þm. (TrÞ) að standa kjósendum sínum reikningsskap á því, þegar hann hefir setið í fjvn. þriggja þinga í röð, en ekki vitað fyr en nú, að til er ákveðinn samningur, sem þó hefir verið vísað til um fjárveitingar í fjárlögum, bæði fyrir árið 1926 og 1927; og þess vegna hefir annaðhvort legið fyrir fjvn. þessara þinga samningurinn sjálfur, eða þá full vitneskja um að

hann væri til, en hv. þm. Str. hefir ekki rækt sitt starf betur en svo, að hann veit ekkert um, að samningurinn sje til, fyr en nú á þriðja þinginu. Jeg held, að hv. þm., sem talar hjer fyrir hönd meiri hl. fjvn., ætti ekki að tala mjög digurt um, að sá hv. meiri hl. sje sjerlega vel fær um að hafa vit fyrir fjármálastjórn landsins. Jeg held, að hv. þm. (TrÞ) ætti að hafa vit á að reyna að læra að hafa betra handbragð á því verki, sem hann er sjálfur settur til.

Út af þeirri deilu, sem orðið hefir um fjárhúsið á Hólum, þarf jeg ekki að segja margt, því að hv. þm. hefir nú snúið frá öllu því, sem hann sagði um það mál í fyrstu. En hv. þm. byrjaði á því að víta það, að auglýst hefði verið útboð á fjárhúsum á Hólum, sem engin fjárveiting væri fyrir, og þá benti jeg hv. þm. á þann lið, sem ætlaður er til óvissra útgjalda á Hólum, og þó að svo sje farið fram á framhald af þessum styrk, þá gefur það hv. þm. ekki tilefni til að rjúka upp, eins og hann hefir nú gert. En ástæðer sú, að hv. þm. vildi ekki veita eftirtekt liðnum í fyrra, og rýkur þess vegna upp.

Um afgreiðslu fjárlagafrv. er það að segja, að þessi till. um burtfellingu á 150 þús. krónum til landsspítalans er þannig, að hún hefir ekki í för með sjer neina lækkun á útgjöldum ríkissjóðs árið 1928, því að það er ekkert annað en að taka ekki upp í fjárlögin upphæð, sem þó verður að borga hvort sem er. Og þó að fram komi við það tekjuafgangur að nafninu til, þá er náttúrlega enginn fjárhagslegur vinningur við það, þegar vitanlegt er, að slept hefir verið útgjaldapósti, sem verður að greiða alt að einu.

Jeg hefi vikið að því áður, að landsspítalabyggingin verður ekki stöðvuð með niðurfellingu þessa gjaldaliðs. Það verður að gera alt aðrar ráðstafanir til þess, ef það á að verða.

Hv. þm. Str. fór upp í hæðirnar í lok ræðu sinnar og sagði, að það mundi vera einsdæmi í stjórnmálasögunni, að stjórnin stæði á móti því, að fjárlögin fengju bætta afgreiðslu, og svo hjelt hv. þm. áfram með nokkrum líkum ummælum. En jeg verð nú að segja, að það eru að vísu lofsverð sinnaskifti, sem fram eru komin hjá hv. þm. Str. og hv. meiri hl. fjvn., þegar nú er svo komið, að þeir eru farnir að keppa við okkur íhaldsmenn um það að reyna að láta fjárlögin fá sómasamlega afgreiðslu; en jeg er hræddur um, að trúin á þennan góða vilja þeirra minki nokkuð, þegar hv. þm. notar tækifærið til að hella sjer yfir stjórnina fyrir það, að hún vill ekki sætta sig við, að færð sjeu niður fastákveðin og samningsbundin útgjöld. Þetta finst hv. þm. (TrÞ) vera ódæði og álasar stjórninni mjög fyrir, en jeg held, að það sje óþarfi fyrir hv. þm. (TrÞ), og vil jeg nú gera dálitla grein fyrir aðstöðu stjórnarinnar alment.

Þegar einhver stjórn er að undirbúa fjárlagafrv., þá á hún tvenns úrkosti; annaðhvort getur hún sjálf gert ráðstafanir um notkun allra tekna, eins og henni sýnist rjettast að verja þeim, eða þá að hún getur skilað frv. með einhverjum verulegum tekjuafgangi, sem þinginu er þá ætlað að ákveða um, hversu verja skuli. Nú verð jeg að

segja það, að meðferð þingsins á fjárlögunum undanfarin ár hefir ekki verið þannig, að hún lokkaði á nokkurn hátt til að afhenda þinginu nema sem allra minstan tekjuafgang til umráða.

Það hefir komið hjer inn á síðustu stundu æði mikill fjöldi af einstökum fjárveitingum, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar álítur að megi spara og sjeu óþarfar. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki viljað fara þá leið að áætla svo lágar upphæðir til verklegra framkvæmda, að það yrðu afgangs einhverjar verulegar upphæðir handa þinginu til að ráðstafa, því að jeg var fullviss um, að þá mundi verða of mikil freisting til að veita fje til ýmislegs óþarfa. Jeg áleit þess vegna rjettara að stinga upp á fjárveitingum til verklegra framkvæmda, svo að ekki væri eftir nema sem svaraði 100 þús. kr., sem þá mætti nota til ýmislegs, sem óhjákvæmilega kemur fram síðar og naumast verður komist hjá að veita til. Nú er liðinn nokkur tími frá því að frv. var samið, og svo má benda á það, að ýmsir hv. þm. hafa gert sjer það að venju að koma með ýms áhugamál kjördæma sinna beina leið inn í þingið, án þess að snúa sjer til stjórnarinnar. Af þessu leiðir svo, að það koma fram ótal nýjar óskir, sumt alveg nýjar framkvæmdir, en sumt óskir um viðbótarstyrki við það, sem stjórnin hefir stungið upp á og hún þá gjarnan vill verða við. Þingið hefir oft aukið við fjárlögin á þennan hátt til nauðsynlegra framkvæmda. Jeg verð sjerstaklega að halda því fram, að á þinginu 1926 hafi starfsemi þingsins á þessu sviði ekki verið nægilega varkár, því að það lítur helst út fyrir, að þingið hafi talið það verk sitt að hlaða ofan á þau útgjöld, sem stjórnin hafði stungið upp á. En það verður auðvitað að vera hitt, að þingið telji það sitt verk að framkvæma þannig lagaðar lagfæringar á framkvæmdum og áætlunum stjórnarinnar, sem verða í samræmi við borgunargetu ríkissjóðs. — Þessu verður að halda áfram, og jeg hefi í hv. Ed. farið fram á, að sú deild tæki fjárlagafrv. til endurskoðunar á þá leið, að útgjaldaliðir væru færðir í námunda við það, sem þeir voru í stjfrv., og jeg taldi það alveg sjálfsagða skyldu mína að leggja til, að fjárveitingar stjfrv. væru færðar niður jöfnum höndum, til þess að ná rjettingu í frv.

Jeg get sagt hæstv. þm. Str. það, að ef það á að liggja fyrir hans flokki að taka við stjórnartaumunum, þá verður hv. þm. að taka aðra stefnu gagnvart þeim fjrh., sem þá verður, svo framarlega sem hv. þm. vill ekki verða sjer til minkunar fyrir þinginu. Hv. þm. má þá ekki storka sínum fjrh. fyrir það, að hann sætti sig við einhverjar lækkanir á þeim útgjaldaupphæðum, sem stjórnin stingur upp á, til þess að þingið geti að einhverju leyti fengið framkvæmdan sinn vilja um breytingar á fjárlagafrv., án þess að koma ríkissjóði á kaldan klaka. Hv. þm. verður þvert á móti að veita sínum fjrh. viðurkenningu, ef hann sýnir þá stillingu og sjálfsafneitun að sætta sig við, að þingið geri slíkar rjettingar á hans uppástungum.

Jeg get látið mjer storkunaryrði hv. þm. Str. í ljettu rúmi liggja, því að jeg er ekki kominn í þá stöðu, sem jeg er nú í, til þess að geðjast þeim hv. þm., heldur til þess að vinna mitt

verk á þann hátt, sem jeg álít að þjóðinni sje fyrir bestu, og það hefi jeg einnig gert í þessu tilfelli.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Hæstv. ráðh. hafa nú báðir flutt ræður til þess að veita nokkur andsvör þeim orðum, sem jeg sagði hjer áður, og þykir mjer kurteisi að segja þar nokkur orð í móti. Jeg ætla þó ekki að fara út í smáatriði, eins og fjárhúsin á Hólum, því að það atriði var upplýst af hæstv. atvrh. (MG). En jeg ætla aðeins að koma að því atriði, hvort haldið verði áfram með landsspítalann, og að þeim almennu atriðum, sem hæstv. fjrh. (JÞ) nefndi um afgreiðslu fjárlaganna.

Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að hæstv. forsrh., sem sat fyrir svörum í þessu máli, segir söguna þannig frá þinginu 1925: Fyrst var till. til þál. samþykt, og síðan var samningurinn gerður. Þetta er þá grundvöllurinn undir röksemdafærslu hæstv. ráðh. Jeg hefi hjer fyrir mjer þingtíðindin frá 1925, þar sem þessi þingsályktun kemur til umr. í Nd. 30. apríl og er svo afgreidd frá deildinni 1. maí. Hún er prentuð hjer í A-deild þingtíðindanna sem afgreidd frá Nd. 1. maí, en samningurinn er dagsettur 24. apríl. Þetta, sem hæstv. ráðh. (JÞ) hefir borið hjer fram um þetta mál, að þál. hafi fyrst verið samþykt, og að svo hafi samningurinn verið gerður, er þá bersýnilega rangt. Samningurinn er gerður viku áður en þál. er samþykt, svo að þessi undirstaða er algerlega röng.

Hæstv. ráðherra beindi því til mín, að það mundi verða þungt fyrir mig að bera ábyrgð á því gagnvart kjósendum mínum, að jeg hefði ekki þekt þennan samning. Jeg taldi það víst, að samningurinn hefði verið gerður á grundvelli þessarar þál., og að þetta mundi eiga að gerast, ef ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gerðu það ekki ókleift, að samningnum yrði fullnægt. Jeg ætla mjer að vera óhræddur við að ganga út frá því, að það verði staðið við það, sem í þál. stendur. En hæstv. stjórn getur borið ábyrgðina á því, að það er búið að skuldbinda ríkið til að leggja í þetta fyrirtæki meira en eina miljón króna nú á næstunni. Hæstv. stjórn getur bundið sína flokksmenn á þann klafa, en við Framsóknarmenn munum ekki binda okkur, eins og hæstv. forsrh. hefir gert, og það ættu hans flokksmenn ekki heldur að gera.

Hæstv. ráðh. sagði síðan, að jeg hefði sagt nokkur háfleyg orð um afgreiðslu fjárlaganna; en jeg vil þá gjarnan grípa tækifærið, því að jeg álít, að það fari ekkert illa á því nú, til þess að segja nokkur orð um afgreiðslu fjárlaganna, sem þá verða þau, að það, sem jeg fyrst og fremst finn þessari stjórn til foráttu, er það, hver svipur hefir verið yfir því, hvernig hún hefir litið á fjármál ríkisins. Það er sem sje þannig ástatt, að fjárlögin eru að meðaltali 2½ milj. kr. hærri en áður, og útgjöldin að meðaltali 4 milj. króna hærri en áður tíðkaðist, og samhliða þessu eru þær drápsklyfjar lagðar á þjóðina, að verðgildi íslenskra peninga er hækkað um meira en 50%. Jeg álít, að vegna þessarar frammistöðu og þessarar afgreiðslu á fjárlögunum eigi

þessi stjórn að vera dauðadæmd hjá þjóðinni.

Síðast sagði hæstv. ráðherra nokkur orð um það, hverja afstöðu jeg ætti að hafa gagnvart þeim fjrh., sem Framsóknarflokkurinn setti, þegar hann tæki við stjórninni. Mjer þykir gott að fá tækifæri til að bera það saman, hvaða afstöðu hæstv. fjrh. á sínum tíma hafði gagnvart fyrirrennara sínum í stöðunni, og hvaða afstöðu jeg hefi nú gagnvart hæstv. fjrh. Jeg man það vel, hvaða afstöðu hæstv. fjrh. þá hafði, því að það er vegna orða, sem lengi munu fræg verða. Hæstv. ráðh. sagði það um fyrverandi stjórn, að hún ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög. Þá var það skoðun hæstv. ráðh., að hann, vegna fjandskapar við stjórnina, ætti ekki að gegna sinni þingmannsskyldu að afgreiða fjárlögin varlega. En mín afstaða er sú, að vera frsm. þeirrar fjvn., sem setur sjer það takmark að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, og jeg get sagt hæstv. fjrh. (JÞ) það, að jeg er albúinn, hvenær sem er, að leggja þessa afstöðu mína undir dóm þjóðarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins út af hinum almennu niðurlagsorðum hv. þm. Str. geta þess, að mjer þykir það ekki undarlegt, þó að hv. þm. sje orðið nokkuð þungt í skapi út af þeirri ádrepu, sem hann hefir nú fengið fyrir sín ummæli. En þegar hv. þm. er hjer að endurtaka það, sem hann hefir áður sagt í blaði sínu, að það sje einhver synd hjá núverandi stjórn, að hennar fjárlagafrv. hafi verið 2½ milj. kr. hærri en fjárlagafrv. hafi verið áður, þá leggur hv. þm. satt að segja vangann svo flatan við kinnhesti á þá stjórn, sem hjer var áður, að það þarf talsverða stillingu til þess að skella ekki lófanum á vangann. En jeg ætla ekki að gera það, af því að jeg á ekkert útistandandi við þá fjrh., sem hjer voru áður, hvorki við núverandi hv. 1. þm. Rang. (KlJ) nje hinn fjrh., sem nú er farinn út úr hinu pólitíska lífi. En jeg vil benda hv. þm. Str. á það, að þótt stjórnin leggi fram fjárlagafrv. að upphæð 10½ milj. kr., þá er ekki nóg að bera það saman við fjárlagafrv. annara stjórna. Það er þá miklu nær að bera það saman við landsreikningana, því að það er satt að segja ekki mikil dygð að hafa fjárlagafrv. þannig úr garði gert, að það sýni svo sem 2 milj. kr. lægri útgjöld í fjárlagaliðunum sjálfum, en svo verður að líta á það, sem borgað hefir verið, en það sýna landsreikningarnir. En jeg held nú einmitt, að af því sjáist það best, hvað núverandi þing og stjórn hefir gert til að rjetta við fjárhag landsins, en það er að útgjöldin í fjárlögunum eru nú talsvert nær því, sem vænta má, að þau verði, heldur en þau voru áður.

Hv. þm. Str. var kominn í fjvn., þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1925 kom í hendur þeirrar nefndar, svo að jeg tala hjer um hluti, sem hv. þm. átti þátt í. Það getur verið, að útgjöldin hafi þá verið 4 milj. kr. lægri heldur en þau eru eftir núverandi frv., en jeg býst við, að það megi, með því að benda á tvö atriði, skýra allan þann mismun. Annað var það, að ýmsar alveg bundnar upphæðir, sem skylt var að greiða eftir fjárlögunum, reyndust of lágt áætlaðar, og hinn liðurinn

er sá, að nú er stungið upp á að veita hátt á aðra milj. kr. til ýmissa verklegra framkvæmda í landinu, fram yfir það, sem gert var í stjfrv. fyrir árið 1925. Þetta mun vera það, sem hv. þm. á við. Og jeg hygg, að hvorki jeg nje Íhaldsflokkurinn muni þurfa að blygðast sín fyrir að koma slíkri reglu á fjárlögin, og jeg veit, að hv. Ed. treystir landsmönnum líka til að bera þessar byrðar, sem hjer er stungið upp á; en jeg vona, að það takist að fella allar hækkanir hv. Nd.

Það, sem hv. þm. hafði eftir mjer um fyrverandi stjórn, að hún ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög, er slitið út úr rjettu sambandi og illa túlkað. Jeg hirði ekki að hafa hjer upp ummæli mín, en jeg skal birta þau á einhverjum þeim stað, þar sem alþjóð getur sjeð, hvað ráðvandlega hv. þm. Str. fer með tilvitnanir. (**Trþ:** Orðin geta ekki gefið nema eina merkingu!). Það má slíta setningar svo út úr samhengi, að þær verði óskiljanlegar eða hafi þveröfuga merkingu, ef ekki er lesið það, sem á undan og eftir fer.

Þátttaka mín í þessum umræðum fer nú að styttast, og jeg skal láta það verða mín seinustu orð nú, að fari fjárlögin frá þinginu lík því, sem hv. Ed. gekk frá frv., þá má stjórnin vel við una. Þá hefir ekki orðið önnur breyting á stjfrv. en að gjaldaliðirnir hafa verið hækkaðir um 50—60 þús. kr., eða nálægt því, sem svarar tekjuafganginum, eins og hann var áætlaður í frv. stjórnarinnar. Ef frv. fær líka afgreiðslu hjer eins og hjá háttv. Ed., þá gefa lögin heildarmynd af tekjum og gjöldum, sem líkari er stjfrv. heldur en verið hefir á nokkru þingi áður. Hlýt jeg að telja það góðan ávinning, sem gefur góða von um framhaldandi gætni í fjármálum. — Þingið hefir að þessu sinni staðist prýðilega þá freistingu að hlaða meira á fjárlögin heldur en stjórnin hefir stungið upp á og talið fært.

Það er eðlilegt, að menn geri nokkurn samanburð á frv. þessu og núgildandi fjárlögum, sem samþykt voru á síðasta þingi. Landsmenn búast við því, að útgjöldin fari lækkandi, því að þeir gera sömu kröfur til ríkissjóðs og annara. Það er því um samanburðinn að segja að þessu leyti, að útgjöldin eru lækkuð um ca. 650 þús. krónur frá því, sem er í gildandi fjárlögum. Og þó að það sje ekki mikil upphæð í samanburði við þær 10—11 miljónir króna, sem útgjöldin nema, þá er það þó spor í rjetta átt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er eins og háttv. þm. Str. verði hissa í hvert skifti, sem ráðherrarnir svara honum. Veit jeg ekki, hvort það er heldur af því, að honum finst ekki svaravert það, sem hann segir, eða að honum er illa við það, að honum sje svarað.

Hv. þm. þóttist nú heldur ná sjer niðri á mjer, þar sem hann sagði, að stjórnin hefði fyrst gert samning um framlög til landsspítalans, og á eftir hefði hún svo komið fram þál. um það. Þessu máli horfir þannig við, að um þetta hafði verið samþ. þál. í hv. Ed. áður en samningurinn var gerður, og það voru samtök um það í öllu þinginu að gera þann samning, og var það talið svo sjálfsagt mál, að enginn

maður tók til máls um það í þessari deild, hvorki við fyrri nje síðari umr. En í umr. um málið í hv. Ed. gaf þáverandi forsrh., sem nú er látinn, yfirlýsingu um það, að verið væri að undirbúa samning um málið. Vil jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer upp það, sem hann sagði því viðvíkjandi:

„Þessum samningi er nú sama sem lokið, svo innan fárra daga mun verða hægt að leggja málið fyrir þingið á þeim grundvelli."

Með öðrum orðum: þegar verið er að ræða þál. í hv. Ed., er það undir eins upplýst af stjórninni, að samningurinn sje aðeins ógerður. Síðan var hann lagður fyrir þingið og samþyktur orði til orðs. Hvernig getur þá hv. þm. Str. komið fram með aðra eins bábilju og þá, að samningurinn sje ekki bindandi fyrir þingið? Það skiftir engu máli, þótt háttv. þm. hafi ekki lesið samninginn. Það var þó sjerstök skylda hans sem fjvn.-manns að kynna sjer samninginn rækilega, og jeg býst við því, að hann hafi gert það, hvernig sem hann lætur nú. En í þessu sambandi er fróðlegt að rifja það upp fyrir sjer, hvernig „Tíminn" tók í þetta mál 1925. Hann sagði þá, að íhaldsmenn vildu drepa allar framkvæmdir, þar á meðal landsspítalann. Þetta stendur í grein, sem er undirrituð J. J., og vona jeg, að hv. þm. Str. kannist við höfundinn. Greinin er birt í „Tímanum" 23. maí 1925. Þar segir svo:

„Þá var landsspítalinn settur á fjárlög í trássi við meginþorra íhaldsmanna, sem greiddu atkvæði tvívegis á móti. Verður nú byrjað að reisa spítalann í sumar, og á að vera lokið fyrir 1930."

Þetta er góð mynd af stefnufestu forkólfa Framsóknarflokksins og góður spegill þess, hvernig sannleikurinn er borinn fram í þessu blaði. Það segir, að íhaldsmenn hafi barist gegn samningnum og tvívegis greitt atkv. á móti honum. En nú, tveimur árum síðar, fjargviðrast hv. þm. Str. út af því, að það sjeu íhaldsmenn, sem beri ábyrgðina á því, að samningurinn var gerður.

Jón Sigurðsson: Það er nú svo langt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, að jeg hefi gleymt ýmsu af því, sem jeg ætlaði að segja, en vegna þess, að komið mun nú að lokum umræðunnar, skal jeg gera stutta grein fyrir afstöðu okkar minnihlutamanna.

Hv. form. fjvn. (ÞorlJ) gat þess, að við fjvn.-menn hefðum ekkert vitað um samning stjórnarinnar við stjórn landsspítalasjóðsins, er gerður var samkv. þál., er samþykt var 1925, en að okkur hefði snúist hugur, er það kom í ljós, að samningur var gerður. Þessu þarf jeg ekki að svara, því að hv. þm. Str. sagðist hafa gengið út frá því, að samningurinn væri gerður, enda þótt hann neitaði því áður að hafa haft nokkra vitneskju um það. Það er satt, að við minnihlutamenn vissum, að þessi samningur var gerður, þótt við myndum ekki, hve mikið ætti að leggja fram árlega úr ríkissjóði. Jeg er ekki svo minnugur, að jeg muni fyrir víst tölur, sem samþ. hafa verið fyrir svo löngu. Þess vegna var hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) falið að fara upp í stjórnarráðið til að kynna

sjer samninginn. Og af því að menn mundu ekki, hver upphæðin var, þá hafði komið til orða, hvort ekki mundi hægt að færa þennan lið í fjárlagafrv. niður. Er ekki ástæða til þess að deila neitt um þetta atriði, því að það liggur ljóst fyrir.

Þegar litið er á brtt. þær til lækkunar á útgjöldum, er hjer liggja fyrir, þá tel jeg fullvíst, að þær stærstu þeirra, svo sem um að fella niður fjárveitingu til landsspítalans, draga af fje til brúagerða, síma og vita, og fella niður styrk til markaðsleitar, hafi litla eða enga möguleika til þess að ganga fram. Allar þessar fjárveitingar voru samþyktar hjer við 2. og 3. umr. um daginn, og var fjvn. þar ofurliði borin. En að meiri hl. nefndarinnar skuli nú fara að bera þetta fram aftur, er hreinn skrípaleikur. Það er aðeins gert til þess að kasta ryki í augu þeirra manna út í frá, sem ekki geta fylgst með því, sem gerist í þinginu, og telja þeim svo trú um, að hjer sje alvarleg sparnaðartilraun á ferðinni.

Hjer er að vísu um stóra upphæð að ræða, þar sem er framlag til landsspítalans, og mjer skildist á hv. þm. Str., sem nú ætti að slá stórt slag föðurlandsins vegna og spara nú svo, að um munaði. En hann komst þar í mótsögn við sjálfan sig undir eins, því að hann sagði, að þingmönnum bæri engin skylda til að taka þessa fjárveitingu upp í fjárlög, en stjórnin ætti að taka lán til þessa. Mjer er spurn: Hvað er þá unnið? (TrÞ: Jeg sagði ekki, að stjórnin ætti að taka lán handa spítalanum!). Jú, hv. þm. sagði, að stjórnin ætti að taka lán til spítalans, upp á sína ábyrgð. Jeg skrifaði það hjá mjer um leið og hann sagði það, svo að ekki þýðir að mæla því í mót. Með öðrum orðum: Hv. þm. Str. vill fella niður 150 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum, en láta svo ríkið taka 150 þús. kr. lán. Hverjum ætlar hann að telja trú um, að það sje nokkur rjetting á hag ríkissjóðs?

Um ýmsa aðra liði, svo sem stúdentagarðinn o. fl., get jeg tekið það fram, að við minnihlutamenn gætum fallist á, að eitthvað mætti spara á þeim í bili. En svo liggja hjer fyrir um 50 brtt., flestar bitlingar. Nokkrar af þeim upphæðum hafa verið samþyktar hjer áður, og ef menn halda þeim eins fast fram nú eins og þeir gerðu við 2. og 3. umr., þá má búast við, að margar af þeim komist nú í fjárlögin. Afleiðingin verður þá sú, að í staðinn fyrir lækkun á framlagi til verklegra framkvæmda koma margir nýir liðir, sem eru ýmist persónustyrkir eða aðrir bitlingar. Minni hl. óskar ekki eftir þessum skiftum, og þótt hann, eins og jeg hefi þegar tekið fram, hefði getað fylgt því, að feldir yrðu eða lækkaðir ýmsir liðir til sparnaðar, þá getur hann ekki undir þessum kringumstæðum lagt til, að nokkur breyting verði gerð á frv. Við minnihlutamenn munum því greiða atkvæði á móti öllum lækkunartillögunum, og líka á móti öllum hækkunartillögunum. Treysti jeg því, að háttv. deild verði okkur sammála um að samþykkja frv. óbreytt, og skila fjárlagafrv. þannig tekjuhallalausu.

Jeg verð áður en jeg sest niður að víkja örlítið að því, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, en jeg skal reyna að haga orðum mínum svo, að þau gefi ekki tilefni til neinnar deilu.

Hann vjek að gömlu deilumáli okkar á milli. (**KIJ:** Jeg byrjaði ekki á því!). Nei, það er rjett; það gerði hv. þm. Str. Hann dró þetta mál inn í umræðurnar í byrjun, og hv. 1. þm. Rang. talaði síðan um það. Jeg skal þá fyrst geta þess, að jeg hefi sjeð brjef frá Pjetri heitnum Jónssyni ráðherra til skólastjórans á Hólum, og mun það brjef dagsett skömmu áður en ráðherrann dó. Það brjef tekur af öll tvímæli um fyrirætlanir þáv. ráðh. Og jeg held því fast fram, að ef stjórnin hefði viljað gera eitthvað fyrir skólann, þá hefði hún átt að taka tillögur skólastjóra til greina, er hún samdi fjárlagafrv. En þessu neitaði ráðherrann þá, og þess vegna sá skólastjóri sjer ekki fært að halda áfram. Viðvíkjandi því, að hann hafi ekki svarað símskeyti frá ráðherra, þá er því að svara, að skeytið var sent daginn áður en jörðin var bygð. Skólastjóri símaði suður um kvöldið og bað mann hjer, sem hann treysti, að leita samninga við stjórnina, en morguninn eftir var jörðin bygð, og var þetta um það leyti, sem við komum suður. Fresturinn, sem skólastjóra var gefinn, var óhæfilega stuttur og byggingunni hraðað óskiljanlega mikið. Það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, er því rjett í öllum atriðum.

Jeg vildi aðeins gefa þessa skýringu, úr því að þessu máli var hreyft, eins og gert var í gær.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Það skal ekki verða nema stutt athugasemd.

Jeg vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni út af því, að hæstv. atvrh. hefir nú játað, að samningurinn var gerður áður en þál. var samþykt, og að hann hefir ekki farið með rjett mál. En sjerstaklega gladdi það mig, er hann kom inn á afskifti Framsóknarflokksins af þessu máli. Árið 1925 ljek hjer alt í lyndi, þá var mikið góðæri og ríkisfjárhirslan var að fyllast. Þá lágu fyrir áætlanir um það, að landsspítalinn mundi kosta ca. 800 þús.—1 milj. kr. Þá vildi Framsóknarflokkurinn, að ráðist yrði í að byrja að reisa hann. Nú liggur það fyrir, að hann muni kosta um 1½ milj. kr., en nú horfir öðru vísi við en 1925, því að fyrir sorglega fjármálastjórn er hjer komin versta kreppa. Þess vegna segjum við Framsóknarmenn nú, að við verðum að falla frá því að koma spítalanum upp þegar. En þá vilja íhaldsmenn ólmir berja höfðinu við steininn og halda áfram byggingunni.

Orð þau, er hæstv. atvrh. hafði eftir Jóni heitnum Magnússyni, sýna það alls eigi, að samningurinn við stjórn landsspítalasjóðsins hvíli á neinum lagalegum grundvelli. Og í samningnum er einmitt gert ráð fyrir, að fje sje ekki veitt í fjárlögum til spítalans, ef fjárhagsvandræði beri að hendi, — og þau fjárhagsvandræði eru nú að höndum komin.

Hákon Kristófersson:* Það er vegna þess, að mín fáu orð, sem jeg sagði í gærkvöldi, hafa gefið mönnum tilefni til að taka til máls og þar að auki verið misskilin, að jeg þarf að segja nokkur orð. Háttv. þm. Mýr. (PÞ) kvað svo að orði, að ummæli mín hefðu borið vott um nokkuð einkennilegar hugmyndir um sanngirni.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

En ef svo hefir verið, þá hefir það aðeins verið af því, að jeg hefi ekki komið eins vel orðum að meiningu minni og æskilegt hefði verið. Jeg reyndi aðeins að stilla svo í hóf ummælum mínum, að enginn teldi sig móðgaðann af þeim.

Hvað viðvíkur fjósbyggingunni á Hvanneyri, þá bar jeg aðeins þá upphæð, sem til hennar á að fara, saman við aðrar nauðsynlegar fjárveitingar, sem þó hafa verið feldar niður. Þennan samanburð leyfði jeg mjer að gera, en það var aftur ómaklegt af háttv. þm. Str. að gera mjer upp þá meiningu, að jeg væri á móti því, að fje færi til þessa fyrirtækis. En jeg verð nú að segja það, að engu minni rjett til fjárframlaga hafa mörg önnur fyrirtæki, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. (TrÞ) leggur til, að niður falli.

Jeg tók það skýrt fram í gær, að ummæli mín bæri ekki að skilja sem andúð gegn viðkomandi skólastjóra, því að jeg met þann mann mjög mikils. En hinu ætti enginn að þurfa að furða sig á, þó að þm. leyfi sjer að gera athugasemdir við ýmsar fjárveitingar, ef það er gert klækjalaust og án brigslyrða, og ekki þarf það heldur að vera af neinni andúð til vissra manna, þó að maður hafi aðra skoðun á ýmsum málum en sumir aðrir háttv. þm. Jeg hafði raunar ekki búist við, að orð mín mundu koma af stað andmælum.

Hv. þm. Mýr. (PÞ) mintist á það í sambandi við orð mín, og það var það, sem hann hafði við þau að athuga, að líklegast væri betra, að hið opinbera tæki kúgildin af prestssetrunum, en bygði þar aftur á móti peningshúsin. Hann sagði þetta út af því, að jeg drap á það, að prestarnir yrðu vanalega sjálfir að byggja öll nauðsynleg peningshús á prestssetrunum og önnur þau hús, er áhöfn jarðarinnar heimtaði. En jeg hygg, að það mundi nú verða allútdráttarsamt fyrir ríkissjóð, ef hann ætti að fara að byggja öll peningshús á prestssetrum þeim, er ríkið á nú.

Þá var það vinur minn, háttv. þm. Borgf. (PO), sem flutti ræðu um þetta sama í dag, og þykir mjer leiðinlegt, ef hann heldur, að jeg hafi ætlað að fara að traðka hjer rjetti nokkurs manns. Annars hefi jeg ekkert út á ræðu hans að setja. Hún var flutt með hógværð og stillingu og snerti mig ekki að neinu leyti. Honum þótti undarlegt, að það skyldi vera verið að ræða þetta, en það er aðeins af því, að jeg vjek að þessu til samanburðar, og finst mjer ekkert athugavert við það.

Jeg hefi aldrei mótmælt því, að búið á Hvanneyri hafi blómgast í tíð núverandi skólastjóra. Jeg er viss um, að það er í ágætu standi, bæði hvað fje og jarðrækt snertir, og ber vott um hagsýni og dugnað húsbóndans. En er það í rauninni nokkuð aðdáunarvert? Þegar núverandi skólastjóri tók við, þá var búið að reisa þar bú á föstum grundvelli og þegar kominn hinn mesti menningarbragur á það, og var það fyrst og fremst verk hins látna heiðursmanns, Hjartar Snorrasonar.

Þá sagði sami merki þm. (PO), að umbætur þær, sem orðnar væru á kúabúinu, mundu auka tekjur ríkissjóðs. Jeg get þó ekki fallist á það, því að það eykur ekki tekjurnar, meðan leigumálinn er hinn sami. (**PO**: Það eykur verðgildi eigna ríkissjóðs). En

það er þó langt þangað til það verðgildi verður að nokkru gagni fyrir ríkissjóð, og svo lengi sem leigumálinn helst óbreyttur, getur það ekki orðið. Jeg er þó alls ekki að hafa neitt á móti leigumálanum, því að leigumála, sem saminn er til ótiltekins tíma, er eðlilega ekki hægt að rifta. En þetta er ekki óverulegt atriði, því að þessum manni á að vera miklu hægara um allar umbætur en þeim mönnum, er búa við erfiða leigumála. Og þó að segja megi, að ekki sje veitt fje í fjárlögum beint til búsins, þá er þó aðstaðan miklu betri til jarðabótaframkvæmda en annarsstaðar, og gerir það mögulegt að hafa þar stórt bú, enda má þar að nokkru leyti nota aðstoð pilta þeirra, er við nám eru í skólanum, og sem svo má heita, að gefið sje með af hálfu ríkissjóðs.

Hv. frsm. meiri hl. (TrÞ) sagði, að skólastjórinn hefði lagt fram fje frá sjálfum sjer í þessu skyni. Má vera, að svo sje, en jeg tel það nú heldur ekkert aðdáunarvert. Og ef um stórfeldar jarðabætur er að ræða fram yfir hið ákveðna afgjald, þá er ekki fyrir það að synja, að fram kunni að koma kröfur til ríkissjóðs, fyrir það, sem skólastjórinn kynni að eiga inni. **(Atvrh. MG:** Það er fyrirgirt). Það er nú alls ekki víst. Annars er jeg nú alls ekki að benda á þetta af því, að jeg sjái eftir neinu handa þessum mæta manni, en það er fullkomlega heimilt að vekja athygli á þessu. En jeg get tekið undir það hjá hv. þm. Borgf. (PO), sem hann orðaði svo snildarlega vel, að byggingarskilmálarnir hefðu altaf gengið meira og meira í þá átt, sem til hagræðis er fyrir ábúanda. Jeg er honum alveg sammála um þetta. — Jeg get líka fúslega tekið undir það með hv. þm. (PO), að það er leiðinlegt, ef misrjetti á sjer stað milli skólanna, því að það á ekki að geta komið fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. mintist á það í sambandi við tillagið til landsspítalans, að stjórnin og flokkur hennar bæri ábyrgð á því, ef till. um það efni kæmist ekki að, og ef byggingunni yrði ekki frestað. Það er rjett hjá hv. þm. (TrÞ), en stjórnin og flokkur hennar hafa þá ábyrgðartilfinningu að vilja standa við gefin loforð. Það kemur stundum fyrir í lífsins sögu, að þó að menn sjái kannske síðar, að eitthvað hefði mátt betur fara öðruvísi, eða orðið þeim sjálfum hagkvæmara, þá eru þeir þó svo heiðarlegir að vilja heldur taka á sig hið óhagstæða en að standa andspænis öðrum sem óáreiðanlegir menn.

Það mun nú víst vera tilgangurinn hjá háttv. frsm. (TrÞ) að skrifa þetta smávægilega aukaatriði á syndareikning stjórnarinnar og íhaldsflokksins, en ekki býst jeg nú við, að það komi til að gagna honum mikið.

Þá er það líka látið í veðri vaka, að það verði svipur „hinnar harðdrægu íhaldsstjórnar", sem setji mark sitt á ýmislegt í þjóðarbúinu. **(TrÞ:** Það er alveg rjett). Já, það vill nú svo til, að það er alveg rjett hjá háttv. þm. En hvernig er sá svipur? Jeg þori að fullyrða það, að hann er alt öðruvísi og miklu *hollari* en ef hann kæmi af áhrifum háttv. þm. Str. eða þeirra manna, sem honum ráða mest.

Hv. þm. vildi gefa það í skyn, að við íhaldsmenn værum bundnir á flokks-

klafa stjórnarinnar. En jeg verð að neita því fastlega, að þessi ásökun sje á rökum bygð. Jeg hefi ekki fundið til þess, hvorki fyr nje síðar, og jeg mundi ekki þora að fullyrða það á opinberum fundi, ef það væri þvert um huga minn, að stjórnin hafi á nokkurn hátt reynt að binda mig eða flokksbræður mína á klafa, eða gera okkur að „attaníossum", sem kallað er. Þetta er aðeins illgirnisleg ásökun, sprottin af vanmætti og vöntun á gildum rökum. Jeg hygg, að það hafi verið sorglegur misskilningur hjá hv. þm. Str., er hann vildi halda því fram, að þetta væri Íhaldsflokknum eða stjórn hans að kenna. Jeg hygg, að ekki verði öðru um kent í þessu efni en óheppilegri rás viðburðanna. Þarf ekki að benda nema á eitt dæmi. Það hefir verið haft til ásökunar stjórninni, hvernig fór um sölu afurðanna haustið 1926. Það var á engan hátt gengissveiflum að kenna, heldur óheppni, sem kom fram í versluninni. En slíkt getur altaf komið fyrir. Jeg sje, að hv. þm. (TrÞ) hristir höfuðið, líklega af því að hann álítur, að jeg segi ósatt. En svo er ekki. Jeg segi satt, það veit veit háttv. þm., sem sjálfur hefir starfað í gengisnefndinni. Jeg veit ekki betur en að 2—3 kaupmenn hafi gert sölusamninga 1926, sem virtust í alla staði hinir hagstæðustu, en atvik þau komu til, sem urðu þess valdandi, að þeir biðu stórtjón af. Og svo er oft, þótt ilt sje að benda á eitt sjerstakt atvik, er slíku valdi. Hvað hv. þm. (TrÞ) snertir, þá veit jeg, að í honum eru svo margar góðar og ærlegar taugar, að ásakanir hans í garð hæstv. stjórnar eru frekar sprottnar af fljótfærni hans en illgirni. Jeg vil benda á eitt mál, sem Íhaldsflokkurinn hefir mjög verið ásakaður fyrir, en það er kjöttollsmálið, einkum í blaði Framsóknarflokksins, „Tímanum". En þó vita bæði guð og menn, að það mál hefir átt atfylgi beggja flokkanna að fagna, þó að vísu Íhaldsflokkurinn hafi átt meiri þátt í góðum framgangi málsins. Jeg neita því ekki, að það sje rjett hjá hv. þm., að skattarnir hafi verið mjög þungir undanfarið, en hafa ekki einnig framkvæmdirnar verið óvenjulega miklar og svo nauðsynlegar, að hæstv. stjórn hlaut að láta undan kröfum manna um að ráðast í þær? Og sje ekki hægt að benda á það, að hæstv. stjórn hafi farið óráðvendilega með fje ríkissjóðs, þá er ekki hægt að ásaka hana neitt. En slíkt hefir enginn getað bent á ennþá. Jeg vildi aðeins taka þetta fram vegna þess, að jeg hlýt að taka minn hlut af þeim hörðu árásum, sem hv. þm. Str. hefir gert á Íhaldsflokkinn og stjórn hans. En þær árásir hafa nú að vísu verið slegnar niður af hæstv. forsrh. (JÞ) og fleiri háttv. þm., og hefir þannig áfellisdómur hv. þm. (TrÞ) að engu orðið. Seinni tíminn mun leiða það í ljós, — sem jeg þó vona, að verði sem lengst að bíða, — þegar hv. þm. skipar eitt sæti í stjórn landsins, að honum munu ekki fara stjórnarstörfin betur úr hendi. Jeg veit að vísu, að hann mun ekki trana sjer mjög fram, enda skortir hann, þrátt fyrir marga góða hæfileika, algerlega vit og þekkingu til þess að fara með fjármál landsins.

Jeg læt svo útrætt um þetta mál.

Jeg gerði aðeins þessa hógværu grein fyrir orðum, sem fjellu hjer í gærkvöldi, og vísa hjer með frá mjer öllum órökstuddum fleipursummælum um Íhaldsflokkinn og þá stjórn, sem hann styður.

Klemens Jónsson: Jeg hefði í rauninni getað fallið frá orðinu, þar eð ummæli hv. 2. þm. Skagf. (JS) voru þannig, að jeg hefði í rauninni getað slept að svara þeim, ef umræðum þá hefði verið lokið. En úr því svo er nú ekki, ætla jeg að svara þeim nokkrum orðum.

Hv. þm. (JS) sagðist sjálfur hafa sjeð brjef frá Pjetri heitnum Jónssyni, þar sem hann lofi skólastjóranum á Hólum peningum til þess að auka með búið þar. Þetta hlýtur að hafa verið einkabrjef, því ef svo væri ekki, hlyti uppkast að því að hafa fundist í stjórnarráðinu. En það hefir ekki sjest, þó að leitað hafi verið. Ef slíkt loforð hefði verið gefið af formanni mínum í embættinu, þá hefði mjer ekki dottið í hug annað en að uppfylla það. Hv. þm. (JS) sagði, að það hefði verið hægt fyrir mig að taka upphæðina í fjáraukalög. Það má vel vera, en þetta mál er mjer nú úr minni liðið, enda datt mjer ekki í hug, að nú, 4 árum síðar, yrði farið að rifja það upp aftur, áður útkljáð, ómerkilegt mál. En eftir því, sem mig minnir, þá var það engin smáupphæð, sem skólastjórinn fór fram á, 10—12 þús. kr. Jeg þori þó ekki að fullyrða, að þessar tölur sjeu rjettar, — jeg hefi ekki átt kost á að rannsaka það, en það skiftir litlu máli. Mig furðar aðeins á því, að þetta skuli vera dregið inn í umr. nú. — Þá var það eitt atriði ennþá, sem jeg vildi minnast á. Háttv. þm. (JS) sagði, að málinu hefði verið hraðað of mikið. Jeg man það ekki svo gerla, en það man jeg, að mjög álitlegur maður með góðum meðmælum kom frá Vesturlandi og falaðist eftir því að fá skólabúið til rekstrar, en maður þessi þurfti að fara fljótlega brott; það stóð svoleiðis á skipaferðum. Þegar því skólastjórinn svaraði ekki skriflegri fyrirspurn minni, þá gat jeg ekki beðið lengur og gerði því samninga um það.

Úr því að jeg stóð upp, þá skal jeg, vegna þess að verið var að gera samanburð á fjárlagaútgjöldunum nú og fyrir 4 árum, geta þess, að það er ekki mikils metandi slíkur samanburður, vegna þess, hve einhliða hann er gerður, og það frá beggja þm. hálfu, er gert hafa hann. Ef menn vilja gera samanburð, þá verða þeir að gera hann óhlutdrægt. Eins og vjer nú getum gert hlutlausa grein fyrir fjárhag landsins fyrir 40—50 árum, eins verður ekki hægt fyr en nokkur tími er liðinn hjer frá að gera hlutlausa grein fyrir fjárhagnum nú. Það verða þeir að gera, sem standa fyrir utan deilumálin, en ekki þeir, sem standa mitt í stríði dagsins; og þá kvíði jeg alls ekki samanburðinum. Það er og hefir verið alsiða í stjórnarráðinu að senda embættismönnum og stofnunum fyrirspurnir um það áður en fjárlagafrv. er samið, hvaða till. þeir vildu gera um frv. Margir þessir menn fara fram á hin ítrustu fjárútlát. En svo framarlega sem stjórnin vill vera gætin, þá tekur hún ekki allar þessar beiðnir til greina eins og þær koma frá hlutaðeigendum, heldur færir hún þær niður og segir við embættismennina:

þið verðið að komast af með þetta. Þetta var gert á meðan jeg var landritari og eins á meðan jeg var ráðherra, og þetta er sennilega gert enn þann dag í dag. Er því mikill munur á fjárlagafrv. eftir því, hvort allar tillögur og beiðnir eru teknar til greina, eða klipt af þeim, en útgjöldin samt reynast hærri. Það ber að leggja meiri áherslu á niðurstöðuna, landsreikninginn, en undirstöðuna, fjárlagafrv., í þessu atriði. Jeg gæti komið með mörg einstök atriði, er mundu sanna mál mitt í þessu efni, en jeg vil ekki fara út í það nú, enda þótt jeg áliti nauðsynlegt að drepa á þetta í þessu sambandi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það voru aðeins fá orð til hv. þm. Str. út af 5. ræðu hans nú í þessu máli. Hann hjelt því fram, að samningurinn um að reisa landsspítalann hvíldi ekki á traustum grundvelli. En þetta er ekki rjett. Samningurinn hvílir á þeim grundvelli, að hann var gerður af stjórninni og Alþingi samþykti hann mótmælalaust. Jeg var rjett áðan, á milli funda, að fara í gegnum umr. um málið og gat ekki fundið nokkur mótmæli gegn samningnum. Hann var lesinn upp frá upphafi til enda og finst allur í þingtíðindunum. Þetta sýnir, að samningurinn var álitinn hvíla á traustum grundvelli, enda var ekki hægt að undirbúa hann betur.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að jeg hefði gert mig sekan um missögn, þar eð þál. hefði ekki verið samþ. af þinginu, þegar samningurinn var gerður. Þetta er að vísu rjett, en hún var samþykt í hv. Ed. með samþykki allra flokka. Það var búið að tala svo mikið um þetta í þinginu, að það var vitanlegt, að það yrði alt samþykt, enda varð enginn til þess að taka til máls hjer í hv. Nd. um þáltill.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að þó að hann hefði verið málinu fylgjandi áður, þá væri það ekkert undarlegt, þó að hann væri það ekki nú, þar eð aðstaðan væri breytt. Það er ekki annað breytt en það, að nú er ákveðið, að alt það fje, sem safnast hefir, skuli lagt í bygginguna. Jeg fæ ekki sjeð, að sú breyting sje svo mikilvæg. Jeg held, að hv. þm. hefði, ef hann var andvígur samningnum í byrjun, átt að nota gömlu regluna, sem hann vafalaust þekkir frá prestsskaparárum sínum, um hjónalýsingar, að segja til í tíma eða þegja ella.

Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. (JÞ) svari hv. þm. (TrÞ) að því er snertir skatta þá, er Íhaldsflokkurinn hafi lagt á landsmenn, og skal því ekki fara út í það nánar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg tek undir það með háttv. 1. þm. Rang. (KlJ), að samanburður fjárlaga mismunandi árabila er einskisviröi, þegar honum er slegið fram með nálægar kosningar fyrir augum, eins og samanburður hv. þm. Str. Jeg hefi athugað þetta mál og er hvergi hræddur við slíkan samanburð, ef hann er rjett gerður. Hv. þm. (TrÞ) endurtók það, sem hann hefir sagt oft áður, að kreppa atvinnuveganna stafi af misstjórn fjármálanna í landinu, og beindi þeirri ásökun til mín. Jeg skal ekkert um það segja, hve mikið af

kreppunni stafar af mistökum í fjármálastjórninni, en jeg hygg, að best sje þó að taka þann blettinn, sem svartastur er í þessu efni, en það er útflutningsvara bænda, — kjötið. Ef hv. þm. (TrÞ) vill halda því fram, að það sje mistökum að kenna, hvernig farið hefir með sölu á þeirri útflutningsvöru, þá eru þau mistök ekki hjá landsstjórninni, heldur hjá þeim mönnum, sem nær standa framkvæmdum á þessu sviði og með söluna hafa að gera. En jeg tek ekki undir ásökun þessa efnis, enda þótt hv. þm. (TrÞ) vilji halda slíku fram. Hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað því, sem svara þurfti um tekjur ríkissjóðs undanfarin ár og hina þungu skatta. En þeir hafa verið óhjákvæmilegir vegna gamalla skulda. Og jeg veit það, að dómur þjóðarinnar mun verða sá, að þegar góðæri sje, þá sje rjett að nota arð þess til þess að grynna á skuldum landsins. En sú skuldasúpa er orðin of mikil til þess, að góðærið hefði getað borið þjóðina yfir alla þá kreppu, sem nú stendur yfir. Samt sem áður hafa skuldir ríkissjóðs lækkað vegna þess, eins og 7. gr. fjárlagafrv. ber með sjer.

Hv. þm. (TrÞ) mintist á mismun afstöðu Íhaldsflokksins og Framsóknarflokksins til landsspítalans. Er það gott dæmi eins, er greinir meðal annars þessa flokka í sundur.

Það er rjett, að Framsóknarflokkurinn var sóknharður um það að *tala* um, að í framkvæmdir yrði ráðist. En Íhaldsflokkurinn hjelt þá aftur af, enda er það í samræmi við eðli hans, að hann vill vita fótum sínum forráð í hvívetna, en ekki ráðast í framkvæmdir fyr en sýnt er, að ástæður leyfa. En nú, er á móti blæs fyrirtækinu, þá heykist hv. þm. Str. Kjarkurinn bilar, og nú koma úr þeirri átt ekki óskir um annað en að hætta framkvæmdum. En Íhaldsflokkurinn er staðfastur. Þegar samþykt hefir verið að byrja á framkvæmdum, þá vill hann þrauka áfram, þangað til áforminu er komið í framkvæmd. Jeg játa, að bæði íhald og framsókn er nauðsynlegt, en þegar komið er svo langt sem bygging landsspítalans nú er komið, þá er sú festa, sem ekki lætur bugast við fyrsta mótblástur, meira virði fyrir þjóðina en kviklyndið, kröfuhart en fyrirhyggjulítið og ístöðulaust.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Jeg fjekk leyfi hæstv. forseta til þess að segja fáein orð. Skal geta þess, að nú hefir hæstv. atvrh. (MG) fengið 2 tíma hlje til þess að reyna að rjetta hlut sinn, en jeg get ánægður lýst yfir því, að samt sem áður hefi jeg engu við að bæta það, sem jeg hefi þegar sagt.

Jakob Möller: Út af orðum hæstv. atvrh. (MG), þar sem hann sagði, að deilan út af till. um fjárframlag til landsspítalans stafaði af því, að þeirri till. hefði fylgt athugasemd um það að ráða yfir fje annara, sem sje landsspítalasjóði kvenna, þá vildi jeg gera stutta athugasemd, vegna þess að jeg bar fram till. Var hún borin fram samkvæmt umræðum og till., sem borin var fram og samþykt á fundi kvenna, sem að landsspítalasjóðnum standa, og haldinn var hjer í bæ. Var þar skorað á landsstjórnina að leggja fram fje

til byggingar landsspítalans, og kváðust þær mundu leggja fram fje á móti. Í samræmi við þetta kom jeg fram með till. um 150 þús. kr. fjárveitingu, sem var feld, en við 3. umr. fjárlagafrv. var borin fram till. um 100 þús. kr., og var hún samþykt. Þá mun hæstv. ráðh. (MG) ekki hafa mælt á móti till. vegna þess, að með henni væri farið fram á að ráða yfir fje annara. Jeg man ekki betur en aðalástæðurnar, sem hann flutti fyrir þessu, væru alt aðrar. Hann sagði, að í svona fyrirtæki ætti ekki að ráðast í á þessum tíma, heldur ætti að geyma það til erfiðu áranna, þegar litla vinnu væri að fá. En jeg er sannfærður um, að það var gott að till. var samþykt á þinginu 1925, annars væri ekki farið að byrja á byggingunni enn. Fyrsta greiðslan til landsspítalans kom á árið 1926, í byrjun þeirrar kreppu, sem nú stendur yfir. Að því er snertir brtt. um það að fella nú niður fjárveitinguna til landsspítalans, þá get jeg ekki verið henni fylgjandi. Úr því að byrjað er á byggingunni, þá er sjálfsagt að halda áfram, uns spítalinn er kominn upp. Og það mun líka verða gert hvort sem er, hvernig svo sem fer um þessa brtt. Þá verður tekið lán til byggingarinnar, og sje jeg þá ekki, hvaða þýðingu það hefir að fella þessa fjárveitingu úr fjárlögunum. Það kann að þykja skemtilegra að skila fjárlögunum tekjuhallalausum eða með tekjuafgangi. En þessi aðferð til þess að búa til tekjuafgang er gersamlega þýðingarlaus. Hv. frsm. meiri hl. (TrÞ) hefir lýst yfir því, að þessi brtt. væri fram borin vegna þess, að meiningin væri sú, að allar framkvæmdir í þessu efni væru stöðvaðar fyrst um sinn. Því síður mun jeg geta verið henni fylgjandi. Jeg mun því greiða atkvæði móti þessari brtt., svo og hinni brtt. um að lækka tillagið til landsspítalans.

ATKVGR.

Forseti (BSv): Þess hefir verið óskað, að fyrst verði bornar upp 4 brtt. um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs. Þótt slíkt sje ekki venjulegt, skal það nú gert, eftir almannaósk og af því, að sjerstaklega stendur á.

Brtt. 536,I.1 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JG, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 545,I.2 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, IngB, JG, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 536,I.3 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HjV, IngB, JakM, JG, KlJ, MT.

nei: SigurjJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, BSv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 536,III.3 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HStef, IngB, JG.

nei: JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, HjV, JakM, JAJ, BSv.
Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Tryggvi Þórhallsson: Eftir þessar atkvgr. tekur meiri hl. fjvn. aftur allar aðrar brtt., er hann hefir fram borið. Hann vill ekki eiga sök á því, að fjárlögin verði „opnuð", úr því að helstu lækkunartillögurnar eru fallnar. Meiri hl. mun úr þessu greiða atkvæði gegn öllum brtt.

Magnús Torfason: Í samræmi við þetta tek jeg aftur brtt. mína á þskj. 336.

Jörundur Brynjólfsson: Af sömu ástæðum tek jeg aftur brtt. mínar.

Klemens Jónsson: Eftir þessi úrslit neyðist jeg til að taka aftur brtt. mínar og hv. meiri hl. samgmn. En jeg tek fram, að jeg geri það mjög nauðugur.

Þórarinn Jónsson: Jeg tek einnig aftur mínar brtt., ef aðrir gera hið sama.

Hákon Kristófersson: Jeg tek glaður aftur mínar brtt., fyrst þessi urðu úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Sigurjón Jónsson: Jeg tek einnig aftur brtt. mína.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg verð víst að feta í fótspor annara óg taka aftur brtt. mínar. En jeg leyfi mjer samt að taka upp brtt. hv. meiri hl. samgmn.

Forseti (BSv): Jeg mun ekki taka aftur þær brtt., er jeg hefi borið fram. Hinsvegar tek jeg upp aftur brtt. 550,I, frá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að vísu í þeim einum tilgangi að fá hana felda. (**ÞórJ:** Er það ekki of seint? Jeg tók hana aftur í dag). Hv. þm. V.-Húnv. lýsti því í dag, að hann mundi taka aftur till. sínar, og endurtók þá yfirlýsingu nú, með því skilyrði, að aðrir þm. gerðu hið sama, en þeir hafa ekki gert það allir, — og undir öllum kringumstæðum tek jeg tillöguna upp. (**MT:** Því hefir aldrei verið lýst úr forsetastóli, að till. væri tekin aftur).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í samræmi við gerðir hv. þdm. tek jeg aftur mína brtt., um að fella niður styrk til Magnúsar Pjeturssonar.

Brtt. 550,I.1 tekin aftur, tekin upp af þm. N.-Þ. (BSv) og feld með 20 shlj. atkv.
— 554 tekin aftur.
— 545,I.1 tekin aftur.
— 536,I.2 tekin aftur.
— 545,II feld með 16:3 atkv.
— 545,III tekin aftur.
— 536,II tekin aftur, tekin upp af þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og feld með 14:9 atkv.
— 536,III.1—2 teknar aftur.
— 550,I.2 tekin aftur.
— 550,II tekin aftur, tekin upp af 4. þm. Reykv. (HjV) og feld með 20:6 atkv.
— 336,IV og V.1—4 teknar aftur.
— 550,III—IV teknar aftur.
— 545,V tekin aftur.
— 545,IV feld með 15:3 atkv.
— 536,V.5 tekin aftur.

Brtt. 550,V.1 tekin aftur.
— 550,V.2 tekin aftur, tekin upp af 1. þm. S.-M. (SvÓ) og þm. N.-Þ. (BSv) og feld með 16:5 atkv.
— 536,V.6 tekin aftur.
— 550,VI feld með 16:3 atkv.
— 536,V.7 tekin aftur.
— 545,VI.1 feld með 15:2 atkv.
— 536,V.8 tekin aftur.
— 545,VI.2 feld með 15:2 atkv.
— 545,VI.3 tekin aftur.
— 536,V.9 tekin aftur.
— 545,VI.4 feld með 16:3 atkv.
— 545,VII feld með 15:3 atkv.
— 545,IX tekin aftur.
— 545,X.1 (aðaltill.) feld með 14:4 atkv.
— 545,X.1 (varatill.) feld með 15:4 atkv.
— 545,VIII.1 tekin aftur.
— 552 feld með 18:4 atkv.
— 536,V.10—13 teknar aftur.
— 545,VIII,2 tekin aftur.
— 550,VII tekin aftur.
— 560 tekin aftur
— 545,X,2 tekin aftur.
— 545,XI tekin aftur.
— 545,XII feld með 14:1 atkv.
— 550,VIII tekin aftur.
— 536,VI—VII teknar aftur.
— 555 tekin aftur.
— 550,IX tekin aftur, tekin upp af 1. þm. Reykv. (JakM) og feld með 16:3 atkv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

37. Fátækralög.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til fátækralaga (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar eð hæstv. atvrh. (MG) er veikur, vil jeg fyrir hans hönd vísa til athugasemdanna við þetta frv. að því er snertir ástæður fyrir því, að það er borið fram, og leggja til, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 56, 64, 65, 80).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 80. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kjartansson): Á síðari árum hafa oft heyrst raddir um það hjer á Alþingi, að nauðsyn bæri til að endurskoða og umbæta ýms eldri lög, af því að þau væru orðin úrelt og ekki við hæfi nútímans. Þetta hefir oft heyrst í sambandi við fátækralögin, enda eru þau yfir 20 ára gömul. En þótt raddir þessar hafi oft heyrst hjer á Alþingi, bæði um fátækralögin og önnur eldri lög, þá hafa þær ekki æfinlega átt við jafngild rök að styðjast. Að vísu verður því ekki neitað, að

sum ákvæði í eldri lögum hafa átt erfitt að samlaga sig nútímanum. En þó verður hinu ekki neitað, að mörg þessara eldri laga, sem menn hafa krafist endurskoðunar á, eru ítarlegri og gleggri en sum hinna nýrri laga. Og jeg hygg, að nútíminn geti margt lært af eldri tímanum, einmitt í þessum efnum, að búa til skýr og glögg lagaákvæði.

Stjórnin hefir nú orðið við tilmælum eldri þinga og endurskoðað fátækralögin. Hún hefir yfirleitt gert fáar stórvægilegar breytingar á fátækralögunum, og sýnir það, að vel hefir verið til laganna vandað í upphafi, enda neitar því víst enginn.

Allshn. hefir athugað frv. og ræður til að samþykkja það með dálitlum breytingum. Jeg skal geta þess, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir nokkra sjerstöðu í málinu og flytur sjerstakar brtt. á þskj. 65.

Enda þótt allshn. beri fram nokkuð margar brtt. á þskj. 56, eru þær ekki mikilvægar, flestar aðeins orðabreytingar, sem skýra sig sjálfar.

Um efnisbreytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., skal jeg fara nokkrum orðum. Fyrsta efnisbreytingin er við 22. gr. Þar er svo fyrir mælt, að sá maður, sem orðinn er 65 ára gamall, fylgi þeirri framfærslusveit, er hann þá á. Nefndin hefir fært aldurstakmarkið niður í 60 ár og finst það í meira samræmi við önnur yngri lög, t. d. það, að maður er talinn verkfær til sextugs aldurs, sbr. vegalög nr. 41, 4. júní 1924, 14. sbr. 18. gr. Virðist fara vel á, að þetta tvent fari saman.

Þá er önnur efnisbreyting við 38. gr. — Jeg þarf ekki að geta þess, að breytingin á 28. gr. (16 ár, f. 10 ár), er aðeins leiðrjetting á prentvillu. — Nefndinni þykir ekki rjett, eins og ákveðið er í 38. gr., að eigi megi aðrir en þeir innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, kæra yfir illri meðferð þurfamanna. Nefndin leggur til, að þetta ákvæði falli burt. Ekki þykir nefndinni heldur rjett að ákveða, að rannsókn um slík brot fari fram eingöngu á manntalsþingum. Þau eru háð aðeins einu sinni á ári, og mundi þetta ákvæði því geta leitt til þess, að lítil eða engin rannsókn færi fram. Að vísu er ráð fyrir gert í frv., að rannsókn megi flýta, ef um glæpsamlegt athæfi sje að ræða. Nefndin leggur til, að um þessi mál skuli fara eins og almenn lögreglumál.

Þá gerir nefndin brtt. við 43. gr. Það er víst alveg rjett, sem segir í aths. stjórnarinnar við 43. gr. frv., að meginástæða þess, að krafist var endurskoðunar á fátækralögunum, hafi verið það, að menn missa rjettindi, kosningarrjett o. fl., ef þeir hafa þegið af sveit. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er svo fyrir mælt, að enginn skuli hafa kosningarrjett til Alþingis, sem skuldar fyrir þeginn sveitarstyrk. Þetta hefir þótt hart gagnvart þeim mönnum, sem þurfandi verða af óviðráðanlegum orsökum. Stjórnin hefir gert tilraun til að leiðrjetta þetta, komið með nýmæli, sem gerir greinarmun á afturkræfum og óafturkræfum sveitarstyrk. Samkv. þessu nýmæli í 43. gr. frv. er sveitarstjórn skylt, þegar hún veitir sveitarstyrk, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, þegar þær ástæður eru fyrir hendi, að styrkþega verður ekki gefið að sök, að hann hefir orð-

ið að þiggja af sveit. Skulu sveitarstjórnir meta þessar ástæður í hvert skifti, sem þær veita styrk. Þegar styrkur er ekki afturkræfur, er ekki um „skuld" að ræða og þá ekki heldur neinn rjettindamissi samkv. stjórnarskránni.

Jeg skal játa, að jeg er ekki allskostar ánægður með þessa lausn á málinu, sem hæstv. stjórn hefir stungið upp á. Jeg sje ýmislegt athugavert við þetta fyrirkomulag. Misrjetti gæti vel átt sjer stað, bæði innansveitar og milli sveita. Þannig gæti maður, sem hefði öll rjettindi í einni sveit, mist þau í annari, þótt ástæður hans væru þær sömu. Einnig geta af þessu hlotist innbyrðis deilur hjá sveitarstjórnum, sem enginn fengur er í að fá. En jeg skal líka fúslega játa, að þetta er ekki hægt að lagfæra samkvæmt stjórnarskránni, nema með einhverjum líkum leiðum og stjórnin hefir stungið upp á. Nefndin athugaði ýmsar leiðir, m. a. svipaða leið og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) stingur upp á; en að lokum varð að samkomulagi með meiri hl. hennar að láta þetta ákvæði stjórnarinnar haldast að mestu óbreytt, lofa því að reyna sig. Nefndin hefir þó gert eina breytingu. Í frv. er það lagt á vald dvalarsveitar einnar að úrskurða, hvort styrkur skuli afturkræfur eða ekki. Nefndinni þótti ekki rjett, að framfærslusveit yrði að lúta dvalarsveit í þessu efni, þar sem það er framfærslusveitin, sem ber þyngstu byrðina. Hún gerir því þá brtt., að dvalarsveit megi ekki ákveða, að styrkur skuli afturkræfur, nema með samþykki sveitarstjórnar í framfærslusveit hlutaðeiganda.

Fjórða efnisbreyting nefndarinnar er við 52. gr. Hún er smávægileg að vísu, aðeins að í stað „læknis" komi: hjeraðslæknis. Virðist rjettara, þegar krafist er læknisúrskurðar í svona tilfellum, að sá úrskurður sje gefinn af hjeraðslækni, sem er embættismaður.

Við 58. gr. hefir nefndin borið fram tvær brtt. Hún vill hækka upp í 300 krónur þá upphæð, sem áskilið er að maður hafi þegið af dvalarsveit, til þess heimilt sje að flytja hann á framfærslusveit sína, en leggur jafnframt til, að niður falli orðin: „og bersýnilegt sje, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri". Hyggur nefndin, að með þessu yrði komið í veg fyrir misnotkun í þessum efnum, sem hefir átt sjer stað, einmitt vegna þessa ákvæðis. Það er ósk meiri hluta nefndarinnar, að þessir tveir liðir sjeu bornir upp til atkv. báðir saman.

Þá leggur nefndin til, að önnur málsgrein 65. gr. falli burt. Álítur hún það ákvæði úrelt, þar sem Ísland er nú orðið fullvalda ríki.

Fleiri efnisbreytingar hefir nefndin ekki lagt til að gerðar yrðu. Um brtt. einstakra þm. geymi jeg að ræða þar til þeir hafa talað fyrir þeim. Að svo mæltu legg jeg til fyrir hönd nefndarinnar, að hv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem nefndin hefir borið fram.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg varð mjög ánægður, þegar jeg heyrði að taka ætti fátækralögin til nákvæmrar endurskoðunar. Jeg gerði ráð fyrir, að þeim yrði þá breytt samkvæmt þeim kröfum, sem fram hafa verið bornar á síðari tímum. En jeg hefi orðið

fyrir vonbrigðum. — Frv. kom svo seint, eins og önnur frv. frá stjórninni, að jeg hafði ekki tíma til að kynna mjer það fyrir þing, annars hefði jeg komið fram með gagngerðari brtt.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er, eins og hv. frsm. (JK) gat um, hjer um bil eins og gömlu lögin. Jeg veit satt að segja ekki, til hvers verið er að kosta endurskoðun á lögum, sem svo eru prentuð upp að mestu leyti óbreytt. En þótt menn vilji koma með brtt., reka menn sig strax á það, að það er ekki svo auðvelt á þeim grundvelli, sem frv. er bygt, sem orðinn er úreltur. Grundvöllurinn ætti að vera sá, að landið alt væri eitt framfærslufjelag, en fátækrakostnaðinum samanlögðum væri jafnað af atvinnumálaráðuneytinu niður á öll sveitarfjelögin í landinu, og dvalarsveitin legði fátækrastyrkinn út. Jeg held, að það hafi verið hv. þm. Borgf. (PO), sem talaði skynsamlega um þetta mál hjer í deildinni fyrir nokkrum árum. Þetta fyrirkomulag mundi sníða margar verstu misfellurnar af fátækralögunum; erjurnar milli sveitarstjórnanna, skriffinskan o. fl. mundi hverfa. Til dæmis get jeg nefnt bygðarleyfistillögurnar allar, sem þá mundu hverfa úr sögunni, eins og aðrir annmarkar á fátækralögunum. Maður, sem mikið er við þessi mál riðinn, sagði mjer í morgun, að varlega áætlað mundu sparast 40—50 þús. kr. á skriffinsku einni. Það hefir verið haft á móti þessu, að framfærslukostnaðurinn yrði meiri, en jeg sje ekki betur en hægt væri að láta dvalarsveit ætíð greiða einhvern hluta kostnaðarins, ef álitið væri, að hún veitti annars of háa styrki. — Jeg mun síðar annaðhvort flytja brtt. um þessi atriði, ef hægt verður að fella þær inn í frv., eða flytja um þau þáltill.

Þá ætla jeg að snúa mjer að brtt. allshn., þeim, sem jeg er ekki sammála henni um. 9. brtt. er við 43. gr., og er með henni ætlast til, að sveitarstjórn dvalarsveitar geti ekki ákveðið, hvort sveitarstyrkur skuli afturkræfur eða ekki. Jeg álít betri ákvæði stjfrv. um þetta, þar sem dvalarsveit er altaf kunnugri öllum ástæðum en framfærslusveit.

Viðvíkjandi brtt. um fátækraflutning vil jeg mótmæla því hjá hv. frsm. (JK), að þessar brtt. verði bornar upp í einu lagi. Jeg vil, að þær verði bornar upp í tvennu lagi. Brtt. allshn. ganga ennþá lengra aftur á bak en hjá hæstv. stjórn, þar sem heimta má, að maður sje fluttur, þó að ekki megi sjá, að hann sje kominn á fast framfæri, og mundi því fátækraflutningur aukast mikið, ef þær næðu fram að ganga.

Þá ætla jeg að snúa mjer að brtt. mínum. Fyrst er lítil brtt. við 11. gr., um að fyrir 1 kr. komi 5 kr. í sjúkrakostnað hjúa utan heimilisins. Jeg hygg, að það liggi í augum uppi, að 1 kr. á dag er ekkert í áttina til þess, að fólkið geti haldið í sjer lífinu. 5 kr. miða jeg við dagpeninga í slysatryggingarlögunum. Einhverjum kann að þykja þetta of hátt, en þá má breyta því til 3. umr.

Þá kem jeg að 43. gr., þar sem er eina verulega brtt., sem hæstv. stjórn hefir gert á fátækralögunum. Þáltill. hafa áður komið hjer fram, og að minsta kosti einu sinni náð samþykki, í þá átt, að styrkur, sem veittur er

vegna elli, heilsuleysis eða ómegðar, ætti ekki að teljast sveitarstyrkur, og styrkþegar ekki að missa kosningarrjett sinn. Þáltill. hafa þannig viljað gera það augljóst, hvenær menn hjeldu kosningarrjettinum og hvenær ekki. En breytingar stjfrv. ganga í þá átt, að sveitarstjórn skuli dæma um þetta í hverju einstöku tilfelli. Enda þótt jeg viðurkenni, að sú breyting er bót á ástandinu eins og það er nú, álít jeg þó mjög varhugavert að leggja það á vald sveitarstjórna eða bæjarstjórna, sem kosnar eru pólitískt, að meta borgaraleg rjettindi manna. Jeg hefi því lagt til í mínum brtt., að styrkur skuli talinn veittur vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára, vegna ómegðar, ef styrkþegi á 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en 1 barn, ef kona á í hlut, vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar, að hann hafi verið ófær til vinnu 3 mánuði í senn, og vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki vísað styrkþega á vinnu. Atvinnuleysi kemur ekki til greina í sveitunum, en í bæjunum eru oft menn, sem ekkert vilja annað frekar en vinna, en fá ekki vinnu vegna þess, að þeir eiga engin umráð yfir framleiðslutækjum. Þessi tillaga mín gengur í sömu átt og komið hefir fram á undanförnum þingum, og þm. hafa þá fallist á að minsta kosti 3 fyrri ástæðurnar.

Loks er engin ástæða til þess að varna sveitarstjórn að gefa upp sveitarstyrk hvenær sem er. Eftir frv. er ekki hægt að gefa hann upp fyr en eftir 2 ár, en eftir gildandi lögum eftir 5 ár. Jeg legg til, að sveitarstjórn sje heimilt að gefa hann upp hvenær sem er.

Jeg vil benda háttv. deild á, að ef þessar till. stjórnarinnar verða samþyktar, má búast við, að af því stafi mikið misrjetti. Til dæmis má telja víst, að bæjarstjórnin í Reykjavík mundi ákveða, að styrkurinn væri ekki endurkræfur, nema í örfáum tilfellum, líklega 20—30. Öðru máli er að gegna úti um sveitir landsins. Afleiðingin yrði sú, að menn hefðu kosningarrjett í Reykjavík, en mistu hann annarsstaðar.

Þá er loks brtt. frá mjer um fátækraflutninginn. Jeg ætla til skýringar því, hvernig fátækraflutningurinn er enn hjer á landi, að taka nokkur dæmi úr Reykjavík. Gamalkunnugt dæmi er frá 1914. Þá var hjer í bænum gömul kona, sem vann að mestu leyti fyrir sjer með allskonar ullarvinnu. Hún fjekk aðeins einu sinni örlítinn húsaleigustyrk. En hún var með valdi flutt suður með sjó eftir kröfu hreppsnefndar þar. Á öðru heimili var konan og 6 börn flutt í burtu eftir kröfu sveitarstjórnar, en manninn var neitað að flytja með valdi, vegna þess að læknir sagði hann þá mundi bila á geði. Þá kom það í ljós, að 2 börnin voru berklaveik, og þótti ótækt að hafa þau með öðru fólki. Var þá reistur hrörlegur torfkofi fyrir þetta fólk á sjávarbakka, og þarna bjó það á annað ár. Fyrsta missirið var engin eldavjel nje ofn til og örlítill 6 lína lampi, en það fjekk þó síðar, fyrir milligöngu hjeraðslæknis, 8 línu lampa og eldavjel. Börnin fengu enga skó fyrsta missirið og mat urðu þau að sækja þá daglega til næsta

bæjar og af skornum skamti, uns hjeraðslæknir fjekk ráðna bót á. Þetta gerðist 1918. Árið 1923 varð maður nokkur atvinnulaus um stundarsakir. Hann átti 2 ung börn, konu og stálpaðan dreng. Konan fjekk læknisvottorð, en þrátt fyrir það var lögreglan fengin til að hafa uppi á fólkinu, því að það flutti hús úr húsi til að forðast flutning. Loksins sá maðurinn ekki annað ráð en að senda börnin í ýmsar áttir. 1924 var hjer maður, sem giftist konu, sem hann hafði búið með í nokkur ár og átt með henni 6 börn. Hann deyr 2 mánuðum síðar, en konan og börnin eru flutt á hans framfærslusveit, sem þau höfðu aldrei komið í áður nje þektu þar neinn mann, og var þeim sundrað sínu á hvert heimilið, nema 2 börnum, sem konan hjelt af náð. Og sama ár er hjer maður atvinnulaus. Hann átti vísa vinnu hjá Eimskipafjelaginu, þegar siglingar ykjust. Hann átti 4 börn. Fjölskyldan var öll flutt norður í land, konan og maðurinn sett niður sitt á hvorn bæinn, og börnunum skift niður á ýmsa bæi. Þó að þeim væri komið fyrir á ódýra staði, reyndist þetta fyrirkomulag samt sveitinni of dýrt, og fjölskyldan var send til Reykjavíkur um haustið. Sveitin varð að borga ferðakostnað fram og aftur, en maðurinn varð af sumaratvinnu sinni hjerna það veltiár. Enn er eitt nýlegt dæmi, sem er þekt úr blöðunum. Norðmaður var giftur íslenskri konu. Honum var vísað úr landi og konan tekin nauðug og flutt með honum til Noregs. Lögregluþjónn var látinn fylgja henni til að gæta þess, að hún slyppi ekki. Þar voru þau flutt úr einni sveitinni á aðra, en komust loks aftur hingað. Samskonar dæmi um flutning konu nauðugrar til Noregs er nú í uppsiglingu, sem sýnir, hvaða hrakningum þetta fólk lendir í. Það er ekki við því að búast, að menn felli sig við, enda þótt þeir einhverra hluta vegna verði að þiggja af sveit, að óviðkomandi menn skerist í leikinn, skilji börn frá foreldrum og konu frá manni sínum og sendi þau sitt í hverja áttina. Að vísu er sveitarstjórnum nokkur vorkunn eftir núgildandi fátækralöggjöf. Fyrir þær er þetta þó aðeins sparnaðaratriði, en fyrir fólkið, sem í hlut á, er hamingja þess í lífinu í veði. Tillaga mín fer nú fram á, að slíkt sje ekki hægt að leyfa, nema með vilja fólksins sjálfs. Það á að vera hæstirjettur um persónulegt frelsi sitt.

Hákon Kristófersson: Jeg á fáeinar brtt. við frv., eins og sjá má á þskj. 64. Engar þeirra eru verulegar efnisbreytingar, og vænti jeg því, að hv. deild sjái sjer fært að leggja þeim lið.

1. brtt. er við 7. gr. og felur það í sjer að fella niður þessi orð úr greininni: „nema dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sjerstaklega standi á". Jeg tel hreppsnefnd viðkomandi framfærslumanna miklu dómhæfari í þeim sökum og get því ekki aðhylst þá skoðun hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að dvalarsveitin eigi að ákveða slíkt. Jeg segi þetta ekki til að kasta rýrð á dvalarsveitina, en það má nærri geta, að það er oft og einatt miklu meiri vandkvæðum bundið fyrir hana að kynnast öllum ástæðum viðkomandi framfærslumanns heldur en þeirra eigin hreppsnefnd. Jeg skal taka dæmi: Maður hjer í Reykjavík á rjett til framfærslu af manni norð-

ur í landi, og er ekki óeðlilegt, að þeir, sem þar búa, geti frekar sagt um það, hvort óhætt væri að trúa honum fyrir þurfamanni, er hann væri lögum samkvæmt skyldur að annast, en bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar. Annars er brtt. mín svo skýr, að jeg þarf ekki frekar að fara inn á hana.

2. brtt. er við 9. gr. Er gert ráð fyrir, að við greinina bætist: „ef lengur er sjúkt en 8 vikur á vetri eða 4 vikur á sumri". Það er sem sje gert ráð fyrir því í greininni, að ef hjú sýkist eða slasast, af ótilhlýðilegri breytni þess, skuli það sjálft taka á sig allan kostnað, sem af því leiðir. Jeg tel ekki illa til fallið, að gera breytingu á þessari grein. Ef það er rjett, að „bóndi er bústólpi, bú er landstólpi", þá eru þessi hjú ekki ómerkilegar uppihaldsstoðir í þjóðfjelaginu. Því er rjett, að húsbændur kosti að nokkru leyti uppihald þeirra undir þeim kringumstæðum, að þau sjeu óvinnufær sjálf.

3. brtt. er við 34. gr. Legg jeg til, að sú grein falli niður. Jeg sje ekki neina ástæðu til að hafa hana í lögunum, þar sem jeg geng þess ekki dulinn, að ýmsir lögskýrendur, og þar á meðal hæstv. atvrh. sjálfur, skýra hana á nokkuð annan hátt en framkvæmdin sýnir. Í framkvæmdinni er það svo, að nú hefir maður þurfaling, og setur upp fyrir hann 400—500 kr. Annar maður vill taka hann fyrir 300 krónur. Samkvæmt 34. gr. er hreppsnefnd ekki heimilt að taka lægra tilboðinu, enda þótt það heimili sje engu lakara en hitt. Að slíkt geti komið fyrir, tel jeg með öllu óhafandi, og því er ástæðulaust að hafa þau ákvæði í löggjöfinni, sem geta valdið ágreiningi eða eru fjárhagslega sjeð skaðleg fyrir sveitarfjelögin. Jeg er ekki í neinum vafa um, að hreppsnefnd geri sjer far um að hafa þurfalinginn þar, sem best fer um hann, og því engin ástæða til að láta líta svo út, að hún megi ekki taka lægra tilboðinu, að öðru jöfnu.

4. brtt. er við 43. gr. Það er aðeins orðabreyting. Fyrir „skylt" komi „heimilt". Jeg hefði gjarnan viljað hrófla meira við þessari grein, en sá mjer það þó ekki fært. Það er oft svo, að þó að sveitarstyrkur sje veittur, geta ýmsir orðið til að þiggja hann, sem verða vel færir um að endurgreiða hann. Ef strax er svo ákveðið, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur, hefir sveitarfjelagið mist kröfurjett sinn gagnvart styrkþega, og á því ekki rjett á neinu endurgjaldi, þó að styrkþegi verði síðar vel fær um að greiða skuld sína. Þessi ákvæði 43. gr. fara ekki skemmra en það, að samkv. þeim á að ákveða það, sem gert hefir verið undanfarin 2 ár. Jeg vænti þess, að hv. deild geti aðhylst þessa tillögu.

5. brtt. er við 57. gr. og er aðeins gerð samræmis vegna í samráði við hv. frsm. allshn. (JK), þar sem nefndinni hafði láðst að gera þessa breytingu. Í b-lið tillögunnar er svo gert ráð fyrir, að aftan við 1. málsgrein 57. gr. bætist: „nema sannanlegt sje, að dráttur inn hafi stafað af óhjákvæmilegum ástæðum. Ágreiningi í þeim efnum má skjóta til ráðherra". Jeg trúi ekki, að þessi brtt. mæti mikilli mótspyrnu. Það segir sig sjálft, að oft getur komið fyrir, að dráttur verði á að inna af hendi skilríki þessi, ekki síst í víðlendum sýslum. Það virðist vera ofur eðlileg krafa, að ef til ágreinings kom-

ur, geti sá, sem álítur sig verða fyrir halla, skotið máli sínu undir æðra vald.

Þá er 6. brtt. mín. Hún fer fram á, að feld sje niður 2. málsgr. 66. gr., um að styrkur, sem veittur er samkvæmt þeirri grein, skuli ekki afturkræfur. Jeg get ekki sjeð, hvernig stendur á því, að stjórnin skuli líta svo á, að ekki sje jafnsanngjarnt að krefjast endurgreiðslu á styrk veittum samkvæmt þessari grein, eins og fyrir hvern annan sveitarstyrk, ef styrkþegi getur það með góðu móti. Að sjálfsögðu undanskil jeg styrk veittan vegna berklaveiki, því um hann gilda önnur lög.

Slíkur styrkur, sem umrædd grein getur um, er oft veittur til bráðabirgða að kalla má, þegar veikindi ber snögglega að. Getur því oft komið fyrir, að styrkþegi verði þess umkominn að greiða hann aftur. Er þá hart að setja lög um, að viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðir megi ekki taka við honum.

Legg jeg svo till. mínar undir úrskurð deildarinnar. Þær eru, eins og jeg hefi tekið fram, ekki efnisbreytingar, nema þá að litlu leyti, heldur leiðrjettingar til betra horfs.

Jeg ætla ekki að fara ítarlega út í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Vil aðeins segja nokkur orð út af upplýsingum, sem hann gaf um meðferð á ýmsu fátæku fólki, sem hafði verið svo óheppið að þurfa að þiggja af sveit og vera flutt stað úr stað. Meðal annars nefndi hann konu, sem hafði orðið að búa í ljelegum moldarkofa, ljóslaus mikinn hluta vetrar. Sje þetta satt, þá undrar mig ekki, þó að þessi hv. þm. beri yfirleitt lítið traust til sveitarstjórna. Annars get jeg fyrir mitt leyti tekið það fram, að jeg þekki engin slík dæmi. Er jeg þó töluvert kunnugur störfum sveitarstjórna. Hitt er venjan, að þær reyna til hins ítrasta að slíta ekki sambúð hjóna og yfirleitt að tvístra fjölskyldum sem minst. En það er aldrei nema satt, að oft er erfitt að fá stað fyrir mörg börn á sama heimili, og getur því stundum verið óumflýjanlegt að skifta þeim að einhverju leyti. Mjer finst því dæmi það, sem þessi háttv. þm. tók, hálf undarlegt.

Þá fór hann allmörgum orðum um það atriði í brtt. sínum, að ekki mætti flytja fátækraflutningi nema með samþykki aðila sjálfs. Jeg býst nú við, að honum gangi ekki nema gott til með þessu. Hann vill vernda rjett lítilmagnans! En jeg vil spyrja: hversu margir ætli þeir væru þurfalingarnir hjer í Reykjavík, er vildu flytjast hjeðan? Jeg býst við, að þeir yrðu fáir, sem vildu skrifa undir það. Og svo jeg nefni dæmi, sem jeg býst við, að þessi háttv. þm. þekki, af því að hann er bæjarafulltrúi hjer: ætli t. d. kvenmaður að nafni Kristín Breiðfjörð myndi hafa skrifað undir slíka yfirlýsingu? Jeg geri ráð fyrir, að það hefði dregist, enda þótt bæjarfjelagið hefði mátt missa hana. Nei, það er nú svo, að sveitarfjelögin, sem eiga að ala önn fyrir þessum vesalingum, eiga erfitt með að framfleyta þeim hjer í Reykjavík. Það er svo dýrt, að þau rísa tæplega undir kostnaðinum. Jeg vænti því, að hv. deild samþykki ekki þessa brtt., því að hún er skerðing á rjetti þeirra.

Í annari brtt. hans, b.-lið, er kveðið svo á, að sá styrkur skuli ekki vera

afturkræfur, sem veittur er vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 3 heimilisföst börn framfærsluskyld. Út á þetta er í sjálfu sjer ekki mikið að setja. Jeg býst við, að það sje komið af hinni góðu hvöt hjá honum, að vilja hjálpa þeim, sem bágt eiga. En er hann viss um, að með þessu sje ekki verið að draga úr sjálfbjargarviðleitni manna? Annars þekki jeg mörg dæmi þess, að fátæk hjón með fleiri börn en þetta hafa komist sæmilega af.

Að sjálfsögðu viðurkenni jeg þann góða hug, sem þessi hv. þm. virðist hafa til þeirra, sem erfitt eiga. En jeg vil þó, að öllum till. sje svo í hóf stilt, að þær ríði ekki í bága við sanngjarnan rjett sveitarfjelaganna og þau lífsskilyrði, sem við þurfum að lifa við.

Um það, hvort heppilegt sje að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði, finn jeg ekki ástæðu til að tala nú, því að það heyrir áreiðanlega framtíðinni til. Læt jeg svo háttv. deild um, hvað hún álítur till. þessar hafa mikinn rjett á sjer.

Klemens Jónsson: Verði frv. þetta samþykt og sömuleiðis frv. það til sveitarstjórnarlaga, sem nú liggur fyrir hv. Ed., þá *ætti* þeim sífeldu kröfum, sem fram hafa verið bornar nú á síðari árum um breytingar á þessum lagabálki, að linna. Jeg segi af ásettu ráði „ætti að linna", því að jeg tel það geta verið vafasamt, þar sem lög þessi grípa svo mjög inn í líf einstaklinganna og þjóðarinnar í heild. Það er því ekki ólíklegt, að einhverjar misfellur finnist í þeim, þegar til framkvæmdanna kemur, kvartanir komi fram og þær leiði til breytinga.

Jeg fyrir mitt leyti tel þau nú samt svo vel undirbúin, að rjett sje að láta þau í friði fyrst um sinn, verði þau samþykt nú; lofa reynslu að komast á þau. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með eina brtt., en hvarf frá því af þeirri ástæðu, að hún kom frá öðrum.

Eins og háttv. frsm. allshn. (JK) tók fram, eru brtt. nefndarinnar margar, en þó fáar, sem eru efnisbreytingar. Af þeim má fyrst nefna brtt. við 22. gr. frv. Þar leggur nefndin til, að þeirri framfærslusveit, sem maður á, sem orðinn er 60 ára, haldi hann síðan. En frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir 65 árum. Verði till. þessi samþykt, tel jeg það til bóta, því að það er alkunna, að menn, sem altaf hafa unnið baki brotnu, eru margir hverjir alveg orðnir útslitnir um 60 ára aldur og því styrkþurfar. Er því ekki nema rjett, að þeir njóti þar styrks, sem þeir hafa slitið kröftum sínum síðast.

Þá er 43. gr. frv. Við hana hefir nefndin gert brtt. og sömuleiðis háttv. þm. Barð. (HK). Brtt. hv. þm. Barð. er einmitt sú, sem jeg ætlaði að koma með, að breyta orðinu „skylt" í upphafi greinarinnar í „heimilt". Orðið „heimilt" er að vísu töluvert linara en „skylt", og fyrir þá sök er líklegt, að sveitarstjórnir mundu síður nota heimildina, því jeg geri ráð fyrir, að þær vilji sjá, hverju fram fer, áður en þær endanlega ákveða, hvort veittur styrkur skuli afturkræfur eða ekki. Hvað snertir styrk veittan vegna slysa og ýmsra óhappa, þá held jeg, að verði um hið sama að ræða og hinn almenna styrk, að hlutaðeigandi sveitarstjórn vilji líka sjá, hverju fram vindur, því oft getur slíkur styrkur

verið veittur undir mismunandi kringumstæðum. Annars er ekki mikið bil milli þess, hvort sveitarstjórn er heimilað eða skylduð til að ákveða, hvort styrkur skuli afturkræfur eða ekki. Verði skyldan ákveðin, er það þó altaf undir mati eða áliti sveitarstjórnar komið, hvað hún ákveður, hvað hún telur sanngirni.

Það má vel vera, að sveitarstjórnum yfirleitt verði trúandi fyrir að ákveða með sanngirni, hvenær styrkur skuli afturkræfur og hvenær ekki, en jeg er hræddur um, að því verði beitt á mismunandi hátt í sveitarfjelögunum og misbeitt í kaupstöðunum; þar komist „pólitík" inn í. Verði því heppilegra að heimila það, en gera það ekki að skyldu.

Viðaukatill. allshn. við þessa grein, um að dvalarsveit megi ekki ákveða, hvort veittur styrkur skuli endurkræfur eða ekki, tel jeg til mikilla bóta. Mjer finst meira að segja, að nefndin hafi ekki gengið þar nógu langt, því að jeg tel framfærslusveit eiga eina að ráða öllu í því efni. — Þetta vildi jeg biðja nefndina að athuga til 3. umræðu.

Þá kem jeg að 58. gr. frv. og brtt. við hana. — Í frv. stjórnarinnar er svo kveðið á, að þegar viðkomandi maður hafi þegið 200 kr. styrk eða meira í dvalarsveit sinni og bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri, þá hafi bæði dvalarsveit og framfærslusveit, hvor um sig, **rjett til að** krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína. Nefndin vill, að miðað sje við 300 kr. Á því geri jeg engan mun, hvort maðurinn hefir þegið 200 eða 300 kr. Það rjettlætir ekkert flutninginn, þó að maðurinn hafi þegið 100 kr. meira eða minna. Mjer finst nefnilega, að 200 eða 300 kr., miðað við verðlag nú, vera svo lítil upphæð, að það sje æði hart að gera menn að flutningsskyldum þurfamönnum fyrir svo lítinn styrk. Það eina, sem rjettlætt gæti þurfamannaflutning undir slíkum kringumstæðum, væri þá helst, að *bersýnilegt* væri, að maðurinn væri kominn á *stöðugt* sveitarframfæri. Jeg tel því till. nefndarinnar ganga í alveg öfuga átt. Annars er jeg fyrir mitt leyti á móti öllum fátækraflutningi. Mjer finst hann ómannúðlegur og eiga ekki við nú á dögum, enda þótt hann sje framkvæmdur eins mannúðlega og hægt er.

Þá flytur hv. þm. Barð. (HK) till. um að fella niður 34. gr. frv. Það mun hafa verið hv. 1. þm. Árn. (MT), sem hreyfði því fyrst við umr. um annað mál hjer í deildinni, að slík grein sem þessi ætti ekki að sjást í nútíðarlögum. Þessu er jeg alveg samþykkur, því að svo framarlega sem þessi grein sjest í lögum frá 1927, þá halda eftirkomendur okkar, að undirboð á framfærslu þurfamanna hafi tíðkast alt fram á þennan tíma, úr því að þarf að banna slíka óhæfu. En jeg þekki ekkert dæmi þess, að slík undirboð á þurfamönnum hafi átt sjer stað á þingum, svo langt sem jeg man.

Þá vil jeg í þessu sambandi nota tækifærið og beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), hvort hann viti til þess, að þessi vesalings drengur í Skagafirðinum, sem svo mjög hefir verið umtalaður nú undanfarið og margir hafa kent í brjósti um, hafi

lent á slíku undirboði, og á þann hátt komist til þessara þrælmenna, sem tókst að eyðileggja heilsu hans og framtíð á einum mánuði. Jeg veit ekkert um þetta annað en það, sem stóð í „Morgunblaðinu", en það hefir ekki að minni vitund verið hrakið. Það myndi því gleðja mig, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst, að það hafi verið fyrir forsvaranlegar ráðstafanir, að honum var komið þarna fyrir.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara frekar út í hinar ýmsu brtt., sem hjer liggja fyrir, enda býst jeg við, að sumar þeirra verði geymdar til 3.umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil byrja á því að þakka allshn. eða meiri hl. hennar fyrir góða afgreiðslu þessa máls, því að jeg get ekki sjeð, að þær brtt., sem meiri hl. hennar kemur fram með, sjeu þess eðlis, að jeg hafi ástæðu til að leggjast á móti þeim. Jeg skal þó gera örfáar athugasemdir við sumar þessar brtt.

Brtt. um að fyrir orðin „sýslumanns eða bæjarfógeta" í 7. gr. komi „yfirvalds" er alveg rjettmæt, til þess að forðast, að það geti valdið misskilningi, að bæjarfógetinn hjer í Reykjavík á ekki úrskurðarvald um fátækramálefni. En eftir þessu er þó ekki alveg úr málinu skorið, með því að bæjarfógetinn í Reykjavík telst líka til yfirvalda, en það er ekki hætt við, að misskilningur verði um þetta, vegna þess að verkaskifting milli bæjarfógeta og lögreglustjóra hjer er skýrt fram tekin annarsstaðar.

Um breytingartillöguna á aldurstakmarkinu fyrir sveitfestivinslu get jeg tekið undir það, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) og hv. frsm. nefndarinnar (JK) hafa sagt, og get rökstutt hana frekar með því, að síðan sveitfestitími var styttur úr 10 í 4 ár, er miklu meiri ástæða til þess að ákveða, að menn yfir 60 ára geti ekki unnið sjer sveit, því meðan sveitfestitíminn var 10 ár, gat enginn unnið sjer sveit með samfeldri dvöl á aldrinum 60—65 ára eingöngu, en nú er það svo komið, að þetta er hægt. Þetta er því ærin ástæða til þess að færa takmarkið niður.

Um 7. brtt. hv. nefndar vil jeg segja það, að hún er ekkert annað en leiðrjetting á prentvillu í frv.

Um 8. brtt. hefi jeg engar athugasemdir að gera, og sama er að segja um brtt. við 43. gr., sem jeg vissi fyrirfram, að mundi verða ágreiningsatriði í þessu máli, eins og það hefir verið nú um mörg ár. Það hefir oft verið reynt að orða einhvern veginn lagaða undantekningu um suma þá menn, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Jeg hefi reynt það, og þáverandi stjórn reyndi það á þinginu 1923, er hún kom með frv., sem meðal annars fór í þessa átt, en þessi ákvæði náðu þá ekki fram að ganga. Núverandi 5. landsk. (JBald) hefir reynt það á einum þremur þingum hjer samfleytt, en þær till. hafa ekki gengið fram. Jeg var að reyna það í vetur, þegar jeg var að semja þetta frv., hvernig hægt væri að orða slíkar undantekningar þannig, að ekki yrði sýnt fram á, að þær yrðu ósanngjarnar í áberandi tilfellum, en jeg gafst alveg upp við það, af því að jeg sá, að ekki yrði hægt að orða það svo, að ekki yrði hægt að finna einhverja smugu

og sýna fram á misrjetti í ýmsum tilfellum. Jeg kem dálítið að því síðar, þegar jeg ræði um brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV), og skal því ekki tala meira um það að sinni. Jeg vil aðeins segja það, að jeg sje ekki, að hægt sje að komast nær því rjetta heldur en að leggja það undir úrskurð þeirrar sveitarstjórnar, sem styrkinn veitir. Hún hefir æfiferilsskýrslu þurfamannsins, og get jeg ekki sjeð, að neinn annar dómstóll sje færari að gera út um þetta eftir því, sem sanngjarnast og rjettast er, og jafnvel þótt búast megi við því, að í einstökum tilfellum verði einhver ljóður á þessu, og þó að búast megi við, að þetta verði ekki framkvæmt á sama hátt alstaðar, þá er það ekki neitt afgerandi atriði í mínum augum. Það er svo um hluti, sem á að dæma eftir líkum, skjölum og skilríkjum, að það er misjafnt á það litið; það er svo oft með dóma, að þar er erfitt að meta rjett, og þegar á að meta eignir, þá verður slíkt mikið álitamál og ómögulegt að segja, hvað rjett er. Jeg get því ekki sjeð, að löggjafarvaldið geti gefið betri reglu en með því að segja, að þeir, sem kunnugastir eru, skuli ákveða um þetta, og jeg ber það traust til sveitarstjórna, að þær muni aldrei gera sjer þá minkunn að kveða á um þetta eftir pólitískum skoðunum, eða eftir því, hvort þeim er í nöp við þann, sem hlut á að máli. (**HjV**: Jeg talaði um kosningarrjett). Jeg er að ræða um 43. gr. frv., en ekki kosningarrjett.

Um viðbótina við 43. gr., sem hv. nefnd hefir borið fram, geri jeg ekki athugasemdir. Jeg get viðurkent, að það sje talsvert rjettmætt í því að láta framfærslusveit hafa atkvæði um, hvaða styrkur sje endurkræfur og hver ekki, en jeg get ekki verið samdóma hv. 1. þm. Rang. (KlJ) um það, að dvalarsveit eigi ekkert að hafa um það að segja, því að samkvæmt gildandi reglum á dvalarsveit að bera nokkuð af þeim styrk, sem þurfamanni er veittur, meðan hann fer ekki fram yfir vissa upphæð.

Næst skal jeg ræða dálítið um brtt. við 58. gr. Jeg sje, að hv. nefnd, eða meiri hl. hennar, vill gera greiðari aðgang að því að fá þurfaling fluttan fátækraflutningi. En jeg verð að segja, að það er nú svo um það atriði, að það verður örðugt að gera öllum til hæfis í því. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þykir stjórnin hafa farið of skamt, en meiri hl. hv. nefndar þykir hún hafa farið of langt; og mjer skilst, að hv. 1. þm. Rang. (KlJ) þyki stjórnin hafa farið of skamt, að hann vilji afnema alla fátækraflutninga. Jeg veit ekki nema jeg geti tekið þetta sem bendingu um það, að stjórnin hafi nokkurn veginn ratað hjer meðalveginn, og jeg verð að segja, að það er ákaflega mikill hemill fyrir fátækraflutningi, að það þurfi að vera ljóst, að þurfalingurinn sje kominn á fast sveitarframfæri. Og verði það ekki sett að skilyrði, þá er það áreiðanlegt, að fátækraflutningur mun aukast mjög mikið. Jeg mun því ekki greiða atkv. með þessari brtt. hv. nefndar, en hinsvegar vil jeg taka það skýrt og greinilega fram, að jeg álít það með öllu óforsvaranlegt að afnema allan fátækraflutning, því að jeg veit, að það er ókleift fyrir fámennar sveitir að kosta stórar fjölskyldur í bæjunum, og að það er ómögulegt fyrir þær að halda uppi kannske 6—8 manna fjöl-

skyldu, þar sem svo dýrt er að lifa. Það má vel vera, að það sje hægt að benda á einhver dæmi um það, að fátækraflutningur hafi komið hart niður, jeg skal ekki neita, að svo hafi geta verið, en það er líka hægt að nefna mörg dæmi um það, og jeg er sannfærður um, að þau verða ekki færri, þar sem neitun um fátækraflutning hefir valdið hreppum svo þungum búsifjum, að þeir hafa varla risið undir. Verð jeg því að vera á móti skoðun hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um það, að það sje þurfamaðurinn sjálfur, sem á að ráða um það, hvort hann sje fluttur eða ekki. Og mjer sýnist undarlegt að láta manninn, sem er styrktur, ráða í því máli, því að auðvitað hlýtur hann að verða að beygja sig undir ýms óþægindi, og það er líka rjettara, að hann beygi sig undir þau en þeir, sem uppihald hans kosta. Sjerstaklega álít jeg þetta af því, að það er venjulega ekkert böl fyrir börn, þó að þau sjeu flutt úr bæjunum upp í sveitirnar. Álít jeg þeim það venjulega miklu betra en að alast upp í bæjunum, því að þrátt fyrir það, að uppihald þessara þurfamanna í bæjunum verður sveitunum dýrt, þá er það þó alls ekki svo, að börn hafi það ekki venjulega betra í sveitum. Þeim mun líða þar betur, ef þeim er komið fyrir á góðum heimilum.

Þá vil jeg aðeins nefna síðustu brtt., um síðari málsgr. 65. gr. Hv. frsm. (JK) sagði, að nefndin myndi fús til þess að taka þá brtt. aftur til 3. umr.. og leyfi jeg mjer þá hjer með að óska þess, af því að sjerstakar reglur gilda um danska þegna, sem hjer eru búsettir, að því leyti, að það er ekki hægt að reka þá úr landi, þótt þeir verði þurfamenn hjer.

Jeg skal þá snúa mjer að brtt. hv. þm. Barð. (HK) á þskj. 64. Um þá fyrstu þeirra, við 7. gr., skal jeg aðeins segja það, að jeg tel það litlu máli skifta, þótt hún verði samþykt. Jeg hefi í rauninni ekkert á móti því, því að það er tekið fram í greininni, að því aðeins hafi framfærslumenn heimild til að taka framfærsluþurfa heim til sín til að ala önn fyrir þeim, að þeir fari vel með þá, en þó er í þessari grein sleginn sjerstakur varnagli um, að sveitarstjórn geti neitað um þetta, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef líklegt þykir, að barn fái ekki næga fræðslu. Þennan varnagla vill hv. þm. (HK) fella niður, og skal jeg, eins og jeg sagði, láta það hlutlaust, með sjerstöku tilliti til þess, að annarsstaðar í frv. eru ákvæði, sem eiga að fyrirbyggja það, sem þetta innskot á við. Aftur á móti get jeg ekki verið samdóma um brtt. hv. þm. (HK) við 9. gr., um að takmarka þann tíma, sem hjúið eigi að kosta sjúkdóm sinn, þegar það verður fyrir veikindum eða slysum af ótilhlýðilegri breytni sjálfs sín. Mjer finst, að það eigi að bera allan kostnað, eins og húsbóndi á að bera allan kostnað af ótilhlýðilegri breytni hans sjálfs.

Þá er 3. brtt. hv. þm. (HK), um að 34. gr. falli niður. Það er sú brtt., sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) hefir lagt liðsyrði. Jeg vil aðeins benda á, að þessi grein hefir staðið í lögunum síðan 1905. Síðan getur undirboð á framfærslu þurfamanna því ekki hafa farið fram, svo að löglegt hafi verið.

Annars skil jeg þessa grein þannig, að það sje alls ekki með henni fyrirboðið, að hreppsnefnd leiti fyrir sjer um lægri meðgjöf í forsvaranlegum stöðum, heldur aðeins að fyrirbyggja það, að undir öllum kringumstæðum sje tekinn sá staðurinn, sem ódýrastur er, því að undirboð þýðir það eitt. Það er eins og á uppboði, að það á að selja þeim, sem hæst býður, eins er við undirboð, að það á að fá þeim í hendur þurfalinginn, sem lægst býður.

Þá er 4. brtt., við 43. gr., um að breyta orðinu „skylt" í „heimilt", það er að segja, að hjer sje þá aðeins um heimild að ræða fyrir sveitarstjórn til að kveða á um það, hvort styrkur skuli vera afturkræfur eða ekki. Eins og hv. 1. þm. Rang. (KlJ) benti á, er ekki svo geysimikill munur á þessu, en þó nokkur, því að ekki er ólíklegt, að ýmsar hreppsnefndir mundu hugsa sem svo: Við skulum ekki hleypa okkur í þann vanda núna, við skulum gera það seinna. Þetta vildi jeg einmitt fyrirbyggja, vildi láta taka það til athugunar strax, hvort styrkurinn skyldi vera afturkræfur, en hinsvegar vildi jeg ekki á neinn hátt grípa fram í þetta álit sveitarstjórna, aðeins að þær afgerðu það eftir bestu samvisku. Jeg get þess vegna ekki fundið, að þessi brtt. sje til bóta.

Þá er síðari brtt. hv. þm. (HK) við 57. gr. Jeg lít svo á, að það sje ekki bein þörf á þessari brtt., af því að það er samkvæmt sömu gr., að hreppsnefnd á að svara innan mánaðar eftir að oddviti fjekk brjef það, sem svara á, og mjer finst það muni altaf vera nægur tími fyrir oddvita að svara á þeim mánuði. Og jeg er hræddur um, að verði þessi brtt. samþykt, þá verði það til þess, að það komi oft fyrir vafningar um það, hvort það hafi í raun og veru verið óhjákvæmilegt að draga svo lengi að svara. Jeg vildi þess vegna, án þess þó að gera það að kappsmáli, beiðast undan því, að þessi brtt. yrði samþykt, því að það vill oft verða svo um þessi mál, að þau dragast nokkuð, og það er oft erfitt fyrir yfirvöld að gera út um það, hvort afsakanlegt hafi verið að draga svo lengi að svara, og auk þess eru fæstir hreppar svo stórir, að á einum mánuði sje ekki unt að kalla saman meiri hluta hreppsnefndar, eða þá að koma brjefum milli oddvita og tveggja eða þriggja manna annara í hreppsnefndinni, ef þá annars málið er svo vaxið, að fleiri þurfi að taka ákvörðun um það en oddviti einn.

Þá er síðasta brtt. hv. þm. (HK). Eftir gildandi lögum er sá veikindastyrkur, sem brtt. ræðir um, ekki endurkræfur, og gilda því svipaðar reglur um hann og berklavarnarstyrki. Þetta virðist mjer sanngjarnt, því að vissulega er samræmi í því að láta sömu reglur gilda um þennan styrk og berklavarnarstyrkinn, því að hvorttveggja er sjúkrastyrkur. Hvort menn verða að fá styrk vegna berklaveiki eða annara sjúkdóma, skilst mjer að litlu skifti, og að minsta kosti er það, að ef þessi brtt. verður samþykt, þá verður líka að breyta 2. málsgr. 67. gr., því að það getur ekki skift máli, hvort styrkurinn er þeginn á sjúkrahúsi hjer eða erlendis.

Jeg ætla ekki að ræða brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef), vegna þess að hv. þm. hefir ekki talað fyrir þeim og

mjer skilst, að hann ætli ekki að láta þær koma til atkvæða fyr en við 3. umr., enda tel jeg það hyggilegt, þar sem þær virðast vera nokkuð róttækar, og komu ekki fram fyr en í fundarbyrjun.

Þá eru brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hv. þm. kvartaði mikið yfir því í gær, að frv. hefði verið skemt, og bætti því við í dag, að það hefði komið mjög seint fram, eins og öll önnur stjfrv. Á alt annan veg er dómur meiri hluta allsherjarnefndar, og sjest það best af þeim brtt., sem nefndin flytur, því að þær eru síst meiri en við má búast um jafnstóran lagabálk. En hitt kannast jeg við, að það var ekki meining mín að umsteypa gersamlega fátækralögunum, og jeg skil það vel, að hv. þm. (HjV), sem vill umsteypa öllu, og jafnvel þjóðskipulaginu sjálfu, sje ekki ánægður með að láta þau lög halda sjer, sem gilt hafa nú í 20 ár og gefist vel. Jeg get sem sje tekið undir það með hv. 1. þm. Rang. (KlJ), sem er vel kunnugur þessum málum, að þessi lög hafa reynst svo vel, að ekki hafa mörg reynst betur. Og jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að ýmsar þær umkvartanir, sem komið hafa fram yfir þessum lögum, hafi við rök að styðjast. Og jeg tel mig vera í samræmi við mikinn meiri hl. Alþingis, þegar jeg segi, að mikill hluti þessara laga sje svo, að ekki sje nokkur ástæða til að róta við þeim. Það er líka svo, að 20 ára notkun á lögum festir þau mjög mikið, og þar með kemur miklu meiri festa og vissa um það, hvernig á að framkvæma ákvæði þeirra. Það er þess vegna ekki nein gild mótbára móti þessu frv., þó að margt sje í því, sem er gamalt. Það er ekki alt komið undir því að henda í burtu því, sem er gamalt. Það á ekki að gera, nema annað betra sje á boðstólum, en það er víst það, sem hv. 4. þm. Reykv. þykist hafa. Það sjest nú best á brtt. hv. þm. á þskj. 65, og jeg mun áður en langt um líður snúa mjer að þeim brtt. En viðvíkjandi því, að stjfrv. hafi komið of seint fram, þá er því til að svara, að þau hafa ekki komið fram seinna en venjulegt er, og jeg vil benda á, að þegar Alþingi er ekki lokið fyrri en í miðjum maímánuði, þá er ekki næsta mikill tími til lagaundirbúnings til næsta þings, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að áður en frv. má gera heyrinkunn verður að leggja þau fyrir hans hátign konunginn samkvæmt gildandi stjórnarskrá. Annars er þetta síður, að það fær enginn stjfrv. fyr en þingið er komið saman. (**HjV:** En þar sem þingið stendur alt árið?). Ja, það er nú víst óvíða, eða jeg þekki ekkert dæmi til þess. Hv. þm. sagði, að það væri engin ástæða til að vera að endurprenta gömul lög, en ef þau eru með breytingum, þá getur verið rjettmætt að gera það. Hv. þm. skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sjer rjett til að koma með brtt., og vil jeg þá skoða það sem svo, að hv. þm. álíti, að frv. eigi fram að ganga, því að ella hefði hann lagt á móti því, klofið nefndina og lagt til, að frv. yrði felt. Og hlægilegt sýnist mjer það vera, að hv. þm. (HjV) skuli hafa skrifað undir nál., ef hann ætlar að koma fram með þáltill. um að taka málið fyrir á næsta þingi. Hv. þm. lofar þáltill. á hverjum degi, en jeg held, að það

væri betra fyrir hann að koma með þær heldur en að vera altaf að lofa þeim.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) á þskj. 65. Jeg geri ráð fyrir því, að jeg geti ekki fylgt neinni þeirra, en þarf þó ekki að vera margorður um þær. Mjer skilst eftir afstöðu hv. allshn. til 43. gr., að þá hefði þessi hv. þm. heldur átt að deila á nefndina en stjórnina, ef hann hefði viljað vera sanngjarn, því að stjórnin gengur lengra en nefndin. Út af skilgreiningu hans á því, hvenær styrkur skuli vera endurkræfur og óendurkræfur, þá vil jeg spyrja hann, hvaða sanngirni sje í því, að maður, sem á 3 börn heima hjá sjer, skuli ekki þurfa að endurgreiða styrkinn, en maður, sem á 4—6 börn, en getur ekki haft nema 2 heima hjá sjer, af honum sje styrkurinn afturkræfur. Nú er það vitanlega dýrara að geta ekki haft börnin heima hjá sjer. En á þá að hegna þessum manni með því, að hans styrkur skuli vera afturkræfur? Þarna er till. hv. 4. þm. Reykv. ósanngjörn, en till. stjórnarinnar sanngjörn. Í þessu tilfelli mundi hlutaðeigandi hreppsnefnd telja það rjettlátara, að styrkur þess manns, sem ekki gat haft börnin hjá sjer, yrði óendurkræfur. Annars er þetta dæmi gott til þess að sýna það, hversu oft lendir í öfgum og ósanngirni, ef gefnar eru fastar reglur í slíkum tilfellum sem þessum. Út af d-liðnum, um að styrkur skuli talinn veittur vegna atvinnuleysis, ef bæjar- eða sveitarfjelagið getur ekki vísað styrkþega á vinnu o. s. frv., þá vil jeg spyrja þennan hv. þm., hvort ekki sje dálítið undir því komið, hvernig sú vinna er borguð. Ætli þessum hv. þm. þætti ekki óviðfeldið, ef hægt væri að komast fram hjá þessu ákvæði hjer í Reykjavík með því að vísa manninum á vinnu fyrir 25 aura um klukkustundina?

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Þessar 4. brtt. eru það eina, sem þessi hv. þm. hefir að athuga við gerðir stjórnarinnar í þessu máli. Hann bar að vísu við tímaskorti, en þar sem hann á sæti í nefndinni, sem um þetta fjallaði, þá hlaut hann að geta haft tækifæri til þess að geta sett sig inn í málið og flutt fleiri brtt., ef hann hefði talið þess þörf. En jeg tek undirskrift hans undir nál. og það, að hann ekki kemur með fleiri brtt., sem sönnun þess, að óánægja hans sje mest í nösunum, af því að hann er stjórnarandstæðingur, en ekki af því, að hann telji ekki frv. gott og gilt.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg hefi ekki ástæðu til annars en vera þakklátur þeim hv. þm., sem hafa tekið til máls viðvíkjandi tillögum nefndarinnar. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) gerði ágreining í nefndinni út af 9. brtt., þar sem það er ekki eingöngu lagt á vald dvalarsveitar að ákveða, hvort styrkur skuli vera óafturkræfur eða ekki, heldur er það líka lagt undir samþykki framfærslusveitar. Það kann að vera rjett, að stundum þekki dvalarsveitin betur ástæður mannsins. Þó mun það oft vera svo, að framfærslusveitin þekkir ýmsar ástæður betur, hún þekkir menn nákomna þurfalingnum í sveitinni, og staði, sem gott væri að koma honum fyrir á, o. fl. En aðalástæðan, sem þessi hv. þm. gengur alveg fram hjá, er sú, að skyldan hvílir

að mestu á framfærslusveitinni, og því er það ekki nema sanngjarnt og rjettmætt, að hún hafi nokkurn íhlutunarrjett um þetta.

Við 14. brtt. hafa ýmsir hv. þm. komið fram með mótmæli, svo sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) og hæstv. atvrh. (MG). Það er ekki rjett, sem fram hefir komið, að tilgangur nefndarinnar sje sá, að gera hægara fyrir en nú er að fá menn flutta fátækraflutningi. Ætlun nefndarinnar var að koma í veg fyrir misbrúkun. Það mundi oft eiga sjer stað misbrúkun, þegar á að skera úr því, hvort „bersýnilegt" sje að maður sje kominn á „stöðugt" framfæri. Nefndin vill hjer fara meðalveg, hækka styrkupphæðina og fella svo deiluákvæðið burtu.

Að því er snertir brtt. hv. 4. þm. Reykv., skal jeg fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar geta þess, að hann er ekki samþykkur 1. brtt. hans, þar sem hann leggur til, að tillög húsbænda hækki úr 1 kr. upp í 5 krónur. Þetta þykir meiri hlutanum of stórt stökk. Það hefði verið hyggilegra fyrir hv. þm. að reyna einhvern meðalveg, t. d. 2 krónur. Jeg býst við, að sumum kunni að þykja 1 króna of lágt, en flestir munu sammála um, að 5 kr. sje of hátt. Annars hygg jeg, að það sje svo miklum erfiðleikum bundið að fá hjú í vist til sveita, að það sje ekki á þá bætandi, og það sje ekki spor í rjetta átt stigið að reyna að auka þá, með því að gera skyldur húsbændanna strangari.

Aðalbrtt. þessa hv. þm. er við 43. gr. Nefndin reyndi á marga vegu í nokkuð svipaða átt sem þessi hv. þm. fer hjer, en gat ekki komist að neinni viðunandi niðurstöðu. Hv. þm. fer hjer út í öfgar, eins og hann sje sannfærður um, að tillagan nái ekki fram að ganga. Þótt margir kunni að æskja þess, að þau atvik sjeu fastbundin, sem gera það að verkum, hvort styrkur er afturkræfur eða ekki, þá munu þó allir vera sammála um það, að brtt. þessa hv. þm. ganga svo langt, að ekki er nokkurt viðlit að samþykkja þær. Það er rjett, sem hæstv. atvrh. tók fram, það mun vera ilt að finna leið, sem allir geta verið sammála um. En höfuðmótbáran móti þessari brtt. er þó sú, að þar er enginn greinarmunur gerður á því, hvort maðurinn er framfærsluþurfi vegna atvika, sem honum eru sjálfráð eða ekki; það er enginn munur gerður á reglumanni og óreglumanni. Þetta finst mjer ekki rjettlátt, og virðist mjer þetta þung mótbára gegn brtt. hv. 4. þm. Reykv.

Þá fór þessi hv. þm. mörgum orðum um fátækraflutninginn, og í sama streng tók hv. 1. þm. Rang. (KlJ). Hann gekk jafnvel lengra og vildi engan fátækraflutning hafa. Hv. 4. þm. Reykv. játaði þó í niðurlagi ræðu sinnar, að erfitt mundi vera að losna við fátækraflutninginn, eins og fátækramálunum væri nú fyrir komið. Jeg vil nú segja, að það sje ómögulegt að losna við hann, eins og nú stendur. Jeg skil ekkert í því, hvernig hv. 1. þm. Rang., sem þekkir þetta mál mörgum betur, ætlar sjer að losna við fátækraflutninginn, án þess að gerbreyta fyrirkomulagi fátækraframfærslunnar, þannig, að alt landið verði gert að einu framfærsluhjeraði, en til þess þarf að gerbreyta lögunum meira en hjer er um að ræða.

Annars var það ekki viðeigandi, eins og hv. 4. þm. Reykv. gerði, að

koma fram með einstök dæmi, án þess að skýra þau nánar. Mjer virtist, sem sumt af fólkinu, sem hann talaði um, væri geðveikt, og er ekki gott að koma með slík dæmi. Annars virtist hann frekast ákæra bæjarstjórnina í ræðu sinni. Þar á hann sæti, og væri því betur viðeigandi, að hann bæri fram ákærur sínar þar en hjer.

Þá vil jeg minnast á brtt. þær, sem hv. þm. Barð. (HK) flytur á þskj. 64. Get jeg lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún telur þær flestar svo veigalitlar, að ástæðulaust sje að samþykkja þær, en sumar þó heldur til ills. 1. brtt. hans fer fram á að fella burtu millisetningu úr 7. gr. Jeg tel ekki rjett að fella þetta burtu, því að þessar ástæður geta verið fyrir hendi, sem dvalarsveit ein veit um. Auk þess hefir hv. þm. víst ekki veitt eftirtekt annari málsgrein sömu greinar, þar sem þurfaling er trygður rjettur til þess að áfrýja úrskurði sveitarstjórnar. Um 2. brtt. er það að segja, að nefndin telur hana til hins verra. Það virðist ekki ástæða til þess að verðlauna hjú fyrir ótilhlýðilega breytni, en það virðist vera gert með þessari brtt. Þá er 3. brtt. um að fella 34. gr. niður. Nefndin getur ekki fallist á þá brtt., en vill lofa greininni að standa. 4. brtt. er við 43. gr., um að setja „heimilt" í stað „skylt". Hjer er um að ræða rjettindi, sem nefndin vill skylda sveitarstjórnirnar til þess að skera úr strax, en ekki setja þeim í sjálfsvald, hvort þær vilja nota eða ekki. Það er rjett hjá hv. þm., að aliður 5. brtt. við 57. gr. er fluttur í samráði við mig. En nefndin sjer ekki ástæðu til að mæla með b-lið brtt. Hún álítur, að með því sje greitt fyrir deilum um þetta efni, en að því vill hún ekki stuðla. Hún álítur nógu tryggilega um þetta búið í greininni.

Jeg hefi nú svarað öllum þeim, sem gert hafa aths. við brtt. nefndarinnar, og farið í gegnum brtt. annara hv. þm. Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta, en treysti hv. þdm. til þess að taka till. nefndarinnar. Vænti jeg þess, að hægt verði að ganga til atkvæða áður en fundi slítur í dag.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gleymdi áðan að svara fyrirspurn frá hv. 1. þm. Rang. (KlJ) um það, hvort drengurinn úr Fljótunum hefði verið niðursetningur. Get jeg svarað því, að svo var ekki, heldur var honum komið fyrir á bænum af aðstandendum sínum. Kemur 34. gr. fátækralaganna því alls ekki til greina í þessu sambandi. Gæti ekki heldur undir neinum kringumstæðum verið um undirboð að ræða, þar sem það er fyrirboðið í lögum. Að öðru leyti er eigi aðrar upplýsingar að gefa í þessu máli en þær, að stjórnin hefir látið áfrýja því til hæstarjettar, til þess að það gengi eins langt og hægt væri og sem rjettlátust úrslit mættu á það fást.

Hjeðinn Valdimarsson: Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Barð. (HK), sem jeg vildi minnast á. Það leit út fyrir, að hann hjeldi, að yrðu mínar tillögur samþyktar, myndi sjálfbjargarviðleitni manna hverfa og allir vildu fara á sveitina. Jeg get nú ekki skilið, hvernig mönnum dettur annað eins og þetta í hug. Jeg veit, að menn þekkja kjör-

in, sem þurfalingar verða að sætta sig við, og jeg hugsa, að það sjeu ekki margir, sem langar til að vera undir umsjón fátækrastjórnanna og fá alt skamtað úr hnefa, í hvert sinn, sem þeir þurfa eitthvað að fá, fæði og klæði eða hvað sem er. Jeg hefi talað við ýmsa hjer í bæ, sem þurft hafa að þiggja af sveit, og hafa þeir sagt mjer, að það hafi verið sín þyngstu spor á æfinni, er þeir fóru að biðja um styrkinn.

Hæstv. atvrh. (MG) taldi ósennilegt, að sveitarstyrkur yrði nokkru sinni gefinn upp af pólitískum ástæðum, og tók það til samanburðar, að hann væri aldrei veittur af pólitískum ástæðum. En jeg vona, að hv. þdm. skiljist það, að mikill munur er á, hvort menn heimta skýlausan rjett sinn eftir stjórnarskránni — og sá rjettur kemur stjórnmálum ekkert við, heldur er aðeins til að fá í sig og á, — eða hvort menn fara fram á að fá þau rjettindi, sem bæjar- eða sveitarstjórn hefir fult vald til að veita eða synja um, og þau eru pólitísks eðlis, kosningarrjetturinn sjálfur.

Jeg er á gagnstæðri skoðun við hæstv. atvrh. um það, hvort maður, sem styrk hefir fengið út sveitarsjóði, megi ráða dvalarstað sínum sjálfur, eða hvort hann hafi skuldalið sitt hjá sjer. En álit manna um þetta fer vitanlega eftir því, hvort þeir meta meira peningana í sveitarsjóði eða frelsi mannanna. — Jeg get fúslega viðurkent, að mönnum geti undir sumum kringumstæðum liðið betur í sveit. Og mjer hefir t. d. verið sagt, að í annari Skaftafellssýslunni hafi bændur þá reglu, þegar einhver fer á sveitina, að þeir setji undir hann bú. (**HK**: Það á sjer víða stað). Það virðist mjer bæði mannúðlega og skynsamlega að farið, en jeg býst við, að þeir yrðu fáir, sem neituðu að fara upp í sveit, ef þeim væri boðið bú undir sig, svo að þess vegna væri óhætt að leyfa þessum mönnum að halda sjálfsákvörðunarrjettinum.

Hæstv. atvrh. fór með það vígorð, að jeg vildi umsteypa öllu, og jafnvel sjálfu þjóðskipulaginu. Jeg gæti náttúrlega eins sagt, að hann vildi halda í alla hluti, sem gamlir eru og úreltir, en mjer virðist gagnslítið að ræðast við með eintómum vígorðum.

Hæstv. atvrh. líkaði miður, að jeg gerði lítið úr „endurskoðuninni“ á fátækralögunum hjá honum. En jeg verð nú að segja, að mjer þykir það lítil endurskoðun að prenta upp gildandi lagabálk, þó að einni eða tveimur greinum sje ögn vikið við.

Þá þóttist hæstv. ráðh. ekki þekkja það land, þar sem þing stæði yfir alt árið. Jeg undrast mjög að heyra slíkt af hans munni, sem ætti að vita betur. Það er t. d. svo í nágrannalandinu Englandi; þar er altaf þing nema rjett í sumarleyfinu. (**Atvrh. MG**: „Nema í sumarleyfinu“; jeg vil nú telja sumarið til ársins líka). Leyfið stendur ekki yfir alt sumarið, aðeins viku eða hálfan mánuð.

Það er auðvitað rjett hjá hæstv. ráðh., að í brtt. mínum eru flest þau atriði, er jeg hefi við frv. að athuga, að svo miklu leyti, sem hægt er að koma þeim fram við frv. í þeirri mynd, sem það er. Ef taka ætti með önnur atriði, svo sem að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði, þyrfti, ef vel

ætti að vera, að umturna að minsta kosti þrem fjórðu hlutum frv., eins og það er nú, svo að auðsjeð er, að það er varla leggjandi til grundvallar.

Jeg lít svo á, að 43. gr. frv. sje mjög varhugaverð. Að vísu er hún nokkur bót frá núverandi ástandi, einkum ef brtt. mínar verða samþyktar. En um frv. sjálft mun jeg ekki greiða atkv., sakir þess að jeg álít það bygt á röngum grundvelli. Þess vegna mun jeg síðar á þessu þingi flytja aðrar tillögur um málið, eins og jeg hefi áður sagt.

Jeg heyrði, að hæstv. ráðh. (MG) langaði til að vita, hvenær fram yrði borin till. til þál., sem jeg lofaði í gær. En jeg get nú ekki verið að gera hæstv. ráðh. of mikið til þægðar og held þess vegna, að jeg verði að halda honum á pínubekknum dálitla stund enn, láta hann vera í óvissunni.

Hæstv. atvrh. (MG) tók dæmi um það, hve lítil sanngirni gæti orðið um það eftir mínum tillögum, hvort styrkur skyldi talinn afturkræfur eða ekki. Þótti honum lítil sanngirni í því, að styrkurinn yrði ekki afturkræfur, ef maður hefði 3 börn á sínu framfæri heima hjá sjer, en þar á móti yrði hann afturkræfur, ef tvö barnanna væru utan heimilisins, enda þótt það væri heimilisföðurnum miklu dýrara. Mjer finst aðeins það að athuga við þetta dæmi, að jeg held, að flestir, sem koma börnum sínum fyrir hjá öðrum, geri það til þess að þurfa minna til þeirra að kosta. Hinsvegar er engin sönnun í þessu hjá hæstv. ráðh., jafnvel þótt dýrara væri að hafa börnin utan heimilis. Því að þó einum manni sje rjettur ger, er ekki öðrum sýndur neinn órjettur með því einu út af fyrir sig.

Þá er spurning hæstv. ráðh. (MG) um það, hvaða vinna mætti teljast „sæmilega" borguð eftir till. mínum. Jeg geri ráð fyrir, að fljótt gæti komið úrskurður um það, en í Danmörku er t. d. sú vinna talin sæmilega borguð, sem greitt er fyrir eftir venjulegum kauptaxta á staðnum. En það kemur ekki til mála, að sveitarstjórnir megi nota þurfamenn til að kúga niður kaupgjald í bæjunum.

Að lokum vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh., hvenær málið um drenginn í Fljótum barst til stjórnarráðsins.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að hv. frsm. (JK). Hann leit svo á, að þurfamenn ættu helst kunningja í sinni sveit, og því mundu menn best þekkja til þeirra í framfærslusveitunum. En þar sem fjögurra ára sveitfestitíminn er ekki kominn til framkvæmda ennþá, held jeg flestir hljóti að eiga miklu fleiri kunningja í dvalarsveitum sínum. Auk þess má nefna dæmi um það, að konur eru fluttar á sveit manna sinna, enda þótt þær hafi þar aldrei komið og þekki þar ekki nokkurn mann.

Út af brtt. minni um að hækka dagstyrkinn til hjús, sem liggur sjúkt utan heimilis síns, úr 1 kr. í 5 kr., vil jeg geta þess, að jeg miðaði þá upphæð við dagpeningana eftir slysatryggingarlögunum. Enda er þessi upphæð áreiðanlega ekki of há. En ef háttv. deild fellir þessa brtt. af því, að henni þyki of langt gengið, get jeg felt mig við að fara milliveg. Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. (JK) dettur í hug að

segja, að jeg vilji altaf fara með öfgar. Mjer vitanlega græðir enginn á því.

Það er rjett hjá hv. frsm., að eftir till. mínum er ekki gerður munur á, hvort styrkþegi hefir verið reglumaður eða óreglumaður, ef það er annað, sem kemur honum til að beiðast styrks. Og jeg fæ ekki heldur sjeð, hvað regla eða óregla kemur þessu máli við, ef óreglan er ekki orsök til styrkbeiðninnar.

Það er aftur á móti ekki rjett hjá hv. frsm., að jeg hafi sagt, að erfitt væri að losna við sveitarflutninginn, heldur sagði jeg, að sveitarstjórnunum væri nokkur vorkunn, en þær horfðu meira í krónurnar en vilja þurfafólksins.

Þau dæmi um sveitarflutning, sem jeg nefndi í fyrri ræðu minni, eru öll rjett; enginn þeirra, sem fluttir voru, var geðveikur, en jeg mun hafa minst á einn slíkan mann; hann var ekki fluttur burt úr bænum. — Bæjarstjórn Reykjavíkur verður engan veg ásökuð fyrir þennan fátækraflutning, því að lögum samkvæmt verður hún að láta beita valdi til að flytja burtu þurfamenn, ef stjórn framfærslusveitar krefst þess. En jeg veit, að bæjarstjórn Reykjavíkur er því oft andvíg, og yfirleitt hygg jeg að segja megi, að hún sýni meiri mannúð í fátækramálum en flestar aðrar sveitar- og bæjarstjórnir.

Jeg held, að það, sem mestu veldur um það, hve erfitt er að koma lagi á fátækramálin, sje ekki það, að menn sjái ekki hvað aflaga fer, heldur hitt, að viljann vantar. Jeg hygg, að ef hæstv. ráðh. og hv. þm. hefðu sjálfir þurft að biðja um styrk einhverntíma á æfinni, og konu og börnum þeirra verið sundrað á ýms heimili, þá mundu þeir ekki tala eins um þessi mál og þeir gera, og ekki greiða eins atkv. og flestir þeirra munu nú hafa hugsað sjer.

Að endingu vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri upp hvern staflið í brtt. mínum fyrir sig, svo að það geti þá sparað mjer það ómak að þurfa e. t. v. að bera einhverja þeirra fram aftur við 3. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) spurði, hvenær málið um drenginn í Fljótum hefði borist til stjórnarráðsins. Því miður man jeg ekki dagsetninguna, en jeg skal segja hv. þm. hana við 3. umr. þessa máls, ef hann minnir mig á það.

Hv. þm. lætur svo sem engum þurfi að þykja afstaða hans undarleg til þessa máls. En í nál., sem hann hefir skrifað undir, stendur, að hann áskilji sjer að mega hafa sjerstöðu um *einstök atriði*, og að bera fram brtt. um þau. Síðan leggur öll nefndin til, að frv. sje samþykt. Get jeg ekki skilið það öðruvísi en sem skuldbindingu frá hv. þm. um að vera með frv. Það væri að vísu skiljanlegt, þótt tvær grímur færu að renna á hann, ef allar hans brtt. væru feldar; en áður en þær eru feldar getur hann ekki með rjettu talað um till. til þál. um þetta efni, þar sem hann leggur sjálfur til, að frv. sje samþykt.

Mjer skilst, að hv. þm. vilji fá frest um vantrausttill., sem hann lofaði í gær. Hann um það. En ef jeg man rjett,

kvartaði hann í byrjun þings yfir því, að hann hefði vont sæti, og mætti þá ef til vill geta þess til, að hann vilji fá það sæti, sem jeg nú hefi. Mun ekki standa á mjer um sætaskiftin, ef hv. þm. (HjV) sýnir, að hann hafi meira traust í deildinni en jeg. En ef hann heldur, að hans traust sje meira en mitt, ætti hann að sannreyna það sem fyrst með því að flytja vantrauststill. nú þegar.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jakob Möller:* Jeg verð að taka undir með hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um það, að í raun og veru sje þetta frv. eins og það liggur fyrir ákaflega lítils virði. Breytingar og umbætur frá því, sem verið hefir, eru svo ákaflega lítilfjörlegar, að það má svo segja, að þær sjeu bókstaflega talað einskisvirði. Og jeg held, að þessi aðalbreyting, sem helst ætti að vera til að gangast fyrir, þessi rýmkun, sem á að veita þeim, sem styrk þiggja af hálfu hins opinbera, verði í framkvæmdinni verri en engin breyting. Jeg held hún geti alls ekki náð þeim tilgangi, sem henn er ætlaður. —Breytingin er í því fólgin, að þeir, sem veittur er óafturkræfur sveitarstyrkur til framfæris, missa ekki kosningarrjett. Stjórnarskráin tekur svo til orða, að þeir, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, hafi ekki kosningarrjett. Það á að fara í kringum ákvæði stjórnarskrárinnar, með því móti að veita ýmist afturkræfan eða óafturkræfan sveitarstyrk. Þetta út af fyrir sig, að fara kringum ákvæði stjórnarskrárinnar, er í raun og veru alveg ósæmileg aðferð. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að breytingum á þessu verður varla komið í framkvæmd nema með stjórnarskrárbreytingu. Hjer er verið að reyna að breyta stjórnarskránni með einföldum lögum. En það er ekki hægt — og á ekki að vera hægt. Þegar af þessari ástæðu er auðsætt, að það er ekkert gefandi fyrir þessa breytingu á fátækralögunum.

Svo er í öðru lagi spurningin: Hvað verður úr framkvæmdunum í þessu efni? Nú kemur það fyrir, að menn þurfa af sjerstökum ástæðum að fá skyndilega hjálp sjer til framfærslu. Halda ekki hv. þdm., að sveitarstjórnir verði dálítið tregar til þess í þeim tilfellum, þar sem gera má beinlínis ráð fyrir, að styrkurinn mundi endurgreiðast þegar úr rættist, að fara þá að veita óafturkræfan sveitarstyrk? Þarna væru einmitt oft þau tilfelli, að sjálfsagðast væri, að menn mistu ekki rjett sinn, þótt þeir yrðu að leita á náðir hins opinbera í bili. Þá yrði enn á ný að fara kringum þessi lög, ef þessi breyting ætti að koma að rjettu gagni. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að sveitarstjórnir myndu einna ófúsastar að veita óafturkræfan sveitarstyrk þeim mönnum, sem helst væri ástæða til að tryggja kosningarrjettinn.

Nei, þessi breyting frv. finst mjer ákaflega lítilsverð. Sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að sjá, að nokkur hafi við endurskoðun þessara laga sýnt nokkurn vilja til þess að gera neina breytingu á því ástandi, sem er. Það hefir komið greinilega fram í ræðu hæstv. atvrh. (MG) og háttv.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

frsm. nefndarinnar (JK), að það er virkilega meiningin að halda fast við það ástand, sem er. Að minsta kosti sagði hv. frsm. um fátækraflutninginn, að ómögulegt væri að komast hjá honum með því fyrirkomulagi á fátækralögunum, sem nú er. Þetta er dálítið skringilegt, þar sem það liggur fyrir að endurskoða lögin, að tala um það, að ekki sje hægt að breyta þeim vegna þess fyrirkomulags, sem sje á fátækralögunum. Hjer liggja lögin til allsherjar endurskoðunar og breytinga, eftir því sem menn sjá ástæður til. Spurningin er því ekki, hvað sje hægt að gera vegna þeirra fátækralaga, sem nú gilda, heldur hvað menn vilji gera þeim til bóta. Nú þykjast menn í orði sammála um, að sveitarflutningur sje ósæmilegur. En það vottar ekki fyrir neinum vilja til að breyta þessu.

Jeg get fullvissað hv. deild um það, að það þarf ekki að væna hv. 4. þm. Reykv. um, að hann sje byltingamaður í þessu máli. Það má sem sje með lítilfjörlegri breytingu á því frv., sem hjer liggur fyrir, komast algerlega hjá sveitarflutningi, bara ef viljinn er til þess. Það má t. d. með því að skifta framfærslu manna, sem dvelja í öðrum sveitum, milli dvalarsveitar og framfærslusveitar, og ef til vill ríkissjóðs að einhverju leyti. Láta t. d. koma í hlut framfærslusveitarinnar álíka mikið og framfærið kostar í heimasveitinni eftir mati. Það þarf ekki endilega að taka skrefið strax út í einu, að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði, vegna þessarar breytingar. Þó að menn álíti, að það væri markið, sem rjett er að stefna að, þá getur verið álitamál, hvort eigi að reyna að komast að því marki í einum áfanga. En það væri auðvelt að byrja með því, að skifta framfæri þeirra manna, sem dvelja utan sinnar sveitar, milli sveitanna á þennan hátt. Og fyrir ríkissjóðinn þarf ekki að óttast, að þetta verði óbærilegur baggi. Jeg veit, að sveitarstyrkur, sem árlega er lagður hjer í Reykjavík til utansveitarmanna, er ekki svo gífurleg upphæð, að það þurfi að vaxa mönnum í augum. Hinsvegar yrði ekki slept því taumhaldi á sveitarstjórnum með þessari breytingu, sem menn óttast með því að gera landið að einni framfærslusveit. Þarna myndu bæði framfærslu- og dvalarsveit saman hafa eftirlit með því, að ekki væri bruðlað fje í þurfalinga umfram það, sem nauðsynlegt væri, eða meira en með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala í þessu máli. En jeg sá ekki annað fært, af því að jeg heyrði, að ýmsir voru sammála um það, að breytingar hv. 4. þm. Reykv. (HjV) gætu ekki með nokkru móti fallið inn í frv., og gæti þess vegna ekki nokkur maður með viti greitt þeim atkv. Jeg er ráðinn í að greiða þessum till. atkv., mjer finst þær á fullu viti bygðar, þótt af samþykt þeirra leiði, að það eigi að gera frekari breytingar á frv. Þær er ofboð hægt að gera, ef menn hafa vilja á því. En menn mega ekki skjóta sjer undan að greiða atkv. með brtt. af því, að þær geti ekki fallið inn í frv. Greiði menn atkv. á móti þeim, er það af því, að menn vilja ekki breytingu og vilja ekki fallast á þá sanngirni, sem felst í þessum till.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki þannig að skilja, að jeg ætli á neinn

hátt að fara að blanda mjer inn í verkefni hv. frsm. (JK), þó að jeg taki til máls. Hann er fullkomlega fær að svara fyrir hönd nefndarinnar út frá þeim umræðum, sem hjer hafa fallið, og ætla jeg því ekki að ræða málið á þeim grundvelli.

Hinsvegar vil jeg gjarnan, áður en gengið er til atkvæða, gera grein fyrir afstöðu minni gagnvart þeim brtt., sem hjer liggja fyrir og nefndin hefir ekki tekið afstöðu til.

Eins og getið var um, þegar málið var til umræðu í gær, þá er aðalbreytingin á gildandi lögum sú, er felst í 43. gr. þessa frv. Það er eina verulega efnisbreyting fátækralaganna. Aðrar breytingar, sem lagt er til að gera á gildandi lögum í þessu efni, eru flestar smávægilegar. Eins og hv. frsm. nefndarinnar tók fram, þá var mikið rætt um þessa grein í nefndinni, hvernig unt væri að koma því svo fyrir, fyrst og fremst, að menn yrðu þeirra rjettinda aðnjótandi, sem frv. ræðir um, og í annan stað, að nokkurs samræmis gætti milli hinna einstöku hjeraða. Okkur var það öllum ljóst í nefndinni, að með því að leggja þetta á vald sveitarstjórna, myndi það vart verða að öllu leyti sambærilegt, hvernig þær ljetu mönnum í tje þessi rjettindi. Jeg þykist alveg viss um, að hjá sumum sveitarstjórnum mun hjálp ekki verða talin skuld hjá styrkþega, þar sem hjá öðrum mundi í samskonar tilfellum talinn skuld, og viðkomandi misti þar af leiðandi rjettindi sín.

Til orða kom í nefndinni að hafa einhvern aðila, sem hægt væri að skjóta slíkum málum til, svo að samræmi fengist. Það varð samt ekki ofan á að gera neina tillögu þar að lútandi. En jeg veit ekki nema þetta kynni að vera rjettara og væri meiri trygging fyrir því, að fleiri menn töpuðu ekki rjettindum sínum en nauðsynlega þyrfti að vera, og gætti meira samræmis.

Við áttum líka tal um að setja svipaðar reglur og koma fram í brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV). En að ekki náðist samkomulag um þesskonar till. í nefndinni, kom til af því, að menn þóttust samt sem áður ekki sleppa fram hjá þeim agnúum, að þetta yrði að nokkru leyti undir mati komið. — Þess vegna kom nefndin ekki með till. frá sjer í heild. En um þessar till. er það að segja, að þar hefir nefndin óbundin atkvæði.

Jeg er viss um, að hvort sem þessi breytingartill. verður samþ. eða ekki, verður það í flestum tilfellum svo, að styrkur þeirra manna, sem þiggja hann af óviðráðanlegum ástæðum, verður ekki talinn sveitarstyrkur. — Þetta kom greinilega fram í allshn., og við vildum sumir einmitt setja þessa breytingu, sem nú er gert ráð fyrir, sem bráðabirgðaákvæði aftan við lögin, með skírskotun til þess, að þegar ákvæði stjórnarskrárinnar, um að menn tapi kosningarrjetti, þegar þeir þiggja af sveit, verður felt í burtu, að þá falli þetta bráðabirgðaákvæði í burtu. Jeg hefði felt mig betur við það, og með því móti er enn sterkar gefið í skyn, að þingið hafi hug á að gera þessa breytingu. Úr því að ekki náðist samkomulag, var ekki svo mikill skoðanamunur innan nefndarinnar, að vert væri að gera ágreining út af því. Jeg er alveg sammála hv. 1. þm.

Reykv. (JakM) um, að það er sú eðlilega lausn á þessu máli, að þar sem liggur fyrir frv. um breyting á stjórnarskránni, verði þessi breyting einmitt gerð.

Þá ætla jeg að víkja stuttlega að brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Þær eru gamlir kunningjar, og jeg hefi áður í 2 eða 3 skifti fengið tækifæri til að lýsa afstöðu minni til þeirra. a-, b- og c-lið 2. brtt. mun jeg greiða atkv. Reyndar er í þeim dálítið vikið frá því, sem hefir verið áður, en sá munur er ekki það mikill, að jeg geti ekki greitt þeim atkvæði. Þær eru nokkuð rýmri en þær voru, þegar þáverandi 2. þm. Reykv. (JBald) og jeg gengum frá þeim, en jeg mun fylgja þeim til 3. umr.

Hinum liðunum get jeg ekki greitt atkvæði, meðal annars af því, að jeg álít, að meðan ekki er öðruvísi skipulag á fátækralöggjöfinni en nú er, sje ekki hægt að koma í veg fyrir, að fólk verði flutt hreppaflutningi. Jeg get persónulega látið þá skoðun í ljós, að mjer þætti skemtilegast að vera alveg laus við fátækraflutninginn. En áður en það getur orðið þarf að gera miklu ítarlegri breytingar en gert er í þessu frv., og það er ekki eins auðvelt og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) heldur. Það er víst, að ef aðeins er horfið að því að hætta við fátækraflutninginn án frekari breytinga, og það verður ofan á, að t. d. hver framfærslusveit greiði kostnað af þuralingunum, yrði alveg ofvaxið mörgum sveitarfjelögum að standa straum af því. Þau sveitarfjelög, sem ættu að sjá fyrir ómögum í Reykjavík eða öðrum stöðum, þar sem dýrt er að lifa, yrðu hart úti, enda er það eingöngu þessi ástæða, sem hefir valdið því, að flutningurinn hefir átt sjer stað.

Það virðist vera einfalt mál að borga alla fátækraframfærslu úr sameiginlegum sjóði, t. d. ríkissjóði. En þá er ekki auðvelt að koma því svo fyrir, að þeir einir njóti, sem þurfa, og með þessu móti er mjög hætt við misnotkun opinbers fjár. Vitaskuld er það ekki nema skylda hvers þjóðfjelags að rjetta hjálparhönd þeim, sem þurfa, en það er nú svo, að okkar þjóðfjelagi er ofvaxið að gera það fram yfir hina sönnu þörf. Það er einmitt í þessu, sem mestu vandkvæðin eru fólgin. En hafi hv. 1. þm. Reykv. (JakM) einhverja sjerstaka tillögu í þessa átt, væri ánægjulegt að fá að heyra hana, og jeg veit, að allshn. væri fús á að líta á tillögur hans til 3. umr. Jeg held, að það sje ekki fyllilega rjett hjá honum, að þingmenn hafi ekki vilja á að gera umbætur á þessu sviði.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi hugsað mjer að vera hlutlaus um þær brtt., sem hjer hafa verið til umræðu undanfarið. Mun aðeins sýna afstöðu mína til þeirra við atkvæðagreiðsluna. En sem að líkindum ræður mun jeg fara nokkrum orðum um till. þær, sem jeg flyt á þskj. 80.

Þó að brtt. á þskj. 80 sjeu margar, hníga þær þó allar að einu atriði, sem sje sveitfestidvölinni. Og aðalbreytingin felst í annari brtt., sem er við 21. grein frv.

Um langan tíma undanfarið hafa verið uppi tvær stefnur um þetta atriði. Önnur hefir viljað hafa sveitfestidvölina sem lengsta, en hin aftur á móti viljað hafa hana sem stysta eða helst enga. Þessar tvær stefnur hafa

altaf togast á, þegar rætt hefir verið um þessi mál. Og hefir stefnan um langa tímann alt af orðið ofan á, en þó þokaðist til styttingar 1923, er sveitfestitíminn var styttur úr 10 árum niður í 4 ár. Jeg sagði, að lengi hefði verið togast á um þessar tvær stefnur, og því til staðfestingar má vísa til þess, að þegar á þingunum 1897 og '99 náðist samþykki í Ed. um eins árs sveitfestitíma. Og í milliþinganefnd, sem skipuð var í fátækramálum 1901, varð þetta að ágreiningsatriði, svo að nefndin klofnaði. Í þeirri nefnd áttu sæti Jón Magnússon fyrv. forsrh., sjera Magnús Andrjesson á Gilsbakka og Guðjón Guðlaugsson. Meiri hlutinn, J. M. og M. A., vildu helst engan sveitfestitíma hafa, en til samkomulags við hina ríkjandi skoðun gengu þeir inn á 2 ár. Minni hluti nefndarinnar, G. G., vildi aftur á móti hafa hann 10 ár, og sú stefna sigraði þá, og var sveitfestitíminn því 10 ár þaðan í frá til 1923. Að minni hlutinn sigraði þá mun meðal annars hafa verið af því, að meiri hlutinn gekk inn á 2 ára tímann, því að dvöl sem skilyrði fyrir framfærslurjetti hefir í öllum aðalatriðum sömu annmarka, hvort sem hún er lengri eða styttri. Við höfum þannig alla tíð átt að búa við langan sveitfestitíma, og reynslan hefir verið ill, og því verri, sem lengra hefir liðið.

Við umr. þær, sem farið hafa fram hjer í þessari hv. deild um fátækralögin, hefir verið dvalið mjög við þá helstu annmarka, sem er að finna á því ástandi, sem skapast hefir af fátækralöggjöfinni, og þeir annmarkar stafa einmitt mjög af þessu atriði, sveitfestidvölinni. Höfuðókostir hennar eru ýmsir. Vil jeg nefna fyrst viðsjár allskonar milli sveitarstjórna um sveitfesti borgaranna, og svo viðsjár, sem af því hafa leitt milli sveitarstjórna og einstaklinga. Af sveitfestidvölinni stafar líka ákaflega mikil og sívaxandi skriffinska og málarekstur, miklu meiri en vera þyrfti, skriffinska og málarekstur um sveitfesti manna, og svo um fjárhagsviðskifti sveitarstjórna út af fjárviðskiftum vegna þurfamanna.

Þá er það atriðið, sem mest hefir verið talað um, fátækraflutningarnir, sem þykja vera töluvert harðræði við þurfamennina, en þeir stafa eingöngu af sveitfestidvölinni. Loks er það misrjetti, sem er í álögum milli hinna einstöku framfærslusveita, sem jeg og ýmsir fleiri hafa vikið að, sem sje það, að borgararnir verða að bera mjög misþungar álögur til þarfa, sem þó eru almenns eðlis, og það svo mjög misþungar, að ekki er viðunandi. Meðan þjóðlífið var miklu rólegra en nú er, bar minna á þessum ókostum, en eftir því sem hreyfingar með þjóðinni hafa orðið örari, ber meira og meira á þeim. og menn eru farnir að hafa orð á, að einhverra ráða þurfi að leita, til að bæta úr þessu. Það getur nú verið um ýmsar leiðir að ræða, t. d. hefir verið bent á það að afnema alveg skifting landsins í framfærsluhjeruð, og hafa landið eitt framfærsluhjerað; það gæti maður sagt, að væri það rjettlátasta, en jeg býst ekki við, að menn vilji ganga að því að svo stöddu, án þess að leita annara leiða fyrst, vegna þess að það myndi leiða til þess, að fátækrabyrðin yrði þá meiri en ella. Þessi leið, sem jeg bendi á í till. mínum, að afnema

dvöl alment sem skilyrði fyrir framfærsluskyldu og sveitfesti, hygg jeg, að yrði leið til þess að draga mjög úr þessum helstu annmörkum laganna, viðsjár hyrfu alveg milli sveitarstjórna og einstaklinga, að minsta kosti í því horfi, sem verið hefir, skriffinskan minkaði, fátækraflutningarnir hyrfu, og að því er jeg hygg, þá minkaði ranglætið, sem stafar af hinum misþungu álögum innan hinna ýmsu framfærsluhjeraða. Jeg hygg, að þessi atriði liggi nokkurn veginn í augum uppi. Það er kannske síst síðasta atriðið, um misþungar álögur. Það er ekki eins augljóst og hitt, og vil jeg þess vegna fara um það atriði sjerstaklega fáum orðum.

Fólksstraumurinn um landið hreyfist vitanlega aðallega eftir atvinnuvonunum og atvinnulíkunum í landinu. Þar sem atvinnuskilyrði eru álitleg, þangað er aðstreymi fólks. Því fylgir þá vaxandi framleiðsla, og þar sem eru góð atvinnuskilyrði, þar er heldur ekki mikil fátækrabyrði, af skiljanlegum ástæðum. Aftur á móti þar, sem frástreymi fólks á sjer stað, þá bendir það til erfiðari afkomu, því fylgir þverrandi framleiðsla, og þeim framfærsluhjeruðum fer hnignandi að efnahag og framleiðslumagni, m. ö. o. er að blæða út; þá fylgir því eðlilega tiltölulega meiri fátækrabyrði en annars. Það mætti þess vegna sýnast svo, að það væri alveg sjerstakt ranglæti að bæta á fátækrabyrði þessara hjeraða, sem ekki eru einu sinni fær um að bera þær byrðar, sem falla á þau heima fyrir, hvað þá meira, að bera einnig þær byrðar, sem falla á þau á öðrum stöðum fyrir það, að til eru menn, sem hafa einhverntíma dvalið þar í 4 ár, og verða svo þurfalingar einhversstaðar á landinu. Það hygg jeg, að sje aðalástæðan til hinna misþungu álagna. Það virðist vera bersýnilegt, að þar sem aðstreymi fólks er, þar eru atvinnuskilyrði góð, og þar mun fátækrabyrðin aldrei verða meiri en tiltöluleg, og fátækrabyrðin myndi færast til á þann eðlilegasta hátt, svo rjettlátlega sem hægt væri með fólksstraumnum um landið.

Það má vera, að mjer hafi ekki tekist að gera mönnum vel ljóst það, sem fyrir mjer vakir, en jeg læt þó þetta nægja á þessu stigi málsins. Jeg get líka búist við, að till. mínar sjeu ekki svo vel útbúnar, að þær þurfi ekki athugunar við eða leiðrjettingar. Jeg hefi t. d. tekið eftir því, að í 4. till. hefir slæðst inn innskotssetning, „að þeim degi meðtöldum", sem ekki á að vera. Það má líka vera, af því að þetta er nokkurt nýmæli, að hv. þm. þykist ekki vera viðbúnir að greiða atkvæði um þessar till. mínar, og þess vegna vil jeg beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann láti þær ekki koma til atkvæðagreiðslu á þessum fundi. Jeg óska sem sje, að þær fái að fara til nefndar til athugunar þar, og komi þá ekki til atkvæða fyr en að því loknu.

Ástæðurnar eru þá, eftir því sem jeg hefi litið á, þannig, að sveitfestidvöl, lengri eða skemri, hefir altaf verið ráðandi í okkar löggjöf. Hin leiðin, að láta lögheimili ráða um sveitfesti, hefir líka vakað fyrir bestu og vitrustu mönnum, sem um þetta mál hafa fiallað og hugsað sjerstaklega, þótt hún hafi aldrei náð meirihlutafylgi á Alþingi. En úr því að sú leið-

in, sem farin hefir verið, reynist ekki betur en raun er á, þá get jeg ekki sjeð, að komist verði hjá að leita einhverra nýrra ráða. Jeg skal ekki segja, hvort sú leið, sem jeg hefi stungið upp á, sje sú besta, en jeg leyfi mjer að vona, að hv. þd. vilji sýna henni alla athygli, og jeg hygg, að það myndi þó naumast ver fara en farið hefir undir hinni stefnunni.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg skal reyna að teygja ekki tímann úr þessu, en það er aðeins út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem jeg verð að segja nokkur orð. Hv. þm. talaði nokkuð alment um þetta frv. og sagði það sama, sem jeg sagði hjer í gær, að það eru engar stórvægilegar breytingar á lögunum, sem frv. fer fram á, og taldi það því lítils virði. En jeg er hv. þm. ekki samdóma um það, að þótt breytingarnar sjeu ekki stórvægilegar, sjeu þær allar lítilsvirði. Jeg hygg, að breytingin, sem gerð er við 43. gr., muni fullnægja kröfum þeim, sem komið hafa fram á undanförnum þingum um endurskoðun fátækralaganna. Jeg held, að þær kröfur, sem fram hafa komið, hafi ekki beinst í þá átt að fá miklar breytingar á lögunum, heldur að því, að leiðrjetta það misrjetti, að menn mistu kosningarrjett við að þyggja af sveit. Hæstv. stjórn hefir nú reynt að leiðrjetta þetta, og meiri hl. nefndarinnar er henni samdóma um það, að rjett sje að reyna þá leið, sem stungið er upp á í frv. Jeg er ekki viss um, að þessu frv. hefði verið svo vel tekið, ef farið hefði verið fram á stórfeldar breytingar á fátækralögunum. Mjer er nær að halda, að stjórnin hefði þá fengið þungar ákúrur.

Hv. þm. (JakM) taldi, að það væri ósæmilegt að fara þessa leið, sem stungið er upp á í frv. Taldi, að með því væri verið að fara í kringum ákvæði stjórnarskrárinnar. Þetta er ekki rjett. Það er svo í gildandi lögum, að heimilt er að gefa eftir þeginn sveitarstyrk, og þegar sú heimild er notuð, missa þeir menn, sem eftirgjöfina fá, ekki rjettindi sín gagnvart stjórnarskránni. Þótt þessari heimild, að gefa eftir sveitarstyrk, verði beitt meira en áður, þá er ekki með því verið að fara í kringum ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hitt kann vel að vera, eins og jeg tók fram í fyrstu framsöguræðu minni, að það sje nokkuð óeðlilegt að fara þessa leið. Getur vel verið, að sú leiðin þyki aðgengilegri, að fara í stjórnarskrána sjálfa og breyta henni. En við höfum enga vissu fyrir, að með því næðist það, sem við viljum ná. Þess vegna er lagt til, að þessi leið sje farin.

Þá sagði hv. þm., að með því að fara þessa leið væri framið ranglæti gagnvart þeim mönnum, er þyrftu skyndihjálpar við. Hann leit svo á, að þegar maður þurfi skyndihjálpar við, þá muni sveitarstjórnir ekki vilja ganga inn á að telja þann styrk óafturkræfan. Þær myndu hugsa sem svo, að þær geti náð þessu aftur hjá manninum, og yrðu því að hafa styrkinn afturkræfan. En við þetta skapaðist ranglæti gagnvart styrkþega, því að hann mundi missa rjettindi. En jeg hygg, að nú sje farið að fara nokkuð aðra leið, þegar um skyndihjálp er að ræða.

það er ekki farin sú leiðin að veita styrk, heldur er veitt bráðabirgðalán, — skyndilán. Og jeg tel það alveg rjett. Á hvern hátt það verður gert, er rjett að sveitarstjórnir hagi eins og þeim þykir best henta. Borgarstjórinn í Reykjavík hefir tjáð mjer, að það sje mjög að fara í vöxt hjer í bænum að fara þessa leið. Það getur vel verið, að það væri rjett að koma með brtt. við fátækralögin í þessa átt, ef einhverjar sveitarstjórnir kynnu að álíta, að ekki væri fært að fara þessa leið, af því að það væri ekki heimilt.

Þá talaði háttv. þm. nokkuð um fátækraflutninginn og taldi óhæft að halda honum áfram. Jeg er nú ekki samdóma hv. þm. í því, að það sje eins auðvelt að lagfæra þetta eins og hann álítur. Jeg held, að það sje ómögulegt að afnema fátækraflutninginn, nema því aðeins, að það sje gerð stórfeld breyting á öllu fátækraframfæri í landinu, á þann hátt, að gera alt landið að einu framfærslufjelagi. Þótt sú leiðin yrði farin, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að skifta framfærslukostnaðinum á milli dvalarsveitar, framfærslusveitar og ríkissjóðs, mundi hnúturinn eigi vera leystur fyrir það. Fátækraframfærið er orðið svo dýrt, að það yrði sumum sveitum alveg ókleift að bera kostnaðinn, og það þó aðeins yrði ⅓ raunverulegs kostnaðar. Við vitum, að margar sveitir eru svo mannfáar og svo illa stæðar, að þær geta ekki borið þungar byrðar. Jeg held þess vegna, að hv. þm. sje ekki nægilega kunnugur ástandinu úti um sveitir landsins til þess, að hann geti dæmt um þetta mál.

Mjer þykir vænt um það, að hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vill ekkert hraða sínum till. eða knýja þær til atkvæðagreiðslu, því að allshn. hefir ekki gefist færi á að athuga þær og því gott, að þær megi bíða til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., næsta dag, var enn f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv.

Bernharð Stefánsson: Jeg verð að taka undir það, sem tveir háttv. þm. Reykv. (JakM og HjV) hafa látið í ljós um þetta mál, að því leyti, að mjer finst eins og þeim, að lagabreytingar þær, sem í þessu frv. felast, sjeu ákaflega þýðingarlitlar.

Hv. frsm. allshn. (JK) vildi afsaka, hvað frv. breytti litlu frá núgildandi lögum, með því, að frv. rjeði þó bót á einu atriði, sem almenn óánægja væri um og valdið hefði því, að farið var að breyta lögunum. Þetta atriði er rjettindamissir þeirra manna, er þiggja af sveit. Í stjfrv. er reynt að ráða bót á þessu, enda er það eina breytingin frá núgildandi lögum, sem nokkru máli skiftir.

Þó að þetta sje nú talið eina ástæðan fyrir því að breyta þurfti lögunum, þá var þó önnur ástæða nefnd, að minsta kosti af mjer, þegar þáltill. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins var hjer til umræðu á þingi 1925. Og sú ástæða var að reyna með breytingunni að ráða einhverja bót á því misrjetti, sem sveitirnar verða fyrir í fátækraframfærslunni. Fátækraframfærið er orðið svo

þungur baggi ýmsum sveitum, að við það er lítt unandi lengur. Og þessi byrði kemur mjög misjafnt niður á hinar einstöku sveitir.

Í mínu hjeraði er það svo, miðað við fátækraframfæri síðastliðið ár, að í einum hreppi nema gjöld þessi sem næst 4 kr. á hvern íbúa hreppsins. En í öðrum hreppi í sama hjeraði nemur skattur þessi um 13 kr. á nef hvert. Þetta er mikill munur, og þó er hjer ekki um neitt skelfingarástand að ræða, síður en svo. En það má gera ráð fyrir mikið meiri mismun á því hjeraði landsins, sem minst hefir að gjalda til fátækraframfæris, og hinu, sem mesta framfærslu hefir.

Það verður ekki á neinu sjeð, að hæstv. stjórn hafi reynt að ráða bót á þessu. Þó býst jeg við, að hún hafi athugað þetta, en ekki treyst sjer til að ráða bót á þessu misrjetti, eða komist að þeirri niðurstöðu, að hjer væri engu hægt um að þoka.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hjelt því fram í gær, að taka mætti afstöðu til einstakra till. án tillits til þess, hvernig frv. væri að öðru leyti. Jeg er þarna á annari skoðun. Jeg álít ekki gerlegt að slíta einstök ákvæði þessara laga út úr rjettu samhengi, þannig, að þau komi í bága við þann grundvöll, sem með frv. er lagður. Jeg álít það þurfi að vera samræmi í þessum lögum eins og öðrum.

Grundvöllur þessa lagafrv. er hinn sami og í núgildandi fátækralöggjöf: sá, að fela einstökum hjeruðum fátækraframfærsluna algerlega. Þess vegna finst mjer, að ekki sje nema um tvær leiðir að ræða í þessu efni. Önnur er sú, að breyta þessum grundvelli, og hin, að halda honum, en þá verða einstök ákvæði að vera í samræmi við það.

Þessir tveir hv. þm. Reykv., sem talað hafa um málið, hafa ekki lagt til, að grundvellinum verði breytt. Aftur á móti hefir annar þeirra borið fram brtt., sem fara í gagnstæða átt við stefnu frv. í einstökum atriðum, en sem mjer skilst, að ekki sje rjett að samþykkja, meðan þessi grundvöllur á að standa. Úr því að hin einstöku framfærsluhjeruð eiga að haldast með sama fyrirkomulagi og verið hefir og á þau á að leggja allar byrðarnar af fátækraframfærinu, hversu þungar sem þær verða, þá má ekki heldur svifta þau allri sjálfstjórn í þeim málum nje hindra sveitarstjórnirnar að ráðstafa þurfamönnum á þann hátt, sem þær sjá að hentar best.

Það kann nú að vera, að krafan um þennan ráðstöfunarrjett sveitarstjórnanna komi að einhverju leyti í bága við þá mannúðarstefnu, sem haldið er fram af sumum hv. þdm. En meðan ekki er gerð tilraun til að breyta heildarskipulaginu, verða sveitirnar að sjá sjer farborða. Á þær er búið að hlaða svo þungum byrðum, að þær geta ekki risið undir þeim, nema þær fái að haga þessum málum eftir sínum eigin ástæðum.

Jeg verð að segja, að mjer finnast báðar þessar uppástungur, sem koma fram í frv. og í brtt. háttv. 4. þm. Reykv. (HjV), viðvíkjandi því hvort sveitarstyrkur eigi að vera afturkræfur eða ekki, vera hálfvandræðalegar.

Í raun og veru finst mjer, að það, hvort styrkur á að vera afturkræfur

eða ekki, ætti að fara eftir því, hvort styrkþegi muni í framtíðinni geta borgað hann eða ekki. En hvor leiðin, sem farin er, hvort þetta fer eftir mati, eins og gert er ráð fyrir í 43. gr. frv., eða er fastákveðið, eins og ætlast er til á þskj. 65, þá getur svo farið oft og tíðum, að maður, sem fengið hefir fátækrastyrk, sem er úrskurðaður óafturkræfur, geti komist í þær kringumstæður seinna, að hann geti hæglega borgað. Og hvers vegna á þá ekki að láta hann gera það? Mjer dettur í hug út af till. á þskj. 65, að ef maður á þrjú börn, þá á styrkurinn að teljast veittur vegna ómegðar og þar af leiðandi ekki afturkræfur. Nú getur það hæglega komið fyrir, að þótt maður, sem á þrjú börn, komist í þrot um lítinn tíma, þá geti hann orðið stórefnamaður aftur seinna. Það er alls ekki útilokað. Og hví skyldi hann þá ekki eiga að borga það, sem hann hefir þegið?

Sama má segja um mann, sem kemst í þrot fyrir atvinnuleysi. En ef hann fær góða atvinnu seinna, þá er ekkert líklegra en að hann geti borgað styrkinn.

Það er aðeins fyrsti liðurinn í þessum brtt. við 43. gr. á þskj. 65, sem mjer finst geta gengið, að ekki verði krafist endurgreiðslu á styrk, sem veittur er eldra manni en 60 ára.

43. gr. frv., eins og hún liggur fyrir, hefir sömu annmarka og till. hv. 4. þm. Reykv. Það má gera ráð fyrir, að komið geti fyrir, að minsta kosti í kaupstöðum, að úrskurður um styrk, hvort afturkræfur skuli vera eða ekki, verði ekki í alla staði óhlutdrægur. Jeg er ekki eins hræddur um, að það komi til greina í sveitum, en eftir því mikla kappi, sem komið er milli flokka í bæjarstjórnum, og eftir því, hvað flokkspólitíkin er orðin svæsin í bæjum, þá finst mjer ástæða til að óttast, að þetta geti þar átt sjer stað.

Nei, sannleikurinn er sá, að þessar vandræðatillögur eru fram komnar vegna þess, að hjer er blandað saman tveimur óskyldum málum, — nefnilega því, hvort eigi að svifta þurfamenn kosningarrjetti eða ekki, og hinu, hvort styrkur eigi að vera afturkræfur eða ekki. Þetta tvent er í raun og veru alveg óskylt; og mjer finst ekki vera hægt að leysa spurninguna um kosningarrjettinn á þennan hátt. Og ef á annað borð á að fara að hverfa að því ráði að veita þurfamönnum kosningarrjett, þá hefði mjer fundist eðlilegra, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að leysa þá spurningu á rjettum stað, nefnilega með stjórnarskrárbreytingu, heldur en að reyna að fara svona í kringum þetta mál.

Þá hefir hv. 4. þm. Reykv. (HjV) ennfremur stungið upp á því, að til þess að fátækraflutningur gæti átt sjer stað, þyrfti skriflegt samþykki þurfamanns. Með öðrum orðum: að fella fátækraflutning niður. Jeg veit vel, að það getur komið fyrir og hefir komið fyrir, sjerstaklega fyrir nokkuð löngu síðan, að fátækraflutningur hefir verið framkvæmdur á ómannúðlegan hátt. En ef hin einstöku hjeruð eiga að bera öll þyngslin og sveitfestitími að haldast, þá verður fátækraflutningur að eiga sjer stað, eða það verða að vera möguleikar til hans, af þeim einföldu ástæðum, sem jeg nefndi áðan, að sum framfærsluhjeruð geta alls ekki staðist sveitarþyngsl-

in að öðrum kosti. Það er ekki fært fyrir fátækan hrepp norður í landi að kosta t. d. stórar fjölskyldur hjer í Reykjavík. Aftur á móti mundi í slíkum tilfellum mjög oft hægt fyrir slíka hreppa að standa straum af þurfalingunum, þegar komið væri heim í sveitina.

Þess er krafist í nafni mannúðarinnar, að hætt sje fátækraflutningi. En það er á fleiri að líta í nafni mannúðar en þurfamennina. Því að það er nú svo, að sumstaðar eru allir gjaldendur í heilu framfærsluhjeraði fátækir menn, sem eiga fult í fangi með að sjá sjer og sínum farborða. Mjer finst það engin mannúð að gera þeim lífið þyngra og auka gjöld þeirra meira heldur en nauðsyn krefur. Nei, það gildir hjer sem annarsstaðar, að það þarf að skera í meinsemdina sjálfa, ef menn vilja lækna hana. Það er nefnilega hægur vandi að losna við fátækraflutning með öllu með því að gera hann óþarfan. Það þarf enga stórbyltingu í þjóðfjelaginu til þess, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram í gær. Það þarf ekki annað en að dvalar- og framfærslusveit verði eitt og það sama. Fyrir þessa hv. deild eru komnar till., sem nálgast þetta æðimikið; og yrðu þær samþ., myndi fátækraflutningur hverfa að langmestu leyti. Jeg vildi ráða þeim, sem vilja afnema fátækraflutning með öllu, til að samþ. till. hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef). Með því væri hægt að losna við þetta gamla, ómannúðlega fyrirkomulag, og það á eðlilegan hátt. Annars er náttúrlega fullmikið gert úr því mannúðarleysi, sem á að eiga sjer stað gagnvart þurfamönnum hjer á landi. Háttv. 4. þm. Reykv. (HjV) sagði, að fólk vildi ekki leita fátækrastyrks fyr en í fulla hnefana, vegna þeirrar meðferðar, sem það yrði fyrir hjá sveitarstjórnum og bæjarstjórnum. — Jeg verð að segja, að jeg þekki ekki þessa illu meðferð; jeg hygg það sje annað, sem orsakar það, að fólk reynir í lengstu lög að forðast sveitarstyrk, og það er þess eigin manndómshvöt. Það vill ekki verða upp á aðra komið. Jeg veit til þess, að margir þurfamenn lifa betra lífi í alla staði heldur en ýmsir þeirra, sem gjalda til fátækraframfærslunnar, já, þeir lifa miklu betra lífi á margan hátt heldur en þessar alræmdu sveitarstjórnir geta leyft sjálfum sjer. Jeg er ekki að segja þetta í því skyni, að jeg vilji gera kjör þurfamanna lakari en þau eru, heldur er það hitt, að jeg sje ekki ástæðu til að láta það ómótmælt, þegar verið er að bera sveitarstjórnum landsins á brýn hörku og ómannúðlega framkomu. Slíkt kann að hafa átt sjer stað fyr á tímum, en það mun vera regla nú orðið, að minsta kosti í sveitum, að fara svo mannúðlega að gagnvart þurfalingum, sem kostur er á.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat því miður ekki verið hjer í deildinni, þegar hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2. þm. Árn. (JörB) hjeldu sínar ræður í gær. Jeg er þess vegna ekki viss um, að jeg geti svarað því, sem þeir sögðu, ítarlega. En þó verð jeg að segja, að jeg hefi farið í þá bestu smiðju um það, hvað hv. 1. þm. Reykv. sagði, því að jeg spurði hann sjálfan, og hefir hann gefið mjer aðalatriðin. Hann sagðist hafa ráðist á frv. með hörku mikilli,

og það er reyndar hans síður. Við því er ekkert að segja, og ætla jeg ekki að reyna að fá hann til að breyta út af vana sínum.

Hv. þm. mun hafa sagt, að ekki væri sæmileg aðferð að fara kringum ákvæði stjórnarskrárinnar um sveitarstyrk handa þurfamönnum. Í stjórnarskránni stendur, að þeir menn hafi ekki kosningarrjett, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. M. ö. o., það gerir ekkert, þótt menn hafi þegið sveitarstyrk, ef þeir hafa endurgoldið hann. Eftir því sem önnur ákvæði stjórnarskrárinnar eru skilin, þá er lagt í vald hinnar almennu löggjafar að skýra þetta hugtak stjórnarskrárinnar. Það er þess vegna auðsætt, virðist mjer, að hin almenna löggjöf á að ákveða, hvað skuli talinn sveitarstyrkur, og líka hvenær hann skuli talinn í skuld.

Um fyrra atriðið veit jeg ekki til, að nokkurntíma hafi orðið ágreiningur, og um seinna atriðið hefi jeg heldur ekki heyrt hreyft neinum ágreiningi fyr en hv. 1. þm. Reykv. gerði það nú. Í því sambandi vil jeg benda á það, að Alþingi hefir oft ákveðið, að styrkur, sem veittur er af almannafje vegna fátæktar, skuli ekki teljast fátækrastyrkur. Það er svo um berklakostnað allan, og einnig sjúkrahúsvist, samkvæmt 77.—78. gr. fátækralaganna frá 1905. Og það hefir verið frá 1905 ákvæði í fátækralögum um það, að vissar tegundir styrkja skuli ekki telja fátækrastyrk. Í þessu frv. er því ekki gert annað en halda lengra áfram á þeirri leið, sem við höfum verið á síðan 1905.

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. um 43. gr. frv., sem mestum ágreiningi veldur, og taldi hana ósanngjarna, meðal annars fyrir það, að ef menn fengju bráðabirgðastyrk, mundi hann sjaldnast veittur sem óendurkræfur styrkur; þannig nytu þeir ekki góðs af þessu ákvæði, sem helst skyldu.

Það er fyrst að segja, að það mun ekki vera algengt, að menn fái styrk aðeins til bráðabirgða. Þó neita jeg alls ekki, að það geti komið fyrir. En þá er að gæta þess, að svo framarlega sem sveitarstyrkurinn er endurgoldinn áður en næsta kjörskrá er samin, þá gerir þetta hlutaðeiganda ekkert til. Í öðru lagi hafa sveitarstjórnir annað ráð, sem líka hefir verið talsvert notað, en það er að veita bráðabirgðalán.

Eftir því sem jeg skildi hv. 1. þm. Reykv., þá var þó höfuðástæða hans fyrir því að vera á móti frv. sú, að fátækraflutningi væri haldið, því að það væri enginn hlutur auðveldari en að komast alveg hjá honum, ekki annað en að skifta kostnaðinum á milli dvalarsveitar og framfærslusveitar. Jú, mikið rjett. Þetta lítur nokkurn veginn út að segja það, en það myndi verða talsvert ilt að koma því í framkvæmd. Því að jeg veit með vissu, að framfærslusveitirnar mundu verða oft og tíðum miklu harðar úti með þessu móti. Hjer um bil allur fátækraflutningur er frá bæjum og út í sveit. Og þó að þessum kostnaði í bæjunum yrði deilt með 2, þá yrði kostnaðurinn oft talsvert meiri og miklu meiri heldur en í sveitinni.

Svo er annað atriði, sem altaf er rætt um viðvíkjandi fátækraflutningi, — hversu ilt það sje og ómannúðlegt gagnvart börnum að flytja þau til. En jeg lít talsvert öðruvísi á það mál. Jeg

tel, að í flestum kringumstæðum sje það ekkert ólán að vera fluttur úr bæ og upp í sveit; því að jeg veit, að eins og nú er komið, munu í flestum sveitum ekki valin önnur heimili en góð handa slíkum börnum.

Og þegar það er aðgætt, að þessi börn eru venjulega alin upp við mestu fátækt í bæjunum, þá fæ jeg alls ekki skilið, að nokkur, sem þekkir eitthvað til sveitalífs, álíti það óhapp fyrir börn að vera flutt á góð sveitaheimili.

Jeg man þá ekki eftir fleiri atriðum, sem háttv. 1. þm. Reykv. hafi haft á móti sjerstaklega, og sný mjer að háttv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann kvaðst vera nokkuð vonsvikinn yfir því, að stjórnin hefir ekki breytt alveg grundvelli fátækraframfærslunnar, því að hann hafði hreyft því 1925, þegar hann flutti till. um endurskoðun á sveitarstjórnarlögunum. Gat hann þess, að hann byggist við, að stjórnin hefði athugað málið, en það hefði aðeins ekki orðið ofan á að stinga upp á þessu fyrirkomulagi. Þetta er alveg rjett til getið hjá hv. þm. Henni þótti ekki fært að stinga upp á að gera landið að einu framfærsluumdæmi. Jeg játa, að jeg get ekki sjeð, hvernig hægt sje að fyrirbyggja, að fátækraframfærsla verði misþung á sveitum, nema með því að hafa alt landið eitt framfærsluhjerað. En mjer finst það hinsvegar hafa svo mikla galla, að jeg þori ekki að leggja það til, eins og nú standa sakir. Auk þess má ekki gleyma því, að ríkissjóður tekur mjög mikinn þátt í fátækraframfærslunni í landinu. Hann borgar samkv. 77.—78. gr. fátækralaganna um 60—70 þús. kr. á ári. Og allmikið af berklavarnarkostnaði mundi í raun rjettri mega telja undir þann lið. Svo að það verður ekki sagt, að ríkissjóður hlaupi frá án þess að taka neinn hluta af byrðunum.

Annars býst jeg við, að það sje hugmyndin, að framfærslukostnaði öllum eigi að jafna niður á sveitirnar, líklega eftir ýmsum hlutföllum, ef til vill sömu reglum og niðurjöfnun sýslugjalda. En ýmsir óttast, að framfærslukostnaður yfirleitt á landinu verði þá svo miklu hærri en hann er nú, því að sveitarstjórnir mundu ekki hafa eins sterka hvöt til þess að takmarka kostnaðinn.

Sami hv. þm. mintist á, að það væri eiginlega ekki rjett að láta sveitarstyrkinn vera óendurkræfan, þar sem komið gæti fyrir, að þurfamaður gæti síðar endurborgað. Jeg skal játa, að þetta er að vísu hugsunarrjett. En það er ekki framkvæmanlegt af þeim einföldu ástæðum, að það er aldrei hægt að vita, þegar styrkur er veittur, hvort hlutaðeigandi getur endurborgað eða ekki. Og jeg verð að segja, að það er ekki ósanngjarnt og ekki í ósamræmi við löggjöfina nú, þótt styrkur, sem veittur er vegna vanheilsu og ómegðar eða óhappa, sje óendurkræfur. Við verðum að muna, að allur sjúkrahúskostnaður og allur berklavarnarkostnaður er óendurkræfur, jafnvel þótt vel geti komið fyrir, að hlutaðeigandi verði síðar vel fær að endurgreiða þann styrk.

Jeg sje því ekki annað en að hjer sje aðeins verið að halda lengra áfram sömu braut, sem áður var komið inn á. Jeg sje ekki, að það sje óviðeig-

andi að láta sömu reglu gilda um veikindastyrk og til dæmis styrk vegna elli og óhappa. Vissulega má telja veikindi eina tegund óhappa. Það er einmitt þetta, sem því veldur, að jeg álít orðalag 43. gr. vera sanngjarnt, að velja skuli á milli þess styrks, sem veittur er án þess að hlutaðeigandi eigi sök á því eftir venjulegum sanngirnismælikvarða, og að dómur um þetta sje lagður í hendur á því opinbera stjórnarvaldi, sem á að vera kunnugast þessum málum. Jeg neita því ekki, að þetta kunni að verða framkvæmt misjafnlega. En jeg vil ekki bera hreppsnefndum eða bæjarstjórnum það á brýn, að þær geri þar vísvitandi rangt. En í stærri bæjum brestur stundum kunnugleika á högum manna, og getur slíkt valdið misrjetti. Mjer skilst, að brtt. á þskj. 80, frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), eigi að koma til umræðu nú, svo að jeg skal fara um þær nokkrum orðum. Hann stingur upp á því að nema burtu allan sveitfestitíma; mjer skilst, að menn eigi að hafa þar framfærslurjett, sem þeir eiga lögheimili, eða áttu það síðast. Jeg verð nú að segja það, að jeg á erfitt með að samræma 3. og 4. brtt. hans við þessa grundvallarhugsjón hans. Mjer skilst, að hjer sje ekki um sveitfesti að ræða, heldur heimilisfang. Ef 1. brtt. hans verður samþykt, þá á hver maður að hafa framfærslu þar, sem hann á lögheimili, og eru því hinar brtt. hans óþarfar. Í 5. brtt. hans segir svo, að menn vinni sjer eigi framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun eða fangahúsi. Það er rjett að segja hjer, að maður vinni sjer ekki framfærslurjett, en jeg skil ekki, hví hann talar hjer um framfærslurjett, en í 3. og 4. gr. um sveitfesti.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona, að til atkvæða verði gengið áður en fundi slítur.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg vil aðeins skýra stuttlega frá afstöðu allshn. til brtt. á þskj. 80. Það er nú í raun og veru ekki nema ein brtt., sem hv. flm. kemur með, sem sje sú, að afnema sveitfestidvöl sem skilyrði til þess að öðlast framfærslurjett. Eins og hv. flm. tók fram, hefir lengi verið deilt um sveitfestitímann. Hann var lengi vel 10 ár, en var á þinginu 1923 færður niður í 4 ár. Þá vildu sumir færa hann niður í 3 ár og enn aðrir 2 ár, en það varð úr, að hann var gerður 4 ár. En hv. flm. þessara brtt. vill stíga skrefið fult út og afnema með öllu sveitfestidvölina, en láta lögheimilið gefa framfærslurjett. En allshn. getur ekki fallist á þetta. Nefndin lítur svo á, að ef slíkt spor yrði stigið, þá yrði að fylgja því heimild fyrir sveitar- og bæjarstjórnir til þess að hafa hönd í bagga með því, hvaða fólk flyttist inn. Jeg skal ekki segja, hvort þingið vill stíga bæði þessi spor. Við síðara sporið yrði dregið úr því, að fátækir menn gætu leitað sjer atvinnu, því að sveitarfjelögin myndu vitanlega amast við slíkum mönnum. Jeg held, að ekki mundi ríkja friður og spekt um þessi mál, þó þeim yrði breytt í þetta horf. Jeg held, að menn fyndu sjer til deiluatriði, t. d. um það, hvort maður hefði fengið lögheimili eða ekki. Það er ekki rjett að hrófla við sveitfestitímanum núna, rjettara

að láta 4 ára tímann reyna sig. En ef menn vilja breyta sveitfestitímanum, þá má ekki stíga skrefið fult út strax, heldur verður að stytta sveitfestitímann t. d. um 1 eða 2 ár, og komast þannig smámsaman þangað, sem hv. 1. þm. N.-M. vill fara nú. Allshn. getur ekki ráðið til þess að stíga sporið hreint út.

Halldór Stefánsson: Mjer þykir leitt, að hv. allshn. skuli ekki geta fallist á brtt. mínar eða aðalhugmynd þá, sem þær byggjast á. Jeg verð að taka undir með þeim, sem telja allar breytingar, sem fyrir liggja, mjög lítilfjörlegar, að mínum fráskildum, jafnmiklir gallar sem eru þó á því ástandi, sem núgildandi lög hafa skapað. Mínar brtt. eru róttækastar af þeim brtt., sem fram eru komnar, og vinna bug á göllunum á þann hátt, sem jeg lýsti í gær. Jeg bjóst nú við því, af því hve menn eru fúsir að játa galla á núgildandi lögum, að menn mundu vera fúsir til að taka til nákvæmrar athugunar allar leiðir til umbóta. En hjer virðist mjer koma fram hik og þorleysi gagnvart öllu nýju. Mjer virðist það bera vott um deyfð eða alvöruleysi að vera að tala um galla, en vilja þó ekki gera alvarlegar tilraunir til umbóta. Menn vilja láta grundvallarskipulag liðins tíma haldast. En með því er loku fyrir það skotið, að bætt verði úr göllunum, því að þeir eru bein afleiðing af skipulaginu.

Það hefir mikið verið rætt hjer um vankvæði við fátækraflutninginn. En mjer virðist þess ekki hafa verið gætt, að hann er bein afleiðing af sveitfestiákvæðunum, eins og þau hafa verið og eru hugsuð í frv., og sjálfsvörn framfærsluhjeraðsins gegn órjettlátum lögum. — Það má framkvæma hann á mannúðlegan hátt, en hjá honum verður ekki komist með því skipulagi, sem nú er á fátækramálunum. — Fátækraflutningurinn er sár og rjettarskerðing fyrir þá, sem fyrir honum verða, en því má heldur ekki gleyma, að þeir, sem framfæra, hafa líka persónurjett, og jeg verð að telja varhugaverðara að ganga á þeirra rjett en hinna.

Jeg gæti skilið hinar daufu undirtektir undir brtt. mínar, ef þær væru frumhugsaðar af mjer, þá gæti jeg skilið, að hv. þdm. teldu það vafasamt, að þær væru á glöggri hugsun bygðar. En þessar breytingar hafa verið í huga ýmsra vitrustu og bestu manna, sem um þessi mál hafa hugsað sjerstaklega, þótt álit þeirra hafi aldrei náð meiri hluta á Alþingi. Þó að frv. þetta nái fram að ganga með einhverjum af þessum óverulegu breytingum, sem fyrir liggja, þá geta hv. þm. reitt sig á, að það verður ekki nema stundarfriður. Það líður þá ekki á löngu áður en þess verður aftur krafist, að lögunum verði breytt.

Þá skal jeg víkja lítið eitt að hinum sjerstöku athugasemdum, sem fram hafa komið. Það er þá fyrst hæstv. atvrh. (MG). Honum skildist, að ekki væri fult samræmi í framsetningu brtt. minna. Jeg skal ekki neita því, að svo geti verið. Jeg tók það fram í upphafi, að þær þyrftu athugunar við einmitt að því leyti, því að jeg hafði nauman tíma til þess að koma þeim á framfæri til 2. umr. Jeg skal geta þess, að þar sem jeg tala um „sveitfesti“ og „framfærslurjett“, þá meina jeg hið sama með báðum þess-

um orðum, og finst það mega vera svo. En annars mun jeg athuga þessar brtt. betur til 3. umr.

Þá skal jeg víkja að frsm. allshn. (JK). Hann fór nú ekki ítarlega inn á brtt., en gat þess, að nefndin sæi sjer ekki að svo komnu fært að mæla með þeim. Hann talaði líklega um að stytta dvölina sem skilyrði fyrir sveitfesti, en taldi varhugavert að stíga skrefið til fulls, því að afnám sveitfestitímans mundi leiða til þess, að samþykkja yrði bygðarleyfi. Jeg neita því ekki, að þetta sje rjett. Er jeg setti þessar till. fram, þá hafði jeg í huga þáltill. þá, sem komin er fram hjer í þinginu um það að endurskoða fyrirmæli þau, er lúta að skyldu manna til þess að eiga lögheimili, og láta athuga, hvort ekki sje rjett að veita sveitar- og bæjarfjelögum rjett til þess að hafa eftirlit með og e. t. v. takmarka innflutning fólks. Þessi hugmynd um bygðarleyfi er ekki ný og ekki bundin við mínar tillögur og virðist þó eiga mikil ítök í hugum manna. Hygg jeg, að ekki verði hjá því komist að setja frekari ákvæði um þetta en nú eru. Þar með er ekki sagt, að það þurfi eða eigi að eigi að vera svo ströng ákvæði eða strangar skorður — nokkur þrælalög. — Jeg álít einmitt, að slík löggjöf eigi að liggja á þeim takmörkum að vera heldur of væg en of ströng, en þar fyrir getur verið þörf á að setja um það skýlaus og glögg lagaákvæði. Þá álít jeg og, að það þurfi að setja skýr og glögg fyrirmæli um skyldu manna til þess að eiga lögheimili. Það mun nú að vísu vera svo nú, að hver maður sje skyldur til þess að eiga lögheimili. En jeg hygg, að lítið sje eftir því gengið, að þessu sje fullnægt. Það ætti að koma því svo fyrir, að hver maður væri skyldur að sýna og sanna, hvar svo sem hann er staddur, hvar hann eigi lögheimili.

Jakob Möller:* Hv. frsm. allshn. (JK) og hæstv. atvrh. (MG) hafa báðir beint til mín orðum, en jeg get svarað þeim báðum í einu lagi. Hv. frsm. sagði, að aðalbreytingarnar, sem gerðar hefðu verið á lögunum, væru eftir kröfum um endurskoðun þeirra. En eins og síðar upplýstist í deildinni, eru ýmsar kröfur, sem hæstv. stjórn hefir alls ekki litið á. Hæstv. stjórn hefir eingöngu litið á þessa einu kröfu, um að sveitarstyrkur svifti menn ekki kosningarrjetti. Það vill þannig til, að þetta var sú krafan, sem eðlilegast hefði verið, að hæstv. stjórn hefði ekki átt við, vegna þess að hjer er um að ræða stjórnarskráratriði, sem verður ekki breytt, nema með stjórnarskrárbreytingu. Bæði hæstv. ráðh. og hv. frsm. neita, að með þessu sje gerð tilraun til þess að fara í kringum stjórnarskrána. Mig furðar mjög á því, að þessir háttvirtu herrar skuli geta látið sjer detta í hug, að það megi fara í kringum hana. Hitt er rjett, að það hafa verið gerðar undantekningar, það er að segja, að með lögum hefir verið ákveðið, að þessi eða hinn styrkur skuli ekki skoðaður sem sveitarstyrkur. Þeir, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, eiga ekki að hafa kosningarrjett. Hjer er ekki tillaga um, hvort styrkurinn skuli vera eða ekki vera sveitarstyrkur, heldur um

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

það, hvort hann sje afturkræfur eða ekki. Hvernig á að komast fram hjá, að þarna sje verið að fara í kringum stjórnarskrána? Með þessu á að koma því svo fyrir, að mennirnir hafi kosningarrjett. Mjer skilst, að þessir háttvirtu herrar vilji gera enn frekari tilraun í þessa átt, sem sje með því jafnvel að setja í lög heimild handa sveitarstjórnum til að veita lán, sem ekki sje talið sveitarskuld, þannig að menn haldi kosningarrjettinum eftir sem áður. Jeg verð að efast um, að þetta sje leyfilegt, og býst við, að það tíðkist ekki til muna. Þetta, sem frv. leggur til, verður ranglátt og ófullnægjandi, því að það er einmitt í flestum tilfellum svo, að þar, sem mestar líkur eru til að fá styrkinn endurgreiddan, er mest mest ástæða til þess að menn sjeu ekki sviftir kosningarrjetti. Ef ætti að gera undantekningar, eins og gert hefir verið t. d. um sjúkrakostnað o. fl., þá er leiðin sú, eins og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) stingur upp á, að hafa sjerstök ákveðin skilyrði. Þó að tillögur hans sjeu ekki fullkomlega viðunandi, þá má vel samþykkja þær hjer og breyta þeim í betra horf til 3. umr. En það er einfaldast viðvíkjandi kosningarrjettinum að vera ekki að fást við hann í sambandi við þessi lög, heldur gera breytingar á stjórnarskránni, einkum þar sem hæstv. stjórn hefir nú lagt slíkt frv. fyrir þingið. En þó að samþykt verði eitthvað svipað þessu, fullnægir það ekki kröfunum, og sama óánægjan verður, eða meiri.

Annað atriði, sem hefir legið á bak við kröfurnar um endurskoðun fátækralaganna, er hreppaflutningurinn og krafan um að afnema hann. Við því hefir ekki verið hróflað, af því sjálfsagt, að hæstv. stjórn hefir ekki álitið það rjett. Hún hefir álitið núverandi fyrirkomulag gott og gilt, eða að minsta kosti þóst viss um, að Alþingi mundi ekki fylgja breytingu í þá átt. En mjer skilst, að þetta muni stafa af því, að ekki muni hafa verið athuguð leið til þess að koma þessu í framkvæmd án þess að gera verulega breytingu á fyrirkomulaginu nú. Það var strax talin eina leiðin til þess að losna við hreppaflutninginn að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir nú gert tillögur til þess að losna við hreppaflutninginn, án þess að landið verði gert að einu framfærsluhjeraði. Að vísu er jeg þeim ekki fylgjandi og álít heppilegast að fara mína leið. Jeg skil ekkert í því, að hvorki hv. frsm., hæstv. atvrh. nje hv. 2. þm. Eyf., sem er mjer þó að mörgu leyti sammála, skyldu sannfærast um, að sú leið er ákaflega auðveld og sanngjörn. Það er enn þá enginn greinarmunur gerður á þessari leið og hinni, að sveitarstyrkurinn sje allur borgaður af framfærsluhjeraðinu. Það er sagt eins og áður, að þetta sje ókleift fyrir framfærsluhjeraðið. Þó benti jeg á leið og vildi, að kostnaðurinn yrði metinn og honum síðan skift niður. (**Atvrh. MG:** Hver á að meta?). Það er hægt að fela sýslumanni það. Framfærslusveitin bæri síðan nokkurn hluta kostnaðarins, en ef munurinn yrði of mikill fyrir framfærslusveit og dvalarsveit, getur ríkissjóður borgað þann hluta.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) segir, að það sje ómögulegt að taka til einstakra atriða án þess að raska grundvellinum.

Jeg þykist ekki fara fram á neina grundvallarbreytingu. Það er aðeins undantekning viðvíkjandi því, að þurfamenn dvelja á öðrum stað en í framfærslusveitinni. Frv. gerir ekki ráð fyrir þessu, en jeg skil ekki, að hv. 2. þm. Eyf. geti ekki greitt atkvæði með þessum breytingum, af því að hann þykist vita, að frekari breytingar komi á eftir. Það er að vísu þetta óformlega við málið, að frv. verður ófullkomið á vissu stigi milli 2. og 3. umr., en slíkt mun oftar hafa komið fyrir.

Það er eins og jeg segi: Spurningin er um vilja þingsins. Vill það afnema hreppaflutninginn eða ekki? Það er hægt að gera án nokkurrar byltingar eða stórvægilegra breytinga.

Hv. 2. þm. Eyf. er mjer sammála um kosningarrjettinn, og þarf jeg ekki að fara frekar inn á það atriði. Hann skýrði það nákvæmlega og vel.

Hæstv. atvrh. talaði sjerstaklega um, að menn þyldu illa það mannúðarleysi að flytja börn hreppaflutningi. Jeg hefi ekki heyrt mikið um það talað, heldur um almennan hreppaflutning, einkum á fullorðnu fólki. Blessuð börnin finna ekki svo mikið til þess, og það er oft svo, að þau lenda á betri stöðum en þau hafa áður verið í. En allur er þessi flutningur leiðinlegur, og væri mjög æskilegt að geta losnað við hann. Og það er auðvitað sjálfsagt að líta eftir því, að sæmilega sje farið með börn þurfamanna.

Mjer finst mínar tillögur ákaflega ljósar. Jeg er sannfærður um, að ef menn vilja ekki fara eftir þeim, er það ekki af því, að það sje svo erfitt frá laganna sjónarmiði, heldur af hinu, að þeir vilja engu verulegu breyta. En þá er líka best að játa það og verja ástandið eins og það er nú og segja kosti þess.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð til að leiðrjetta misskilning, sem fram kom í ræðu hæstv. atvrh. Hann sagði, að jeg hefði lýst vonbrigðum yfir því, að stjórnin hefði ekki lagt til að gerbreyta grundvelli fátækralaganna. Þetta er ekki rjett. Jeg lýsti vonbrigðum yfir því, að stjórnin hefði ekkert gert til þess að laga misrjetti á milli sveitarfjelaganna. Jeg get hugsað mjer aðra leið en þá að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði, t. d. þá, að ríkissjóður beri hluta af fátækrakostnaðinum. Með því móti hjeldist hvöt sveitarstjórnarinnar til þess að gera vel, en mismunurinn yrði þó ekki eins mikill og hann er nú. Jeg get ekki skilið, hvað sem veldur því, að sveitarstyrkur er þeginn, að ekki sje rjett, að styrkþegi endurgreiði hann, ef hann kemst í þær ástæður, að hann sjer sjer það fært.

Út af síðustu orðum háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) um fátækraflutning, vil jeg geta þess, að jeg tel, að tillaga sú, sem hann orðaði í gær, og tillaga hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sjeu vel frambærilegar, þar sem báðar þessar tillögur miða að því að gera fátækraflutning óþarfan. Aftur á móti má segja um tillögu hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að hún er ósanngjörn, þar sem hann vill, að framfærslusveitin taki á sig þurfamennina, en vill samt hindra, að hún geti flutt þá til sín. Jeg skildi ekki í hvaða sambandi hv. 4. þm. Reykv. (HjV) var að benda mjer á brtt. á þskj. 95 áðan. Jeg er búinn að lesa hana. Mjer finst hún eiginlega

óþörf, en jeg mun greiða henni atkvæði, þar sem jeg sje ekkert á móti henni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) heldur því fram, að hjer sje verið að fara í kring um stjórnarskrána eða ganga of nærri henni. En jeg vil endurtaka það, að stjórnarskráin heimilar að gefa í almennri löggjöf ákvæði um, hvað eigi að teljast sveitarstyrkur. En mjer skilst, að þegar styrkurinn er ekki afturkræfur, sje hann ekki lengur skuld. Skuld er krafa, sem hægt er að fylgja fram að lögum. „Mórölsk" skuld kemur ekki hjer til greina. Hv. þm. gaf í skyn, að lán mundi vera sjaldgæft, en jeg hygg, að það komi oft fyrir. **(JakM:** Þá er bæði farið í kringum stjórnarskrána og fátækralögin!). Kannske maður fari í kringum stjórnarskrána í hvert skifti, sem maður lánar fátækum manni nokkrar krónur?

Um fátækraflutninginn vil jeg segja, að það er undarlegt, að hv. þm. skuli snúa sjer til stjórnarinnar um það atriði. Hún vill þó hafa ákvæðin nær hans skoðun en nefndin. En hann segir ekkert við nefndina. Ef hv. þm. vill gefa orðum sínum kraft, á hann að snúa þeim þangað, sem þau eiga best við. Hv. þm. viðurkendi, að það væri rjett hjá mjer, að börnin hefðu betra af að vera flutt upp í sveit. Þá er þetta ekki með öllu ilt. Það er þó mikilsvert atriði, hvað þeirri upprennandi kynslóð er fyrir bestu. Jeg efast um, að þeir fullorðnu sjeu rjetthærri.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) þarf jeg litlu að svara. Mjer skildist hann halda því fram, að það væri hægt að koma á jöfnuði milli allra sveita landsins, án þess að landið yrði gert að einu framfærsluhjeraði. Jeg verð að segja, að jeg get ekki komið auga á þetta, því að ef fylsta sanngirni á að vera eftir hans skoðun, sje jeg ekki annað en að það verði að taka fátækraframfærslu alveg á sama hátt og aðra skatta, því að niðurjöfnun á öllu landinu eftir efnum og ástæðum er ómöguleg. Og vissulega efast jeg mjög um, að sú aðferð reyndist yfirleitt sanngjarnari en sú aðferð, sem nú er viðhöfð.

Hákon Kristófersson: Þó að jeg byggist ekki við því, hafa brtt. mínar á þskj. 64 mætt mótblæstri hjer í hv. deild. Jeg verð að segja, að það kemur mjer mjög á óvart, sjerstaklega um 2. brtt., þar sem á móti henni eru sumir af mínum stjettarbræðrum. Jeg hafði einmitt búist við, að sjerstaklega mundu það vera bændurnir, sem ljetu sjer umhugað um hjúin, ef um nokkra væri að tala, og þar af leiðandi mundu þeir styðja þessa breytingartillögu.

Jeg þakka hv. 1. þm. Rang. (KlJ) fyrir ummæli hans um 4. brtt. mína. Jeg verð að halda því fram, að þar sje heppilegar að orði komist en með orðinu „skylt" í frv. Jeg vil benda á, að svo getur staðið á, að sveitarstyrk þurfi að veita, án þess að hreppsnefnd sje kölluð saman. Með öðrum orðum, að oddviti þurfi oft að taka einn ákvörðun um það, hvort styrk skuli veita. Þegar svo stendur á, hefir þá oddviti vald til að taka einn ákvörðun um það, hvort styrkurinn skuli afturkræfur eða ekki? Jeg verð að halda því fram, að það hafi hann ekki.

Þá vil jeg taka það fram, að jeg er sammála hæstv. atvrh. um, að

ákvæði 43. gr. ríði ekki í bága við núgildandi stjórnarskrá, samkv. 29. gr. hennar. Þó að manni sje veittur styrkur og ákveðið sje, að hann skuli niður falla, er það ekki skuld, því að skuld, sem er eftir gefin á hvaða hátt sem er, getur ekki verið kröfuhæf gagnvart þeim, er upprunalega hafði stofnað til hennar.

Mig minnir, að það væri hv. frsm. (JK), sem óskaði þess, að b-liður 5. brtt. væri ekki samþyktur. Með mínum besta vilja get jeg ekki skilið, af hverju hv. frsm. hefir lagt svo ríka áherslu á það atriði, því að í tillögunni felst ekki annað en trygging fyrir því, að rjettur sje ekki fyrir borð borinn. Annars mun jeg, eins og jeg tók fram áður, leggja á vald háttv. deildar, hvort hún aðhyllist brtt. mínar. Mín skoðun er sú, að þær eigi rjett á sjer. Ef skoðun annara ríður í bága við það, er ekkert við því að segja.

Jeg drap á það fyrri, að jeg teldi miður rjett að fella niður fátækraflutninginn, af þeim ástæðum, að jeg býst við, að hinar ýmsu sveitir og hjeruð eigi hægra með að sjá fyrir þurfalingunum í sínu eigin hjeraði. Þetta er hægt að sanna með mörgum dæmum. Mjer er persónulega kunnugt um, að ekki fáum þurfalingum er komið hjeðan upp í sveit, til þess að framfærslukostnaðurinn verði minni, eða með öðrum orðum til þess að ljetta á bænum. Á jeg þar sjerstaklega við ungbörn, þó dæmi sjeu fyrir því um fullorðið fólk líka. Þar eð bæirnir líta svo á, að hagkvæmara sje fyrir sig að koma sínum þurfalingum upp í sveit sökum minni meðlagskostnaðar, þá ætti það að vera ábyggilegt sönnunaratriði fyrir því, sem jeg hefi haldið fram, að eðlilegt sje, að sveitirnar vilji hafa þurfalinga á framfæri hjá sjer innansveitar heldur en kosta framfæri þeirra í bæjunum. Það er vitanlega rjett, að jeg lít þar á peningahliðina, og þó undarlegt sje, fer „Alþýðublaðið" þar rjett með. Tel jeg mig ekkert minni mann fyrir það. — Annars hefi jeg hjer fyrir framan mig skýrslu um úthlutun fátækrastyrks hjer í Reykjavík árið 1925. Virðast þar engin takmörk sett um úthlutunina, og það sorglega er, að þar stendur meðal annars, að mönnum hafi verið veittur fátækrastyrkur vegna vinnuleysis og óreglu. Mönnum er sem sje veittur styrkur fyrir það að nenna ekki að vinna. Þá segir tíðindamaður „Alþýðublaðsins", að jeg hafi sagt, að sjálfbjargarviðleitnin myndi hverfa, ef till. háttv. 4. þm. Reykv. yrðu samþyktar. Slík voru aldrei orð mín. Jeg spurði aðeins, hvort slík lagaákvæði myndu ekki geta dregið úr sjálfbjargarviðleitni manna, og jeg tók það skýrt fram, að jeg teldi sjálfsagt að veita fátækrastyrk, þegar brýn nauðsyn krefði, hvort heldur það væri sakir ómegðar eða annara óviðráðanlegra kringumstæðna, og jafnframt, að það væri skylda hverrar sveitarstjórnar að hafa glöggar gætur á, að slíkum styrkveitingum væri framfylgt með allri mannúð.

Háttv. 4. þm. Reykv. sagði, að menn vissu, hvað lagfæra þyrfti í þessum málum, en vantaði til þess viljann, og komst meðal annars þannig að orði:

„Jeg held, að það, sem mestu veldur um það, hve erfitt er að koma

lagi á fátækramálin, sje ekki það, að menn sjái ekki, hvað aflaga fer, heldur hitt, að viljann vantar", o. s. frv.

Það þarf mikið þrek til þess að taka sjer dómsvald í hendur og kveða upp slíkan dóm yfir öllum þeim mörgu mönnum, sem eru annarar skoðunar en hann sjálfur. Maður skyldi nú ætla, að menn, sem kveða upp slíka dóma yfir öðrum, gengju á undan með góðu eftirdæmi að líkna þeim bágstöddu. En hjer mun ekki því til að dreifa, slíkt hefir aldrei heyrst um þennan hv. þm. Hann hefir verið varðveittur frá allri góðgerðasemi, eftir því sem jeg veit best. Jeg er því hræddur um, að hjer sannist hið fornkveðna, að þeir gala hæst um að líkna öðrum, sem aldrei hafa svo mikið sem gefið þyrstum svaladrykk eða svöngum saðningu og aldrei hjálpað klæðlausum manni til að hylja nekt sína.

Annars þykist jeg hafa vit á sveitarstjórnarmálum, engu síður en hv. 4. þm. Reykv., þar sem jeg hefi verið við þau riðinn að meira eða minna leyti í 24 ár samfleytt, og geti þessi hv. þm. nefnt eitt einasta dæmi, þar sem jeg hafi misbeitt valdi mínu og gengið á rjett lítilmagnans, þá mun jeg viðurkenna, að eitthvað rjett kemur af hans vörum.

Að jeg nefndi nafn vissrar persónu í þessum umr. í fyrradag, var ekki af því, að jeg með því væri að draga hana inn í umr. á neinn óviðurkvæmilegan hátt, heldur nefndi jeg hana sem dæmi, máli mínu til sönnunar, af því að jeg bjóst við, að sá háttv. þm., sem jeg var að svara, myndi þekkja hana. Jeg mótmæli því algerlega, sem stendur í „Alþýðublaðinu", að jeg hafi dregið hana inn í umr. á óþinglegan hátt. Þessi ummæli blaðskækilsins eru því ekkert annað en tilraun til að reyna að sverta náungann, eins og því er svo mjög títt. (**MJ**: Það verður ljóta greinin, sem kemur í „Alþýðublaðinu" á morgun). O, jeg hefi þá fyr heyrt þjóta í þeim skjá og staðið jafnrjettur eftir þær vindgolur. (Hlátur).

Þá hefir hv. 4. þm. Reykv. komið með brtt. á þskj. 95. Henni gæti jeg fylgt, ef hann aðeins vildi stytta hana töluvert, og það veit jeg, að hann gerir, því við erum altaf sammála, nema þegar hann fer út í ólukkans öfgarnar. Annars býst jeg við, að jeg sje í hjarta mínu meiri jafnaðarmaður en hann, (Hlátur), því að það er nú svo með marga þessa jafnaðarmenn, að þeir meina minst af því, sem þeir halda fram. Þó er undantekning t. d. með Ólaf Friðriksson, hann virðist hafa hugsjón, sem hann berst fyrir í fullri einlægni, þó jeg og aðrir sjeu honum andstæðir vegna öfga þeirra, sem hann varpar fram sínu máli til stuðnings. Að því leyti er hann miklu heiðarlegri en háttv. 4. þ. m. Reykv., sem ekkert meinar að mínu áliti af öllu sínu jafnaðarmannatali. Meinar kannske þessi háttv. þm., að ekki sje rjett að taka börnin frá foreldrunum, þegar þau líða allskonar skort hjá þeim? Jeg býst ekki við því. Og hvernig eiga t. d. sveitarstjórnir að fara að, þegar fluttar eru á þær úr kaupstöðunum stórar fjölskyldur á haustin, ef ekki má skifta þeim niður að einhverju leyti á heimilin. Ekki er hægt að láta þær hafa jarðnæði þá, og víða er þannig húsum háttað, að ekki er hægt að koma þeim fyrir á eitt heimili.

Jeg á nefnilega ekki við að búa til moldarkofa, sem aldrei er kveikt ljós í allan veturinn, eins og hv. þm. var að tala um í fyrradag, að hann vissi dæmi til að hefði verið gert. Annars ímynda jeg mjer, að sú saga hafi verið úr lausu lofti gripin.

Þá vil jeg taka það fram, að jeg er fús til að fallast á síðari málslið brtt. á þskj. 95, að sveitarstjórnir eigi að vanda val staðanna, sem börnunum er komið fyrir í. (**HjV:** Þessi málsgrein er í gildandi lögum). Já, en ekki eins orðuð. Þá hefi jeg og töluverða tilhneigingu til að fylgja tillögunum á þskj. 80, því að þær ganga í þá átt að leysa þann hnút, sem allir eru óánægðir með, sem sje atriðið um sveitfestidvölina. Annað mál er það, hvort þær eru allar í fullu samræmi við það, sem meint er með þeim, en það mætti laga til 3. umr.

Að síðustu nokkur orð til háttv. 4. þm. Reykv. Jeg held, að varlega sje farandi í það að brigsla öðrum um, að þeir sjeu á móti þeim, sem minni máttar eru, þó að menn greini á í skoðunum. Jeg legg mest upp úr framkomu manna í þeim efnum sem öðrum, hvað þeir sýna í verkinu, því „á ávöxtunum skulið þið þekkja þá". Verður það nú sagt um hv. 4. þm. Reykv., að hann hafi öðrum fremur sýnt það í verkinu, að hann vilji hjálpa þeim, sem bágt eiga? Hvað hefir hann kannske gert til þess að lagfæra hið óeðlilega háa verð, sem verið hefir á nýjum fiski nú um langan tíma hjer í Reykjavík, sem bæði fátækir og ríkir hafa orðið að búa við? Jeg veit það ekki, og það veit víst enginn. Þetta er sagt sem dæmi til að benda á, að hv. 4. þm. Reykv. hefir sífelt á vörunum tal um bætt kjör almennings, en er manna sístur hvað allar framkvæmdir snertir því viðkomandi. Það má vel vera, að það hefði verið erfitt viðfangs að lagfæra það, en eitt spor í áttina fyrir málefnið hefði honum ekki verið vorkunn að stíga, en svo mikið hefir hann einu sinni ekki gert fyrir þá fátæku.

Sleppi jeg svo að fara lengra út í þetta mál nú, en gerist þess þörf síðar, vænti jeg, að hæstv. forseti gefi mjer leyfi til að bera af mjer sakir.

Læt jeg því staðar numið, svo aðrir geti tekið til máls og tíðindamaður „Alþýðublaðsins" geti truflunarlaust skrifað hugleiðingar sínar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 64,1 samþ. með 17:8 atkv.

— 56,1.a—b samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 64,2 feld með 18:7 atkv.

9. gr. samþ. með 18:1 atkv.

10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 65,1 feld með 21:1 atkv.

11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

12.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 56,2 samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 56,3 samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 80,1 tekin aftur.

20. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 80,2 tekin aftur.

21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 80,3 tekin aftur.
— 56,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 80,4 tekin aftur.
— 56,5 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 80,5 tekin aftur.
— 56,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 80,6 tekin aftur.
25.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 56,7 samþ. án atkvgr.
28. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
29.—33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 64,3 feld með 15:10 atkv.
34. gr. samþ. með 16:7 atkv.
35.—37. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 56,8.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 56,8.b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 56,8.c samþ. með 17 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 65,2.a samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: Þþ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, BSv.
nei: PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BL, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MT, ÓTh.
Brtt. 65,2.b feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, Þþ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JakM, JS, JörB, BSv.
nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ.
Brtt. 65,2.c feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, IngB, JakM, JG, JörB, MT, Þþ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.
nei: HStef, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL.
Brtt. 65,2.d feld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, JakM, MT, Trþ, BSv.
nei: IngB, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, Þþ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK.
Brtt. 65,2, svo breytt, tekin aftur.
— 64,4 feld með 15:8 atkv.
— 56,9 samþ. með 18:2 atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
44.—47. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 56,10 samþ. án atkvgr.
48. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 56,11 samþ. án atkvgr.
49. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 56,12 samþ. án atkvgr.
50. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 56,13 samþ. með 22:1 atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
53.—56. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 64,5.a samþ. án atkvgr.
— 64,5.b feld með 15:9 atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 56,14.a samþ. með 17:2 atkv.
— 56,14.b samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JörB, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ,

ÁJ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JG, JK, JÓl.

nei: KlJ, MG, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HjV, JakM, JAJ, BSv.

Brtt. 65,3 feld með 23:3 atkv.

58. gr., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv.

59. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 56,15 samþ. án atkvgr.

60. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 65,4 tekin aftur.

— 56,16 samþ. án atkvgr.

61. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

62.—64. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 56,17.a—c samþ. án atkvgr.

— 56,17.d tekin aftur.

65. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 64,6 feld með 15:2 atkv.

66. gr. samþ. með 17:1 atkv.

67.—69. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 23., 25., 27. og 29. fundi í Nd., dagana 7., 9., 11. og 14. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 106, 113, 115, 117, 126).

Hjeðinn Valdimarsson: Nokkrar brtt. við frv. frá mjer liggja hjer fyrir, og vildi jeg skýra þær hjer lítið eitt. Jeg gat þess við 2. umr., að mjer þættu ekki breytingar þær á fátækralögunum, sem hjer eru á ferðinni, svo ítarlegar sem búast hefði mátt við, og mundi jeg því flytja þáltill., er sýndi, í hvaða átt ætti að stefna í þessum sökum. Eftir að hafa athugað frv. nánar sá jeg, að hægt var að gera á því þær breytingar, sem til bóta mættu verða, þó að sama frumvarpsform yrði undirstaðan áfram. Þessar brtt. eru á þskj. 115. Aðalbreytingin, sem er í 8 liðum, er um það, að í stað þess, að hver hreppur sje sjerstakt framfærsluhjerað, þá sje alt ríkið gert að einu framfærsluhjeraði, og sje framfærslurjetturinn bundinn við ríkisborgararjett. Hver maður öðlast hann í dvalarsveit sinni. — Brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) í þessu atriði gengur skemmra. Þar er farið fram á, að hver maður fái sveitarstyrk þar, sem lögheimili hans er. Jeg álít, að betra sje að hafa hjer dvalarsveit í stað lögheimilis, því að menn geta skrifað sig til heimilis hvar sem er, enda þótt þeir dvelji þar aldrei, en þar sem maðurinn er, er dvalarsveit hans ákveðin.

Með breytingunni um, að ríkið verði eitt framfærsluhjerað, mundi hverfa að mestu hin mikla skriffinska, sem nú er. Þá fjellu og niður allar deilur um sveitfesti, og ef samþykt yrði brtt. um niðurjöfnun framfærslukostnaðar hreppanna yfir alt landið, þá mundi líka bundinn endir á allan málarekstur og deilurnar um endurgreiðslur hreppa á milli. Loks er það, að ef hver maður á framfærslurjett í dvalarsveit, þá er fátækraflutningur ekki nauðsynlegur lengur. En þeir hv. þm., sem telja sig í rauninni andvíga þurfa-

mannaflutningi, en álíta, að hann sje nauðsynlegur, eins og nú er ástatt, geta hjer fengið bót á því með breytingu skipulagsins, ef þeim er það nokkurt áhugamál. Sú nauðsyn, sem þeir telja nú til slíks flutnings, fjelli niður, þar sem fátækrakostnaðinum yrði jafnað niður. Allir þessir 8 liðir eru um það sama, og ætla jeg ekki að tala meira um það.

Þá eru brtt. á þskj. 126. Eru það brtt., er jeg flutti við 2. umr., en komu þá ekki til atkvæða. Flyt jeg þær hjer aftur nokkuð breyttar. Önnur brtt. er á þá leið, að fátækrastjórnirnar geti ekki tekið börn frá foreldrum, nema þeir leyfi. Þó eru hjer undantekningar, ef um siðferðilega spillingu á heimilinu er að ræða, eða ef illa er farið með börnin. Það er ekki óalgengt nú, að börn hafi verið tekin frá foreldrum sínum nauðugum, þótt börnin hafi verið augasteinar foreldranna. Getur hver maður gert sjer í hugarlund, hversu þungbært það hljóti að vera þeim, sem hlut eiga að máli. Hin brtt. á sama þskj. bannar fátækrastjórnunum að skilja að hjón, nema með leyfi þeirra sjálfra. En þetta á sjer stað eftir fátækralögunum, eins og þau nú eru. Jeg vona, að hv. þm. geti fallist á brtt. þessar.

Þá kem jeg að 9. brtt. á þskj. 115. Samkvæmt frv. er ekki hægt fyrir sveitarstjórnirnar að gefa upp sveitarstyrk fyr en eftir 2 ár frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Jeg sje enga ástæðu til þess að hindra það, ef sveitarstjórnin óskar að gefa upp styrkinn. Það kunna að koma fyrir þau tilfelli t. d., að sveitarstjórnirnar segi við styrkþegann: Ef þú vilt nú bjarga þjer sjálfur hjeðan í frá, skulum við gefa þjer upp styrkinn. Og þá er þetta einmitt hvetjandi og uppörvandi fyrir mann þann, sem hlut á að máli.

Þá er b-liðurinn, sem einnig á við 43. gr. Eftir allar atkvgr. við 2. umr. um þá grein, var loks samþykt, að styrkur veittur mönnum, sem orðnir væru 60 ára eða eldri, skyldi ekki afturkræfur, en svo mikið var felt af málinu kringum þessa tillögu, að hana varð að taka upp að nýju. Jeg kem nú hjer fram með brtt., sem ganga nokkuð í aðra átt. Það er ekki talað hjer um, hvort styrkurinn sje afturkræfur eða ekki, heldur er kveðið svo á, að hann verði ekki skoðaður sem sveitarstyrkur, þ. e. a. s., að styrkþegi missi ekki kosningarrjett. Jeg hefi numið burtu þá brtt., að styrkur sökum atvinnuleysis sje ekki skoðaður sem sveitarstyrkur, vegna þess, að jeg bjóst við, að það mundi ekki ná fram að ganga frekar en við 2. umr., þó að nokkuð yrði breytt til um efni. Þá hefi jeg breytt till. um ómagamenn þannig, að í stað þess, að áður þurfti 3 börn, þá þurfi nú minst 4, og 2, ef kona á í hlut, til þess að ómegð teljist, og sje styrkur sá afturkræfur, en skoðist sem lán, og varði ekki missi kosningarrjettar. Í 3. lið er talað um styrk vegna heilsuleysis þiggjanda og komi þar til vottorð læknis um, að hann hafi verið ófær til vinnu 4 mánuði vegna þessa heilsuleysis. Aftur á móti er ekki tekið til heilsuleysi hjá vandamönnum hans. Slíkur styrkur varði heldur ekki missi kosningarrjettar, en sje afturkræfur.

Í 48. gr. frv. hefir stjórnin breytt lögunum og skerpt þau svo, að það varði fangelsi, ef barnsfaðir skorast

undan að borga meðlag með barni sínu. Jeg fæ ekki sjeð, að slík ákvæði sjeu til bóta, en finst þau minna helst á flengingarlög Albertis.

Þá kem jeg að síðustu brtt., sem fer fram á að jafna framfærslukostnaði alls landsins niður á hreppana. Það leiðir af till. um að maður hafi framfærslurjett í dvalarsveit sinni mikil röskun á fyrirkomulagi því sem nú er, og einnig koma fátækragjöldin mjög ójafnt niður nú og mundu þó koma enn ójafnar niður, ef ný breyting kæmi ekki til. En með brtt. þessari er ráðin bót á því. Samkv. henni skal hver hreppur senda atvrh., í lok reikningsársins, skýrslu um fátækragjöld þau, er hann hefir greitt. Síðan skal gjöldunum jafnað niður um alt land eftir efnum og ástæðum hreppanna og nánari reglum, sem jeg bind mig ekki fast við, en tek þó þar til undirstöðu fasteignamat og tekjur og eignir í hreppnum. Fá þá þeir hreppar, sem orðið hafa fyrir miklum fátækragjöldum, endurgreiðslu frá þeim hreppum, sem lítil fátækragjöld hafa þurft að greiða, á því, sem fer fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í öllum hreppum landsins, miðað við mælikvarða eins og fyr segir. Það eru til dæmi þess, að einstaka hreppar hafa orðið afarilla úti í þessu tilliti, t. d. Bessastaðahreppur og aðrir hreppar í Gullbringusýslu, svo að þeir urðu jafnvel gjaldþrota, eða þurftu að leita til sýslunnar eða ríkissjóðs vegna þessara gjalda. En aðrir hreppar hafa aftur á móti þurft litlu til að kosta, og þó hefir það ekki altaf verið að þakka sveitarstjórnunum, heldur tilviljun. Það er nauðsynleg rjettarbót að koma jöfnuði á fátækragjöldin. En það er ekki hægt að gera það nema með slíkri lagabreytingu.

Af brtt. þessari leiðir, að falla mundu úr frv. margar greinar, því að það sýnir sig, að næstum þriðji hluti frv. fjallar um viðskifti sveitarstjórna út af sveitfestiákvæðinu, endurgreiðslum o. fl. Lögin mundu við þetta styttast og verða einfaldari í meðferð og ódýrari í framkvæmd.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla að byrja með að geta þess, að brtt. á þskj. 80, sem jeg bar fram við 2. umræðu, eru teknar aftur, en koma nú fram í nýrri mynd og endurskoðaðar á þskj. 113. Tilgangurinn með till. er að eyða annmörkum þess ástands, sem skapast hefir af ákvæðum þeirra laga, sem í gildi eru um þetta. Jeg hefi lýst þessu við 2. umr. og sje því ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það nú.

Komnar eru fram aðrar brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV) á þskj. 115, sem hann hefir gert grein fyrir, og miða þær að því sama og brtt. mínar, en eru róttækari. Þar er lagt til, að afnema þá skifting landsins í fátækrahjeruð, sem nú er. Jeg get, eins og jeg hefi áður sagt, fallist á, að hugsunin, sem bak við liggur, sje rjett, en jeg óttast, að þetta mundi leiða af sjer meiri fátækrabyrði en nú er. Því mæli jeg heldur með mínum brtt. Jeg veit ekki, hvorar brtt. verða fyr bornar undir atkvæði. Ef hans till. verða fyr bornar upp, þá mun jeg greiða atkvæði á móti þeim í þeirri von, að mínar verði samþyktar. En ef mínar till. koma fyr til atkvæða og verða feldar, þá mun jeg greiða atkvæði með hans till., að svo

miklu leyti, sem þær snerta sama efni og mínar. Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala. Jeg mun með atkv. mínu sýna afstöðu mína til þeirra.

Frsm. (Jón Kjartansson): Allshn. hefir borið fram 4 smávægilegar brtt. við frv. á þskj. 117, og þarf jeg ekki að fjölyrða mikið um þær. 1. brtt. er við 7. gr. frv., um að 2. mgr. þeirrar greinar falli burt. Þetta er bein afleiðing af því, sem hv. deild gerði hjer við 2. umr. Þá er 2. brtt. við 11. gr. Nefndin vill, að tillag húsbónda til hjús, sem liggur sjúkt utan heimilis, verði hækkað úr 1 kr. upp í 2 kr. Þetta er nokkurskonar miðlunartillaga, því við 2. umr. kom fram till. um að tillagið skyldi vera 5 krónur, en það virtist nefndinni of hátt. Því fór hún fram á meðalveg. Hinar tvær till. eru orðabreytingar, sem óþarfi er að fjölyrða um.

Þá hefir hv. 4. þm. Reykv. (HjV) flutt nokkrar stórfeldar brtt. við frv. á þskj. 115 og aðrar smærri á þskj. 126. Stærst er 2. brtt. á þskj. 115 við 20. gr. frv., en hún fer fram á að gera ríkið að einu framfærslufjelagi, og að sjerhver íslenskur ríkisborgari eigi framfærslurjett í dvalarsveit sinni. Hv. þm. er ekki lengi að framkvæma þær hugsanir, sem hann kom fram með við 2. umr., honum finst ekki ástæða til neinna rannsókna áður en til framkvæmda kemur. Í sambandi við þessa aðaltill. hans þarf að skoða 13. brtt. hans, við 52. gr., sem fer fram á einskonar niðurjöfnun á framfærslukostnaðinum. Þar er sagt, að eigi síðar en 1. febrúar skuli sveitarstjórnirnar gefa atvinnumálaráðuneytinu yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem þær hafa haft á árinu, og síðan á atvinnumálaráðuneytið að jafna niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Jeg geri nú ráð fyrir, að mikið megi um þetta deila, hvort þetta sje sanngjarnt eða rjettlátt, þegar til lengdar lætur, en jeg skal ekkert um það deila nú, því að það kemur ekki til nokkurra mála, að Alþingi samþykki þetta nú, að órannsökuðu máli. Þegar atvinnumálaráðuneytið hefir gert áætlun um niðurjöfnunina, á það svo að fara á stúfana og innheimta tillög hjá þeim sveitarfjelögum, sem hafa greitt of lítið, og endurgreiða þeim sveitum, er of mikið hafa greitt. Jeg geri ráð fyrir, að með þessu fyrirkomulagi verði fyrirhöfnin og skriffinskan svo mikil, að fresturinn til 1. júlí fái naumast staðið, en það er aukaatriði. Aðalatriðið er það, að með þessu virðist stuðlað að því, að bruðlað verði með fje til fátækraframfærslu. Ef þetta verður samþykt, er með því beinlínis ýtt undir sveitarfjelögin að fá endurgreiðslur, í stað þess að þurfa að endurgreiða eitthvað til annars sveitarfjelags. Þetta er aðalmótbáran á móti þessari brtt., og meiri hl. allshn. getur alls ekki mælt með því, að slík breyting verði samþykt. Ef Alþingi vill ganga inn á þá braut að gera alt landið að einu framfærslufjelagi, og jeg fyrir mitt leyti hygg, að það sje

rjettmætt, þá þarf fyrst að koma ítarleg rannsókn á málinu og till. svo að byggjast á þeirri rannsókn. Það má ekki knýja fram svona stórfeldar breytingar að órannsökuðu máli.

Aðrar brtt. hv. 4. þm. Reykv. eru smávægilegri og hefir meiri hl. nefndarinnar óbundin atkvæði um þær. Það eru tvær brtt. við 43. gr. Hin fyrri fer fram á, að sveitarstjórnirnar geti hvenær sem er gefið upp sveitarstyrk. Eftir núgildandi lögum mega þær gera það þegar 5 ár eru liðin frá veitingu styrksins, en stjórnin hefir fært það niður í 2 ár. Hv. þm. kann illa við að fara svona meðalveg og hefir viljað taka skrefið fult með sinni brtt. Þetta er að vísu ekki stór breyting, en jeg álít hana þó heldur til hins verra og tel hyggilegra að fara meðalveginn. Þá kemur nokkurskonar viðaukatillaga við 43. gr. Samkv. 43. gr. frv. er sveitarstjórnum skylt að kveða svo á, að sveitarstyrkur sje ekki afturkræfur, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, m. a. elli, ómegð, heilsuleysi o. fl. Hv. þm. vill taka út úr þessu vissa elli, vissa ómegð og vist heilsuleysi og segja, að styrkur sá, sem slíkum mönnum er veittur, skuli ekki teljast sveitarstyrkur. En jeg hygg, að svo geti farið, að með þessu fremji hv. þm. meira ranglæti en hann ætlar sjer. Jeg álít, að rjettara sje að láta sveitarstjórnirnar hafa óbundnar hendur um málið. Þessi brtt. tekur vissa flokka út úr, og þar með er grundvellinum kipt undan mati sveitarstjórnanna. Það sjest ekki, hvort dvalarsveit getur krafið framfærslusveit um þessa upphæð, en ef svo er, þá getur stafað ruglingur af þessu ákvæði.

Þá er brtt. við 48. gr. frv., þar sem hv. þm. vill fella niður heimild framfærslusveitar til þess að láta barnsföður afplána ógreitt barnsmeðlag. Þetta ákvæði var áður fyrri lengi í lögum, en var afnumið með lögunum 1905. Oft hefir heyrst síðan, að það væri illa farið, að þetta ákvæði hefði verið afnumið. Ástæðan til þess, að þetta er tekið upp nú, er sú, að kunnugt er, að margir barnsfeður vanrækja að greiða meðlögin, þótt þeir geti. Jeg tel sjálfsagt að heimila framfærslusveit þvingunarráðstafanir, ef barnsfaðir vanrækir skyldur sínar í þessu efni. Jeg skal geta þess, að meiri hl. allshn. er á móti þessari brtt.

Um brtt. á þskj. 126 frá sama hv. þm. skal jeg ekki fjölyrða. Meiri hl. allshn. hefir óbundin atkvæði um þær. Jeg fyrir mitt leyti gæti verið með seinni brtt., en síður með hinni fyrri. Jeg tel hana óþarfa, því að það er oftar, að börnum er gert gott með því að koma þeim fyrir á góðum heimilum.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Jeg skal ekki rökræða þær hjer nú, jeg skýrði frá afstöðu allshn. til þeirra við 2. umr. Nú eru þær komnar hjer aftur, að vísu með breyttu orðalagi, en efni þeirra er óbreytt. Jeg þarf því ekki að endurtaka það, hvers vegna allshn. getur ekki aðhylst þær. Jeg skal svo ekki hafa mál mitt lengra. Jeg vænti, að atkvgr. geti orðið lokið í dag og hv. þdm. verði meiri hl. allshn. samdóma um brtt.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þær brtt., sem jeg ætla aðallega að gera að umtalsefni, eru brtt. þeirra hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), og mun jeg þá fyrst snúa mjer að brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 115.

Aðalbreytingin þar miðar að því að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Um þetta get jeg verið fáorður, því að jeg ljet í ljós þá skoðun mína við fyrri umr. þessa máls, að slík breyting mundi óheppileg, enda líklegt, að fátækraframfærslan yrði dýrari á þann hátt. Og sömu skoðunar hygg jeg, að margir fleiri sjeu. — Beinna sannana um þetta er ekki hægt að krefjast fremur en um aðra óorðna hluti, en mjög miklar líkur eru til, að kostnaður við fátækraframfærslu landsins verði meiri, þegar þeir fjalla um þau mál, sem ekki eiga beint eða beinlínis að borga brúsann.

Jeg tek þá fyrir í einu lagi 8 fyrstu brtt. og 13. brtt. líka, því að þær miða allar að sama marki. Þó er 4. brtt. nokkuð sjerstök. Þar stendur, að „danskir ríkisborgarar heimilisfastir hjer á landi eiga sama framfærslurjett sem íslenskir ríkisborgarar, meðan þeir dvelja hjer".

Mjer er ekki alveg ljóst, hvað hv. þm. meinar með þessu. Samkvæmt sambandslögunum erum við skyldir til að leggja slíkum mönnum fje, þarfnist þeir þess, en fáum það síðan endurgreitt af framfærslusveit þeirra í Danmörku. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. hefir athugað þetta, og vil því vita, hver meining hans er með þessari brtt., og geymi svo frekari athugun hennar, þangað til hann hefir talað fyrir henni.

Um 13. brtt. er það að segja, að óhugsanlegt er, að hana megi samþykkja, því að þótt svo væri ákveðið, að allar sveitarstjórnir sendu reikningsskil fyrir janúarmánaðarlok hvert ár í stjórnarráðið, þá getur það auðveldlega dregist lengra fram á veturinn, svo að óhugsanlegt er að innheimtum og endurgreiðslum verði hægt að ljúka fyrir 1. júlímánaðar. Þó segir í brtt., að þetta *skuli* gert, en það verður bara alls ekki hægt, svo að þá er meiningarlítið að bera fram slíkar breytingar.

Jeg hlýt líka að skilja þessa 13. brtt. svo, að öllum fátækrakostnaði eigi að jafna niður eftir framtali tekna árinu áður, þó að það komi ekki beinlínis fram. En nú er kunnugt, að þessar tekjuskýrslur er ekki hægt að fá fyr en svo seint, að það mundi seinka niðurjöfnuninni mikið.

Um a-lið 9. brtt., við 43. gr., þarf jeg ekki að vera margorður. Það er ekki nema sjálfsagt, að sveitarstjórnir hafi ákvörðunarvald um það, hvenær heimilt sje að gefa eftir þeginn sveitarstyrk, en jeg held mjer við það, sem stendur í frv., að það megi gerast eftir að „2 ár eru liðin frá því, að þurfamaðurinn þáði af sveit", og tel því enga bót, að það megi gerast „hvenær sem er".

Um hina liði 9. brtt. verð jeg að segja það, að mjer finst þeir koma klaufalega við. Fyrsta málsgr. 43. gr. segir, að heimilt sje sveitarstjórnum að gefa upp þeginn sveitarstyrk, og þá er undarlegt, að á eftir komi margar nýjar málsgreinar um vissar tegundir manna, sem undanþegnar sjeu því, að styrkur þeirra skoðist sveitarstyrkur. Það má að vísu segja, að hjer

sje um formsatriði að ræða, en þó klaufalega að orði komist.

Annars get jeg ekki gengið inn á, að rjett sje að taka út úr stóran flokk manna og sagt sje við þá: „Ykkar styrkur skal aldrei afturkræfur“, og það jafnvel menn, sem vitanlegt er um, að vel geta hafa þegið af sveit, ýmist fyrir óreglu, leti eða ómensku. Jeg vil ekki, að þessu sje breytt, heldur að hreppsnefndirnar ráði þar algerlega, enda kvíði jeg ekki, að þær verði hlutdrægar í þessu efni, er til þeirra kasta kemur, hverjum skuli gefa upp og hverjum ekki.

Eins og jeg hefi margtekið fram áður, er það ekki rjettur mælikvarði í þessu efni, að þeginn sveitarstyrkur skuli ekki endurkræfur, ef þiggjandi hefir börnin heima hjá sjer. Hann mundi oft ekki geta haft börnin hjá sjer, og verða kannske að borga hærra með þeim í dvöl, en kostað hefði heima. Það er því miklu sanngjarnara að leggja þetta á vald hreppsnefndanna, því þó að búast megi við misjöfnu mati á ýmsum stöðum, þá hefir þó löggjöfin sett sanngjarnar reglur til þess að fara eftir í þessu efni.

Þá er það brtt. við 48. gr., að barnsfeður megi ekki afplána í fangelsi meðlag með börnum sínum.

Hv. 4. þm. Reykv. vill líkja þessu við barsmíðahegningu. En þar er ólíku saman að jafna. Þessu ákvæði á ekki að beita nema víst sje, að kenna megi viljaleysi á því að borga meðlagið, en ekki getuleysi. Jeg sje ekki ástæðu til að fara að vernda þessa herra, sem gera það að atvinnu að unga út krökkum, en smeygja sjer undan því að borga með þeim einn einasta eyri. Jeg hefi vitað dæmi þess, að slíkir menn hjer í höfuðstað landsins haldi einn eða fleiri reiðhesta, er þeir sjást flengríðandi á úti um borg og bý. Ef slíkir menn væru látnir afplána í fangelsi meðlag barna sinna, ætli þá rynnu ekki á þá tvær grímur, og þeir sæju þann kost vænni að hætta við hestahaldið og reiðmenskuna, en leggja heldur með börnunum?

Þá er það 14. brtt. Hún er við 53. gr. og er áreiðanlega bygð á misskilningi og getur því ekki staðist. Má því alls ekki samþykkja hana. En út af þessum róttæku brtt. háttv. 4. þm. Reykv. vil jeg benda á, að ef þær verða samþ., þá mun þurfa að endurskoða frv. strax á næsta þingi. Það gerbreytir öllu málinu, ef þessar róttæku breytingar á upp að taka. Jeg hlýt þess vegna að vera eindregið á móti brtt. hv. 4. þm. Reykv.

Frá meiri hl. allshn. hafa komið fáeinar brtt., sem jeg hefi ekkert að athuga við.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Þær ganga eins og kunnugt er út á það, að hver maður skuli hafa framfærslu þar, sem hann er heimilisfastur eða hann sannanlega átti síðast lögheimili. Við þetta er það að athuga, að það verður sennilega erfitt og nokkuð mikil fyrirhöfn að fá úr þessu skorið. Og ef það er meiningin að komast hjá skriftum og jafnvel eftirgrenslan um sveitfesti, þá bætir þetta næsta lítið úr. Þá finst mjer sanngjarnari regla og hægari í framkvæmd, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir stungið upp á, að hver fái styrk þar, sem hann dvelur. Reyndar

dylst mjer ekki, að nokkrar líkur eru til, að hreppsnefndir reyni að koma af sjer mönnum, sem eru að verða þurfandi fyrir styrk. En þó lægi þessi uppástunga nær heldur en hitt.

Í brtt. hv. 1. þm. N.-M. er haldið orðinu sveitfesti á sumum stöðum, en mjer skilst, að um eiginlega sveitfesti sje ekki að ræða eftir hans till. Það er framfærslurjettur, en ekki sveitfesti, enda hefir hv. þm. líka breytt þessu rjettilega á sumum stöðum. Mjer finst líka, að það sje í raun og veru brot á þeirri hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir brtt. hv. þm., að hann vill, að hver maður sextugur haldi þeirri framfærslusveit, sem hann á þá. Jeg skil ekki, hvers vegna má ekki nota sömu reglu um menn, sem eru sextíu ára og eldri, og aðra menn. Getur það orðið til þess að hrekja þá til og frá, og komið verði í veg fyrir, að þeir setjist að þar, sem þeir vilja. Úr því að engin eiginleg sveitfesti á að ráða alment, þá finst mjer, að um sextuga menn eigi að gilda sama regla og aðra. En þegar ákveðinn er sveitfestitími, þá er full ástæða til þess að láta sextuga menn ekki geta unnið sjer sveit úr því. Þetta hefir líklega vakað fyrir hv. þm.

Ennfremur finst mjer 7. brtt. vera brot á þessari grundvallarhugsun hv. þm. Hvernig stendur á því, að ekkja má ekki eiga framfærslusveit þar, sem hún er heimilisföst? Hvers vegna fremur þar, sem maður hennar átti síðast heima? Jeg sje ekki annað en að það sje einfaldast að láta ekkjuna eiga framfærslu í heimilissveit sinni, sem ekki þarf í öllum tilfellum að vera sama og manns hennar. Sama er að segja um hjón, sem eru skilin, að jeg skil ekki, hvers vegna konan á ekki að hafa framfærslusveit þar, sem hún er heimilisföst. Oft er það, að hjón, sem ætla að skilja, hafa slitið samvistum og þurfa þá ekki að eiga heimili í sama framfærsluhjeraði. Alt þetta sýnist mjer brot á þeirri hugsun, sem liggur bak við till. hv. þm.

Þá vildi jeg bera saman 2. brtt. við 21. gr. og 8. brtt. við 29. gr. Í 2. brtt. segir svo: „Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili, eða sannanlega átti síðast lögheimili".

En svo kemur 29. gr., sem samkv. brtt. hv. þm. á að hljóða þannig: „Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann öðlast framfærslurjett í annari sveit".

Eftir þessu getur maður 16 ára átt framfærslurjett á tveim stöðum, en það getur ekki staðist. Mjer skilst, að ef 2. brtt. verður samþ., þá sje brtt. við 29. gr. óþörf; ætti hann að koma með skriflega brtt. um að fella hana burt. Annars vil jeg segja það um þessar brtt., að jeg álít of snemt að taka upp þessa reglu. Við ættum fyrst að sjá, hvernig 4 ára sveitfestitímabilið reynist. Það er svo, að í lok þessa árs kemur það fyrst til að sýna sig fyllilega, því að þá eru 4 ár liðin frá því að breytingin var gerð. 1923 var sveitfestitími styttur úr 10 árum niður í 4 ár, og jeg held það sje nægilegt stökk í bili, og að ekki væri til bóta að afnema alla sveitfesti.

Bernharð Stefánsson: Jeg gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við 2. umr. og þarf því ekki að segja nú

nema örfá orð. Jeg tók það fram þá, að jeg áliti þessa löggjöf, sem ráðgert er að setja í þessu efni, heldur þýðingarlitla, þar sem frv. er að mestu uppprentun á eldri lögum, og líka af hinu, að jeg teldi þá einu breytingu, sem máli skiftir, frekar til hins lakara. Það er nefnilega sú breyting, sem felst í 43. gr., um að ákveða, hvort fátækrastyrkur skuli afturkræfur eða óafturkræfur. Og jeg verð að segja, að því meira sem jeg hefi hugsað um þetta mál síðan, hefir frekar styrkst þessi skoðun mín. Mjer virðist, að ef sveitarstjórnir eiga að fara að meta það í hvert skifti, sem sveitarstyrkur er veittur, hvort hann skuli vera afturkræfur eða óafturkræfur, þá sjeu þær settar í æði mikinn vanda. Og það er nú oft svo, að þegar menn hafa sagt a, þá verða menn að segja b. Jeg get búist við, að í framkvæmdinni yrði það svo um allfesta, að fátækrastyrkur þeirra skyldi verða óafturkræfur. En það álít jeg fyrir mitt leyti algerlega rangt, að þau lán, sem sveitarfjelög veita til einstakra manna, skuli ekki vera afturkræf eins og hverjar aðrar skuldir, ef atvikin haga því svo, að hlutaðeigandi verður vel fær til að greiða skuldina einhverntíma í framtíðinni.

Jeg gat þess við 2. umr., að þessi till. er ekki fram komin vegna þess, að slík tilhögun þyki eðlileg eða heppileg í sjálfu sjer, heldur er það vegna þess, að hjer er blandað saman algerlega óskyldum málum: veitingu fátækrastyrks og kosningarrjetti. En vegna þess, að þessu tvennu er blandað svona óheppilega saman, þá verður niðurstaðan eftir því. Mjer hefði nú fundist, að þegar fátækralögin væru endurskoðuð og setja ætti nýjan lagabálk um þetta efni, að þá hefðu ýms þau vafaatriði, sem rædd hafa verið að undanförnu og tillögur eru uppi um, átt að vera tekin til rækilegrar athugunar og endurskoðunar. Jeg hefði óskað, að full afstaða hefði verið tekin til fleiri atriða en gert er í þessu frv. Má þar nefna það atriði, sem minst var á bæði við 2. umræðu þessa máls og líka í hittiðfyrra, þegar hjer var á ferð tillaga um skipun milliþinganefndar til þess að athuga þessi efni. Það er misrjettið milli sveitarfjelaga, hvað fátækraframfærsla hvílir misþungt á þeim. Mjer finst það atriði svo mikilvægt, að það þyrfti gaumgæfilegrar rannsóknar við. Nú er að vísu komin fram brtt. við frv. frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), sem fer fram á að afnema þetta misrjetti algerlega, með því að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Jeg verð að segja, að þrátt fyrir það, þótt jeg óski, að leiðir væru rannsakaðar til þess að draga úr þessu misrjetti, þá treysti jeg mjer ekki til að greiða atkvæði með slíkri stórbreytingu, vegna þess að jeg hefi engin gögn til þess, að jeg geti gert mjer grein fyrir, hvaða fjárhagslegar afleiðingar hún myndi hafa. Býst ekki heldur við, að sú brtt. verði samþ.

Sama er að segja um annað atriði, sem jeg sje ekki betur en hefði þurft mjög gaumgæfilegrar athugunar, en það er sveitfestispursmálið. Þetta frv., eins og það kom frá hæstv. stjórn, gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á sveitfestitíma eða neinu, er þar að lýtur. En þó er það vitanlegt, að ým-

isleg óánægja er uppi um þetta og tillögur um breytingar. Hjer liggja fyrir brtt. frá hv. 1. þm. N.-M., um það, að lögheimili skuli ráða, hvar maður sje sveitfastur. Jeg býst nú við, að þótt þessar till. hafi verið lagðar hjer fram, þá hafi verið alt of skammur tími til undirbúnings og rannsóknar, og ekki sje jeg mjer fært að greiða atkv. með þeim að svo komnu. Geri jeg sem sagt ráð fyrir, að þær nái ekki samþykki heldur.

Það liggur þá þannig fyrir, að það er engin von til þess, að löggjöfinni verði breytt svo nokkru máli skifti að öðru leyti en því, að sveitarstjórnum verður heimilað að ákveða, hvort sveitarstyrkur skuli endurkræfur eða ekki. Mjer finst þetta nú engin rjettarbót, og sje því ekki ástæðu til þess að setja nýjan lagabálk til þess að koma svona óeðlilegri breytingu í kring, — þar sem tilgangi slíkrar breytingar mætti ná alt aðra leið og miklu eðlilegri en þarna er lagt til.

Þar sem því svo er ástatt, að jeg tel frv. eins og það liggur fyrir til engra bóta, en á hinn bóginn liggja ýmist fyrir eða hafa verið orðaðar tillögur um gagngerða breytingu á fátækralögunum, — sem þó engin von er til að gangi fram nú, — þá þykir mjer rjettara að afgreiðsla málsins bíði, heldur en að fara að samþ. þessi lög nú, meðal annars vegna þess, að ef nú verða sett ný fátækralög, þá geri jeg ráð fyrir, að það muni ganga erfiðar að fá á næstu árum gerðar nauðsynlegar breytingar heldur en ef um gömul fátækralög væri að ræða.

Jeg fyrir mitt leyti hefi tekið það ráð, að jeg ætla mjer að greiða atkv. móti þessu frv. Mjer hafði komið í hug að flytja rökstudda dagskrá þess efnis, að deildin ljeti þann vilja í ljós, að málið skyldi taka til nýrrar rannsóknar. En jeg býst við, að þar sem þetta er stjfrv., þá hefði það ekki borið mikinn árangur að vísa málinu aftur til þeirrar sömu stjórnar, sem leggur það fyrir Alþingi, og hætti jeg því við að flytja slíka till. til rökstuddrar dagskrár.

Pjetur Þórðarson: Jeg verð að kannast við, að jeg hefi ekki haft mikinn tíma til þess að setja mig inn í þetta mál, sem þó hefði þurft, þar sem um er að ræða svo mikilvægt og alment mál sem fátækralöggjöf er. Jeg reyndi samt að fylgjast það með meðferð málsins við 2. umr., að jeg gaf atkv. þeim brtt., sem jeg áleit frv. vera til bóta, en ljet á hinn veginn hlutlaust, hvernig færi um samþ. hinna einstöku greina frv.

En þetta mál hefir nú skýrst betur og betur fyrir mjer, eftir því sem á hefir liðið umræðurnar og fleiri brtt. hafa komið fram. Og jeg verð að kannast við, að skoðanir mínar um þetta mál hafa fallið einkennilega vel saman við skoðanir hv. 2. þm. Eyf. (BSt), eins og hann ljet þær uppi í síðustu ræðu sinni. Mjer þykir leitt, að ekki hefir verið hægt að fá gögn eða tíma til að gera þær rannsóknir í meðferð málsins hjer, sem hv. 2. þm. Eyf. nefndi, og þó öllu heldur, að ekki hefir verið farið út í það við undirbúning málsins, sem þurft hefði til þess að fá um það nokkurn veginn ákveðna vissu, hvort ekki væri vel tiltækilegt að fara þá leið í þessu máli, sem hv. 4.

þm. Reykv. (HjV) heldur fram í till. sínum. Hv. frsm. (JK) hefir einmitt bent á það, að nefndinni hafi ekki þótt gerlegt að leggja til, að þessar till. fengju framgang; og sjerstaklega vegna þess, að engin rannsókn hefði farið fram á því, hvort leiðin væri tiltækileg. Þessi leið hefir oft verið orðuð og ýmsir hugsað gott til þess að koma þessum málum þannig fyrir. Hæstv. atvrh. hefir aðeins sagt það um þessa leið, að hann hefði hugboð um, að hún væri ekki tiltækileg, af ákveðnum ástæðum, sem hann nefndi. Hafa vitanlega ýmsir fleiri verið sömu skoðunar um þetta mál. En málið er alveg órannsakað. Þess vegna er ekki víst, að þessi ímyndun um það, að illa fari á að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði, eigi fullgild rök bak við sig, ef þetta væri rannsakað til hlítar.

Jeg ætla ekki að eyða tíma þingsins til að tala langt mál um þetta. Aðeins þótti mjer viðkunnanlegra að láta þess getið, áður en málið er afgreitt hjer út úr deildinni, að jeg, af þeim ástæðum, sem jeg nefndi áðan og mun ekki endurtaka eftir hv. 2. þm. Eyf. (BSt), get ekki greitt atkvæði með þessu frv. Þó þætti mjer nokkru nær að fylgja frv., ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) yrðu samþ., en er samt engan veginn vel ánægður með þær.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg þarf að svara hv. þm. V.-Sk. (JK) og hæstv. atvrh. (MG) nokkrum orðum.

Verð jeg þá fyrst að taka það fram, út af orðum hv. þm. V-Sk., að sú hugsun, að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði, er ekki ný. Hún hefir verið lengi á döfinni. En það, sem gerði það, að jeg kom ekki fyr fram með brtt. mínar, var, að jeg þurfti að kynna mjer vel frv. hæstv. stjórnar, en eins og menn vita, kom það ekki fram fyr en á seinustu stundu.

Hv. þm. V-Sk. virtist till. mínum fylgjandi, en hann sagði, að til þess að geta samþ. þær, þyrfti fyrst rannsókn fram að fara. En nú skyldu menn ætla, að hæstv. atvrh. hefði gert þær rannsóknir allar áður en hann lagði frv. fyrir þingið. Þó er svo að sjá, sem hann geti ekki hugsað sjer aðrar breytingar en við 43. gr., um kosningarrjettinn, að óverulegum atriðum undanskildum.

Þær rannsóknir, sem þarf að gera, eru ekki afarmargvíslegar. Eitt aðalatriðið er það, hvernig sveitarþyngsli koma nú niður á sveitarfjelögum, og hvernig hægt sje að jafna þann mismun, sem er á sveitarþyngslum.

Mjer er það að vísu ekki fullkunnugt, en jeg hygg þó, að hagstofan hafi þær skýrslur í höndum, sem með þarf. Og það hefði verið hægt fyrir hæstv. atvrh. og líka hv. allshn. að leita til hennar. Þó álít jeg, að enga rannsókn þurfi í rauninni í þessu máli. Samgöngur eru nú orðnar svo góðar hjer í landi, að það hlýtur að vera betra að hafa landið alt eitt framfærsluhjerað heldur en að hafa mörg ríki í ríkinu, eins og nú er, meðan hver hreppur er sjer um fátækramálin.

Hæstv. atvrh. (MG) færði það á móti till. minni, að framfærslan yrði dýrari með þessu móti. Það fæ jeg ekki sjeð, eða hverjar ástæður ættu að vera fyrir því. Sveitarsjóðir yrðu eftir sem áður að greiða meðlög með þurfalingum, en þó ekki meira en hóflega, enda mundi það koma niður á þeim sjálfum að lokum, ef þeir hefðu bruðl-

að með fje, þar sem fátækragjöldin yrðu þá yfirleitt meiri, og aldrei fengju þeir endurgreitt annað en það, sem þeir hefðu fyrst lagt út, og ekki meira en það, sem færi fram úr meðaltali fátækragjalda í hreppum landsins.

Það var sparðatíningur hjá hæstv. atvrh. (MG), er hann var að fetta fingur út í það, að of mikið væri af orðinu „sem" í brtt. mínum, og vil jeg láta honum eftir orðið um það atriði, sem auðvelt er að leiðrjetta í próförk, ef með þarf.

Ekki er það rjett hjá hæstv. ráðh. (MG), að í brtt. mínum sje dönskum ríkisborgurum ætluð önnur rjettindi en þeir nú hafa, heldur er hjer um nákvæmlega samskonar rjett að ræða og þeir hafa nú.

Viðvíkjandi frestinum frá 1. febr. til 1. júlí, sem ætlaður er til innheimtu og til þess að gera upp, hvað hver sveit á að gjalda hinum öðrum, sem meiri þyngsli hafa, þá finst mjer, að 5 mánaða frestur sje alveg nógu langur, eins og samgöngur eru hjer nú. Venjulegar viðskiftaskrifstofur mundu ekki þurfa meira en hálfan þann tíma til slíkra starfa, og ótrúlegt er, að stjórnarráðið standi öðrum skrifstofum svo að baki. En hæstv. atvrh. virðist ekki hafa lokið upp augunum fyrir því, að hjer í landi eru mismunandi fátækraþyngsli, og að það er æskilegt, að þær sveitir, er standa betur að vígi, rjetti hinum hjálparhönd.

Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, að mælikvarðinn um niðurjöfnunina skuli vera fasteignamat og tekjur og eignir í hverjum hreppi, eins og í brtt. stendur. Það mætti líka miða við fólksfjölda, t. d. að þriðjungi, og ef hv. þdm. sýnist svo, má leiðrjetta þetta við meðferð málsins í efri deild.

Hæstv. atvrh. talaði mikið um það, hve rjettlátt væri að láta barnsfeður vinna af sjer meðlag barna sinna, sem ekki fengist greitt af þeim. Hann tók það dæmi, að ýmsir menn hjer, sem skoruðust undan að greiða barnsmeðlög, ættu reiðhesta. Mjer finst það undarlegt, að hæstv. atvrh. skuli minnast á þetta. Því að ef þetta væri rjett, sýnir það ekki annað en framkvæmdaleysi hins opinbera að ná meðlögunum. Ekki væri annar vandinn en taka hestana af þessum mönnum til greiðslu meðlagsins. En með frv. því, er hjer liggur fyrir, er verið að innleiða þá reglu, sem er löngu úrelt, að setja menn í skuldafangelsi, og það er samkvæmt frumvarpinu jafnt hægt að gera, hvort sem feðurnir ekki hafa greitt meðlögin af getuleysi eða viljaleysi.

Jeg vil að miklu leyti taka undir það, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) sagði, að fáist ekki verulegar breytingar á frv. hæstv. stjórnar, þá sje ekki mikils um vert, að það nái fram að ganga.

Að svo mæltu vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki bera upp sjerstaklega málsgreinarnar 9,b í brtt. mínum.

Halldór Stefánsson: Út af þeim athugasemdum, sem hæstv. atvrh. (MG) gerði við brtt. mínar á þskj. 113, vil jeg segja nokkur orð.

Hann sagði fyrst, að sveitfesti mundi oft verða óviss, ef mínar till. yrðu samþ., því að óvíst gæti verið um lögheimili manna. Þetta kann að vera, en þó er það nú svo, að allir eru skyldir

til þess að eiga lögheimili einhversstaðar. Það er þá illa gengið fram í því að framfylgja lögunum, ef menn geta skotið sjer undan því. Þá þótti honum betri till. hv. 4. þm. Reykv., að dvalarstaður skyldi ráða sveitfesti. En ef svo væri ákveðið, þá gæti það orðið hömlur á atvinnuleit manna frá heimili sínu til annara hjeraða, en slíkar hömlur má ekki setja með löggjöf.

Þá fanst honum, að orðið „sveitfesti" ætti ekki heima í frv. eftir mínum brtt. vegna þess, að sumstaðar væri talað um framfærslurjett, og sveitfesti og framfærslurjettur væri eitt og sama. Þetta get jeg ekki fallist á. Sveitfestin er jafnlöng og heimilisfang, hvort sem það er lengra eða skemra. Orðið sveitfesti er sameiginlegt heiti yfir framfærslu*rjett* einstaklingsins og framfærslu*skyldu* framfærsluhjeraðsins, og má það orð því ekki niður falla.

Þá er í brtt. mínum ákvæði um það, að þeir, sem eru orðnir 60 ára, haldi sinni sveitfesti þaðan í frá. Þetta taldi hæstv. atvrh. mótsögn við annað, sem í brtt. mínum stendur. En það vakti fyrir mjer, að sá maður, sem er orðinn sextugur, hefði þennan rjett fram yfir aðra, — að það væri trygt, að engar hömlur væru lagðar á það, að hann gæti átt heimili, hvar sem hann vildi. Brtt. þessi er alveg sjerstakleg, og þótt hún verði feld, hefir það engin áhrif á aðalatriðin í brtt. mínum.

Þá er 7. brtt., við 26. gr., um sveitfesti ekkju. Þar er svo fyrir mælt, að hún haldi sveitfesti manns síns, þangað til hún hefir sjálf unnið sjer framfærslurjett. Það getur verið, að það sje óþarfi að taka þetta fram, en það getur þó engu spilt. Við fráfall manns verður ekkja hans sjálfstæður aðili gagnvart framfærslusveitinni, í stað þess, að hún var áður aðili með manni sínum vegna hjónabandsins. Þetta sama gildir um fráskildar konur. En ef það þykir óþarft, sem jeg held þó að ekki sje, þá held jeg ekki fast við það.

Það má vera, að ósamræmi sje á milli 2. og 8. brtt., ef mínar brtt. verða samþyktar, og að þá verði óþörf 29. gr. frv. Það vakti aðeins fyrir mjer að breyta til samræmis orðalaginu. Jeg mun nú eftir bendingu hæstv. atvrh. (MG) leyfa mjer að leggja hjer fram skriflega brtt., um að 29. gr. frv. falli niður, sem jeg vona, að hæstv. forseti beri undir hv. þd., hvort koma megi til atkv.

Jeg get tekið undir það, sem aðrir hafa sagt, að frv. sjálft og breytingar þess á núverandi löggjöf eru bæði lítilsverðar og vafasamar. Er því vafasamt, að jeg geti fylgt frv., ef brtt. mínar ná ekki fram að ganga.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg verð að taka til máls út af ummælum tveggja hv. þm., sem talað hafa.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) sagði, að við hefðum hjer blandað saman tvennu óskyldu: sveitarstyrk og kosningarrjetti. En þetta er ekki rjett. Hjer er aðeins verið að leiðrjetta mikið misrjetti, sem verið hefir. Nú er það svo, að allir menn, sem þegið hafa sveitarstyrk, án nokkurs tillits til þess, af hvaða ástæðum þeir hafa þegið, missa kosningarrjett sinn. Frv. fer fram á að leiðrjetta þetta. En eins og jeg tók fram við 2. umr., þá er jeg ekki fyllilega ánægður með þá leið, sem frv. stingur upp á. En eins og sakir standa, þá er ekki önnur leið fær, nema þá ef

hv. Alþingi vill fara þá leið, sem hv. 4. þm. Reykv. vill fara, að gera alt landið að einu framfærslufjelagi. En það get jeg vel skilið hjá hv. þm., að hann telji varhugavert að aðhyllast tillögur hv. 4. þm. Reykv. athugasemdalaust, og jeg býst við, að þessi hv. deild sje honum þar sammála.

Þrír hv. þm. hafa lýst því yfir, að þeir mundu verða á móti frv., ef víðtækar breytingar ná ekki fram að ganga. Jeg skil nú ekki þessa aðstöðu. Í frv. er farið fram á að leiðrjetta mesta órjettlætið, sem nú er ríkjandi, án þess að gera neinar stórfeldar breytingar á fátækralögunum, og sýnist mjer þá næsta undarlegt, að þessir hv. þm. skuli vilja kasta því og heldur búa við það ranglæti, sem er. Jeg fer að halda, að ekki beri að taka alvarlega þær raddir, er látið hafa til sín heyra um ómannúð og órjettlæti gildandi laga um þessi mál, ef hv. deildarmenn greiða atkvæði móti frv. eins og það liggur fyrir.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þarf jeg ekki að svara frekar. Jeg held mjer fast við það, er jeg sagði í gær, að jeg tel ómögulegt og óverjandi að samþykkja aðalbreytingar hans að órannsökuðu máli. Afleiðingar þeirra álít jeg mundu verða þær, að ýta undir sveitarstjórnir að eyða og bruðla sem mestu að þörfu og óþörfu. Engin hvöt til að fara sparlega og hagsýnilega með fjeð, því að þær, sem spara, mega eiga von á kröfu um greiðslu til að seðja hít þeirra óhófsömu, sem fá endurgreitt það, er þær hafa eytt umfram meðallag, samkvæmt niðurjöfnun. Þessa leið er ekki hægt að fara, nema settar sjeu skorður við því, að illa sje farið með fjeð. — Jeg hefi svo ekki meira að segja um málið, en vona, að ekki verði margir til að fylgja þessum þrem hv. þm. um að vera á móti frv., þótt brtt. hv. 4. þm. Reykv. eða hv. 1. þm. N.-M. verði feldar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki vera langorður, en út af ræðu hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vil jeg segja nokkur orð. Hann vildi halda því fram, að frv. væri mestmegnis upprentun gömlu laganna. En það er misskilningur. Allar breytingar við þau, sem gerðar hafa verið á síðustu 20 árum, eru teknar með, og er það mikill hægðarauki að hafa gildandi ákvæði öll í einu lagi. Hitt er satt, að þrátt fyrir ýmsar breytingar, er aðallínunum í framfærslumálunum haldið. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að engin rödd hefir heyrst um að breyta þeim, ef jeg fráskil hv. þm. Borgf. (PO), er hreyfði því fyrir nokkrum árum að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði. En jeg býst ekki við, að hann kæri sig um, að þeirri hugmynd sje haldið á loft nú.

Jeg skil mætavel, hvað veldur óánægju háttv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hún stafar af því, að ekki hefir verið tekin til greina hugmynd hans um bygðarleyfi. Jeg hjelt þó, að hann ætlaði að sætta sig við þau úrslit þess máls að fela stjórninni það til athugunar til næsta þings, og ljeti vera að hefna sín á öðrum frv. fyrir þessar sakir. — Hann spurði, hvers vegna ekki hefðu verið gerðar breytingar á sveitfestitímanum. Þær voru gerðar síðast 1923. Og fyrst er að sjá, hvernig þær reyn-

ast, áður en breytt er á ný. Mjer skildist á hv. þm. Mýr. (PÞ), að hann áfeldist stjórnina fyrir, að hún hafi ekki rannsakað, hvern kostnað það hafi í för með sjer, að ríkið sje eitt framfærslufjelag. Jeg veit ekki, hvernig hann hugsar sjer slíka rannsókn fyrirfram. Reynslan ein getur skorið úr um, hvað slíkt kann að kosta.

En við, sem erum á móti slíku fyrirkomulagi, höldum því fram í samræmi við reynsluna, að óvarkárni í útgjöldum magnist jafnan, er menn þurfa ekki sjálfir að bíta úr nálinni, sbr. t. d. það algenga fyrirbrigði í viðskiftum sveitarstjórna, að dvalarsveit, er leggur fram fje, þykir ekki hafa sýnt þá hagsýni, er framfærslusveit megi við una.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að engin rannsókn hefði farið fram. Veit hann þá ekki, að öllum sveitarstjórnum og bæjarstjórnum hefir verið skrifað, og þær beðnar umsagnar um málið, að láta uppi álit sitt á gildandi lögum og koma fram með þær breytingar, er þær teldu æskilegar? Þetta ætti honum þó að vera kunnugt sem bæjarfulltrúa. Um undirtektirnar er það að segja, að þær hafa margar svarað og það sumar rækilega, en ekki ein einasta stungið upp á því fyrirkomulagi, er hann vill fá. — Hann kvað það óheppilegt að hafa svo mörg „ríki í ríkinu", sem viðgengist með þeirri skipun, er nú ræður. Væri með þeim einlægar erjur og ósamkomulag. Jeg verð nú að segja það, að jeg hefi ekki orðið var við svo sjerlega mikla óánægju, að orð sje á gerandi. Það er satt að vísu, að talsverð fyrirhöfn er þessum málum samfara, en enginn skyldi ætla, að þeirri fyrirhöfn sje rutt úr vegi með brtt. hv. þm. Jeg er viss um, að ómögulegt verður að koma lagfæringu að gagnvart ósanngjörnum reikningum, er ríkisstjórn kunna að berast. Þar er ekkert úrskurðarvald, samkv. brtt. Fylgi skilríki reikningi, á hann að takast til greina rannsóknarlaust. — Úr þessu mætti þó kannske bæta með viðaukatill. En eins og komið er, erum vjer hjer með 3. umr. málsins og getum því ekkert gert, nema frv. komi aftur frá hv. Ed.

Jeg get ekki fallið frá þeirri skoðun, að ósanngjarnt sje að gefa vissar reglur um það, hvenær þurfamannastyrkur skuli ekki afturkræfur. Jeg held því fast fram, að sanngjarnast sje að fela hreppsnefndum og bæjarstjórnum að gera út um það. Þær eru styrkþegum kunnugastar og ættu að vita gerst um ástæður þeirra allar. Menn eru að vísu ekki hræddir um afgreiðslu þessa í sveitunum. En það er í kaupstöðunum, og þá sjerstaklega hjer í Reykjavík, að jeg hygg, að sumir sjeu hræddir við að fela bæjarstjórn slíkt úrskurðarvald, og þó að ástæðulausu. Því að svo mikla samviskusemi ætla jeg slíkum stjórnum, að ef þær eru í vafa og hafa ekki næga þekkingu á högum viðkomanda, láti þær frekar hallast á þá sveifina, er sje styrkþega í vil. — Það þarf t. d. alls ekki að vera sanngjarnt, að maður, sem á 4 börn, fái sveitarstyrk án endurgreiðslu. — Maður tekur auð að arfi. En fyrir slóðaskap og ómensku eyðir hann fje sínu og kemst á vonarvöl. Hvaða heimtingu á slíkur maður til að hafa kosningarrjett og ráða um

almannamál, sem hefir sýnt sig óhæfan til að sjá sínum eigin fótum forráð?

Hv. þm. (HjV) spurði, hvers vegna ekki væru teknir hestarnir af þessum barnsfeðrum, sem ekki borguðu. Hann ætti ekki að þurfa að spyrja. Auðvitað hafa þeir vit á að láta hestana ekki heita eign sína; eiga ekki neitt til, er spurt er um eitthvað til þess að taka lögtaki.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) þarf jeg litlu að svara. Hann viðurkendi, að athugasemdir mínar væru rjettmætar, og hefir komið fram með brtt. til þess að ráða bót á því. — Viðvíkjandi 43. gr. skal jeg geta þess, að jeg tel sjálfsagt, að málið verði ekki afgreitt frá þinginu fyr en sjeð verður um afdrif stjórnarskrárbreytingarinnar. Ef ákvæðið um að fátækrastyrkur valdi missi kosningarrjettar verður felt burtu úr stjórnarskránni, fellur 43. gr. þessa frv. niður. Sem sagt, ætla jeg að sjá til, að frv. verði ekki að lögum fyr en útsjeð er um stjórnarskrármálið.

Bernharð Stefánsson: Háttv. frsm. allshn. (JK) mótmælti því, að hjer væri verið að blanda saman tveim óskyldum atriðum, kosningarrjetti og veiting sveitarstyrks. Jeg skil ekki, hvernig hann hugsar sjer að mótmæla því. Það hefir þó verið margtekið fram, að till. í 43. gr. væri gerð til þess, að þurfamenn gætu haldið kosningarrjetti. Hann sagði, að þetta væri eina leiðin til þess, að þessir menn gætu fengið kosningarrjett. Það skil jeg ekki, enda nefndi hann og aðra leið, sem sje að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um þetta atriði. (**JK:** Hefir háttv. þm. tryggingu fyrir því, að slík breyting næði fram að ganga?). Háttv. frsm. benti á þessa leið og furðaði sig á, að jeg skyldi ekki hafa komið fram með nýtt stjórnarskrárfrv. eða brtt. við stjórnarskrána. Því er þar til að svara, að jeg hefi ekki borið fram neina brtt. við stjórnarskrána, enda ekki talið mikla þörf á að veita þurfamönnum þennan rjett. Það er aftur á móti hæstv. stjórn, sem gerir hvorttveggja, ber bæði fram frv. um breytingu á stjórnarskránni og þetta frv., og hefði hénni átt að vera auðvelt að flytja till. um þennan aukna rjett þurfamanna á rjettum stað, sem breytingu á stjórnarskránni og kosningalögunum, úr því hún vill á annað borð veita þurfamönnum kosningarrjett.

Háttv. frsm. sagði, að þessi breyting, sem á að verða með frv. á núverandi skipulagi, sje í því skyni gerð, að nema burt mesta ranglætið, sem kemur fram í því, að þurfamenn missa kosningarrjett. (**JK:** Jeg sagði: leiðrjetta það). Það kemur út á eitt. En það er *ekki* mesta ranglætið, sem hjer er verið að leiðrjetta. Nei, mesta ranglætið er það, *hversu byrðarnar af framfærslunni eru þungar og koma misjafnt niður á einstökum bæjum og sveitum.* Og engin tilraun er gerð með þessu frv. til þess að ráða bót á því, ekki einu sinni leiðrjetta. Heldur ekki liggur neitt fyrir, er sýni, að þetta atriði hafi verið tekið til athugunar. Má vel vera, að hæstv. stjórn hafi eitthvað um það hugsað, en ekki hefir hún komið fram með neitt, er sýni viðleitni hennar í þá átt.

Hæstv. ráðh. (MG) vildi mótmæla þeim ummælum mínum, að frv. væri mestmegnis uppprentun á eldri lögum,

með því að þar væru sameinaðar allar breytingar, sem gerðar hafa verið á fátækralögunum síðan 1905. En jeg fæ nú ekki sjeð, að það sje annað en uppprentun, þó að lögin, sem prentuð hafa verið upp, sjeu frá fleiri en einu ári. Jeg viðurkenni, að það sje kostur að hafa gildandi lög um sama efni öll í einu lagi, en harla lítill verður sá kostur hjer, þegar þess er gætt, að fátækralögunum hefir ekki oft verið breytt síðan þau voru sett 1905. Jeg hefi ekki fyrir mjer nein gögn um þetta, en man ekki eftir breytingum nema 1913 og 1923. (**Atvrh. MG:** Og þá líklega 1926!).

Hæstv. ráðh. ímyndar sjer, að óánægja mín stafi af því, að till. mínar um bygðarleyfi hafi ekki verið teknar til greina, og jeg ætli því að hefna mín á öðrum frv. Ekki er það allskostar rjett. En jeg skal kannast við, að óánægja mín er sprottin af því, að engin tilraun er gerð til þess að bæta úr því, sem verst er, sem sje misrjetti sveitanna, hvorki með bygðarleyfi nje öðru.

Um sveitfestina tók hann það fram, að stutt væri síðan þar var gerð breyting á. Jeg hygg, að samfara breytingunni hafi ekki verið rannsakað, á hverju sveitfesti ætti að byggjast. Að minsta kosti hefi jeg ekki sjeð neina greinargerð fyrir því, að sveitfestitíminn skyldi endilega vera 4 ár, en ekki eitthvað annað. Breytingin var gerð án þess, að nokkur grundvallarhugsun lægi þar á bak við. Getur verið að hún hafi verið spor í rjetta átt, en aðeins ekki stigið til fulls. 10 ára sveitfestitíminn bygðist á því, að þá væri maður búinn að gera sveitinni það gagn, að rjett væri að láta hana ala önn fyrir honum, er á þyrfti að halda. Stefnan virðist nú vera sú, að þetta sje ekki sá rjetti grundvöllur til að standa á, og því var tíminn lækkaður úr 10 árum niður í 4. En menn gæta þess ekki, að 4 ár er jafnranglátt, þegar grundvöllurinn, að menn vinni sjer sveit, er ekki lengur viðurkendur. Eins og nú er komið atvinnuháttum þjóðarinnar, hlýtur þetta að verða spurningin, sem bíður úrlausnar í náinni framtíð.

Þótt ástæða væri til að taka fleira fram, vil jeg þó gera mitt til að atkvgr. geti farið sem fyrst fram.

Hjeðinn Valdimarsson: Athugasemdir hæstv. atvrh. við fátækralagafrv. bera það með sjer, að hjer eru ekki á ferðinni neinar stórvægilegar breytingar, nema þá helst 43. gr. Hitt eru mest breytingar á tilvísunum í lög, eða ákvæði úr öðrum gildandi lögum feld inn í fátækralögin.

Það, sem fundið hefir verið fátækralögunum til foráttu, er ekki einungis missir kosningarrjettar þurfamanna, heldur yfirleitt öll meðferð á þurfalingum, og þá sjerstaklega fátækraflutningur og ójöfnuðurinn um fátækragjöldin í hreppunum. Þótt óskir hafi komið fram um að breyta því, hefir hæstv. stjórn ekki sjeð ástæðu eða talið fært að taka það til greina, að því er sjáanlegt er. Brtt. mínar mundu hafa í för með sjer, að fátækraflutningur hyrfi.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) lagði mikla áherslu á ójöfnuðinn milli sveita, og það hefir hæstv. atvrh. með frv. heldur alls ekki hugsað um.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) sagði, að það væri einkennilegt að vilja heldur búa við ranglætið en leiðrjetta það með breytingu stjórnarfrv. í 43. gr. Við því er það að segja, að þar kemur til greina aðeins einn lítill liður af öllu ranglæti fátækralaganna, og þannig, að sveitarstjórnum er heimilað, þegar þeim sýnist, að lagfæra þetta eftir þeirra eigin mati. Á því er sá galli, að borgaraleg rjettindi eru látin undir mat hverrar sveitarstjórnar. Það er vandsjeð, hvort mikið yrði unnið við það, þó að nokkur hluti manna fengi rjettindi hjá sveitarstjórnum, á móts við fordæmið og þá hættu, sem slík ákvæði hafa í för með sjer, að kosningarrjetturinn verði undir kominn mati stjórnmálaflokka í bæjum og sveitum.

Hv. þm. V.-Sk. gat þess, að ef kostnaðinum yrði jafnað niður, mundi það ýta undir, að sem mestu fje yrði eytt úr sveitarsjóði. Það fæ jeg ekki sjeð. Sveitarsjóður fær ekki endurborgað annað en það, sem hann hefir borgað út, og getur því ekki haft neinn gróða. Það væri rjett að athuga, hvernig varið væri fátækraframfærslu í ýmsum sveitum. En það mun vera sjaldgæft, að eytt sje of miklu. Hinu hefir venjulega verið fundið að, að fjeð væri við nögl skorið. En það væri aldrei hægara að athuga fátækramálin í heild heldur en þegar skýrslur úr öllum hreppum landsins kæmu saman í stjórnarráðinu. Þar væri þá saman kominn allur sá fróðleikur og þekking um málið, sem hægt væri að fá, og þá þekkingu væri auðvelt að hagnýta, er reynsla kæmi á lögin, og endurskoða þau að nýju, ef þörf væri.

Mjer virtist hæstv. atvrh. aldrei geta skilið brtt. minar. Hann er altaf að tala um, að þessir menn geti lent á sveit vegna ýmiskonar óreiðu og óreglu, þeir kunni að hafa fengið arf og eytt honum. Hvaða ástæða sje þá til þess, að þeir hafi kosningarrjett? Jeg verð að segja, að ýmsir menn gera lítið annað en að eyða fje og er einungis haldið uppi af foreldrunum, en halda samt sínum kosningarrjetti. Í öðru lagi segir þessi brtt. mín, að menn eigi að hafa þegið af sveit eingöngu af þeim ástæðum, sem þar eru greindar, og öðrum ekki, þ. e. a. s. af ómegð, heilsuleysi eða elli, en ekki af óreglu eða annari óreiðu. Jeg vildi óska, að hæstv. atvrh. hjeldi sjer við brtt. minar eins og þær eru, en ekki eins og hann vildi helst að þær væru til að tala þeim í gegn.

Hæstv. atvrh. gat þess, að hann vildi fresta því, að fátækralagafrv. yrði að lögum, þangað til sjeð væri, hvort samþykt yrði stjórnarskrárbreyting um þetta efni. Jeg veit ekki, hvort það er rjettur skilningur hjá mjer, að hæstv. atvrh. vilji stuðla að því, að sú stjórnarskrárbreyting gangi fram. Ef svo er, vil jeg þakka honum það og lofa honum styrk minum og flokksbróður míns í hv. Ed. til þess.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) hjelt því fram, að hjer væri um að ræða litla breytingu í frv. á núgildandi lögum. Þetta er að vissu leyti satt, en það er ekki nema hálfsögð sagan, þegar hv. þm. tínir til þau ákvæði, sem á að breyta, þar sem hann verður að játa, að það er mjög

mikils virði, að lögin verði sameinuð í eina heild.

Hv. þm. sagði, að andstaðan væri ekki einungis vegna bygðarleyfisins, heldur aðeins meðfram vegna þess. Jeg veit, að hann leggur mikla áherslu á það atriði, en jeg álít ákvæði um það eiga heima í löggjöf um heimilisfesti. Hv. þm. gekk inn á það og flutti þáltill. í þá átt.

Hv. þm. hjelt, að engin grundvallarhugsun lægi á bak við ákvæðið um fjögurra ára sveitfestitíma. Jeg verð að ganga út frá, að einhver hugsun liggi þar á bak við. Það er nægilegt, að síðan 1923 hafa ekki heyrst raddir um að breyta þessu.

Háttv. 4. þm. Reykv. (HjV) talaði um fátækraflutningsákvæðin og taldi stjórninni það til foráttu, að þeim hefði ekki verið breytt. Það væri nær fyrir hv. þm. að snúa sjer til samnefndarmanna sinna og hv. deildar. Þó að stjórnin fari að flytja ákvæði til að draga úr þessu, hefir það ekki svo mikil áhrif á hv. deild, að hún snúist í þeirri stefnu sinni að halda í fátækraflutning.

Hv. þm. segir, að jeg hugsi ekkert um, hvað misþungt fátækraframfærslan komi niður. Mjer finst hart, að hann skuli fara að dæma um það. Jeg hefi ekki trúað honum fyrir hugsunum mínum, enda álít jeg, að þær sjeu betur komnar á öðrum stað en hjá honum. (**HjV**: Það er ekki annað sjáanlegt en að hæstv. ráðh. hugsi ekkert um þetta). Jeg held, að ekki sje hægt að sjá á hv. 4. þm. Reykv., hvað hann hugsar, enda væri það lítill hagnaður.

Hv. þm. viðurkennir, að það þyrfti aðhald á sveitarstjórnir. En um það stendur ekkert í hans brtt. Hann er altaf að halda því fram, að jeg skilji ekki brtt. hans, eða vilji ekki skilja þær. Jeg tek þær eins og þær liggja fyrir, og eins og venja er að skilja mælt mál, þannig, að allir þeir menn, sem þar eru taldir, eigi að vera lausir við að endurgreiða þeginn sveitarstyrk. Ef þetta er ekki rjettur skilningur, þá verður að orða brtt. öðruvísi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 190,II) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv. Afbrigði um aðra skrifl. brtt. (verður þskj. 190,I) leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 117,1 samþ. með 16:1 atkv.
— 117,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 115,2 feld með 17:1 atkv.
— 115,1 tekin aftur.
— 113,1 feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, IngB, KlJ, Pþ, Trþ, ÞorlJ, ÁÁ.

nei: HjV, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, BSv.

BSt greiddi ekki atkv.

Einn þm. (SvÓ) fjarstaddur.

Brtt. 115,3—8, 113,2—9 og 190,I teknar aftur.
— 190,II samþ. með 20 shlj. atkv.
— 126,1 samþ. með 18:1 atkv.
— 126,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 115,9.a feld með 14:8 atkv.
— 115,9.b 1. mgr. samþ. með 14:5 atkv.
— 115,9.b 2. mgr. feld með 14:10 atkv.
— 115,9.b 3. mgr. feld með 14:10 atkv.

Brtt. 117,3 samþ. án atkvgr.
— 115,10.a feld með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, JakM, BSv.
nei: JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, Pþ, SigurjJ, Trþ, þorlJ, þórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JG.
Einn þm. (SvÓ) fjarstaddur.
Brtt. 115,10.b tekin aftur.
— 115,11—12 teknar aftur.
— 115,13 feld með 19:1 atkv.
— 115,14—15 teknar aftur.
— 117,4 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 191).

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Svo mikið hefir verið rætt um þetta mál í hv. Nd. undanfarna daga, að jeg get ekki verið að halda um það langa ræðu hjer að fyrra bragði. Vil aðeins óska þess, að frv. verði vísað til hv. allshn., að þessari umr. lokinni.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði vænst þess nú, er á ný fór fram endurskoðun á fátækralögunum, að gerðar yrðu víðtækar breytingar á gildandi skipulagi. En hjer má segja, að borin sjeu fram þau lög, er nú gilda, að langsamlega mestu leyti óbreytt.

Allar kröfurnar um breytingar á fátækralögunum, alt frá árinu 1917, hafa farið í þá átt, að nema það úr gildi, að styrkurinn svifti menn kosningarrjetti, er hann væri veittur vegna ómegðar eða elli, og jafnframt að afnema sveitarflutning. Hefir það ekki síður verið heimtað. Undanfarin ár hafa verið borin fram ýms frv. til laga um breytingar á fátækralögunum, en ekki náð fram að ganga. Í fyrra var slíku frv. vísað til stjórnarinnar í trausti þess, að hún athugaði og endurskoðaði fátækralögin.

Og nú er þetta frv. borið fram! Í því er algerlega sama stefna og í gildandi lögunum. Aðeins eru ofurlitlar ívilnanir um það, að menn missi ekki kosningarrjett, þótt þeir þiggi af sveit, því að sveitarstjórnum er undir vissum kringumstæðum heimilað að ákveða, að styrkur skuli ekki afturkræfur. En gallinn er sá, að þarna er styrkþega enginn rjettur trygður, því að hjer verður aðeins um mat að ræða, sem framkvæmt er af fátækrastjórnum í hverjum hreppi. Þetta eru slæm fyrirmæli. Hæstv. landsstjórn hefði heldur átt að setja í frv. ákvæði það, sem krafist hefir verið, — skýlausan rjett handa styrkþega. Ákvæði stjfrv. um þetta voru eitthvað lagfærð í háttv. Nd., enda þótt sú brtt., sem mest vitið var í, væri feld.

Sennilega má þó það athugaverðasta við frv. teljast það, að fyrirkomulag fátækramálanna helst alveg óbreytt. Þykir mjer það leitt, því að eins og nú er tefja engin mál sveitar- og bæjarstjórnir eins og þessi. Það mun ekki um of í lagt, að ⅓ af því verki, sem afkastað er í hreppsnefndum og t. d. á skrifstofum kaupstaðanna, fari í rekistefnu út af þessu, — auk alls þess hugvits og bragða, sem sveitar-

stjórnir neyta, til þess að koma af sjer ómögum yfir á aðra. Hjá öllu þessu hefði verið hægt að komast, ef fallist hefði verið á það að gera landið alt að einu framfærsluumdæmi. — Hæstv. landsstjórn hefði átt að leggja sig í líma til þess að koma með till. um slíkt skipulag. Að vísu má segja, að hægt sje að koma með slíkar till. á Alþingi, en bæði er tími þess naumur og aðstaða landsstjórnarinnar betri til að vinna að slíku.

Jeg er því alls ekki þakklátur hæstv. stjórn fyrir þetta frv. Mjer finst það ekki einu sinni svara til þeirra vona, er háttv. flokksbræður hæstv. atvrh. (MG) gerðu sjer, eða þóttust gera sjer, er þeir vísuðu frv. um þessi efni til stjórnarinnar í fyrra. Jeg held, að hæstv. stjórn hefði betur gert að láta vera með að koma með þetta frv., og hefði eins mátt bíða þess, að aðrir hefðu af frjálsum vilja borið fram fátækralagafrv., sem betur fylgdist með kröfum tímans.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer ekki í þetta sinn að gera samanburð á frv. hæstv. stjórnar við hin gildandi lög um þetta efni, en mig langar til að tala ögn um breytingar þær, er háttv. Nd. hefir gert á frv. í meðförunum. Mjer virðast þær horfa beint í þá átt, að þurfalingarnir eigi að flestu leyti að ráða um sveitarmálefni hjer eftir, en sveitarstjórnir verða ómyndugar í ráðstöfunum og ákvörðun, eða svo skil jeg 36. o. fl. greinar frv. — 36. gr. segir, að ekki megi skilja hjón samvistum, nema með leyfi þeirra, og ekki taka frá þeim börn þeirra samþykkislaust. Af þessu sjá allir, að sveitarstjórnum verður oft ómögulegt að ráðstafa þessu fólki á viðunandi hátt. Svo getur staðið á, að fjölskylda verði bjargþrota í kaupstað, þar sem hún hefir dvalið skamma stund, og verði að segja sig til sveitar. Þá getur það verið ómögulegt þeim hrepp, þar sem maðurinn er sveitlægur, að taka til sín fjölskylduna í einu lagi, — en börnunum má ekkert dreifa „leyfislaust". Af þessu getur leitt það, að hreppsfjelagið treysti sjer ekki til að flytja heim fjölskylduna, en neyðist til að greiða með henni margfalt meðlag í dvalarsveit hennar. Jeg vona, að mönnum skiljist, að þarna er verið að taka valdið af sveitarstjórnum og fá það í hendur sveitarlimunum.

Í 43. gr. frv. eru ákvæði, sem að vísu voru í stjfrv. í svipaðri mynd, er áreiðanlega verða til þess, að bráðlega verður enginn sveitarstyrkur afturkræfur. Tilfellin eru svo svipuð og munur þeirra svo lítill, að ómögulegt verður að gera upp á milli manna um það, hver eigi að halda kosningarrjetti og hver ekki, eða hvenær styrkurinn skuli afturkræfur. Það er áreiðanlegt, að með tímanum sækir í það horf, að aldrei verður hægt að heimta sveitarstyrk endurgreiddan.

Jeg finn því hjá mjer skyldu til að standa á móti breytingum hv. Nd. á frv., hvað sem því sjálfu líður að öðru leyti. Jeg hefi ekki ennþá haft tíma til að kynna mjer rækilega mismun stjfrv. og gömlu fátækralaganna, svo að jeg geti sagt með vissu, hver af hinum nýju atriðum jeg vilji samþykkja. Þetta er svo stór lagabálkur, að ekki er hlaupið að því að kynna sjer hann til nokkurrar hlítar. Jeg sæi nú ekki heldur, að neinn skaði væri skeður, þótt beðið væri með að

samþykkja ný fátækralög til næsta þings.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg mátti vel vita það, að háttv. 5. landsk. (JBald) væri ekki ánægður með endurskoðun þessara laga. Hann hefir á undanförnum þingum flutt við þau margar brtt., sem engar eru hjer upp teknar. Jeg bjóst raunar við, að það mundi ögn lægja í hv. þm. (JBald) ákafann, að hann ljet bera fram flestar þessar brtt. í hv. Nd., — að vísu í nokkuð bættri mynd, — og þar voru þær allar drepnar.

Það eru aðallega tvö atriði, sem fundið hefir verið að í gildandi fátækralögum og óskað hefir verið athugunar á, það, að sveitarstyrkur sviftir menn atkvæðisrjetti, og fátækraflutningurinn. — Um fyrra atriðið fer stjfrv. fram á, að mat sveitarstjórna verði látið skera úr, og á að sveita styrkinn án kröfu um endurgjald, ef sveitarstjórn þykir ástæða til, sökum elli, ómegðar eða veikinda hlutaðeigandi manns. Nú hefir úr tveim áttum komið fram vantraust á sveitarstjórnum í þessu efni. Hv. 5. landsk. heldur, að styrkurinn verði alt of sjaldan eftir gefinn, en hv. 2. þm. Rang. (EJ) heldur, að það verði gert alt of oft. Jeg býst nú við, að reynslan fari þarna mitt á milli. Jeg treysti sveitarstjórnum vel til að segja um það og betur en öðrum, hvenær kenna megi mönnunum sjálfum um, að þeir verða að leita á náðir sveitarfjelaganna. Jeg skil ekki vel mótbárurnar gegn þessu ákvæði. Helst virðist eitthvað að marka þá mótbáru, að framkvæmdin verði ef til vill ekki eins á öllu landinu. En það er nú svo um framkvæmdir allra laga, að þær eru ekki alstaðar eins. Hvernig er t. d. um dómarana? — Það verður ekki til annars en að tefja þingið, að fara nú að bera hjer fram einhverjar „fastar reglur", eins og hv. 5. landsk. (JBald) hefir talað um. Þær till. hafa þegar komið fram í hv. Nd. og verið strádrepnar þar.

Um fátækraflutninginn tók stjórnin upp í frv. sitt gildandi reglur. En háttv. Nd. herti enn fastar á þeim ákvæðum. Jeg sje því ekki, að það hefði þýtt mikið, þótt stjórnin hefði borið þessar till. fram ögn linari. Frv. mundi nú líta eins út fyrir því.

Hv. 5. landsk. (JBald) mintist á þá tillögu, að gera landið að einu framfærsluhjeraði. Sú till. kom fram í hv. Nd., og voru það aðeins sárafáir, sem fylgdu henni. Jeg man reyndar ekki fyrir víst, hvort það voru fleiri en hans eini flokksbróðir. Og það er náttúrlega hrein fjarstæða að vera óánægður við stjórnina, þótt hún flytji ekki tillögur, sem hún bæði er mótfallin og veit, að ekki hafa fylgi í þinginu. Um fátækraflutninginn sjerstaklega vil jeg benda á, að jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje unt fyrir sveitarfjelögin að komast af án ákvæðanna um hann, því að það verða drepandi þyngsli fyrir einstök sveitarfjelög, ef þau eiga að halda uppi stórum fjölskyldum í kaupstöðunum; og jeg get sagt hv. 5. landsk. það, að það má oft telja það stórlán fyrir börn, sem eru að alast upp hjer í kjallaraholum í Reykjavík, að komast upp í sveit, þar sem þau geta haft

miklu hollari aðbúð, og jafnvel eignast reglulega fósturforeldra. Það er oftast talað um fátækraflutninginn eins og eitthvert böl fyrir börnin, en jeg held, að hann sje oft mikil hepni fyrir þau.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara neitt út í ræðu háttv. 2. þm. Rang. (EJ). Hann sneri sjer aðallega að breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Nd., og fanst mjer hv. þm. kveða þar fullhart að, og held jeg, að þær sjeu ekki svo slæmar, sem hann vildi láta líta út fyrir.

Jón Baldvinsson: Mjer fanst hv. 2. þm. Rang. (EJ) líta nokkuð á þetta mál með augum fátækrastjórnarinnar, þ. e. a. s. þeirra manna, sem eiga að framkvæma lögin, og sem náttúrlega geta búist við nokkuð auknu erfiði, af því að þeim hefir verið breytt. En það er naumast hægt að líta á þau frá því sjónarmiði eingöngu, því að það eru menn hinumegin líka, það er fólk, sem máske hefir orðið fyrir því óláni af óviðráðanlegum ástæðum að þurfa að leita sveitarstyrks, og þá get jeg ekki hugsað mjer, að fátækrastjórnir, enda þótt sumar hverjar kunni að hafa stirðnað upp í framkvæmd gamalla lagabálka, geti litið svo á, að fólkið, sem fyrir þessu verður, megi ekkert hafa um þetta að segja. Því að mjer finst alveg sjálfsagt, að það fái nokkuð að segja um það t. d., hvort það vill láta börnin frá sjer. Hv. 2. þm. Rang. lítur aðeins á málið frá sjónarmiði fátækrastjórnanna, hvort þetta verður meira erfiði fyrir þær eða ekki, en ekki frá því mannlega sjónarmiði, sem ætti að koma til greina.

Hæstv. atvrh. (MG) þykist nú ekki vera alveg berskjaldaður í þessu fátækramáli, þar sem hann getur borið fyrir sig hv. Nd., hún hafi svo sem ekki fundið mikið að frv. hæstv. ráðh. En það er nú sannast að segja, að jeg álít, að stjórnin hefði átt að leitast við að gera frv. betur úr garði en áður, bæði með því að gera það einfaldara og framkvæmdina umsvifaminni; hæstv. atvrh. hlýtur að játa, að þótt framkvæmd fátækralaganna sje komin í nokkuð fast horf, vegna þess, hve lengi þau hafa verið notuð, að það er afskaplega langur tími, sem fer í hana, vegna þess mikla þjarks, sem löngum verður milli framfærsluhjeraðanna út af sveitfesti þurfalinga.

Það er nú svo, að hæstv. ráðh. má ekki skjóta sjer inn undir þingið og segja, að það vilji ekki samþykkja þetta eða hitt. Mjer finst, að stjórnin ætti að hugsa upp heppilegar breytingar á lögunum, sem betur mættu fara, og jeg álít ekki, að neinn ráðherra eigi að hugsa um það eitt, hvort hann kemur þessu máli fram eða ekki, heldur hitt, hvort hann fer með rjett mál eða ekki; því að ef það er ávalt hugsun stjórna yfirleitt að reyna altaf að aka svo seglum eftir vindi að samræma alt við vilja meiri hl. í þinginu, en stinga sjálfar aldrei upp á neinu, þá verður aldrei mikið gagn að uppástungum þeirra. Jeg álít, að þær eigi að finna nýjar leiðir í löggjöfinni og reyna að gera þjóðarbúskapinn einfaldari heldur en að vera altaf að reyna að þóknast meiri hlutanum. Og svo getur stjórnin heldur ekki vitað, nema hv. Nd. hefði fallist á breytingar hennar, því að hæstv.

ráðh. veit, að stjórnin hefir stóran flokk að baki sjer í deildinni, og ef hún hefði viljað beita sjer á þá leið, sem jeg talaði um, þá býst jeg við, að hún hefði getað fengið sína flokksmenn til að fylgja sjer. En að láta undan með það, sem rjett er og sanngjarnt, af því að ekki sje hægt að koma því fram, álít jeg alveg fráleitt hjá hverri stjórn; því að jeg álít, að hver stjórn eigi að fylgja reglunni: „Til frægðar skal konung hafa, en eigi til langlífis". Jeg tel rangt að vera altaf að reyna að þóknast meiri hlutanum, en hafa aldrei neitt frumkvæði í löggjöfinni sjálfri.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er til lítils að vera að karpa um þetta mál við hv. 5. landsk., en þó er rjett að viðurkenna, að það fer talsverður tími og fyrirhöfn í það að annast fátækramálefni landsins, en hjá því verður ekki komist, og hv. þm. má ekki halda, að losnað sje við alla fyrirhöfn í þessum málum, þó að landið verði gert að einu framfærsluhjeraði. Það verður mjög svipað verk að leysa af hendi heima í sveitunum fyrir það, en skriftir á milli sveita falla niður. Á móti því kemur mikið verk, sem verður að leysa af hendi hjer í Reykjavík, og að mínu áliti verður ekki minni skriffinska við það. Jeg lái hv. 5. landsk. það ekki, þótt hann vilji helst, að stjórnin flytji frv., sem eru í samræmi við skoðanir hans, en þessi biðilsför hans til stjórnarinnar er alveg þýðingarlaus. Hún getur ekki flutt annað en það, sem henni líst rjett, og þótt hún flytti eitthvað, sem hv. þm. vildi, þá gæti ekki verið að tala um, að flokkur hennar fylgdi því; það er því til alt of mikils mælst af hv. 5. landsk., að stjórnin fari að nauðga sinni eigin sannfæringu og nauðga sannfæringu sinna eigin flokksmanna, til þess eins að þóknast honum. Jeg held, að það hafi komið fram, að talsvert mikill meiri hluti fylgi þeirri stefnu í fátækramálunum, sem stjórnin hefir tekið, og því er ekki til neins fyrir hv. 5. landsk. að vera að biðla til hennar, — og jeg get ekki sjeð, að það sje til neins nema að spilla tíma þingsins, ef hv. þm. fer að koma með brtt. í sama „dúr" og hv. flokksbróðir hans (HjV) bar fram í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 533).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg tel ekki þörf á langri framsögu af hálfu nefndarinnar. Það er alllangt síðan málið var afgreitt frá hv. Nd. og mun hv. þdm. kunnugt. Þessi endurskoðun, sem fram hefir farið á fátækralögunum, var einkum í því skyni gerð að færa þau saman í eina heild. Þau voru orðin talsvert gloppótt, af því að búið var að fella sum ákvæði þeirra úr gildi og setja ný lög um sumt, sifjalögin. Á því, sem eftir var af fátækralögunum, hefir lítil breyting verið gerð að öðru leyti en því, að nú eru sett ákvæði um, að styrkur til þurfamanna skuli ekki ætíð vera

endurkræfur. Nokkrar smábreytingar voru gerðar á frv. í Nd., en ekki neinar, sem verulegu máli skifta. Um þessa aðalbreytingu er ekki annað hægt að segja en rjettlátt sje, að sveitar- og bæjarstjórnir geti í sumum tilfellum gefið eftir veittan þurfamannastyrk. Það geta verið þær ástæður fyrir hendi, að slíkt sje sanngjarnt og rjett, og það má gera sjer von um, að þessi rjettur verði ekki misbrúkaður af þeim, sem hann er fenginn í hendur. Nefndin hefir borið fram nokkrar brtt. við frv., og skal jeg geta þeirra lauslega.

1. brtt. er aðeins orðabreyting. Á tveim stöðum í 10. gr. er notað orðið „eður", en alstaðar annarsstaðar „eða". Þykir nefndinni betur fara, að sama orðmyndin sje notuð alstaðar. Fyrri brtt. við 21. gr. er aðeins leiðrjetting á prentvillu, að í stað „vistfestur" komi „vistfastur". Með síðari brtt. við sömu grein leggur nefndin til, að í stað „þeim árum" í niðurlagi greinarinnar komi: síðustu 10 árum. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir, að maður geti unnið sjer rjett til sveitarstyrks í einu framfærslúhjeraði eftir annað með mjög stuttu millibili.

Næsta brtt. er við 36. gr., að í stað orðsins „slík" í 2. málsgr. komi „góð". Greininni hefir verið breytt í hv. Nd., en þess ekki gætt að samræma orðalagið, svo að ef þetta er látið standa óbreytt, verður meiningin alt önnur en ætlast er til.

Þá kemur brtt. við 43. gr., og leggur nefndin til, að á eftir 2. málsgr. sje bætt nýrri málsgrein þess efnis, að ákvörðun sveitarstjórnar, sem um getur í 1. og 2. málsgr., megi skjóta til sýslumanns í sveitum, en atvinnumálaráðherra í kaupstöðum. Áður voru engin ákvæði um að áfrýja mætti úrskurði sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, en nefndinni fanst rjettara að hægt væri, ef þurfa þætti, að áfrýja til þessara stjórnarvalda.

Þá er brtt. við 45. gr. Þar leggur nefndin til, að í stað orðanna „eða að minsta kosti oddviti hefir" í fyrri málsgr. komi: og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa. Það hefir verið álitin full sönnun fyrir því, að einhver hafi þegið sveitarstyrk, ef það hefir verið fært inn í bækur hreppsins og meiri hluti hreppsnefndar eða oddviti skrifað undir. En nefndin veit til þess, að þetta hefir verið misbrúkað, og þótti því rjettara að setja ákvæði um, að styrkþegi skyldi undirskrifa, ef hann væri innsveitismaður. Annars skyldi það talin fullgild sönnun, ef meiri hl. hreppsnefndar skrifaði undir.

6. brtt. nefndarinnar er við 48. gr. Leggur hún til, að orðin „ef ekki er um seinan" í síðustu málsgrein falli burt. Það sýnist villandi að hafa þetta orðalag, því að sveitarstyrkur fyrnist ekki, og verður aldrei um seinan að krefja hann inn.

Við. 50. gr. vill nefndin gera þá breytingu, að á eftir orðunum „framfærsluhreppi þeirra" komi: eða barnsmóðir. Ef einhver vill flytja af landi burt og skilur eftir vandamenn, sem honum ber að framfæra, er hann skyldur til að láta sveitarstjórninni í tje tryggingu fyrir meðgjöfinni. — Nefndinni þykir rjett, að barnsmóðir

sje látin njóta sama rjettar, því verið getur, að hún framfæri barn þeirra, án þess að sveitin komi þar til.

Þá leggur nefndin til samhljóða breytingar við 66. og 67. gr., að í stað orðsins „styrkur“ í upphafi 2. málsgr. komi: ríkissjóðsstyrkur. Þessi kafli laganna fjallar um sjerstakan styrk úr ríkissjóði, og þykir nefndinni rjettara, til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning, að breyta þessu á þann veg, sem brtt. fara fram á. — Jeg hefi þá minst á allar brtt. nefndarinnar, og þó að jeg hafi kannske ekki talað greinilega um þær allar, vona jeg, að þetta nægi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg leyfi mjer að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls og vinsamleg ummæli í nál. um undirbúning málsins. Jeg hefi ekkert að athuga við brtt. hennar. Tvær þeirra má skoða sem eiginlegar efnisbreytingar, brtt. við 21. gr. b. og 43. gr., og tel jeg þær báðar til bóta. Jeg hafði einmitt stungið upp á svona breytingu á 43. gr. í Nd., en enginn varð til að taka hana upp. Jeg hygg samt, að ýmsir þar verði ánægðari með frv., eftir að þetta ákvæði er komið inn. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta.

Ingvar Pálmason: Það er dálítið erfitt að átta sig á þessu frv., því að þær breytingar, sem á því voru gerðar við 3. umr. í Nd., hafa ekki verið færðar inn í frv. sjálft, og verður maður því við atkvæðagreiðslu að hafa fyrir sjer frv. sjálft, breytingar Nd. og auk þess brtt. allshn. þessarar deildar.

Jeg hefi reynt að gera mjer grein fyrir, hvernig frv. liggur fyrir, og jeg verð að játa, að mjer virðast vera á því gallar, sem skifta svo miklu máli, að ekki sje rjett að afgreiða málið á þessu þingi. Það er 43. gr., sem er mjer mestur þyrnir í augum. Í upphafi greinarinnar er kveðið svo á, að sveitarstjórn skuli skylt um leið og hún veitir styrk að úrskurða, hvort hann skuli afturkræfur eða ekki. Jeg álít, að sú hlið, sem að framfærslusveitinni snýr, sje hjer ekki nægilega vel athuguð. Það er altaf vandi að ákveða, hvort styrkur skuli afturkræfur, en þó er mestur vandi að gera það um leið og hann er veittur. Það ber oft svo brátt að um slíkar styrkveitingar, að ekki er nægur tími til að athuga til hlítar, hvort styrkurinn skuli afturkræfur. En mjer skilst, að þeim ákvörðunum, sem teknar eru í upphafi, verði ekki breytt. Nú vitum við, að stærsti útgjaldaliður framfærsluhjeraðanna, þ. e. sveitar- og bæjarfjelaga, er mjög víða fátækraframfærslan. Mestur hluti þess kostnaðar gelst að vísu ekki aftur, en þó talsvert. Þegar gengið er frá lögum sem þessum, verður að sjá um, að rjettur sveitanna til endurkröfu á greiddum styrk sje ekki fyrir borð borinn meira en sanngirni krefst. Verst felli jeg mig við, að ákveða þurfi um leið og styrkur er veittur, hvort hann skuli endurkræfur. Jeg veit, að þetta ákvæði er komið inn til þess að koma í veg fyrir óverðskuldaðan rjettindamissi styrkþega, og vil á engan hátt draga úr þeim rjetti, sem styrkþega er með þessu ætlaður. En þess verður að gæta, þegar einum eru fengin rjettindi í hendur, að ekki hljótist af rjett-

indamissir annars. Jeg held, að hjer sje farin röng leið. Ákvæði um það, hverjir hafi kosningarrjett og hverjir ekki, eiga að standa í stjórnarskránni, en ekki að ákveðast á þennan hátt. Hv. allshn. hefir gert tilraun til að bæta úr þeim galla, sem er á þessari grein, og viðurkent þar með, að hún finnur, að þar er vafasamt atriði á ferð. Brtt. allshn. um að þessu atriði megi skjóta til sýslumanns eða atvinnumálaráðherra er að vísu bót, en ekki fullnægjandi. Þess ber að gæta, að hjer eru aðeins stjórnarvöld kvödd til dóms. Gjaldendur sveitanna eru ekki um þetta spurðir. Jeg teldi heldur ekki æskilegt að láta almennan fund taka ákvörðun um svona atriði, en ef ekki er hægt að setja tæmandi ákvæði um þetta, held jeg, að heppilegast sje að fara ekki þessa leið. Eins og málið liggur fyrir, held jeg, að rjettast sje að afgreiða það ekki. Jeg er viss um, að þetta ákvæði veldur óánægju og breytinga verður krafist mjög bráðlega. Vildi jeg gjarnan sjá, hvert fylgi málið hefir í þessari háttv. deild. En mjer eru ljósir gallar frv., og jeg hefi fullan vilja á, að því verði vikið frá, svo að það verði ekki að lögum í þetta sinn.

Um brtt. háttv. nefndar er það að segja, að þær eru allar til bóta. Hvernig sem fer um málið, álít jeg sje rjett að samþykkja þær. Þær eru augljósar, svo að ekki er ástæða fyrir mig að fara að tala um þær, enda hefir líka hv. frsm. (GÓ) skýrt, hvað fyrir hv. nefnd hafi vakað með þessum brtt. Þótt jeg telji þær miða til bóta á frv. og muni ljá þeim fylgi mitt, er langt frá því, að þær sjeu nægilegar til þess að upphefja aðalgalla þess.

Jeg gat ekki látið málið fara svo gegnum þessa umræðu, að jeg ekki benti á þennan höfuðgalla á frv., er jeg tel vera svo mikinn, að varhugavert sje, að það verði að lögum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Háttv. 2. þm. S.-M. (IP) benti á það í byrjun ræðu sinnar, að erfitt væri að átta sig á málinu af því, hvernig það liggur fyrir í hinum prentuðu skjölum. Það er talsvert til í því. En ástæðan mun vera sú, að skrifstofa Alþingis hefir viljað spara endurprentun á frv. En allar þær greinar, sem breytt var við 3. umr. í hv. Nd., hafa verið prentaðar upp, og ætti engum að verða skotaskuld úr því, að átta sig á þessu. Annars beindust andmæli hv. þm. (IP) aðallega, eða svo að segja eingöngu, að 43. gr. frv. Meginatriðið í ræðu hans var það, að betra væri að hafa ekki þá grein í frv., en setja í hennar stað tæmandi ákvæði um það, hvenær sveitarstyrkur skuli vera afturkræfur, og hvenær ekki, hvenær hann valdi kosningarrjettarmissi, og hvenær ekki. En þetta tvent fer alveg saman í raun og veru, af því að stjórnarskráin mælir svo fyrir, að til þess að hafa kosningarrjett megi maður ekki standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Af því leiðir, að ekki er um kosningarrjettarmissi að ræða, þótt maður hafi þegið styrk, ef ekki er hægt að heimta hann aftur; með öðrum orðum, ef hann telst ekki skuld. En skuld hlýtur hjer að þýða fjárkröfu, sem hægt er að heimta inn með aðstoð dómstólanna. „Mórölsk“ eða siðferðileg skuld kemur hjer ekki til greina. Jeg get viðurkent, að betra væri að hafa tæmandi ákvæði um þetta

í lögum. Það hefir verið reynt. Stjórnin reyndi það á þingi 1923, og háttv. 5. landsk. (JBald) hefir reynt ár eftir ár að „formulera" slík tæmandi ákvæði með því að segja t. d., að sveitarstyrkur veittur fyrir aldurs sakir, slysa, ómegðar o. s. frv. skuli ekki endurkræfur. En í öllum þessum tilraunum hefir það komið í ljós, að ekki er hægt að orða þetta svo, að ekki sje auðvelt að benda á dæmi, er sýndu, að ákvæðin kæmu ósanngjarnlega niður.

Jeg reyndi þetta í vetur, er jeg var að endurskoða fátækralögin, en gat ekki komist að neinu orðalagi, er talist gæti fullnægjandi á ákvæðum, sem eiga að vera algerlega tæmandi. Það er auðsætt, að maður, sem þiggur af sveit, getur haft afsökun, þótt ómögulegt sje að orða þá afsökun í lögum nje taka upp í þau öll hugsanleg tilfelli. Að svo vöxnu máli er ekki hægt að finna sanngjarnari reglu í þessu efni en þá, að fela sveitarstjórnunum, sem eiga að veita styrkinn, úrskurðarvaldið um það, hvort styrkurinn skuli teljast skuld eða ekki. Þær þekkja feril mannsins best frá upphafi og til þess, er styrkurinn er veittur. Verður ekki bent á neinn annan aðila, er hafi betri aðstöðu til þess að hafa nægilega þekking á högum hlutaðeiganda til þess að fella þennan úrskurð. Veit jeg, að hann mundi jafnan feldur eftir bestu vitund. Í sveitum er þetta litlum vandkvæðum bundið; þar þekkjast menn svo vel, að sveitarstjórnin mundi sjaldan vera í vafa, hvað sanngjarnt væri í þessu tilliti. Í kaupstöðunum er það öllu erfiðara, en þó er í mörgum tilfellum auðvelt að gera út um málið, og auk þess eru fátækrafulltrúar valdir gagnkunnugir menn í hverjum bæ. Jeg skal játa, að komið geti fyrir þau tilfelli, að nægur kunnugleiki sje ekki til staðar. En það er nú svo, að aldrei verður hægt að komast hjá einhverri rjettaróvissu í einstökum tilfellum, en minst verður rjettaróvissan með þessu móti.

Jeg vil því mælast til, að hv. deild leyfi frv. að halda áfram sína leið og láti þessi ákvæði eiga sig. Jeg er viss um, að þau munu reynast allvel. Gangi maður út frá, að sveitarstjórn láti styrkinn vera afturkræfan, ef hún er í vafa, hversu ákveða skuli, þá er afleiðingin sú, að bíða verður 2 ár til þess að fá hann eftirgefinn. Auk þess stendur áfrýjunarleiðin opin.

Það er sjálfsagt að líta með sanngirni á brtt. þær, sem háttv. 2. þm. S.-M. (IP), ætlar að bera fram við 3. umr., en jeg geri tæplega ráð fyrir, að þær verði svo, að ekki verði hægt að benda þar á veilur, með öðrum orðum, að ákvæðin reynist ófullnægjandi og ósanngjörn í einstökum tilfellum. Honum mun veitast erfitt að sigla fyrir öll þau sker. Jeg skal að vísu ekki bera brigður á, að honum kunni að takast það, og jeg skal lofa því, að svo fremi, að mjer sýnist brtt. hans betri en ákvæði frv., skal ekki standa á mjer að fylgja þeim.

Einar Jónsson:* Jeg er ekki í vafa um, að sá talar djarfast, er reynsluna hefir í þessum efnum, en það eru oddvitarnir. Jeg veit, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir reynsluna á þessu sviði, og hana hefi jeg líka. Því er ekki að furða, þótt við gerumst djarfmæltir að sumra dómi.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Jeg ætla ekki að álasa hæstv. stjórn, þótt hún hafi komið með þetta frv., heldur ekki hv. neðri deild, sem hefir gert tilraun til þess að koma inn í frv. ákvæðum, sem jeg þakka fyrir, að ekki hafa komist inn í það. Jeg tek undir það, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir sagt um ákvæði 43. gr., jeg get ekki felt mig við þau. Mun jeg að mestu samþykkur hv. þm. (IP), og mundi mjer ekki sárt um, þótt frv. fjelli. Fátækralögin eru nú orðin svo gömul og reynd, að þau mættu að ósekju gilda lengur. Út í einstakar greinar frv. ætla jeg ekki að fara. Hv. þm. (IP) tók þar af mjer ómakið, með því að jeg er honum í flestu samdóma. Ákvæði 43. gr. eru mjer þyrnir í augum. Það er hægt að sýna það og sanna, að þegar sveitarstjórn hefir greitt einhverjum styrk með því skilyrði, að hann skuli ekki afturkræfur, þá er reglan komin í það horf þar áður en varir, að allir styrkþurfar fái með samþykki sveitarstjórnarinnar styrk, án þess hann sje endurkræfur.

Hvað snertir missi kosningarjettar í sambandi við sveitarstyrk, þá er það frekar stjórnarskráratriði en fátækralaga. En jeg álít þar ekki hægt að draga neina markalínu. Jeg segi fyrir mitt leyti, að það er síður en svo, að jeg sje ákafur um, að frv. verði að lögum. Vil jeg heldur hlíta gömlu lögunum eins og þau eru.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hefði eiginlega getað slept því að standa upp, því að hæstv. atvrh. (MG) hefir svarað háttv. 2. þm. S.-M. (IP), og hefi jeg þar litlu við að bæta.

Jeg held jeg hafi getið þess í framsöguræðu minni, að það væri dálítið varhugavert og mætti misnota, er gera þarf skilgreining milli þess, hvenær styrkur skuli óendurkræfur, og hvenær ekki.

En eins og háttv. 2. þm. S.-M. (IP) mintist á, þá er hægt að gefa eftir veittan sveitarstyrk, þótt leyfi sýslunefndar þurfi til, ef gert er innan 5 ára frá því, er til sveitarskuldar var stofnað. Hygg jeg, að slíkt leyfi sje jafnan auðsótt. Jeg þekki að minsta kosti ekki nein dæmi þess, að sýslunefnd hafi sett sig upp á móti veitingu leyfis í þessu skyni, hafi þess verið leitað, enda er hún vitanlega óbærari um að dæma heldur en hlutaðeigandi hreppsnefnd. Ef menn viðurkenna, að ekki sje rjett, að allir missi rjettindi sín fyrir þeginn sveitarstyrk, hvernig sem hann er til kominn, þá finst mjer þessi leið vel farandi.

Háttv. 2. þm. S.-M. taldi allar brtt. nefndarinnar við 43. gr. til bóta. Jeg er honum þakklátur fyrir það. Jeg hygg svo tryggilega frá gengið, sem hægt er, þegar samþyktar hafa verið brtt. allshn.

Hv. 2. þm. Rang. (EJ) byrjaði með því að þakka, að ýmislegt, sem háttv. deild vildi koma fram, hefði ekki komist í frv. Hann þarf ekki að þakka þessari háttv. deild, því að jeg hefi góðar vonir um, að það, sem hún leggur til, verði samþykt. Hann vildi eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP) helst, að frv. gengi ekki fram vegna ákvæða 43. gr. Hann vill sem sje, að enginn sveitarstyrkur skuli teljast óendurkræfur fyrst til að byrja með. En honum finst það víst ekki gera til, þótt þeir, sem af óviðráðanlegum orsökum hafa orðið styrkþurfar og fyrir þá sök mist mannrjettindi sín, verði að bíða nokk-

ur ár eftir leiðrjetting þess misrjettis. Af því að jeg veit, að háttv. 2. þm. Rang. er mannúðarmaður, þá hlýtur honum að vera það ógeðfelt. (**EJ**: Já, en hjá því verður ekki komist). Enda játar hann nú, að svo sje.

Þetta eru þau einu atriði, sem valdið hafa nokkurri óánægju, eins og þau eru í frv. Og jafnvel þeir, sem mest mæla á móti, játa, að þörf sje á að breyta til frá því, sem nú er.

Ingvar Pálmason: Mjer skildist á hæstv. atvrh., að hann kannaðist við, að 43. gr. frv. væri varhugaverð, en hann taldi hinsvegar ekki líkur til, að hægt væri að finna aðra leið í lögum til þess að fyrirbyggja óverðskuldaðan rjettindamissi þeirra, sem verða af óviðráðanlegum orsökum að leita hjálpar sveitar sinnar. Jeg skal fúslega kannast við, að flestar leiðir hafa einhverja galla. En jeg get ekki fallist á það í röksemdaleiðslu hæstv. ráðh., að hreppsnefndir sjeu í öllum tilfellum best færar að gefa úrskurði um styrkinn í hverju einstöku tilfelli. Að vísu eru þær kunnugar ferli mannsins og fyrri högum. En um leið og styrkurinn er veittur og þær eiga að ákveða, hvort hann skuli teljast afturkræfur ellegar ekki, þá er ekki nóg að vita hinn liðna feril mannsins, sem styrkinn á að þiggja, heldur þarf annað og meira, nefnilega að sjá fram í tímann, hvernig ástæðum styrkþega verður háttað um það leyti, er vænta mætti, að hann gæti endurgreitt styrkinn. Höfuðgallinn er þetta, að segja svo fyrir, að ákvörðun skuli tekin um leið og styrkurinn er veittur.

Eins og hv. frsm. (GÓ) tók fram. er hreppsnefnd samkvæmt gildandi lögum heimilt að gefa eftir sveitarstyrk, með leyfi hlutaðeigandi sýslunefndar, ef eftirgjöf á fram að fara innan 5 ára frá stofnun sveitarskuldarinnar, en ef lengra er um liðið, þá á eigin spítur. Jeg segi eins og er, að mjer finst bæta megi misrjetti, sem stafar af missi kosningarrjettar sökum þegins sveitarstyrks, með því að fara þessa leið. Til þess að það reynist fært, þarf ekki að breyta lögum verulega mikið frá því, sem nú er um aðstöðu þurfamanna. En það mundi þurfa að breyta í allverulegum atriðum aðstöðu sveitarstjórna um rjett til að krefja aftur veittan styrk. Jeg vildi aðeins benda á eina leið, sem jeg veit til, að hefir verið notuð, en veit ekki, hvort talist getur fyllilega lögum samkvæm. Jeg veit þess dæmi, að hreppsnefndir hafa stundum veitt mönnum lán, sem ekki hafa þá verið talin sveitarstyrkur. Hefir þá oftast verið einhver trygging sett fyrir greiðslunni eða að minsta kosti samningur um hana. Jeg ímynda mjer, að langt megi komast áleiðis með þeirri aðferð. Þó má vitanlega búast við, að í einstöku tilfellum yrðu slík lán að einhverju leyti ekki endurgreidd.

Það, sem mjer finst langlakast við þetta frv., er það, að sveitarstjórnirnar eiga að taka ákvörðun um leið og styrkurinn er veittur. Það er alt annað mál eftir tvö ár, þegar reynt er, hvort styrkþegi er kominn á varanlegt sveitarframfæri eða ekki, og taka þá ákvörðun, hvort gefa skuli styrkinn eftir sem skuld.

Jeg held, að í þessari margumræddu 43. gr. frv. felist miklu minni rjettarbót en sumir virðast gera sjer í hug-

arlund, og þar er auk þess ekki gætt hagsmuna sveitarfjelaganna, svo sem skyldi.

Jeg lýsti því ekki beint yfir, að jeg mundi koma með brtt. við 3. umr., eins og hæstv. atvrh. virðist hafa skilist. En það má vel vera, að legið hafi næst að draga þá ályktun út af orðum mínum. En með því að jeg hefi ekki haft tíma til undirbúnings og er nú hlaðinn störfum, er ekki víst, að jeg sjái mjer fært að bera fram brtt. við 3. umr., þó býst jeg við, að svo verði.

Þar sem nú þetta frv. er í öllum aðalatriðum samhljóða þeim fátækralögum, sem við nú búum við, að undantekinni þessari grein, þá sje jeg ekki, að nein hætta sje á ferðum, þótt dragist eitt ár enn að leiða þetta mál til lykta, ef verða mætti, að fyndist heppilegri lausn þessa vandamáls en sú, er frv. felur í sjer. Þótt hæstv. atvrh. (MG) hafi velkt þessu máli mjög fyrir sjer og ekki fundið betri leið, þá er ekki útilokað, að með gagnrýni megi ráða þessu atriði til lykta á annan heppilegri hátt. Það er spurning, hvort breyting frv. veitir nokkra rjettarbót þeim mönnum, sem þurfa að leita hjálpar sveitarinnar. Það fer alveg eftir því, hvernig viðkomandi hreppsnefnd er skipuð, eins og nú er líka undir gildandi fátækralögum. Eins og nú er, er býsna rúm leið fyrir sveitarstjórnir að gefa eftir sveitarstyrk, svo að styrkþegi missi einskis í af rjettindum, þótt ekki hafi það verið lögákveðin skylda.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Háttv. 2. þm. Rang. (EJ) hallaðist að því, að ekki væri brýn þörf á að breyta fátækralögunum, og væri það aðalástæðan til þess, að hann væri móti frv. En þingið hefir skorað á stjórnina að láta endurskoða þessi lög, og stjórnin hefir viljað verða við þeim áskorunum. Aðalástæðan til þess, að menn eru óánægðir með núgildandi lög, er ákvæðið um rjettindamissi fyrir þeginn sveitarstyrk, hvernig sem á stendur. 43. gr. frv. er ætlað að ráða bót á þessu. Háttv. 2. þm. S.-M. (IP) hjelt, að hægara væri að finna rjettláta lausn á þessu máli á öðrum grundvelli. En jeg held, að það sje besta leiðin, sem stungið er upp á í frv. stjórnarinnar, að leggja þetta undir dóm kunnugustu manna. Jeg held, að ekki sje hægt að benda á kunnugri menn í þessu efni en sveitarstjórnirnar.

Hv. þm. (IP) áleit erfitt að ákveða um leið og styrkur væri veittur, hvort hann skyldi endurkræfur. Það má vera, en það er nú einu sinni svo, að erfitt er að þræða götu rjettlætisins, og hjer var raunar ekki annað hægt að gera en að leggja þetta undir dóm kunnugustu manna. Jeg mundi geta gengið inn á, að þessum úrskurði mætti fresta svo sem 2—3 mánuði. Annars lít jeg svo á, að ef sveitarstjórnir eru í vafa um þetta, þá geti þær vel farið þá leið að láta manninn fá lán til bráðabirgða. Jeg veit til þess, að hreppsnefndir hafa oft farið þá leið, þegar líkur voru til, að maðurinn gæti endurgreitt. Í þessu frv. er ekkert, sem fyrirbyggir slíkar lánveitingar, enda eru svona lán hættulaus, ef þau eru aðeins veitt í þeim tilfellum, sem annars hefði orðið að veita styrk.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mikið hefir verið um það talað, hve erfitt væri fyrir sveitarstjórnir að ákveða, hvort styrkur skyldi endurkræfur, af því að þær þyrftu að gera það strax. Jeg held nú samt, að samviskusamar sveitarstjórnir eigi svo hægt með að kynna sjer hag styrkbeiðanda, að þær geti ákveðið þetta þegar í byrjun. Ef brtt. allshn. verður samþ., getur styrkþegi líka skotið máli sínu til æðri yfirvalda, svo að síður er hætt við, að hreppsnefndir misbeiti þessu úrskurðarvaldi sínu. Það, sem haft er á móti þessu ákvæði, er ekki síst það, að menn eru hræddir um, að af því leiði aukin gjöld fyrir hreppinn, af því að of oft kunni að verða ákveðið, að styrkur skuli ekki endurkræfur. Jeg held, að sá ótti hafi ekki við mikið að styðjast, og yfirleitt finst mjer ekki hafa verið færð nægileg rök fyrir því, að þetta ákvæði væri óviðunandi.

Ingvar Pálmason: Út af ummælum hæstv. atvrh. (MG) vildi jeg aðeins benda á það, að í 3. málsgr. 43. gr. er ákvæði um, að fyrst eftir 2 ár frá því, að sveitarstyrkur er þeginn, megi sveitarstjórn gefa hann eftir. — Ef ákveðið er í upphafi, að styrkur skuli endurkræfur, er ekki hægt að breyta því fyr en eftir 2 ár, samkvæmt þessu ákvæði.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett athugað hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að í 3. málsgr. 43. gr. stendur, að sveitarstjórn sje heimilt að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, að þurfamaðurinn þáði af sveit. En það mætti vel skjóta inn í 1. málsgr., að sveitarstjórn skyldi innan þriggja mánaða ákveða, hvort styrkur skyldi endurkræfur. Jeg hefi ekkert á móti því, að slíkur frestur sje veittur. Það má bara ekki vera langur tími, vegna samningar kjörskrárinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 533,1 samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 533,2.a samþ. án atkvgr.

— 533,2.b samþ. með 10:2 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

22.—32. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

33.—35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 533,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

37.—40. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

41.—42. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 533,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

43. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

44. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 533,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

45. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

46.—47. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 533,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

48. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

49. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 533,7 samþ. með 11 shlj. atkv.

50. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

51. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.

52.—65. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn V. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 533,8 samþ. með 10 shlj. atkv.

66.—67. gr., svo breyttar, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn VI. kafla samþ. án atkvgr.

68.—69. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn VII. kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 556).

Ingvar Pálmason: Eins og jeg gat um við 2. umr. þessa máls, er jeg ekki allskostar ánægður með ákvæði 43. gr. þessa frv.; og jeg gat þess, að jeg hefði löngun til að flytja brtt. við þá grein. Mjer hefir ekki unnist tími til að koma brtt. á prent, en geri ráð fyrir, að hæstv. forseti taki gilt, að jeg leggi hana fram skriflega.

Jeg hafði hugsað mjer að gera till. um allvíðtæka breytingu á þessari 43. gr.; en eftir þeim undirtektum að dæma, sem hún ásamt frv. fjekk í hv. deild við 2. umr., taldi jeg það tilgangslaust. Því að það er engin ástæða til að koma með brtt., sem litlar eða engar líkur eru til, að hv. deild mundi fallast á.

Till. mín hljóðar svo, að skylt sje sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 6 mánaða, hvort styrkurinn skuli ekki afturkræfur o. s. frv., og til vara: „innan þriggja mánaða".

Mjer finst þessi breyting, hvernig sem á hana er litið, ekki geta spilt aðalkjarna 43. gr., en hún gefur hreppsnefnd í hverju tilfelli þó dálítinn tíma til þess að átta sig á þessu, sem jeg álít, að hljóti altaf að vera nokkuð vandasamt. Jeg skal játa, að orðalag þessarar greinar allrar er ekki vel viðfeldið. En jeg vildi alls ekki leggja út í að gerbreyta henni, af þeim ástæðum, sem jeg hefi tekið fram. Hinsvegar virðist mjer þetta innskot ekki þurfa að spilla greininni hvað form snertir, og kjarni þessarar brtt. býst jeg ekki við að valdi neinum deilum. Það getur náttúrlega orkað dálítið tvímælis, hvað fresturinn á að vera langur, og því hefi jeg gefið hv. deild kost á að ganga að varatill., sem tiltekur 3 mánuði, ef henni þætti 6 mánaða fresturinn of langur. Jeg held þó, að í flestum tilfellum ætti það ekki að koma að sök. Að vísu gæti svo farið, að á þessum 6 mánuðum lægi fyrir að semja kjörskrá, og því æskilegt, að málið yrði í hverju tilfelli útkljáð áður. En svo stendur á, að kjörskrá er venjulega samin á þeim tíma, sem þessar styrkveitingar eiga sjer helst stað, sem er

um miðjan vetur. Jeg held því, að þótt fresturinn yrði ákveðinn 6 mánuðir, þá raski það ekki miklu; því að það verður aldrei hægt að synda fyrir það, að einhverjir, sem á kjörskrá standa, kunni að vera búnir að missa kosningarrjett á kjördegi. Það hlýtur altaf að eiga sjer stað, og jeg held, að frá því sjónarmiði sje engin hætta á ferðum, þótt fresturinn væri svo langur.

Jeg fjölyrði svo ekki frekar um þessa brtt. Hún stendur svo ljóst fyrir, þegar hv. þm. bera hana saman við frumvarpsgreinina.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi geta fallist á till. í þessa átt, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir nú lýst. En mjer þykir aðaltill. tiltaka of langan tíma. Jeg álít ekki nauðsynlegt að gefa hreppsnefndum svo langan tíma til þess að útkljá slíkt mál; tel 3 mánuði nægja. Ef hv. þm. því vill sætta sig við þessa varatill., þá skal frá minni hálfu ekkert verða í vegi fyrir samkomulagi. Meðan hreppsnefnd hefir ekkert ákveðið um styrkinn að því leyti, sem hjer um ræðir, verður maður að álíta, að hlutaðeigandi standi í sveitarskuld, og er því beggja aðilja vegna best að útkljá þetta sem fyrst. Og jeg álít, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægan tíma til þess á 3 mánuðum að útvega sjer gögn og athuga málið, eins og þörf kynni að vera á. Þetta er talsvert lengri tími en dómurum er ætlaður til að kveða upp vandasama dóma, og ættu þessi mál ekki að vera vandasamari. Það getur komið fyrir, að nefndin þurfi að fá upplýsingar annarsstaðar að, t. d. af öðru landshorni, og það er einungis í slíku tilfelli, að fresturinn gæti orðið helst til skammur. En þetta yrðu aðeins undantekningar, og við getum varla búið til aðalregluna fyrir þær.

Annars þykir mjer vænt um, að hv. þm. kom ekki með fleiri till.; jeg gat búist við fleirum, eftir ummælum hans við 2. umr. Eins og hann tók fram, hefir þessi 43. gr. frv. mikið fylgi í hv. deild, og það er vel farið að vera ekki að eyða tíma þingsins með því að stofna til umræðna út af atriðum, sem ekki eru líkleg að ganga fram.

Ingvar Pálmason: Ræða hæstv. ráðherra gefur ekki tilefni til þess að segja mikið. Aðeins vil jeg taka fram, að það er dálítið sitt hvað, sem fyrir okkur vakir í þessu efni. Hæstv. ráðh. segir, að fresturinn geti verið nauðsynlegur til þess að afla sjer upplýsinga um fortíð þurfalinga. Náttúrlega er rjett, að það getur líka verið ástæða til þess. En sje um þá menn að ræða, sem eiga ekki framfærslusveit í þeirri sveit, sem þeir njóta styrks, þá gerir greinin ráð fyrir, að dvalarsveit hafi ekki rjett til að ákveða þetta. En það, sem fyrir mjer vakti, var það, að erfitt væri yfirleitt að ákveða, þegar styrkur er veittur, hvort hann skuli vera afturkræfur eða ekki, og því þyrfti að hafa nokkurn frest. Nefndin getur oft vitað betur eftir nokkurn tíma, hverjar líkur eru um framtíð styrkþega. Það getur oft verið vegna veikinda, að styrks er þörf, og þá er undir flestum kringumstæðum erfitt fyrir hreppsnefndina að ákveða fyrir-

fram um styrkinn; betra að sjá, hverju fram vindur. Það var sjerstaklega með það fyrir augum, að jeg vildi fá inn þessa breytingu; til hins tel jeg minni líkur, að hreppsnefnd þurfi langan tíma til að kynna sjer æfiferil styrkþega.

Að lokum vil jeg taka fram, að auðvitað sætti jeg mig við varatill.; þess vegna er hún borin fram. Jeg setti aðaltill. fram vegna þess, að í henni felst það, sem jeg óska helst að gangi í gegn, en varatill. tel jeg einnig til bóta.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætla ekki að segja neitt um þetta mál frekar en jeg hefi áður gert, nema að lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún getur fallist á, að það sje til bóta að ákveða einhvern frest. En hún lítur svo á, að ekki sje þörf á meira en 3 mánaða fresti, og felst þar með á varatill. hv. 2. þm. S.-M. (IP).

En svo var verið að benda mjer á lítinn galla á orðalagi 10. gr., nú meðan á umr. stóð. Þar stendur í miðri greininni: „eða og óvanalegan starfa þann"; þar mun þessu „og" ofaukið. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki láta lagfæra þetta í prentun.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi haft hina mestu löngun til að koma með allvíðtækar brtt. við þetta frv. til fátækralaga. Jeg hafði lýst yfir því við 1. umr. þessa máls, að jeg teldi ákaflega lítils virði þessa breytingu á fátækralögunum og óþarft að kosta upp á endurskoðun laganna fyrir ekki stórvægilegri breytingu. Þó vil jeg ekki alveg fortaka, að einhver lítilsháttar neisti af tilraun til þess að bæta eitthvað úr þeim herfilegustu rangindum fátækralaganna kunni að felast í frv., en ekki veitir af stækkunargleri til þess að koma auga á þessa minstu endurbót. Jeg undraðist þess vegna ákaflega, þegar jeg sá í nál., að nefndin hafði hælt hæstv. ráðh. (M-G) fyrir þessa endurskoðun, þar sem henni fanst hæstv. ráðh. hafa hitt á það rjetta, gert einmitt mátulega mikla endurskoðun. Háttv. allshn. er ekki ákaflega kröfuhörð um endurskoðun fátækralaganna. Jeg er hræddur um, að það þýði þess vegna ekki að bera fram neinar breytingar til bóta við málið. Þó mundi jeg hafa gert það, ef ekki hefði staðið svo á, að jeg var ekki á tveimur fundum, þegar þetta mál var til umræðu; jeg hefi því ekki haft tækifæri til þess að koma með brtt. Aðeins vil jeg leyfa mjer að gera enn nokkra tilraun til að breyta 43. gr.

Þeirri grein hefir nokkuð verið breytt í hv. Nd. og einnig, að jeg ætla, að einhverju leyti af nefndinni hjer. — Jeg álít ekki, að það sje hentugt ákvæði, að sveitarstjórn skuli þegar fyrirfram ávalt ákveða, hvort styrkur skuli afturkræfur eða ekki. Jeg álít, að það eigi að vera viss rjettur handa hverjum styrkþega til þess að fá óafturkræfan styrk, ef svo og svo er ástatt. Fyrir því vildi jeg taka upp till., sem var flutt við frv. í hv. Nd., um að sveitarstyrkur skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef veittur er vegna elli, ómegðar, heilsuleysis, slysa eða atvinnuleysis. Jeg álít, að öll þessi atriði, sem upp eru talin, sjeu þess eðlis, að það eigi ekki að reikna mönnum til syndar, þ. e. a. s. eigi ekki að

svifta þá mannrjettindum, þótt þeir leiti sveitarstyrks fyrir einhverjar þessar orsakir. Þessi till. felur það í sjer, að þetta er ekki beinlínis lagt á vald sveitarstjórnar, eins og eftir frv., heldur er fyrirfram ákveðið, að svona mikil rjettindi eigi menn að hafa til framfærslu.

Það hefir að vísu komist inn í þessa 43. gr. ákvæði, sem fer í líka átt og mín till., sem sje, að styrkur, sem veittur er mönnum fullra 60 ára að aldri, teljist ekki sveitarstyrkur. Þetta er spor í áttina. Jeg vil með till. bæta við öðrum ástæðum, sem eru jafnrjettmætar þessari ástæðu.

Ýmislegt fleira hefi jeg að athuga við þetta frv., og sannast að segja finst mjer of lítill gaumur hafa verið gefinn þeirri tillögu, sem fram hefir komið um að gera landið að einu framfærsluhjeraði, þannig, að eins sje að farið og nú á sjer stað um berklavarnir, að ríkissjóður greiði allan styrk, sem veittur er, en innheimti aftur hjá hreppunum. Einnig mættu hrepparnir greiða styrkinn og eiga síðan aðgang að ríkissjóði. Jeg ímynda mjer, að vel mætti koma þessu fyrir á rjettlátan hátt, þannig, að útgjöld landsmanna vegna hinnar nauðsynlegu framfærslu kæmu jafnt niður. Jeg vil taka dæmi af nágrannahreppi hjer við Reykjavík. Mjer finst ekkert rjettlæti í því, að útsvör í Seltjarnarneshreppi vegna fátækraframfærslu sjeu lægri en í Reykjavík. Þau eru lægri fyrir þá sök, að hreppurinn er í nágrenni við kaupstað, sem veitir íbúum hans ýmis hlunnindi, sem gera mönnum fært að hafa góða atvinnu, án þess þó að taka á sig þær byrðar, sem bærinn verður að leggja á sína menn, til þess að halda uppi þeim framkvæmdum, sem styðja atvinnu þeirra, er búa í skattahljeinu rjett við bæjarvegginn.

Að þessu leyti finst mjer það alls ekki rjettlátt, þegar einhver hreppur segir sem svo: nú er fátækraframfærið lítið, og viljum við því ekki vera í neinni „solidariskri" ábyrgð gagnvart öðrum hreppum, er hafa miklu meira fram að færa. — Þegar ástæðan er þessi, sje jeg ekki annað en það sje fullkomlega rjettmætt, að hreppar sjeu „solidariskir".

Endurskoðunin hefði átt að snúast um það, hvort ekki væri hægt að leggja niður eitthvað af þeirri fádæma skriffinsku og óþarfa naggi, sem er í sambandi við fátækramálin, eins og nú er. Allur sá tími og öll sú vinna, sem fer í alt þetta leiðindavastur, er sjálfsagt engu minni en það starf, sem leyst er af hendi árlega á öllum bæjarskrifstofunum hjer í Reykjavík, að jeg ekki tali um öll þau hrekkjabrögð, sem harðvítugar hreppsnefndir beita til þess að koma ómögum af sjer á aðra hreppa.

Það væri engum smáræðiskostnaði ljett af landsmönnum, ef þessi skriffinska hyrfi með öllu.

Jeg ætla að koma með brtt. við 43. gr. og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson):* Jeg þarf eiginlega ekki að svara fyrir hönd nefndarinnar ræðu hv. 5. landsk. (JBald). Hann játaði, að endurskoðunin væri til bóta, og hafði um það mörg lýsingarorð, hve lítið hún væri

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

til bóta. En því fleira, sem hann taldi upp, því meiri varð bótin, að mjer skildist. Háttv. þm. var óánægður við nefndina út af því, að hún hefði hælt hæstv. atvrh. fyrir þetta frv., sem árangur endurskoðunar á fátækralöggjöfinni. Ekki var það nú gert með afarsterkum orðum. Þá kvað hann lasleika sinn og það, hve háttv. nefnd væri lítilþæg, valda því, að hann kæmi fyrst nú með brtt., og síðan fór hann að telja upp alt það, er hann hefði komið með í brtt. í fyrra og skyldi valda, að sveitarstyrkur teldist ekki skuld. Væri aðeins eitt af því komið inn í frv., þ. e. um styrk vegna aldurs. Auk þess taldi hann upp 3 aðrar ástæður fyrir óendurkræfum styrk, sem sje veikindi, slys og ómegð. En þetta er líka komið inn í frumvarpið. 43. gr. kveður svo á, að styrkur veittur vegna þessara orsaka, skuli teljast óendurkræfur.

Með öðrum orðum: það er þó nokkuð komið fram af því, sem háttv. þm. (JBald) ber fyrir brjósti, og hefir verið tekið ekki svo lítið tillit til hans, að því er sjeð verður, og það í ekki merkilegri endurskoðun, að hans áliti. Honum finst endurskoðunin ófullnægjandi, breytingarnar of fáar og smáar. En nefndin vill heldur færri breytingar, ef það væri þá heldur von til, að ekki væru gerðar aðrar en þær, sem sjáanlega eru til bóta og allir eru ásáttir um, að nauðsynlegar sjeu. Allshn. getur t. d. alls ekki talið til bóta að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Hún lítur alt öðrum augum á það mál en hv. 5. landsk. Svo er að minsta kosti um mig, og jeg þykist einnig vita vissu mína um hv. meðnefndarmenn mína. Því til sönnunar, að rjettmætt væri, að alt landið yrði eitt framfærsluhjerað, vitnaði hann í berklavarnarlögin. Ætti að hafa framfærslufyrirkomulagið líkt og nú er háttað um berklavarnir. Þessu til sönnunar tók hann dæmi, að í hverju framfærsluhjeraði gætu verið mismunandi sveitarþyngsli. Útsvör væru mun lægri í Seltjarnarneshreppi heldur en í Reykjavík, og hann bætti því við, að Seltjarnarnes væri í einskonar skattahljei við Reykjavík. Það er þá líklega eini hreppurinn, sem svo er ástatt um, því að það er almannarómur, að Reykjavík sje frekar til hins gagnstæða og auki á dýrtíðina í landinu. Það getur verið, — jeg þekki það ekki, — að útsvör sjeu í bili hlutfallslega lægri í Seltjarnarneshreppi heldur en í Reykjavík. En hitt veit jeg, að þetta veltur alla vega til eftir atvikum; sá hreppur, sem mest hefir sveitarþyngsli í ár, getur haft tiltölulega ljettar byrðar að bera að nokkrum árum liðnum.

Jeg segi fyrir mig, að jeg hefi ótrú á, að það gengi nokkuð betur, þótt alt landið væri eitt framfærsluhjerað. Jeg tel það ennfremur kost, að ekki eru teknar upp í þetta frv. aðrar breytingar, sem ymprað hefir verið á, en þær, sem allir hljóta að viðurkenna, að sjeu til bóta. Hv. 5. landsk. hefir líka gert það, þótt hann álíti þessa endurskoðun of lítið til bóta.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir vænt um, að hv. frsm. (GÓ) afsakar hólið um hæstv. atvrh. (MG) og segir, að það hafi ekki verið mikið. **(GÓ:** Jeg sagði, að honum hefði ekki verið hælt með sterkum orðum). Háttv.

frsm. var með því að afsaka hól um skör fram um hæstv. ráðherra fyrir þessar lítilfjörlegu endurskoðun og veigalitlu. (**GÓ**: Jeg er hissa, hvernig háttv. þm. fer að fá það út úr orðum mínum). Að minsta kosti fólst í þeim nokkurskonar afsökun. Það var líka afsökun hv. nefndar, hve endurskoðunin væri dýr, en úr því að hún hefði fram farið, væri rjett að stuðla að því, að hún kæmist áleiðis. Það er rjett, að meginhluti kostnaðar var kominn áður en frv. kom hingað í Ed., en jeg held það hefði verið happasælla fyrir háttv. nefnd að setjast á frv. og vera ekki að láta aukast á þann kostnað, sem þegar er orðinn.

Jeg efast ekki um, að kvartað sje undan, hve berklavarnarkostnaðurinn sje mikill hjer á landi, og það er líka kvartað undan hinum gífurlega kostnaði við fátækraframfæri hjá einstökum hreppum í landinu. En ekki hefi jeg enn heyrt uppástungur um samskonar úrræði og höfð voru í upphafi bygðar, er sveitarþyngsli þóttu of mikil: að fækka ómögunum. Jeg sje ekki, hvernig útgjöld landsmanna af fátækramálum ættu að aukast við það, að landið væri alt eitt framfærsluhjerað og borgaði fyrst allan kostnað og jafnaði síðan niður. Jeg ætla ekki að gera hreppsnefndum og bæjarstjórnum óþarfar getsakir, að þær mundu líta ver eftir, þótt ríkið borgaði, að ekki fengju óverðugir menn sveitarstyrk. Að vera að halda í fyrirkomulagið eins og það er, hygg jeg tvímælalaust sveitunum til skaða. — Sömuleiðis tel jeg það til skaða að svifta menn rjettindum vegna þegins sveitarstyrks. Reynslan sýnir, að flestir styrkþegar, sem sviftir hafa verið rjettindum, láta sjer á sama standa, hversu mikil eyðsla verður þeirra vegna, úr því sem komið er. Það er af því, að þeir hafa tapað áliti sínu út á við og mist virðinguna fyrir sjálfum sjer. Það er ekki óalgengur hugsunarháttur hjá því fólki, sem hefir orðið fyrir því óláni að þurfa að leita til sveitar, að segja sem svo, að sveitin sje ekki of góð til þess að borga. Og jeg held það sje fremur af óheppilegu fyrirkomulagi heldur en því, að sá hugsunarháttur sje þessu fólki eðlilegur.

Fyrir utan brtt., sem jeg kom með áðan, er jeg hjer með aðra brtt, sem jeg ætla að biðja hæstv. forseta að bera upp. Hún er um það, að þurfamenn verði ekki fluttir fátækraflutningi, nema þeir gefi samþykki sitt til þess. Þessi till. kom fram í hv. Nd., en var ekki samþykt og ekki talin eiga rjett á sjer. En það er ranglátt, að sveitarstjórnir geti með einfaldri ályktun sinni valdið því, að t. d. heilt heimili sje tekið upp og flutt móti eigin vilja, hvert á land sem þeirri góðu hreppsnefnd kann að þóknast. Jafnvel þótt hún láti af mörkum fje, sem þarf til framfærslu, getur engum rjettsýnum manni þótt forsvaranlegt að veita hreppsnefnd svo að segja ótakmarkað vald yfir þurfalingum sínum, svo að hún geti flutt þá rjett eins og sauðfje, sem skipað er út til að flytjast til slátrunar eða þangað, sem á að ala það. En í raun og veru er það samskonar vald, sem sveitarstjórn er fengið í hendur. Hún getur, ef henni býður svo við að horfa, farið með þetta fólk eins og skynlaus-

ar skepnur. Slíkt á ekki að gilda um þurfamenn, nema sýnt væri, að ástæða hefði verið til að svifta þá fjárforræði fyrir þær sakir, að þeir hefðu ekki kunnað með fje sitt að fara. Jeg skal játa, að í einstökum tilfellum, t. d. er drykkjuræflar eiga í hlut, álít jeg betra, að hið opinbera hefði eftirlit og tangarhald á slíkum mönnum. En alment er það ekki rjettlátt.

Jeg vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri upp við 58. gr. svohljóðandi brtt., að aftan við gr. bætist: enda gefi hann skriflegt leyfi sitt til flutningsins.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer finnast mótmæli hv. 5. landsk. (JBald) satt að segja nokkuð veigalítil og frekar til þess að sýnast heldur en hann meini eiginlega nokkuð með því, sem hann segir. Hann var að tala um, að endurskoðunin væri dýr. Jeg veit ekki, á hverju hann byggir þá staðhæfingu. En jeg get sagt honum það, að jeg hefi unnið það verk alt einn. Þetta frv. er því ekki dýrara en frv., sem hv. 5. landsk. flytur hjer þing eftir þing. Annar kostnaður en sá, er leiðir af prentun frv. og tilheyrandi skjala og umræðum um það á þingi, er ekki í sambandi við þessa endurskoðun.

Eftir því, sem frv. var frá hendi stjórnarinnar og er enn, þá eru þar ákvæði til þess að fyrirbyggja rjettindamissi annara en þeirra, sem öll sanngirni mælir með að heimta, að geti komist af án styrks. Þar sem nú hv. 5. landsk. viðurkennir, að slíkir menn sjeu til, þá verður ekki annað sjeð en að hann geti verið ánægður með ákvæði frv., svo framarlega sem hann treystir sveitarstjórnum til þess að vera óvilhalt úrskurðarvald í þeim efnum.

Jeg heyrði ekki nema aðra skriflegu brtt. hv. þm. En jeg get sagt það um þessa till., að jeg er á móti því, að ekki megi flytja ómaga sveitarflutningi, nema með skriflegu leyfi hlutaðeiganda sjálfs. Oft og tíðum mundi það verða svo, að þetta leyfi fengist ekki, þótt flutningurinn væri fullkomlega rjettmætur og báðum aðiljum fyrir bestu. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjettara að láta þá ráða, sem ekki hafa getu til þess að sjá sjer farborða, heldur en hina, sem eiga að sjá þeim farborða. Og í frv. sjálfu eru ákvæði, sem, ef eftir er farið, fyrirbyggja, að illa sje farið með þurfalinga í slíkum flutningum. Venjulegast mun það vera svo og undantekningarlítið, ef um fátækraflutninga er að ræða, að þeir eru úr kaupstað upp í sveit, af því að uppihald er svo dýrt í kaupstöðunum, að framfærslusveit sjer sjer ekki fært að standa straum af meðlagi með heilli fjölskyldu eða öðrum ómögum þar, og vill því fá þurfalingana flutta til sín til þess að ljetta þannig kostnaðinn. Oft hafa börn ekki nema gott af því að flytjast úr fátæktinni í kaupstaðnum, eins og t. d. í Reykjavík, og upp í sveit á góð heimili; — í frv. er tekið fram, að börnum skuli aðeins komið fyrir á góðum heimilum. Hv. þm. (JBald) virtist álíta það sama sem nokkurskonar dauðadóm, en jeg álít það undir flestum kringumstæðum mikið lán fyrir blessuð börnin að vera flutt úr fátæktinni og kjallaraholunum á góða

sveitabæi, þar sem þau hafa gott fæði og góða umönnun og eignast stundum fósturforeldra, sem reynast þeim meiri stoð og stytta en þeirra eigin foreldrar. — Mjer heyrist á hv. 5. landsk., að hann vilji ekki viðurkenna að hafa viðhaft þetta orð, sem jeg tiltók áðan: dauðadóm. En má jeg spyrja: Hvað meinti þá hv. þm. með líkingunni um sauðina, sem seldir væru og sendir út til slátrunar? (**J-Bald:** Þetta er útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh. Jeg talaði ekki um fje, sem væri sent til útlanda). Háttv. þm. talaði víst um fje, sem selt væri til slátrunar, og sem líking í þessu efni er sama, hvort hann meinti, að ætti að slátra því erlendis eða hjerlendis. Það lá að minsta kosti í orðum hans, að síður en svo væri um nokkur gæði að ræða fyrir fjölskylduna, sem flytja ætti.

Jeg vona, að frv. verði samþ. með þeirri einni breytingu, sem felst í brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. (IP), svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Jóhannes Jóhannesson: Það vita allir, að allshn. stendur á alt öðrum grundvelli hvað snertir skoðanir um þjóðskipulag heldur en hv. 5. landsk., og því er ekki furða, þótt hún líti öðrum augum á endurskoðun hæstv. stjórnar á fátækralöggjöfinni. Allshn. finst eðlilegt, að ekki sjeu gerðar aðrar breytingar en þær, sem ætla má, að flestum komi saman um, að nauðsynlegar sjeu og æskilegar og í samræmi við þann grundvöll þjóðskipulags, sem við nú byggjum á.

Jón Baldvinsson: Það veitir sannarlega ekki af að gera athugasemdir við ræðu síðasta ræðumanns, þó að stutt væri. Jeg er hissa á, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), gamall þingmaður og reyndur dómari, skuli standa upp og segja þá dæmalausu endileysu, sem hann ljet sjer um munn fara. Að vera að tala um mismunandi skoðanir á þjóðskipulagi í sambandi við þessa tilhögun fátækramála, nær ekki nokkurri átt. Brtt. mín á ekkert skylt við neinn byltingarhug. Það eru draumórar hv. þm. (JóhJóh), ef hann heldur, að till. standi fyrir mjer í nokkru sambandi við breytt þjóðskipulag. — Það vill líka svo vel til, að jeg hefi ekki fyrstur manna hreyft þessari till. hjer á þingi, heldur hv. þm. Borgf. (PO), samherji og skoðanabróðir hv. þm. Seyðf. Það er hann, óróaseggurinn sá og byltingamaðurinn í hv. Nd., sem fyrstur hefir hreyft þeirri till. að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Þaðan er allur sá byltingarhugur runninn, sem hv. þm. Seyðf. rembist nú við að berjast á móti. Það eru ekki allir, sem fást til að trúa því, að hv. þm. Borgf. hafi gengið til löngun til þess að kollvarpa núverandi þjóðskipulagi. En nú er hv. þm. Seyðf. svo illa að sjer og fylgist svo lítið með þingsögu, að þegar hann kemur til sinna hv. kjósenda og þeir spyrja, hvað hafi gerst á þingi, þá veit hann það ekki, man það ekki. Því er engin von til, að hv. þm. viti, hvað gerist í hv. Nd., þegar hann á sæti í Ed.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er nú eins og vant er,

þegar nefnt er þjóðskipulag við hv. 5. landsk. og flokksbróður hans í hv. Nd., hv. 4. þm. Reykv. (HjV), þá sverja þeir og sárt við leggja, að fyrir þeim vaki nokkrar breytingar, því síður byltingar. Það er rjett eins og þeim finnist slíkt hið mesta ódæði, sem þeim verði borið á brýn. Og þó er þjóðnýting á öllum sviðum aðalstefnumál þeirra.

En út af ummælum hv. þm. (J-Bald) um hv. þm. Borgf. (PO) og þá umræddu till. hans, að gera landið að einu framfærsluhjeraði, skal jeg gefa þær upplýsingar, að hann skaut aðeins fram þeirri hugsun og ljet þess getið, að vert væri það athugunar, um leið og endurskoðun væri framkvæmd á fátækralögunum. Hann hefir nú athugað málið og komist að þeirri niðurstöðu, að þessi hugmynd sje ekki framkvæmanleg.

Það er von, að hv. 5. landsk. sje úrillur og „jaloux" yfir því, að stjórninni skuli vera hælt fyrir það, hve vel henni hafi farist undirbúningur þessa máls úr hendi. Það er eðlilegt, að honum þyki það sárt; en hann ætti að bera harm sinn í hljóði og halda honum ekki meira á loft en þörf er á.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg, nefndi ekki byltingu í ræðu minni, og var óþarfi fyrir hv. 5. landsk. að stökkva upp á nef sjer fyrir þær sakir og brigsla mjer um fákunnáttu og flaustur um þingstörf. Jeg held mjer sje alveg óhætt að bera mig saman við hv. 5. landsk. að því leyti, frá hvorum okkar komi till., sem frekar nái fram að ganga, og fyrir hvorum sjeu drepnir fleiri vanskapningar.

ATKVGR.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða um skriflegar brtt. (verða þskj. 572,I.1—3 og II).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg lít svo á, að hjer sjeu fram bornar fleiri og margbrotnari skrifl. brtt. en forsvaranlegt er, og hætt við, að deildin átti sig ekki fyllilega á þeim. Jeg mun þó ekki synja afbrigða fyrir stjórnarinnar hönd, en finst rjett, að deildin sje látin skera úr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal geta þess, að þær brtt., sem hjer er um að ræða, komu fram svo að segja samhljóða í Nd. og voru feldar þar.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.
Brtt. 572,I.1 feld með 9:1 atkv.
— 572,II (aðaltill.) feld með 8:5 atkv.
— 572,II (varatill.) samþ. með 10:1 atkv.
— 572,I.2 feld með 9:1 atkv.
— 572,I.3 feld með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 573).

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 573, n. 581).

Frsm. (Jón Kjartansson): Þetta frv. er komið hingað aftur, eftir að hv. Ed.

hefir haft það til meðferðar og gert á því nokkrar breytingar, bæði orða- og efnisbreytingar.

1. efnisbreyting háttv. Ed. er við 21. gr. 21. gr. er um framfærslurjettinn. Í frv. upphaflega stendur: „Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfestur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á þeim árum". En í stað orðanna: „þeim árum", hefir hv. Ed. sett: síðustu 10 árum.

2. efnisbreyting hv. Ed. er við 43. gr., þar sem hún hefir sett inn nýja málsgrein þess efnis, að ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. geti styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Brtt. hv. Ed. við 45. gr. er smávægileg. Í greininni er ákveðið, hvenær sveitarbókin skuli talin sönnun fyrir sveitarskuld. Í upphaflega frv. er það gert, þegar meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna. Hv. Ed. hefir breytt þessu þannig, að meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, skuli hafa skrifað undir innfærsluna.

Síðasta efnisbreyting hv. Ed. er við 50. gr. þar er barnsmóður trygður sami rjettur og sveitarstjórn í framfærsluhreppi til að krefjast tryggingar af barnsföðurnum, ef hann fer af landi burt.

Þetta eru í fám orðum breytingar hv. Ed. á frv. Þótt sumar þeirra hafi komið til umræðu í allshn. Nd., þegar málið var hjer til meðferðar áður, og hún hafi ekki orðið á eitt sátt um þær, álítur hún ekki rjett að fara að stofna málinu í hættu og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú er.

Halldór Stefánsson: Við fyrri meðferð þessa máls var reynt að koma fram leiðrjettingu á stærstu annmörkum fátækralaganna, eins og t. d. fátækraflutningnum og hinum misþungu álögum, sem landsmenn verða að bera til þessara þarfa, eftir því hvar þeir eru búsettir í landinu. Það var reynt að gera þetta með því að afnema dvöl sem skilyrði fyrir sveitfesti, en það lánaðist ekki, og síst hefir hv. Ed. úr því bætt. Til dæmis álít jeg, að Ed. hafi stigið stórt spor aftur á bak frá því sem nú er, með brtt. sinni við 21. gr., þar sem hún vill setja það að skilyrði fyrir 4 ára sveitfestitíma, að maður hafi ekki þegið sveitarstyrk síðastliðin 10 ár. Framfærsluskyldan er lögð á landsmenn með stjórnarskránni sem almenn útgjaldakvöð, sem vitanlega á að leggja á eftir sömu reglum og skatta og tolla alment, en ekki misþungt eftir því, hvar menn eru búsettir í landinu. Því hefir verið haldið fram við fyrri meðferð þessa máls, bæði af mjer og öðrum, að þessar álögur væru mjög misþungar í hinum ýmsu framfærsluhjeruðum. Jeg hefi reynt að gera mjer ljósari grein fyrir því síðan, hvernig þessu er háttað, en það er erfitt, þar sem ekki er auðsjeð, við hvað á að miða. Jeg hefi tekið fátækraframfærið 1924—'25 og hefi hallast að því að miða við manntal.

Manntalið er að vísu ekki alveg rjettur mælikvarði, og fyrir sýslurnar er fátækrakostnaðurinn ekki miðaður við sama ár og manntalið, en jeg hafði ekki aðgang að sundurliðuðu manntali sýslnanna fyrir 1924, og þar sem breytingar á fólksfjölda eru hægfara í sýslunum, þá vænti jeg, að það muni litlu með útreikninginn. Eftir þeim gögnum, sem jeg hefi haft, hefi jeg þá reiknað út fátækraframfæri á mann, þannig:

Fátækraframfæri 1924—'25 á mann eftir manntali, í sveitum 1920, í kaupstöðum 1924.

Einstök framfærsluhjeruð.	Hæst í framf.hjeraði	Lægst	Meðaltal í sýslu.
Í Gullbr. og Kjósarsýslu	(30.00) 106.00	7.00	22.00
- Borgarfjarðarsýslu . .	13.00	1.00	9.00
- Mýrasýslu	13.00	»	7.00
- Snæf.n. og Hnappads.	14.50	3.50	9.00
- Dalasýslu	19.00	1.00	9.00
- Ísafjarðars. (báðum) .	17.00	1.00	7.50
- Strandasýslu	11.00	1.50	6.00
- Húnavatnssýslu	14.50	1.50	7.00
- Skagafjarðarsýslu . . .	10.50	1.50	5.00
- Eyjafjarðarsýslu	17.00	2.00	7.00
- Þingeyjars. (báðum) .	11.00	1.00	5.00
- N.-Múlasýslu	22.00	2.50	9.00
- S.-Múlasýslu	15.00	2.50	8.00
- A.-Skaftafellssýslu . .	1.50	»	0.60
- V.-Skaftafellssýslu . .	7.50	2.00	4.50
- Rangárvallasýslu . . .	10.00	3.50	6.50
- Árnessýslu	17.00	2.50	11.50
Kaupstaðir:			
Í Reykjavik			16.00
- Hafnarfirði			10.00
- Ísafirði			23.50
- Akureyri			9.50
- Siglufirði			13.00
- Seyðisfirði			10.00
- Vestmannaeyjum			12.00
Alt landið (manntal 1924)			10.50

Barðastrandarsýslu vantar.

Jeg skal geta þess, að hin háa tala, sem á við Bessastaðahrepp í Gullbringu- og Kjósarsýslu, stafar af alveg sjerstaklega háum kostnaði þetta ár, því að næsta ár var hann t. d. ekki nema rúmar 30 kr. á mann.

Mjer hefir dottið í hug, að finna mætti sæmilega rjettan mælikvarða, til dæmis með því að miða við manntalið að ⅓, skuldlausa eign hvers framfærsluhjeraðs að ⅓ og skattskyldar tekjur að ⅓. En þó að notaðir væru þessir stofnar til að miða við, mætti sennilega hafa annað töluhlutfall á milli stofnanna en ⅓.

Þó að jeg sje mjög óánægður með afgreiðslu þessa máls og þyki engin úrlausn fengin til rjettingar á mestu agnúunum, hefi jeg ekki sjeð mjer fært að bera nú fram brtt. Engu að síður finst mjer nauðsynlegt að gera einhverja rjettingu á þeim annmörkum, sem eru á fátækralögunum. Til dæmis mætti fara þá leið, að framfærsluhjeruðin sendu þegar eftir uppgjöf ársreikninga ríkisstjórninni yfirlit yfir framfærslukostnað sinn, og hún ljeti síðan athuga, hver mismunur væri í hinum ýmsu framfærsluhjeruðum, og jafnframt væru gerðar einhverjar ráðstafanir til að jafna a. m. k. mesta misrjettið.

Samkvæmt framansögðu tel jeg, að þessi endurskoðun fátækralaganna hafi ekki borið viðunandi árangur, því að það er ekki viðunandi lausn á málinu eftir svo ítarlega íhugun, þegar stjórnin hefir haft málið til íhugunar á milli þinga, að hafa ekki gert einhverjar rjettarbætur á átakanlegustu göllunum, sem eru á þessari löggjöf. Jeg vil því gera það að tillögu minni, að málinu verði á ný vísað til stjórnarinnar til frekari rannsóknar og undirbúnings fyrir næsta þing, og verði þá

tekið tillit til þess, sem fram hefir komið við meðferð málsins í vetur, og reynt að bæta úr þeim mestu agnúum, sem fundið hefir verið að á þessari löggjöf, frekar en gert er með þessu frv.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg er hræddur um, að það mundi bera mjög lítinn árangur að fara að vísa þessu máli til stjórnarinnar aftur, enda verð jeg að segja, að jeg lít svo á, eftir þeirri meðferð, sem málið hefir fengið í þinginu, að því sje þar með slegið föstu, að meiri hl. þings sje því ekki meðmæltur að hafa alt landið eitt framfærsluhjerað. En jeg skal viðurkenna, að það gæti átt sjer stað, að hlaupið væri undir bagga með ýmsum hjeruðum, sem yrðu sjerstaklega illa úti, en það er alveg eins hægt, þótt þetta frv. verði að lögum.

Annars vil jeg benda hv. 1. þm. N.-M. (HStef) á það, að það er langt frá því, að ekki sje gert neitt til þess að hlaupa undir bagga með hjeruðum, sem hafa mikinn fátækrakostnað. Þarf ekki að nefna annað en 77. og 78. gr. fátækralaga frá 1905 og samskonar ákvæði í lögum frá 1921. Það eru útgjöld, sem ríkissjóður verður að bera og nema 70—80 þús. krónum á ári. Auk þess má nefna berklavarnarkostnað, sem vitanlega mundi hvíla mjög á sveitunum, ef ekki væru sjerstök berklavarnarlög. Í þriðja lagi má benda á, að við erum að streitast við að koma upp geðveikrahæli, og þegar það er komið upp, þá er það vitaskuld, að það ljettir á mörgum sveitarfjelögum bagga, sem er þeim ákaflega þungbær. Jeg held því, að það sje tæpast hægt að segja, að ríkissjóður hafi ekki gert neitt til að ljetta undir með þeim sveitum, sem verða sjerstaklega illa úti vegna fátækraframfæris. En annars vil jeg benda hv. 1. þm. N.-M. á það, að það er ekki fyrirbygt, að mismunandi gjöld hvíli á mönnum fyrir því, þótt þetta gjald viðvíkjandi fátækrastyrknum komi jafnt á alla, því að það eru ýms önnur gjöld, sem hvíla á sveitarsjóðum, sem eru mismunandi eftir staðháttum, og ef á að reyna að gera fullkominn jöfnuð í þessu efni, þá finst mjer, að ástæða væri til þess að taka fleira til athugunar.

Þótt fátækraákvæði stjórnarskrárinnar segi það, að fátæklingar eigi að hafa framfæri af almannafje, þá er ekki sagt, að það sje neitt í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, þótt því fyrirkomulagi, sem nú er, sje haldið, eða að andi hennar hafi verið brotinn síðan 1874, enda hefir enginn haldið því fram. En jeg skildi hv. þm. þannig, að hann áliti það ekki brot á stjórnarskránni, en að það gæti ekki samrýmst anda hennar. En þetta ákvæði stjórnarskrárinnar hefir verið skilið þannig frá fyrstu byrjun, og jeg held, að það verði erfitt að sýna fram á, að það sje ekki í samræmi við það, sem meint var með því í byrjun. Enda var þessi hreppaskifting komin á áður en við fengum stjórnarskrána. Jeg vil þess vegna leggja það til, að þetta frv. verði samþykt, því að þó svo sje, að ekki verði allir ánægðir með það, þá er þess að gæta, að það mun seint verða svo, að allir verði sammála. Og jeg get sagt það, eftir því sem fram kom í hv. Ed., að þetta frv. hefir mjög mikið fylgi, og jeg verð að álíta, að

með þeim ákvæðum, sem í frv. eru, sje bætt mjög úr þeim göllum, sem áður hefir verið talið að væru á þessari löggjöf. En það, að ekki hefir verið mjög mikið breytt yfirleitt tilhögun eða ákvæðum fátækralaganna, stafar af því, að þau lög hafa reynst svo vel og eru búin að ná svo mikilli festu í framkvæmdinni, að það þykir óhyggilegt að vera að breyta þeim ákvæðum, sem yfirleitt þykja góð og eru nú kominn inn í vitund svo að segja allra sveitarstjórna landsins og búin að fá hefð og festu með fjölda af yfirvaldaúrskurðum. Jeg vona því fastlega, að þetta frv. verði samþykt hjer.

Hákon Kristófersson:* Það leiðir af sjálfu sjer, eftir því sem jeg leit á þetta frv., þegar það var hjer síðast, að jeg muni ekki vera ánægður með það, þegar það kemur aftur mjög spilt frá hv. Ed. Því get jeg ekki verið hv. frsm. meiri hl. allshn. (JK) samþykkur um það, að það sje ekki að ræða um nema smábreytingar á frv. Jeg tek það fram strax, að jeg álít ekki svo mikla nauðsyn á framgangi þessa frv., að það sje ekki vel hægt að bíða með það enn, og fá frv. þá betur úr garði gert. Þar af leiðandi felst jeg á uppástungu sessunautar míns, hv. 1. þm. N.-M. (HStef), um að vísa málinu aftur til stjórnarinnar. Jeg býst að vísu ekki við, að það sje til neins að fara fram á það, en þó vil jeg styðja þá tillögu, af því að jeg lít svo á frv., eins og það er nú, að í því sjeu ákvæði, er geri það að verkum, að óheppilegt sje að samþykkja það.

Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi sagt hafa, sjerstaklega þar sem hann mintist á niðurlagsákvæði 21. gr., „.... enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 10 árum". Jeg er hv. þm. (HStef) alveg sammála um það, að þetta er slæm breyting á þeim sveitfestilögum, sem nú eru þegar fyrir hendi. Jeg hefi áður minst á þá skyldu sveitarstjórnanna, sem stendur í upphafi 43. gr., og ætla jeg ekkert að segja um hana að þessu sinni, því að jeg ímynda mjer, að hv. deild sje sama hugar gagnvart henni eins og hún var áður. Þar standa sömu óheppilegu ummælin og áður. En það þýðir ekkert að fara að ræða þau, því að það leiðir af sjálfu sjer, að hv. deild lítur gagnstætt á þau við mig. En þó vil jeg benda á atriði, sem komið hefir inn í þá grein í hv. Ed. Það atriði er á þessa leið:

„Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum".

En jeg vil nú spyrja: Til hvers? Jeg vil óska eftir því, þar sem mig brestur skilning til að skilja þýðingu þessa ákvæðis, að hv. frsm. meiri hl. (JK) bendi mjer á, að hvaða gagni þetta megi koma, því að það stendur hvergi, að þessi stjórnarvöld eigi að leggja úrskurð sinn á málið. En eftir hvaða úrskurði á þá að fara nema hreppsnefndanna, sem að sjálfsögðu á að vera gildandi í þessu máli? Og þá á ekki að koma til mála, að nein áfrýjun geti átt sjer stað, því að úr því að þeim er gert að skyldu að taka ákvörðun um þetta, þá á sú ákvörðun

* Ræðuhandr. ófirlesið.

að standa. En þó að það sje ekki beint sagt í málsgreininni, þá er það þó svo, að sýslumaður eða atvinnumálaráðherra getur ónýtt ákvörðun bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, en það er einn liðurinn í þessari mjög óþægilegu skriffinsku, sem er að færast svo mjög í aukana hjer á landi.

Þá er enn ein breyting, sem hefir komist inn í frv. í hv. Ed. Það er um sönnunina fyrir skuldinni. Jeg vil nú benda hæstv. stjórn á, að þá sönnun er í sumum tilfellum alveg ómögulegt að fá, því það er oft og einatt, að hreppsnefndir verða að inna af hendi greiðslu á sveitarstyrk án þess að geta náð í styrkþegann. Það þarf auðvitað ekki að geta þess hjer, að það er venja, að hver styrkþegi kvittar fyrir þeim styrk, sem honum er veittur; og svo þegar hreppsreikningar eru gerðir, þá fylgja þær kvittanir með þeim. En það getur oft verið alveg sjálfsagt að framkvæma styrkveitingu, þó að ekki sje hægt að inna þessa skyldu af hendi, að fá kvittun styrkþega, t. d. þegar styrkurinn er greiddur hreppsnefnd í öðrum landshluta. Jeg verð að telja það skemd á lögum, sem eru svo vel úr garði gerð, að sett sjeu inn í þau ákvæði, sem gera þau svo skrumskæld, að þau verði að óframkvæmanlegri löggjöf. En löggjöf eins og þessi á að vera svo hæg í vöfum og svo greinargóð, að þeir, sem framkvæma hana, þurfi ekki að vera í neinum vafa um það, hvernig með á að fara.

Jeg hefði nú getað vænst þess, að hv. allshn. hefði sjeð sjer fært að koma með brtt. við þær breytingar, sem frv. hefir fengið í hv. Ed., því að jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. nefnd sje þeirrar skoðunar, að breytingar Ed. sjeu heppilegar. Því að jeg geri þá ráð fyrir, að svo glöggskygnir menn hefðu væntanlega komið auga á þau atriði, áður en frv. fór hjeðan úr deildinni. En þó að háttv. Ed. hafi sett þau atriði inn í frv., þá leiðir það af sjálfu sjer, að betra er að láta málið bíða eitt ár heldur en að samþykkja þau atriði frv., sem að mínum dómi og fleiri manna eru með öllu óhafandi í slíkum lögum.

Jeg get eins og áður er sagt alls ekki verið hv. frsm. (JK) samþykkur um það, að þessi atriði sjeu þolanleg, t. d. niðurlagsákvæðið í 21. gr. Jeg hefi, satt að segja, ekki borið þessi ákvæði saman við núverandi sveitfestilöggjöf, en sjeu þau ekki í samræmi við hana, þá er þetta merkileg lagaleysa, ef önnur ákvæði kæmu fram í þessum lögum, nema því aðeins, að það væri fram tekið, að ákvæði þeirra laga væru úr gildi feld. Jeg vil því beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir athugi málið mjög vel áður en þeir fallast á að samþykkja það, og um leið benda hv. deild á, að það er engin eyðilegging á þeim tíma, sem lögin eiga væntanlega að gilda, að málinu sje vísað til stjórnarinnar til betri athugunar og að mönnum, sem hjer eiga hlut að máli, gefist kostur á að yfirfara frv. á næsta þingi.

Halldór Stefánsson: Hæstv. atvrh. þótti ekki rjett, eins og vænta mátti, sú afgreiðsla á frv., sem jeg lagði til, en hinsvegar fór hæstv. ráðh. (MG) þó ekki verulega inn á þær ástæður, sem jeg færði fram fyrir mínu máli, og taldi að það myndi verða árangurs-

lítið að vísa því á ný til hinnar sömu stjórnar, m. a. vegna þess, að hún myndi ekki samþykkja það að hafa landið eitt framfærsluhjerað. En þótt svo væri, að hún fjellist ekki á það, sem er hugsunarlega það rjettasta, þá hefir verið bent á fleiri leiðir, og auk þess gætu fleiri komið til athugunar. Er ekki ólíklegt, að hæstv. stjórn geti dottið einhverjar nýjar leiðir í hug, eða þá tekið tillit til þess, sem hjer hefir komið fram við umr.

Hæstv. atvrh. var að tala um, að það væri þegar búið að ljetta allmikið undir með fátækraframfærslu hinna einstöku framfærsluhjeraða, t. d. með ákvæðum sjálfra fátækralaganna frá 1905, þá með berklavarnarlöggjöfinni og loks með þátttöku ríkisins í dvalarkostnaði þurfamanna á geðveikrahæli. Þetta er alveg rjett. Það hefir verið ljett allmiklu af sveitunum á þann hátt, en þrátt fyrir þann ljetti er þó það mikla misrjetti um álögurnar, sem jeg hefi getið um áður. Það var einmitt það, sem jeg talaði um, en ekki álöguþungann, að álögurnar þyrftu að geta komið rjettlátlegar og jafnar niður. Jeg vísaði til stjórnarskrárinnar um það, að þetta væru útgjöld, sem væru almenns eðlis og sjálfsagt væri að ætlast til, að ekki kæmu mjög ójafnt niður á landsmenn, aðeins eftir því, hvar þeir væru búsettir í landinu. Jeg býst nú við, að á meðan hjer var það einfalda og reglubundna þjóðlíf, sem var hjer framan af eftir að þessi lög voru sett fyrst, þá hafi þetta misrjetti verið miklu minna. Það er nú fyrst að verða ljóst, hve mikil brögð eru að þessu misrjetti, og það fer líka altaf vaxandi. Þess vegna þyrfti að vinna einhverja bót á því. — Jeg hefi ekki haldið því fram, að það sje beinlínis brotinn bókstafur stjórnarskrárinnar, en jeg fullyrði, að andi hennar sje brotinn, því að jeg get ekki hugsað mjer þá stjórnarskrá, að almennar álögur eigi að koma misjafnlega þungt niður eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu, og vil jeg ekki segja það um okkar stjórnarskrá, að það sje tilgangur hennar. Það eru atvikin, sem hafa látið þetta fara svona, en ekki það, að þetta hafi nokkurntíma verið hugsað svo.

Hæstv. atvrh. sagði, að það hefði verið bætt úr sumu því, sem hefði þótt vera að lögunum. Jeg skal ekki neita því, að eitthvað hafi verið lagað, en það hafa verið smámunirnir, sem leitast hefir verið við að athuga og laga, en gengið fram hjá stóru agnúunum, auk þess sem jeg tel, að frv. hafi nú spilst mjög við meðferð hv. Ed., eins og jeg hefi áður talað um, og get einnig vísað til þess, er sessunautur minn, hv. þm. Barð. (HK) sagði nú nýlega. Að öðru leyti þykist jeg ekki hafa ástæðu til að fara út í frekari umræður um málið.

Frsm. (Jón Kjartansson): Þessir tveir andmælendur frv., hv. 1. þm. N.-M. (HStef) og hv. þm. Barð. (HK), telja báðir, að frv. hafi spilst hjá hv. Ed. Jeg get nú viðurkent það, að sumar þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., sjeu ekki til bóta, sjerstaklega verð jeg að viðurkenna það, sem hv. þm. Barð. sagði um breytinguna á 45. gr. Jeg tel hana ekki til bóta, en hún er ekki stórvægileg, og

jeg sje ekki, að það saki neitt, þótt hún hafi komist inn. Aftur á móti tel jeg, að ýmsar aðrar breytingar háttv. deildar sjeu tvímælalaust til bóta, t. d. ákvæðið um áfrýjunarrjettinn í 43. gr.

Jeg mintist á það áður, þegar þetta mál var til meðferðar hjer í deildinni, að það væri tilætlunin að setja inn svipað ákvæði og þetta, en það fjekst ekki samkomulag um það í nefndinni. Jeg er viss um, að þessi áfrýjunarrjettur er til bóta, og jeg skil ekki, hvers vegna hv. þm. Barð. spyr um það, til hvers hann sje. Það stendur að vísu ekki berum orðum í greininni, að þessir aðiljar, sem eiga að fá málið til endurskoðunar, eigi að úrskurða um það. En það er augljóst, að þessi áfrýjun er gerð í þeim tilgangi, að þeir leggi úrskurð á gerðir sveitarstjórna.

Þá þykir mjer það undarlegt, að hv. 1. þm. N.-M. skuli nú vera að koma með till. um að vísa málinu til stjórnarinnar. (**HStef:** Jeg var altaf á móti málinu). Jú, jeg man það, en hv. þm. man það víst líka, að bæði þær brtt., sem hann flutti, og aðrar stórvægilegar brtt., er fram komu í þessari hv. deild við 2. og 3. umr. málsins, voru allar feldar með miklum atkvæðamun og málið afgreitt frá deildinni með atkv. þorra deildarmanna. Jeg tel víst, að hv. deild vilji ekki ganga inn á neinar stórfeldar breytingar, sem bæði þessi hv. þm. og eins hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hafa stungið upp á. (**HStef:** Það eru til aðrar leiðir). Já, en þær hafa ekki legið fyrir hjer, og þótt kær kunni að vera hugsanlegar, þá býst jeg við, að þær eigi nokkuð langt í land, og því ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða þetta mál nú. Eins og jeg hefi áður tekið fram, eru í þessu frv. margar mikilsverðar rjettarbætur, sem jeg er viss um, að verður vel tekið hjá þjóðinni. En það er með þetta mál eins og svo mörg önnur, að það er rjettara að þreifa sig áfram, til þess að tryggja það, að ekki verði hlaupið á sig með of stórfeldum breytingum. Það getur ekki verið til bóta, þótt hægt væri að ljetta fátækrakostnaðinum af einstökum hjeruðum, ef hann fyrir það legðist með ennþá meiri þunga á ríkið. En jeg get hugsað mjer, að sú mundi afleiðingin verða, ef sumar þær tillögur, sem hjer hafa legið fyrir, yrðu að lögum. Jeg tel það alveg ástæðulaust að hafa á móti málinu, eins og það liggur hjer fyrir, og vil jeg því hvetja hv. deild til þess að fella tillögu hv. 1. þm. N.-M. og samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Jörundur Brynjólfsson:* Jeg ætla nú ekki að lengja mikið umr. Hv. frsm. (JK) hefir gert grein fyrir þeim ástæðum, sem nefndin hafði til þess að leggja til, að frv. yrði samþ., þó að því hefði verið eitthvað breytt í Ed.

Mjer þykir ekkert kynlegt, þó að þessir tveir hv. þm. (HStef og HK) andmæltu málinu nú og vildu koma því fyrir kattarnef. Þeir hafa báðir haft sjerstöðu í því og álitið, að það væri ekki nægilega undirbúið. Mig minnir ekki betur en að hv. þm. Barð. (HK) hafi verið andvígur frv., er það var hjer í deildinni. (**HK:** Eins og það er). Já, eins og það er. Og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) var því einnig mjög mótfallinn.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Hinsvegar nær þetta ekki til okkar, sem vorum frv. fylgjandi, og breytingar hv. Ed. voru ekki þannig, að þær gætu valdið skoðanaskiftum í þeim sökum, þannig að við hefðum snúist gegn málinu.

Ákvæðið í 21. gr., sem Ed. setti inn, um það, að menn vinni sjer framfærslurjett í sveit, er þeir hafa dvalið þar í 4 ár, enda hafi þeir ekki þegið sveitarstyrk á síðustu 10 árum, það þykir mjer í rauninni fulllangur tími. Mjer hefði þótt hæfilegt að hafa það 7—8 ár, en 10 ár eru nú svo lítið lengri tími, að það er ekki vert að vera að hrekja málið á milli deilda fyrir það eitt. Tryggingin er í því fólgin, að það nægir nú ekki það eitt að hafa dvalið 4 ár í einhverri sveit. Ef maður hefir þegið styrk innan þessara 10 ára, þá hefir hann, þó að hann hafi flutt í aðra sveit og sje búinn að dvelja þar í 4 ár, rjett á hjálp frá sinni gömlu sveit. Aðeins dvölin ein þennan stutta tíma nægir ekki til þess að vinna sjer þar framfærslusveit.

Ákvæðið í 43. gr. kom til umr. hjer og innan nefndarinnar, þó að það yrði ekki samþ. þá, og getum við því fallist á það.

Jeg verð loks að segja það, að þegar jafnmikilsvarðandi mál og þetta hefir verið hjer við 3 umr. og samþ. með miklum meiri hluta atkv. út úr deildinni, og síðan verið til meðferðar í hv. Ed. og sætt þar litlum breytingum, — (**HK**: Það er ekki rjett), jú, sætt þar mjög litlum breytingum, — þá tel jeg illa farið með tíma þingsins, ef nú á að senda það til stjórnarinnar. Jeg vænti því þess, að deildin afgreiði nú málið sem lög, enda má síðar bæta við þau, þegar reynsla er fengin.

Halldór Stefánsson: Jeg hjelt, að hv. þm. V.-Sk. (JK) þyrfti ekki að undra afstaða mín til frv., miðað við fyrri framkomu mína, enda furðaði hv. samnefndarmann hans (JörB) ekki á því. Þessir tveir hv. þm. mintust á ákvæðið í 21. gr., um það, að menn þyrftu að hafa verið 4 ár í sömu sveitinni og ekki þegið sveitarstyrk síðustu 10 árin, til þess að öðlast þar sveitfesti, og þetta telja þeir litla breytingu. Jeg er þeim nú ekki sammála um það. Það getur auðvitað verið, að þeir álíti þessa breytingu spor í rjetta átt, en þrátt fyrir það er þetta ekki lítil breyting. Þetta er í mörgum tilfellum sama og að kippa burt þeirri styttingu sveitfestitímans, sem gerð var 1923, og er afturkast frá þeirri stefnu að stytta hann sem mest og fer því í öfuga átt við mína skoðun. Jeg hefði kannske getað sætt mig við frv. eins og það fór til hv. Ed., því að þá voru ekki fram komin nein spjöll á núverandi löggjöf, en eins og það er nú, þá er lögunum stórspilt.

Að illa sje farið með tíma þingsins, þó að málið verði ekki samþ. eftir að hafa fengið rækilega meðferð, get jeg ekki viðurkent. Málið er ekki komið í það horf, að rjett sje að samþykkja það. Frv. bætir ekki úr þeim annmörkum á fátækramálunum, sem mest hefir verið rætt og kvartað um: hrakningum þeim, sem fátæku fólki og þurfamönnum stendur af sveitfestiákvæðunum, eins og þau eru og hafa verið, og því mikla misrjetti, sem kemur fram í misþungum álögum á

gjaldþegna ríkisins, eftir því hvar menn eru búsettir. Þetta hefir ekki verið athugað nægilega. (**Atvrh. MG:** Meinar hv. þm. fátækraflutninginn?). Já, hrakninga fátækra manna og þurfamanna yfir höfuð. Jeg vantreysti ekki stjórninni svo, enda þótt jeg sje stjórnarandstæðingur, að jeg telji ekki, að hún geti, ef hún hugsar sig vel um, komist að rjettari niðurstöðu í málinu en enn er orðið. Og þó að hún geti ekki fallist á þær leiðir, sem þegar hefir verið bent á af ýmsum þm. og fram hafa komið í brtt. þeirra, eða á þá nýju leið, sem jeg benti á í fyrstu ræðu minni, þó að sú uppástunga sje nú ekki í upphafi frá mjer, þá geri jeg ekki ráð fyrir, að stjórnin sje svo óhugkvæm, að henni geti ekki dottið eitthvað nýtt í hug.

Það er miklu rjettara að fresta málinu um eitt ár, ef maður er óánægður með það, í von um, að rjettarbót fáist framgengt. Og þó að við ættum að búa enn eitt ár við þá löggjöf, sem nú er, þá er það ekki svo voðalegt.

Hákon Kristófersson:* Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi sagt hafa. Mjer þykir vænt um, að hv. frsm. (JK) er sammála mjer, að minsta kosti að því er snertir brtt. við 45. gr., þegar rjettdæmi hans kemur til greina og fær notið sín, en ekki í þrályndi hans og viljaleysi. Mjer þykir það nokkuð einkennilegt, og má jeg til að minna á það í þessu sambandi og vona, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp, þó að jeg fari ofurlítið út fyrir dagskrána, að mennirnir á varðskipunum skuli verða að hlíta úrskurði eins manns, en geta ekki áfrýjað til ráðherra, en í 43. gr. þessa frv. er aftur á móti gert ráð fyrir því, að úrskurðum sveitar- og bæjarstjórna, sem eiga að beita fylstu sanngirni gagnvart öllum, skuli mega áfrýja til sýslumanna og ráðherra. — Eru þá hreppsnefndir og bæjarstjórnir slíkir vandræðagripir, að menn geri ráð fyrir því, að rjettdæmi þeirra sje á þeim villuvegi, að nauðsyn sje á æðri rjettarvernd. (**JK:** Þetta er miklu stórvægilegra mál). Já, jeg held nú það! En jeg vil benda á það, að í fjölmennri sveit getur kannske einn maður, þó að allir sjeu á sama máli nema hann, áfrýjað til æðri rjettarvalda. Er nú nokkurt samræmi milli þessa hjá nefndinni og svo hins, sem jeg nefndi áðan? Nei, það er furðu lítið, sýnist mjer.

Jeg vil endurtaka það, að jeg tel síður en svo þá nauðsyn á því að samþ. þetta mál nú, að því sje ekki óhætt að bíða til næsta þings. Fyrir mjer vakir þó ekki, að landið eigi að verða eitt framfærsluhjerað. Fyrir mjer vakir aðeins að laga það, sem jeg tel óheppilegt í frv. Mig furðar annars á því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Árn. (JörB), að það sje illa farið með tíma þingsins, ef frv. verður ekki samþykt, hver svo sem afstaða manna hefir verið til þess. En það ætti nú að vera svo um hin stóru mál, eins og t. d. þetta, sem tekur bæði til sveitarfjelaga og einstaklinga, að þau ættu að vera hugsuð og rædd á meira en einu þingi, þó að samþyktin drægist. Jeg er viss um, að útsvarslögin, sem samþ. voru á þinginu í fyrra, hefðu ekki skemst neitt, þó að það

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

hefði dregist að samþ. þau þangað til nú. Það væri verra, ef frv. þessu, sem stendur í nokkru sambandi við þau lög, ætti að flaustra af líka, af því að það hefir verið tekið til mikillar og rækilegrar meðferðar í þinginu. Jeg geng út frá því, að jeg geti sagt um þetta eins og stendur í vísunni:

„Svo voru net úr garði gerð,
að gegnum smugu fáir".

Jeg vil ekki samþykkja frv. og vona, að jeg hafi gert mitt til þess, að sú breyting nái ekki fram að ganga, sem hjer er á ferðinni. Jeg álít hana bæði óheppilega og ekki framkvæmanlega.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð að taka undir það með hv. meiri hl. nefndarinnar, að breytingarnar, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., voru ekki stórvægilegar. Og þar sem frv. var samþ. hjer við 3. umr. með miklum meiri hl. atkv., þá álít jeg það misbrúkun á tíma þingsins, eins og háttv. 2. þm. Árn. (JörB) tók rjettilega fram, ef það verður ekki samþykt nú og endanlega afgreitt. Það kom fram svo sterkur vilji hjá þinginu með þessu máli, að það væri undarlegt, ef ekki yrði nú frá því gengið að fullu.

Um breytinguna á 21. gr. er rjett að geta þess, að Ed. setti þar aðeins inn orðin „á síðustu 10 árum", og var það gert eftir ákveðnum beiðnum þm. úr sveitakjördæmum, sjerstaklega háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem áleit það mikla nauðsyn að fá þetta. Einnig var hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) því mjög fylgjandi. Það er kunnugt, að víða hafa komið fram kvartanir út af þessu, og get jeg í því efni vitnað til hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hjer hefir því ekki verið annað gert en að ráða bót á aðfinslum, sem komið hafa utan af landi viðvíkjandi því, hve stuttur væri tíminn, sem þyrfti til sveitfesti, sem sje 4 ár. Að því er snertir ákvæðið um sveitarstyrkinn, hvort hann er afturkræfur eða ekki, og áfrýjunarrjettinn í því sambandi, þá vil jeg benda á það, að það er gert til þess að tryggja rjettaröryggi þess manns, sem hlut á að máli, þannig að hann verði ekki fyrir misrjetti. Nýjar upplýsingar geta komið til greina, sem hefðu getað gert það að verkum, að úrskurðurinn hefði orðið öðruvísi, ef hann hefði verið feldur eftir að upplýsingarnar voru gefnar. Og það er sama meiningin með þessu og öðrum málsskotum, sem sje að gefa mönnum rjett til þess að fá af öðrum stjórnarvöldum prófuð úrslitin hjá hinum. Jeg get því sagt hv. þm. Barð. (HK) það, að í þessu felst ekkert vantraust á hreppsnefndunum, ekki frekar en það er vantraust á sýslumanni eða bæjarfógeta, að dómi hans er skotið til hæstarjettar. (**HK:** Það er ekki um dóm eins manns að ræða, eins og hjá hásetunum). Jú, einmitt í þeim orðum, sem hv. þm. (HK) vildi niður fella, en það var málsskot þeirra til stjórnarinnar. Í lögunum, eins og þau nú eru, þá verður skipstjóri að skjóta málinu til ráðherra, ef hann víkur einhverjum skipverja frá.

Viðvíkjandi 45. gr., sem er um það, að það þurfi undirskrift styrkþega og meiri hluta hreppsnefndar til þess að það sje full sönnun fyrir skuldinni, þá verð jeg að segja það, að það er ekkert undarlegt ákvæði, þar sem vitanlegt er, að eins manns undirskrift

nægir ekki sem fylsta lögsönnun. Það er vitaskuld, að ef oddviti hefir tekið kvittun af styrkþega, þá er sú undirskrift fullgild, nema styrkþegi synji fyrir það með eiði.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að stjórnin hefði ekki athugað hrakningana á þurfamönnum, en það er fjarri því, að þetta sje rjett. Jeg vil minna hv. þm. (HStef) á það, að ákvæðinu um það efni var breytt frá því, sem stjórnin lagði til, svo að nú verður fátækraflutningurinn tíðari en áður. (**HStef:** Hann var ekki afnuminn). Nei, en það var meiri hl. þingsins, sem gerði hann eins og hann nú er í frv. á móti till. stjórnarinnar.

Hv. þm. (HStef) stendur víst einn uppi meðal bænda með þá skoðun, að það sje einungis til ills að flytja menn fátækraflutningi. Sá flutningur er venjulegast úr kaupstöðunum og bæjunum upp í sveitirnar, þar sem fátæklingum yfirleitt líður betur. (**HStef:** Þetta kemur ekki við því, sem jeg hefi sagt). Jú, það kemur vissulega því við, því að hv. þm. (HStef) var að tala um hrakningana, og þar er ekki um annað að ræða en fátækraflutning. — Jeg geri nú ráð fyrir, að hv. þm. vilji hafa sem stystar umr., og ætla jeg því ekki að segja meira.

Pjetur Þórðarson: Út af ummælum mínum við 3. umr. þessa máls hjer í deildinni ljet hv. frsm. (JK) í ljós óánægju yfir því, að jeg skyldi þá fara að andmæla frv., og þótti honum það ómakleg árás á málið. Í sambandi við þetta finst mjer ekki ótilhlýðilegt að láta þess getið, að síðan þetta skeði, þá hefi jeg sannfærst enn betur um það, að í frv. þessu felast ekki svo miklar rjettarbætur, að leggjandi sje kapp á að koma því fram nú, og ekki síst eftir þær breytingar, sem það hefir fengið í hv. Ed., og sem verið hafa umræðuefni hjer. Jeg ætla ekki að fara að endurtaka það, sem sagt hefir verið til andmæla um þær, en jeg vil, að það komi fram, og tel það bót í máli, að til eru menn í þinginu, sem óánægðir eru með svonefndar umbætur, sem í frv. felast, og vilja ekki láta það svo búið verða að lögum. Þeir háttv. þm. Barð. og háttv. 1. þm. N.-M. hafa glögglega sýnt fram á, hve ófullnægjandi frv. er, og var þess ekki síst þörf, þegar útlit er fyrir, að meiri hl. þings sje því fylgjandi. Það eru mörg atriði í málinu, sem standa til bóta, og jeg verð að vera þeim mönnum samdóma, sem telja það vel viðeigandi að fresta málinu, sjerstaklega þar sem kosningar standa nú fyrir dyrum og nauðsynlegt er að vekja athygli kjósenda á því. Jeg býst því við, að ef málið verður afgreitt nú, þá verði erfiðara að koma að breytingum við það á næstunni. Jeg ætla ekki að lengja umr. í von um, að jeg hafi nokkur áhrif á það, hvort frv. verður samþ. eða ekki, því að jeg álít, að ekki þurfi að óttast það, að andmæli gegn frv. muni snúa hugum þeirra hv. þm., sem ekki taka neinum sönsum eða kannast við galla þá, sem aðrir þykjast sjá á frv. Jeg vildi aðeins vekja athygli á því, að þeir menn hafa á rjettu að standa, sem vilja fá málinu frestað nú. Þegar háttv. frsm. sagði, að málið ætti rjett á sjer vegna þeirra rjettarbóta, sem það hefði tekið í hv. Ed., þá varð mjer að orði: Hverjar eru þær? Jeg get ekki kann-

ast við, að verulegar rjettarbætur felist í frv. umfram það, sem nú er í lögum, og þó eitthvað sáralítið í þá átt megi finna þar, get jeg ekki sjeð, að það sje mikils virði.

Frsm. (Jón Kjartansson): Það er óþarfi fyrir mig að fara að telja upp þær rjettarbætur, sem þetta frv. hefir í för með sjer; það hefir áður verið talað um þær. Það nægir í þessu efni að vísa til 43. gr. frv. Þar er mönnum opnaður möguleiki til þess að þiggja styrk af sveit, án þess að það hafi nokkurn rjettindamissi í för með sjer. Í þessu er fólgin hin mesta rjettarbót. Ef hv. þm. leggja ekkert upp úr þessu, þá held jeg, að ekki sje mikið mark takandi á hjali þeirra um misrjetti það, sem hafi átt sjer stað að undanförnu. Jeg vil ekki tefja tímann með lengri ræðu. Jeg vil mælast til, að hv. þm. annaðhvort samþykki eða felli þetta frv., en vísi því ekki frá undir því yfirskini, að þeir vilji meiri rjettarbætur, sem þeir svo eru hræddir við sjálfir, þegar á herðir. Slík afgreiðsla er aðeins til þess að sýnast.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. N.-M. (HStef) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 15:6 atkv.

Frv. samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

nei: PÞ, HStef, HK, HjV, JakM, JAJ.

Fjórir þm. (SvÓ, TrÞ, BSt, IngB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 615).

38. Bankavaxtabrjef.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (þmfrv., A. 161).

Á 29.—34. fundi í Nd., dagana 14.—19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 161).

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg þarf í rauninni ekki að bæta mörgu við það, sem sagt er í greinargerðinni fyrir frv. þessu á þskj. 161. Frv. er borið fram af fjhn. þessarar hv. deildar eftir ósk hæstv. fjrh. (JÞ). Öllum hv. þdm. er fullkunnugt um þörf manna fyrir veðlán; um hana þarf ekki að fjölyrða. Ráðstafanir síðasta þings í þessum efnum hafa ekki nægt nema til bráðabirgða, enda mun veðlánaþörfin hafa reynst mun meiri en gert var ráð fyrir á síðasta þingi. Það er ekki að undra, þótt þörfin sje mikil nú, því að það má segja, að veðdeildin hafi ekki starfað svo neinu nemi síðan 1918. — Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru annars best skýrðar í brjefi Landsbankastjórnarinnar til hæstv. fjrh., sem prentað er á þskj. 161. Við það, sem þar er tekið fram, vil jeg aðeins leyfa mjer að bæta

nokkrum orðum. Hæstv. fjrh. (JÞ) tjáði nefndinni, að brjef ræktunarsjóðsins væru nú lítt seljanleg nema með afföllum, og svo yrði það í náinni framtíð, ef ekkert væri aðhafst til að ljetta undir og greiða fyrir sölunni. Jeg hefi átt tal við forstjóra sjóðsins, og hafa þeir tjáð mjer, að þeir hafi nú lánað sem svari 1¼ milj. kr., en vegna örðugleikanna á sölu brjefanna sjái þeir sig nú neydda til að kippa að sjer hendinni og neita um lán til bygginga í sveitum. Lán sjeu nú aðeins veitt til jarðræktar.

Jeg býst nú við því, að flestum muni hrjósa hugur við því að ráðast í nýjar lántökur erlendis, og mjer finst það eðlilegt, en hjer er nokkuð öðruvísi ástatt en um flest önnur lán. Þetta fje verður ekki eyðslufje, og lánskjörin eiga að vera með þeim hætti, að ríkissjóður hafi engan halla af láninu. Jeg tel líka víst, að meiri hl. fjhn. mundi verða á móti því, ef um lántöku væri að ræða til eyðslu. Nú er svo ástatt, að við höfum enn ekki getað selt okkar veðlánabrjef á erlendum markaði, en það er sú leiðin, sem flestar þjóðir fara og telja hættulausa. Það er að sjálfsögðu tilætlunin, að þessu láni verði hagað svo, að vextir og afborganir af þeim lánum, sem veitt verða í veðdeildinni og ræktunarsjóði, nægi til þess að greiða vexti og afborganir af þessu erlenda láni. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að nokkur útgjöld leiði af lántökunni fyrstu árin, og að ríkissjóður verði að leggja út svo sem 15—20 þús. kr., en það fje fæst endurgreitt síðar, þegar líður á lánstímann.

Það, sem farið er fram á með frv., er aðeins það að tryggja mönnum ræktunarsjóðs- og veðdeildarlán — fasteignaveðslán — og skapa þessum lántakendum betri kjör en ella eru fáanleg, og það án sjáanlegrar áhættu fyrir ríkissjóðinn.

Þá hafði Landsbankinn farið fram á, að breytt yrði nokkrum ákvæðum um veðdeildarflokkana. Það fyrirkomulag yrði þægilegra og hentugra, einkum að því leyti, að tveir flokkar gætu verið opnir samtímis.

Jeg er ekki viss um, að það lánist að fá eins hagkvæmt lán í Danmörku eins og á síðasta ári. En lán með mun óaðgengilegri kjörum væri varla takandi til þess að bæta úr veðlánaþörfinni. En það er búist við því, að ríkisstjórninni takist að fá hentugt lán til nógu langs tíma. Í frv. er gert ráð fyrir, að lögin verði aðeins heimildarlög, svo ef ekki fást viðunandi lánskjör, þá er rjettara, að minsta kosti í bili, að fresta lántökunni, einkum þar sem búist er við, að vextir lækki innan skamms í þeim löndum, þar sem von er um, að lán fáist.

Landsbankastjórnin gerir ekki ráð fyrir meira en 3 milj. kr. til veðdeildarinnar. En bæði nefndin og hæstv. fjrh. telja ekki síður þörf að bæta úr fjárskorti ræktunarsjóðsins, og með það fyrir augum óskar nefndin, að heimildin nái til 4¾ milj. kr. lántöku.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil á þessu stigi málsins aðeins bera fram eina aths. Jeg álít, að sú leið, sem um er talað í frv., til þess að afla ræktunarsjóðnum fjár, sje ekki einhlít. Þegar það á að fylgjast að, að útvega ræktunarsjóðnum fje með lántöku og

halda þó ríkissjóði skaðlausum, munu þar af leiða slík vaxtakjör, sem ekki geta talist viðunandi. Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje rjett að miða lánskjör til jarðræktar við það verð, sem er á hinum almenna peningamarkaði. Þess vegna áskil jeg mjer rjett til þess að koma með róttækari tillögur í þessu máli, annaðhvort í sambandi við þetta mál eða annað, þar sem jeg álít þessa leið allsendis ófullnægjandi til þess að bæta úr þörf ræktunarsjóðsins.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það er alveg undir lánskjörum erlenda lánsins komið, hver lánskjör lánþega verða. En við álítum, að kjörin megi ekki vera öllu lakari en á þriggja miljóna láninu í fyrra. Um það er ekkert hægt að fullyrða fyrirfram, en jeg vildi leggja áherslu á, að heldur verði beðið, þó að erfitt sje, en að taka lán með slæmum kjörum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 41. og 42. fundi í Nd., dagana 29. og 30. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. enn tekið til 3. u m r. (A. 161, 271).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi borið hjer fram brtt. á þskj. 271, um það að sýna lántakendum í veðdeild og ræktunarsjóði það rjettlæti að lækka skuldir þeirra um 20%, ef svo skyldi fara, að krónan kæmist aftur í sitt gamla gullgildi, eða því sem næst.

Jeg drap á þetta mál í sambandi við annað mál, — frv. um að stöðva verðgildi íslenskra peninga, en jeg vildi fresta því að koma fram með till. í þessa átt, þangað til sjeð væri, hvernig færi um verðfestingarfrumvarpið. Nú er það nokkurn veginn víst, að íhaldsmenn og jafnaðarmenn hafa tekið höndum saman um að hefta framgang þess frv., og jeg tel víst, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Jeg þykist líka sjá, að það verði ekki hægt að koma málinu fram á hinum rjettasta grundvelli, en þá er að athuga, að hve miklu eða litlu leyti er hægt að koma í veg fyrir það ranglæti, sem hlýtur að eiga sjer stað, ef krónan hækkar enn. Í þeim tilgangi ber jeg fram þessa till. og þó ekki væri til annars en að sjá, hvernig atkvæði skiftast um þessa hlið málsins.

Jeg skal þá minnast á hina form-

legu hlið málsins fyrst. Jeg var að hugsa um að bera fram sjerstakt frv. um þetta efni, en þá er frv. það, er hjer liggur fyrir, kom fram, fanst mjer það formlega rjett að bera þetta mál fram sem breytingu á því. Jeg held því fram, þangað til vjefengt verður, að þetta sje formlega rjett.

Þá er efnishlið málsins.

Jeg vil þá fyrst benda á, að það er eitt sameiginlegt um öll þau lán, sem brtt. getur um, að þau eru veitt í *föllnum peningum*. Ef krónan hækkar og þess verður krafist, að lánin sjeu greidd með verðhærri peningum heldur en lánaðir voru, þá er framið ranglæti, þannig að menn verða látnir greiða 20% meira en þeir fengu að láni. Þessi lán eru öll tekin til nytsamlegra framkvæmda, svo sem til húsabygginga og jarðabóta. Og ríkið sjálft hefir einmitt með hliðsjón af því gert sjerstakar ráðstafanir um lánveitingar þessar. Þeir, sem lánin hafa tekið, eru hinir nytsömustu menn þjóðfjelagsins, hinir framgjörnu menn, og er það himinhrópandi ranglæti að ætla sjer að skattleggja þá þannig, að láta þá greiða þessi lán með miklu dýrari peningum en þeir fengu. Jeg legg áherslu á það, að hjer er um rjettlætisatriði að ræða, og það er höfuðástæðan til þess, að jeg ber fram þessar brtt.

Ein ástæðan til þess, að jeg ber fram þessar brtt. er og sú, að mönnum í landinu er nú að verða ljóst hvert stefnir. Þeir vita það, að gengishækkun vofir yfir og getur skollið á þegar minst varir. Þeir vita, að þeir eiga það á hættu, ef þeir taka lán nú til húsa- eða jarðabóta, að þeim verði refsað fyrir það með gengishækkun. Þess vegna vilja þeir bíða með að taka lán, þangað til krónan hækkar.

Tveir flokkar hjer á landi vilja að gengið hækki, íhaldsmenn og jafnaðarmenn. Þetta veldur kyrstöðu í öllum framkvæmdum, því að meðan svo er, þora menn ekki að leggja út í nein fyrirtæki. Fyrir landbúnaðinn er þetta stórkostlega hættulegt, því að alt, sem hindrar ræktun landsins, er hinn versti þrándur í götu allra framfara.

Jeg vil losa framkvæmdamennina við þennan ótta með því að verðfesta peningana. En ef það tekst ekki, þá er þó með þessum brtt. gerð tilraun um það að koma í veg fyrir, að mönnum sje refsað fyrir það að ráðast í framkvæmdir.

Jeg vil enn geta eins atriðis í sambandi við hina almennu hlið þessa máls. Jeg tel víst, að atkvgr. um efni þessarar till. hljóti alls ekki að falla eftir sömu línum og um gengismálið alment.

Jeg vil gera ráð fyrir, að sumir hækkunarmenn geti greitt atkv. með þessari till. T. d. fanst mjer foringi hækkunarmanna, hæstv. forsrh. (JÞ), ekki taka svo illa í þetta. Hjer er um svo alvarlegt ranglæti að ræða, að jeg vil gera ráð fyrir, að sumir þeirra að minsta kosti vilji verða samferða að ráða bót á því.

Jeg get ennfremur gert ráð fyrir því, að þótt jeg sem verðfestingarmaður vilji stíga þetta spor, þá sjeu þó sumir verðfestingarmenn þeirrar skoðunar, að þeir telji ekki rjett að leiðrjetta þetta ranglæti aðeins á þessu þrönga sviði og kalli þetta ekki neina lausn málsins, ekki einu sinni til bráðabirgða. Þótt jeg beri þessar till. fram, get jeg lýst því yfir, að jeg tel þetta

alls enga endanlega lausn. Jeg mun berjast fyrir verðfestingu eftir sem áður, en þegar ekki verður komist þá leiðina, vil jeg þó reyna að draga úr afleiðingum gengishækkunar. Mjer væri kært að fá atkvgr. hjer á þessu þingi um þá siðferðilegu hlið þessa máls. Jeg legg áherslu á, að þó að atkvgr. fari fram, standi verðfestingarleiðin opin eftir sem áður.

Ef svo færi, að till. mínar yrðu samþyktar, teldi jeg það ávinning fyrir stefnuna, því að með því er viðurkend hin mikla sanngirnis- og rjettlætiskrafa á þessu sviði. Og hvort sem samþykt verður eða felt, álít jeg frekari umræður um þetta atriði altaf til bóta fyrir minn málstað. Ef því hinsvegar verður neitað að láta þörfustu borgara þessa þjóðfjelags, framkvæmdamennina, komast undan ranglæti, þá vona jeg, að falli skurn af augum sumra þeirra, er enn hafa ekki hlotið sýn á þann óþolanda órjett, er vitandi vits á að beita þessa menn.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um hina almennu hlið. Jeg vænti þess, að umr. fáist um þetta nú og mjer gefist þá tækifæri síðar að fara út í það frekara.

Af því, að þetta frv. er nú hjer til 3. umr., og óvíst, að tækifæri gefist til að tala um það framar hjer, verð jeg að fara nokkrum orðum um einstök atriði í brtt. minni á þskj. 271. 1. Jeg geri ekki ráð fyrir, að tilfærsla eða uppbót komi til handa lántakendum fyr en krónan er komin nálega upp í sitt gamla verð eða parí. Það hefði mátt hugsa sjer að fara aðra leið, ef gert væri ráð fyrir, að hún næði gullgengi smátt og smátt, að tilfærslan færi fram líka smátt og smátt eftir gengi í gjalddaga hvert sinn. En við það er tvent að athuga. Annað er erfiðleikar í framkvæmdinni. Hitt er reynslan, sem sýnir, að hækkunin gangi fyrir sig í stórum stökkum. Og jeg legg áherslu á, að jeg tel víst ef krónan hækkar, þá hækkar hún nálega í einu stökki. Það er reynsla undanfarinna ára. Krónan okkar hefir tekið tvö stökk og hvort um sig ekki minna en það, er nú er eftir upp í gullgengi.

Og niðurstaðan hjá þeim, er mest hafa um þessi mál fjallað, er sú, að heppilegra og farsælla sje að taka stór stökk á hækkunarbrautinni, ef hækkað er á annað borð, en ekki eins og talið var fyrir nokkrum árum, að hægfara hækkun væri æskilegust. Um það vorum við sammála í fyrra, hæstv. forsrh. (JÞ) og jeg. Út frá þessum forsendum er ekki gert ráð fyrir öðru en stóru stökki.

2. Næsta atriðið er, að jeg hefi ekki kveðið svo á, að krónan þurfi að hafa náð alveg fullu gullgengi, til þess að uppbót komi til álita, heldur svo nærri, að ekki vanti á meira en 5%. Það er með vilja gert. Reynslan er sú hjá nágrannaþjóðunum, að gjaldeyririnn hefir alllengi verið að sveima rjett neðan við parí. Svo getur og farið hjer, og með tilliti til þess er þetta ákvæði sett. En út frá hinu er gengið, að ef krónan á annað borð kemst svona nálægt gullgildinu þá muni hún fljótlega ná því alveg.

3. atriðið er um það, til hvaða lána þetta skuli ná. Það á að ná til þeirra flokka veðdeildarinnar, sem eingöngu hafa veitt lán í föllnum krónum, og hinna nýju lána úr ræktunarsjóði.

4. atriðið er um það, hversu mikið skuli færa niður höfuðstól lána.

Í till. er miðað við 20% lækkun. Um það má deila, og legg jeg ekki kapp á það sem neitt aðalatriði. Þessi upphæð, 20%, er heldur hærri en á vantar nú í gullverð. En þegar þess er gætt, að framkvæmdamennirnir, sem tekið hafa lán bæði í veðdeild og úr ræktunarsjóði, hafa á ýmsan annan hátt orðið fyrir barðinu á gengishækkuninni, virðist ekki ósanngjarnt, þótt þeir fái þessa uppbót nokkru meiri en henni nemur.

Loks er og 5. og síðasta atriðið viðvíkjandi 4. gr., sem jeg vil skjóta inn í, að ríkissjóður borgi mismuninn, sem nemur niðurfærslu höfuðstóls lánanna. Það kemur ekki til mála að skerða höfuðstól veðdeildar og ræktunarsjóðs. — Um 5. og væntanlega 7. flokk veðdeildarinnar er sjerstaklega ástatt, því að ríkissjóður hefir þegar keypt allan 5. flokk, og stendur til, að hann kaupi líka 7. flokk. Hann ætti því tvímælalaust að borga mismuninn þar, vinnur hann upp á útlenda láninu, ef krónan fer upp í gullgengi.

Um 6. flokk er það að segja, að Landsbankinn hefir keypt meginið af brjefunum þar. Gæti vitanlega komið til mála og lægi næst að ætlast til, að hann bæri af þeim allan veg og vanda. En jeg hefi þó ekki lagt til, að hann greiði mismuninn í þessum flokki. Þeir eru hvort eð er eins og tveir vasar á sömu flíkinni, ríkissjóður og Landsbankinn. Ríkið verður hvort sem er að styrkja Landsbankann, og því hefi jeg hallast að þeirri tilhögun, að það taki hallann á sig en bankinn ekki.

Ríkið hefir ennfremur hrundið af stað ræktunarsjóðnum og hvatt menn til lána úr honum. Jeg get þess, að lánað hefir verið úr honum nú ca. 1⅓ milj. kr., og 20% af þeirri upphæð nemur um ¼ milj. kr.

Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um brtt. mínar. En út af orðalagi 2. gr. frv., að fyrir fjeð skuli líka kaupa jarðræktarbrjef með því verði, að ríkissjóður sje skaðlaus af kaupunum, vil jeg segja það, að eigi að miðast við útlánsvexti ræktunarsjóðs til bænda, kemur þetta ekki að tilætluðum notum.

Jeg gat þess við 1. umr., að jeg gæti ekki aðhylst þetta. Hafði hugsað mjer að koma með brtt. En við nánari athugun leist mjer önnur leið heppilegri: að koma því að í Landsbankafrumvarpinu, eða gera till. um í fjárlögum, að ríkið hlutist til um að lækka vexti af þessum lánum.

Læt jeg þar staðar numið að sinni.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Fjhn. hefir athugað brtt. á þskj. 271, og eftir atvikum leggur hún til, að þær verði ekki samþyktar. Hinsvegar telur hún rjett að athuga, hvort ekki sje hægt á sínum tíma að veita lántakendum einhverja niðurfærslu eða ívilnun, þegar sjeð er, að ríkissjóður græði á lántökum, t. d. ef krónan hækkar. En hún vill ekki binda þetta með lögum, heldur sjá hvað setur.

Till. fer fram á 20% lækkun á ógreiddum höfuðstóli allra lána í 5.—7. flokki veðdeildarinnar og ræktunarsjóði. Það má búast við, að eftir 2—3 ár verði þessi lán orðin alt að 13 milj. kr. Ráðgert er að taka lán erlendis, sem nemur 6 milj. gullkróna. Það eru þá um 7 milj. kr., sem færa

þyrfti niður, og sú niðurfærsla nemur alt að 1 milj. og 400 þús. kr. Nú er það að athuga, að gert er ráð fyrir að lækka lánin um 20% strax og krónan er komin upp í 95% gullgildis. Þá lækka lánin um 1½ milj.

En nú getur svo farið, þótt krónan sje komin upp í 95 aura, að hún haldist þar aðeins um stund, og annaðhvort hrapi aftur eða verði fest í lægra gullgildi. Þá gætu lántakendur grætt, en ríkissjóður haft af þessu þungan bagga.

Þess ber og að gæta, að fleiri eru framkvæmdamenn í þessu landi en þeir, er lán taka í veðdeild. Það er líka upplýst við umræður í öðru máli, að 90% af lánum í 5. fl. hafa gengið til húsabygginga í kaupstöðum.

Jeg held mjer sje óhætt að segja, að aðrir framkvæmdamenn en þeir hafi meiri þörf þess, að þeim sje bætt ur halli af væntanlegri gengishækkun. Jeg á þar við þá, sem tekið hafa hin stóru lán, til þess að halda við atvinnurekstri í landinu.

Það er ennfremur svo, að þeir, sem lán taka úr ræktunarsjóði til jarðræktar, eru ekki einustu framkvæmdamennirnir á því sviði. Margir þeirra taka lán annarsstaðar; aðrir alls ekki, þeir eru svo efnum búnir, að þeir komast af án þess.

Líka verður að gæta að því, að þeir, sem tóku lán úr 4. fl., verða enn harðar úti; þeirra lán stafa frá þeim tíma, er verðgildi krónunnar var 46—63 aurar. Væri fyllri ástæða til að ívilna þeim heldur en mönnum, sem tekið hafa lán á síðustu tímum eða munu taka á næstunni.

Jeg held enginn muni neita, að rjett sje, ef hægt er, að ljetta eitthvað undir með þeim, sem taka fasteignalán, og öðrum, ef gengið hækkar fram úr því sem nú er. En rjett er að sjá hverju fram vindur. Áreiðanlega fæst meira samræmi með því að bíða heldur en slá einhverju föstu nú.

Jeg gæti hugsað mjer, að þeir, sem annars þurfa ekki undir venjulegum kringumstæðum að taka lán, mundu nú, ef brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) yrði samþ., hlaupa til og taka lán, því að þeir hafa ekkert að missa, en geta átt von á að græða.

Þetta, er jeg nú hefi sagt, eru athugasemdir frá sjálfum mjer, en ekki fyrir hönd nefndarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg er samþykkur hv. fjhn., að ekki sje rjett að samþykkja brtt. hv. þm. Str. (TrÞ). Ekki af því, að jeg álíti rangt að láta ágóða, er ríkissjóður kynni að fá af lánum, koma þeim í vil, er kynnu að verða fyrir ýmsum halla af lántökum sökum gengishækkunar. En það er erfitt að taka rjettlátar ákvarðanir um þetta fyrirfram.

Eins og brtt. liggja nú fyrir, er farið fram á bein útgjöld fyrir ríkissjóð önnur en gengisgróða. Hve miklu þau muni nema samkvæmt brtt., er ekki unt að segja nákvæmlega, en aldrei verður það minna en 1 milj. og alt að 1½ milj. kr. Nú er hugsanlegt, að krónan fjelli aftur, eftir að hún er komin upp í 95 aura, og þá fellur burt gengisgróði ríkissjóðs. Lán þau, sem eftirgjöfin á að ná til, nema um 12½ milj. kr., og 20% eftirgjöf af 12½ milj. kr. nemur 2½ milj. kr. En gróði ríkissjóðs af gengishækkun upp í 95 gullaura getur numið alt að 1 milj. kr., og dálítið þar yfir, ef krónan heldur áfram upp í 100%. — Það er þá

1—1½ milj. kr., sem ríkissjóður á að svara út eftir till., umfram sinn eiginn gengisgróða, sem ef til vill væri ekki óeðlilegt að hann greiddi.

En það er of snemt og ekki rjett að taka ákvarðanir um slíkt nú. Sjerstaklega þar sem ekki er sjáanleg nein sanngirni í því að gera öllum jafnhátt undir höfði. Það er að vísu rjett, fræðilega sjeð, að þeir, sem hafa tekið lán í verðföllnum peningum, verða harðara úti; en í reyndinni verður alt annað ofan á.

Við skulum líta á einstök dæmi. — Maður tekur lán til húsbyggingar í kaupstað. Síðan er húsið leigt út. Ef nú færi svo, sem vel má búast við, að húsaleigan lækkaði ekki strax og krónan er komin upp í 95 aura, þá er ekki sanngjarnt að veita þá þegar niðurfærslu á greiðslu lánsupphæðarinnar. Ef húseigandi heldur áfram að taka sömu krónutölu í húsaleigu, á hann til þess enga sanngirniskröfu.

Það er ógerningur að leggja nokkurt „plan" um þetta fyrir framtíðina, svo að taki til allra möguleika, er til framkvæmda kemur.

Annars ætla jeg mjer ekki að fara út í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ).

Það eru fleiri en tveir flokkar í þinginu, sem óska eftir hækkun krónunnar, ef hún getur gerst án þess að veita þjóðfjelaginu hnekki. Það eru líka til menn í báðum hinum flokkunum, sem hallast að þessari skoðun.

Það er engin ástæða til að óttast, að hræðsla við gengishækkun muni valda kyrstöðu í framkvæmdalífi þjóðarinnar og fyrirstöðu þess, að menn sækist eftir lánum. Reynsla ársins sem leið bendir í gagnstæða átt; hún sýnir, að menn kunna vel að sækjast eftir lánum, og jeg vona, að reynsla komandi ára sýni, að þeir kunni að notfæra sjer þau á rjettan hátt.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta. Jeg get tekið undir með hv. flm. (TrÞ), að eðlilega fari álit manna um efni þessara brtt. ekki eftir afstöðu þeirra til gengismálsins alment.

Jeg get vel skilið, að stýfingarmenn t. d. geti verið á móti slíkum till., að gera svo stórfeldar fjárhagsráðstafanir án trausts grundvallar til að byggja á. Og hinsvegar munu þeir vera margir hækkunarmenn, sem aðhyllast þá hugsun, að ríkissjóður ljeti ekki gengisgróða sinn af lánum verða beinlínis að eyðslufje ríkissjóðs sjálfs.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 161, 271).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi heyrt undirtektir bæði fjhn. og hæstv. fjrh. (JÞ) um till. mína á þskj. 271. Í þeirri till. er um að ræða hagsmunamál og rjettlætismál manna, er skifta hundruðum. Það er gerð tilraun til að bæta úr ranglæti, sem á að fremja á öllum þessum mönnum, sem þarna er um að ræða. Þegar fjhn. fær slíka till. til athugunar, lætur hún sjer nægja að skjóta á augnabliksfundi til að ráða ráðum sínum. Mjer var fyrst sagt, að hún hefði varið einni mínútu til að athuga þetta mál. Við nánari eftirgrenslun fjekk jeg að vita, að fundurinn stóð yfir 5—10 mínútur. Jeg skal minna á, að sama nefnd hafði eitt þýðingarmesta málið, sem lá fyrir þinginu í fyrra, fram í maímánuð,

mál, sem sagt var um, að væri þinginu til skammar að hafa ekki afgreitt. Jeg vil segja, að það sje til skammar fyrir fjhn. að koma aðeins saman í örfáar mínútur til þess að taka afstöðu til þessa máls, og er ekki einu sinni öll á fundi. Mjer er kunnugt um, að allir nefndarmenn vissu ekki, að þessi afgreiðsla hafði verið gerð. Mjer kemur því ekki á óvart, þegar hv. frsm. (JAJ) segir, að nefndin sje á móti till. að svo stöddu. Hinsvegar eru engar ástæður færðar á móti till., ekki sýnt, að það hafi við neitt rjettlæti að styðjast að neita því, sem hún fer fram á. Helstu ástæðurnar, sem háttv. frsm. bar fram, voru þær, að fleiri framkvæmdamenn en þeir, sem till. nefnir, væru beittir harðræði í þessu efni. En hann fer ekki fram á að láta ákvæði till. ná til þeirra líka. Hann segir aðeins, að af því fleiri verði fyrir ranglæti, megi ekki sinna svona kröfum frá neinum. Því verður þó ekki móti mælt, að þarna er stór hópur manna, sem viljandi á að fremja ranglæti á. Og þegar nefndin gerir ekki annað en halda að sjer höndum og vill láta afhöfða alla, sem hjer eiga hlut að máli, og líka alla þá, sem samskonar ranglæti eru beittir, þá er ekki annað hægt að segja en vel fari á því, að afgreiðsla málsins fari fram á fáeinum mínútum. Hv. frsm. mintist á, að líka gæti verið rjett að ljetta undir með þeim, sem tekið hefðu lán í 4. flokki. Það rjettlæti ætti þá nefndin að láta koma fram með því að aðhyllast frv. um verðfesting peninganna fremur en að bera það fram, að þessir menn verði líka fyrir ranglæti, en vilja þó ekki leiðrjetta neitt. Hv. frsm. sagði, að meira samræmi væri í því að bíða. Já, það er kannske meira samræmi í því að gera öllum rangt til, aðhafast ekki neitt. En það stendur nú samt alveg sjerstaklega á um þessa menn, sem tekið hafa ræktunarsjóðs- og þessi veðdeildarlán, því að þeir verða *allir* fyrir ranglæti. Þeir hafa *allir* tekið lán í föllnum peningum. — Jeg verð að láta það koma fram, að jeg tel, að nefndin hafi tekið á þessu máli með alveg óforsvaranlegum lausatökum. Auðvitað á atkvæðagreiðslan eftir að skera úr, hvort deildin vill koma í veg fyrir þetta ranglæti með því að samþ. till.

Hæstv. forsrh. (JÞ) byrjaði sína ræðu allvel. Hann tók fram, að það væri ekki rangt að láta ríkisgróðann af þessum verðbrjefakaupum koma lántakendum til góða. En framhaldið af forsendum hans varð þó það, að hann vildi ekki stíga þetta spor. Hann sagði, að ekki væri hægt að vita, hve mikil útgjöld þetta hefði í för með sjer fyrir ríkissjóð. En að því er snertir 5. og 7. flokk verða útlátin alveg þau sömu og gróðinn af hækkuninni. Og þó að Landsbankinn hafi keypt 6. flokk að mestu, er þar í raun og veru um sama vasann að ræða, þar sem ríkið á þá stofnun og verður að styðja hana ef þörf gerist, enda hefir Landsbankinn orðið harðlega fyrir barðinu á gengishækkuninni. Að því er ræktunarsjóðinn snertir er ekki um miklar upphæðir að ræða. Hinsvegar eru það lánveitingar, sem ríkið hefir hrundið af stað og hvatt menn til að nota. En í því virðist lítil sanngirni, að ríkið hvetji menn til að taka lán í föllnum peningum, hækki þá svo í gildi og heimti jafnan krónutölu. Ef einstaklingur hagaði sjer svo, yrði vissulega

sagt, að um óleyfilegan fjárdrátt væri að ræða.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JÞ), að ef húsaleiga lækkaði ekki hjer í Reykjavík, þá gæti verið, að sumir, sem bygt hafa hjer hús, ættu ekki lækkunina fullkomlega skilið. Það er nokkuð til í þessu. En á það má líka líta, að þessir framtakssömu menn hafa á ýmsa aðra lund orðið fyrir barði gengishækkunarinnar, svo að segja mætti kannske, að þeir ættu það inni, þó að húsaleigan lækkaði ekki þegar.

Þá var hæstv. ráðh. (JÞ) að reyna að stríða mjer á því, að það væru fleiri en 2 flokkar í þinginu, sem stæðu að hækkun krónunnar. Já, það eru víst til menn bæði í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum, sem hallast að hækkun, en hitt mun þó vera aðalreglan. En á jeg að skilja þetta svo, að í flokki hæstv. ráðh. sjeu allir einhuga um hækkun krónunnar? Á að skilja þetta sem opinbera yfirlýsingu um það, að útgerðarmennirnir hafi beygt sig og standi nú sem einn maður með hæstv. ráðh. (JÞ) í þessu máli? Jeg teldi ákaflega þýðingarmikið að fá að vita, hvort útgerðarmennirnir eru fallnir frá því að vilja hindra hækkun krónunnar. Ef það er svo, að útgerðarmennirnir standa einhuga með Íhaldsflokknum í þessu máli og einstakir menn úr hinum flokkunum, þá er hjer auðvitað um rás viðburða að ræða, sem ekki er hægt að hindra. Jeg sagði, að ein höfuðástæðan til þess að jeg bæri fram þessa till. væri sú, að jeg væri hræddur við kyrstöðuna í sveitunum. Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði: Jeg er ekki hræddur við kyrstöðu í framtíðinni! Hann lýsir því yfir úr ráðherrastóli. Þetta eru kjörorð, sem hann hefir skráð á skjöld sinn. Það er í góðu samræmi við það, að hann er formaður íhaldsflokks. Og vil jeg í því sambandi minna hæstv. ráðherra á ný tíðindi frá sambandslandi okkar. Það er hvernig farið hefir fyrir stjettarbróður hans, forsætisráðherranum danska, að hafin er hörð ofsókn gegn honum fyrir áhrif gengishækkunarinnar þar í landi, þar sem margt bænda hefir tapað svo tugum þúsunda skiftir á gengishækkuninni.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þessa tillögu, en mjer er kært, að það komi opinberlega fram, hverjir í þessari hv. deild vilja sýna rjettlæti í þessu máli.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil byrja á því að leiðrjetta það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) hafði rangt eftir mjer. Hann sagði eftir mjer, að jeg hefði ekki sagst vera hræddur við kyrstöðu á framkvæmdum, en það voru alls ekki mín orð. Jeg sagðist ekki vera hræddur um kyrstöðu á lántökum úr þessum sjóðum og þar af leiðandi ekki óttast kyrstöðu á þeim framkvæmdum, sem af þeim leiða, því að menn kunna vel að notfæra sjer þau lán, sem hjer eru í boði. Jeg býst nú við, að það hafi verið misskilningur, sem valdið hefir þessari rangfærslu hjá hv. þm. Str., en ekki tilhneiging til að kasta rýrð á andstæðinga sína.

Mjer finst miður viðeigandi að blanda forsætisráðherra Dana inn í þetta mál, en úr því að háttv. þm. fann ástæðu til þess, verð jeg lítillega að víkja að því, sem hann sagði. Hv. þm. vildi halda því fram, að bændur í Danmörku og

þá núverandi forsætisráðherra þar, hefðu tapað fleiri hundruð þús. kr. vegna gengishækkunarinnar þar, en þetta er ekki rjett. Í bóndatíð ráðherrans gekk hin skæða gin- og klaufnasýki tvisvar yfir hans stóra bú og gerði vitanlega mikinn usla, svo mikinn, að bæði hann og bændur yfirleitt biðu stórtjón af. Þetta hjelt jeg, að hv. þm. Str. hefði átt að vera kunnugt, því ekki þykist hann vita svo lítið um þessa sýki. (**Trþ**: Ríkissjóður Dana greiddi bændum fullar bætur fyrir tjón það, er þeir biðu af völdum veikinnar). Nei, ekki þá, það var aðeins gert fyrst.

Eftir ræðu háttv. þm. Str. held jeg, að ekki hafi verið tekið nógu ómjúkum tökum á till. hans, hvorki af mjer eða frsm. fjhn.; því að vægast sagt er tillagan ótæk eins og hún er nú. Í fyrri ræðu minni benti jeg á, að ekki gæti komið til mála að fara að gefa húsabyggjendum eftir af lánum sínum. Því að jeg veit ekki um annað meira talað en hina ósanngjarnlega háu húsaleigu, og þá sjerstaklega hjer í Reykjavík. Væri því síst sanngirni að fara að gefa þeim eftir af lánunum í ofanálag á hina háu húsaleigu. Það væri þá miklu nær að láta leigjendurna fá eitthvað, ef á annað borð á að fara að gefa þessum mönnum gjafir, því að það eru þeir, sem verða að búa við ósanngjörnustu kjörin. Háttv. þm. einblínir því aðeins á hina föllnu peninga, án tillits til hinnar minstu sanngirni. Hann sjer ekkert annað en það, að þetta hús hafi verið bygt með láni af föllnum peningum, sem verði að greiðast með fullgildum peningum. En hjer verður það að skera úr, hvort lántakandi fær sína peninga að fullu upp úr húsinu. Fái hann þá, hvort heldur er frá leigjendum eða á annan hátt, þá á hann enga sanngirniskröfu um uppbætur frá ríkissjóði, þó að peningarnir hækki. Hjer hefir því farið sem oftar fyrir háttv. þm. Str., að hann hefir ekki hugsað nógu djúpt. Annars notar hann altaf hvert tækifæri til þess að láta fjármálaljettúð sína skína og tala gálauslega um fjárhag landsins. Tekur hann í því efni öllum þingmönnum fram, nema ef vera skyldi einum, sem um nokkurt skeið átti sæti í þessari deild, en á það ekki lengur.

Hinn mesti gengisgróði, sem hugsanlegt er, að ríkið geti haft af þessum lánum, er rúm ein milj. kr. Þessu fje ímyndar hann sjer að verði rjettlátast skift meðal landsmanna með því að fleygja því í húseigendur í kaupstöðunum, til þeirra manna, sem þjóðin kvartar undan að taki of háa leigu fyrir hús sín. Og ekki nóg með það, að hann vilji kasta þessu á glæ, heldur bæta þar við beinu framlagi úr ríkissjóði, sem innheimta verður af landsmönnum með sköttum, á aðra milj. kr. Þetta er auðvitað í samræmi við það, að hann breiðir faðminn á móti hverri þeirri tillögu, sem miðar að því að ausa fje út úr ríkissjóðnum.

Ef háttv. þm. Str. skyldi ætla sjer að gera úr þessari tillögu kosningagyllingar, þá má hann reiða sig á, að fjárhagshlið hennar verður líka dregin fram fyrir almenning, og jafnframt sýnt fram á ljettúð hans og grunnhygni um allan fjárhag landsins.

Þá undraðist hann, að nefndin skyldi ekki þurfa nema 5 mínútur til þess að

taka ákvörðun um þessa tillögu hans. Honum fanst eðlilegast, að hún hefði þurft langan tíma til að yfirvega hana. En þar er jeg annarar skoðunar. Jeg get trúað, að nefndin hefði ekki þurft nema eina mínútu til þess að taka afstöðu um þessa fjarstæðu. Og þegar gengið verður til atkvæða um till. þessa, þá er ekki mögulegt að greiða atkvæði um neitt rjettlæti, því að það hefir hún ekkert í sjer fólgið, eða hvort menn vilja ráðstafa gengisgróða ríkissjóðs af fasteignalánunum til lántakenda. Það verður því að fella tillögurnar nú þegar, því að þær fara fram á fjáraustur úr ríkissjóði og stórgjafir til manna, sem ekki er hægt að segja, að eigi verðskuldaðar gjafir.

Ásgeir Ásgeirsson: Vegna yfirlýsingar háttv. frsm. (JAJ) vil jeg gefa nokkrar upplýsingar um meðferð málsins í fjhn. Nefndin skaut á stuttum fundi í gær, meðan á deildarfundi stóð, og skildist mjer, að nefndin vildi aðeins fresta málinu til næsta reglulegs nefndarfundar, en nú hefi jeg heyrt, að sumir nefndarmenn hafi lagt þann skilning í ályktun nefndarinnar, að málinu skyldi frestað til næstu þinga, en með þeim skilningi greiddi jeg alls ekki atkvæði.

Mjer fanst þetta mál þess vert, að það sje athugað nákvæmlega nú þegar á þessu þingi, og gerði því ekki ráð fyrir, að nokkrum nefndarmanni dytti í hug að afgreiða það á skyndifundi, á meðan á deildarfundinum stæði.

Jeg gat þess á þessum fundi nefndarinnar, að rjettlátast myndi að reikna öll lán bæði veðdeildarinnar og ræktunarsjóðsins í gulli. Ef það væri gert, myndu lántakendur fá þann rjett, er við verðfestingarmenn heimtum til handa öllum borgurum þjóðfjelagsins. Og þetta held jeg að mætti framkvæma án fjáraustur úr ríkissjóði.

Eins og nú stendur, sje jeg ekki ástæðu til að bera fram brtt. um þetta, því að jeg þykist sjá, að brtt. hv. þm. Str. verði ekki samþykt, en jeg mun greiða atkvæði með henni til þess að sýna, að jeg vil láta lántakendur ræktunarsjóðs og veðdeildar njóta þess rjettlætis, sem fast verðgildi peninga veitir. Þá yrði og ranglæti það, er þeir bíða, sem eftir verða og við óstöðugan gjaldeyri eiga að búa, ennþá augljósara og óbærilegra. Þetta á atkvæði mitt um þessa tillögu að merkja, en hún er örlítill þáttur í hinu mikla gengismáli.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. þm. Str. (TrÞ) fann allmjög að því, hve stuttan tíma nefndin tók til að athuga þessa brtt. (**TrÞ:** Það var sagt í spaugi). Það má vel vera, en jeg kann illa við, að nefndin sje borin sökum um ljeleg vinnubrögð. Annars er það misskilningur hjá þessum hv. þm., ef hann heldur, að nefndarmenn yfirleitt athugi ekki málin fyr en á nefndarfundum. Menn athuga málin hvað mest á milli funda, en taka aðeins ákvarðanir á fundunum. Annars hjelt jeg, að hv. þm. Str. mundi ekki ráðast svona á nefndina fyrir þetta, því að vel er hægt að sýna honum fram á, að margt í till. hans er grunt hugsað, jafnvel heimskulega fljótfærnislegt. Eins og t. d. að vilja binda ríkissjóði 1½ milj. kr. bagga til handa þeim mönnum, sem fasteignir eiga, þar af leiðandi handa þeim mönnum, sem hingað til hafa verið taldir eiga

yfir mestum efnum að ráða. Þá sagði hann ennfremur, að ekki hefði verið tekin endanleg ákvörðun um tillöguna með atkvgr. í nefndinni, en þetta skil jeg ekki. Nefndarmenn allir, að undanskildum háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), skildu atkvgr. eins og hún er bókuð í fundabókinni, sem sje, að nefndarmenn legðu á móti brtt. hv. þm. Str. Hv. þm. V.-Ísf. var ekki viðstaddur, er rætt var um málið á nefndarfundinum, en kom rjett í því, að atkvgr. fór fram, og af því er það eðlilegt, að hann gæti misskilið ályktun nefndarinnar.

Nýlega hafa verið seld brjef, bæði einstökum mönnum og fjelögum, fyrir 230—240 þús. kr. Ríkissjóður yrði að taka skellinn af þessum brjefum, og fengju brjefaeigendur á þann hátt töluverða fúlgu úr ríkissjóði. Jeg verð að segja, að það væri lítið rjettlæti, ef ekki ranglæti, að ætla að binda ríkissjóði bagga til þess að ljetta undir með þeim, sem eiga fasteignir, og hafa þar af leiðandi tiltölulega mest lánstraust allra manna, svo og þeim, sem svo eru staddir, að þeir geta lagt fje í verðbrjefakaup, en láta svo þá menn, sem verri aðstöðu hafa, en þurfa að nota peninga til framleiðslu til sjós og lands, borga brúsann fyrir hina.

Það er rjett, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að hann hefði misskilið till. á nefndarfundi. En mjer vitanlega var ekki nema hann einn nefndarmanna, sem svo skildi, og lágu til þess eðlilegar ástæður.

Það var misskilningur hjá hv. þm. Str., að jeg hefði sagt, að rjettast væri að fresta þessu máli til næsta þings. Það, sem samþ. var með till., sem borin var upp í fjhn. um þetta mál, var það, að þessa till. mætti hafa til athugunar með hliðsjón af því, hvort ekki væri hægt síðar að gera einhvern jöfnuð milli inneigenda og lántakenda í landinu, en um það eru skiftar skoðanir innan nefndarinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil fyrst geta þess, að mjer kom ekkert á óvart, þótt hæstv. fjrh. (JÞ) yrði til þess að tala hart á móti þessari brtt. minni og yrði líka til þess að tala af sjer, því að hjer sannast hið fornkveðna, að blóðnætur eru bráðastar, því að hann er í sárum eftir þá pólitísku „operation", sem gerð var á honum fyrir nokkrum dögum, og því er von, að hæstv. ráðh. sje nokkuð viðkvæmur. Og þar sem jeg átti nokkurn þátt í þessum nafnkunna uppskurði, þá er honum nokkur vorkunn. Jeg virði því framkomu hans í þessu máli á betra veg og ætla að fara mjúkum höndum um hann í þetta sinn.

Vil jeg fyrst minna á það, er hæstv. ráðh. sagði, að jeg hugsaði ekki nógu djúpt, og benti á, að af till. minni leiddi ranglæti, þar sem þeir menn, sem tekið hefðu mikið af þessum lánum, hefðu bygt hús fyrir þau og tækju svo háa húsaleigu. En hjer hugsar hæstv. ráðh. ekki nógu djúpt, því að ef það er rjett, að húsaleigan fáist ekkert niður, þótt krónan hækki, þá er það játning frá hæstv. ráðherra um það, að verðlagið í landinu komist ekki niður í samræmi við hækkun krónunnar. Þá verður m. ö. o. ekki hægt að hækka krónuna. Jeg get

hugsað mjer, að ráðstafanir væru gerðar til að hindra, að húsaleigan sje of há, um leið og framið er slíkt rjettlæti, sem hjer er farið fram á. Þá ætti að gera opinberar ráðstafanir til að setja húsaleiguna niður.

Svo vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að jeg sýndi meiri ljettúð um fjárhag ríkissjóðs og vildi meiri fjáraustur en dæmi væru til. En hæstv. ráðh. viðurkendi í gær, að það, sem hjer er um að ræða, sje aðeins að ráðstafa gengisgróða ríkissjóðs á lánum þeim, sem hann hefir tekið. Ríkissjóður hefir keypt allan 5. flokk veðdeildarbrjefanna og kaupir líklega mestallan 7. flokk, auk þess sem Landsbankinn hefir keypt mikið af 6. flokki. Ef krónan hækkar, getur ríkissjóður grætt meira en 1 milj. kr. Hæstv. ráðh. hefir slegið því föstu, að hann græði í mesta lagi 1 milj. kr. En nú eru lán þau, sem ríkissjóður hefir tekið og á að taka til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef, samtals um 6½ milj. kr., og er þá ⅕ hluti þeirra eða 20% meira en 1 milj. kr.

Það eina, sem hæstv. ráðh. gæti kallað fjáraustur, væri það, ef ríkissjóður borgaði 20% af því, sem tekið hefir verið til láns í ræktunarsjóðnum í því skyni að lækka lánin samsvarandi hækkun krónunnar. Þar er um lán til þarflegra framkvæmda að ræða, og ríkið hefir beinlínis hvatt menn til að taka þau. Þessi upphæð yrði ¼ milj. kr., og jeg þori að horfa framan í hvern sem er, þótt jeg legði það til, að þau lán væru lækkuð.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg væri reiðubúinn til þess að gefa meira. Þetta er útúrsnúningur. Það, sem jeg sagði, var, að við ættum að stíga sporið út, samþ. frv. um verðfestingu peninganna. Í því felast engar gjafir, heldur aðeins hið sjálfsagðasta rjettlæti. Hv. frsm. talar um, að jeg vilji ívilna einstökum mönnum, en hann sjálfur kemur einmitt fram með slíka tillögu.

Hæstv. ráðh. var að tala um kosningabeitu. Við skulum nú fresta því að tala um það, þangað til á kosningafundum í haust. Jeg mun verða ánægður að koma með till. mínar á þeim fundum.

Svo sagði hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að greiða atkv. um þessa tillögu vegna þess, að þetta væri ekki meiri rjettlætiskrafa fyrir þessa menn en aðra. Það er rjett, en það liggur í augum uppi, að þegar hæstv. ráðh. játar, að þetta sje rjettlætiskrafa fyrir aðra fleiri, þá er það sama rjettlætiskrafan fyrir þessa menn, sem hjer um ræðir. Og þegar hann játar þetta, að margir fleiri hafi sömu rjettlætiskröfu, þá skoða jeg það sem játningu frá honum um það, hvað hann hafi framið mikið ranglæti og ætli að fremja mikið ranglæti með gengishækkuninni. Að hæstv. ráðh. ber þetta fram sem vörn fyrir máli sínu er ljós vottur um það, hvernig hann hugsar. Það er eins og þegar menn voru að kastast á með grjóti í gamla daga, að sá, sem kastaði, fjekk grjótið sent aftur, og svo kom það í bakið, þegar hann lagði á flótta.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg væri að glamra með að vilja ljetta undir með atvinnuvegunum. Jeg hefi talað um þá æðstu kröfu, sem atvinnuvegirnir eiga á hendur ríkinu, að þeir verði látnir fá fastan grundvöll til þess að standa á og fái verðfasta peninga, til

þess að atvinnureksturinn sje ekkert lotterí, heldur verði afraksturinn í hlutfalli við forsjá og fyrirhyggju, eins og á eðlilegum tímum.

Það, sem fyrst og fremst hvatti mig til þess að bera þessa till fram, var umhyggja fyrir þeim framleiðendum, er lagt hafa í kostnað við framkvæmdir, sem miða að aukinni vellíðan sín og sinna, og tekið hafa lán til húsabóta og ræktunar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ekkert stæði í till. minni, sem gerði ráðstafanir gagnvart því, ef krónan lækkaði aftur. Það er rjett, en jeg vil alls ekki láta það koma fram, að við gerum ráð fyrir slíku. Það er ógæfa, sem við varla megum gera ráð fyrir. En færi svo, þá er það altaf í ríkisins hendi að gera þær ráðstafanir, sem best henta. En hv. frsm. (JAJ) gerir ráð fyrir, að svo forsjárlaust verði landinu stjórnað á fjármálasviðinu, að við munum ana upp í gullverð, en svo verða að láta krónuna falla aftur.

Hjer hefir hv. frsm. ekki hugsað nógu djúpt, auk þess sem hann hefir sýnt stjórninni hið megnasta vantraust. Fjármálum þjóðarinnar hefir þannig verið stjórnað hin síðustu árin, að ekki er trygt með þetta. En þar sem þessi stjórn er aðeins bráðabirgðastjórn og hægt að gera ráð fyrir, að skynsamari stjórn komi áður langt um líður, þá er óhætt að vera vongóður. Jeg legg svo till. mína með ánægju undir atkv. hv. deildar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson):* Það var óþarfi fyrir hv. þm. Str. að vera að tala um blóðnætur. Stjórninni hefir ekkert blóð runnið ennþá. Og þótt eitthvað hefði breyst síðan þetta kvöld, þá þarf ekki að vorkenna mjer. Jeg ætlaði að hlífa háttv. þm. Str. og gerði mjög hóflega grein fyrir, hver fjárútlát það væru, sem hann færi fram á. En hann hefir ekki tekið eftir því, hvernig jeg reiknaði út, hvaða fjárframlög till. hans fer fram á.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði viðurkent, að till. fjallaði ekki um annað en að ráðstafa gengisgróðanum. En þótt það verði ekki annað en endurtekning í Alþt., þá ætla jeg að hafa upp aftur þær tölur, sem jeg las upp í fyrstu ræðu minni og útreikningurinn, um hvað þessi till. kostar ríkissjóð, byggist á.

Jeg gerði ráð fyrir, að þessi lán, sem farið er fram á að færa niður um 20%, myndu alls nema 13 milj. kr. upphaflega, og sje gert ráð fyrir, að eitthvað verði búið að draga inn af þessum brjefum, sem þó verður lítið, því að inndráttur brjefanna er lítill fyrstu árin, — jeg reikna hann ½ milj. kr., — þá verður þessi upphæð 12½ milj. kr. Meiri hl. þessarar upphæðar eru veðdeildarlán, eða ¾ hlutar, hitt, ¼ hluti, er í ræktunarsjóði. 20% af þessari upphæð er 2½ milj. kr., sem till. hv. þm. Str. hljóðar upp á. Miðað við það, að krónan verði 95 aurar, og miðað við, að það gengi hjeldist áfram, verður gengisgróði ríkissjóðs 15% af 6½ milj., eða tæp 1 milj. kr. Mismunurinn er 1½ milj. kr., sem ríkissjóður ætti að leggja fram. Haldi krónan áfram að hækka upp í 100 aura eða gullverð, dregst eitthvað frá þessari upphæð, en þó ekki meira en 300 þús. kr. Bein útgjöld samkv. till. verða þá 1—1½

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

milj. kr. Mjer þykir leitt, að hv. þm. Str. skuli ekki hafa tekið eftir þessum ágalla á till. sinni.

Þá fór hv. þm. Str. að reyna að hnekkja því, sem jeg sagði um þá vafasömu sanngirni að gefa húseigendum eftir fje með því að lækka lánin, sem þeir hafa tekið til húsbygginganna, þar sem þeir hinsvegar taka háa leigu. Hjer fanst hv. þm. jeg komast illa frá rökum mínum og þóttist sanna það, að af þessum ástæðum væri ekki hægt að hækka krónuna. En hvernig er sú sönnun? Hv. þm. Str. gerir ráð fyrir, að krónan hækki upp í 95 aura eða ef til vill gullverð og samt haldi húseigendur áfram að taka hina háu leigu. Hve lengi þeir geri það, veit hann ekki, líklega þangað til krónan er komin í gullverð. Af þessu dregur hv. þm. Str. svo þá ályktun, að ekki sje hægt að hækka krónuna. Finst mönnum þetta ekki sláandi sönnun? (**Trþ**: Útúrsnúningur). Nei, alls ekki, þetta reyndi hv. þm. að sanna, en gat ekki. En það eru ekki gengisbreytingar einar, sem mestu ráða í efnahagsstarfsemi þjóðarinnar, því að bæði meðan krónan var að falla og eins meðan hún var að hækka var húsnæðisekla hjer í bæ og þess vegna há húsaleiga, og hið sama gæti komið fyrir, þótt krónan væri komin í gullverð. Húsnæðisekla kemur ekkert við gengi eða gengisbreytingum.

Við skulum nú samt gera ráð fyrir, að hin háa húsaleiga haldist, enda þótt krónan hækki, vegna húsnæðiseklu. En þá verðum við að vara okkur á því að fara nú fyrirfram að taka húseigendur til umönnunar á kostnað ríkissjóðs, því að það væri undir þeim kringumstæðum ekkert annað en að gefa þeim gjafir.

Hv. þm. Str. sagðist aðallega bera fyrir brjósti bændur, sem tekið hefðu lán til húsabóta og ræktunar. En þá vill svo illa til fyrir honum, að hann hefir nýlega lýst yfir því í þingræðu, að bændur ættu ekki nema 5% af þessum lánum, sem hjer er farið fram á að lækka. Það er þá aðeins ½ milj. kr. af 10 milj. kr., eftir þeim útreikningi. Annars eru það af þessum 13 milj. kr. í mesta lagi 3½ milj. kr., sem fallið getur í skaut bændanna. Beri nú hv. þm. bændur sjerstaklega fyrir brjósti, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann vill fara að gefa kaupstaðabúum þrefalt hærri gjöf, til þess að hafa einurð til þess að gefa bændum miklu minni gjöf. En þetta var bygt á misskilningi hv. þm., en ekki á neinni góðvild til kaupstaðanna, því nú vill hann koma með þvingunarlög gegn þeim, er afnema með öllu þessa góðvild hv. þm.

Hv. þm. sagði, að jeg rangfærði orð sín, er jeg sagði, að hann vildi gefa eftir í 4. flokki veðdeildarlánanna. Þetta sagði nú hv. þm. og tók vel í það, að það yrði gert. Jeg vona nú, að hann striki þetta ekki út úr ræðu sinni, þótt jeg hafi haft það eftir honum.

Þá talaði hv. þm. um það, að ekkert væri í till. um það, hvað gera ætti, ef krónan færi upp í 95 aura og lækkaði svo aftur. Jú, þá á að færa skuldirnar niður, og þá er ekkert hægt við því að gera, þótt krónan lækkaði aftur. Það, sem einu sinni er búið að gera, verður ekki aftur tekið. Væri það gert, myndu hlutaðeigandi menn áreiðanlega leita dómstólanna. Það er ekki hægt að taka gjöf aftur.

Það hefði verið rjettast fyrir hv. þm. að taka till. sína aftur eftir þau hógværu ummæli, sem jeg ljet falla um hana í fyrstu ræðu minni. En hann hefir misskilið hógværð og vinsemd mína svo hrapallega, að nú getur ekki legið í láginni, hvílík endemis fjarstæða það er, sem hann ber hjer fram.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. þm. Str. undraðist, að jeg skyldi gera ráð fyrir, að krónan gæti komist í gullverð. Jeg hefi ekki fundið annað en að háttv. þm. búist við því sama. Hann sagði, að jeg hefði svo gert ráð fyrir, að krónan lækkaði aftur. Jeg benti á það sem möguleika, og nú hefir hv. þm. sagt, að Íhaldsflokkurinn muni verða í minni hluta eftir næstu kosningar og þá taki Framsóknarflokkurinn við stjórninni. Þá get jeg vel hugsað mjer, að sveiflur kunni að koma á gengið. Viðvíkjandi því, hvort hægt væri að taka aftur gjafir þær, sem gefnar hefðu verið lántakendum, ef krónan lækkaði, þá vil jeg undirstrika það, að slíkt gæti ekki komið til mála. Ákvæði stjórnarskrárinnar standa þar í vegi. Enda væri það hin mesta heimska að ætla sjer að uppskrifa og niðurskrifa — hækka og lækka — skuldaupphæðir manna á gengissveiflutímum.

Benedikt Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer með örfáum orðum að gera grein fyrir atkvæði mínu um frv. það, sem hjer liggur fyrir. — Þó að jeg að vísu sje ekki ánægður með brtt. hv. þm. Str. eins og hún nú liggur fyrir, þá mun jeg þó greiða atkvæði með henni vegna þess, að jeg fylgi þeirri stefnu, sem hv. þm. (TrÞ) hefir í sjálfu gengismálinu. Jeg er sömu skoðunar og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um það, að það eitt sje rjett, þegar lán eru veitt, að ákveða þau í gullkrónum og greiða þau út samkvæmt því, og sjeu vextir og afborganir greiddar á sama hátt.

Jeg mun því greiða atkvæði með brtt. á þskj. 271, samkvæmt stefnu minni í gengismálinu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. þm. N.-Þ. (BSv) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fyrir þau orð, er þeir ljetu falla um brtt. mína á þskj. 271. Jeg vil taka það fram, að till. mín er borin fram af sömu hugsun og kom fram í ræðum þeirra, en ekki af því að jeg álíti, að þetta form væri betra en annað, sem nær sama tilgangi. Jeg álít það beinlínis siðferðilega rangt að samþykkja þetta frv., ef sú hugsun kemur ekki fram í því.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að jeg bæri með till. minni aðallega umönnun fyrir húseigendum hjer í bæ. Jeg þarf ekki að svara því. En jeg hafði til frv. um þetta hvað ræktunarsjóðinn snerti, en að athuguðu máli áleit jeg það rangt að binda þetta við ræktunarsjóðinn einan, heldur ætti það einnig að ná til allra fastra lána í 5., 6. og 7. flokki. Út af orðum hæstv. ráðh. vildi jeg mega spyrja hann, hvort hann vildi vera með frv., er jeg bæri fram sjerstaklega um ræktunarsjóðinn. Hæstv. ráðh. talaði um það, að jeg í allri vinsemd tæki aftur tillögu mína. Hæstv. ráðh. hefir fyr æft sig í því að biðja hv. þm. um þá vinsemd, að þeir fjellu frá till. sínum, og það hefir borið góðan árangur. En hann má

vita það, að hann tekur mig ekki sömu tökum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. þm. Str. (TrÞ) beindi þeirri spurningu til mín, hvort jeg mundi vilja fylgja þeirri miðlunartillögu, að þetta næði aðeins til lána úr ræktunarsjóði. Jeg get svarað honum því, að jeg mundi manna síðastur verða til þess að lofa því fyrirfram að vera með till. frá honum. Jeg stend við það, sem jeg hefi sagt, að jeg skal fúslega taka til athugunar á sínum tíma, ef það þá kemur til minna kasta, hvort hægt verði að ráðstafa gengisgróða þeim, sem ríkissjóður kann að fá af veðdeildar- og ræktunarsjóðslánum, þannig, að það komi fasteignalántakendum til góða, en renni ekki beint í ríkissjóð. Meiru lofa jeg ekki.

ATKVGR.

Brtt. 271 feld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, IngB, JG, BSv.

nei: JÓl, JS, KlJ, MG, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JK.

Þrír þm. (MJ, MT, HjV) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JakM, JAJ, BSv.

nei: TrÞ.

Fjórir þm. (MG, MJ, MT, HjV) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 161).

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er borið fram af hv. fjhn. Nd., og var tilefni þess skýrsla frá stjórn Landsbankans viðvíkjandi lánveitingum úr 5. og 6. flokki veðdeildarinnar og ófullnægðri eftirspurn eftir lánum, svo og frá stjórn ræktunarsjóðsins. Tel jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en óska, að því verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 342).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og sjá má á þskj. 342 hefir fjhn. lagt til, að frv. verði samþ. Einn nefndarmaður áskilur sjer rjett til að koma fram með brtt. Nefndin hlaut eftir atvikum að líta svo á, að ekki væri unt annað en samþ. frv. Það hefir komið í ljós, sem búist var við á síðasta þingi, að þörf landsmanna fyrir fasteignaveðlán mundi ekki verða fullnægt til lengdar með þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar. Eins og sjá má á brjefi Landsbankastjórnarinnar, var 5. flokki þegar í febrúar hjer um bil lokið, og af 6. flokki, sem byrjað var á í desember, er þá búið að

veita lán, alt að því eina miljón, og ennfremur má sjá, að Landsbankinn liggur með meginið af þeim brjefum óselt. Þegar svo er, þá virðist það augljóst, að gengi brjefanna, sem hækkaði til muna við ráðstöfun síðasta þings, muni fara lækkandi, ef ekki verður gert neitt til þess að halda þeim í verði. Miðar þetta frv., eins og það ber með sjer, að því, að þingið gefi stjórninni umboð til þess að gera hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess að halda brjefunum í því gengi, sem þau hafa verið í á síðasta ári. Það var minst á það dálítið í nefndinni, — mjer þykir rjett að drepa á það hjer við umr., — að yfirleitt væri sú upphæð, sem menn fengju út á þessi veð, sem verður að telja þau bestu veð, sem hægt er að fá, fasteignaveðin, með öllum þeim tryggingum, sem lánveitendur heimta, nokkuð takmörkuð. Vitaskuld veit maður það, að höfuðástæðan fyrir því, hve lánsupphæðin út á 1. veðrjett veðdeildarinnar er takmörkuð, er það, hvað það fje er takmarkað, sem stjórn veðdeildarinnar hefir til umráða. En alt um það er það nokkuð mikið óhagræði fyrir þá, sem veðsetja þurfa þessar fasteignir nú, einkum þegar þess er gætt, að ekki er í neitt hús að venda með lán út á næstu veðrjetti. Mjer þótti rjett að láta þessa skoðun koma fram við umr., þar sem hún kom ljóslega fram í fjhn., þótt ekki sje drepið á það í nál. Hinsvegar leggur nefndin til, eins og áður er að vikið, að deildin samþykki þetta frv., og tekur þar tillit til nauðsynjar þeirrar, sem fyrir er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161, 359).

Jónas Jónsson: Eins og jeg hafði getið um við meðferð þessa máls í fjhn., ætlaði jeg mjer að bera fram brtt. um lánskjör og breyta lánsskilmálum þessa flokks veðdeildarinnar og öðrum lánum líka.

Jeg þykist ekki þurfa að tala langt mál um þá nauðsyn, sem hjer er um að ræða, því að flestum hv. þdm. er ljóst, hvað fyrir mjer vakir með brtt. minni, sem sje það, að búa svo um hnútana, að þeir, sem taka lán nú, verði ekki fyrir neinum skakkaföllum eða tjóni, þó að krónan hækki á næstu árum upp í gullgildi, eins og margir búast við og sumir vilja, að hún geri.

Þessi till. er því bygð á fullkomnu rjettlæti, þegar þess er gætt, að gagnvart mönnum, sem taka lán á þessum tímum, þegar krónan er aðeins 80 aura virði, en getur hækkað upp í gullgildi snemma á lánstímanum, þá er ranglátt, að skuldin hækki um fimta part, og ekki síst þegar það er þá fyrir aðgerðir ríkisvaldsins.

Fyrst þetta óhagræði um lækkun krónunnar stafar af skipun þjóðfjelagsins, fyrst og fremst með óhóflegri seðlaútgáfu Íslandsbanka á fyrri ár-

um, og svo þegar skráning krónunnar var upp tekin með því verði, sem hún hefir nú, var það líka gert af ríkisvaldinu. Því að þessi skráning var framkvæmd samkv. vilja meiri hluta gengisnefndar, þar sem voru fulltrúi Landsbankans og fulltrúi landsstjórnarinnar, er rjeðu þeirri hækkun, sem nú er orðin. Jeg verð því að telja, að það stafi af vilja þjóðfjelagsins, ef krónan hækkar upp í hið svo kallaða gullgildi. Jeg hefi viljandi þetta orðalag „svo kallað gullgildi", því að kunnugt er, að gull hefir fallið í verði, svo að þó að krónan komist upp í svo kallað gullgildi, þá verður hún ekki nema 66% virði, miðað við það verð, sem gull hafði fyrir stríð. Þetta er sagt til þess að lækka dramb þeirra manna, sem altaf eru að stagast á því, að krónan verði að ná sínu fyrra gildi, en sem verður þó að minsta kosti 33% lægra en raunverulegt verð krónunnar var fyrir stríð.

Um hitt mætti fremur spyrja: Á þjóðfjelagið að lokka menn til þess að taka lán með þessum afföllum? Jeg held ekki. Jeg held miklu fremur, að það sje alls enginn velgerningur við einstaklinga þjóðarinnar að bjóða þeim lán með slíkum ókjörum.

Annars vildi jeg minna hæstv. fjrh. (JÞ) á íhaldsbrjefið fræga, sem hann skrifaði skömmu eftir að hann var orðinn ráðherra, þar sem hann varaði menn við að taka lán til nýrra framkvæmda og taldi slíkar lántökur sjerstaklega hættulegar, ef krónan skyldi hækka. Hann virðist nú hafa gleymt þessu, eða er þar með fallinn frá þessari hlið íhaldsins, því að bæði var hann með því að stofna nýjan veðdeildarflokk í fyrra, og enn fylgir hann því fast, að nýjum flokki veðdeildarbrjefa sje bætt við. Af þessu er auðsætt, að hann er ekki eins hræddur við, að menn taki lán nú, eins og hann var framan af ráðherratíð sinni. Úr þessu mátti þó bæta með samþykt þessarar till. Hún gefur tryggingu fyrir því, að þeir menn, sem taka lán úr þessum veðdeildarflokki, verði ekki fjeflettir.

Hæstv. fjrh. var hörundssár fyrir því í gær, að erlent braskarafjelag yrði ekki fjeflett með því að heimta rjettmætar tryggingar móti fríðindum, sem landið veitir því. Brtt. mín fer ekki fram á annað en að innlendum mönnum verði heitið góðu um það að verða ekki fjeflettir af löggjafarvaldinu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að þessi till. á þskj. 359 sje alveg samhljóða brtt. við þetta sama frv., sem hv. þm. Str. (TrÞ) bar fram í hv. Nd. Sú brtt. var feld þar með miklum atkvæðamun, enda ekki annars að vænta eftir efni hennar. Þótt till. væri nokkuð ítarlega rædd þar, þá vil jeg með fáeinum orðum gera grein fyrir því hjer í hv. deild, hvað það er, sem till. fer fram á. Hv. flm. (JJ) láðist það eiginlega alveg.

Fyrri greinin fer fram á það, að ef íslensk króna á einhverju augnabliki hækkar upp í 95% af lögmæltu gullverði úr 81½ eyri, sem hún nú er í, þá á samstundis að færa niður öll lán, sem hafa verið veitt úr 5., 6. og 7. flokki veðdeildarinnar og ræktunarsjóði hinum nýja, um ⅕ hluta eða 20%. Þetta er gjöf til lántakenda, sem þeir eiga að fá á þessu gefna augnabliki, samkv. lögum, og auðvit-

að verður ekki tekin aftur, hvernig sem framtíðin kann nú að verða. Það er ekki hægt að segja öldungis nákvæmlega, hve mikil gjöf það verður, því það færi nokkuð eftir því, hvað langt er þangað til þennan atburð ber að höndum, að íslensk króna er skráð á 95 gullaura. Geri maður ráð fyrir, að það verði um það bil, sem lokið er útlánum úr þessum þrem veðdeildarflokkum, þá má búast við, að þau útlán, sem þetta snertir, nemi 13 milj. króna; það er 10 milj. úr þessum 3 veðdeildarflokkum, og það má giska á, að lán úr ræktunarsjóði verði þá orðin 3 milj. kr. Eitthvað ofurlítið verður búið að endurborga af þessu, en afborganir veðdeildarlána eru mjög lágar fyrstu árin. Geri jeg ráð fyrir, að það gangi frá ½ milj. af því, sem búið er að afborga upp í lánin, þannig, að raunveruleg niðurfærsla yrði 20% af 12½ milj., þ. e. 2½ milj. kr.

Nú bætir seinni greinin því við, að samtímis því, sem þetta er gert, eigi að greiða úr ríkissjóði til veðdeildarinnar og ræktunarsjóðs alla þessa upphæð. Hvort ríkissjóður verður við því búinn að svara henni út, get jeg ekki sagt um og býst ekki við, að hv. flm. sje heldur maður til þess; yrði þá að leita lánsheimildar.

Nú er það að vísu svo, að ef íslensk króna heldur áfram að vera í 95 gullaurum þau 30 ár, sem líða þangað til lán, sem hjer ræðir um og áður hafa verið tekin til veðdeildarinnar, eru uppborguð, þá vinnur ríkissjóður smám saman inn aftur dálítið af þessu framlagi sínu. Má vænta þess, að það yrði fram undir 1 milj. kr., sem ríkissjóður fengi upp í þetta, sem gengishagnað af þessum tveimur erlendu lánum sínum. Hækkaði krónan upp í fult gullgildi, yrði það dálítið meira, kannske alt að 1250 þús. kr. Alt um það verður beint tap ríkissjóðs, — beint fjárframlag, sem verður að heimta með sköttum af gjaldendum landsins, — altaf í minsta lagi milli 1 og 1½ milj. kr., getur orðið fullar 2 milj., ef tækist svo ógæfusamlega til, að krónan fjelli aftur úr 95 aurum í það, sem nú er. (**JJ**: Eða neðar). Ef hún fjelli neðar, þá bíður ríkissjóður þar að auki gengistap á sjálfum lántökunum, auk þess að verða að svara út þessum 2½ milj. kr. Þetta er mesta fjáraustursstillagan, sem borin hefir verið fram á Alþingi þau ár, sem jeg hefi átt hjer sæti, og sú lakast rökstudda. Rjettmætið á að felast í því, að menn eigi ekki að borga með hækkuðum krónum þau lán, sem þeir taka nú í verðföllnum krónum. En það er ómögulegt að leggja fram neina sönnun fyrir því, að það sje nein sanngirni að gefa öllum þessum lántakendum eftir af fasteignaveðlánum, þótt krónan hækki í gullgildi. Það hefir staðið svo í kaupstöðum undanfarin ár, að húsaleiga hefir þótt há, og þeir, sem leigja út húsin, hafa þótt bera meira úr býtum móts við aðra borgara þjóðfjelagsins en sanngjarnt var. Enginn veit nema þetta yrði öldungis eins á þeim tíma, sem gjöfin ætti að greiðast, og það getur haldið áfram svo og svo lengi á eftir. Og það er sannarlega engin sanngirni að færa niður með framlagi úr ríkissjóði skuldir þeirra borgara þjóðfjelagsins, er einmitt hafa sjerstaka aðstöðu til þess,

ef svo ber undir, að láta aðra greiða sjer vexti og afborganir af fasteignalánum í húsaleigu, og það með álagningu umfram tilkostnað húseigenda.

Hjer við bætist það, sem jeg að vísu vildi ekki nefna, þegar till. kom fram í fyrsta sinn, af því að jeg hjelt þá, að það væri í grandleysi gert, en ekki verður komist hjá, þegar þetta er sótt svona fast, — en það er það, að bak við þessa till. liggur bein tilraun „spekúlanta" til þess að skapa sjer gengisgróða á kostnað ríkissjóðs. Fjölmargir menn hjer á landi eiga fasteignir, — og það eru ekki lakast stöddu mennirnir, — sem þeir hafa ekki einu sinni þurft að taka 1. veðrjettar lán út á. Þetta frv. býður þeim öllum upp á að fara í þá veðdeildarflokka, sem nú á að efla með þessum lántökum, og fá sjer lán út á hús sín og geyma peningana á vöxtum, til þess að taka á móti 20% niðurfærslu á skuldinni, þegar það augnablik kemur, að íslensk króna hefir komist upp í 95 gullaura. Jeg hika ekki við að segja, að þegar þessi till. er borin fram hvað eftir annað, þá sje það af því, — hvort sem hv. flm. vita það eða ekki, — að hjer standa á bak við efnaðir „spekúlantar", sem eru að reyna að nota þessa flutningsmenn til þess að útvega sjer möguleika fyrir alveg fyrirhafnarlausum gróða með fjárframlagi úr ríkissjóði, sem svo verður að reyta inn með sköttum frá gjaldendum landsins.

Jeg þarf ekki meira um þessa till. að segja; vona, að þessi háttv. deild sýni henni sömu skil og hv. Nd. og felli hana.

Jónas Jónsson: Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir komið í verk æði miklum snúning á þeim ekki svo mjög mörgu missirum, síðan hann skrifaði íhaldsbrjef sitt út um landið. Þá vakti fyrir honum að parti til rjett hugsun. Að parti auðvitað röng, að því leyti, að hann vildi hindra framkvæmdir á vissum stöðum, sem sje hjá bændum, en gerði enga tilraun til að hindra þær framkvæmdir, sem nú liggja einna þyngst á atvinnulífinu, þau miklu skipakaup, sem þá voru gerð. En sá skilningur hjá hæstv. ráðh. 1924, að það væri ekki gott fyrir menn að taka lán, sem yrði að borga með ⅓ eða máske ⅓ hærra gengi, hefði átt að leiða hæstv. ráðh. til þess að bæta úr þessu. En það er einmitt ekki. Hann virðist vera að því leyti eiginlega samsekur þeim hluta þjóðfjelagsins, sem „spekúlerar" í því að auka sem mest byggingu við sjávarsíðuna.

Þar sem honum datt í hug sú fjarstæða, að fyrir mjer og hv. þm. Str. (TrÞ) vekti einhver umhyggja fyrir „spekúlöntum", sem ætluðu að græða á þessu, þá vil jeg benda honum á, að maður gæti vel ímyndað sjer, að fyrir þeim mönnum, sem ýta svo fast fram lántökum handa veðdeildinni á ábyrgð ríkissjóðsins, vekti hreint og beint sú hugmynd, að styðja að því, að sú verslunargrein, sem aðallega græðir á þessum lánum, verslun með byggingarefni, geti blómgast sem mest. Það er svo gapaleg þessi aðferð, og í raun og veru vansæmandi fyrir menn, sem standa framarlega í þjóðfjelaginu, að lokka menn til að ráðast í dýrar steinbyggingar, og samhliða því

vilja koma fjármálalífinu þannig fyrir, að sömu menn geti skaðast á eftir um ⅓ hluta af láninu. Jeg fullyrði ekki, að þetta sje, en þessi skýring lægi nærri viðvíkjandi framkomu hæstv. ráðh. En hvort sem þessi bakhugsun kemur til greina hjá einhverjum mótsöðumanni þessarar till., þá er svo mikið víst, að öll ræða hæstv. ráðherra var full af misskilningi og mótsögnum og snúningi, miðað við hans fyrri frammistöðu í þessum fasteignamálum. Hann veit auðvitað, að lántakendur skaðast mikið á þessum byggingum, ef krónan hækkar. Jeg býst við, að honum sje að einhverju leyti kunnugt um, hvað allar þjóðir hafa lagt mikið kapp á að hafa fasteignalán ódýr, hentug og affallalítil, og hvernig velgengni sumra af nábúum okkar, eins og t. d. Dana, bæði í kauptúnum og sveitum, byggist á því, að þjóðin hefir í marga mannsaldra haft þær ágætustu fjármálaráðstafanir, sem þektar eru í nokkru landi, til þess að útvega sveitamönnum og kaupstaðamönnum ódýr, oft nálega affallalaus lán, með löngum gjaldfresti og lágum vöxtum. Jeg vil beina því til hæstv. ráðh., hvort hann hjeldi ekki, að eitthvað myndi öðruvísi ástand í Danmörku fyrir þeim mönnum, sem bygt hafa landið og ræktað síðasta mannsaldur, ef þeir hefðu átt að gera það með 5% lánum og með 11% afföllum til að byrja með. Jeg býst við, að hæstv. ráðh. hljóti að sjá, að þessi kjör, sem hjer er farið fram á, eru vansæmandi og ólík því, sem nokkur önnur siðuð þjóð leyfir sjer að bjóða sínum lántakendum. Og jeg get fullyrt, að fasteignaástand hverrar þjóðar í Evrópu, sem tekin er, stendur í beinu hlutfalli við það, hvernig lánskjörum er varið. Það þarf ekki annað en fara um England og Danmörku, Þýskaland og Svíþjóð, til þess að sjá muninn. Þjóðverjar og Danir hafa miklu betra fasteignalánafyrirkomulag en Englendingar og Svíar, enda sjest munurinn á byggingum almennings, hvar sem er í þessum löndum. Og að Þjóðverjar hafa ekki farið ver í sínum miklu raunum á síðustu árum, er mjög því að þakka, að þeir eru búnir að koma sjer upp miklu af ágætum byggingum með skynsamlegum fasteignalánum. En hjer er beinlínis hjá hæstv. stjórn verið að gera tilraun til að koma á knje lántakendum í landinu.

Þegar það tvent kemur saman, að vilja taka stór lán til framkvæmda og hækka síðan krónuna án þess að bæta lántakendum upp, þá er engu líkara en að þeir, sem að standa, vilji vinna þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, alt það tjón, sem hugsanlegt er, — þeir vilji fá hámark eyðileggingarinnar á fjárhag þeirra manna, þar sem hægt er að koma því við. Jeg veit, að þetta vakir ekki fyrir hæstv. ráðh., heldur er það hans mjög svo takmarkaða greind, sem meinar honum að skilja þetta, eins og svo mörg önnur mál, sem honum hefir tekist að koma í óefni, þótt hann hafi ekki ætlast til þess.

Hæstv. forsrh. (JÞ) reiknaði saman, hvað það gætu orðið margar miljónir, sem þyrfti að veita uppbót á. Það er ómögulegt að segja í sjálfu sjer, hvað það mundi verða mikið eða lítið; það fer mikið eftir ástæðum, hvað hækkunin verður ör og þvíumlíkt. — En það kom í ljós, að hæstv. ráðherra

vildi ekki neita því, að því meir sem krónan hækkar og því fyr, því meiri gengishagnað fengi ríkissjóður af þessum lánum. En hann vill ekki skila þessum ránsfeng, sem þjóðfjelagið á þennan hátt hefir af sínum borgurum, þar sem hann vill ekki láta gengishagnað fara til lántakenda. — Hæstv. ráðh. var sannarlega hörundsár í gær fyrir „spekúlantana", sem hann vildi ekki að gætu átt á hættu að borga skaðabætur fyrir vanskil á að standa við samninga, aðeins að það voru útlendingar. En fjefletting má framkvæma á landsins eigin börnum.

Það er að vísu einn vegur fyrir hæstv. ráðh. til þess að komast utan um það að þurfa að bæta þessum mönnum upp, sem hjer virðist eiga að svíkja; hann er sá, að stöðva íslenska krónu í núgildandi verðgildi. Jeg játa, að það er eitt af því, sem má kalla hæðni forlaganna, að hæstv. ráðh., sem að því er virðist vegna þeirra „spekúlanta" hjer á landi, sem kunna að eiga lággengiskrónur geymdar á sjóðum og gætu grætt á lækkun, — hefir barist fyrir að koma íslenskri krónu í gullgildi, þrátt fyrir það, að hann mátti vel vita það fyrirfram af reynslu allra þjóða, að þetta mundi verða óbærileg byrði fyrir atvinnuvegina. En hæstv. ráðh., sem hefir óskað eftir þessu og ber aðalsökina á þeim hörmungum, sem gengissveiflur upp á við hafa bakað atvinnulífinu, hann hefir líka, án þess að vilja sjálfur, orðið einskonar læknir þeirrar sýkingar, sem hann hefir sjálfur skapað. Hann hefir sem sje með því að hlynna að stöðugt vaxandi lántökum erlendis gert þá ráðstöfun, sem virðist munu ganga nokkuð nærri að útiloka nokkra hækkun. En jeg geri ekki hæstv. ráðh. neitt hrós fyrir þetta gagnvart gengismálinu, því að þetta hefir hann gert óafvitandi og nauðugur, til þess að fleyta þjóðarskútunni að nafninu til ofanvatns, þrátt fyrir hrun atvinnuveganna.

Þó að hæstv. forsrh. geti fengið stuðningsmenn sína til þess að drepa þessa till., — sem flokksmenn sína —, þá mætti segja frá sjónarmiði þeirra, sem utan við standa, að skaðinn væri ekki svo ýkjamikill, af því að hæstv. ráðh. væri sjálfur búinn að koma fjármálunum þannig fyrir, að ekki þyrfti að búast við hækkun, heldur lækkun, eins og hann sjálfan er farið að gruna. En þetta segi jeg aðeins sem skýringu, en ekki sem afsökun; því að hæstv. ráðh. virðist ganga á móti þessari till. aðeins af löngun til þess að vera með því, sem rangt er í sjálfu sjer, en ekki af skilningi á, að hann sje búinn að koma fjármálunum þannig fyrir, að krónuhækkun sje útilokuð.

Mótsögnin, sem jeg mintist á í byrjun ræðu minnar, kom fram í því, að hæstv. ráðh. játar, að það geti komið til greina verulegur gengishagnaður fyrir landið af þessum lánum. Þar með játar hann líka, að hinir, sem lánin taka, eru sviftir þessu, sem landið græðir. Í játningu hæstv. ráðh. liggur það, að jeg hefi á rjettu að standa um að lántakendur sjeu fjeflettir. En þar sem hann vildi halda fram, að minni mundi verða að vöxtum hagur ríkissjóðs heldur en tap lántakenda, þá skiftir það ekki svo miklu máli í þessu sambandi, eftir að hann er búinn að játa ranglætið, sem lántakendum er gert.

Ennfremur kom í ljós hjá hæstv. ráðh. ein tegund af kvíða, að það gæti farið svo, að þegar krónan nálgaðist svo kallað gullgildi, og þegar framkvæmdar yrðu endurborganir á þessari ranglátu fjártöku, sem hjer ræðir um, þá fjelli krónan aftur, þannig, að í raun og veru hefði þessi ráðstöfun að ófyrirsynju verið gerð.

Þetta er laukrjett. Það er ákaflega mikil hætta á hækkunarbrautinni, sífeld hætta. Því meira sem hækkað er, því líkara er það því, þegar ósterkur maður veltir stórum steini upp brekku, snarbratta. Eftir því sem ofar dregur vex hættan, að hann missi steininn niður.

Móti þessari hættu er ekki nema eitt ráð, og það er að leggja ekki út í hækkanir, eins og líka vitrustu menn í þessum efnum hafa ráðlagt og hyggnar þjóðir eru að gera, svo sem Frakkar, Belgir og Finnlendingar. Það er sannarlega ekki heldur að kenna þessum lánum, hvort heldur til ræktunar eða húsabygginga, þó að þessi breyting verði á krónunni. Það fjármálaóhapp, sem hæstv. ráðherra mintist á, væri eingöngu að kenna því þingi og stjórn, sem framkvæmdi svo gálausa hækkun, sem ekki er hægt að standa við og yrði í raun og veru lækkun. Og jeg vil benda hæstv. ráðherra (JÞ) á, að hann hefir ríka ástæðu til að óttast, að slíkt geti komið fyrir einhversstaðar á leiðinni upp að svokölluðum 100 gullaurum. Hann má minnast þess, að hann hefir sjálfur orðið að undirbúa þá stórfeldu lántöku erlendis, sem svo mikið var talað um nýlega í þinginu. Að vísu eru allar líkur til, að með því að eyða meira eða minna af þessu fje takist að hindra fall krónunnar á næstu missirum. En hvort þá myndi ekki vera fallin á ríkissjóðinn sú skuld, er gæti orðið talsvert þungbær, læt jeg ósagt.

Út af gengishagnaði þeim, er hæstv. ráðherra viðurkendi að mundi verða á þessum erlendu lánum, ef krónan hækkaði, vil jeg spyrja hann, hvers vegna hann hefir ekki látið fylgja þá viðbót, að gengishagnaðinum yrði varið til þess að endurgreiða lántakendum skaðann, — og ef því verður ekki komið fyrir nú, hvort hann hugsi sjer að koma með slíka viðbót á næsta þingi.

Hæstv. forsrh. sagði, að það að skila lántakendum aftur því, er með röngu hefir verið af þeim tekið, væri sú mesta fjárausturstillaga, sem hann hefði komist í kynni við. Ef svo er, að af henni leiði mikil útlát, þá er það af því, að skuldin er mikil, og á þessari skuld ber hæstv. ráðh. ábyrgð. Hann getur því reiknað hana svo hátt sem hann vill, skuldin er hans, hvernig sem veltur. Og ef hann vill ekki borga hana, þá er hann að bregðast þeim mönnum, sem hann hefir haft fje af.

Að hverju leyti till. sje ekki rökstudd, geta þeir um dæmt sjálfir, er heyra hana eða lesa. Jeg geri ráð fyrir, að ekki verði þeir færri, er telji standa upp á hæstv. ráðh. að verja ranglæti það, er hann vill framkvæma. Hann vildi að vísu telja nokkra rjettlæting, að húsaleiga væri svo há í kaupstöðum, að þeir, sem vildu, gætu náð sjer niðri á leigjendum.

Jeg held, að margir aðrir hv. þm. hjer í deildinni megi bera meiri kinnroða heldur en jeg fyrir afstöðu sína

og aðgerðaleysi í húsaleigumálum. — Jeg bar fram á þingi 1923 till. um að halda niðri okri á því sviði, með því að lögleiða, að húsaleiga mætti aldrei fara fram úr 12% á ári af virðingarverði húss. Hæstv. forsrh. átti þá ekki sæti hjer í deildinni, en flokksbræður hans núverandi feldu þessa till., og síðan hefir ekkert verið gert, ekki eitt spor stigið af þeirra hálfu til þess að leiðrjetta fjeflettinguna á annan hátt.

Jeg er hræddur um, að menn verði hikandi við að halda því fram, að jeg og háttv. þm. Str. (TrÞ) stöndum í skjóli húsabraskara. Veit jeg, að eldra og yngra viðhorf við húsaleigumálum muni frekar kasta skugga á hæstv. forsrh. og fylgjendur hans. — Hæstv. ráðh. er einn þeirra manna, er haft hafa hagnað af hárri húsaleigu. Hann var svo heppinn að eiga hús, sem bygt var á ódýrum tímum, og hefir væntanlega notað sjer eins og aðrir óverðskuldaða hækkun á húsaleigunni.

Jeg vil ennfremur minna á, að aðgerðir eða öllu heldur aðgerðaleysi andstæðinga minna, til þess að hindra lækkun húsaleigunnar, hafa orðið fjötur um fót hæstv. ráðh. í gengishækkunarpólitík hans. En það, er húsaleigan lækkaði ekki að sama skapi og krónan hækkaði og ekkert var gert af gengishækkunarmönnum til þess að knýja leiguna niður, þá varð það til þess að halda við háum verkalaunum og embættislaunum í landinu. En það skapaði aftur tekjuhalla framleiðenda, og hans vegna hafa bankarnir og ríkissjóður tekið lán á lán ofan erlendis. Útkoman er þá sú, að skammsýn húsaleigupólitík og skammsýn gengishækkunarpólitík hafi fætt af sjer tap á atvinnuvegunum, svo að maður getur skrifað lánaaustur hæstv. ráðh. á þessa hlið viðskiftareikningsins.

Hinsvegar er ekki hægt að neita, að meginið af þessari röksemd hæstv. ráðh. er fjarstæða. Vegna þess, að þrátt fyrir það, að síðasta veðdeild hafi mikið til gengið til þeirra, sem byggja steinhús og kaupa sement, þá eru þessi hús þó ekki nema lítill hluti allra húsa hjer í bænum. Og annað það, að þeir húseigendur, er tekið hafa lán nú á síðustu árum, eru ekki svo sjerlega vel haldnir, þótt þeir leigi dýrt. En hinir standa vel að vígi, og það eru þeir, sem græða, sem svo er ástatt um eins og hæstv. forsrh., að þeir hafa bygt hús sín fyrir stríð. Munu til vera þau hús í þessum bæ, er bygð voru fyrir aldamót og kostuðu þá uppkomin 3—4 þús. kr., en gefa nú af sjer í húsaleigu álíka upphæð. Við þessa menn getur átt „kritik" og athugasemdir hæstv. ráðh. um húsaleiguokur, en ekki um þá, er eiga nýju húsin. Því að þeirra gróði er ekki úr hófi fram; þó að húsaleigan sje há og þungbær leigjendum, þá er líka kostnaður við þau mikill, erfið lánskjör, skattar og skyldur þungbær. Hæstv. ráðh. sagði, að svo kynni að fara, er kæmi að endurgreiðslu, að þá gæti ríkissjóður ekki borgað. En jeg held nú, þar sem hjer er um að ræða kröfu á ríkissjóð, sem rjettlætistilfinning manna krefst að sje borguð, og úr því að hæstv. ráðherra er ekki hræddari við að taka lán erlendis en við þekkjum, þá muni hann ekki fá kökk fyrir brjóstið, þó að til þess

komi, að hann þurfi að taka eitt lánið enn til þess að gjalda þessa skuld.

Í niðurlagi ræðu sinnar vjek hæstv. ráðh. (JÞ) að fjárglæframönnum, er kynnu að notfæra sjer þetta á þann hátt að taka lán til þess að verða endurgreiðslunnar aðnjótandi. (**Forsrh. JÞ:** Jeg nefndi ekki fjárglæframenn). Nei, „spekúlantar" sagði hann víst. En fjárglæframenn er eins góð þýðing og sum þau orð, sem hæstv. ráðh. hefir auðgað tungu vora með, t. d. verðbólga o. s. frv.

Jeg stóð í þeirri meiningu, að hæstv. ráðh. væri betur með í starfi þessarar tegundar fjármálamanna en svo, að hann hjeldi, að þeir sæju enga leið ákjósanlegri til þess að fullnægja eðlishvöt sinni en þá að leggja fje sitt og lánstraust í fasteignir. Ef þeir trúa á hækkun krónunnar, ef þeir á annað borð trúa á hæstv. ráðherra og hans stefnu, halda þeir fje sínu inni í einhverri tryggri lánsstofnun og bíða átekta í þeirri vissu von, að hæstv. ráðh. takist að hækka krónuna. Það er fyrirhafnarlaust og margfalt brotaminna en hitt. Þetta er sú leið, sem stendur opin gengisbröskurum í öllum löndum. Og þetta er sú leið, sem hæstv. ráðh. hefir boðið bröskurum upp á, síðan hann tók við, sú leið er opin í hverju því landi, sem hefir óstöðugan gjaldmiðil.

Það er öllum kunnugt, að danska krónan hækkaði upp í gullgildi og norska krónan hækkaði fyrir skömmu, eingöngu fyrir aðgerðir fjárbraskara af því tægi, er hæstv. ráðh. mintist á. Í báðum löndunum var sama ástandið. Í Noregi hafði verið leitast við af hálfu þjóðbankans og leiðandi manna í landinu að hækka krónuna, og í Danmörku höfðu verið gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess, að krónan gæti ekki lækkað. Það var því engin hætta fyrir „spekúlantana" að leggja fje sitt í danskar krónur, því að þær gátu ekki lækkað, og þeir gátu því ekki annað en grætt.

En ástandið hjer hefir ekki borið sömu ávöxtu. Þótt valdhafarnir í fjármálum þjóðarinnar, hæstv. fjrh. og bankarnir, hafi unnið að hækkun krónunnar, þá hefir það ekki nægt hjer. Enda hefir á margan hátt verið unnið óbeint af sömu aðiljum móti því, að krónan gæti hækkað.

Gengisbraskararnir treysta því ekki enn, að íslensk króna geti hækkað, og leggja því ekki út í að flytja inn fje sitt. Ef jeg á að segja hæstv. ráðh., hvers vegna þeir hafi ekki leitað hingað, þótt búinn væri þeim og boðinn mjúkur sess, ekki síður en hjá nágrannaþjóðunum, þá er það af því, að þessa erlendu fjárglæframenn hefir vantað trú á „viðreisn fjárhagsins" í höndum hæstv. forsrh. og fjrh.

Hvort einhverjir spekúlantar geta enn komist í þessa krás, skal jeg ósagt láta. En það er víst, að þeir hafa margar aðrar leiðir einfaldari og fyrirhafnarminni. Enda geta þeir ekki komist yfir lán, sem þegar hafa verið veitt, og frekar ósennilegt, að þeir færu að taka ræktunarsjóðslán.

Þar sem nú svo mikið liggur fyrir af ófullnægðum lánbeiðnum frá sementskaupsaeigendum, þá held jeg, að hæstv. ráðh. geti verið viss um og sofið rólega þess vegna, að uppbótin

muni hjer renna frekar í annara vasa en þeirra, er hann gerði síðast ráð fyrir.

Jeg vona nú, að jeg hafi gengið svo frá skoðunum og röksemdum hæstv. ráðh., að staðist geti dóm þeirra, er síðar kynnu að vilja athuga málameðferð okkar, hvors um sig.

Jeg hefi hjer eftir ekki leyfi til að gera nema stutta athugasemd og mun því ekki geta svarað orði til orðs ítarlegum ræðum. Jeg býst heldur ekki við, að þess gerist þörf, því að hæstv. ráðh. er ekki líklegur til þess að koma fram með nein ný rök fyrir því, að krafan, sem kemur fram í till. á þskj. 359, sje ekki siðferðilega rjettmæt. Hann getur því ekki mótmælt henni á öðrum grundvelli en þeim, að koma sjálfur fram með önnur ráð til þess að forða frá fjártjóni fyrir gengisaðgerðir mönnum, sem tekið hafa og taka fasteignaveðlán, síðan smákrónan tók við völdum í landinu.

Magnús Kristjánsson: Jeg finn ástæðu til þess að láta í ljós þá skoðun mína, að ekki sje vanþörf á að þetta frv. verði samþykt. Það er kunnugt, að fjeð, sem veðdeildin hefir haft undir höndum, er mjög gengið til þurðar. Lítur svo út, sem annaðtveggja sje alt fjeð þegar notað eða þá afgreiðsla lánbeiðna mjög treg. Jeg skil ekki, af hverju þurfi jafnan að liggja fyrir umsóknir um lánveitingar svo hundruðum skiftir óafgreiddar, sumar, að því er mjer er kunnugt um, síðan fyrripart síðastliðins vetrar. Út frá því er ekki sýnilegt annað en full þörf sje fyrir aukið lánsfje. En hjer kemur margt til greina. Jeg álít kjörin hafa verið viðunandi hingað til, en jeg hefi einhversstaðar sjeð þess getið, að samskonar lánskjör geti ekki haldist áfram. Jeg hygg, að verðbrjefin í 5. flokki hafi verið seld fyrst á 92 kr., en færst síðan niður í að jeg hygg, jeg fullyrði það þó ekki, 88 kr. (**Forsrh. JÞ:** 89 krónur). Nú, jæja, segjum það, 89 kr. En ef þau eiga enn eftir að lækka, — jeg veit ekki hvað mikið, en gæti vel orðið um 2—3 kr., — þá eru lánskjörin orðin svo hörð, að ekkert virðist geta knúð menn til lántöku, nema brýnasta þörf, sem ekki er hægt að standa á móti. En er þessa er gætt, virðist mjer þessi till., sem nú er til umræðu, ekki vera eins fráleit og hæstv. forsrh. vill láta hana líta út fyrir.

Jeg játa, að jeg hefi aldrei lággengismaður verið, en að taka slík lán, þótt í þörf sje, getur orðið lítt bærilegt. En á hinn bóginn er það hagnaður hreint og beint fyrir ríkið að kaupa veðdeildarbrjef fyrir t. d. 85 kr., sem gefa af sjer 6%. Það er bersýnilega allmikill gróðavegur ríkissjóði, en að sama skapi erfitt lántakendum.

Jeg hygg því, að hæstv. ráðh. hafi lýst óþarflega svart afleiðingunum af samþykt slíkrar till. sem þessarar. Ekki þar með sagt, að till. sje í allra besta lagi; það segi jeg ekki, en jeg hygg, að meginhugsunin í henni miði í rjetta átt. Það vil jeg rökstyðja með því, að þá er lánsheimildin mjög umtalaða var til umræðu í hv. Nd., tók jeg eftir ummælum hæstv. forsrh., þegar háttv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um óheillavænlegar afleiðingar af því, ef hún yrði gefin og notuð, og fór nokkrum orðum um það, að hann myndi koma með einhverjar varúðarreglur, til þess að gengishækkunin

yrði ekki eins tilfinnanleg í framtíðinni og verið hefir og annars mundi verða. Man jeg þá ekki betur en hæstv. ráðh. viðhefði þau orð, að hann vildi fúslega ræða með velvilja hverja þá till., sem hnigi í þá átt að koma í veg fyrir ranglæti, sem ætti sjer stað í þessum efnum.

Jeg man ekki ummæli hans orðrjett, en efnið í þeim var á þessa leið. Jeg hefði því ekki búist við, að hæstv. ráðh. færi að mála afleiðingar þessarar till. jafnsvart og hann virtist gera, enda þótt honum þætti sitt af hverju við hana að athuga.

Jeg lít svo á, að útreikningur hæstv. ráðh. geti orkað tvímælis, nema jeg misskilji málið, en það held jeg samt ekki. Það lætur að vísu nærri, að upphæðin geti orðið nálægt því, sem hæstv. ráðh. tilgreindi, svo framarlega sem krónan næði gullgildi og þar við sæti. En hitt get jeg enganveginn fallist á, að ríkissjóður yrði að snara út þessum 2½ milj. kr. í einni svipan. (**Forsrh. JÞ:** Það stendur í seinni greininni). Já, en jeg sagði áðan, að jeg væri ekki ánægður með orðalag till., en með góðum vilja má skilja þetta á annan veg. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að nein útborgun eigi sjer stað öðruvísi en sem hlutfallsleg lækkun á afborgunum á hverjum tíma. Um hver áramót er afborgun lána færi fram, mundi verða gert upp, hversu miklu þessi lækkun næmi fyrir það árið. Þannig gæti stór upphæð deilst niður á fjöldamörg ár, svo að jeg er ekki hræddur um, að ríkissjóður stæði uppi alveg í vandræðum. Það fyrirkomulag gæti vel blessast.

Ef hæstv. ráðh. (JÞ) vildi framfylgja þeirri ágætu hugsun, sem hann ljet í ljós í hv. Nd. og jeg gat um áðan, ætti hann að taka þessari till. með velvilja sem líklegri leið, benda á gallana, svo að laga mætti, eða koma sjálfur með till., er stefni að sama marki.

Jeg þarf ekki að fjölyrða meira um þetta, aðeins benda á, að þessi háa útborgun, sem hæstv. ráðh. (JÞ) óttaðist svo mjög, gæti skifst niður á mörg ár. (**Forsrh. JÞ:** Ekki eftir till.). Það skiftir ekki máli, og þarf ekki um það að karpa. Þeir, sem eru velviljaðir, fara aðeins eftir efni og anda till., en ekki eftir mishepnuðu orðalagi. Það vona jeg, að hæstv. ráðh. sjái og átti sig á.

Annað er hitt, að jeg álít, að algerlega verði að slá striki á milli veðdeildar og ræktunarsjóðs, ef sú hætta, er hæstv. ráðh. mintist á, væri til staðar. Því get jeg að vísu ekki samsint, þó að hinsvegar sje ekki hægt að afsanna möguleika fyrir slíkri hættu, hvað húseignir snertir. En um það fje, er ræktunarsjóður lánar, kemur hún ekki til greina.

Það var ekki tilætlun mín að fara að halda hjer meiri háttar ræðu, eins og sumir góðir menn tíðka. Jeg vildi aðeins benda á, að jeg tel illa farið, að umræður um jafnþýðingarmikið mál lendi í karpi um klipt eða skorið. Meginhugsun þessarar till. er skynsamleg, og mjer virðist hæstv. forsrh. hafa líka viðurkent hana í orði. Þó að mjer líki ekki allskostar orðalag till., mun jeg greiða henni atkvæði, enda þótt jeg búist við, að hún verði ekki samþykt, eins og fylkingum hjer er háttað. En jeg vil þá beina því til

hæstv. ráðh., að hann komi með till. í öðru formi, sem nær svipuðu takmarki. — Það stendur óhrakið, sem jeg hefi haldið fram, að hjer sje ekki um neinar stórar útborganir að ræða, heldur árlegar greiðslur, ef til kæmi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal strax svara hv. 4. landsk. (MK). Jeg kannast ekki við að hafa neinstaðar gefið það í skyn, að veðdeildarbrjefin mundu lækka niður úr 89 krónum, ef tækist að fá það lán, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Hinsvegar hefir stjórn veðdeildarinnar bent á, að ekki mundi unt að halda brjefunum í núverandi gengi, nema hægt væri að útvega þetta lán.

Hv. þm. mintist á ummæli mín í Nd. viðvíkjandi tillögum, sem fram kynnu að koma til að bæta úr erfiðleikum, sem gengishækkun kynni að skapa. Það var rjett eftir haft, að jeg sagðist mundu ræða slíkar tillögur með velvild. En jeg get ekki gengið inn á þá hugsun að slá því föstu löngu fyrirfram, að ákveðnum flokki lántakenda sje veitt uppgjöf skulda, án þess nokkuð sje um það vitað, hvernig hagur þeirra stendur eftir hækkun krónunnar. Þetta er alt annað en það að ráða bót á þeim erfiðleikum, sem hækkun krónunnar kann að valda. Það verður ekki sjeð fyrirfram, hverjir helst verða fyrir þeim erfiðleikum eða hverjum þurfi helst að rjetta hjálparhönd, og því síður að hve miklu leyti.

Hv. þm. reyndi að mæla þessari till. bót. En til þess varð hann að búa til aðra till., sem hann hjelt fram, að fæli að einhverju leyti í sjer sömu hugmynd, og sagði, að svona hugsun vekti fyrir sjer. Jeg get ekki rætt aðrar tillögur en hjer liggja fyrir. Eftir till. hv. 1. landsk. (JJ) á að borga þessa upphæð út. Þetta er skiljanlegt frá sjónarmiði hv. flm. (JJ), því ef á að strika út ⅕ af lánsupphæðinni, mega lánsstofnanirnar ekki við því, nema þær fái sömu upphæð úr ríkissjóði samtímis, annars yrðu þær gjaldþrota.

Það hefði mátt hugsa sjer, eins og háttv. 4. landsk. talaði um, að lækka árgjöld skuldunautanna gegn sömu greiðslu úr ríkissjóði. En það er ekki þetta, sem stungið er upp á í till. hv. 1. landsk. Ef þessi till. er ekki borin fram af of mikilli vanþekkingu, þá held jeg hugsun hv. flm. sje sú, að ef þetta yrði samþykt, þá fylgdi gengishækkun svo mikill baggi fyrir ríkissjóð, að stjórnin hlyti að standa á móti henni í lengstu lög. Jeg held, að það sje einhver svona bragðahugsun, sem á bak við þetta liggur. Jeg fyrir mitt leyti er fús til þess, að þeim ríkisgróða, sem fást kann af þessum veðdeildarlánum vegna gengishækkunar, sje varið til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem slík gengishækkun kann að valda. En jeg tel ekki rjett að ráðstafa því fje fyr en sjeð verður, hvort slíkur gróði fellur til. Það er engin vissa fyrir því enn. En hvenær sem gerðar eru einhverjar slíkar ráðstafanir fyrirfram, opnast einhver leið fyrir þá, sem nota vilja fje sitt í gróðaskyni.

Hv. 1. landsk. hafði eftir mjer, að menn, sem ættu peninga, gætu gert margt annað við þá en að leggja þá í fasteignalán. En menn, sem eiga óveðsettar fasteignir, geta tekið lán út á

þessar eignir og fengið síðan niðurfærslu á þeim lánum um 20% eftir till. Jeg skal taka dæmi. Maður tekur 10 þús. króna lán út á fasteign og leggur fjeð á innlánsskírteini. Hann verður að vísu að gjalda nokkrar krónur í rentumismun, þar sem rentur í veðdeildinni eru 5½%, en á innlánsskírteini 5%. En svo rennur upp sú vonarstund, þegar 20% af skuldinni er strikað út. Skuldin er þá orðin aðeins 8000 krónur, og maðurinn getur greitt hana að fullu, en á þá eftir 2000 krónur, sem ríkissjóður hefir greitt, en hv. 1. landsk. útvegað. En það eru ekki slíkir menn, sem eiga fasteignir, er þurfa á hjálp ríkissjóðs að halda vegna gengishækkunar. Þetta og þessu líkt munu menn altaf reka sig á, ef fara á að bæta fyrirfram væntanlegan hnekki af gengishækkun.

Hv. 1. landsk. gaf í skyn, að þær ráðstafanir, sem jeg hefi verið fylgjandi, um að menn gætu fengið lán út á fasteignir, væru gerðar af mjer í eiginhagsmunaskyni, af því að jeg er meðeigandi í verslun, sem selur byggingarefni. Jeg get ekki reiðst þessum ásökunum, því að það fór fyrir þessum hv. þm. eins og vant er, að þegar hann kom fram í miðja ræðuna, var hann búinn að gleyma því, sem hann sagði í byrjun. Hann fór þá út í nágrannalöndin og gat þess, hve mikil áhersla væri lögð á það þar að útvega mönnum aðgang að fasteignalánum. Hann lýsti þessu rjett og skynsamlega, og þeir, sem ekki vilja altaf leita eigingjarnra hvata hjá náunganum, geta sjálfsagt fundið hjá mjer sömu hvatir eins og hjá löggjöfum og bankavöldum í Danmörku og Þýskalandi. — Það sýndi vanþekkingu hv. þm. (JJ), þegar hann fór að tala um lánskjörin í Danmörku, því að þar voru einmitt boðin mjög svipuð kjör og hjer, rjett áður en krónan hjá þeim fór upp í gullverð.

Það er varla svaravert, sem háttv. þm. margendurtók, að þessi 20% niðurfærsla væri ekki gjöf, heldur endurgreiðsla. Jeg hefi aldrei heyrt talað um endurgreiðslu, nema eitthvað væri borgað fyrst. En hjer er ekki neinu slíku til að dreifa. Eftirgjöf er þetta og annað ekki.

Þá spurði háttv. þm., hví jeg hefði ekki látið fylgja frv. till. um ráðstöfun gengisgróðans. Það er ósjeð, hver sá gróði verður, og jeg álít ekki rjett að ráðstafa honum til að draga úr óþægindum vegna gengishækkunar fyr en þau eru komin fram. Hann reyndi að mæla því bót, að þetta lenti hjá húseigendum og sagði, að leiga í nýjum húsum væri ekki of há. Þessi ummæli stafa af ókunnugleika hjá hv. þm. Húsaleigan í nýju húsunum er of há, þó að húseigendur fái ekki beinlínis of mikið greitt. Þessi háa húsaleiga stafar af skorti á lánsfje með viðunanlegum kjörum. Tilgangurinn með þessu frv. er að gefa mönnum kost á hagfeldari lánum, svo að húseigendur geti sett húsaleiguna lægri. Það er því af vanþekkingu mælt, að ekki hafi komið fram önnur till. til þess að lækka húsaleiguna í kaupstöðum en frv. hv. þm. (JJ) 1923, sem var svo fjarstætt, að ómögulegt var að samþykkja það. En að baki því lá þó sú skynsamlega ósk að vilja færa húsaleiguna niður.

Hv. 1. landsk. reyndi ekki í sinni löngu ræðu að mæla því bót, að hann hefir farið hjer fram á að skattleggja

landsmenn um á 2. milj. kr. til þess að gefa væntanlegum lántakendum. Hann hefir ekki gert neina tilraun til að rjettlæta þá frammistöðu. En það vita allir, að fyrir tapi verða þessir lántakendur ekki, þó að krónan hækki, nema arðurinn af eignum þeirra verði of lítill að krónutölu.

Magnús Kristjánsson: Jeg held því enn fram, að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi ekki lesið þessa till. með nægilega miklum velvilja, eins og hann hafði þó lofað. Hjer stendur í niðurlaginu: „Lengd lánstíma breytist ekki þessa vegna, en árlegar afborganir lækka í sama hlutfalli". Þetta er nákvæmlega sú hugsun, sem fyrir mjer vakir. **(Forsrh. JÞ:** Hvað stendur á undan og á eftir?). Það er engin þörf á að lesa það. En ef hæstv. ráðh. hefði verið ant um að greiða fyrir málinu, hefði hann getað komið með brtt.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að það væri alveg óviðeigandi að gera ráðstafanir til að ívilna einum vissum flokki lántakenda. Jeg álít sjálfsagt að gera ráðstafanir gagnvart þessum flokki, en hinsvegar sje jeg ekki ástæðu til að gera ráðstafanir gagnvart öðrum, sem ekki verða fyrir erfiðleikum, eins og þessir, sem hjer er um að ræða. — Þá sagði hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að sjá það fyrir, hverjir yrðu harðast úti vegna gengishækkunar. Það er nú samt hægt að sjá það um þessa menn, en þeir geta vitanlega orðið fleiri, og þá er kominn tími til að liðsinna þeim. Fyrst ber að liðsinna þeim, sem augljóst er, að verða fyrir erfiðleikum. Svo er hægt að bæta hinum við.

Það var nú raunar ekki nema óeðlilegur útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., að hann vildi ekki ræða tillögu, sem ekki lægi fyrir. En það getur verið vel viðeigandi að koma með tillögu undir umræðum. Hún getur komist á pappírinn og orðið að liði.

Það eitt hefi jeg haft upp úr þessum fáu orðum, sem jeg talaði áðan, að hæstv. ráðh. hefir tjáð sig hlyntan því, að þeim sjerstaka gengisgróða, sem ríkinu kynni að áskotnast, yrði varið til þess að bæta þeim skaðann, sem harðast yrðu úti af völdum gengishækkunar. Þetta er auðvitað vel mælt, en það getur orðið langur aðdragandi að því, að menn fái að njóta þessarar uppbótar, og getur jafnvel orðið um seinan, eða ekki fyr en menn eru orðnir sligaðir af þessum erfiðleikum. Að öðru leyti er ekki ástæða fyrir mig að fara langt út í ræðu hæstv. ráðh. Hann hefir viðurkent, að athugasemdir mínar væru rökrjettar, og vænti jeg þá, að honum skiljist, að hann hafi riðið fremur ógætilega úr hlaði, þegar hann sagði, að engin heil brú væri í þessu plaggi. Þessi órökstuddu ummæli hans munu stafa af því, að till. er borin fram af háttv. 1. landsk.

Jónas Jónsson: Jeg þarf ekki miklu að svara hæstv. fjrh. Það reyndist eins og jeg bjóst við, að rök þau, sem jeg bar fram, voru of sterk fyrir andstæðinga mína. Hann viðurkendi, að húseigendur gætu grætt á gengishækkuninni, en vildi áfellast mig fyrir að vilja bæta þeim mönnum upp, sem tekið höfðu lánin á lággengistímanum.

Jeg veit, að í veðdeildinni liggja fyrir fjöldamargar umsóknir um þessi lán, og því mun verða torsótt leið

fyrir spekúlantana að ná í þennan gróða. Lánin eru afgreidd í sömu röð og lánbeiðnirnar koma. En með því að boða löngu fyrirfram hækkun krónunnar, býður stjórnin spekúlöntunum með sjer í hækkunarætið. Hitt er hreinasta bíræfni af hæstv. ráðherra, að halda því fram, að hann sje verndarvættur lántakendanna. Það er argasta öfugmæli. Enda hefir það heyrst utan af landi, að það sje erfitt að rækta og byggja af lánum ræktunarsjóðsins eins og þau eru nú. Hvað mundi þá verða, ef lántakendur fengju 20% hækkun á lánunum í viðbót? Það er líka óforsvaranleg bíræfni af hæstv. ráðh. að bera þessar lánsstofnanir saman við hliðstæðar stofnanir erlendis, sem framsýnir og duglegir menn hafa komið upp hjá sjer.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er misskilningur hjá háttv. 1. landsk., að þegar sje búið að biðja um öll þau fasteignaveðlán, sem till. hans fjallar um. Af 6. flokki eru enn þá eftir 3 milj. króna, sem öllum standa til boða, og 7. flokkur er allur ólofaður. Hv. 1. landsk. getur því boðið allmörgum enn upp á að fá sjer gjöf úr vösum gjaldenda. Hann kallaði það bíræfni af mjer að minnast á umbætur þær, sem nú á síðustu árum hafa orðið á fasteignalánum hjer á landi, en það getur þó varla verið meining hans að halda því fram í alvöru, að þær hafi engar verið.

Um það leyti, sem núverandi stjórn tók við, seldust vaxtabrjef veðdeildarinnar á 70% af nafnverði og þar fyrir neðan. En nú síðastliðið haust hafa veðdeildarbrjefin selst fyrir 92 kr. Afföllin voru því ekki nema 8% í haust, í stað 30%, þegar núverandi stjórn kom til valda. Talsvert hefir því áunnist, enda þótt afföllin sjeu nú sem stendur 11%. Auk þessa hefir ræktunarsjóðurinn tekið til starfa á þessum tíma og veitt affallalaus lán.

Að mönnum, sem fasteignaveðlán taka, sje gert að greiða 20% í viðbót, ef krónan hækkar, er hreinasti misskilningur. Lánin hækka ekki um einn eyri að krónutali við það. (**JJ:** Krónan stækkar þó). Jú, það er öldungis rjett, en þær krónur stækka líka, sem menn afla, svo alt kemur í sama stað niður.

Allar þessar till. háttv. 1. landsk. eru því bygðar á tómum misskilningi, sem sprottinn er af einsýni hans á gengismálum yfirleitt.

Þetta er síðasta umræðan um þetta frumvarp, og þó að deilt hafi verið um brtt. háttv. þm. Str. og háttv. 1. landsk., þá er mjer þó ánægja í því, að í öllum þessum umræðum hafa ekki komið fram andmæli gegn þeim lántökum, sem hjer er farið fram á. Verð jeg því að taka það svo, að allir telji rjett að halda áfram með þessa viðleitni til að halda uppi veðlánastarfseminni.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki heyrt hæstv. fjrh. svara því, sem hv. frsm. þessa máls spurðist fyrir um við 2. umr. þess, hvort ekki mundi hægt að veita stærri lán út á 1. veðrjett en gert hefir verið. Þegar virðingin er mjög lág, eiga menn oft erfitt með að fá lán út á annan veðrjett, enda þótt trygging sje næg. Nú er lánað úr veðdeildinni út á 1. veðrjett 40% af virðingarverði húsanna. Það virðist vera óþarflega lágt, og með

öllu hættulaust að lána meira. Þetta vildi jeg mega biðja hæstv. ráðherra að athuga.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer er ljúft að skýra stjórn veðdeildarinnar frá þessum óskum, en hinsvegar má ekki búast við, að stjórnin fari að leggja fyrir hana að hækka lánin út á 1. veðrjett, því að sjálfsögðu er hún best fær um að meta, hversu hátt má lána, svo að lánin sjeu þó vel trygð.

En að því leyti, sem þurð á fje og mikil eftirspurn annars vegar hafa átt sinn þátt í hinum nauma skamti, þá er hugsanlegt, að stjórn veðdeildarinnar sjái sjer fært að rýmka til, ef þetta umrædda lán fæst, að svo miklu leyti, sem skorturinn hefir stafað af þeim ástæðum.

ATKVGR.

Brtt. 359,a—b feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP.

nei: JBald, JÞ, JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 378).

39. Seðlainndráttur Íslandsbanka.

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild til að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1927 (þmfrv., A. 614).

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skamt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

Frsm. (Klemens Jónsson): Mál þetta er borið fram af meiri hl. fjhn. Jeg skal þó geta þess, að það hefir ekki verið tími til að taka málið fyrir á reglulegum nefndarfundi, en frv. hefir verið látið ganga milli nefndarmanna og þeim þannig gefinn kostur á að láta í ljós samþykki eða neitun. Það stendur svo á þessu máli, að Íslandsbanki hefir með brjefi 28. f. m. til hæstv. forsrh. (JÞ) farið fram á, að hann hlutaðist til um, að í viðbót við þann frest á seðlainndrættinum, sem bankanum var veittur með lögum nr. 53, 15. júní 1926, 3. gr., þá verði 2. gr. laga nr. 6 31. maí 1921 breytt þannig að því er snertir inndrátt seðla Íslandsbanka, að á yfirstandandi ári skuli bankinn eigi skyldur að draga neina seðla úr umferð.

Þessa málaleitun hefir hæstv. forsrh. sent fjhn. með tilmælum um, að hún bæri málið fram, og geri jeg það hjer með fyrir hennar hönd og leyfi mjer jafnframt að óska, að hv. deild leyfi því að ganga greiðlega fram. Jeg þarf ekki að hafa fyrir þessu lengri formála, því að málið er enginn nýr gestur á þingi, enda býst jeg við, að hæstv. forsrh., sem talað hefir við stjórn Íslandsbanka, skýri málið nánar. En öllum hlýtur að liggja í augum uppi, að ástæðan til þess að Íslandsbanki fer fram á þessa undanþágu er hin mikla peningakreppa, því að inndráttur seðlanna um heila miljón króna, eins og nú standa sakir, mundi valda mjög

miklum erfiðleikum og truflan í viðskiftalífinu. Jeg hefi svo ekki um þetta fleiri orð, en óska, að frv. fái að ganga greiðlega gegnum deildina, með nauðsynlegum afbrigðum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í lok síðasta þings var samþykt samhljóða ályktun og hjer liggur fyrir viðvíkjandi inndrætti Íslandsbanka á seðlum sínum 1926. Jeg get alveg vísað til þeirra ástæðna, sem þá voru bornar fram, með þeirri viðbót, að ástandið hefir síst færst í það horf þetta ár, að minni þörf sje þessarar undanþágu en þá var. Jeg skal geta þess, að mjer er það kunnugt, að stjórn Landsbankans er því samdóma, að rjett sje og óhjákvæmilegt að veita þessa undanþágu fyrir yfirstandandi ár.

Halldór Stefánsson: Eins og háttv. form. fjhn. (KlJ) gat um, hefir þetta frv. ekki verið tekið formlega fyrir á nefndarfundi, og eru mínir kunnleikar við það ekki eldri en frá deginum í gær. Það hefir lítið verið getið um ástæðurnar fyrir þessu frv. Frsm. gat þess að vísu með almennum orðum, að það væri borið fram vegna þeirrar kreppu, sem væri í landinu, en hæstv. forsrh. vísaði til ástæðna, sem fram hefðu verið færðar í fyrra. Þeir, sem minnugir eru, kannast kannske við þær ástæður, en jeg man þær ekki. Jeg get búist við, að ástæðurnar sjeu líkar nú og í fyrra, en eitt er þó breytt. Nú er búið að ráðstafa endanlega seðlaútgáfunni, en það mál var óafgreitt í fyrra. Jeg sje ekki, að kreppan þurfi að vera nokkur sjerstök ástæða nú. Íslandsbanki hlýtur að geta fengið frá seðladeildinni það fje, sem hann eftir atvikum á rjett á að fá. — Hæstv. forsrh. gat um, að samskonar undanþága hefði verið veitt í fyrra. Það, sem gerðist í fyrra í þessu máli, er þá að endurtaka sig nú, svo að manni gæti dottið í hug, að sama sagan hjeldi áfram að endurtaka sig eitthvað lengur. Mjer finst óviðkunnanlegt, úr því búið er að ráðstafa seðlaútgáfunni, að verið sje um óákveðinn tíma að halda við annari tegund seðla, fram yfir það, sem lög standa til. Jeg get því ekki verið með þessu frv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er náttúrlega að formi til rjett hjá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að Íslandsbanki gæti fengið það fje uppbætt, sem samsvarar seðlainnlausninni, með því að selja Landsbankanum víxla, sem svara til inndráttarins. En ástandið er nú á þá leið, að stjórnir beggja bankanna eru sammála um, að ekki sje æskilegt, að slík endurkaup á víxlum þurfi að aukast á þessu ári um það, sem þessari fúlgu nemur. Jeg held, að rjett sje að taka tillit til þessa álits. En að því er framtíðina snertir, þá er nú búið að mynda bankaráð við Landsbankann, sem eftirleiðis getur ráðlagt þinginu, hvað gera skuli í sambandi við seðlainndráttinn. Þessara ráðlegginga er ekki kostur nú, og því sje jeg ekki annað ráð vænna en að fara í þetta sinn eftir samhuga áliti framkvæmdastjórna beggja bankanna.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg geri ráð fyrir, eins og þetta mál liggur fyrir og er flutt, að jeg greiði atkvæði með því,

að frv. verði að lögum. En jeg vil láta þess getið, að jeg álít það ekki rjetta aðferð að bera þetta mál fram rjett undir þingslitin. Það kemur fyrst fram, þegar þingið er búið að sitja 98 daga, og það er ætlast til, að það sje afgreitt með afbrigðum á einum degi. Jeg held líka, að það hafi verið alger óþarfi að haga þessu þannig, því að bæði stjórn bankans og hæstv. ráðh. (JÞ) hefir verið ljóst miklu fyr, að leita þyrfti til Alþingis um þetta mál. Það er fjarri því að vera þinglegt að láta afgreiðslu málsins bera svona að. Jeg verð að segja sem einn af hinum yngri þingmönnum, að mjer þykir ekki svo fallegur svipur sem skyldi yfir þessari virðulegu samkomu, að við skulum þurfa að taka þátt í flaustursverkum við afgreiðslu þýðingarmikilla mála, og á jeg þar við Landsbankafrv. og þetta frv. Og þar við bætist, að nú er ætlast til, að þessi deild taki nær því umhugsunarlaust afstöðu til breytinga á stjórnarskipunarlögum landsins.

Halldór Stefánsson: Það eru örfá orð. Hæstv. forsrh. sagði, að ástand viðskiftalífsins væri svo, að bönkunum kæmi saman um, að rjettara væri að fara þessa leið heldur en að láta Íslandsbanka fá að sæta endurkaupum á víxlum, sem samsvaraði seðlainndrættinum. Ástæður hans fyrir þessu voru nokkuð óljósar, og hann forðaðist vandlega að nefna hina virkilegu ástæðu. Jeg sje ekki, að annað geti legið bak við álit Landsbankans en að honum þyki ekki vert að endurkaupa meira af víxlum en hann hefir þegar gert, vilji firra sig ábyrgð og íhlutun um þetta efni með því að skjóta málinu til Alþingis.

Þá sagði hæstv. ráðh., að rjett myndi að veita þessa undanþágu *í þetta sinn*. Mjer þótti gott, að hann skyldi orða það svo. En jeg vildi þá spyrja, hvort hann áliti ekki rjett að endurtaka þessa undanþágu á næsta þingi, ef beiðni Íslandsbanka um það lægi fyrir og báðir bankarnir væru sammála um að æskja þess „vegna örðugleika í viðskiftalífinu!"

Jeg tek undir það með hv. þm. Str., að mjer finst óviðkunnanlegt að bera þetta mál fram á síðustu stundu og varna þannig þinginu þess að kynna sjer ástæður málsins. Jeg hefi ekki orðið var við þær breytingar á viðskiftalífinu síðan þing kom saman, að ekki hafi verið sömu ástæður þá og nú, og síst minni, til þess að fara fram á þessa undanþágu. Jeg skil því ekki, að þetta hefði þurft að draga svo mjög á langinn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins gera grein fyrir, hvers vegna þetta brjef frá Íslandsbanka kom svona seint frá mjer. Mjer barst það nokkru fyr, en fjhn. hafði þá Landsbankamálið til athugunar, og jeg vildi ekki afhenda henni brjefið fyr en hún hefði lokið nál. sínu í því máli. Hvað það snertir, að þetta sje flaustursverk, þá er þetta einfalt atriði og frv. komið fram fyrir nokkru síðan. (**HStef:** Mjer var sýnt það í gær). Já, menn verða nú oft að taka ákvarðanir án þess að hafa margar nætur til umhugsunar. Og hvað sem segja má alment um afgreiðslu mála síðustu dagana, þá sje jeg ekki ástæðu til að vísa frv. frá þess vegna. Þá spurði hv. þm., hvort jeg mundi vilja fara eins með þetta mál á næsta þingi. Því hefi

jeg þegar svarað á þá leið, að þá yrði bankaráðið við Landsbankann tekið til starfa, og það væri sjálfsagður milliliður til þess að íhuga þetta mál og gera um það uppástungur. En jeg lít svo á, að taka verði mikið tillit til þess, hvað það leggur þá til þessara mála.

Halldór Stefánsson: Hæstv. forsrh. vjekst undan að svara fyrirspurn minni, en vísaði til þess, sem hann hefði sagt áður, að bankaráðið yrði komið á laggir á næsta þingi til að gera tillögur um þetta mál. En það breytir ekki mikið ástæðunum. Jeg veit ekki betur en Landsbankastjórnin sje fullskipuð eftir núgildandi bankalögum og sje einráð um að taka ákvarðanir um viðskiftamál bankans. Það hefir löngum verið vítt af hæstv. ráðh., að þingið hefði íhlutun um starfsemi bankans. En hjer er verið að biðja þingið um óþarfa íhlutun um mál, sem bankinn einn ætti að ráða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:2 atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 614).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mál þetta er flutt af hv. fjhn. Nd. og stóðu að því 6 af 7 nefndarmönnum. Er þetta gert eftir tilmælum bankastjórnar Íslandsbanka í brjefi, sem sent var formanni bankaráðsins. — Ástæðurnar fyrir málaleitun þessari eru þær, að það þykir óhentugt, eins og sakir standa, að draga inn 1 milj. kr. af seðlum Íslandsbanka á yfirstandandi ári, og þá auka um leið að sama skapi víxlafúlgu Landsbankans, vegna endurkaupa hans á víxlum Íslandsbanka. Er það samkomulag milli bankastjóra Landsbankans og Íslandsbanka, að æskilegt sje að fresta inndrætti seðlanna nú.

Jónas Jónsson: Mjer finst það bæði óviðkunnanlegt og vítavert af formanni bankaráðs Íslandsbanka að

koma fram með svona mikilvægt mál næstsíðasta dag þingsins. Jeg býst við því, enda þótt það verði samþykt, að þá finni menn, að það hefir verið gerð tilraun til þess að láta frv. sæta óþinglegri meðferð með því að afgreiða það nú í flughasti. Hæstv. forsrh. getur að vísu afsakað sig með því, að honum hafi ekki borist brjef bankastjórnarinnar fyr, en þar sem hann er formaður bankaráðsins og þar með æðsti yfirmaður bankans, þá ætti honum að hafa verið kunnugt um, að slík beiðni gæti komið til mála. Jeg ber ekki neinar brigður á það, að Íslandsbanka komi vel þessi heimild, en mjer þykir það óneitanlega undarlegt, úr því að hæstv. landsstjórn lagði svo mikið kapp á það að koma seðlamálunum í fast horf á þessu þingi, að hún skuli svo daginn eftir að seðlamálinu hefir verið skipað með lögum gera stórfeldar ráðstafanir í gagnstæða átt um seðlaútgáfu landsins, þvert ofan í þessi lög. Jeg vil spyrja hæstv. forsrh. (JÞ), hvað hafi verið því til fyrirstöðu, að Íslandsbanki fengi þá þessari miljón meira lán hjá Landsbankanum, en hjeldi áfram að skila seðlunum reglulega. Það eru því miður litlar líkur til þess, að Íslandsbanki eigi hægra með að skila seðlunum næsta ár eða árið þar á eftir, en með þessu skapast það ástand, að seðlaútgáfan verður um óákveðinn tíma í tvennu lagi. Íslandsbanki getur ekki skilað þeim seðlum, sem hann á að skila, en þá hefir Landsbankinn ekki það húsbóndavald, sem seðlaútgáfunni ber að fylgja.

Jeg ber ekki brigður á, að það þurfi að hjálpa Íslandsbanka, og það má ef til vill segja, að þetta sje það ódýrasta, sem Alþingi getur gert í því efni, ódýrara en nýtt lán.

Þá vil jeg ennfremur spyrja hæstv. forsrh., hvort Íslandsbanki hafi fengið eina miljón af ameríska láninu án tryggingar. Jeg býst við, að þetta sje missögn, en af því að því er alment trúað, að hæstv. stjórn hafi ráðstafað þessu þannig, og af því að þetta, sem nú er farið fram á, er næsta miljónin til Íslandsbanka, þá hefi jeg leyft mjer að beina þessum spurningum til hæstv. ráðh.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er misskilningur hjá hv. 1. landsk. (JJ), að það sje vítavert af formanni bankaráðs Íslandsbanka að koma hvað eftir annað með slíkar málaleitanir til Alþingis, eins og hann komst að orði. Hann hefir aldrei komið með slíkar málaleitanir fyrr. Það kom slík málaleitan fram á síðasta þingi, borin fram af fjármálaráðherra, og tók hann það upp hjá sjálfum sjer. En þau tilmæli, sem hjer er um að ræða, komu til mín í lok aprílmánaðar, en þá var Landsbankafrv. til umr. í hv. Nd., og vildi jeg ekki tefja hv. fjhn. þar með því að senda henni þetta þá þegar, og að öðru leyti þurfti að bera þetta fram á annan hátt en nú er gert, ef Landsbankafrumvarpið hefði ekki verið samþykt. Jeg vildi ekki, að það þyrfti tvenn lög um þetta, og því vildi jeg ekki láta hv. fjhn. hafa þetta fyr en Landsbankafrv. væri samþykt. Þarf því nú ekki að fá framlengda eldri lagaheimild um bráðabirgðaseðlaútgáfu. Háttv. fjhn. fjekk svo málið í hendur 12. þ. m. Þar með hefi jeg

svarað næsta athugasemd hv. þm., um að frv. var borið fram í þessu formi, því það þurfti svo að vera, til þess að það væri í samræmi við núgildandi Landsbankalög.

Þá spurði hv. þm., hvað hefði verið því til fyrirstöðu, að Íslandsbanki fengi lán sem þessu svaraði. Því er til að svara, að bankastjórn Landsbankans áleit meira lán ekki hentugt. — Þetta er aðeins form, að Landsbankinn taki við viðskiftum Íslandsbanka með endurkaupum víxla hans, því Íslandsbanki er ábyrgðarmaður fyrir viðskiftamenn sína á víxlunum á eftir þeim. Landsbankastjórnin áleit ekki hentugt að veita Íslandsbanka meira lán, en áleit hentugra, að hann drægi ekki inn 1 miljón á yfirstandandi ári í staðinn. Nú hefir verið skipað bankaráð í Landsbankanum, er á meðal annars að fjalla um seðlaútgáfuna, og á hv. 1. landsk. sæti í því. Út af áhyggjum hans af því, að seðlaútgáfan verði föst við Íslandsbanka, þá vona jeg, að honum verði gefið vit til þess að rækja svo starf sitt í bankaráðinu, að hann geti ráðið fram úr því vandamáli.

Hv. þm. viðurkendi, að þetta væri hið ódýrasta, sem Alþingi gæti gert til að rjetta bágstaddri atvinnugrein, sem Íslandsbanki skiftir við, hjálparhönd. Er það alveg rjett hjá háttv. þm., að þetta liggur hendi næst.

Þá vjek hv. þm. að sögu um 1 milj. króna, sem landsstjórnin hefði afhent Íslandsbanka. Jeg veit ekki, við hvað hv. þm. á með þessu. Jeg veit ekki til þess, að landsstjórnin hafi látið Íslandsbanka fá neina 1 miljón. En ef sagan á við það, sem Íslandsbanki fjekk hjá Landsbankanum, þá þori jeg að fullyrða það, að Landsbankastjórnin hefir tekið tryggingu af Íslandsbanka fyrir því láni, en landsstjórnin blandaði sjer ekkert í það mál.

Magnús Kristjánsson: Það hefði ef til vill verið hyggilegast fyrir mig að leggja ekkert til þessa máls vegna kosningaúrslitanna í gær í sameinuðu þingi, því að það kann að verða skoðað svo, að þau hafi haft einhver áhrif á afstöðu mína til málsins. En svo er þó ekki. Jeg hefi lýst því yfir áður hjer í þessari hv. deild, að vegna ráðstafana, sem þegar hafa verið gerðar af hálfu löggjafarvaldsins til styrktar Íslandsbanka, að jeg tel óhjákvæmilegt, að þing og stjórn sjái svo um, að starfsemi bankans geti farið fram á þann hátt, að viðskifti við hann verði landsmönnum ekki óbærileg. Úr því að landið hefir veitt Íslandsbanka svo mikinn stuðning á ýmsan hátt og Landsbankinn veitt honum stórlán, að sumu leyti fyrir tilhlutun þings og stjórnar, þá er ekki nema eðlilegt, úr því að landsstjórnin hefir umboð löggjafarvaldsins til þess að skipa 2 af 3 bankastjórunum, að litið verði svo á, að bankinn sje undir svo sterku eftirliti hins opinbera og hagsmunir hans svo nátengdir hagsmunum almennings, að þingið verði að sjá um, að starfsemi bankans geti haldið áfram á þann hátt, sem þjóðinni er fyrir bestu. Það þarf ekki að líta svo á, að með þessari undanþágu sje verið að veita bankanum lán; það er aðeins tilraun til þess að gera honum fært að veita viðskiftamönnum sínum greiðslufrest, svo að ekki hljótist stórtjón af vægðarlausri hörku við

skuldainnheimtuna. Hvernig sem á þetta er litið, þá er það forsvaranlegt að veita bankanum þennan frest á að innleysa seðlana, til þess að varna því, að hann þurfi að ganga að mönnum, sem eiga skuldir að gjalda honum og við það mundu komast í mjög tilfinnanlega fjárþröng. Þetta er svo þýðingarmikið, að ekki verður komist hjá því að samþykkja þennan frest. Það er að vísu erfiðleikum bundið, hve seint málið er fram komið, en þó er ekki vonlaust um, að því megi bjarga við með góðum vilja. Jeg býst við, að gerðar verði aths. við það, sem fram hefir komið frá minni hálfu í þessu máli, en þá er jeg þess reiðubúinn að skýra nánar afstöðu mína til þess. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að á slíkum erfiðleikatímum sem þeim, er nú eru yfirstandandi, þá teldi jeg það ekki hneyksli, þó að til orða kæmi, að nauðsynlegt væri að samþykkja lög um skuldagreiðslufrest á ýmsum skuldum. Því er þetta lítillega í áttina til þess að bjarga mönnum frá yfirvofandi fjárhagsvandræðum.

Forseti (HSteins): Þar sem svo er áliðið fundartímans, þá vildi jeg leyfa mjer að biðja menn að geyma aths. sínar til 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Jeg þarf að segja fáein orð út af ræðu hæstv. forsrh. í dag. Hann svaraði allítarlega flestu, sem jeg spurði um, og skýrði, hvers vegna málið væri ekki fyr fram komið. Þó svaraði hann ekki aðalatriðinu, hvernig koma á í veg fyrir, að því haldi áfram, að Íslandsbanki geti ekki dregið inn seðla sína. Hæstv. ráðherra vjek að því, að við, sem nýkosnir erum í bankaráðið, kæmum til með að hafa afskifti af þessu. En hvað sem bankaráðið segir, getur það ekki breytt ákvörðun Alþingis. Og eftir því, sem nú stefnir, er ekki ómögulegt, að Íslandsbanki hafi 5 milj. kr. í seðlum í ársbyrjun 1934. Að því er snertir bankaráðið býst jeg við, að stjórnin búi svo um, að hennar andi og tillögur ráði þar, og andófsmennirnir verði fremur sem gestir eða áhorfendur en úrskurðaraðili. Jeg greiði atkv. með þessu frv. af illri nauðsyn, en það verður að koma skýrt svar frá stjórninni við því, hvers vegna þarf að brjóta svona mikið frá reglunni sem nú er gert.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi leita upplýsinga um það hjá hæstv. forsrh., sem formanni bankaráðs Íslandsbanka, hvaða tilraunir bankinn hefir gert til þess að reyna að uppfylla skyldu sína um innlausn seðlanna. Það er vitanlegt, að það getur ekki haldið áfram til lengdar, að hann dragi ekki inn seðla sína. Jeg vildi vita, hvað stjórn bankans hefir í huga í þessu efni, því að hún hlýtur að hafa einhverjar fyrirætlanir um að útvega bankanum

höfuðstól til þess að geta dregið inn seðlana. Það getur verið um tvær leiðir að ræða, annaðhvort að kalla inn skuldir, sem nú er vitanlega erfitt, eða fara þá leiðina, sem eðlilegri er og hefir væntanlega verið hugsuð í upphafi, að útvega nýjan höfuðstól til þess að geta haldið viðskiftunum.

Mjer skildist á hv. 4. landsk. (MK), að ríkið yrði að styðja bankann til þess að fá nýjan höfuðstól. Það gæti náttúrlega komið til mála. En það má ekki gleyma þeirri hlið málsins, sem sjaldan er talað um, að bankinn er einkastofnun, og það eru einstakir menn, flestir útlendir, sem hirða árlegan arð. Það er sanngjarnt, að eitthvað bitni á þessum mönnum, þegar illa gengur. Þegar erlendir bankar hafa verið gerðir upp og ríkið tekið á þeim algerða yfirstjórn, hafa hlutahafarnir ekki komið í fyrstu röð, heldur ekki fyr en búið var að uppfylla allar skyldur. Jeg óska að fá vitneskju um það hjá hæstv. ráðh., hvaða leiðir Íslandsbanki hefir hugsað sjer að fara til að uppfylla kröfurnar um inndrátt seðlanna og upplausn sjerleyfisins til að gefa út seðla.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki farið langt út í bollaleggingar um framtíðina, t. d. það, hvernig stendur á 1934, þegar leyfistími Íslandsbanka er útrunninn. En minna má á það, að eftir upphaflegu löggjöfinni um Íslandsbanka var gert ráð fyrir, að þegar leyfistíminn væri útrunninn, væri seðlaútgáfan í hans höndum. Árið 1921 var gerð breyting á þessu og kveðið svo á, að Íslandsbanki skyldi framkvæma inndrátt á seðlum sínum, og því skyldi lokið, þegar leyfistíminn væri á enda. Það var aðeins þetta ákvæði frá 1921, sem veitt var tilslökun á í fyrra og nú er farið fram á aftur, svo að þetta er í rauninni ekki annað en að fara dálítið nær því, sem upphaflega var ákveðið.

Mjer þótti leitt að heyra, hve hv. 1. landsk. (JJ) lítur skökkum augum á væntanlega starfsemi sína í bankaráði Landsbankans. Hann gerði ráð fyrir, að bankaráðið mundi skiftast í pólitíska flokka og minni hl. yrði þar bara eins og gestur eða áhorfandi. En þetta er alls ekki meiningin. Þegar kosnir eru menn í bankaráð Landsbankans, sem er þýðingarmikil stofnun og á að vera sem lausust við allan ágreining, sem skilur flokkana í landinu, þá mega þeir ekki ganga þar inn með þeim huga að ætla ekki að taka þátt í starfinu, af því að pólitískir andstæðingar sjeu í meiri hluta. Annars býst jeg við, að þetta hafi verið fremur glens hjá hv. þm. en alvara og þjóðin megi vænta þess, að gengið verði að þessum störfum svo sem vera ber. En út af því, sem hv. 5. landsk. (JBald) sagði, vil jeg benda á, að löggjöfin er búin að gera ráðstöfun um það, hvernig Íslandsbanki fer fyrst um sinn að fá fje til að framkvæma seðlainndrátt. Það er gert með nýsamþyktum lögum um Landsbanka Íslands. Í síðustu efnisgrein þess frv. er lögð sú skylda á Landsbankann að endurkaupa af Íslandsbanka viðskiftavíxla, sem nemi $\frac{5}{8}$ af því seðlamagni, sem Íslandsbanki dregur inn, en jafnframt losnar í Íslandsbanka gullforði, sem nemur þeim $\frac{3}{8}$, sem eftir eru. Það er sem sagt búið að ganga frá þessu án þess að viðskiftamenn bank-

ans þurfi að missa af sínum bankaviðskiftum. En þessi lög eru ekki gengin í gildi enn, og jeg býst við, að að því verði nokkur aðdragandi. Það verður sem sje ekki fyr en búið er að setja reglugerð fyrir Landsbankann, sem bankaráðið á að semja. Í raun og veru er ekki fult skipulag komið á hans nýju starfsemi fyr en skiftin verða á milli seðladeildar og sparisjóðsdeildar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að stjórn Landsbankans vilji heldur vera laus við að taka þá ⅝ úr miljón úr slíkum viðskiftum, sem samsvarar því, sem Íslandsbanki ætti að draga inn. Hvort þarf að útvega Íslandsbanka nýtt „kapital", ætla jeg ekki að fara út í. En þess á að svo stöddu ekki að þurfa til að bæta honum upp seðlainndrátt. Það verður ekki fyr en hann á eftir lok leyfistímans að fara að færa saman víxlaendurkaup, sem hann fær hjá Landsbankanum. Þá fyrst þarf hann að skerða sitt veltufje vegna seðlainndráttar.

Af því að það snertir ekki það mál, sem hjer liggur fyrir, ætla jeg ekki að tala alment um það, sem háttv. 5. landsk. (JBald) sagði um aukningu starfsfjár Íslandsbanka.

Jónas Jónsson: Af því að hæstv. ráðh. hefir álitið ástæðu til að minnast á það, hvernig bankaráðið starfaði, í sambandi við þetta mál um seðlainndrátt Íslandsbanka, vil jeg geta þess, að sú skoðun, sem jeg ljet í ljós, er aðeins tilgáta, en ekki fullyrðing. Jeg get ekki enn sagt, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sjer þetta starf. Það fer að sjálfsögðu mikið eftir því, hvernig hann velur í bankaráðið. Það hafa verið nefndir menn sem leiðtogar í bankaráðinu, sem hafa haft óvinsamlega aðstöðu gagnvart bankanum hingað til. Annars skal jeg taka það fram, að í sumum nefndum, þar sem jeg vinn með flokksmönnum hæstv. ráðh., t. d. í Þingvallanefndinni, vinnum við allir saman eins og við værum úr einum og sama flokki. En í sumum öðrum nefndum, þar sem flokksmenn hæstv. ráðh. hafa álitið þörf á að láta sínar sjerskoðanir og hagsmuni síns flokks koma fram, eins og venjulega á sjer stað hjer á þingi, hefir orðið árekstur milli mín og þeirra. Þess vegna er samstarf bankaráðsins undir því komið, hvort hæstv. ráðh. vill frið eða stríð. Jeg hugsa ef til vill, að hann vilji heldur stríð. Jeg býst við, að það sje af hans völdum, að 2 nefndarfundir hafa verið haldnir í dag, til þess að knýja fram mál, sem ekki hefir einu sinni unnist tími fyrir minni hluta nefndarinnar til að skrifa nál. um. Slíkt ofbeldi meiri hlutans er mjög óviðeigandi, en eins og alþekt er, kemur það fyrir altaf öðru hvoru og jafnan af völdum stuðningsmanna hæstv. stjórnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætla aðeins að láta í ljós þá von, að þó að það komi einhverntíma fyrir í bankaráði Íslandsbanka, að einhver ákvörðun dragist eins og hún frekast má, þá endurtaki það sig ekki, sem fram kom hjá hv. 1. landsk., að hann telji það eitthvert ofbeldi, ef gert er það, sem gera ber.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 614, 640).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 640. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Jónas Jónsson: Af því að jeg býst við, að hv. Nd. starfi enn og að þar mætti fá eina atkvgr. um málið, hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. við frv.

Þar sem öllum er kunnugt, að Íslandsbanki er enn aðalseðlabankinn, þar sem hann á meiri hluta þeirra seðla, sem í umferð eru, og þar sem farið er fram á í þessu frv. að veita honum ívilnun, sem fer í bág við gildandi lög, þá virðist rjett, að honum verði jafnframt gert að skyldu að unna viðskiftamönnum sínum ívilnunar í samræmi við þau hlunnindi, sem honum eru veitt.

Bankinn hefir fram að þessu haft hærri útlánsvexti heldur en Landsbankinn, og hefir hann neyðst til þess sökum óhagstæðra kringumstæðna og til þess að standast töp. Það væri ef til vill rjett, að hann hefði hærri útlánsvexti, þegar hann hefir skilað af sjer seðlaútgáfunni og er laus úr þeirri ábyrgðarstöðu, sem hann hefir haft, en jeg skýt því undir dómgreind manna, hvort ekki sje rjett, að báðir bankarnir hafi sömu útlánsvexti, meðan þeir eru báðir seðlabankar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er misskilningur hjá hv. þm. (JJ), að Íslandsbanki sje aðalseðlabankinn. Landsbankinn hefir verið það lengi í reyndinni, og með sjerstökum lögum hefir hann nú verið gerður að aðalseðlabanka. Þótt Íslandsbanki hafi enn seðla í umferð, þá er hann bundinn við það, að seðlaveltan sje ekki meiri en 5 miljónir, og það er lægra en seðlaveltan hefir verið seinustu árin. Landsbankinn ræður því aftur á móti alveg, hvað mikið er af seðlum í umferð þar fram yfir, og þar með hefir hann þau tök á peningamálum landsins, að hann getur ráðið því, hve mikið er af seðlum í umferð á hverjum tíma.

Það er hvergi í heimi ætlast til þess, að einkabankar haldi sömu útlánsvöxtum og þjóðbankar eða seðlabankar, eins og brtt. hv. 1. landsk. fer fram á. Jeg hygg, að munur á vöxtum seðlabanka og einkabanka sje hvergi minni en 1%, nema hjer, þar sem munurinn er ½%. Þá er að líta á það, hve mikið er heimtað með brtt. af Íslandsbanka í stað undanþágunnar. Veltufje bankans er um 40 miljónir króna, og þar sem í brtt. felst, að hann sje skyldugur til að lækka vexti sína um ½%, þá verða það um 200 þús. kr. á ári.

Jeg hefi ekki haft tækifæri til að bera mig saman við stjórn Íslandsbanka um þetta, en mjer dylst eigi, að hún mundi heldur kjósa að draga inn seðla sína og nota sjer þá þann rjett, er henni er heimilaður með nýju Landsbankalögunum, að selja Landsbankanum nýja víxla fyrir ⅝ af þessari miljón seðla, sem hún á að draga inn. Það mundi verða miklu betra fyrir Íslandsbanka.

Innlánsvextir eru hinir sömu hjá

báðum bönkunum, og að óbreyttu því ástandi, sem nú er, getur Íslandsbanki ekki staðið sig við það að lækka útlánsvexti. Aðalástæðan til þess er sú, að bankinn starfar með miklu dýrara lánsfje heldur en Landsbankinn, sem hefir mikið sparisjóðsfje og greiðir af því 4½% í vexti og getur því vel staðið sig við að lána fje með 7% vöxtum. En Íslandsbanki verður að vinna með hinu dýra lánsfje frá 1921 og hlaupareikningslánum hjá erlendum bönkum, sem hann yfirleitt greiðir fulla útlánsvexti af. Það er því eðlilegt, að hann getur ekki sett vextina niður. Þessa vexti verða svo eðlilega hinir innlendu atvinnurekendur að greiða, svo að bankinn sje skaðlaus af að hafa þetta fje í veltu.

Jeg vil því mjög ákveðið mæla á móti brtt. á þskj. 640.

Jónas Jónsson: Mjer þótti mjög leiðinlegt, að hæstv. forsrh. skyldi gera svo slæma verkfræðilega útreikninga eins og hann gerði til að sanna sitt mál. Hæstv. ráðh. getur ekki neitað því, að Íslandsbanki hefir aðalseðlamagn landsins. Hann getur heldur alls ekki borið saman hið almenna ástand erlendis og hjer. Ef maður lítur á ástandið í Danmörku, þá hefir Nationalbanken alla seðlana, en Privatbanken enga, nema þá, sem hann fær frá Nationalbanken.

Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hve miklir seðlar sjeu alls í veltu, og þegar því er svarað, kemur það í ljós, hvor okkar hefir rjettara fyrir sjer og hvar aðalseðlamagnið er.

Þá væri og gott, að hæstv. ráðherra vildi skýra frá, hverjar eru þessar 40 miljónir, sem Íslandsbanki þarf að greiða af svo mikið, að hann stendur ver að vígi með þetta ½%. Nú er hæstv. ráðh. kunnugt um það, að sparifje bankans, sem í fyrra nam um 10 milj. kr., er nú ekki nema 4—5 milj. Jeg bíð eftir skýringu hæstv. ráðh. á þessu, hverjir þessir peningar eru, sem hann talaði um. En ef það skyldi nú reynast svo, að Íslandsbanki taki ranglega af mönnum um 200 þús. kr. árlega í of háum framlengingarvöxtum, þá er það vitanlega óverjandi. Og hæstv. ráðh., sem fyrst og fremst er fjrh., þótt hann sje formaður bankaráðs Íslandsbanka, hann ætti að gleðjast yfir að fá leiðrjettingu á slíku.

Meðan Íslandsbanki er seðlabanki, ætti hann að þola, að gerðar væru til hans tilsvarandi kröfur. Landsbankinn á að verða seðlabankinn í framtíðinni, en hann er ekki orðinn það ennþá.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er hörmung að heyra þá vanþekkingu, sem lýsir sjer í því að halda því fram, að Íslandsbanki sje seðlabankinn, eftir að nýbúið er að afgreiða lögin um Landsbankann og þar með einskorða seðlaútgáfurjettinn við hann. En jeg vona, að hv. 1. landsk. lærist það í starfi sínu í bankaráði Landsbankans, að seðlabanki er sá banki, sem hefir rjett til að gefa út seðla og vald til að ákveða, hve mikið af þeim skuli vera í umferð.

Sú upphæð, sem Íslandsbanki verður að miða vexti sína við, er auðvitað sú upphæð, sem hann hefir í veltu. Jeg hefi ekki bankareikninginn hjer við hendina, en af honum mun mega sjá það, að mikill hluti þess fjár er

útlent lánsfje, sem hann verður að greiða vexti af. Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til, að hann geti lánað það fje með sömu vöxtum eins og Landsbankinn getur staðið sig við, vegna þess að hann hefir sitt veltufje með miklu betri kjörum. Það er alveg sama og að loka bankanum. — Annars er bankanum tryggður rjettur til að fá þessa 1 miljón, ef hann á að draga hana inn. (**JJ**: Já, ef hann hefir „valutu" fyrir því). Hann hefir „valutu", 3/8 í gulli og að hinu leytinu víxla frá þeim, sem hafa seðla frá honum að láni.

Jónas Jónsson: Jeg vildi leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. (JÞ) viðvíkjandi endurkaupum Landsbankans á víxlum frá Íslandsbanka. Það var ekki rjett, sem hæstv. ráðherra sagði um það. Það fylgir annað skilyrði. Það er engin trygging fyrir því, að Íslandsbanki fái víxla endurkeypta á hverjum tíma sem er. Það fer alt eftir því, hvort hann hefir þær tryggingar, sem Landsbankinn tekur gildar. Þegar Íslandsbanki notar peninga frá Landsbankanum til útlána, fær hann víxla, sem hann svo reynir að selja aftur. Það er langt frá, að Íslandsbanki hafi rjett til að fá heim þá upphæð, sem hann dregur inn, alveg skilyrðislaust. Það er bundið því skilyrði, að stjórn Landsbankans taki gildar þær tryggingar, sem bankinn hefir fyrir þessum víxlum.

Hvað snertir veltufje bankans, þá hygg jeg, að sumt af því sje fengið með góðum kjörum. Að minsta kosti seðlarnir og lán, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, og þar á meðal þessi miljón, sem hæstv. ráðh. mun hafa ráðstafað þangað af síðasta láni Landsbankans.

Það er því heldur ekki hægt að bjarga málstað hæstv. ráðh. með því, að fjeð hafi alt verið svo dýrt. Fyrst og fremst hafa seðlarnir ekki verið svo dýrir.

Þá er og inndráttarskyldan fullkomlega óhjákvæmileg vegna þess, að mikið af þeim seðlum, sem eru í umferð, eru Íslandsbankaseðlar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get fullvissað þennan hv. bankaráðsmann Landsbankans um það, að það hafa aldrei verið gefnir út neinir seðlar beint vegna Íslandsbanka. Þegar Íslandsbanki dregur inn 1 milj. kr. af seðlum, þá fær hann til umráða víxla, sem nema að nafnverði 1 miljón kr., og svo 3/8 miljón í gulli.

Þessir víxlar eru að nafnverði 1 milj. kr., en eiga að standa sem trygging fyrir 5/8 nafnverðs, og jeg held, að þeir, sem hafa samþ. víxlana, sjeu yfirleitt ekki svo illa stæðir, að þeir standi ekki fyrir því.

ATKVGR.

Brtt. 640 feld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 641).

40. Skipun prestakalla.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr. (stjfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh. (MG), sem er veikur, skal jeg, að því er snertir ástæður fyrir frv. þessu, leyfa mjer að vísa til aths. við frv. og leggja til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. allshn.

Jónas Jónsson: Af því að þetta frv. er ekki alveg nýtt hjer í deildinni, þá tel jeg heppilegt, að stjórnin skýri frá því, hvers vegna hún kemur nú fram með það, þar sem þessi hv. deild hefir felt það fyrir nokkrum missirum, af ástæðum, sem virðast vera til staðar enn. Jeg hygg, að engum, sem heyrðu fjármálaræðu hæstv. ráðherra, hafi getað blandast hugur um það, að fjárhagur landsins er ekki góður, og ekki er útlit fyrir, að hann fari batnandi á næsta ári. Það má búast við kreppu og hallæri, sem viðbúið er að geti staðið nokkuð lengi hjer eins og erlendis, þar sem orsökin er sameiginleg, sem sje verðbreyting peninganna. Jeg vil nú skjóta því til stjórnarinnar, hvort hún geti ekki búist við því, að krafa um fækkun embætta komi fram við næstu kosningar. Ef svo fer, sem ekki virðist ósennilegt, að fjárhagur einstaklinga og ríkissjóðs fari versnandi á næstu árum, þá er ekki um nema tvent að gera, annaðhvort að stöðva allar verklegar framkvæmdir eins og gert hefir verið áður, eða þá að færa saman embættafjöldann. En núverandi stjórn hefir ekki verið sparsöm í því efni, því að hún hefir stofnað mörg ný embætti. En jeg verð að segja, að það er furðu djarft að koma fram með frv. um fjölgun embætta, þegar hallæri vofir yfir. Það, sem hjer liggur fyrir, er þá það, að stofna í byrjun þingsins embætti, sem áður hefir verið álitið, að hægt væri að komast af án. Eftir fylgiskjalinu virðist svo, sem þeir prestar, sem lögum samkvæmt eru skyldir til þess að þjóna embættinu, skorist undan því, og er ætlast til þess, að Alþingi beygi sig fyrir þeim. Jeg skal játa, að það væri ein ástæða til að verða við óskum stjórnarinnar um þetta efni, ef hægt væri að leggja annað embætti niður um leið og þetta er stofnað. Það leit út fyrir í fyrra, að erfitt væri að ná samkomulagi við prestinn á Þingvöllum um að hann leyfði afnot jarðarinnar, svo ekki var annað sýnna en hætta yrði við 1000 ára afmælishátíðina, eða gera þá breyting á, að presturinn á Mosfelli tæki að sjer Þingvallaprestakall. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsrh., hvort meining hans sje með þessu frv. beinlínis að fjölga embættum, eða hvort hann vill stuðla að því, að Þingvellir verði sameinaðir þessu embætti, ef það verður stofnað.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer þætti vænt um, ef hugsanir þær, er hv. 1. landsk. (JJ) ljet í ljós um fjárhag landsins í síðustu ræðu sinni, væru vakandi í hvert skifti, sem till. kemur fram um aukin útgjöld ríkissjóðs. En í þessu máli er þeirra ekki þörf, því hjer er ekki að ræða um aukin útgjöld, heldur að halda því við, sem er. Að því er snertir spurninguna um að breyta takmörkum þessa prestakalls, þá skal jeg geta þess, að málið

heyrir ekki undir mína stjórnardeild, og mun jeg því ekki svara því að sinni. En þetta er þess eðlis, að jeg álít rjettara, að það sje athugað rækilega í nefnd, en ekki sje verið að kasta fram um það lítt hugsuðum skoðunum í þingræðu.

Jónas Jónsson: Það er svo sem auðvitað, að hæstv. forsrh. skilur ekki, hvert það skip stefnir, sem hann er að sigla í strand. Hann virðist ekki gera neinn mun á skipulagi um stundarsakir og lögum. Þótt ráðherrann geri sjer ekki háar hugmyndir um hæfileika þingdeildarmanna, þá má hann þó vita, að þeir kunna að gera mun á föstu skipulagi og bráðabirgðafyrirkomulagi. Ef ráðherrann hefir átt við að spara fje til ræktunar landsins, er hann var að tala um sparnað, þá sje jeg ekki ástæðu að skifta um skoðun í því efni. Þar vill hann spara og telur þá eyðslu vitleysu, en vill kasta út fje í sendiherra á Spáni og fleiri slík alóþörf embætti. Yfirleitt hugsar stjórnin ekki um annað en að fá embætti stofnuð, án þess að gera sjer grein fyrir því, hvort fjárhagur ríkissjóðs þolir það eða ekki.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætla ekki að fylgja hætti hv. 1. landsk., að gera hvert þingmál, er mjer kynni að detta í hug, að umræðuefni í sambandi við þetta frv. Mjer finst t. d. ræktun landsins koma þessu máli ákaflega lítið við. Þá mintist hann einnig á starf nefndar, er kosin var af sameinuðu þingi í fyrra til þess að athuga undirbúning hátíðahaldanna á Þingvöllum 1930. Frá þessari nefnd hafa engar tillögur komið til stjórnarinnar, er snerti nokkuð af því, er þessi hv. þm. talaði um. En hann getur ekki vænst þess, að stjórnin geri honum svo hátt undir höfði, að hún fari að ræða við hann um mál, er bera á góma innan nefnda, en stjórnin hefir ekkert heyrt um frá nefndinni sjálfri. Annars munu hv. þingdeildarmönnum kunnar ástæðurnar fyrir frv. þessu. Svo var ákveðið með lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, að Mosfellsprestakall skyldi lagt niður og sameinað Reykjavík og Reynivallaprestakalli. Síðan þetta var ákveðið, hefir sú breyting orðið á hjer í Reykjavík, að fólksfjöldi hefir tvöfaldast, en tala presta ekki fjölgað, svo að vitanlegt er, að dómkirkjuprestarnir í Reykjavík geta ekki sint þeim hluta Mosfellsprestakalls, sem þeim er ætlaður. Nú er svo ákveðið í lögunum frá 1907, að samsteypan eigi fram að fara, þegar landsstjórninni sýnist, að því verði við komið. Og þegar prestakallið losnaði, fór svo, að stjórninni sýndist þetta ekki tiltækilegt, og jeg geri mjer enga von um, að það verði fremur hægt hjer eftir en hingað til, með öllum þeim fólksfjölda, sem nú er hjer í bæ.

Jónas Jónsson: Út af skoðun hæstv. ráðh. (JÞ) um Þingvallanefndina vil jeg segja það, að sá, sem ber fram þetta frv., lokar leiðinni til þess að sameina þetta brauð Þingvallabrauði. Ábyrgðin hvílir því á hæstv. ráðh. (JÞ), sem ber fram þetta frv., en veit af því, að altaf hefir verið opin deila við Þingvallaprestinn, síðan hann fjekk þetta brauð. Nú er verið að loka fyrir, að leyst verði skynsamlega úr Þingvallamálinu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Engin sanngirni er að ætlast til þess, að stjórnin geti sjeð inn í hugskot þingvallanefndar. Mjer er alveg ókunnugt um þessa deilu milli þingvallaprests og nefndarinnar, en vitanlega hefir hún getað átt sjer stað fyrir því. — Takmörk prestakallsins er atriði, sem sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, getur rannsakað. En óski þingvallanefnd, að borið sje fram frv. um sameiningu prestakallanna á þessu þingi, þá eru til þess tvær leiðir. Annaðhvort getur hún snúið sjer til landsstjórnarinnar og beðið hana að flytja frv., eða hún getur farið til þeirrar nefndar, sem frv. fær til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 22, n. 296).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Með lögum um skipun prestakalla frá 1907 var Mosfellsprestakall, sem í voru 3 kirkjusóknir, lagt niður sem sjerstakt prestakall og sóknum þess skift niður á tvö næstu prestaköll, þannig, að Brautarholtssókn lagðist undir Reynivallaprestakall, og Lágafells- og Viðeyjarsóknir undir Reykjavíkur dómkirkjuprestakall. Hið sama gilti um þetta prestakall og önnur, sem lögð voru niður eftir þessum lögum, að breytingin átti ekki að koma til framkvæmda fyr en þáverandi prestar (í þessu tilfelli Mosfellspresturinn) færu úr embætti. — Þrátt fyrir þessi lagaákvæði var Mosfellsprestakall eftir sem áður sjálfstætt prestakall enn í 15 ár, eða til 1922, er presturinn þar andaðist.

Þá er lögin áttu að koma til framkvæmda, sást þegar, að erfitt eða öllu heldur lítt mögulegt var að söfnuðir Mosfellsprestakalls fengju viðunandi prestsþjónustu á þennan hátt, sem bæði stafaði af því, að dómkirkjusöfnuðurinn var nú orðinn svo fjölmennur, að prestar hans höfðu þar meira en nægilegt að starfa, og að Reynivallaprestur skoraðist alveg undan að bæta á sig prestsþjónustu í Brautarholtssókn. — Hvað þetta fyrirkomulag var óviðunandi kom þegar í ljós, því að á Alþingi 1923 bar hv. 1. þm. G.-K. fram frv. í þessari hv. deild, um að Mosfellsprestakall væri aftur tekið upp sem sjerstakt prestakall. Frv. var þá vísað til nefndar og lagði hún eindregið til, að það væri samþ., þótt svo yrði ekki að því sinni. — Í stuttu máli hefir reynslan orðið sú, að ríkissjóður hefir altaf orðið að kosta prestsþjónustu í kirkjusóknum Mosfellsprestakalls, í raun og veru þvert á móti fyrirmælum laganna 1907 um skipun prestakalla. Aðeins 2 eða 3 ár var enginn prestur á Mosfelli, því að síðan 1924 hefir verið þar settur prestur. Þótt svo hafi nú orðið að vera, þykir allshn. það alt annað en viðfeldið. Jeg vil benda hv. þd. á, að samþykt þessa frv. getur ekki orðið til þess að skapa neitt fordæmi, sakir þess að á þingi 1925 var samþykt svipað frv. um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll. — Báðar þessar breytingar sýna það, að í l. 1907 hefir verið fulllangt gengið um fækkun prestakalla. Hygg

jeg, að bæði dæmin sýni það greinilega, að ekki var fært að leggja þessi prestaköll niður. — Þótt Alþingi sje mótfallið fjölgun embætta, verður það ekki talin ástæða gegn þessu frv. Hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, sakir þess að aldrei hefir verið unt að leggja embættið niður, nema á pappírnum.

Eina brtt. ber allshn. fram við frv., að á eftir 1. gr. bætist við ný grein, svo hljóðandi: „Skyldur skal Mosfellsprestur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn, ef Þingvellir verða lagðir niður sem sjerstakt prestakall". Þar með hygg jeg, að frv. sje gert heldur aðgengilegra fyrir þá, sem eru á móti því að fjölga embættum. Ef það kæmist til framkvæmda, sem brtt. gerir ráð fyrir, yrði enginn prestur á Þingvöllum.

Loks vil jeg óska þess, að hv. deild samþ. frv. ásamt brtt. á þskj. 296.

Jóhann Jósefsson: Jeg vil aðeins geta þess, að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem þó snertir aðeins brtt. hv. allshn. Jeg hefi ekki getað aðhylst hana, m. a. sakir þess, að mjer virðist óviðfeldið að gera ráð fyrir, að Þingvellir verði lagðir niður sem sjerstakt prestakall.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins gera þá aths., að mjer þótti hv. frsm. (GÓ) mæla um of, er hann sagði, að prestsþjónusta í Mosfellsprestakalli hefði farið fram þvert ofan í lög. Svo er nefnilega ekki. Í 3. gr. laganna um skipun prestakalla frá 1907 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, eftir því sem prestaköllin losna, *svo fljótt, sem því verður við komið*". Nú er það að vísu svo, að Mosfellsprestakall hefir losnað síðan þessi lög voru sett, en sá prestur, sem nú er í Reynivallaprestakalli, hefir alls enga skyldu til að taka að sjer þá sókn, sem honum er ætluð í lögunum. Þannig eru þau skilyrði, sem þarf til þess að koma lögunum í kring, ekki fyrir hendi. Niðurlag 3. gr. laganna 1907 grípur líka yfir allar ástæður, hvers eðlis sem eru, er hamlað geta samsteypu prestakalla. Og þar sem nú kirkjumálastjórnin álítur, að ekki sje hægt að koma því við að sameina tvær sóknirnar Reykjavíkurprestakalli, verður heldur ekki sagt, að lögin hafi verið brotin í því atriði. — Annars vil jeg í fjarveru dóms- og kirkjumálaráðherra þakka hv. allshn. fyrir góðar undirtektir þessa frv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg geri ráð fyrir, að orð hæstv. forsrh., sem hann hafði eftir mjer, hafi verið rjett tilfærð, og er álit hans sennilega rjett að því er tekur til Reynivallaprestakalls. En um sameiningu Reykjavíkur- og Lágafells- og Viðeyjarsókna voru öll lögmælt skilyrði fyrir hendi 1922, og er ómögulegt að neita því, að það er gagnstætt lögum, að sú sameining hefir ekki farið fram. Það sýnir sig líka, að hæstv. stjórn hefir ekki þótt viðunandi skipun á þessu, og því hefir hún borið fram frv. það, er hjer liggur fyrir. — En jeg vil láta þess getið, að í orðum mínum lá enginn áfellisdómur á hæstv. stjórn. Jeg tók það einmitt fram, að þetta hefði eflaust orðið svona að vera, enda þótt lögin heimiluðu það ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 296 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 322).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 322).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg leyfi mjer að óska, að þessu frv. verði vísað til hv. allshn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins benda hv. nefnd á það, að þetta frv. hefir fengið talsvert einkennilega afgreiðslu í hv. Ed. Jeg á ekki við það, þó að þarna sje lagt til að leggja niður Þingvallaprestakall og losa okkur við það eina, sem eftir er á Þingvöllum af því, sem þar var áður, sem er presturinn. En hins verður að minnast, að prestakallið er tvær sóknir, og það verður ekki hjá því komist að ráðstafa hinni sókninni líka. En það er látið ógert.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal geta þess, að ekkert ákvæði um breytingu á Þingvallaprestakalli var í stjfrv., heldur var ákvæði um þetta sett inn í hv. Ed. En þar mun hafa verið gengið út frá, að annar prestur tæki við hinni sókninni. Í frv., eins og það er nú, er aðeins um það að ræða, að Mosfellsprestur skuli taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn, ef Þingvellir verða lagðir niður sem sjerstakt prestakall, sem jeg geri ekki ráð fyrir að verði. Þetta er einhver varnagli hjá Ed., sem jeg býst ekki við að verði að veruleika.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 400).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get látið mjer nægja að skírskota til nál. á þskj. 400, því að þetta er einfalt mál, sem ekki krefur umræðna.

Hin eina breyting, sem nefndin leggur til, er að sjá Úlfljótsvatnssókn fyrir prestsþjónustu, ef Þingvallaprestakall verður lagt niður, því að það virðist hafa gleymst hjá háttv. efri deild, en það þarf að lagfæra.

Hinir tveir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir með fyrirvara, líta svo á, að ekki sje vert að flýta því, að

leggja Þingvallaprestakall niður. Og í því er fyrirvari þeirra fólginn.

Jón Kjartansson: Fyrirvari minn undir nál. er viðvíkjandi 2. gr. frv. Jeg tel lítt gerlegt að sameina Þingvalla- og Mosfellsprestaköll, þar sem erfiður fjallvegur liggur á milli þeirra.

Auk þess er jeg mótfallinn því, að leggja Þingvallaprestakall niður, því að á Þingvöllum hefir verið prestur svo að segja frá því, að kirkja var reist fyrst hjer á landi. Er því óviðkunnanlegt að taka hann burtu nú, þegar líka þess er gætt, að það er beinlínis þörf að hafa mentaðan mann á þessum fræga sögustað, til þess meðal annars að leiðbeina útlendum ferðamönnum, sem þangað koma til þess að skoða staðinn, sem árlega er fjöldi af.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 400 feld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, ÁJ, BSt, HStef, HjV, JS, JörB, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, BL, HK, JAJ, JG, JK, KlJ.

Tíu þm. (MT, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, IngB, JakM, JÓl) fjarstaddir.

2. gr. feld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: PÞ, SvÓ, ÁJ, BSt, HStef, HjV, JS, JörB, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, BL, HK, JAJ, JG, JK, KlJ.

Tíu þm. (MT, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, IngB, JakM, JÓl) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 11:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JakM, JAJ, JG, JK, JS, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SvÓ.

nei: BSt, HStef, HjV, JörB, KlJ, ÁJ, BSv.

Níu þm. (ÁÁ, IngB, JÓl, MT, PO, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ) fjarstaddir.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Með því að jeg sje, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) er ekki viðstaddur, og jeg býst við, að fram komi brtt. við þetta frv., vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 432, 473).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 473. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Pjetur Ottesen: Með lögunum um skipun prestakalla frá 1907 og um brauðasamsteypur var svo ákveðið, að Brautarholtssókn skyldi falla undir Reynivallaprestakall, en Lágafells- og Viðeyjarsóknir falla undir Reykjavíkurbrauðið.

Þegar þetta ákvæði átti að koma til framkvæmda, færðust Reykjavíkurprestar undan því að taka að sjer

prestsþjónustu í þessum söfnuðum og færðu sem ástæðu fyrir því, að þeir væru svo störfum hlaðnir, að á þau væri ekki bætandi. En frá Reynivallapresti munu engin mótmæli hafa komið, eftir því er jeg best veit.

Var þá horfið að því ráði af kirkjumálastjórninni, að fenginn var ungur prestur til þess að þjóna Mosfellsprestakalli, og hefir staðið svo um nokkur ár án þess að sú ráðstöfun hefði stoð í lögum.

Nú hefir hæstv. stjórn borið fram í hv. Ed. frv. til laga um að endurreisa Mosfellsprestakall. Var það frv. samþykt í hv. Ed. með þeirri viðbót, að Þingvallasókn fjelli á sínum tíma undir Mosfellsprestakall. En í meðferð þessarar hv. deildar á frv. var þetta ákvæði felt í burt, svo að nú er ekki annað eftir í frv. en að endurreisa Mosfellsprestakall.

En þessari skipun er jeg algerlega mótfallinn. Ekki þó vegna þess, að jeg telji ekki, að sjálfsagt sje að sjá þessum söfnuðum fyrir prestsþjónustu, heldur er jeg á móti að stofna eða lögfesta þarna nýtt embætti, og það því fremur, sem mjer virðist, að leysa megi þetta mál á svo hagkvæman hátt, að allir megi vel við una. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 473. Með henni legg jeg til, að Reynivallapresturinn taki að sjer að þjóna Brautarholts- og Lágafellssóknum. Eins og jeg tók fram áðan, get jeg ekki betur sjeð en að fullforsvaranlega sje sjeð fyrir prestsþjónustu í þessum söfnuðum, þó að gerð sje sú skipun, að sami prestur þjóni þetta mörgum kirkjum. Enda er það ekkert einsdæmi, að einn prestur þjóni 4 kirkjum, eins og jeg skal nú sýna fram á með tilvitnunum í lögin um skipun prestakalla.

Í Árnessýslu þjónar einn prestur 5 kirkjum og 2 sem þjóna 4 kirkjum hvor.

Í Borgarfjarðarsýslu þjónar einn prestur sem stendur 4 kirkjum, og við næstu brauðasamsteypu bætist annar við, sem þá fær 4 kirkjur.

Í Mýrasýslu er einn prestur, sem þjónar 4 kirkjum, og sömuleiðis í Snæfellsnessýslu.

Í Dalasýslu eru 10 kirkjur, en aðeins tveir þjónandi prestar. Og sem stendur mun þar vera aðeins einn prestur, sem þjónar öllum þessum kirkjum.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu þjónar sami prestur 4 kirkjum.

Í Húnavatnssýslu þjónar einnig einn prestur 4 kirkjum.

Í Skagafjarðarsýslu eru það tveir prestar, sem hvor um sig þjónar 4 kirkjum.

Í Eyjafjarðarsýslu þjónar einn prestur 6 kirkjum, annar 5 kirkjum og þriðji presturinn 4 kirkjum.

Í Suður-Þingeyjarsýslu eru það þrír prestar, sem hver um sig þjónar 4 kirkjum.

Í Norður-Þingeyjarsýslu er einn prestur, sem þjónar 4 kirkjum, og sama er um Suður-Múlasýslu að segja, að þar þjónar einn prestur 4 kirkjum.

Þetta, sem nú er talið, sýnir með ljósum rökum, að það er ekkert eins dæmi, þó að Reynivallapresti verði gert að skyldu að þjóna 4 kirkjum. En í þessu sambandi verður einnig að líta á, hvernig hagar til fyrir prestinn að sækja á annexíurnar. Og að því er snertir þessar sóknir, þá vildi jeg benda á, að um þær liggja sem stend-

ur ágætis reiðvegir, öll leiðin, sem fara verður, um bygð, auk þess sem hjer er um að ræða eitthvert allra snjóljettasta svæði á öllu landinu. Að vísu eru þarna tvær ár óbrúaðar, önnur þó aðeins smáá, en hin, sem er Laxá í Kjós, getur stundum verið slæm yfirferðar, en þangað er nú verið að leggja akveg, sem vegamálastjóri hefir sagt mjer, að lokið yrði og áin að líkindum brúuð 1931—'32. Og þá er um leið kominn bílvegur um alt prestakallið og daglegar ferðir fram og aftur, svo auðveldara verður þá fyrir prestinn að gegna starfi sínu. (**MJ**: Það er ekki rjett, að vegurinn eigi að ná svo langt inn í Kjós). Jú, þetta er rjett; það er mjer kunnugt um. Vegurinn á að liggja að Laxá og yfir hana. Og þessi vegur er lagður með það fyrir augum, að bændur í Kjós og á Kjalarnesi geti daglega komið afurðum sínum hingað á markaðinn. Hjá fjvn. hefir legið erindi um þetta efni, og svo er **óþarft** fyrir hv. 2. þm. Reykv. (MJ) að ætla sjer að knjesetja vegamálastjóra, sem gefið hefir fjvn. nánari upplýsingar um þessa vegagerð.

Þá er vegalengdin, sem Reynivallapresturinn verður að sækja á annexíurnar, ekki svo mikil, að hún þurfi að vaxa í augum. Sje miðað við, að hann fari þetta ríðandi, þá mun láta nærri, að frá Reynivöllum að Saurbæ sje um tveggja eða hálfrar þriðju stundar hæg reið, og þaðan einnar stundar reið að Brautarholti. En frá Reynivöllum er þessi sama leið framan undir Esju, og að Lágafelli mun vera fimm stunda reið, eða rúmlega það, ef hægt er farið. En sje aftur á móti farið frá Reynivöllum bak við Esju um Svínaskarð og eins og leið liggur að Lágafelli, þá mun það ekki vera nema um þriggja stunda reið að sumarlagi.

Þegar alt þetta er athugað, held jeg, að ekki verði annað sagt en að vel sje sjeð fyrir, að þessir söfnuðir fái nauðsynleg prestsverk unnin hjá sjer og að hjer sje ekki um meira en meðalstarf að ræða fyrir áhugasaman og duglegan prest.

Þá er eftir að ráðstafa Viðeyjarsókn, og legg jeg til með brtt. minni, að hún falli undir Reykjavíkurprestakall. Kirkjan í Viðey er leifar frá þeim tíma, er þar var höfðingjasetur. Langeðlilegast er, að Reykjavíkurprestar þjóni Viðeyjarsöfnuði. Milli Reykjavíkur og Viðeyjar eru fastar áætlunarferðir daglega, og stundum oft á dag, svo að það hlýtur að teljast hægðarleikur fyrir Reykjavíkurpresta að gegna kalli sínu þar. Viðeyjarsöfnuður stendur líka í andlegu og veraldlegu sambandi við Reykjavík, og fer því vel á, að þeir njóti sömu prestsþjónustu.

Jeg býst fastlega við því, að takast muni að ná samkomulagi við viðkomandi presta um að taka að sjer að þjóna þessum söfnuðum. En ef samkomulag kynni ekki að takast nú, þá býst jeg vitanlega við, að halda yrði þessu fyrirkomulagi þangað til prestaskifti verða í þessum prestaköllum. Þá er vitanlega hægt að skylda næstu presta til þess að taka þetta að sjer.

Jeg legg því þessar till. á vald hv. deildar og vænti þess, að þær finni náð fyrir augum hennar og verði litið á þær sem mjög heppilega úrlausn á þessu máli.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Lögin um skipun prestakalla frá 1907 gátu ekki komið til framkvæmda að því er snertir Mosfellsprestakall fyr en 1924, þegar sá prestur andaðist, er þjónaði Mosfellsprestakalli. En þegar að því kom að skifta prestakallinu niður milli prestanna á Reynivöllum og í Reykjavík, þá töldu prestarnir í Reykjavík ekki fært að bæta við sig því starfi, sem leiddi af prestsþjónustu á Lágafells- og Viðeyjarsókn, og presturinn á Reynivöllum vildi ekki taka við Brautarholtssókn. Það var ekki hægt að skylda hann til þess, af því að hann hafði fengið veitingu fyrir sínu embætti svo snemma. Af þessu leiddi, að það var ekki annað hægt en að setja prest til þess að gegna Mosfellsprestakalli. Og síðan hefir verið þar settur prestur, eins og kunnugt er.

En nú er það svo um setta embættismenn, að laun þeirra hækka ekki eftir sömu reglum og skipaðra embættismanna. Þeir verða að sitja við lægstu laun, hversu lengi sem þeir þjóna settir. Því er það, að menn sjá fram á það í þessu prestakalli, að þótt þeir hafi prest í bili, þá muni þeim ekki verða haldsamt á honum, — að hann sæki á annan stað, þar sem hann fái venjulega launahækkun. Þetta hefir meðal annars orðið til þess að valda óánægju hjá prestinum, sem hlut á að máli; og söfnuðurinn óskar þess, bæði af þessari ástæðu og fleirum, að það verði skipaður prestur í þetta prestakall. Íbúar þess hafa hvað eftir annað skorað á stjórn og þing að breyta þessu þannig, að Mosfellsprestakall verði endurreist. Mig minnir það væri á síðastliðnum vetri, að það kom áskorun frá svo að segja öllum íbúum prestakallsins, 299 af 328. Með tilliti til þessa er þetta frv. fram borið af stjórninni; því að það getur ekki verið mál, sem liggi milli hluta, slíkar óskir svo margra um að fá viðunandi prestsþjónustu. En það getur maður ekki gengið út frá, að verði til lengdar, nema þarna sje skipaður prestur.

Þetta er nú önnur hlið málsins. Hin hliðin er sú, að prestur sá, sem er nú á Reynivöllum, hefir tjáð sig ófúsan til að taka við Brautarholtssókn. Þar af leiðir, að jeg sje ekki, að það muni koma til neinna mála, að hann fáist nú til að taka við bæði Brautarholts- og Lágafellssókn; enda verð jeg að segja, að það er mjög langur annexíuvegur fyrir prestinn á Reynivöllum þá tíma árs, þegar þarf að fara inn fyrir Esju. Hitt get jeg viðurkent, að það er ekki svo langt, þegar hægt er að fara Svínaskarð, en það er aðeins um hásumarið. (**PO:** Og haust og vor). Það er þó ekki hægt að fara Svínaskarð að vetrinum, eða mjög sjaldan. (**MT:** Fært árið um kring). Ætli hv. 1. þm. Árn. (MT) hafi nokkurn tíma farið yfir Svínaskarð um hávetur? (**KIJ:** Jeg hefi farið það í janúarmánuði, og það var ágætt). Þetta getur komið fyrir, að það sje fært; en venjulega er það alveg ófært fyrir ríðandi menn að vetrinum.

En svo er hin hlið málsins, sem veit að Reykjavík. Dómkirkjusöfnuðurinn hjer er orðinn svo stór, að þótt messað sje tvisvar í dómkirkjunni á hverjum helgum degi, þá er það ekki nema lítill hluti safnaðarins, sem kemst í kirkjuna. Því er varla hægt að fækka

messum hjer. Ef hjer á að vera viðunandi guðsþjónusta, þá verða að vera tvær messur á hverjum helgum degi; en það gæti ekki orðið, ef annar presturinn yrði að fara til Viðeyjar og messa þar.

Jeg er fullviss um það, að komist brtt. hv. þm. Borgf. (PO) í lögin og til framkvæmda, þá verður það mjög til þess að ýta undir þær kröfur, sem nú þegar er farið að bóla á hjá Reykjavíkursöfnuðinum, um að fá nýja kirkju eða stækkaða dómkirkjuna. Og það ræður af líkum, að slíkt verður ekki útgjaldalaust fyrir ríkissjóðinn. Jeg er þeirrar skoðunar, að það mundi verða dýrara fyrir ríkissjóðinn heldur en sparnaðinum nemur við að skifta Mosfellsprestakalli á þann hátt, sem brtt. hv. þm. Borgf. miðar að.

Annars er það svo, að það verður að skipa þessu máli til frambúðar, einmitt af þeirri ástæðu, sem jeg nefndi, að það er ekki hægt að búast við að fá prest til að sitja á Mosfelli nema til skamms tíma. Og það verður ekki miklu ódýrara að kaupa prestsþjónustu af þeim, sem ekki væri skipaður í embættið.

Jeg hefi nú reynt að skýra fyrir hv. deild, hvers vegna þetta frv. er borið fram; og jeg vil um leið geta þess hjer, út af orðum hv. þm. Borgf., að ef svo fer, að Reynivallapresturinn vill ekki taka við þessum tveimur sóknum, sem honum eru ætlaðar samkv. brtt. hv. þm., þá sje jeg ekki annað en að halda verði áfram með eitthvað svipað fyrirkomulag og nú er. Hvað það verður lengi, er ekki hægt að segja; það fer eftir því, hve lengi núverandi prestur verður á Reynivöllum.

Jeg býst þess vegna við, að háttv. deildarmenn sjái, að það er að minsta kosti mikið álitamál, hvort hjer sje um nokkur útgjöld að ræða, og langsennilegast, að það sje alls ekki í bráð. En það sje jeg í hendi mjer, að kröfur Reykjavíkurbúa um að stækka kirkjuna eða fá nýja kirkju verði ennþá háværari, ef taka á af þeim nokkurn hluta af þeirri prestsþjónustu, er söfnuðurinn nú hefir.

Árni Jónsson: Jeg stend upp til þess að mæla eindregið með till. hv. þm. Borgf. (PO) á þskj. 473. Það er altaf verið að tala um það á hverju þingi, að það eigi að fækka embættum; og þessi till., sem hjer er borin fram, miðar að því að koma í veg fyrir, að embættum sje fjölgað.

Hjer hagar svo til um þessar sóknir, að þar er yfirleitt um lítilfjörlegar vegalengdir að ræða, en betri samgöngutæki en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Þegar verið er að tala um það, að t. d. Kjósarprestinum sje ókleift að þjóna Brautarholti, þá vil jeg til samanburðar nefna örfá dæmi úr þeim hjeruðum, þar sem jeg er vel kunnugur.

Mjer dettur þá fyrst í hug Hofteigsprestur, sem hefir þrem kirkjum að þjóna, Hofteigi, Eiríksstöðum og Möðrudal. Frá Hofteigi er að Eiríksstöðum að sumarlagi 6—7 tíma ferð. En meðan dagur er skammur að vetrarlagi, býst jeg við, að skifta þurfi dagleiðum á þessari leið. En upp að Möðrudal á Fjöllum er að sumarlagi fullkomin dagleið; og að vetrarlagi

fer presturinn aldrei á minna en 2 dögum hvora leið.

Í öðru lagi skal jeg nefna Víðidal á Fjöllum. Það er Skinnastaðarpresturinn, sem þar þjónar. Jeg hefi ekki farið leiðina, en mjer er sagt, að hún sje 6—7 tíma ferð að sumarlagi.

Hjer hagar aftur á móti þannig til, að frá Viðey — sem ætlast er til, að presturinn þjóni, — eru ferðir til Reykjavíkur oft á dag, sunnudaga ekki síður en aðra daga; og það er aðeins hálftíma ferð eða eitthvað þar um bil. Og úr Mosfellssveit er ekki meira en hálftíma — í hæsta lagi klukkutíma — ferð í bíl; og það eru ekki mjög trúræknir menn, sem telja eftir sjer þá leið til þess að njóta guðsþjónustu, þegar þeir geta farið hana í rólegheitum, sitjandi í sínum bílum.

Mjer skildist á ræðu hæstv. atvrh. (MG), að þegar lögin áttu að koma til framkvæmda viðvíkjandi Mosfellsprestakalli 1924, þá hefði komið í ljós, að prestarnir í Reykjavík hafi ekki þóst geta gegnt prestsþjónustu þar. Má vera, að það sje nokkuð óhægt; en jeg skil þó ekki í því, ef fylgt hefði verið vel á eftir, að presturinn hefði þurft að horfa í að taka þetta að sjer fyrir einhverja aukaborgun.

Viðvíkjandi Reynivallapresti vil jeg ekki rengja, að hann sje ekki skyldugur að taka meira að sjer. En sá prestur, sem þar er nú, situr þar ekki að eilífu, svo að sá, sem kemur næst að Reynivöllum, getur orðið skyldaður til að þjóna í Brautarholti.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að ekki væri hægt að framkvæma guðsþjónustu tvisvar á dag, ef annar presturinn ætti að þjóna í Viðey. Jeg sje ekki betur en að annar presturinn ætti að geta framkvæmt tvær guðsþjónustur hjer á einum degi. Jeg veit, að hæstv. ráðh. (MG) verður að standa í meiri og örðugri ræðuhöldum daglega heldur en presturinn þyrfti að gera, þótt hann framkvæmdi tvær guðsþjónustur á dag í kirkjunni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en mæli sem sagt mjög eindregið með þessari till. hv. þm. Borgf.

Magnús Jónsson: Jeg var nú kallaður frá, svo að jeg hefi ekki heyrt alt, sem sagt hefir verið um þetta mál; skal heldur ekki lengja mikið umr. En jeg hefði þó heldur viljað leggja frv. lið, sem jeg tel sama og leggja móti brtt. hv. þm. Borgf., því þær eru vitaskuld ekki til neins annars en að losna við þetta frv. Hv. þm. Borgf. — og jeg býst við hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) — sýnist vera nokkurn veginn sama yfirleitt, hvernig prestsþjónustu sje fyrir komið á þessu svæði, bara hægt sje að losna við, að prestakallið verði endurreist. Þeir voru ósköp rólegir meðan þetta mál hafði sinn gang hjer í deildinni, — ánægðir, þar sem átti að leggja niður Þingvallaprestakall á móti. En þegar þeir sjá, að þessi fjarstæða var feld, þá finna þeir upp á annari fjarstæðu, til þess að losna við annað prestsembætti. Þetta eru hvatirnar, sem liggja til grundvallar, en síður áhuginn fyrir því að koma betra skipulagi á prestsþjónustu í Brautarholts- og Lágafellssóknum.

Annars er það auðsjeð, að þessi hv. þm. (PO) hefir álitið það þó skynsamlegra að leggja Þingvallaprestakall undir Mosfell heldur en það, sem þessar till. fara fram á. Að öðrum kosti

hefði hann komið með þessar tillögur strax og óskað frekar samþ. á þeim heldur en að leggja Þingvallaprestakall undir Mosfell, ef honum hefði verið áhugamál að koma prestsþjónustunni þannig fyrir. En nú er háttv. deild búin að fella það mál, og þá ætlast hv. þm. til, að hún taki það næstbesta. Nei, þetta er ekkert annað en það, sem kalla má þingklókindi; þegar menn eru hræddir við eitthvert mál, þá er að finna einhverja krókaleið; ef ekki er hægt að koma beint framan að málinu, þá að koma á snið eða aftan að. Það ræður nú af líkum, að rökin yrðu eftir því, sem málavextir voru til. Eitt var það, að í Dalasýslu væru tíu kirkjur, en ekki nema tveir prestar. Þetta er alls ekki rjett. Það eru þrjú prestaköll í Dalasýslu. Það er að vísu satt, að um nokkurra ára skeið hefir ekki fengist prestur í eitt þeirra, og menn því orðið að búa við algerlega ófullnægjandi prestsþjónustu. Jeg hefi farið um þessa sveit og orðið var við ákaflega mikla óánægju út af því að geta ekki haft prest í Staðarhólsþingaprestakalli; enda má nærri geta, að þörf er á því, þar sem presturinn í Hvammi í Hvammssveit á að þjóna öllum söfnuðinum kringum Klofning út með öllum Hvammsfirði, inn með öllum Gilsfirði, inn fyrir Gilsfjarðarbotn og út í Geiradal.

Það er ekki hægt að benda á þetta sem neina fyrirmynd; enda er það ekki þingið, sem ákveður þetta, heldur vill enginn um prestakallið sækja. Annars hefi jeg fyrir satt, að það muni nú bráðlega rætast úr þeim ágalla, sem mestu hefir valdið um, að ekki hefir fengist prestur þangað, svo að menn fái þar fullnægjandi prestsþjónustu. En núverandi ástand er engin fyrirmynd, og þýðir ekkert að vitna í það.

Þá kom hv. þm. með dæmi um það, að víða þyrftu prestar að þjóna miklu fleiri kirkjum en hjer er talað um. Er það mála sannast. Mjer er sagt, að þessar mörgu kirkjur, sem Grundarþingaprestur hefir þjónað, sjeu svo að segja hver við aðra. Það er vitaskuld ekki það, sem veldur erfiðleikum út af fyrir sig, að kirkjur eru margar. Slíkt eru bara leifar frá eldri tímum; og engir vilja sleppa sinni kirkju, þótt margar tilraunir hafi verið gerðar til þess að leggja niður eitthvað af þeim. Menn fallast á, að kirkjurnar sjeu of margar, en samt vill enginn missa sína kirkju. Mjer dettur ekki í hug að halda fram, að Reynivallapresturinn gæti ekki þjónað 5 kirkjum t. d. í Kjósinni, ef þær væru allar í hvirfingu.

Það er þetta, sem jeg vil skjóta til hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), þar sem hann mun aðallega hafa gengið út frá vegalengdum. Það er alveg rjett, að það eru miklu meiri vegalengdir sumstaðar annarsstaðar, en þar er venjulega strjálbýli mikið, kannske mjög fáir bæir mjög langt frá heimili prestsins, sem ekki getur komið til mála að gera að sjerstöku prestakalli, aðeins af því að þeir eru svo fáir. Það er ákaflega mikill munur, hvort það er sókn með 7—8 bæjum, sem er 5 tíma reið í burtu frá prestinum, eða það er sókn með upp undir þúsund manns. Jeg þori ekki að fullyrða það, en jeg get búist við því, að í Brautarholts- og Lágafellssókn sje upp undir þúsund manns. Í Lágafellssókn munu vera á

að giska 700 manns. Það er ekki lítill munur og t. d. á sumum sóknum á Vestfjörðum, svo sem Skálavík, þar sem presturinn þarf kannske ekki að koma nema einu sinni eða tvisvar á ári.

Það fyrsta, sem jeg nefndi úr röksemdaleiðslu háttv. andmælenda, er alveg skakt; prestaköllin eru 3 en ekki 2 í Dalasýslu. Í öðru lagi er það skökk röksemd, að hjer megi sameina, af því að sumir prestar þjóni mörgum kirkjum þar, sem greiðar eru samgöngur. Þriðja röksemdin er líka ónýt, að einstöku prestar eigi lengra á sínar annexíur en hjer er um að ræða, af því að það er ómögulegt að stinga upp á öðru fyrirkomulagi en er. Það mun vera hjer um fullkomlega meðalprestakall að ræða, og jeg býst við, að fólksfjöldinn sje ofan við meðallag.

Það er nú komin dálítil reynsla á þetta að því leyti, að þegar þetta prestakall losnaði, átti að leggja part af því undir Reynivallaprestakall og spara með því örlitla upphæð. Ekki var hægt að skylda prestinn til neins slíks, og hann vildi ekki taka það að sjer. Jeg býst við, að honum hafi ekki þótt það mjög þægilegt, og þó er Brautarholt, sú annexía, sem hann neitaði að taka að sjer, miklu nær og þar að auki miklu fámennari sókn. Er því augljóst, hvernig honum mundi hafa litist á, ef hann hefði átt að taka við Mosfellsprestakalli öllu, — jeg kalla það alt, þótt Viðey sje undanskilin; sennilega þó dálítill ljettir að því.

Þá kem jeg að akveginum inn í Kjós. Það mundi að vísu ljetta undir, ef akvegur kæmi að Reynivöllum. En sá er galli á þessum bílferðum, að þær eru nokkuð dýrar. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. hefir háar hugmyndir um auðæfi presta og ofurtekjur og telji þá geta farið til og frá í sínum eigin bílum. Nei, það er ekki að tala um, að presturinn noti bíl nema hann geti setið um fastar ferðir. En jeg býst satt að segja ekki við svo mikilli umferð inn í Kjósina, að hægt yrði að grípa ferð hvenær sem er. Það er á vissum tímum árs, sem þessi akvegur yrði notaður mikið, en venjulega mundi þar verða fáferðugt. Og að taka bíl öðruvísi en með föstum ferðum er útilokað fyrir prestinn; það er svo dýrt.

Mjer kemur líka einkennilega fyrir sjónir með þennan bílveg. Það er ekki langt síðan jeg átti tal í nefnd við vegamálastjóra einmitt um væntanlegan akveg um Borgarfjörð. Mjer heyrðist á honum, að helst væri í ráði að leggja veginn ekki lengra en að Útskálahamri, hafa ferju yfir Hvalfjörð og leggja síðan veg yfir Ferstikluháls, Svínadal og Dragháls. — Þetta er ný hugmynd, og verði hún ofan á, með að hafa ferju yfir Hvalfjörð og veg ekki lengra en að Útskálahamri, þá er þessi mikla vegarbót, að leggja veg inn fyrir Hvalfjörð, úr sögunni. (**PO:** Jeg skal upplýsa þetta). Þess þarf ekki; vegamálastjóri hefir upplýst það. En vel getur verið, að vegur verði lagður að Reynivöllum í Kjós með tíð og tíma. Þetta er því aðeins yfirskinsástæða, að þetta sje ljettara fyrir Reynivallaprestinn. — Hann mundi lítil not hafa af bílveginum, því að þótt menn þjóti eftir lækni í bíl, þá efast jeg um, að bænd-

urnir kæmu með bíl í hvert skifti og presturinn þyrfti að skíra hjá þeim eða gegna öðrum prestsverkum. Þetta er því aðeins tilliástæða til þess að gabba háttv. þingmenn.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði þann mikla sannleika í þessu máli, að presturinn á Reynivöllum mundi ekki verða eilífur í sínu embætti. Hann er ekki gamall maður og því vonandi, að hann geti gegnt því sem lengst. Þetta er að vísu hálfgerður framtíðardraumur, en það eru ekki öll lög, sem samþ. eru á Alþingi, sett til eilífðar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, þótt mjer finnist ekkert það hafa komið fram í meðferð málsins, sem benti á heppilega lausn þess. Og þó sumum finnist ástæða til þess að losna við þetta embætti, sem nú er búið að endurreisa, þá vona jeg, að hv. þm. láti ekki glepjast af því.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið í þetta skifti út af dagskrá, þar sem fyrirsjáanlegt er, að um það verða talsverðar umræður, en margir þm. fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 65. og 66. fundi í Nd., dagana 3. og 4. maí, var frv. tekið til f r h. 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, var f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 432, 473, 505).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 505. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Guðnason: Við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni var feld burt 2. gr. frv., þar sem var ákvæði um það, að Mosfellspresturinn væri skyldur til þess að taka að sjer að þjóna Þingvallasókn, ef það prestakall yrði lagt niður. Þess hefir orðið vart, að ýmsir hv. þdm. hafa snúist móti frv. fyrir þá sök, að 2. gr. var feld úr því, og fyrir því hefi jeg leyft mjer að koma hjer fram með brtt. á þskj. 505, ef það gæti orðið til þess, að frv. sjálfu, sem jeg tel nauðsynlegt, að nái fram að ganga, væri betur borgið hjer og í hv. Ed. — Jeg veit, að það hefir vakað fyrir þeim, sem greiddu atkv. með því að fella burt 2. gr. frv., að óviðfeldið væri að fella niður sem sjerstakt prestakall Þingvelli, þar sem er um hinn fornfrægasta stað á landinu að ræða, og þeir hafa kunnað illa við, að sá staður yrði sviftur presti sínum. Aftur á móti hafa vakað fyrir þeim, sem óskuðu að halda þessu ákvæði í frv., sjerstakar ástæður, sem jeg skal ekki fara nánar út í.

Jeg lít svo á, að þó að Þingvallaprestakall yrði lagt niður, eða yfirleitt þó að breyting yrði gerð á skipun prestakalla í nánd við Reykjavík á næstu árum, þá sje ekki rjett að ákveða þá breytingu fastlega í þessum lögum. Það verður að takast út af fyrir sig, þegar að því kemur. — Jeg hefi heyrt á einum hv. þm., — ekki þó í ræðu, heldur í samtali —, að komið gæti til mála, ef til sameiningar kæmi, að leggja Þingvallasókn undir Reynivelli, en taka aftur eina sóknina þaðan og leggja undir Mosfell. Jeg skal auðvitað engan dóm á þetta leggja, því að jeg er þarna ókunnug-

ur. En jeg tel, að ef brtt. mín verður samþ., þá sje að öllu leyti eins hægt um sameining og niðurlagning, ef til þess kemur, og það var með 2. gr. frv., sem feld var burt. Það er reyndar öllu heldur hægara með brtt. minni, af því að hún er rýmri og víðtækari en greinin var, sem tók aðeins til Þingvallasóknar. Vænti jeg því, að brtt. verði samþ. og að þeir hv. þm., sem undu því illa, að ákvæðið um Þingvelli var felt niður, geti þá felt sig við frv. og greitt því atkv. út úr deildinni.

Það er vitanlegt og má vel búast við því, að miklar breytingar geti orðið hjer í kringum Reykjavík á næstu árum, sem útheimti, að skipun prestakalla þurfi að breyta, og er þá gott að hafa í lögum þetta ákvæði, sem jeg hefi borið hjer fram. Jeg hygg svo, að jeg þurfi ekki að taka neitt fleira fram viðvíkjandi brtt.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf að víkja að nokkrum aths., sem gerðar voru hjer á dögunum við brtt. þá, sem jeg flutti við frv., og var um það að sameina Brautarholts- og Lágafellssóknir Reynivallaprestakalli.

Það voru aðallega hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. Reykv. (MJ), sem gerðu aths. við till. mína, og gengu þær út á það, að það væri alt of miklum erfiðleikum bundið fyrir Reynivallaprestinn að þjóna svo víðlendu prestakalli, og einnig væru miklir annmarkar á því fyrir dómkirkjuprestana að taka við Viðeyjarsókninni. Um fólksfjöldann og vegalengdina og þar af leiðandi erfiðleika fyrir prestinn á Reynivöllum til að þjóna Brautarholts- og Lágafellssóknum, því ætla jeg að svara í sambandi við andmæli hv. 2. þm. Reykv. En að því leyti, sem hæstv. atvrh. taldi vandkvæði á því fyrir Reykjavíkurprestana að þjóna Viðey, þá var aðalatriðið það, að dómkirkjusöfnuðurinn væri orðinn svo stór og ekki mætti fella niður messur, en það mundi verða afleiðingin, ef dómkirkjuprestarnir ættu að messa í Viðey, og að þetta mundi verða til að ýta undir þá kröfu dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík, að ríkið ljeti stækka dómkirkjuna. Jeg held, að ástæður þessar sjeu mjög veigalitlar. Eins og jeg hefi áður lýst, er sambandið milli Viðeyjar og Reykjavíkur svo greitt, að fæst af því fólki, sem dvelur í Viðey, sækir kirkju þar, heldur fer það flest hingað til messu, því að þar eru stöðugt daglegar ferðir á milli, og að minsta kosti á sunnudögum oft á dag. Það hefir nú verið gömul venja að messa í Viðey aðeins 10. hvern sunnudag; þó kann að vera, að það sje eitthvað breytt nú. Jeg hygg því, að dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík mundi ekki missa neins í við það, þó að prestar hans tækju að sjer að þjóna Viðey. Það er líka algengt hjer í bæ, að menn með guðfræðiprófi stígi hjer í stólinn af eigin hvötum og trúmálaáhuga.

Að það ýti undir kröfuna um stækkun dómkirkjunnar, nær ekki nokkurri átt, því að þrátt fyrir breytinguna stækkar dómkirkjusöfnuður Reykjavíkur ekki neitt. Jeg verð nú líka að segja það, að jeg lít svo á, að söfnuður þessi eigi alls enga kröfu á hendur ríkissjóði, að hann stækki kirkjuna. Þetta er því engin ástæða gegn sameiningunni.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Reykv.

(MJ). Hann sagði, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og mjer væri sama um það, hvernig prestakallaskipun er háttað, að till. mín, sem hv. 2. þm. N.-M. tók undir, væri sprottin af þessu. Þetta eru nú hvatirnar, sagði hann. Hann vildi láta það skína í gegn, að það væri hann, sem rannsakaði bæði hjörtun og nýrun. Hann sagði, að fyrst hefði verið fundið upp það ráð, að gera ráð fyrir, að presturinn þjónaði þingvallasókn, en er það hefði ekki tekist, þá var komið með þessa fjarstæðu. Hv. þm. vildi draga það út úr till. minni, að hún hefði verið borin fram, þegar útsjeð var um hina. En jeg vil nú benda honum á það, að það atvikaðist nú svo, að jeg var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram og hin till. var feld. Og jeg get lýst því yfir sem minni skoðun, að jeg tel þá skipun síður en svo hagkvæma. Jeg hefi viljað láta þetta koma fram, úr því að háttv. þm. (MJ) hreyfði þessu.

Þá sagði hv. þm. (MJ), að hjer væri verið að fara krókaleiðir og koma aftan að frv., og alt væri það af illum hvötum, sem hann gerði okkur upp. Hann gat þessa í sambandi við þann samanburð, sem jeg gerði á þessari till. minni og prestakallaskipuninni á nokkrum stöðum á landinu, að prestsþjónusta í Dalasýslu væri með öllu ófullnægjandi. Jeg ætla nú að láta þá guðfræðingana, hv. 2. þm. Reykv. (MJ) og hv. þm. Dal. (JG), eigast við um þetta. En jeg býst við því, að hv. þm. Dal. álíti því fullsæmilega fyrir komið, úr því að hann gerði enga aðra sjerstaka ráðstöfun út af brottveru sinni.

Þá ætla jeg nú að athuga, hvaða „fjarstæða" það er, sem jeg legg til með till. minni. Hjer á að vera um svo miklar vegalengdir að ræða, að þetta geti þegar ekki komið til mála þess vegna. En það, sem jeg sagði um það atriði og um það, hvernig veginum væri háttað og að hjer væri um að ræða eitt hið snjóljettasta svæði landsins og engar tálmanir af þeim völdum, því hefir enginn hróflað við og ekki einu sinni gert tilraun til að hrekja. En það, sem jeg sagði um fyrirætlanirnar um áframhaldið af akveginum í Kjós og brú á Laxá, það vildi hv. 2. þm. Reykv. (MJ) vjefengja. Hann blandaði þar saman fastákveðnum fyrirætlunum um lagningu Kjósarvegarins í sambandi við not Kjósar og Kjalnesinga af þessum vegi og því, sem til tals hefir komið um akvegasambandið við Borgarfjörð með mótorferju á Hvalfirði, en það er hugsað sem einn liðurinn í akvegarsambandinu milli Norður- og Suðurlands. Um þetta hefir nú aðeins verið lauslegt umtal, en engin ákvörðun tekin. En lagning Kjósarvegarins er fullkomlega ákveðin og á þann hátt, sem jeg gat um á dögunum, að verkinu ásamt brúnni á Laxá mun verða lokið 1930. Og þó að þarna sje um þjóðveg að ræða, þá leggja Kjalnesingar og Kjósarmenn fram um ¼ kostnaðar til þess að flýta fyrir vegarlagningunni og með tilliti til hinna miklu afnota af veginum. Hin árlegu fjárframlög eru miðuð við það, að verkinu verði lokið á þeim tíma, sem jeg nefndi. Það stendur því óhrakið, sem jeg sagði um þetta, þrátt fyrir andmæli hv. 2. þm. Reykv. Vil jeg líta svo á, að vjefengingar háttv. þm. hafi komið af ókunnugleika á

málinu, en ekki af öðrum ástæðum. Því að jeg vil ekki láta mig henda þá óhæfu að halda því fram, að skoðanir manna á landsmálum sjeu sprottnar af óheiðarlegum hvötum.

Þá vildi hv. þm. (MJ) gera lítið úr því, að það yrði til mikilla nota fyrir prestinn, þó akvegur kæmist alla leið inn í Kjós og daglegar bílferðir yrðu þaðan og til Reykjavíkur, því að það mundi svo dýrt fyrir prestinn að ferðast í bíl. Alment tekið er það nú svo um bílferðir, að það eru ódýrustu ferðirnar, sem menn eiga völ á hjer á landi. En auk þess stendur þarna alveg sjerstaklega á hvað þetta snertir. Þegar þetta akvegasamband er komið inn í Kjós, þá verður vitanlega myndaður fjelagsskapur af bændum í Kjós og á Kjalarnesi um það að kaupa bíl eða bíla til að flytja mjólk og aðrar afurðir daglega til Reykjavíkur, og það er ekki að efa, að Reynivallapresturinn — en Reynivellir eru besta bújörðin þar í sveit — muni verða með stærstu ef ekki stærsti hluthafinn í því fyrirtæki. Má af því ráða, hvað óbærilega dýrt honum mundi verða að sitja í þessum vögnum, þegar þeir í áætlunarferðum sínum til og frá Reykjavík renna um sóknirnar. En það hagar nefnilega þannig til, að vegurinn til Reykjavíkur liggur í gegnum allar sóknirnar, og liggja flestir bæirnir tiltölulega stutt frá akveginum, svo að það er ekki nema dálítill spölur af þjóðveginum heim að bæjunum vel flestum. Það sýnist því nokkurn veginn víst, að þrátt fyrir vegalengdina yrði þetta eitt af hægustu prestaköllum á landinu, þegar vegur er kominn og fast skipulag á ferðirnar. Þá er hitt atriðið, sem taka verður tillit til, fólksfjöldinn í sóknunum. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það mundi vera um 1000 manns í Lágafells- og Brautarholtssóknum, eða þessum sóknum, sem jeg hefi lagt til, að yrði bætt við Reynivallaprestinn. Jeg hefi nú athugað manntalið, og samkvæmt því eru þarna ekki 1000 manns og ekki 500, heldur 472. Það er ekki einu sinni helmingur af þeim mannfjölda, sem hv. þm. nefndi. Og í Saurbæjar- og Reynivallasóknum eru ekki nema 390 manns. Mannfjöldinn í öllum sóknunum verður þá ekki nærri eins mikill og hv. 2. þm. Reykv. taldi, að væri í tveimur þeirra. **(MJ:** Samkvæmt hvaða manntali er þetta?). Það er samkvæmt manntalinu frá 1920. Og jeg býst við, að þar sem þessar sveitir liggja svo nærri Reykjavík, sem sogar til sín fólkið úr sveitunum, að ekki hafi þar fjölgað síðan.

Jeg vænti þess, að þegar menn hafa fengið þessar upplýsingar, verði öllum það ljóst, að það er engin fjarstæða, sem jeg legg til um skipun þessara mála, heldur alveg það gagnstæða. Jeg hygg, að þegar búið er að leggja þarna veg, þá verði þetta samanlagt eitt af allra hægustu brauðum landsins.

Þá gat hv. 2. þm. Reykv. þess, að núverandi prestur á Reynivöllum væri þessu mótfallinn. En það eru vitanlega engin rök á móti málinu, þó að svo væri, að hann vildi nú ekki auka starfsvið sitt; hann er orðinn roskinn maður. Þessi sameining er jafnrjettmæt og sjálfsögð fyrir því, þó hún ef til vill geti ekki komist á fyr en við næstu prestaskifti á Reynivöllum, —

Nei, ef sníða ætti löggjöf landsins hvað þetta snertir eftir því, sem hver einstakur embættismaður legði til málanna, þá er jeg nú hræddur um, að það sje að minsta kosti ekki leiðin til að fá fastari grundvöll undir skipun þessara mála en þann, sem nú er.

Jeg er af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi greint, á móti því að stofna þetta algerlega óþarfa embætti, og það því fremur, sem full ástæða er til að draga frekar úr kostnaði við embættaskipun vora heldur en auka hann.

Þá skal jeg minnast með nokkrum orðum á brtt. hv. þm. Dal. (JG), sem útbýtt var hjer á fundinum og hann hefir mælt með. Jeg vil benda háttv. þm. á það, að munurinn á hans till. og minni er sá, að með minni till. er komið góðu og heppilegu framtíðarskipulagi á þessi mál fyrir alla aðilja; en þrátt fyrir till. hv. þm., þó að hún verði samþ., þá má ganga út frá því sem gefnu, að sú sameining, sem hann gerir ráð fyrir, komi aldrei til framkvæmdar. Jeg verð að líta svo á, að það að samþ. brtt. hv. þm. Dal. sje í rauninni það sama og að samþ. frv. óbreytt. Hv. þm. sagði, að ýmsir væru á móti því að leggja niður Þingvallaprestakall, og jeg held þá, að þeir sömu menn hljóti að vera jafnt á móti því, þó að það sje gert með þessu móti. Hv. þm. (JG) var að tala um aðra skipun á þessu, en kvaðst ekki geta um það dæmt sökum ókunnugleika í þessum hjeruðum, og er það vorkunn, en hann ætti þá að taka tillit til álits þeirra, sem kunnugri eru og geta bygt till. sínar á kunnugleika. (JG: Þeir segja sitt hvert). Jeg þykist nú hafa gert svo ljósa og góða grein fyrir rjettmæti minnar till., að hv. þm. sje vorkunnarlaust að taka afstöðu til málsins, bygða á þeim upplýsingum.

ATKVGR.

Brtt. 473 feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MT, PO, ÁJ, HStef, HjV, IngB, JörB, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl.

Tveir þm. (BSt, JS) fjarstaddir.

Brtt. 505 samþ. með 21:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JG, JK, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BL, HK, JakM.

nei: JörB, KlJ, MT, PO, ÁJ, HStef, HjV, IngB, BSv.

Tveir þm. (JS, BSt) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 512).

Á 69. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er nú komið aftur frá hv. Nd., sem hefir gert dálitlar breytingar á því. Það eru fremur orðabreytingar en efnisbreytingar. Hefir allshn. litið á breytingar þessar og leggur til, að frv. sje samþykt óbreytt eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

41. Sala á Mosfellsheiðarlandi.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi (þmfrv., A. 317).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Jeg hefi flutt frv. þetta eftir ósk hreppsnefndar Mosfellshrepps. Það hefir verið leitað umsagnar ábúandans, sjera Hálfdans Helgasonar, um sölu þessa, og er svar hans prentað með frv. þessu. Leggur hann eindregið með sölu á landinu. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en ef einhver kynni að vilja fá að vita skoðun mína á því, hvort jeg telji eins nauðsynlegt fyrir hreppinn að eignast þetta land eins og hreppsnefndin telur, þá er hún sú, að jeg tel það tvímælalaust rjett, er hreppsnefndin segir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 317, n. 408).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg gæti í raun og veru látið nægja að vísa til nál., til þess að gera grein fyrir því, af hverju nefndin vill fella þetta frv. — Ef þetta land er selt undan Mosfelli, er ekki lengur hægt að búa þar nema litlu búi. Graslendi heima fyrir er lítið, einkum þar sem stór spilda, hinn svo nefndi „Víðir", hefir verið plægð og sumt selt burtu. Þetta er í órækt, og þótt einhverntíma kæmist rækt í það, yrði það notað til slægna, en ekki til beitar. Búfjárhagar heima við eru svo litlir, að beita verður á heiðarlandið, og eigi ábúandinn sauðfjenað, er ekki í annað hús að venda með hann. Það sýnist líka meira en lítið undarlegt að leggja til, að rýrð sjeu gæði jarðarinnar til stórra muna, um leið og jörðin er á ný gerð að löglegu prestssetri. Ef einhverntíma kæmi þarna duglegur klerkur, sem vildi hafa full not jarðarinnar, hygg jeg, að honum þætti í þessu lítill búhnykkur. — Áður var heyjað mikið á þessu svæði, sumpart í Bringum, sem þá voru ekki sjerstakt býli, og sumpart í því landi, sem nú á að selja. Svo sem menn vita, vex valllendi betur sum ár, en önnur ár spretta mýrar ágætlega, þótt valllendisengjar sjeu gagnslausar. En vestan í heiðarlandinu er ágætt mýrarengi, og til þess tekur söluheimildin. Nú hagar svo til, að sumstaðar er mjög ógreiðfært um land þetta, og

því hefir verið minna heyjað þar en hægt væri, ef vegur lægi um landið.

Nú er verið að leggja veg, sem að vísu nær enn sem komið er aðeins að Laxnesi, en verður lagður á næstu árum austur Mosfellsheiði og kemur einmitt til með að liggja um þetta engjasvæði, sem söluheimildin nær til.

Sá, sem búið hefir á Mosfelli, hefir að jafnaði leigt meira eða minna af þessu engjasvæði til slægna og haft af því nokkrar tekjur, auk þess sem áður var títt, á meðan stórbú var rekið á Mosfelli, að sækja þangað heyskap. En að hægt hefir verið að leigja til muna af slægjum þessum síðari ár, er af því, að núverandi ábúandi er fátækur maður, sem ekki hefir haft kraft til þess að sækja heyskap um svo langan veg. En kæmi þangað athafnamaður, sem mikið ljeti til sín taka, mundi honum ekki veita af einhverju af þessu engjalandi.

Nú eru færðar fram fyrir þessari kaupbeiðni þær ástæður, að sveitin þurfi að fá þennan hluta heiðarinnar fyrir upprekstrarland. En það hefir nú verið svo um langt skeið, að sveitin hefir notað þetta land fyrir afrjett og fjeð fengið að ganga þar óáreitt, nema hvað stuggað hefir verið við því af mönnum þeim, sem verið hafa þar við heyskap. Mundi því sveitin nota þetta land eftir sem áður fyrir afrjett, þó að ekkert yrði af kaupunum.

Áður greiddi sveitin um nokkurra ára skeið prestinum á Mosfelli 25 kr. á ári fyrir að mega nota heiðarlandið fyrir afrjett. En svo hætti sveitin að greiða gjald þetta, sumpart vegna þess, að bændum þótti óþarft af presti að selja slægjur, og heldur ekki það mikið gagn af þessu landi, að ástæða væri til að borga fyrir það, nema ef þeir fengju að hafa öll not landsins. Nú hafði verið heyjað mörg hundruð hesta í þessu landi og því engin von til, að prestur vildi sleppa þeim tekjum, sem hann fjekk í slægjukaup, fyrir þá litlu upphæð, sem sveitin greiddi.

Jeg verð að halda því fram, að það geti ekki komið til neinna mála að selja þetta heiðarland undan jörðinni, nema þá að horfið yrði að því ráði, sem jeg tel þó ólíklegt, að öll jörðin verði seld. En það yrði vitanlega ekki gert nema með samþykki Alþingis. En það, að selja alla jörðina, mundi jeg telja sjálfsagðara heldur en að rýja hana þeim einu gæðum, sem hún hefir til frambúðar.

En sjerstaklega finst mjer þó hjákátlegt að fara fram á að selja allmikið land undan jörðinni, þegar samhliða er á ferðinni stjfrv. um að endurreisa Mosfellsprestakall og að hjer er um jörð að ræða, sem er prestssetur. Auk þess er býli bygt úr landareigninni, sem notar mikið þetta land frá heimajörðinni, og þess vegna enn síður forsvaranlegt að verða við þessari kaupbeiðni.

Annars hefir allshn. ekki viljað annað en að tryggja það, að jörðin gæti haldist áfram með gæðum sínum og gögnum, að hægt verði að búa á henni.

Að síðustu vildi jeg geta þess, að nú er búið að selja undan jörðinni 120 dagsláttur, sem áður var ágætt slægju- og beitiland fyrir búpening þann, sem heima gekk, svo að þess vegna er enn meiri ástæða til að rýra jörðina ekki frekar en orðið er.

Tel jeg svo ekki ástæðu til að hafa

þessi orð fleiri, en vænti, að hv. þdm. geti fallist á þá till. allshn. að fella frv. þetta.

Ólafur Thors: Mjer er ljóst, að orðalengingar um smámál sem þetta hafa enga þýðingu og gera ekki annað en að þreyta hv. þdm.

Þó get jeg ekki leitt hjá mjer að leiðrjetta ýmsar villur, sem komist hafa inn í nál. hv. allshn. Hv. allshn. telur mesta skaða að selja þennan landskika undan jörðinni. Jafnhliða telur hún, að sveitin hafi enga þörf fyrir land þetta. Þá skýrir nefndin frá því í áliti sínu, að þetta umrædda svæði, sem farið er fram á, að sveitin fái keypt, sje aðalbeitarland jarðarinnar. En þetta er rangt. Heiðarlandið er afrjettur jarðarinnar, en fyrir nautpening og annan búpening, sem haldið er heima á sumrum, er land þetta með öllu ónothæft til beitar. Það liggur um 7—10 km. frá peningshúsum jarðarinnar og mundi taka um 3 stundir morgna og kvöld að koma nautpeningi í haga og sækja hann. Og geta allir dæmt um, hvílíkur búhnykkur það mundi verða fyrir ábúanda Mosfells að nota þetta land fyrir kúabeit.

Það eina, sem hægt er að segja, að ábúandi Mosfells fari á mis við, ef landið er selt, er slægjukaup það, sem hann hefir fengið fyrir að leyfa heyskap í heiðarlandi jarðarinnar. En þó segja kunnugir mjer, að það gjald sje ekki hærra en það, að ekki hrökkvi það til þess að greiða fjallskilakostnað af landinu. Að mínu viti er aðalkjarni málsins sá, að andvirði hins selda lands á að nota til þess að bæta og rækta heimaland jarðarinnar. Fróðir menn munu telja, að fjárhæð sú, er fæst fyrir hið selda land, muni nægja til þess að rækta um 6—10 hektara, en það orkar ekki tvímælis, að sá viðauki við ræktað land jarðarinnar er ábúanda jarðarinnar miklu meiri fengur en heiðarlandið.

Nefndin segir í áliti sínu, að hinn svo nefndi Mosfellsvíðir sje allur tættur og mikið af því landi selt undan jörðinni. En þetta er ekki rjett. Það mun láta nærri, að búið sje að tæta um ⅓ af landi þessu, en af því hefir verið selt um ⅓ undan jörðinni. Eftir munu vera um 80 hektarar, sem að mestu leyti eru ótættir enn. Auk þessa á jörðin eftir stórar landspildur, sem er nægilegt beitiland fyrir nautpening og hesta, þótt búið margfaldaðist, miðað við það, sem verið hefir.

Enn á jörðin allstórt landflæmi, sem kallað er Jónssel. Hefir það að jafnaði verið notað til slægna frá Mosfelli, en til þessa lands nær söluheimildin ekki.

Loks má nefna eina landspildu enn, sem Bringur heita, sem að vísu er í bygð nú. En svo er um hnútana búið, að ábúandi Mosfells getur lagt það land undir heimajörðina, ef hann sæi sjer hag í því, t. d. að hafa þar sauðfjárrækt.

Jeg verð því að mótmæla því, að jörðin sje á nokkurn hátt rýrð með því að selja heiðarland það, sem frv. fer fram á, heldur virðast mjer meiri líkur fyrir því, að einmitt þetta geti orðið til þess að bæta hana og auka verðmæti hennar til stórra muna.

Þá kem jeg nú að því atriðinu, hvort hreppnum sje nokkur þörf á að

eignast landið. Um það ætla jeg ekkert að þrátta. En með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp kafla úr brjefi hreppsnefndarinnar til mín. Þar eru taldar fram aðalástæðurnar fyrir því, að hreppsnefndin hefir í umboði sveitarinnar farið fram á að fá þetta heiðarland keypt. Þessi kafli hljóðar þá á þessa leið:

„Meiri hluta af jörðum í Mosfellshreppi er svo háttað, að þær eru betur fallnar til sauðfjárræktar en nautgripa (víðast ekkert kúgæft hey utantúns) og á mörgum þeirra er talsvert mikið land, sem alls ekki verður nytjað öðruvísi en til beitar fyrir sauðfje — haust- og vetrarbeit.

En til þess að fjáreign sje örugg og arðvænleg, þarf að tryggja til sumarbeitar svo gott land, sem kostur er á. Hreppurinn hefir ekki viðurkenningu fyrir eignarheimild nema á litlum hluta af afrjettarlandi. Fjórar jarðir aðrar en Mosfell — 3 bændaeign (Miðdalur, Elliðakot og Helgadalur) og ein þjóðareign (Þormóðsdalur) — eiga nóg upprekstrarland fyrir sig, og sumar þeirra nokkuð meira. En langmesta og besta landið á Mosfell.

Land þetta hefir hreppurinn notað sem afrjettarland frá ómunatíð og altaf annast um öll fjallskil á því og stundum goldið auk þess leigu í peningum.

Nú á síðari árum hafa ábúendur (prestar) á Mosfelli stundum leigt landið til slægna, helst Reykvíkingum. Sem eðlilegt er, hafa þá þeir menn varið landið, svo að afrjettarfjenaður hefir engan frið haft á því, en hröklast burtu, sumpart ofan í bygðina og gert þá skaða á heyjum og slægjulöndum manna, og sumpart hefir hann farið í lönd annara sveita, sem flest eru heimalönd einstakra jarða, svo sem Stardals, Fremraháls, Fellsenda og Stíflisdals.

Fari nú svo, að girðingar yrðu settar á hreppa- og sýslumörkum í heiðarlandinu, sem vel má vera, sjá allir, hve nauðsynlegt það er fyrir fjáreigendur í Mosfellssveit, að þeir hafi óskift afnot af þessu umrædda landi fyrir afrjettarfjenað sinn, en þau eru mjög óviss nema hreppurinn eignist landið. Ábúandi Mosfells getur haldið áfram að leigja landið til slægna um lengri eða skemri tíma, og má þá vel vera, að þeir menn tækju, sem girtu landið að meira eða minna leyti, og þó að landið sje ekki girt, þá er það varið að mestu, eins og áður er sagt ....“.

Jeg hygg ekki, að jeg þurfi sjálfur að bæta neinu við þau rök, sem þessir kunnugu menn færa fyrir þörf hreppsins um að eignast þetta land. Veit jeg, að allir, sem þekkja þessa menn, leggja trúnað á orð þeirra, og vænti jeg mjer mikils styrks af umsögn þeirra, vegna þess hve þeir eru kunnir mörgum hv. þdm.

Mjer sýnist það tvent bert í þessu máli, *að* Mosfell verður engu verri bújörð, þótt heiðarlandið verði selt, úr því að andvirði hins selda lands gengur til ræktunar heimalandsins, og *að* hreppurinn hefir ríka þörf fyrir afrjettinn, þörf, sem löggjafanum ætti að vera því ljúfara að bæta úr, sem hjer eiga hlut að máli landskunnir búforkar, sannir forgöngumenn um nýrækt og fyrirmyndarbúskap í hvívetna.

Jeg lofaði að tala ekki langt mál og

læt því staðar numið með þeirri ósk til hv. frsm. (JörB), — sem jeg þykist vita, að muni svara mjer —, að hann fari að mínu dæmi og tali stutt, svo að málið geti fengið afgreiðslu þegar í dag.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það var eitt, sem mjer láðist að taka fram í fyrri ræðu minni, sem sje það, að mælast til þess við hv. flm. (ÓTh), að hann tæki frv. aftur. Og þó að það sje kannske um seinan nú, þá ætla jeg nú samt að fara fram á það við hann.

Annars þarf jeg ekki mörgu að svara honum og get víst orðið við þeim tilmælum hans að halda ekki langa ræðu.

Það er fjarri mjer að lasta háttv. flm. (ÓTh) fyrir það, að hann reyni eftir bestu getu að túlka málstað þeirra manna, sem hjer eiga hlut að máli. En hitt held jeg, að hann geri fullmikið úr þörf eða nauðsyn sveitarinnar á því að ná eignarhaldi á þessu heiðarlandi. Annars vil jeg segja honum það, að jeg vildi miklu heldur styðja að því með atkvæði mínu að selja alla jörðina heldur en að taka undan henni landspildur. Og ætti jeg að greiða atkv. um annaðhvort þetta, mundi jeg fylgja því að selja jörðina.

Þá ætla jeg með nokkrum orðum að víkja frekar að því, er jeg sagði um jörðina í fyrri ræðu minni. Samkvæmt síðasta fasteignamati er Mosfelli lýst svo, að þar sje töðufall heimatúns 200 hestar og útheyskapur 300 hestar, sem aðallega var aflað á Víðinum. Það land er nú búið að tæta og selja af því undan jörðinni 2 teiga. Jeg hefi hjer við hendina lýsingu á jörðinni áður en þetta land var sumpart eyðilagt til slægna eða selt, og sú lýsing er á þessa leið:

„Land ekki mikið heima, nægt gripum að sumri, nokkur vetrarbeit. Sumt fjarri bak við Mosfell". Það mun vera landspilda, sem Mosfell á norður við Leirvogsá og kölluð er „Svunta". Það, sem farið er fram á að selja undan jörðinni með frv. þessu, er því meginhluti lands hennar, utan „Svuntunnar" auðvitað. **(MJ:** Jörðin stendur strípuð uppi með eina svolitla svuntu!). Þá eru Bringur eftir og Jónssel. Í Bringum hefir verið búið um stund. Þar er lítið tún, sem gefur af sjer 60 hesta af töðu, en útheyskapur jarðarinnar talinn um 400 hestar. Annars er lýsing jarðarinnar á þessa leið:

„Land ákveðinn hluti úr heiðarlandinu, útsuðurhorn þess, rúmt og gott ætíð, er til nær, en talsvert snjóþungt. Smölun erfið (í afrjettarjaðri)".

Nú veit jeg vel, að ábúandi Mosfells, sem verður þá presturinn ef kallið verður endurreist, geti sagt upp ábúð á Bringum og tekið það land til heimajarðarinnar. En jeg veit ekki, hvort hv. flm. (ÓTh) er ljóst, hvernig varið er landamerkjum milli Bringna og Mosfellslands. Jeg fór í stjórnarráðið til þess að afla mjer upplýsinga um þetta og fjekk það svar þar, að ákveðin landamerki mundu engin vera, því að stjórnarráðið vissi ekki til, að nokkru sinni hefði verið gengið á landamerki, heldur mundu hinir fyrri prestar hafa sagt Bringubændum, hvað af landi aðaljarðarinnar þeir mættu nota, og svo verið alla þá stund, sem Bringur hafa verið í bygð. Þess vegna er mjer ekki grunlaust um, að síðar gæti risið upp ágreiningur um þessi óljósu

landamerki, og er þá leiðinlegt fyrir ríkisvaldið að hafa átt þátt í því með sölu þessa lands.

Afgjald af Bringum er metið á 60 krónur, og taki prestur jörðina úr ábúð, missir hann af þessum tekjum. En ef setja á þarna upp sauðfjárbú eins og í fyrri daga, þá er nauðsynlegt að hafa býlið í ábúð, því að of dýrt mundi það reynast, og jafnvel lítt mögulegt, að hirða um sauðfje í Bringum heiman frá Mosfelli.

Þá ætla jeg með fáeinum orðum að víkja að ræðu hv. flm. (ÓTh). Hann vildi halda því fram, að ef sveitin næði eignarrjetti á þessu umræddu landi, þá væri um leið komið í veg fyrir það, að landið yrði leigt eða girt, sem annars mundi verða. Jeg get nú ekki sjeð, að neinn skaði sje skeður, þó að engjalandið sje girt, því að þá hefir fjeð betra næði og verður ekki ónáðað af þeim, sem þarna stunda heyskap. Annars liggur í hlutarins eðli, að prestur hefir ekki heimild til að leigja landið til lengri tíma en hann hefir sjálfur ábúð á jörðinni. Hann getur á engan hátt bundið hendur eftirkomenda sinna. Og þó að líkindi sjeu til, að ungur maður verði kosinn prestur að Mosfelli, þá hefir hann enga heimild til að binda jörðinni kvaðir lengur en á meðan hans nýtur við. Ef nú ætti að samþykkja þetta frv., þá er með því skapað fordæmi, sem ekki verður vitað, hvar við lendir. Jeg veit ekki til þess, að jörð eða jarðarhlutar hafi áður verið seldir, þar sem ekki voru lögákveðin landamerki. Það eru veigalitlar ástæður, að sveitin þurfi að kaupa þetta land af því hún á lítinn afrjett. Það á sjer víða stað. Jeg þekki t. d. jörð, sem á mikið land og víðáttumikið, sem sveitin notar og borgar fyrir árlega. Það er Úthlíð í Biskupstungum. Sveitinni er nauðsynlegt að geta haldið fje sínu þar. Nú gætu einhverjir fundið upp á því að girða þetta land, en samkv. röksemdaleiðslu hv. flm. væri þá nauðsynlegt fyrir sveitina að fá landið keypt, til þess að koma í veg fyrir, að yrði girt. Og jeg þekki fleiri dæmi þessu lík.

Þá lagði hv. flm. mikla áherslu á það, að andvirði hins selda lands ætti að verja til umbóta heimajörðinni og taldi, að með því gæti prestur aukið búskapinn.

En þetta eru svo barnalegar ástæður, að varla er orðum þar að eyðandi. Nú er mjer tjáð af kunnugum manni, að þarna mætti heyja um 2 þúsund hesta, þegar vegur er kominn þangað, sem slægjur eru bestar; en nú er torvelt að ná til þeirra. Hann gæti fengið 1500—2000 kr. bara fyrir slægjur. Hvað lengi er þá verið að fá peninga langt fram yfir jarðarverðið?

Jeg kannast við ummælin úr brjefinu, sem háttv. flm. las upp. Það eru sömu ummælin sem standa í brjefi prestsins. Jeg fer að halda, að þeir hafi tekið úr brjefi prestsins til hv. þm., eða að sveitarstjórnin hafi þá orðað brjefið fyrir hann. En það skiftir ekki máli, hvort svo er. Það sýnir bara það, að presturinn, sem hefir gefið meðmæli sín með þessari sölu, hann er ekki glöggur á, hvað búskap hentar, ef hann yrði bóndi á Mosfelli. Annars þarf ekki að tala um það frekar, því að ekki er fullráðið, hver þarna komi til að þjóna, ef prestakall

verður stofnað. Seinna geta líka aðrir komið þarna, sem kynnu máske betur við að nota jörðina meira til búskapar en mjer virðist þessi prestur ætla að gera. Jeg held þess vegna, að það væri í mesta máta óviðfeldið, ef Alþingi getur fallist á, að landið verði selt undan jörðinni og hafa ekki betri gögn í höndum til þess að byggja sölúna á heldur en hjer liggja fyrir.

Mjer er þetta á engan hátt kappsmál eða allshn. En við höfum lagt það eitt til þessa máls, sem við teljum forsvaranlegt eins og málið hefir legið fyrir okkur og er upplýst til þessa. Að öðru leyti getur nefndinni legið í ljettu rúmi um meðferð þess. En það verður sú einstakasta afgreiðsla nokkurs þingmáls um sölu jarðar, ef þingið getur fallist á að selja þetta land.

Pjetur Þórðarson: Það var kannske rjettara og vissara af hv. frsm. (Jör-B) að taka það fram, að nefndinni hefði ekki gengið nema gott eitt til að ráða málinu á þann veg, sem hún hefir gert, enda líklegt, að enginn muni bera brigður á það. — En það er einkennileg tilviljun, að nefndin hefir hallast að þessu ráði, þar sem hjer er að ræða um almennings gagn, ef þetta land verður samkvæmt frv. tekið og selt frá jörðinni. Jeg get skilið þá menn, sem er illa við að selja opinberar eignir í hendur einstaklinga; en hitt get jeg ekki skilið, hvers vegna það er svo fráleitt að selja jarðarpart í hendur heilu hreppsfjelagi til almennra opinberra nota. Öll röksemdaleiðsla nefndarinnar gengur út á að sýna og sanna það, að hjer sje um svo mikla hagsmuni að ræða fyrir væntanlegan prest á Mosfelli, og að það sje viðsjárvert eða jafnvel hættulegt að láta þá hagsmuni lenda hjá sveitarfjelaginu, sem hann á að lifa í. En líkindin hafa sýnt, eftir því sem upplýst er í málinu, að hjer sje verið að leggja á meiri hættu á þann hátt, að notin af þessu landi og aðalhagnaðurinn lendi í einstakra manna höndum, — jafnvel annara en hins væntanlega prests sjálfs.

Hjer hefir ekki verið gerð nein grein fyrir því, hversvegna búskapurinn á þessu prestssetri geti ekki blessast, þótt þessi hluti jarðarinnar yrði seldur. — Mjer er kunnugt um það, að á Mosfelli eru nú hafðar 8 kýr og reyndar fleiri nautgripir, og þó dálítið sauðfjárbú, þótt þetta land sje ekki notað. Því að það er alkunnugt eftir þeim gögnum, sem hjer liggja fyrir, og umsögn hv. frsm. sjálfs, að þetta land, sem um er að ræða, er alls ekki notað neitt frá Mosfelli, því að einstökum mönnum eru leigð notin af þessu landi. Um mjög langan aldur hefir það ekki verið notað frá jörðinni sjálfri. Eftir því, sem fram hefir komið við umræðurnar, þá eru mest líkindi til, ef landið verður ekki selt sveitinni, að það lendi í hendur einstakra manna, sem girði það síðan. Þeir, sem óska eftir að fá landið leigt, munu nota sjer það á þann hátt, að aðrir hafi þess engin not. Það er þessi mikli munur á því að selja einstökum mönnum landið á leigu og því að fá það heilu sveitarfjelagi til eignar og umráða. Ef um það væri að ræða að selja þetta heiðarland einstökum mönnum, þá skildi jeg niðurstöðu nefndarinnar, enda þótt líkindi sjeu til, að

landið verði ekki notað frá jörðinni. (**JörB:** Það er alls ekki rjett, sem þingmaðurinn er að segja!). En ef á að selja hreppsfjelaginu, þá get jeg ekki skilið, hvers vegna ímyndaðir hagsmunir prests eins í framtíðinni eigi að ganga fyrir þörf til almenningsnota.

Þetta hugsa jeg flestum deildarmönnum sje auðskilið mál, að hjer gæti verið um það að ræða að synja einu hreppsfjelagi að fá keyptan fullu verði jarðarhluta, sem það opinbera hefir í sjálfu sjer engin hlunnindi af að eiga, jafnvel þótt þarna kæmi svo duglegur prestur að jörðinni, að hann gæti notið einhverra hagsmuna af landinu fram yfir það, sem nú er og hefir verið um langan tíma. — Nei, það er auðheyrt líka á rökstuðningi hv. frsm. (JörB), að honum vefst tunga um tönn einmitt við að gera grein fyrir ástæðum nefndarinnar, — sem er eðlilegt, því að hjer er hann ekki að berjast fyrir almennum hagsmunum, heldur fyrir einstaklings hagsmunum. Jeg vona, að hann viðurkenni þetta.

Jeg skal verða fyrstur manna til þess að viðurkenna það rjett, sem hv. frsm. tók fram, að nefndinni gengi ekki annað en gott til um þetta; en hún hefir farið ofurlítið vill vegar, og nú ætti hún að snúa aftur. Jeg vona, að það sje ekki orðið of seint enn og að hún muni nú jafnvel vilja falla frá þessari ákvörðun sinni þegar í stað.

Klemens Jónsson: Jeg vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að fjhn. hefir ekki getað haldið fund nú í 14 daga og fyrir liggja mörg mál, sem nefndin hefir ekki enn getað tekið ákvörðun um. Vil jeg því leyfa mjer að vekja athygli hæstv. forseta á því, að nefndin þarf nauðsynlega að fá tækifæri til að athuga þessi mál. (**PO:** Hún verður að fara að hafa fundi á morgnana). Þá hefir hún aðra fundi.

Forseti (BSv): Það má taka þetta til athugunar framvegis; en í dag verður ekki hjá því komist að halda fundinum áfram.

Ólafur Thors: Jeg sje ekki ástæðu til að tala langt mál til andmæla hv. frsm. allshn. Hann las upp lýsingu á jörðinni og lagði út af hvernig hún yrði, ef frv. yrði samþ. Ekki gat hann um höfund þeirrar lýsingar, og hefði það þó verið óhætt, því að lýsingin var svo ljeleg, að hún gat ekki versnað, þótt höfundarins hefði verið getið, jafnvel þótt hann væri ekki neinn sjerstakur merkismaður. Í fyrri ræðu minni skýrði jeg frá, að jörðin misti einskis í, þó að þessi sala nái fram að ganga. Hefi jeg þar til vitnis tvo landskunna sómamenn, sem eru vel kunnugir öllum staðháttum á þessu umrædda landi.

Jeg hefi notað fundarhljeð til þess að sýna hv. þingmönnum, hvaða land er farið fram á, að selt verði, og hefi jeg haft við hendina kort yfir svæðið. Tel jeg mjer það meiri styrk en langa ræðu um málið. Jeg hefi bent á, að þó að þetta land verði selt, þá hefir Mosfell mikið beitiland eftir sem áður, og heimalandið er svo mikið, að ef það væri ræktað, gæti það framfleytt margfalt meiri búpeningi en jörðin hefir haft í seinni tíð, ekki einungis í tíð núverandi ábúanda, heldur einnig þeirra næstu á undan honum.

Það má deila um það, hve mikið

hygginn búmaður geti hagnast árlega við leigu slægna, en ef hægt væri, eins og hv. frsm. heldur fram, að fá 1500—2000 kr. fyrir leigu slægnanna árlega, þá hafa það verið aumu búskussarnir, sem þarna hafa búið, því að enginn ábúandi hefir hagnast meira af þessu árlega en um $^1/_{10}$ hluta þessarar upphæðar. Hv. frsm. spyr, hvernig fari um landamæri Bringna og heiðarlandsins, og hjelt hann, að það gæti valdið vandræðum. Ef til sölu kemur, ákveður atvinnumálaráðuneytið landamærin áður en salan fer fram, og þar með eru þau vandkvæði leyst.

Jeg mótmæli þeim niðrandi orðum, er frsm. ljet sjer um munn fara um núverandi ábúanda. Jeg sje það á hv. frsm., að honum finst „niðrandi" of sterkt orð, en hann sagði, að helst liti út fyrir, að hreppsnefndin hefði skrifað brjefið fyrir ábúanda, en hann einungis skrifað undir. Þetta eru alveg óviðeigandi orð og hv. þm. ósamboðin.

Að lokum vil jeg þakka form. landbn. fyrir ræðu hans, sem var að miklu leyti alveg rjett. Jeg hygg, að það vegi þungt hjá þeim, sem ekki þættu mín rök nógu sterk, að sá deildarmanna, sem mesta hefir reynslu og þekkingu á búmálum, skuli fylgja mjer svo fast að málum.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer finst lítið að græða á umr. um þetta mál. Þær eru ekkert annað en staðhæfingar á móti staðhæfingum, og því til lítils gagns fyrir þá, sem ekki þekkja landið. Enginn hefir getað borið á móti því með rökum, sem jeg sagði um landið. Jeg sagði, að Mosfellspresturinn verði að hafa sauðfje uppi í Bringum og mann til að hirða það þar á vetrum, og mun það verða ærið kostnaðarsamt. Þá er það skakt, að ekki sje notað til beitar það land, sem á að selja. Þá má einnig hafa þar stórkostleg slægjunot. Mjer hefir sagt vel kunnugur maður, sem lítur algerlega hlutlaust á þetta mál, að ef vegur verði lagður þarna, megi heyja 1000—2000 hesta í þessu landi. En í Bringum og heimalandi ekki meira en ca. 400 hesta. Ef þarna verður býli áfram, — hvaða grasnyt á þá bóndinn að hafa? Hv. flm. sagði, að lýsing jarðarinnar, sem jeg las upp, væri ófullkomin og ábótavant. Lýsinguna fjekk jeg uppi í stjórnarráði og bygði hana á lýsingu undirmatsmanns í Mosfellssveit. Hv. flm. getur lesið hana þar sjálfur, og mun hann þá komast að raun um, að engu orði er breytt. Það er ekki venja mín að túlka mál mitt eða kjósenda minna með ósönnum gögnum. Fari jeg skakt með, er það afsökun mín, að það er í annara orða stað.

Hv. flm. viðurkennir, að ekki hafi verið ákveðin landamæri milli Jónssels og Bringna og þess lands, sem ætlað er að selja. Og það þori jeg að fullyrða, að aldrei hefir það verið samþykt á Alþingi áður að selja jörð án þess að vita, hvar landamæri hennar eru. Hv. flm. fer fram á, að þm. greiði því atkv., sem þeir vita alls ekkert um. **(ÓTh:** Það væri þá alveg nýtt!). Jeg vildi þá heldur vita fyrst, hvað á að selja.

Hv. flm. drap á, að lítil not hefðu verið að þessum slægjum. Það hefir þó undanfarin ár verið heyjað þar af öðrum um 400 hestar, og hefir þó ekki náðst til þess lands, þar sem slægjur eru bestar. Úr því mundi rætast, er

vegurinn væri kominn. Það liggur í hlutarins eðli, að atvinnumálaráðuneytið ákveði landamæri milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar, ef girt verður, en mjer finst viðkunnanlegra, að það væri gert áður en landið yrði selt. Annars er það ekki mitt verk að sjá um það; jeg á einungis að afla þeirra upplýsinga, sem hægt er.

Hv. flm. endar ræðu sína á þakklæti til hv. form. landbn. Hann kom fram eins og hann vildi styðja málstað hv. flm. og talaði um, að hjer væri um hagsmuni einstaklings að ræða annarsvegar og almenningsheill hinsvegar. Jeg verð að segja, að þetta er þó sá maður, sem sveitin hefir viljað fá til sín og stendur til að embætti verði stofnað fyrir. Jeg geri ráð fyrir, að sveitarmönnum sje ekki alveg sama um það, hvernig að honum er búið. Þessi maður á að vera sálusorgari þeirra, og ekki nóg með það, heldur einnig leiðtogi þeirra í andlegum og veraldlegum málum. Jeg held, að hv. þm. Mýr. (PÞ) hafi skotið yfir markið, er hann beindi því að allshn., að hún væri að túlka mál einstaklings hagsmuna á móti hagsmunum heils sveitarfjelags. Hagsmunir sveitarfjelagsins yrðu ekki meiri en nú, nema það sje tilætlun þess að ætla að nota landið sem fjeþúfu. Þar að auki er land þetta opinber eign og allshn. er því að gæta hagsmuna ríkissjóðs, en ekki einstaklings. Ákúrur hans get jeg því látið mjer í ljettu rúmi liggja, enda býst jeg ekki við, að hv. þm. sje fæddur með þeim gáfum, að hann þurfi síður upplýsinga í málinu en við hinir, enda er jeg hræddur um, að hann sje að túlka hagsmuni færri einstaklinga en við. Jeg get ekki orðið við þeim tilmælum hans að taka till. okkar aftur. Jeg get ekki vænst þess, að hann taki ræðu sína aftur, því að það er ógerningur, úr því að hún er einu sinni fram komin, en óneitanlega væri það best fyrir hann sjálfan, ef það væri mögulegt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þykist sjá á nál., að allshn. líti svo á, að ef frv. verði samþ. og úr sölunni verði, þá verði prestssetrið svo að segja landlaust til slægna og beitar. (**MJ:** Presturinn mætti þá aldrei heita Jóhann, svo að hann fengi ekki viðurnefnið „hinn landlausi"). Út af þessu vil jeg taka það fram, ef frv. verður samþ., að stjórnin mun telja sjer skylt að undanskilja það land, sem prestssetrið og hjáleigurnar þarfnast til þess að halda uppi sæmilegum búskap. Í orðinu heiðarland felst mótsetning við heimaland, og ekkert af heimalandinu á að selja. Jeg verð að segja, að það er næsta algengt að selja hreppsnefndum heiðarlönd kirkjujarða, til þess að hafa fyrir upprekstrarland. Jeg sje því ekkert á móti því að selja þetta heiðarland frekar en önnur, þegar eftir verður skilið nægilegt land handa jörðinni.

Það getur meira að segja verið hyggilegra að selja en að halda í það, þegar sveitarfjelagið vill kaupa; ekki hvað síst þegar þess er gætt, hvað landið er nálægt Reykjavík og hætt við, að mikið verði boðið í það. Það er vissulega mikil freisting fyrir fátækan prest að láta landið á leigu um lengri tíma, en það gæti aftur orðið erfitt fyrir sveitina, því að þá mundi hreppurinn geta orðið í vandræðum

með afrjett. Aftur á móti get jeg ekki sjeð, að hlutaðeigandi prestur verði fyrir neinu skakkafalli, þótt salan nái fram að ganga, þegar eftirskilið er nóg heimaland handa jörðinni og andvirði heiðarlandsins gengur til þess að rækta hans eigin ábýlisjörð. Því er haldið fram, að mikið slægjuland sje á þessu heiðarlandi. Þannig er oft á heiðarlöndum, en slægjur eru þar vanalega ótryggar sökum ágangs. Jeg hefi viljað taka þetta sjerstaklega fram vegna þess, að hv. frsm. allshn. spurði, hvað það væri, sem ætti að selja. Mjer finst það harla undarleg spurning, þar sem það var einmitt eitt af þeim atriðum, sem nefndin átti að rannsaka.

Ef frv. verður samþ., verða matsmenn látnir meta, hve mikið land jörðin þurfi til þess, að þar geti þrifist sæmilegur búskapur.

Magnús Torfason: Fyrir 2—3 árum var jeg kvaddur til þess að gera fjárnám í Stíflisdal í Þingvallasveit. Var mjer þá sagt, að greiðfærasti vegurinn þangað væri að fara fyrst hingað til Reykjavíkur, upp að Laxnesi og þaðan að Stíflisdal. Sá jeg þá lönd þau, sem nú er í ráði að selja, og undraði mig mjög, hversu grösug þau voru. Eru þau áreiðanlega grösugustu löndin milli Hellisheiðar og Esju, þar til kemur að Kjalarnesi. Þegar jeg spurðist fyrir, komst jeg að því, að Þingvallabúar fara altaf þennan veg ríðandi eins og leið liggur upp með Leirvogsá upp hjá Mosfelli, að Fellsenda, sem er sömuleiðis landssjóðsjörð og hefir óákveðin landamerki, og að lokum um Stíflisdal til Þingvalla. Jeg vissi áður, að Þingvallasveitarbúar líta svo á, að það hafi verið mikil mistök að leggja veginn til Þingvalla yfir Mosfellsheiði, í stað þess að leggja hann yfir þetta blómlega graslendi, eins og líka vegamálastjóri lagði til. Jeg verð að segja, að mjer þykir merkilegt, að nú skuli eiga að selja hluta úr þessu landi, að eins óathuguðu máli og hjer virðist vera. — Kunnugir menn segja, að undir eins og þarna sje kominn vegur, verði sóttar þangað miklar slægjur úr Reykjavík. Þó er nú slegið töluvert í þessum löndum, enda þótt flytja þurfi heyið tveggja tíma leið á klökkum að Mosfellsheiðarvegi. Yfirleitt má ekki hrapa að þessu máli, fyr en staðgóðar upplýsingar eru fengnar um það.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg mundi ekki hafa farið fram á að fá að tala í 4. sinn í þessu máli, ef hæstv. atvrh. (MG) hefði ekki geymt sjer að tala, þar til jeg hafði talað þrisvar sinnum. Jeg stend ekki upp til þess að fara að bera af mjer neinar sakir; þó lá það í orðum hæstv. ráðh., að honum fyndist nefndinni hafa orðið áfátt í vinnubrögðum. Jeg get ekki viðurkent þetta; ef sökin er hjá nokkrum, þá er hún hjá undirmönnum hæstv. ráðh. Jeg sneri mjer til dómsmálaráðuneytisins og spurði, hvort Bringum hefði verið löglega skift og gerðin samþykt af stjórnarráðinu. Þeir vissu ekki til þess. Þá er líka nokkuð síðan nál. kom út, svo að ef hæstv. atvrh. hefði vitað til þess, að landamæri hefðu verið sett á löglegan hátt, þá býst jeg við, að hann hefði upplýst það nú. Og þó að það

upplýsist kannske, að svo sje, þá gat jeg engar upplýsingar um það fengið í stjórnarráðinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að undanskilja mætti nægilegt land handa jörðinni. Eftir því að dæma má þá taka af því landi, sem salan á að fara fram á, og láta jörðina halda því, ef með þarf.

Þetta sýnir, hvað mál þetta er hörmulega undirbúið. Það væri viðkunnanlegra, að matið færi fram áður en selt er. Hæstv. ráðh. drap á, að prestinum mætti á sama standa, þótt landið yrði selt, ef nóg land væri eftir handa jörðinni, þar sem fjeð fyrir heiðarlandið ætti að ganga til ræktunar. Jeg býst þó ekki við, að það fje mundi nema hárri upphæð. Af þessu landi má hafa svo mikil slægjunot, hvort sem prestur hefir sjálfur eða selur á leigu, að gefa mundi í aðra hönd margfalda upphæð söluverðs á fáum árum. Sú röksemd, að prestur hafi hagnað af sölunni, er því á sandi bygð. Mjer hefir verið sagt af mjög kunnugum manni, eins og jeg hefi áður sagt, að heyja megi á þessum slóðum 1000—2000 hesta. Það er ekki hátt reiknað 1000—1500 kr. árlegar tekjur.

Forseti (BSv): Þar sem hæstv. atvrh. (MG) var borið það á brýn, að hann hefði seilst til þess að taka til máls síðar en honum bar, vil jeg taka það fram, að það var ekki hans sök, heldur fyrir misgáning minn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hæstv. forseti hefir nú borið af mjer þá sök, að jeg hafi dregið að kveðja mjer hljóðs þangað til hv. frsm. (JörB) var dauður, svo að jeg þarf engu að svara því.

Jeg vil benda hv. frsm. á það, að þótt ekki sje skift úr landi fyrir hjáleiguna Bringur, er ekkert hægra en gera það að skilyrði fyrir sölunni, að nokkur hluti landsins fylgi Bringum, og þá Mosfelli líka. Þetta áleit jeg hafa tilheyrt nefndinni að gera, að fela stjórninni að undanskilja nauðsynlegt land handa þessum býlum. Það er algengt, að skifta þurfi löndum út af sölu kirkju- og þjóðjarða. Og því verður ekki sjeð, að hjer sje um meira að ræða en þegar stjórninni er falið með lögum að annast sölu kirkjujarða.

Jeg ber ekki brigður á, að rjett sje frá skýrt um slægjur í þessu landi. Jeg þekki það ekki. En hitt veit jeg, að það er algengt, að á afrjettum sjeu slægjulönd. Það ræður af líkum, að á afrjettum sje hægt að slá, að minsta kosti að þar sjeu góðir hagar, ef á annað borð er um góð afrjettarlönd að ræða. En hins þarf jeg ekki að spyrja nokkurn mann, að slægjulönd í miðjum afrjetti eru mjög ótrygg.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu fyrir mig að ræða málið. Ef frv. verður samþykt, mun stjórnin telja sjer skylt að sjá um, að nægilegt land fylgi þessum býlum.

Hjeðinn Valdimarsson: Í sambandi við þetta mál vil jeg leyfa mjer að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. atvrh. (MG). Þær eru þessar: Hvers vegna hafa verið seldar skákir úr Mosfellsvíðinum? Hverjum hafa þær verið seldar? Við hvaða verði? Hve nær? Og með hvaða heimild?

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg fylgist varla með þessum spurningum öllum: hvers vegna — hverjum — hvaða verð — hve nær — hvaða heimild. Þær eru víst 5, ef jeg tel rjett.

Tveir menn hafa keypt skákir í Mosfellsvíði; annar er Árni G. Eylands, en hinn Þorgi Þórðarson. Heimildin fyrir sölunni er sú, er felst í lögum frá 1907 um sölu kirkjujarða. Kaupverðið man jeg ekki því miður og heldur ekki dagsetning á afsalsbrjefum. Var það svo fleira? **(HjV:** Hvers vegna?). Hvers vegna notar stjórnin heimildarlög, sem hún hefir? Það er af því, að hún álítur það rjettmætt. Um það má náttúrlega deila. En ástæðan var sú hjer, að fá peninga til þess að rækta þann hluta Víðisins, sem ekki var seldur. Fjenu verður varið til þess að rækta hinar skákirnar.

Ólafur Thors: Jeg þakka hæstv. atvrh. (MG) góðar undirtektir.

Mjer finst hv. þdm. geta látið sjer nægja, að ekki verði selt undan Mosfelli annað en það, sem að athuguðu máli getur talist hættulaust.

Í tilefni af ummælum hv. 1. þm. Árn. (MT) vil jeg aðeins segja þetta: Það getur vel verið, að hann hafi farið um grösug lönd. En verulegur hluti þeirrar leiðar, sem hann var að lýsa, liggur fyrir utan það land, sem hjer um ræðir. Jeg get vel skilið, að háttv. þm. hugsi sig um tvisvar, áður en þeir selja slíkt Gósenland, sem hv. 1. þm. Árn. lýsti. En sú lýsing er bara þessu máli með öllu óviðkomandi, því hjer er ekki rætt um sölu þess lands, sem hann var að lýsa.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg býst við, að þeir sjeu fleiri en jeg, sem eru í vafa um, hvernig þeir eiga að greiða atkvæði í þessu máli. Þó finst mjer rjett að greiða atkvæði með því til 3. umr. Mjer finst ekki liggja fyrir nægar upplýsingar enn sem komið er. Hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Það er um það að ræða að selja part úr væntanlegu prestssetri; því að líka er á ferðinni frv. um að endurreisa hið gamla Mosfellsprestakall. Ef það verður samþykt, er með þessu frv. verið að skerða prestssetrið og ganga á rjett þess prests, er við því tekur. Því þykir mjer rjett, að leitað sje umsagnar biskups áður en í þetta er ráðist, hvort hann telji rjett að skerða jörðina svo. Það vantar nægileg gögn fyrir því, að jörðin þoli slíka skerðingu. Jeg greiði því atkv. með frv. til 3. umr. í þeirri von, að þessar upplýsingar liggi þá fyrir.

Úr því að jeg stóð upp, ætla jeg að vekja athygli á öðru í sambandi við frv. Þegar fjárl. voru til umr., bar jeg fram till. um að rýmka heimild fyrir presta og aðra landseta ríkissjóðs að vinna af sjer landskuld með jarðabótum. Hún var feld. En með 2. gr. þessa frv. er gengið miklu lengra en jeg fór í till. minni. Þar eru ábúanda jarðarinnar áskilin þau hlunnindi um ræktun heimajarðarinnar, að hann ekki einungis sem aðrir landsetar ríkissjóðs hefir heimild til að vinna af sjer landskuldina, heldur á alveg á sjerstakan hátt að verja ákveðnu fje til

ræktunar landi jarðarinnar. Jeg vildi gjarnan mega vænta þess, ef þetta verður samþykt, að þá fengist líka samþykt, að landsetar ríkissjóðs, prestarnir, fái að einhverju leyti svipaða aðstöðu á sínum jörðum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil taka það fram út af orðum hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg man ekki betur en það hafi oft komið fyrir áður, að heiðalönd væru seld undan prestssetrum. Um 2. gr. frv. er það að segja, að hjer stendur svo á, að tekið er land, sem tilheyrir jörðinni, og selt, og síðan á að verja andvirðinu til þess að bæta jörðina sjálfa. Það sýnist ekki nema sanngjarnt. Hjer við bætist, að búið er að selja undan jörðinni part, sem var gott land til ræktunar. Með því að nú hefir komið til orða að endurreisa þar prestssetur, virðist vera vel til fallið að bæta skerðingu jarðarinnar upp, einmitt á þennan hátt.

Magnús Torfason: Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) þóttist upplýsa, að það væri misskilningur, að jeg hefði farið um þessi lönd, sem á að selja. Jeg fór einmitt yfir part af þeim. Og jeg skal skýra frá tildrögum þessa ferðalags. Þingvallasveitarbúar höfðu talað um vegarstæði á þessum slóðum og lagt fast að mjer um það, að vegur yrði þar lagður. Jeg taldi mjer því skylt að athuga leiðina sem best. Þótt jeg sje ekki eins hlaupalegur og hv. 2. þm. G.-K. — **(ÓTh:** Hvorki andlega nje líkamlega). Það getur vel verið. En hvað sem um það er, þá hefi jeg aldrei verið neinn hlaupagosi, en þó jafnan brekkusækinn, og jeg fór þar upp á fell eitt hátt, taldi það ekki eftir mjer, og leit yfir landið. Kunnugur maður var með mjer og naut jeg leiðbeininga hans. Leist mjer vel á landgæðin, og alt, sem hv. frsm. (JörB) hefir sagt um kosti þess, kemur heim við umsögn þessa manns, sem var öllum staðháttum vel kunnugur, og er í samræmi við það, sem yfirvöld og prestur á Þingvöllum hafa upplýst. Jeg get því ekki kannast við, að jeg hafi farið með skakt mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, BSv.

nei: ÁJ, HStef, HjV, IngB, JG, JK, JörB, KlJ, MJ, MT.

Einn þm. (JakM) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 15:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:9 atkv.

Á 64. og 66. fundi í Nd., dagana 2. og 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 317).

Pjetur Ottesen: Jeg óska þess, að hæstv. forseti vildi fresta umr. um þetta mál, þar til útsjeð er um, hvernig fer um 1. málið á dagskránni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil taka undir það með hv. þm. Borgf. (PO), að málinu verði frestað og tekið fyrst fyrir 1. málið á dagskránni. Jeg segi fyrir mig, að það getur haft áhrif á afstöðu mína til þessa máls, hvort jörð þessi á að verða prestssetur aftur eða ekki. Einmitt þetta skiftir miklu máli um það, hvort menn vilja selja. Jeg óska því eindregið, að hæstv. forseti verði við þessu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil benda á það, að ef Mosfell verður ekki prestssetur, þá er jafnvel heimilt að selja alt saman, og þá auðvitað parta af jörðinni líka. Jeg álít því, að það þurfi ekki að hafa nein áhrif á afstöðu manna til málsins, hvort sem hitt frv. er afgreitt á undan eða eftir. En auðvitað er mjer sama. En ef á að selja hreppnum heiðarlandið, þá þarf alveg sjerstök lög um það.

Umr. frestað. — Síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

Tryggvi Þórhallsson: Við 2. umr. um þetta mál bað jeg um upplýsingar um það, hvað kirkjustjórnin eða biskup landsins legði til um þessa sölu. Nú hefir þessi hv. deild samþykt að endurreisa Mosfellsprestakall, en hjer er um það að ræða að skerða land jarðarinnar, prestssetursins, að miklum mun.

Út af þessu vildi jeg beina þeirri spurningu til hv. nefndar, hvort hún hafi aflað sjer upplýsinga um það, hvernig kirkjustjórnin lítur á þetta.

Árni Jónsson: Jeg býst við, að það sje ekki til neins að fara að ræða þetta mál nú, með því að það mun nokkurnveginn ákveðið, hvernig það á að fara. En í sambandi við það frv., sem samþ. var hjer áðan, um að endurreisa Mosfellsprestakall, vildi jeg benda á það, að það hefir hingað til verið talinn slæmur hrekkur að bjóða manni til sætis og kippa um leið stólnum undan honum. Hjer hafa þau undur skeð, að hinir sömu menn, sem hæst hafa hrópað um þörfina á því að endurreisa Mosfellsprestakall, hafa um leið róið að því öllum árum, að selt yrði landið undan prestinum. Er ekki annað sýnna en að aumingja prestinum sje ætlað að standa á öðrum fæti á blásnum þúfnakolli einhversstaðar í sókninni. Er auðsætt, að svo fýkin sem sóknarbörnin eru í hin andlegu verðmætin, þá er fýknin enn meiri í landið.

Nú má af þessu ráða, að vissulega sje þessum afvegaleiddu moldarbörnum ekki vanþörf geistlegrar uppfræðslu. En ósamræmið í atferli þeirra bendir til slíks hugsunarháttar, að vafi hlýtur jafnan á því að leika, hvort fremur sje hlutverk þjóðkirkjunnar en heiðingjatrúboðsins að sjá þeim fyrir fræðslu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg ætlaði ekki að tefja tímann með því að taka til máls að þessu sinni, en af því að hv. þm. Str. (TrÞ) óskaði eftir að fá að vita, hvort nefndin hefði leitað álits biskups um þetta mál, skal jeg láta þess getið, að hún hefir ekki gert það. Nefndina skiftir það engu, hvað biskup segir um þetta, þó að hann sje höfuð kirkjunnar. Það er eins og hjer sje verið að setja sig út til þess að ná þessu góða landi fyrir lítið verð. Jeg verð að telja það algerlega óverjandi,

sem hjer er verið að reyna, að svifta prestinn besta hluta landsins, og jeg ætla að þeim, sem að þessu vinna, verði það minnisstætt, ef þeim tekst það. Jeg vil ekki ætla hv. þdm. það, að þeir samþ. þetta, þó að það væri ekki að undra, þótt svo færi, eins og legið hefir verið í hv. þm. til að knýja þetta fram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi nú fengið þær upplýsingar frá hv. nefnd, að hún hafi ekki leitað álits biskups um þetta. Jeg er alls ekki sammála hv. frsm. (JörB) um það, að ástæðulaust sje að leita hans álits í máli eins og þessu. Biskup er yfirmaður kirkjunnar og því rjettur aðili til að gera till. í þessu efni, og t. d. er það altaf venja hjá okkur í fjvn. að leita hans álits um þau mál, sem snerta kirkjuna. En jeg vil láta þess getið, að jeg spurði um álit biskups í þessu máli einkum vegna þess, að jeg taldi víst, að hann mundi leggja á móti þessari sölu. Jeg hefi nefnilega við nána athugun komist að þeirri niðurstöðu, að þessi sala eigi alls ekki að fara fram. Það er nú vitað, að það verður eftir fá ár lagður nýr vegur til Þingvalla, og hann verður ekki lagður eftir háheiðinni, heldur einmitt eftir þessu landi, og jeg veit ekki, hvar er aðstaða til að fjölga býlum, ef ekki þarna á þessu stóra svæði, sem liggur mörg hundruð fetum lægra en ein blómlegasta sveitin á Norðurlandi, nefnilega Mývatnssveit, og þar að auki alveg við markaðinn.

Jeg býst við því, að hreppsnefndin í Mosfellssveit sje þannig skipuð nú, að óhætt sje að fá henni þetta í hendur, en það eru ekki nema fá ár síðan farið var þannig með eignir hreppsins, að það var til lítils sóma fyrir þá hreppsnefnd, sem þá var.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil leyfa mjer að bera fram þá till., að máli þessu sje vísað til stjórnarinnar til frekari rannsóknar. Jeg hygg, að allir aðiljar megi vel við það una, að stjórnin láti rannsaka þetta mál til hlítar og leggi svo gögnin fyrir Alþingi á ný.

Ólafur Thors: Jeg verð að mótmæla till. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg get ekki sjeð, að neitt skorti upplýsingar í þessu máli. Hv. þdm. hafa haft nóg tækifæri til að kynna sjer það; það hefir legið fyrir kort af landinu, sem á að selja, o. s. frv. Þegar jeg hafði flutt rök mín fyrir þessu máli, hafði jeg þá ánægju, að háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) kom til mín og ljet þess getið, að sjer hefðu þótt þetta veigamikil rök, og þó hann sje nú að reyna að vera fyndinn í sambandi við þetta mál, þá má hann gjarnan fyrir mjer spreyta þann fák.

Þá sagði hv. frsm. nefndarinnar, að mjög fast hefði verið lagt að hv. þm. um fylgi við málið. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert athugavert við það, þó að hjeraðsmenn leyfi sjer að tala við hv. þm. og beri fram sínar óskir og skýri mál sitt með rökum. Annars virðist það svo um framkomu sumra hv. þm., að rök skifti hjer engu máli; í stað þess að rökræða þetta mál hefir verið beitt kappi. Að lokum vil jeg leyfa mjer að mótmæla því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að verið væri að

skerða jörðina Mosfell. Að kunnugra manna sögn er hægt að bæta jörðina svo mikið fyrir andvirði hins selda lands, að hún verður betri eftir en áður. Það fer líka vel saman að endurreisa prestakallið og bæta jörðina um leið og þörfum hreppsbúa um afrjett er fullnægt. Jeg vænti, að hv. þdm. sjái, að það er að hengja bakara fyrir smið, að hefna sín á núverandi hreppsnefnd í Mosfellshreppi fyrir eitthvað, sem einhver hreppsnefnd í þessum hreppi hefir einhverntíma gert. Eftir næstu kosningar mun jeg ekki hefna mín á þm. Str. fyrir afglöp, sem núverandi háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir gert. Jeg geri ráð fyrir, að þá verði annar maður í því sæti. Menn mega ekki láta villa sjer sýn með því, að talað er um nýbýlarækt á heiðinni. Það er reynsla fengin fyrir því, að nýbýlarækt þarna fær ekki staðist sökum frosta. Jeg orðlengi þetta ekki frekar; jeg vænti þess, að hv. þdm. láti rökin njóta sín og sanngirnina ráða í þessu máli.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki getað sannfærst um það af þeim umræðum, sem fram hafa farið um þetta mál, að hreppsnefndin í Mosfellshreppi hafi nokkra þörf á því að fá það land, sem hjer um ræðir, til eignar, heldur þvert á móti. Hreppsnefndin ætlar ekki að nota þetta land til nýbýlaræktunar, heldur til afrjetta, enda verð jeg að segja það, ef nota ætti landið til ræktunar, þá væri það betur komið í eign landsins en hreppsins. Það má nú svo heita um sveitina fyrir vestan Hellisheiði, að þar sje hver blettur ræktaður, sem hægt er að rækta og gróður er á. En þarna er Gósenland, sem bíður ræktunar. Nú á að leggja veg gegnum þetta land, og er þá hægara að nota landið og líkur fyrir því, að þar rísi upp mörg nýbýli. Það er því undarlegt, ef þingið ætlar sjer nú án neinnar þurftar að fara að flýta sjer að selja þetta land. Það er líka enn ein ástæða til þess að jeg tel ekki rjett að ráða þessu máli til lykta sem stendur. Eins og menn vita, er það hinn setti prestur, sem hefir umráð jarðarinnar nú, en eins og stendur getur hann tæplega kallast sjálfráður í tillögum sínum um málið. (**Ó-Th:** Hvers vegna?). Af því að hann er væntanlegur biðill til prestakallsins og þarf því að eiga vingott við kjósendurna í hreppnum til þess að ná kjöri. Það má því með sanni segja, að hann sje varla sjálfráður um álit sitt í þessu máli; sennilega mundi það spilla kjörfylgi hans, ef hann neitaði beiðni hreppsnefndarinnar. En nú er ekki víst, að þessi setti prestur nái kosningu, þrátt fyrir alt, og þá tekur þingið með þessu fram fyrir hendurnar á hinum væntanlega presti. En það hefir aldrei verið stjórnarsiður að selja undan kirkjujörðum án þess að fá tillögur rjettra umráðamanna. Af fylgismönnum þessa máls hefir verið talað um að leita umsagnar biskups. En það tel jeg ekki rjett vegna aðstöðu hans, þar sem hann er faðir hins setta prests. Að öllu þessu athuguðu álít jeg, að mál þetta sje ekki svo undirbúið, að rjett sje að hrapa að því að samþykkja það.

Ólafur Thors: Jeg vil, að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Árn. (MT), benda á það, að svo gæti farið, að afrjettur þessi yrði leigður manni, sem girti

hann. Það höfðu tekist samningar milli prestsins og eins ábúanda í Mosfellshreppi, að hann tæki nokkurn hluta af afrjettinum á leigu. Jeg get vel sagt það, að leigutakinn er Thor Jensen. En ef hann fengi þetta stykki á leigu, þá mundi hann girða það. En ef landið verður girt, þá telja hreppsbúar sig illa setta og hafa því farið fram á þessi kaup. Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að hinn setti prestur á Mosfelli væri varla sjálfráður gerða sinni í þessu máli. Hvers vegna, spurði jeg. Vegna þess, svaraði hv. þm., að hann er væntanlegur bióill að prestakallinu og þarf að eiga vingott við kjósendurna. Hv. 1. þm. Árn. er dómari. Telur hann sig þá ekki sjálfráðan gerða sinna, þegar hann þarf að dæma mál manna í Árnessýslu vegna þess að hann er væntanlegur biðill við kosningar þar? Vil jeg um leið skjóta þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh., hvort rjettaröryggi í landinu sje ekki hætta búin af slíkum hugsunarhætti yfirvaldanna.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get vel skilið það, að þeir, sem vilja þessa sölu, sjeu ekki neitt sjerlega spentir fyrir því að hafa miklar umræður um hana, því að rök þau, er þeir færa fram þessu máli til stuðnings, stangast eins og hrútar. Jeg sýndi fram á það við 2. umr., hve mikið og gott land þetta væri bæði til heyskapar og beitar, og það hefir ekki verið hnekt einu einasta orði af því, enda var það ekki hægt. Jeg bygði þetta á sögusögn kunnugra manna og skírskotaði til matsmanns sveitarinnar. Það er því æðihart, að því skuli vera slegið fram og það staðhæft án nokkurra raka, að þetta sje ekki rjett, þegar ekki er hægt á nokkurn hátt að hnekkja því. Hv. flm. (ÓTh) sagði, að jörðin væri ekkert skert með því að selja þetta land undan henni. En hví sækist hreppsnefndin svo mjög eftir að fá það, ef það er einskis virði? **(ÓTh:** Það á fult matsverð að koma fyrir landið). Það eru skóbótaskifti og hundsbætur, sem jörðin á að fá í staðinn. Þá sagði hv. flm., og kastaði þá út mörsiðrinu og þóttist færa fram þau rök, sem riðu baggamuninn, að það stæði fyrir dyrum, að landið yrði leigt, og þá mundi leigutaki girða landið og væri það hreppsbúum mjög bagalegt. Þetta kemur nú ekki vel heim. Í öðru orðinu er sagt, að landið sje svo rýrt, að það sje eiginlega einskis virði, en í hinu orðinu er sagt, að það sje svo mikils virði, að leigutaka muni finnast tilvinnandi að girða landið. Það er nú ósköp sennilegt, ef landið er lítils virði, að leigutaki vilji kosta upp á að girða það fyrir nokkur ár. Því að það verður auðvitað ekki leigt til langs tíma af þessum presti, því að hann hefir ekkert leyfi til að binda eftirkomendur sína. Þetta er því bein sönnun þess, að land þetta er gott og getur sjerstaklega orðið gott og gagnlegt, ef rækt er lögð við það. Enda er það sögn nákunnugra manna, ef vegur verður lagður um landið, þá megi heyja þar frá 1500—2000 hesta. **(ÓTh:** Á veginum?). Þetta, eins og reyndar alt annað þessu máli viðvíkjandi, mun standa nokkuð öfugt í hv. flm. Getur hann ekki skilið, að greiðari aðgangur verður að slægjunum, ef vegur verður lagður um landið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira

um þetta mál. Það er búið að margsýna fram á það, að það á engan rjett á því að ná fram að ganga, og það er hreinasta ósvinna, að það skuli hafa verið borið hjer fram.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurjón Jónsson: Jeg hafði nú alls ekki ætlað mjer að gera grein fyrir atkv. mínu, en það var hv. sessunautur minn (JörB), sem kom mjer til þess að kveðja mjer hljóðs. Það voru svo sterk orð, sem þessi hv. þm. notaði um þetta mál, að mjer þótti hlýða mín sjálfs vegna að drepa á þær ástæður, sem jeg hefi fyrir því að greiða atkvæði með þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Það er þá fyrst og fremst það, að land það, sem hjer er um rætt að selja, það er heiðarland og andvirði þess lands á að ganga til ræktunar heima á Mosfelli. Þetta heiðarland á að meta af dómkvöddum mönnum, eftir því sem kveðið er á í lögum frá 1907; matsverðið á þessu landi á að fá út með því móti, sem segir í 7. gr. þeirra laga, að leggja til grundvallar það, sem landið hefir gefið af sjer að meðaltali 10 undanfarin ár, svo framarlega sem matsmönnunum sjálfum þykir sú leiga vera sanngjörn. Viðvíkjandi verðinu vildi jeg mega — með leyfi hæstv. forseta — lesa nokkur orð úr lögunum frá 1907:

„Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúendaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eftir leigumála jarða í því bygðarlagi".

Með því nú að þarna eru ákveðin 4%, þá hleypir það matsverðinu upp. Því lægri, sem rentufóturinn er, því hærra hlýtur matsverðið að vera.

Jeg get nú ómögulega skilið þá hv. þm., eins og háttv. sessunaut minn (JörB), sem talaði svo um andvirði þessa selda heiðarlands, að hann kallaði það hundsbætur, smánarverð og öllum ljótum nöfnum. Jeg álít, að þetta heiðarland hljóti að verða prestinum eða ábúandanum á Mosfelli svo lítils virði, að það nái ekki nokkurri átt að brúka þessi orð um það verð, sem þessir dómkvöddu menn koma sjer saman um. Jeg þykist mega ganga að því alveg vísu, að verðið, sem sett verður á þetta heiðarland, svari nokkuð til þess raunverulega verðmætis landsins. Þá er spurningin aðeins eftir: Er ábúandanum á Mosfelli betra að nota heiðarlandið eða að fá verðmæti þess til þess að leggja í ræktun heima? Jeg skal ekki segja, hverjum búnaðarháttum hv. þm. er vanur þarna austur frá. Jeg hygg, að hægt væri að hafa í seljum þarna, ef selfarir tíðkuðust ennþá, eins og fyrir 30—40 árum; og þá gæti það vitanlega orðið eins gott fyrir ábúandann á Mosfelli að nota heiðarlandið eins og að fá túnblett heima á prestssetrinu sjálfu. En eins og búskaparlagi er

nú háttað, þá hugsa jeg, að það sje ábúandanum á Mosfelli altaf hentugra að eiga verð þessa lands í túnbletti heima við bæinn heldur en að eiga heiðarlandið, hvort sem hann heldur leigir það eða notar sjálfur.

Að öðru leyti get jeg vísað til þeirra raka, sem hv. þm. Mýr. (PÞ) kom með við 2. umr. þessa máls, þar sem hann talaði um nauðsyn hreppsins til þess að kaupa þetta land, og myndi því landið í eigu hreppsins halda áfram að vera opinber eign, því að hjer er ekki um einstakan mann að ræða, heldur heilt hreppsfjelag.

Jeg vildi ekki láta hjá líða að koma með þessa aths.; mjer finst svo lítið hafa verið um það rætt, að hjer er gengið ákveðið út frá því, að matsverðið verði nálægt raunverulegu verðmæti landsins. Og þeir menn munu verða settir til þess að meta þetta, sem ekki eru ófærari til þess en hv. sessunautur minn (JörB) og aðrir þeir menn, sem talað hafa um smánarlegt verð fyrir þetta land.

Pjetur Þórðarson: Það er dálítið torskilið, hversu erfitt hefir verið að halda umræðunum um þetta mál innan hæfilegra takmarka gætni og stillingar. Fyrir mjer er málið ekkert kappsmál, síður en svo; en hitt þykir mjer ekki rjett að láta afskiftalaust, að þeir menn, sem hafa aðra skoðun á málinu, sæki það með ofurkappi. Mjer þykir ekki rjett að gera ekki það, sem unt er, til þess, að málið sje rólega athugað. Jeg gerði tilraun til þess við 2. umr., og það hafði góð áhrif þá. Jeg ætla því ennþá að gera samskonar tilraun — ekki af því að mjer falli það þungt, ef mín skoðun verður ekki ofan á — heldur vegna hins, að málið er einfalt og liggur ljóst frá öllum hliðum fyrir þinginu, og þess vegna þarf engrar frekari varúðar að gæta um það, að þingið geti nú þegar tekið ákvörðun um málið.

Það hefir verið bent á, að hv. þm. væru ókunnugir staðháttum og hvernig landi er þar í raun og veru háttað. Það getur vel verið, að einhverjir hv. þm. sjeu ekki svo kunnugir sem skyldi. En til þess að bæta úr því hefir legið fyrir uppdráttur af Mosfellsheiði, skýr og glöggur, og mjög hægt af þeim uppdrætti að gera sjer ljósa grein fyrir, hvernig þar hagar til.

Jeg er kannske kunnugri á þessum slóðum heldur en sumir aðrir háttv. deildarmenn. Jeg hefi bæði farið yfir heiðina norðanverða til Þingvalla og leiðina, sem farin er skáhalt yfir þetta land um miðbik þess, og svo loks sunnanvert, og jeg hefi oft komið að Mosfelli og í grend við það og gert mjer grein fyrir, hvernig landi þessarar jarðar er varið. Yfir höfuð hefi jeg komið að öllum hliðum þessa lands, sem hjer um ræðir, og yfir það þvert á einum stað að minsta kosti. Niðurstaða mín af samanburði á ýmsum hlutum þessa lands er sú, að það sje því verðmætara sem norðar dregur. En landið liggur langt frá heimajörðinni og verður því ekki að eins hagkvæmum notum og ella mundi. Það hefir verið mikið gert úr því af sumum hv. deildarmönnum, hve landið væri verðmætt, og bygt á því, að ríkið mætti hafa meiri hagsmuni af því í einhverri hugsanlegri framtíð heldur en nú. Hvenær og hverjum

þeir hagsmunir verði til góðs síðar meir, er ekki íhugað. Hv. frsm. (JörB) og hv. 1. þm. Árn. (MT) halda því fram, að landið sje verðmætt fyrir ríkið til þess að hafa til miðlunar síðar meir, og jafnvel til nýbýla. En það skiftir litlu máli, í hverju verðmæti landsins er fólgið. Það verðmæti, sem í landinu býr, fellur ekki niður, þótt eigendaskifti verði, og enginn munur að því leyti, hvort það er í eigu Mosfellssveitar eða í eigu ríkisins. Munurinn er enginn og kemur ekki málinu við. Um verðmætið er ekki annað að segja en það, að selja verður landið því dýrara sem það er meira virði. Annað skiftir ekki máli að svo stöddu. Þetta má skýra betur: — Þótt ríkið hjeldi áfram að halda landinu í sinni eigu, kemur ekki til mála, að það yrði ríkissjóði til beinna hagsmuna, þannig að hann fengi meira afgjald af landinu en hann fær nú, heldur mundu þeir lenda hjá einhverjum smærri aðiljum. En jeg vil heldur, að þessir hagsmunir lendi hjá mörgum meðlimum þjóðfjelagsins heldur en hjá einum eða fáum einstaklingum. Jeg álít ekki rjett, að hagsmunir, sem verða af þessu landi framvegis umfram það, sem nú er, lendi eingöngu hjá væntanlegum presti að Mosfelli. Ef þetta prestakall verður endurreist, eins og nú liggur næst að ímynda sjer, þá verður vitanlega sjeð fyrir hagsmunum þess prests. Hann fær sín laun og ríkið fær ekki aðra hagsmuni af landinu undir hans umsjá en þá, sem fólgnir eru í því mati á brauðinu, sem gildir og koma fram í því að draga heimatekjur staðarins frá þeirri upphæð, sem prestlaunasjóður yrði annars að greiða presti. Þótt það væri rjett hjá hv. frsm., að væntanlegur prestur á þessum stað gæti á næstunni haft 1500—2000 kr. árlegar tekjur af landinu, þá er fjarri því, að jeg fallist á, að það sje sanngjarnt, að þessi prestur, hver sem hann verður, njóti einn þessara auknu hlunninda. Ríkissjóður getur ekki haft neinar tekjur af þeim, því það er alveg víst, að heimatekjur prestsins yrðu ekki reiknaðar að því skapi hærri.

Jeg hugsa ekki, að allir geri sjer svo bjartar vonir um framtíð þessa heiðarlands; þótt slíkar glæsivonir vaki fyrir hv. frsm. allshn. og reyndar hv. nefnd allri, þá er jeg viss um, að þær láta ekki nærri neinni hóflegri niðurstöðu í augum óvilhallra manna.

Því er svo varið um þetta mál, að það hefir ekkert að segja, hvers virði landið er með hliðsjón af því, hvort á að selja það ellegar ekki. Verðmæti þess verður metið af óvilhöllum mönnum og flutt, ef jeg mætti svo segja, heim að túni jarðarinnar sjálfrar.

Frá almennu sjónarmiði er eitt, sem kemur til greina. Það er mjög þýðingarmikið atriði um afkomu hverrar sveitar, er á landbúskap byggir, að eiga sjer góð afrjettarlönd. Nú á hjer hlut að máli sveit, nefnilega Mosfellssveitin, sem hefir mjög takmarkað og rýrt afrjettarland, en er hinsvegar stór sveit og fjölmenn, í hraðfara framför um búskap og hefir því tilfinnanlega þörf fyrir að eiga gott afrjettarland og sæmilega víðlent. Þetta land, sem komið hefir til orða að selja, liggur mjög vel við sem afrjettur fyrir þessa sveit og er alt innan takmarka hennar. Það er því ekki nema eðlilegur hlutur, að sveitarfjelaginu leiki hugur á að tryggja sjer afnota-

rjett af heiðarlandinu í þessu skyni. Það er alment viðurkent um þetta atriði, að tilvinnandi sje — og það hefir víða verið gert — að leggja niður býli til heiða til þess að tryggja bygðarmönnum stærra og betra afrjettarland, því að afrjetturinn er eitt af lífsskilyrðum hverrar sveitar. Til dæmis að taka er það alkunnugt um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, að þar má alveg greina sundur og raða niður fjárhagsafkomu einstakra sveita eftir gæðum þeirra afrjettarlanda, sem þær hafa.

Þetta skilyrði er í raun og veru, þótt sumum kunni að sjást yfir það, öllu þýðingarmeira fyrir afkomu sveitanna og viðhald og þróun landbúnaðarins heldur en sum þau úrræði, sem fastara er haldið fram á dagskrá þjóðarinnar.

Mjer er kannske þetta atriði þeim mun ljósara, sem það er mjög þýðingarmikið heima í minni sveit og spurning, hvort ekki er nauðsynlegt sveitarfjelagsins vegna að leggja niður gott býli lengst upp til fjalla til þess að auka landrými og landgæði afrjettarins. (**JörB**: Ekki preststsetur). Ekki preststsetur, segir háttv. sessunautur minn (JörB). Hjer er ekki um það að ræða að leggja niður neitt preststsetur. Ef hjer er verið að skerða verðgildi jarðarinnar, þá er því til að svara, að hagsmunir sveitarinnar af góðu afrjettarlandi eru rjettmætari en sá gróði, er einhver einstakur prestur kynni að hafa af þessu landi. En hinsvegar verður ekki annað sjeð en hagsmunir prests og hagsmunir jarðarinnar sjeu fulltrygðir og hvorumtveggja vel borgið með því, sem frv. sjálft kveður á um.

Lítum nú á þetta sveitarfjelag. Það er alkunna, að stórbúskapur er rekinn þar í sveitinni af einstökum mönnum. Þeir hafa tekið svo stór lönd til ræktunar, að skapast hafa þrengsli í heimalöndum, svo að til vandkvæða horfir ekki aðeins um beit handa sauðfje og hrossum, heldur jafnvel um sumarhaga fyrir kýr. Nú er sveitin í mikilli framför, og má búast við, að haldið verði áfram að taka stór svæði til ræktunar, hvar sem möguleikar og skilyrði eru fyrir hendi. En eftir því sem ræktaða landið vex, þrengist um sumarbeit fyrir skepnur. Um vetrarbeit er náttúrlega ekki að ræða.

Nú vakir það fyrir mjer, að þessi sveit þyrfti, þrátt fyrir túnræktina og breytt búskaparlag, sem túnræktinni fylgir, að gjalda varhuga við, að annar búnaður legðist með öllu niður, t. d. sauðfjárrækt. Það er enn langt þangað til sauðfjárbúskapur legst niður í Mosfellssveit. Og til þess að halda honum við þarf afrjettarland, og því er sveitinni nauðsyn að tryggja sjer umráð yfir þessu landi. En þó ekki væri þess vegna, gæti svo farið, að stórbændurnir, sem nú leggja mesta áherslu á túnrækt og mjólkurframleiðslu, reyni á einhvern hátt að tryggja sjer þetta land til beitar fyrir kýr sínar, er þrengist um haga í heimalöndum. Það er mjög mikil hætta, að því meiri áhersla sem lögð er á kúabúin, því ríkari verði þörf sveitarinnar eða einstakra manna, sem skara langt fram úr um framkvæmdir í búskap, að ná þessu landi á sitt vald til sumarbeitar. Það liggur því beint við að ætla, að landið kæmist á einhvern hátt undir yfirráð einstakra fárra manna, sem

peningaráð hafa til þess að tryggja sjer það. Og það mun borga sig fyrir þá, þótt dýrt kunni að verða í fyrstu. En um leið útiloka þeir hagsmuni fjöldans, og því álít jeg landið betur komið í höndum sveitarfjelagsins í heild sinni. Með því móti mundu hagsmunirnir skiftast hlutfallslega jafnt niður á alla í sveitinni. Jeg veit, að engum háttv. þingdeildarmanni, sem hefir gert sjer far um að athuga málið með stillingu, dettur í hug að neita því, að þetta er kjarni þessa máls.

Magnús Torfason:* Jeg ætlaði mjer að láta nægja það, sem jeg sagði í gær, en hv. flm. og 2. þm. G.-K (ÓTh) hefir gert það að verkum, að jeg kemst ekki hjá að segja nokkur orð.

Háttv. flm. (ÓTh) vildi halda því fram, að hjer væri ekki nema um heiðarland að ræða. En nú er það upplýst, að þar er um 2000 hesta slægja, og má því frekar heita graslendi en heiði. Þegar þess er gætt, að í landinu eru fólgin mikil verðmæti, og hinsvegar hafður í huga væntanlegur vegur, sem mundi auka þessi verðmæti að miklum mun, þá er auðsætt, að hjer er um að ræða framtíðarland til ræktunar. Og sú upplýsing, sem háttv. flm. gaf í gær, að hreppsnefndin heimtaði landið til kaups, vegna þess að einn góðborgari þessa lands ætlaði að fá landið á leigu til girðingar, sýnir einmitt, að það er arðvænlegt og eftirsóknarvert og er að stíga í verði. Hjer á að fremja samskonar sölu og þegar bestu býli eru seld fyrir 4 þús. kr. og fást til kaups fyrir tífalt hærra verð 2—3 árum seinna. Af því að jeg er ekki þingmaður „Moskowíta", verð jeg að líta svo á, að skylda mín sje að hugsa meira um hag landsins í heild en eins einstaks hrepps. Einmitt þetta, að hugsað er til girðingar um landið, er fyrsta sporið til ræktunar og sömuleiðis er það spor í þá átt að ætla landið til kúabeitar. Við þetta hvorttveggja verður landið bætt. Kúabeit bætir hvert land, en sauðfjárbeit skemmir. Verkin sýna merkin. Það vita allir, að vort fagra land, sem alt var skógi vaxið, er nú orðið að beru holti, auðvitað af ránbeitinni. Mjer finst líklegt, að einmitt þetta, ef landið verður girt, verði til þess að styðja jarðræktina, sem þegar er hafin í Mosfellssveit. Og jeg segi fyrir mig, að jeg vil ekki, að þingið fari að hlaupa í köpp við þann góða og gamla mann, sem tilnefndur er sem forgöngumaður þessa, Thor Jensen, sem jeg minnist ætíð með mikilli virðingu. Á hann annað betra skilið af þeim, sem nú sitja á þingi. Hann átti manna bestan þátt í því, að ræktunarsjóðurinn komst í það horf, sem nú er, og hefir fyrstur útgerðarmanna sýnt, að hann vill verja gróða sínum, sem fæst með rányrkju á sjó, til ræktunar á landi. Jeg verð að játa, að hv. flm. hefir sýnt sjerstaka ósjerplægni með framkomu sinni í þessu máli, að hann skuli rísa þannig gegn föður sínum, eins og gerðu synir Þorgeirs Ljósvetningagoða forðum.

Það hefir verið sýnt fram á, að þetta land getur haft mikið framtíðarverðgildi, og því er ekki nema eðlilegt, að sveitarstjórnina muni í bitann og vilji gleypa hann áður en hann kemst í verð. Jeg ætla ekki að lá henni það. Frá hennar sjónarmiði er ekkert við

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

það að athuga, að hún leggi kapp á að ná tökum á þessum skika. Hreppsnefndir eru jafnan eigingjarnar og verða líka að vera það. — Þótt lagt hafi verið mikið upp úr því, að þörf væri á að afgera söluna á þessu landi nú á þessu þingi, þá dylst mjer sú þörf. Hvorki skilst mjer, að slík þörf geti átt sjer stað, nje heldur hefi jeg heyrt fram færða eina einustu ástæðu fyrir þessari þörf. Það eina, sem þörf væri á að gera, væri það, að skora á hæstv. atvrh. að sjá um, að kauprjettur Mosfellshrepps yrði ekki fyrir borð borinn til næsta þings og málið rannsakað betur en gert er þangað til. Lengra er ekki þörf að fara að sinni, og kæmi fram rökstudd dagskrá, sem færi í þessa átt, mundi jeg fyrir mitt leyti styðja hana. Það er ekki meining mín að vera á móti hreppsnefnd Mosfellssveitar, ef hún virkilega þarf landsins með, en ef hún þarf þess ekki, þá tel jeg það eins vel komið í eign ríkisins.

Sú ástæða hefir m. a. verið borin fram, að ábúandi ætli að leigja landið. Það getur hann ekki gert eftir ábúðarlögunum, því í þeim er framleiga bönnuð. Það yrði þá að vera eftir einhverjum sjerstökum samningum. Þeir, sem halda slíku fram, verða a. m. k. að sýna einhver skilríki fyrir því, að ábúandi hafi heimild til að leigja jörðina. Þar sem nú er í ráði að gera þessa jörð að prestssetri, nær ekki nokkurri átt, að leigja megi landið, og það væri rjett að skora á hæstv. ráðh. að setja það að skilyrði fyrir veitingu brauðsins, að ríkið hafi full umráð yfir þessari landspildu. Jeg skal geta þess út af misskilningi, sem hjer hefir komið fram, að við þm. Árnesinga erum ekki á móti þessu máli vegna hagsmuna Árnesinga. Þvert á móti. Árnessýslu væri heldur bagi að því, að landið væri girt. Það er svo nú, að Mosfellshreppur notar 4 afrjetti í Árnessýslu. Þangað gengur alt fje Mosfellinga óhindrað. Svo koma þeir þangað á slættinum og hrifsa fje til slátrunar og reka þá kannske stundum fje Árnesinga með. Það merkilega er, að þegar farið er um þessi lönd neðarlega, sjest varla kind, en þegar kemur upp í Árnessýslu, er kind á hverri þúfu.

Mjer heyrðist það á hv. flm. (ÓTh) að hann vilja halda því fram, að jeg gerði lítið úr prestsefni Mosfellinga. Jeg neita því. Jeg sagði bara, að maðurinn væri á biðilsbuxum, og þegar menn eru á þeim buxunum, kærðu þeir sig ekki um að vera að stríða þeim, sem þeir væru að biðla til. Jeg vænti þess, að hv. flm. hafi ekki farið svo að á sinni tíð. Hv. flm. gaf í skyn, að dómsmálaráðherra ætti að sjá um, að maður með slíkum hugsunarhætti sem jeg sæti ekki framar í dómarasæti. (**ÓTh:** Jeg talaði um framboð). Jæja, kannske hv. flm. hafi yfir einhverju að kvarta í þessu efni, að jeg hafi sem dómari gert eitthvað, sem kemur í bága við þingmannsstörfin?

Hv. þm. Mýr. (PÞ) talaði fagurlega og vildi, að hagsmunirnir lentu fremur hjá sveitinni en prestinum. Jeg er því samþykkur. En hjer er ekki verið að tala um hagsmuni sveitar og prests, heldur sveitar og lands. Eins og menn vita, eru prestaköllin metin upp eftir vissa áratölu, og ef þau hækka í verði, nýtur ríkið þess, en

ekki presturinn. Þetta er því alveg öfugt hjá hv. þm. Mýr.

Jeg legg það ekki í vana minn að hnippast við einstaka þingmenn, en jeg vil gefa hv. flm. (ÓTh) gott ráð: Hann ætti að nota sumarfrí sitt til þess að fara til ....

Þórarinn Jónsson: Það er af sjerstökum ástæðum, að jeg kveð mjer hljóðs. Það er aðallega af því, að mjer virðist þetta mál rekið með meiri stóryrðum og hita en flest önnur mál. Jeg veit ekki, í hverju það liggur, og jeg hefi hvorki ástæður nje löngun til þess að grafast eftir því. Jeg hefi hent á lofti nokkur ummæli, sem fallið hafa. Það hefir verið kölluð „ósvífni" að samþ. frv., alt lýst „ósatt", sem fram hefir komið frv. til meðmæla, verðið, sem koma á fyrir landið, kallað „hundsbætur", verið talað um „heiðingjatrúboð" o. s. frv. Eftir þessu að dæma hlýtur að vera hjer um meira en lítið að ræða. Jeg get vel trúað, að hjer sje um gott land að ræða, eftir því sem jeg þekki til samskonar mála. Heiðalönd, sem prestssetrum fylgja, eru að jafnaði góð lönd, því að á uppgangstíð kirkjunnar eignaðist hún margar ágætar jarðir og ítök. En hvernig hefir verið farið með slík heiðalönd annarsstaðar? Þau hafa alstaðar verið seld undan prestssetrunum. Það er því ekkert undarlegt, þó að hjer sje farið fram á það sama. Það er líka svo, að hinar stóru og góðu jarðir, sem notaðar eru fyrir prestssetur, eru yfirleitt ver setnar en flestar aðrar jarðir. Það ætti því síður að vera ástæða til að halda í þessi lönd, þegar sveitarstjórnirnar þurfa að nota þau til annars. Hví á að halda í þetta land fremur en önnur álíka? Jú, það er sagt, að þarna megi stofna nýbýli, og ennfremur er sagt, að ef þetta land sje selt, þá sje jörðinni ekkert eftir skilið nema flag heima við bæinn. Þarna kemst nú rökfærslan í greinilega sjálfheldu. Hvernig er hægt að stofna nýbýli án þess að taka landið frá jörðinni? Jörðinni er jafnlítið eftir skilið, hvort sem landið er selt eða tekið undir nýbýli. Hvernig er svo þetta flag, sem talað er um heima við bæinn? Það er brotið land, herfað og undirbúið til ræktunar. Það er dálítið önnur merking í því, sem venjulega er átt við með orðinu „flag". Það er sagt, að þarna sje 800—2000 hesta slægjuland. Jeg býst við, að það sje nú eitthvað ýkt, en það munu þó vera töluverðar brokslægjur í þessu heiðarlandi. Gerum nú ráð fyrir, að landið yrði selt á 4—6 þúsund krónur og hægt yrði fyrir andvirði þess að rækta 10 hektara land heima við prestssetrið. Af því landi mundu fást um 450 hestar af töðu. Hver mundi nú sá vera, sem ekki vildi skifta á þessum brokslægjum og fá 450 hesta tún fyrir? Hjer kemur líka annað til greina. Hjer kemur fram bein tilraun til að fleyta þeirri stefnu fram, sem alment er talin sjálfsögð og rjett: að nota ræktað land í stað óræktaðs, nærtækt töðuland í staðinn fyrir heiðarslægjur. Nú hefir stjórnin lýst því yfir, að sjer dytti ekki í hug að leyfa svo mikla sölu, að jörðin hefði ekki nægilegt beitiland. Hvað er þá ótrygt í þessu máli? Jeg hefi altaf fylgt þeirri stefnu, að rjett væri yfirleitt að selja einstaklingum opinberar jarðeignir. Það ættu heldur ekki að vera eyðilagðir ræktunarmöguleikar þessa lands, þó að það kæmist í

hendur sveitarstjórnarinnar. Jeg skil ekki, að verra þyrfti að vera að eiga við þau stjórnarvöld í því efni heldur en landsstjórnina. Jeg geri hreppsnefnd Mosfellshrepps engar getsakir í þessu máli. Jeg geng út frá, að hún geri það við landið, sem hún álítur hagkvæmast fyrir sveitina. Ef fjenaður sveitarinnar gengur í landinu og gerir prestinum óhagræði, því meiri ástæða er til að selja. Jeg finn ekki neina skynsamlega ástæðu til þess að neita þessari sölu. Eins og jeg hefi tekið fram, álít jeg allar þessar eignir betur komnar í höndum sveitarstjórna og einstaklinga heldur en ríkisins. Það hefir sýnt sig, að á ríkisjörðunum er oftast um mesta vanrækslu að ræða.

ATKVGR.

Till. frá 4. þm. Reykv. (HjV) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, HStef, HjV, IngB, JG, JK, JörB, KlJ, MJ, MT.

nei: ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JÓl, JS, MG, BSv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, BSv.

nei: JG, JK, JörB, KlJ, MJ, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, HStef, HjV, IngB.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 317).

Á 69. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Frv. þetta var borið fram í hv. Nd. eftir ósk hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi. Heiðarlandið er afrjettarland, ekki áfast við jörðina sjálfa, og hefir hún þess lítil not. Helstu tekjurnar af landinu eru þær, að stöku sinnum eru leigðar þar slægjur, þegar þannig árar, að þar sprettur. — Mosfellshreppur má heita upprekstrarlandslaus, en hefir mikla þörf fyrir afrjett. — Búnaðarhættir í hreppnum hafa mikið breyst á síðustu árum, þannig að farið er að stunda þar kúarækt meira en áður var, enda þótt landið sje vel fallið til sauðfjárræktar. En til kúaræktarinnar þarf aukna ræktun, svo sem menn vita. Það kemur sjer því ákaflega vel fyrir prestinn á Mosfelli að fá peninga fyrir heiðarlandið, til þess að geta ræktað heimajörðina. Enda er fullkomið samkomulag um söluna milli núverandi prests og hreppsnefndarinnar. Þau sjá, að salan er báðum aðiljum fyrir bestu. — Jeg vona, að að umr. lokinni verði frv. vísað til hv. allshn., og vil jeg biðja hana að hraða afgreiðslu þess sem mest, svo að það geti komist fram á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 317, n. 617).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í. e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Nefndin hefir kynt sjer mál þetta að því leyti sem það var unt og fallist á ástæður þær, sem fram eru bornar í greinargerð fyrir frv., og álítur því rjett að heimila þessa sölu. En aðgætandi er, að þetta er aðeins heimild til þess að selja hreppnum þetta heiðarland, og eftir atvikum sýnist það vera sanngjarnt, að hreppurinn eigi kost á að kaupa það. **(JBald:** Eftir hvaða atvikum?). Eftir atvikum þeim, sem nefndinni hafa verið greind. Annars ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta, en jeg get búist við, að talað verði á móti málinu, og eru þá fyrir hendi nánari upplýsingar í því.

Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir áliti sínu.

Guðmundur Ólafsson: Það var ekki margt, sem hv. frsm. (JJós) sagði, en í byrjuninni drap hann á það, að nefndin hefði kynt sjer þetta mál eftir því sem unt var. Jeg vil nú ekki segja, að þetta sjeu bein ósannindi, en nálægt því var það. Jeg verð að segja það, að nefndin hefir svo að segja ekkert kynt sjer málið, því að hún hafði ekki litið á það áður en nál. var gefið. En þessi meðferð á málinu gerði mig einráðinn í því að vera á móti því að svo stöddu og áður en jeg hefi getað kynt mjer það. Það er vel trúanlegt, að hreppsnefndin vilji fá þetta land og þykist hafa þörf á því. Lásum við umsögn oddvitans þar um það eftir að nál. var gefið, en ekki var frágangurinn á henni svo, að það gæti styrkt mig í þeirri trú, að rjett væri að selja.

Það er nú venjulega svo, þegar af landi kirkjujarðar er selt, eins og oft hefir komið fyrir, að þá hefir verðið verið látið renna í kirkjujarðasjóð, en ekki til ræktunar viðkomandi jarðar, eins og hjer er gert ráð fyrir. En þegar málið kemur hingað svo seint, þá gefst ekki tími til að athuga þetta nánar, og er því hætt við, að afgreiðslan verði nokkuð hroðvirknisleg, enda er það ekkert nýtt í lok þingsins, og þá ekki síst nú, þegar þingið hefir staðið um 100 daga. Annars finst mjer málið ekki svo í pottinn búið, að það sje vert að drífa það af nú í lok þings. Það gæti kannske átt við þetta mál, sem háttv. 1. þm. G.-K. (BK) sagði í sambandi við annað mál, að hann hefði oft rekið sig á það, að meiri hl. í þessari deild hefði oft rangt fyrir sjer, og get jeg tekið undir það með honum.

Ef mál þetta væri vel upplýst, þá gæti jeg ef til vill fylgt því, en á upplýsingum þeim, sem gefnar eru í greinargerð frv., er ekki mikið að græða. Það getur nú verið, að það geti haft sín áhrif á prestinn og vitnisburð hans, að hann er þarna umsækjandi um prestakallið og á því verra með að koma fram sem aðili gagnvart hreppsnefndinni, sem vill kaupa þetta heiðarland.

Því hefir verið haldið fram, að prestssetrinu væri alveg skaðlaust, þó að þessi landsspilda yrði seld. En hvers vegna er þá ekki farið eins með verðið og venjulegt er, þegar kirkjujarðir eru seldar? Nei, það bendir einmitt

á, að jörðin megi ekki að skaðlausu missa þetta land, fyrst presturinn á að fá söluverðið til ræktunar heima. En ef þessi tilhögun er rjett á þessum stað, þá ætti hún eins að vera það á öðrum stöðum, þar sem líkt hefir staðið á. — Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja fleira að þessu sinni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi átt tal um þetta mál bæði við hlutaðeigandi prest og oddvita, en það vanst þó ekki tími til þess að kalla þá á fund allshn. Jeg hefi af því viðtali sannfærst um það, að það er ekkert verulegt því til fyrirstöðu, að mál þetta gangi fram. Mosfell getur vel án lands þessa verið, enda hefir ábúandinn tiltölulega lítil not af því, og ekki önnur en þau, að hann hefir í einstaka árum getað leigt Reykvíkingum þar slægjur og fengið ofurlitla þóknun fyrir. Annars hafa hreppsbúar notað þetta land fyrir afrjett og annast þar fjallskil öll. En ef presturinn ætti sjálfur að annast þau, þá mundi ekki borga sig fyrir hann að nytja land þetta. Eina mótbáran gegn frv. er sú, að landið geti hækkað í verði, er hinn nýi vegur til Þingvalla, sem á að leggja þar um, væri lagður, og mundi þannig presturinn fara á mis við einhvern hagnað. En þegar þess er gætt, að hagnaðurinn fellur í raun og veru hinu opinbera eða hreppnum, þá ættu menn ekki að setja það fyrir sig, enda yrði það aldrei mikið, því að landið liggur hátt og er snjóþungt og því ekki vel fallið til ræktunar.

Jeg get játað það með hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að nefndin hefir ekki getað athugað frv. þetta eins vel og æskilegt hefði verið, en því veldur bæði það, hvað málið kom hingað seint og svo annríki deildarinnar. En jeg get þó ekki annað en mælt með því, að frv. verði samþ.

Einar Jónsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg treysti mjer trauðlega til þess að fylgja þessu máli. Jeg hefi nú hlustað á skýringar hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og sannast að segja felli jeg mig betur við umsögn hans en hv. þm. Vestm. Jeg vil vekja athygli á því, að það hafa áður verið seldir partar úr kirkjujörðum, og eftir því sem jeg hefi kynt mjer það, þá þótti það ekki hafa gefist vel. Mig minnir, að þetta hafi komið fyrir á tveim jörðum á Austurlandi, Vallanesi og Kolfreyjustað. Einnig var þetta gert á Kornsá í Húnavatnssýslu, og hefi jeg heyrt, að mikil óánægja hafi risið út af því.

Það hefir verið vitnað í það, hve erfitt væri að smala beitilandið. Og í því sambandi get jeg mint á það, að þegar búið var að parta Kornsá, þá var smalamenskan á landinu, sem eftir var óselt, svo dýr, að landið var selt fyrir lítið verð eða sama sem ekkert þeim manni, sem keypt hafði hinn hlutann. — Jeg er mótfallinn því, að verið sje að búta sundur jarðirnar og selja til einstakra manna, þó að það sje látið heita svo, að meiri hl. þeirra sje enn í eign hins opinbera. Annaðhvort á að selja jörðina alla eða ekki. Ef verið er að selja smáspildur af jörðunum, þá er það vanalega sökum eigingirni einstakra manna, er hafa augastað á þessum spildum.

Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á það, að hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vændi meiri hl. þessarar deildar um það, að hann hefði oftast rangt fyrir sjer. Mjer finst hann hafa tekið hjer munninn nokkuð fullan, en annars er hann nú einn af þeim, sem myndar meiri hl. í þessari deild, og hefir hann þá líklega talað þessi orð til sín. — Það er nú oft erfitt um það að dæma, hverjir hafi á rjettu að standa og hverjir á röngu. Það mun víst venjulega vera á víxl, en í heild sinni býst jeg ekki við, að hægt sje að viðhafa þau sterku orð, er háttv. þm. (GÓ) mælti áðan. Og jeg neita því alveg að því er snertir mig og flokk þann, sem jeg telst til, að þetta sje rjett með farið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins benda á það, að því hefir verið lýst yfir í Nd., að ef frv. þetta verður samþ., þá mun stjórnin undanskilja sölunni það land, sem er nægilegt fyrir Mosfell og hjáleigur þess til að reka þann búskap, sem hæfir jörðinni. Jeg skil svo 1. gr. frv., að þar sje aðeins rætt um sölu heiðarlandsins. **(EJ:** En hví þá ekki að selja alla jörðina?). Þess gerist ekki þörf, enda er ekki siður að nota jarðir niðri í sveitum fyrir afrjettarland. Það eru dæmi til þess, að heiðarlönd hafi verið seld undan prestssetrum, og jeg get ekki sjeð annað en að það geti verið rjett að gera það. Svo gæti farið, að einstakir menn næðu í þetta land á leigu, og væri þá sveit sú, sem hjer á hlut að máli, illa sett að því er afrjettarland snertir, og henni því lítill greiði ger með því að leggjast á móti sölunni. Annars get jeg ekki sjeð, að það sje neinn hagur, hvorki fyrir væntanlegan prest á Mosfelli nje jörðina, að eiga stórt heiðarland langt í burtu, sem notað er sem afrjettur frá sveitinni.

Að því leyti, sem hv. 2. þm. Rang. (EJ) mintist á að heiðarlandið á Kornsá hefði verið undanþegið sölunni, þá get jeg upplýst það, að landið er nú selt öðrum manni en ábúandanum á Kornsá. Ábúandinn á Kornsá vildi ekki kaupa heiðarlandið með aðaljörðinni, af því að honum þótti landið of stórt. Og svipað mun vera ástatt hjer. Ætlunin er líka að undanskilja nægilegt land til beitar og slægna fyrir það bú, sem sæmilegt er að hafa á Mosfelli, og sje jeg því ekki, hvað er á móti því, að hreppurinn eignist þetta heiðarland. Það stendur svo á um þessa jörð, að hluti af henni hefir verið tekinn undir þúfnabanavinslu, og er því gott að geta fengið fje það, sem fæst við söluna, til þess að rækta þetta land. Mjer sýnist það vera góð skifti fyrir ábúandann og hið opinbera að geta selt þetta heiðarland, en fengið í staðinn ræktað land til afnota heima við túnið.

Mjer skildist hv. 2. þm. Rang. (EJ) nefna Vallanes sem óheppilegt dæmi í þessu efni. En þar er alt öðru máli að gegna, því að þar var seldur hluti af heimalandinu, en hjer er ekki um annað að ræða en heiðarland, sem liggur fjarri jörðinni.

Guðmundur Ólafsson: Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem er formaður í nefnd þeirri, er átti að fjalla um málið, játaði, að nefndin hefði ekki athugað það, en sagði, að það væri ekkert verulegt að athuga við söluna. Svona um-

mæli sýna, að það er hyggilegt að tala varlega, þegar menn hafa ekki kynt sjer neitt málið. — Þá sagði líka hv. þm. (JóhJóh), að ef presturinn á Mosfelli ætti að gera fjallskil af þessu landi, þá mundi það verða honum til mikillar byrðar. En það er nú hið venjulega, að ef land einhverrar jarðar liggur þannig, að margt af fje nágrannanna gengur þar, þá er ekki heimtað, að eigandi eða ábúandi jarðarinnar smali það einn.

En mig furðar á einu. Ef hreppsnefnd Mosfellshrepps álítur það svo mikla nauðsyn að fá þetta land, — hvers vegna hefir þá beiðnin um það ekki komið fyr? Það var þó tækifæri til þess meðan enginn prestur var þar. Eða hefir hreppsnefndin ekki sjeð það fyr en nú, að henni var nauðsyn á að fá land þetta? Það sýnist benda á, að annað liggi hjer á bak við en nauðsyn hreppsins á að fá þetta fyrir afrjettarland.

Þá sagði hv. 2. þm. Rang. (EJ), að jeg mundi nú hafa eins oft rangt fyrir mjer og meiri hl. í þessari deild. Jeg tel þetta ekkert last. Það er gott fyrir mig, ef jeg hefi ekki oftar rangt fyrir mjer en aðrir hv. þdm. Annars sagði jeg þetta nú aðeins út af ummælum þeim, er hv. 1. þm. G.-K. (BK) hafði í ræðu, er Landsbankamálið var hjer til umr., er hann sagði, að meiri hlutinn hefði eins oft rangt fyrir sjer og minni hl.

Svo voru hv. 2. þm. Rang. (EJ) og hæstv. atvrh. (MG) að tala um þessa sölu í sambandi við söluna á Kornsárlandi. (**EJ**: Þm. ætlar að ná sjer upp). Jeg fer ekki hærra en jeg er kominn, því að jeg stend núna. Mjer skildist, að háttv. 2. þm. Rang. liti svo á, að kaupandi Kornsár hefði að lokum fengið nokkuð af heimalandi jarðarinnar fyrir ekkert; en það er ekki rjett. Hann skildi eftir nokkuð af landinu vegna þess að hann gat haft sömu not af því og hann ætti það sjálfur. Enda hefir hann haft full not þess eftir sem áður. Nei, jeg býst við, að þó að hæstv. ráðh. fari að reyna að færa rök fyrir þessari sölu, þá reynist það jafnómögulegt eins og áður. Það er líka sláandi dæmi um það, að engin nauðsyn er á þessu, að hreppsnefndin hefir ekki sótt um þetta fyr, hefir líklega alveg nýlega fundið þessa þörf á að kaupa. Það hefir einmitt staðið svo á, að það hefði legið beint við að gera það áður, er enginn prestur sat á Mosfelli, ef nokkur þörf hefði krafið. Og mjer þykir það undarlegt, að endilega þurfi að drífa svona mál í gegnum þingið í þinglokin, þó að það sje lítt eða ekkert athugað. Það er svo augljóst, að það getur ekki skift miklu máli, þó að afgreiðsla málsins biði í þetta sinn, þó að einhver þörf væri á þessari sölu. Hjer er líka alt öðru máli að gegna en um sölu margra annara kirkjujarða, sem hafa verið seldar og verðið runnið í kirkjujarðasjóðinn. Í þessu tilfelli er eins og verið sje að útvega meðmæli prestsins með þessu, með því að láta kaupverðið ganga til ræktunar heimajarðarinnar. Það er alveg augljóst, að þessu prestssetri er gert hærra undir höfði með svona ákvæðum en ýmsum öðrum prestssetrum, þar sem selt hefir verið af landinu til afrjettarnota.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var framhaldið 2. umr. um frv.

Björn Kristjánsson: Það er öðru nær en að jeg vilji hleypa kappi í þetta mál, því að þó að það verði ekki samþykt nú, þá verður það gert á næstu þingum.

Mál þetta virðist ekki vera mjög flókið. Hjer eiga í hlut tveir aðiljar, hreppsnefndin og settur og væntanlegur prestur á Mosfelli. Hreppsnefndin þarfnast heiðarlandsins, sem er langt frá heimajörðinni Mosfelli og sem Mosfell hefir lítil eða engin not af. En presturinn vill svo gott sem flytja heiðarlandið heim að túninu á Mosfelli, svo að jörðin geti haft not af því, sem gerist á þann hátt, að Mosfell nýtur söluverðsins og getur með því ræktað og stækkað jörðina heima fyrir, sem er augsýnilegur hagur fyrir hann, og þá líka fyrir landeiganda.

Búskaparlagið í Mosfellssveit er nú orðið þannig, að menn leggja aðaláhersluna á kúabúin; gerir það lega sveitarinnar. Þó að nú land þetta verði selt frá Mosfelli, þá nýtur sú jörð heiðarlandsins eftir sem áður sem upprekstrarlands eins og aðrar jarðir í hreppnum. Að bera þessa sölu saman við söluna á Vallanesi nær engri átt. Frá þeirri jörð var seldur aðalkjarni jarðarinnar, eitt hið besta slægjulandið, sem kunnugt er. Óttinn fyrir því, að hreppurinn kunni að hafa einhver not af landinu til útgræðslu, er á litlum rökum bygður, í fyrsta lagi sökum þess, að hreppinn vantar upprekstrarland, en nýbýli myndu stórskaða það. Í öðru lagi sökum þess, að landið liggur svo hátt, að fáir myndu sækjast eftir því til nýbýlaræktar. Og þó svo væri, að eitthvað yrði þar ræktað, þá yrði það gert fyrir atbeina hreppsnefndarinnar, og yrði ræktun á því svæði áreiðanlega ekki ódýr. Í þriðja lagi væri mjög ólíklegt, að presturinn færi að koma ræktun þar á, eða jarðeigandinn. Landið myndi því halda áfram að verða arðlaust fyrir Mosfell eins og áður. Svona liggur málið fyrir mjer. Mjer finst það ofurljóst, og jeg trúi ekki öðru en hv. þdm. greiði atkv. með því, þegar þeir hafa áttað sig á því til fullnustu.

Guðmundur Ólafsson: Jeg stóð í raun og veru fyr upp en jeg ætlaði. Jeg var nefnilega að búast við því, að hv. frsm. meiri hl. (JJós) myndi taka til máls, en úr því að bið verður á því, sá jeg mjer ekki annað fært en að segja nokkur orð.

Háttv. 1. þm. G.-K. (BK) byrjaði ræðu sína vel. Honum fanst það ekki gera svo mjög mikið til, þó að þetta mál biði næsta þings. Hann talaði um að flytja landið heim að Mosfelli. Sömuleiðis sagði hann, að sveitin væri betur fallin til kúaræktar en sauðfjárræktar; þó vantaði hana nauðsynlegt afrjettarland. Jeg veit satt að segja ekki, hvernig á að skilja þetta. Maður skyldi helst ætla, að það væri afrjett fyrir kýrnar, sem þá vantaði þar í Mosfellssveitinni. (**BK:** Þetta er hreinn útúrsnúningur). Þetta er enginn útúrsnúningur; hv. þm. sagði þetta, og aðrar ályktanir er ekki hægt að draga af orðum hans. Þá talaði hann um, að landið lægi svo hátt, að það yrði ekki bygt, en það verð jeg að draga í efa;

að minsta kosti veit jeg til þess, að víða er bygt þar, sem hærra liggur en þetta. Annars er það undarlegt, að hreppsnefndin skuli nú fyrst vakna til meðvitundar um, að nauðsynlegt sje fyrir hreppinn að fá þetta land fyrir afrjettarland. Get jeg svo ekki verið að svara þessu frekar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er þegar búið að ræða þetta mál töluvert, og má segja, að þeir, sem fyrirfram hafa verið ákveðnir á móti því, hafi fengið góðar upplýsingar hjá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og hv. 1. þm. G.-K. (BK).

Háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hafði margt við mál þetta að athuga. Meðal annars fanst honum undarlegt, að hreppsnefndin skyldi fyrst nú fara að vakna til meðvitundar um að fá land þetta keypt fyrir afrjettarland. En mjer finst það ekkert undarlegt. Það hefir verið upplýst, að land þetta hafi um langt skeið verið notað fyrir afrjettarland. En nú hefir sá kvittur komið upp, að landið yrði kannske girt. Er því ekki nema eðlilegt, að hreppsnefndin vilji tryggja sjer að eiga greiðan gang að landinu, en það er ekki hægt nema með því að festa kaup á því. Að farið verði að spekúlera með landið, getur ekki komið til mála, því að það er ekki eins og um einstakling sje að ræða, þar sem hreppurinn á í hlut.

Annars segi jeg eins og háttv. 1. þm. G.-K., að jeg vil ekki fara að hleypa neinu kappi í þetta mál. En það má búast við, að það komi aftur á næsta þingi, verði það ekki samþykt nú. Verð jeg að telja rjettara að samþykkja það nú þegar.

Ingvar Pálmason: Mjer skildist vera töluverður ágreiningur um þetta mál, og eftir því, sem jeg hefi kynst því af umr., þá get jeg ekki fallist á, að það nái fram að ganga. Það hefir komið fram í ræðum þeirra, sem fylgjandi eru sölu á landi þessu, að það sje lítils virði. En jeg held hið gagnstæða, eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið.

Því hefir verið haldið fram, að andvirði lands þessa eigi að ganga til þess að bæta heimajörðina og á þann hátt hafi hún meira gagn af því en að eiga það uppi á heiði. Þetta fæ jeg ekki skilið, því að jeg sje ekki betur en að auka megi notkun heimajarðarinnar með afgjaldinu eftir land þetta, sje það leigt. Jeg held því, hvernig sem málið veltist, að það eigi ekki fram að ganga á þessu þingi. Fæ jeg ekki sjeð, að hundrað sje í hættunni, þótt það dragist 1—2 ár, eða að Mosfellshreppi sje með því sá ógreiði ger eða tjón, er nokkru nemi, en hitt er varhugavert, að afgreiða málið án þess að fyrir liggi betri eða fleiri gögn en nú.

Mun jeg greiða atkvæði gegn því, að frv. nái fram að ganga.

Jónas Jónsson: Jeg vil fara fáeinum orðum um mál þetta, því að sumt mælir því í mót, en sumt með. Það, sem mest mælir í mót, er það, að hreppsnefndin í Mosfellshreppi hefir áður farið gálauslega og ráðlaust með samskonar eign, og mun mótspyrna manna aðallega stafa af því. Jeg álít því, að heppilegt hefði verið að setja hjer eitt skilyrði — sem vel má gera enn með skriflegri brtt. —, að ef landeign þessi er aftur látin úr eign

hreppsfjelagsins, þá hefði ríkissjóður altaf forkaupsrjett að því, með sama verði og það nú er selt. Vil jeg hjer með skjóta þessu til hv. 1. þm. G.-K. (BK), og hygg jeg, að þótt seint sje, megi slá þennan varnagla. Með þessu móti yrði það tryggara, að heiðarlandið yrði ekki gróðabrallsmönnum að bráð. Á hinn bóginn er hreppnum nú þörf á þessu landi.

Björn Kristjánsson: Jeg sje enga ástæðu til þess að verða við þeim tilmælum hv. 1. landsk. (JJ) að koma nú fram með skriflega brtt. við frv. þetta. Mjer sýnist, að komi nú fram brtt. við frv., þá sje það fallið vegna þess að komið er að þingslitum, og þá má eins fella það hreinlega með atkvgr. nú þegar, ef það á að falla.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2. gr. samþ. með 7:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en synjað af deildinni með 5:8 atkv.

Á 79. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:2 atkv.

Jónas Jónsson: Jeg hefi skilið hæstv. atvrh. svo, að hann mundi sjá sjer fært að taka tillit til þeirra aths., sem komu fram hjer í gær. Þær voru um það að setja inn í sölusamninginn ákvæði um það, að eignin megi ekki ganga til einstakra manna, og vænti jeg, að hann, ef hann telur sjer það fært, bregðist ekki trausti deildarmanna í því efni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tel, að í heimildinni til að selja liggi einnig heimild fyrir stjórnina til að setja skilyrði fyrir sölunni, og þá einnig um þetta atriði, t. d. þannig, að ríkissjóður skuli eiga forkaupsrjett að eigninni fyrir sama verð og selt er fyrir nú, ef hreppurinn ætlar að selja síðar. Þetta svar vona jeg, að hv. þm. láti sjer nægja.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 642).

---

42. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum (stjfrv., A. 3).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þessu frv. er ætlað að útfylla eyðu, sem verið hefir í okkar tolla- og skattalöggjöf, en þó ekki að öllu leyti, því að í þessa eyðu hefir áður verið fylt með einstökum lögum. Það er svo um íslensku tollalöggjöfina, að hún

hvílir á þeirri grundvallarreglu, að hár tollur er lagður á mjög fáar vörutegundir, sem sje þær, sem nefndar eru munaðarvörur. Að vísu hefir þetta nú breyst dálítið með vöru- og verðtollinum, en þeir koma ekki hjer til greina. Þeir eru lagðir á eftir öðrum reglum, eru tiltölulega lágir, en ná yfir margar vörutegundir. Að því er það snertir, að lögð eru há gjöld á fáar vörutegundir, þá nær sú löggjöf aðeins tilgangi sínum, þegar þær vörur, sem tollurinn hvílir á, eru fluttar inn frá útlöndum. Ef þær vörutegundir, sem há aðflutningsgjöld hvíla á, eru búnar til að einhverju talsverðu leyti innanlands, þá er sá tollur ekki lagður á handa ríkissjóði, heldur handa þeim mönnum, sem framleiða vöruna, sem um er að ræða. Þó getur það verið fullkomlega rjettmætt að veita innlendum iðnaði nokkra vernd í samkepninni við samskonar iðnað útlendan. Hinsvegar getur tollurinn orðið til þess að koma upp innlendum gjaldfrjálsum iðnaði á tollvörunum í skjóli tollverndunarinnar. Þetta hefir tvisvar sinnum verið viðurkent í löggjöfinni, þar sem í fyrsta lagi hefir verið lagt gjald á innlenda vindlagerð, af því að vindlatollurinn var svo hár í samanburði við tóbakstollinn, að það þótti óeðlileg vernd að láta vindlagerðina vera gjaldfrjálsa. Ennfremur var lagt gjald á innlendan brjóstsykur og konfekt, til þess að vega upp á móti aðflutningsgjaldi á þessum vörutegundum.

Nú hefir stjórninni þótt rjett að fylla í eitt skifti fyrir öll í þessa eyðu í löggjöfinni og setja heildarlög, sem lögleiði gjald á öllum þeim tollvörutegundum, sem heimilt er að búa til í landinu. Stjórninni hefir þótt eðlilegast, að fyrir hverja vörutegund væri upphæðin ekki ákveðin í krónum eftir þyngdareiningum, heldur væri miðað við aðflutningsgjaldið, reiknað eftir tolllögunum á hverjum tíma.

Í frv. er svo stungið upp á gjöldum af tollvörutegundum þeim, sem nú eru búnar til hjer á landi. En frv. er þannig samið, að auðvelt er að bæta við fleiri vörutegundum. Þetta er grundvallarhugsunin, en að því er snertir þær vörutegundir, sem þegar er lagt gjald á, þá stingur frv. upp á sama hlutfalli á milli gjalda af innlendum vörum og aðflutningsgjaldi eins og nú er. En jeg vil biðja hv. deild að taka vel eftir því, að ekki ber að líta svo á, sem uppástungur frv. um hlutfall milli tolls og framleiðslugjalds af þeim vörutegundum, sem til þessa hafa verið gjaldfrjálsar, sjeu endanlegar eða ófrávíkjanlegar. Stjórninni þótti rjett að láta frv. koma fyrir þingið, áður en leitað væri álits þeirra atvinnurekenda, sem hjer eiga hlut að máli, um það, hvaða gjald þeim sýndist sanngjarnt. Þess vegna hefir og stjórnin yfirleitt stungið upp á svo háu gjaldi, að ekki er líklegt, að sanngjarnt þyki að hækka það. En þegar frv. nú kemur til nefndar, geri jeg ráð fyrir, að atvinnurekendur snúi sjer til stjórnarinnar og nefndarinnar og beri fram sínar ástæður. En sem sagt ber ekki að líta svo á, að stjórnin haldi fast við þau hlutföll, sem stungið er upp á í frv., ef sýnt verður fram á, að þau sjeu ekki

fullkomlega sanngjörn, að fengnum gögnum frá hlutaðeigandi atvinnurekendum.

Leyfi jeg mjer svo að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. og 39. fundi í Nd., dagana 25. og 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 3, n. 220, 263).

Jakob Möller:* Þetta frv. hefir stjórnin borið fram og hún vísað að nokkru leyti af sjer á fjhn. til vegs og vanda, því að stjórnin hefir lýst yfir því, að hún hafi ekki rannsakað nákvæmlega, hvernig fyrirtæki þau, sem hjer á að leggja á, myndu geta borið slíkan toll sem þennan, er frv. gerir ráð fyrir. Nefndin gerði því ráðstafanir til að fá upplýsingar um málið og fjekk á fund sinn forstöðumenn þessara fyrirtækja, sem leggja á toll á, og sem vænta mátti, báru þeir sig illa upp undan þessu frv. og kváðust ekki geta tekið á sig þau útgjöld, sem þessu yrðu samfara. Þessi fyrirtæki eru flest ung og á byrjunarstigi. Það er líka vitanlegt, að þau eiga erfitt aðstöðu, hafa lítinn markað og þurfa að keppa við erlenda framleiðendur, sem hafa betri markað og standa að öllu leyti betur að vígi. Hinsvegar er á það að líta, að þótt þessi fyrirtæki njóti tollverndar, sem ekki verður neitað að þau geri, þá verkar sú vernd öfugt við það, sem mest er fundið að tollverndinni, svo að hún verður til þess að halda niðri verðinu á þessum vörum. Meðan þessi fyrirtæki eru að komast á laggirnar, verða þau að selja vörur sínar lægra verði en hinir útlendu keppinautar geta staðið sig við, enda er sannanlegt, að ýmsar þessar innlendu vörur eru ódýrari en þær útlendu, svo að hjer kemur ekki fram höfuðgalli allrar tollverndar, sem sje sá, að gera vörurnar dýrari. Getur því meiri hl. nefndarinnar ekki sjeð þörf á því, að slík framleiðsla sje tolluð á þann hátt, sem frv. fer fram á. En það er önnur hlið á þessu máli, sem snýr að ríkissjóði, og hún er sú, að um leið og hinar erlendu vörur eru hátt tollaðar, ryðja hinar innlendu vörur sjer til rúms, og verður þá ríkissjóður fyrir tekjurýrnun. Því er eðlilegt, að hæstv. stjórn beri þetta frv. fram. Hinsvegar er sannleikurinn sá um sumar þessar vörutegundir, að framleiðslan er ekki svo mikil ennþá af þeim, að þess geti gætt á tolltekjum ríkissjóðs, svo að þær minki. Það er þá helst ölið, sem hefir aukist framleiðsla á síðari árin, en það munar ríkissjóð engu verulegu. Nefndin getur ekki sjeð nokkra hættu á því fyrir ríkissjóð, þótt það drægist um 2 ár eða svo að setja lög um þetta, og ýmsum í nefndinni fanst rjett að bíða með þessi lög og gefa fyrirtækjunum tækifæri til þess að komast á tryggari fjárhagsgrundvöll en þau nú eru á. En það varð að samkomulagi að leggja til, að málið væri

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

afgreitt á þann hátt, að tollurinn væri settur lægri en í stjfrv. til að byrja með, en væri látinn hækka smátt og smátt, en ekki látinn skella á fyrirtækjunum lítt viðbúnum.

Jeg var ekki kosinn frsm. og er því lítt viðbúinn að hafa framsögu í málinu, en skal þó geta þess um eitt þessara fyrirtækja og hið öflugasta þeirra, að ef þessi tollur hefði verið kominn á fyrir einu ári, þá hefði hann numið öllum tekjuafgangi fyrirtækisins árið á undan. Þetta höfum við sannfærst um af upplýsingum forstöðumannsins um framleiðslu fyrirtækisins. Árið 1926 hefir ágóðinn orðið eitthvað meiri, svo að einhver afgangur hefði orðið, þótt fyrirtækið hefði borgað þennan toll. En af þessu geta hv. þm. sjeð, hversu hart þessi tollur hefði komið niður á þessu fyrirtæki, enda þótt það sje mjög efnilegt og því gangi vel. Mörg þessara fyrirtækja eru í byrjun og ölgerðin er svo að segja nýbyrjuð í stórum stíl; hefir verið í smáum stíl alt þangað til fyrir 2 árum. Hún hefir orðið að afla sjer dýrra tækja, lagt í byggingarkostnað og þurft að borga mikla vexti af lánum. Svo er annarsvegar mikil samkepni, en hinsvegar deyfð í viðskiftalífinu. Á þetta áleit nefndin að bæri að líta, og leggur því til, að hafður sje lágur tollur á þessum fyrirtækjum, er hækki smám saman. Jeg vona því, að hæstv. stjórn geti látið sjer þessar till. nefndarinnar vel líka.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal taka það fram, að jeg get ekki verið ánægður með afgreiðslu hv. fjhn. á þessu máli. Háttv 1. þm. Reykv. (JakM), sem tók að sjer framsögu í þessu máli, sagði, að ekki hefðu legið fyrir hv. nefnd neinar upplýsingar um málið af hendi ríkisstjórnarinnar. Jeg skal aðeins geta þess, að hv. nefnd hefir ekki beðið stjórnina um neinar upplýsingar, en vitanlega hefði stjórninni verið ljúft að veita nefndinni allar þær upplýsingar, sem hún hefði getað, ef þess hefði verið óskað. Hinsvegar hefir háttv. nefnd fengið mjög svo einhliða upplýsingar frá rekendum þeirra atvinnufyrirtækja, sem verða fyrir þessari gjaldalöggjöf. Mjer skildist það á hv. þm. (JakM), að háttv. nefnd viðurkendi nauðsynina á löggjöf um þetta efni, og er jeg hv. nefnd þakklátur fyrir þá viðurkenningu. Af ræðu hv. þm. og af brtt. hv. nefndar virðist mjer það vaka fyrir hv. nefnd að þjaka ekki um of með þungum álögum fyrirtækjum, sem þegar eru til í landinu og sem þegar hefir, í trausti núgildandi löggjafar, verið lagt mikið fje í. Jeg er hv. nefnd algerlega sammála í þessu efni. En mjer virðist hv. nefnd ganga nokkuð langt, þar sem hún með brtt. sínum fer fram á það, að af þeim vörum, sem ekki hafa verið gjaldskyldar áður, skuli ekki greiða meira fyrsta árið en 1/6 hluta aðflutningsgjalds, en að gjaldið hækki annaðhvert ár upp í 1/5, 1/4 og loks 1/3 hluta aðflutningsgjaldsins. Þetta væri í sjálfu sjer ekki óskynsamlegt eða ósanngjarnt, ef það næði aðeins til þeirra framleiðslufyrirtækja, sem þegar hafa verið stofnuð í landinu og menn því vilja ekki koma aftan að með slíkum lögum. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjettmætt, að ákvæð-

ið nái jafnt til þeirra fyrirtækja, sem óstofnuð eru, þegar litið er á hliðstæðar iðngreinir, t. d. sykurvörugerð, konfekt- og vindlagerð. Af þessari framleiðsluvöru á að greiða ⅓ hluta aðflutningsgjalds, enda þótt efnin í þessar vörutegundir sjeu öll tollskyld. Til samanburðar skal jeg geta þess, að hv. nefnd ætlast til, að af kaffibæti sje í upphafi greitt ⅙ aðflutningsgjalds og að afnuminn verði um leið verðtollur af efnivörum til innlendrar tollvörugerðar. Það stendur svo sjerstaklega á um kaffibætinn, að tollurinn af honum er 75 aur. af kg. og tekjur landsins af honum um 200 þús. kr. Nú hefir fyrir nokkru verið stofnað nýtt fyrirtæki, er framleiðir kaffibæti hjer á landi, og það fyrirtæki hefir, vegna hins háa innflutningsgjalds, haft alveg sjerstaka aðstöðu. En sá maður, sem kom þessu fyrirtæki á laggirnar, er nú búinn að selja öðrum það. Framleiðsla þessa fyrirtækis er ekki meiri en svo, að hún hefir numið um 28 þús. kg. síðastliðið ár, en innflutningur á sömu vörutegund nam 300 þús. kg. Það, sem ríkissjóðurinn hefir mist þarna vegna þessarar innlendu iðju, nemur því um 21 þús. kr. Jeg veit ekki, hvort það er rjettmætt að hlynna að því, að þessi iðnaður aukist, svo að ríkissjóður missi við það miklar tekjur. Atvinnugrein þessi er svo lítils virði fyrir þjóðina, að jeg tel enga ástæðu til að ganga svo langt sem hv. nefnd gerir með brtt. í því að hlynna að henni á kostnað ríkissjóðs.

Jeg skil það vel, að menn vilja sýna fyrirtækjum, sem þegar eru komin á fót, nokkra ívilnun fyrst í stað. En jeg álít þá leið hina rjettu, að ákveða gjaldið sanngjarnlega hátt, án tillits til, hvort iðnin væri þegar komin á fót eða ekki, en veita svo þeim fyrirtækjum, sem þegar eru stofnuð, ívilnun í hlutfalli við framleiðslumagn þeirra síðasta ár áður en lögin gengu í gildi. Hv. nefnd hefði átt að koma fram með viðaukatill. við stjfrv. um lægra gjald af framleiðslumagni ársins áður en lögin gengu í gildi. Vil jeg biðja hv. nefnd að athuga þetta til 3. umr., því að þetta er vafalaust besta úrlausn málsins. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt harðræði við fyrirtækin, þó að þau sjeu látin bera viðunandi gjöld, þar sem líkindi eru til, að framleiðslan vaxi fram úr því, sem nú er. Aðstaðan fyrir fyrirtækin til þess að bera slík gjöld er miklu hægari, þegar framleiðslan eykst, þar eð almennur tilkostnaður vex hlutfallslega lítið fyrir það.

Um ölgerðina er alt öðru máli að gegna en um kaffibætisgerðina. Ölgerðin er þó iðngrein, sem vissulega má segja um, að sje ávinningur fyrir þjóðina að fá inn í landið. Neysla manna á þessari vörutegund hefir mjög aukist hin síðari ár, og því er það hollara fyrir þjóðina, að hin innlenda framleiðsla á henni aukist en innflutningurinn. Þó að jeg því álíti ekki till. hv. nefndar um kaffibætisgerðina miða í rjetta átt, þá tel jeg brtt. hennar um ölgerðina sanni nær. En hvers vegna hv. nefnd vill ekki láta greiða neitt gjald af sódavatnsframleiðslunni, það er mjer óskiljanlegt. Skil jeg ekki, að um það standi öðruvísi á en t. d. um kaffi, öl eða límonade, en af öllum þeim vörutegundum vill þó nefndin, að greitt sje gjald í ríkissjóð. Sjerstaklega á jeg bágt með að skilja, af hvaða ástæðum

hv. nefnd vill ekki láta greiða neitt gjald af sódavatni, þegar þess er gætt, að það er opinbert leyndarmál, að það kemur ekki sjaldan fyrir, að menn bæta bragðið af því með vörum, sem ríkissjóður fær engar tekjur af, og búa þannig til munngát, sem hressir þá engu síður en kaffi og aðrir slíkir drykkir. Sódavatnsgjaldið mundi þannig verka sem neysluskattur á munaðarvöru, og jeg get ekki sjeð neitt við það að athuga. Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vildi ekki fallast á það að fella niður síðustu brtt. sína undir staflið D á þskj. 220, vegna þess, að ef sú till. verður samþykt á eftir aðalbrtt., þá er þar með búið að veita kaffibætisgerðinni meiri tollvernd en hún nú hefir eftir gildandi lögum, en það hygg jeg, að hafi ekki verið tilætlun hv. nefndar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjerna brtt. á þskj. 263, við brtt. hv. fjhn. Jeg skal þegar taka það fram, að mjer virðast till. hv. nefndar ráða mikla bót á frv. hæstv. stjórnar. Hygg jeg, að frv. myndi, ef það yrði að lögum eins og það er frá hæstv. stjórn komið, verða til að íþyngja alltilfinnanlega þeim fyrirtækjum, sem það snertir. Flest þau fyrirtæki, er frv. snertir, eru ný og því lítt fær um að þola auknar álögur, ef þau eiga að geta staðist samkepnina við samskonar erlend fyrirtæki, sem geta framleitt vörur sínar ódýrt og í stórum stíl, og er því auðvelt að keppa við hin innlendu fyrirtæki. Jeg lít svo á, að ekki sje heppilegt yfirleitt að setja lög um þetta efni nú, en sje það gert, þá álít jeg það hyggilegt, að þau verði væg, og í trausti þess, að till. mín verði samþykt, ber jeg hana fram og tel þá betur sjeð fyrir hag þessara fyrirtækja.

Í nágrannalöndum vorum mun það vera svo, að tollgjald af þessum vörutegundum mun ekki nema ¼ hluta af aðflutningsgjaldi vörunnar, en eftir till. hv. nefndar á gjaldið að 6 árum liðnum að vera ⅓ hluti aðflutningsgjaldsins. Nú vita allir, að ölgerðin er ungt fyrirtæki, sem ennþá hefir ekki tekist að safna í varasjóð eða tryggingarsjóð fyrir starfsemi sinni, en það sem hún hefir fært út kvíarnar, þá hefir það verið gert á dýrustu tímum. Hún á því erfitt með að keppa við erlend fyrirtæki í þessari framleiðslu, því að þau hafa mörgum sinnum meira fje yfir að ráða, og þó að þau þyrftu að gjalda mörgum sinnum hærra gjald en þessi fyrirtæki hjer heima, þá mundi þeim reynast auðvelt að keppa við þau. Það er bein skylda löggjafans að hlynna sem mest að hverskonar innlendri starfsemi í landinu sjálfu, og væri því illa farið, ef þessum fyrirtækjum væri gert erfiðara fyrir en alveg er nauðsynlegt. Vjer þurfum að greiða nógu mikið til útlendinga fyrir starfsemi, er fram fer erlendis, en ætti að fara fram hjer á landi, t. d. fyrir fatnað o. fl. Vænti jeg, að hv. deild geri þessar lagfæringar á frv. hæstv. stjórnar og brtt. hv. fjhn., og vænti jeg því, að brtt. mín verði samþykt.

Jakob Möller:* Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) skal jeg taka

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

það fram, að jeg hefi ekki sjeð hana fyr en nú á fundinum, og nefndin hefir því ekki haft tækifæri til þess að bera sig saman um hana. Fyrir mitt leyti — og jeg geri ráð fyrir, að jeg geti sagt það fyrir hönd fleiri í nefndinni, að við getum fallist á till. hv. þm., en að öðru leyti munu nefndarmenn hafa óbundnar hendur.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. (JÞ) skal jeg taka það fram, að það kom til mála í nefndinni að binda ívilnunina með stighækkun á tollinum við þau iðnaðarfyrirtæki, er þegar væru stofnuð, og mun það verða tekið til athugunar til 3. umr., hvort setja beri slíkt ákvæði í frv.

Um brjóstsykurtollinn skal jeg geta þess, að samkvæmt upplýsingum þeim, er nefndin hefir fengið frá forstjórum þeirra fyrirtækja, er framleiða þá vöru, að sá tollur, sem hjer er settur í frv., mun svara til þess tolls, sem fyrirtækin nú greiða. Þess vegna hefir nefndin ekki breytt því. Mjer skildist á hæstv. forsrh., að hann væri óánægður með brtt. nefndarinnar að því er snertir kaffibætinn. Mjer þykir það nokkuð einkennilegt, vegna þess að kaffibætisgerðin er það fyrirtæki, sem öllum er vitanlegt, að allra síst þolir þann toll, sem frv. fer fram á. Fyrirtækið hefir frá því það var stofnað altaf verið rekið með tapi. Menn geta sagt sjer það sjálfir, að þegar framleiðsla fyrirtækisins er ekki meiri en svo, að hún nemur aðeins $^1/_{10}$ hluta af þeim kaffibæti, sem notaður er í landinu, eins og hæstv. forsrh. upplýsti, og það svo er borið saman við hin fyrirtækin, sem fengið hafa mikinn markað fyrir vörur sínar, — hvort ekki er ólíkt ástatt fyrir því fyrirtæki og hinum. Nefndin gat ekki farið aðra leið en þá að fá efnahagsskýrslu, tekju- og gjaldareikning fyrirtækisins, er sýndi tap á rekstrinum. Að fyrirtækið getur starfað, kemur til af því, að það hefir verið rekið í sambandi við annað fyrirtæki, sem ber sig vel, sem sje kaffibrenslu.

Mjer virðist hæpin sú fullyrðing hæstv. ráðh. (JÞ), að með brtt. nefndarinnar nyti kaffibætisgerðin meiri tollverndar en hún hefði nú. Jeg get ekki sjeð betur en að tollverndunin verði alt að því hin sama. Tollverndunin verður að vísu í fyrstu minni en verðtollurinn er nú, en það munar sama sem engu. Hæstv. ráðh. gat þess, að ríkissjóður hefði tapað um 20 þús. kr. í kaffibætistolli vegna kaffibætisgerðarinnar, en frá því verður hann að draga vörutoll og verðtoll, svo að tap ríkissjóðs verður allmiklu minna. Auk þess sem jeg þegar hefi tekið fram um kaffibætisgerðina, þá má einnig geta þess, að fyrirtækið veitir mörgum mönnum atvinnu og að það selur framleiðsluvöru sína nokkru ódýrara en samskonar erlend vara er seld hjer, og það ætti að geta vegið nokkuð upp á móti tapi ríkissjóðs í svip, þar eð það verða aðeins fá ár þangað til tollurinn verður kominn upp í $^1/_3$ hluta af aðflutningsgjaldinu.

Jeg skildi ekki vel þá aðgreiningu, sem hæstv. ráðh. vildi gera á ölgerðinni og kaffibætisvinslunni. Það var eins og hann teldi það kost á ölgerðinni, að hún gæti skapað *aukna neyslu* í landinu. Mjer finst nú öl engin nauðsynjavara, svo að jeg skil ekki, hvaða kostur þetta getur talist. En að því leyti

sem tilbúningur á þeim varningi, sem notaður er í landinu, — hvort heldur er öl, kaffibætir eða annað, — flyst inn í landið, verður það að teljast æskilegt og gott. En jeg fæ ekki sjeð, hvað unnið er við að nota sem mestan óþarfa. Það miðar í reyndinni að því að skapa það ástand, að menn lifi hver á öðrum, eins og sagt var um Borgnesinga og frægt er orðið. (**Fjrh. JÞ:** Og Bandaríkjamenn). Jeg fæ ekki sjeð, að aukin neysla verði á nokkurn hátt til að bæta þjóðarhaginn, heldur megi hún aðeins teljast til aukinnar eyðslu. — Mjer virðist alveg hið sama eiga við um þessar iðngreinir. Þær stefna báðar að því að flytja vinnu við tilbúning þeirrar vöru, sem hvort sem er er neytt, inn í landið, og eiga því alveg jafnan rjett á sjer. Því skil jeg heldur ekki þá tilhneigingu að vilja íþyngja kaffibætinum meira en ölinu. Fyrir mitt leyti tek jeg kaffi t. d. langt fram yfir öl. (**KlJ:** Ölið er miklu betra).

Hæstv. ráðherra skildi ekki, hvers vegna við í fjhn. vildum undanskilja sódavatn þessu gjaldi, og skal jeg ekki lá honum það. En ástæðunnar er að leita í d-lið 2. gr. í frv. því, sem hann sjálfur hefir lagt fyrir. Þar stendur: „Fyrir öl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, og fyrir sódavatn . . .“ það er þetta orðalag frv., sem komið hefir fjhn. til að leggja til, að sódavatn yrði felt niður, og er algerlega óþarft að fara nánar út í það.

Jeg geri ráð fyrir, að fjhn. geti ekki orðið við þeim tilmælum hæstv. ráðh. að falla frá síðustu brtt. sinni, um að undanþiggja efnivörur til þessa iðnaðar öllu innflutningsgjaldi. Þessi tillaga nefndarinnar er bygð á því, að í verðtollslögunum er beinlínis ætlast til, að slíkar efnivörur sjeu undanþegnar innflutningsgjaldi, þ. e. a. s. ráðherra er heimilað að gefa gjaldið upp. Þær eru ekki berum orðum undanþegnar gjaldinu, af því að ekki þótti ugglaust um, að slík alger undanþága yrði misnotuð. Því var stjórninni falið að gera út um þetta í hvert skifti. Því er það eðlilegt, þegar nefndin lítur svo á, að það sje tilgangur verðtollslaganna, að slíkar vörur sjeu undanþegnar tolli, að þá setji hún það ákveðið í frv., þegar á að fara að tolla innlendar vörur.

Út af ummælum hæstv. ráðh. vil jeg taka það fram, að samþykt brtt. er skilyrði fyrir því, að töluverður hluti af fjhn. geti fylgt frv. Óbreytt hygg jeg, að nefndin í heild geti alls ekki fallist á það.

Loks vil jeg geta þess, að láðst hefir að taka upp eina brtt., sem búið var að samþykkja í nefndinni, um að lögin ættu að ganga í gildi 1. jan. 1928, og verður sú till. væntanlega tekin upp við 3. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg veit ekki nema það væri rjett að taka málið af dagskrá sökum fámennis í deildinni.

Jeg skal segja það þegar í stað, að jeg hefi enga trú á því, þótt hv. nefnd hafi það, að kaffibætisgerðin, — sem nýlega var seld með töluverðum ágóða og nýtur 75 au. verndartolls á hverju kg., — sje rekin með tapi.

Hv. þm. (JakM) ljest ekki skilja, að aukin neysla gæti rjettlætt iðnað eins og ölgerðina. Jeg get þá frætt hann á því, að hagfræðingar álíta, að

tilgangurinn með öllu okkar bjástri sje að geta aukið sem mest neysluna, fullnægt sem flestum líkamlegum þörfum. Öl er hollur og góður drykkur, og það verður að teljast framför í þjóðfjelaginu, að sem flestir verði svo efnum búnir, að þeir hafi efni á að veita sjer það, án þess að það skerði fullnægingu nokkurra nauðsynlegri þarfa.

Það er sú hugsun, sem vakir fyrir öllum fylgismönnum tollverndarstefnunnar, (en í þeirra hóp virðist mjer háttv. þm. (JakM) vera), að borgarar þjóðfjelagsins lifi sem mest hver á öðrum. Jeg held nú, að sú stefna sje ekki holl fyrir okkur, en um hana er mikill ágreiningur. — Jeg viðurkenni auðvitað, að það sje gott, að iðngreinir kaupstaðanna blómgist og dragi að sjer hæfilega margt fólk. En þegar verið er að kvarta undan fólksleysinu og fjárskortinum í sveitum landsins, þá skil jeg ekki í hv. 2. þm. Árn. (JörB) og öðrum, sem vilja sjerstaklega bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti, að vilja nú skattleggja alla landsmenn handa fyrirtækjum, sem draga frá sveitunum vinnukraftinn og fjármagnið. Kaffibætisgerðin er einmitt ágætt dæmi þess, hve óholl öfgastefna þetta er. Fyrst er lagður hár tollur á vörutegund, til þess að afla ríkissjóði tekna. Síðan á alveg að snúa við blaðinu og afsala tekjum ríkissjóðs til handa einkafyrirtæki. Það er e. t. v. hægt að skýra afstöðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) til þessa máls; hann segir bara: „Mínir kjósendur fyrst“, en jeg skil ekki þær till., sem ganga jafnvel enn lengra frá sveitaþingmönnum eins og hv. 2. þm. Árn. (JörB). Sú afstaða hlýtur að vera á einhverjum misskilningi bygð.

Jeg álít það vorkunnarmál, og jafnvel rjett, að taka nokkurt tillit til fyrirtækja, sem stofnuð eru undir annari löggjöf, þótt úrelt hafi verið. Og mjer þykir rjett að firra þau fyrirtæki tapi í lengstu lög. En það nær ekki nokkurri átt að láta tolllögin vera þannig, að í skjóli þeirra rísi upp atvinnuvegir, sem undir heilbrigðum skilyrðum geta alls ekki þrifist. — Framleiðsla óþarfavarnings held jeg líka að ætti að vera síðasta iðngreinin til að fá tollvernd. Mjer finst það því stinga nokkuð í stúf, að eftir brtt. hv. nefndar eiga öll hráefni til óþarfavinslunnar að vera verðtollsfrjáls, en aðeins er heimild til að undanþiggja hráefni til þarfari iðngreina tollinum. Þetta virðist mjer vera að fara aftan að siðunum.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla að segja örfá orð, enda þótt hætt sje við, að hæstv. forsrh. (JÞ) verði eins hissa á mínum orðum og orðum hv. 2. þm. Árn. (JörB). Jeg hafði öðrum hnöppum að hneppa við 1. umr. þessa frv. Annars hefði jeg þá þegar sagt, að jeg væri því algerlega andvígur. Jeg er þeirrar skoðunar, að ríkið eigi að styðja innlenda framleiðslu, bæði í sveitum og kauptúnum, og hallast þannig að verndartollastefnunni, sem hæstv. ráðh. ámælti svo mjög. Jeg hefi borið fram frv. um að leggja toll á útlent hey. Einnig hefi jeg reynt að styðja eftir mætti mjólkurniðursuðuna í Borgarfirði. Jeg vil yfirleitt koma á fót sem flestum iðngreinum í landinu. — Nú virðist vera alveg sjerstök

ástæða til þessa, því að atvinnuleysi er svo mikið í bæjunum, að á engan hátt má íþyngja þeim vísi til iðnaðar, sem hjer er risinn upp. — Þótt tollverndarstefnan sje nauðsynleg í öllum löndum, er þó alveg sjerstök ástæða til að aðhyllast hana hjer. Báðum aðalatvinnuvegunum er svo háttað, að þeir þurfa ekki mikils vinnuafls nema á sjerstökum árstímum. Þess vegna væri nauðsynlegt að koma upp innlendum iðnaði, sem gæti tekið fólkið í sína þjónustu aðra árshluta.

Það er mál, sem allir þekkja, að þegar byrjað er að framleiða einhverja vöru, sem áður hefir verið flutt inn, þá er það segin saga, að þeir útlendingar, sem áður hafa selt vöruna, fara með sína framleiðslu niður fyrir sannvirði, til þess að bola hinni innlendu burtu. Jeg álít, að íslenska ríkið eigi að mæta þessari tilraun útlendinganna með því að veita hinum innlenda iðnaði vernd sína. — Frv. það, sem hjer er á ferð, fer alt of hratt úr hlaði í því að tolla hina innlendu framleiðslu. Á sínum tíma er sjálfsagt að fá um þetta skýr lög, en það er of snemt enn. Jeg álít, að brtt. hv. nefndar sjeu til mikilla bóta, og mun því greiða þeim atkv. En hvort sem þær ná fram að ganga eða ekki, mun jeg greiða atkv. á móti frv.

Jakob Möller* Hæstv. forsrh. (JÞ) sagðist illa trúa því, að kaffibætisvinslan væri rekin með tapi. Hann getur þó væntanlega skilið, að það er ekki nóg að hafa háan verndartoll, ef framleiðslan er ekki svo mikil, að fyrirtækið beri sig. Því að það þarf að borga fleira en vinnulaun við svona iðnrekstur. Vextir af stofnkostnaði eru mjög miklir, þar sem dýrar vjelar þarf við iðnaðinn. Þess vegna er það mjög undir framleiðslumagninu komið, hversu hátt verð þarf að vera á vörunni til þess að iðnaðurinn borgi sig. Mjer skildist, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefði ekki annað fram að færa fyrir mótmælum sínum en þá tollvernd, sem brtt. fjhn. sköpuðu, enda sagði hann við 1. umr., að hann hefði ekki aflað sjer upplýsinga um það, hve háan toll hver iðngrein gæti borgað. Jeg hefi nú ekki umboð frá fjhn. til þess að áfellast hæstv. ráðh. fyrir þetta, en þar fyrir hefði mjer þótt viðfeldnara, að hann hefði undirbúið málið ögn betur.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að kaffibætisgerðin hafi nýlega verið seld með mjög góðum ábata. Jeg veit nú ekki, hvernig sú sala var, en hitt veit jeg, að kaffibætisgerðin var seld í sambandi við annað fyrirtæki, sem reynst hefir miklu gróðavænlegra og sagt er að hafi borið hvottveggja uppi.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að blanda mínum kjósendum inn í þessar umr. Jeg ætla nú ekkert að fara að tala um hans kjósendur, en hitt vil jeg benda á, að hann var að brýna hv. 2. þm. Árn. (JörB) á því, að þessi fyrirtæki í kaupstöðunum drægju vinnukraft úr sveitunum. Þessi orð geta ekki sýnt annað en það, að það er ekki tilgangur hæstv. ráðh. að ná í tollinn, heldur að skera niður þessar iðngreinir. Því aðeins fá sveitirnar vinnukraftinn aftur, að ráðið sje niðurlögum keppinautanna.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri í rauninni tilgangurinn með öllu okkar

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

bjástri að geta aukið neysluna. Jeg er hræddur um, að þetta sje ekki í sem bestu samræmi við margt það, sem hann hefir sagt áður. Það hefir verið ein af hans höfuðkenningum, að endilega þyrfti að takmarka eyðsluna. En hvað er neyslan annað en eyðsla? Jeg hefi nú aldrei fallist á, að þetta væri annað eins keppikefli og hæstv. ráðh. hefir viljað vera láta, en því síður get jeg fallist á þessa nýju eyðslukenningu. Enda býst jeg varla við, að þetta sje sannfæring hæstv. ráðh., heldur aðeins augnabliks rök, sem hann hefir gripið til í þessu máli.

Hæstv. ráðh. vildi væna fjhn. þess, að hún væri fylgjandi verndartollum. Jeg gat þess áður, að hjer væri nokkuð sjerstöku máli að gegna, af því að tollverndinni er ætlað að verka meðan innlendu vörurnar eru að afla sjer markaðs, úns þær eru komnar vel af stað. En það er ljóst, að fyrst í stað verður að selja hina innlendu framleiðslu ódýrar en hina útlendu, meðan menn eru að kynnast henni og hún er að útbreiðast. — Það eitt er höfuðókostur verndartollastefnunnar, að hún eykur dýrtíð í landinu, en hitt ekki, að hún flytur inn framleiðsluna. En hjer er ekki því til að dreifa, að verðið hækki, heldur þvert á móti. Vörurnar verða ódýrari í samkepninni um markaðinn. Það er sjerstaklega ástatt um kaffibætinn, því að hann er fluttur inn frá einum einasta framleiðanda. Menn geta sagt sjer það sjálfir, hvaða áhrif þetta hafi, hvort það verði til þess að hækka verðið eða lækka. Það hlýtur að leiða til einokunar í stað samkepni.

Við fjhn.-menn höfum ekki fylgt verndartollastefnu þar sem öðruvísi stóð á, þar sem afleiðingin hefði óhjákvæmilega orðið hækkað vöruverð. Jeg skal aðeins minna á niðursuðu mjólkur, þar sem við lögðum til að veita styrk til þess að halda því fyrirtæki uppi eða gera því kleift að keppa við útlenda framleiðslu, í stað þess að leggja toll á útlenda mjólk. Það hefði orðið til þess að hækka verð þeirrar vöru í landinu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það ætti að taka fult tillit til þeirra fyrirtækja, sem stofnuð hafa verið að undanförnu undir gildandi lögum. Það er ekkert annað, sem nefndin fer fram á. Það var enginn framleiðslutollur á þessum vörutegundum, þegar þessi fyrirtæki voru stofnuð með allmiklum kostnaði, sem óvíst er, að þoli svo háa tolla sem hjer er um að ræða. Það teljum við betur farið heldur en gera þessi fyrirtæki að engu að ráunalausu. Það er að eyða, að skera niður fyrirtæki, sem búið er að stofna með ærnum kostnaði, með því að gera því ókleift að starfa. Ef kaffibætisgerðin getur ekki staðist í framtíðinni, þá er ekkert við því að segja í sjálfu sjer. En nefndinni finst sjálfsagt að styðja þessa verksmiðju, úr því að hún er tekin til starfa og vissulega getur gert gagn, ef hún getur staðist samkepnina með því að gera vöruna ódýrari innanlands og halda vöruverðinu sæmilegu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti ekki að veita tilbúningi á óþarfa neina vernd. Þetta kemur í bága við það, sem hann áður sagði, að æskilegt væri að auka neysluna í landinu. Ef það er æskilegt að auka neysluna með því að framleiðslan sje innlend, þá er það æskilegast með því að styðja að því, að

sú framleiðsla komist á og haldist uppi; enda játaði hann þetta að vissu leyti í sambandi við ölgerð, og er því í mótsetningu við sjálfan sig í þessu efni. En hvort sem vörurnar eru þarfar eða óþarfar, þá held jeg því fram — og nefndin er sammála um það —, að ef framleiðslan á annað borð getur borgað sig í landinu, þá sje æskilegra, að hún sje innlend heldur en varan sje keypt frá útlöndum. Það er altaf gróði, hvort sem varan er nauðsynleg eða ónauðsynleg, ef hún á annað borð er notuð. Hitt er ávalt nokkurt tap, að borga verð hennar með framleiðslukostnaði út úr landinu, nema því aðeins, að framleiðslukostnaður verði dýrari innanlands; þá er gróðinn vitanlega vafasamur.

Að lokum vakti hæstv. forsrh. athygli á því, að þessar óþörfu vörutegundir ættu eftir till. nefndarinnar að njóta hlunninda fram yfir aðrar iðnaðarvörur, sem framleiddar eru í landinu, með því að vera undanþegnar verðtolli á efnivöru með beinu lagaákvæði, þar sem aðeins væri heimild viðvíkjandi öðrum. Jeg vil aðeins vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að verðtollslögin ætluðust til, að efnivörur væru yfirleitt undanþegnar verðtolli. Það var aðeins í þeim tilfellum, að stjórnin treysti sjer ekki til að skera úr, hvort um efni til íslensks iðnaðar væri að ræða, að hún notaði sjer heimildina til að taka verðtoll. Svo að eftir sem áður njóta þessar vörutegundir ekki hlunninda, ef stjórnin framfylgir verðstollslögunum eins og til er ætlast.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg verð aðeins að leiðrjetta það hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að það sje tilgangur minn með þessu frv. að fella þau iðnaðarfyrirtæki, sem nú eru í landinu. Jeg hefi marglýst því yfir, að jeg vil taka fult tillit til þeirra, þannig að þau þurfi ekki að verða fyrir fjártjóni. Hv. þm. sagði, að með þessari stighækkun sinni á tolli sje nefndin einungis að hugsa um þau fyrirtæki, sem nú eru. En till. sjálf er ekki í samræmi við þetta, því að hún gerir engan greinarmun á þeim fyrirtækjum, sem nú eru stofnuð, og þeim öðrum, sem menn vilja stofna á næstu árum. Það er það, sem jeg set mest út á till. nefndarinnar, að hún er ekki í samræmi við það, sem nefndin segist sjálf meina og sem jeg álít, að ætti að vera. Um stefnuágreining gagnvart þeim fyrirtækjum, sem nú eru, skilst mjer ekki vera að ræða milli mín og nefndarinnar.

Hv. þm. (JakM) spurði: Hvað er neysla annað en eyðsla? — og kvað mig hafa sagt, að tilgangurinn með allri efnahagsstarfsemi væri sá að auka eyðsluna. Það vildi svo til, að hann vjek að mismun á þessu tvennu á eftir, þar sem hann sagði, að verndartollar ykju eyðsluna, af því að varan yrði svo dýr. En að sama skapi sem þeir auka eyðsluna, minka þeir neysluna, sökum þess, að því dýrari sem menn verða að kaupa nauðsynjar, því minna geta þeir veitt sjer af þeim. Nei, háttv. þm. ætti bara að kynna sjer dálítið þetta mál, og þá mun hann sannfærast um, að það er rjett, — enda mælir því enginn maður í gegn —, að tilgangurinn með allri efnahagsstarfsemi er að gera mönnum mögulegt að auka sína neyslu í víð-

asta skilningi, þ. e. a. s. veita sjer sem mest af því, sem fyrir peninga verður keypt. En það er sama og að segja: að veita sjer það sem ódýrast, því að allir hafa takmarkaðri kaupgetu yfir að ráða. Það er að veita sjer föt og fæði, bækur og yfirleitt hverjar aðrar nauðsynjar. Öli lofaði jeg að fljóta með í þessu, því að þótt það sje meðal ónauðsynlegra neyslutegunda, þá hefir það sjálfsagt eitthvað til síns ágætis. Jeg vil biðja þennan hv. þm. að hafa það aldrei eftir mjer, að jeg hafi sagt, að tilgangur okkar með þessu sje að auka eyðsluna.

Hv. þm. tók það rjettilega fram, að verndartollar gera vörur dýrar. En þeir skattleggja landsmenn ekki til ríkissjóðsins, heldur til þeirra, sem reka verndartollaða iðju. Landsmenn borga skatt í því vöruverði, sem ríkið hefir hækkað með því að leggja toll á innfluttar vörur.

Svo vildi hv. þm. halda fram, að um kaffibætinn stæði svo sjerstaklega á. Jeg er tregur til að trúa, að kaffibætir sje undantekning frá þeirri reglu um verkun verndartolls, sem hv. þm. setti fram.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. klykti ræðu sína út með, að það er altaf gróði að því að hafa framleiðsluna innanlands, nema þegar hún verður dýrari en sú útlenda. En sú framleiðsla, sem þarf verndartolls til þess að geta lifað, hún verður dýrari en hin erlenda framleiðsla. Því að það er ekki kostnaður við kaup á erlendri vöru, þótt menn sjeu látnir borga af verðinu í ríkissjóðinn eitthvað af því, sem þeir hvort sem er verða að borga.

Jeg ætla svo að láta lokið af minni hálfu þessum umræðum, er hræddur um, að það verði ekki annað en endurtekningar, þótt haldið yrði áfram, og læt skeika að sköpuðu um atkvgr. En til 3. umr. vona jeg, að hægt verði að taka málið upp. Vildi jeg gjarnan fá samkomulag við nefndina, því að mjer skilst í raun og veru ekki vera stefnumunur milli mín og nefndarinnar, heldur finst mjer, að nefndinni hafi ekki tekist með sínum till. að ná því, sem hún sjálf viðurkennir, að sje tilætlun sín og jeg tel rjett vera.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get farið fljótt yfir sögu. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir nokkuð svarað því, sem hæstv. forsrh. sagði. Aðeins vil jeg bæta við nokkrum orðum.

Jeg hygg það sjeu mjög hæpnar röksemdir hjá hæstv. ráðh. (JÞ), að ívilnun á skattgreiðslu hjá þessum innlendu fyrirtækjum verði til þess að halda uppi vöruverði í landinu. Jeg hjelt, að Íslendingar þektu nokkur dæmi um, með hverskonar verðlagi erlendar vörur eru seldar hjer, þar sem erlendir menn eru einir um hituna. Svo að hún gæti orðið til að vinna það upp, þessi litla ívilnun, sem við gefum þessum innlendu fyrirtækjum, meðan þau eru að koma fótum fyrir sig. — Svo var hann undrandi yfir því, að maður úr sveitakjördæmi skyldi halda slíkum till. fram, þar sem hann taldi þessi fyrirtæki draga fólk frá sveitunum. Fanst hæstv. forsrh., að við fulltrúar sveitanna hefðum annað þarfara að vinna en stuðla að slíku. Jeg undrast mjög að heyra þessi ummæli hjá hæstv. ráðh., að fara að nefna þessi litlu fyrirtæki, sem ekki hafa nema örfáa menn í sinni þjónustu, í sambandi við fólksfækkun til sveita. Jeg þori ekki

að fullyrða, hve margir starfsmenn eru við þessi fyrirtæki, hygg þó, að þeir sjeu talsvert fyrir innan 100. Mun jeg fljótlega grenslast um þetta nákvæmlega. Nei, þetta getur vart orðið til þess að fækka fólki til sveita. Slík ástæða finst mjer tæplega frambærileg frá ráðherrastóli, því að hún er hjegómi og fjarstæða. Hjer í þessum bæ getur maður gengið um göturnar hvaða tíma dags sem er —, dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð og jafnvel ár eftir ár, og sjeð fólk, oft sama fólkið, á besta aldri, ekki í tugum og hundruðum, heldur jafnvel í þúsundum iðjulaust á reiki. — Og svo er verið að tala um, að með lítilfjörlegri iðnstarfsemi, þó hún sje ekki með þungum skattálögum drepin strax í byrjun, sje verið að draga fólkið úr sveitunum, af því að maður vill ekki verða til að velta undir eins um koll þeim iðnaði, sem þjóðlegir menn eru að reyna að koma á fót. Jeg hefi skoðað mig hingað kominn til þess að leggja góðum málefnum liðsyrði, hvaðan sem þau eru komin, og skiftir þess vegna engu máli, hvort þau snerta kaupstaði eða sveitir. Ef málið er heildinni fyrir bestu, þá skiftir mig ekki, hvort það snertir mitt kjördæmi eða kauptún.

Dálítið er það undarlegt, þegar hæstv. ráðh. var að tala um þessi fyrirtæki og kvaðst vera að hugsa um að skaða þau ekki. Er hæstv. ráðh. þá að hugsa um hagsmuni sveitanna? Hann er landskjörinn þingmaður, ekki einungis fyrir kauptúnin, heldur einnig sveitirnar. Honum er því jafnskylt og mjer að hugsa um hagsmuni þeirra. Þá er jafnt á komið með okkur, því að þótt jeg sje ekki landskjörinn þingmaður, finn jeg vel til skyldunnar að hugsa jafnt um alla landshluta.

Jeg hygg það muni fremur mega segja það um okkur yfir höfuð, að við höfum gert alt of lítið að því að koma upp innlendum iðnaði, en alt of mikið að því að kaupa vinnu hjá útlendingum á ýmsum nauðsynjum. Jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að það muni ekki láta fjarri, að við höfum borgað í saumalaun árið 1924 (heldur en 1925) upp undir 200 þús. til útlendra manna í tilbúnum fötum hingað keyptum. Þetta er áreiðanlega ekki of há tala. Jeg held það væri í alla staði hyggilegt að reyna að draga úr þessum greiðslum til útlendinga.

Jeg hygg, að afgreiðsla þessa máls verði best með því móti að samþ. þá brtt., sem fram er borin; skemra held jeg, að ekki megi ganga. Og jeg fyrir mitt leyti get sagt það fyrirfram, að atkvæði mitt með þessu frv. er undir því komið, hvernig fer um þessa brtt.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) drap á fleiri þau atriði, sem jeg var búinn að skrifa hjá mjer, en jeg skírskota til ræðu hans og get látið við þetta sitja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 220.A samþ. með 18:1 atkv.

— 263 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, ÓTh, SvÓ, TrÞ, BSt, IngB, JakM, JG, JÓl, JörB, KlJ, ÞorlJ.

nei: PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, JK, JS.

Fimm þm., (MJ, BSv, HjV, JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 220,B, svo breytt, samþ. með 14 :4 atkv.
— 220,C samþ. með 13:4 atkv.
— 220,D samþ. með 13:7 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁÁ, ÁJ, BL, HStef, HK, HjV, IngB, JakM.

nei: JG, MT, TrÞ, BSt, ÞorlJ.

Fjórir þm. (MG, MJ, BSv, JAJ) fjarstaddir.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins benda hæstv. forseta á það, að við 2. umr. þessa máls, þá var 2. gr. frv. samþ. með 14 shlj. atkvæðum. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta löglega samþykt. En þegar eins stóð á í öðru máli hjer í deildinni, þá vildi hæstv. forsrh. (JÞ) vjefengja, að þetta væri löglegt. Því vil jeg mælast til þess, að hæstv. forseti úrskurði um þetta, því að þá gildir auðvitað sama um þá atkvæðagreiðslu, sem hæstv. ráðh. vjefengdi áður.

Forseti (BSv): Út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) gat um, að 2. gr. þessa frv. hefði verið samþykt með 14 shlj. atkv. við 2. umr., þá skal jeg taka það fram, að það er samkvæmt gamalli þingvenju talið nægilegt til málsúrslita, að meiri hluti atkvæða á lögmætum fundi komi fram. Þetta er ef til vill ekki alveg rjett eftir strangasta skilningi stjórnarskrárinnar, og hefi jeg því fremur fylgt þeirri reglu, að meira en helmingur atkvæða allra deildarmanna komi fram, en hitt hefir þó því aðeins verið látið gilda, að sýnilegt þætti, að önnur afgreiðsla málsins hefði sömu úrslit í för með sjer. Jeg úrskurða því, að þessi grein sje eftir atvikum rjett samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 282).

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta er stjfrv., sem var lagt fyrir hv. Nd. Jeg tel, að í aths. frv. sje gerð nægileg grein fyrir ástæðunum til þess, að það er fram komið. Í Nd. hafði fjhn. það til meðferðar, og hún fjelst að vísu á, að rjett væri að setja lög um þetta efni af þeim ástæðum, sem stjórnin hafði fært fram, en nefndin gerði samt allverulega breytingu á uppástungum stjfrv. um gjaldaákvæði þeirra tollvörutegunda, sem ekki er greitt gjald af nú þegar samkvæmt gildandi lögum. Jeg get ekki neitað því, að mjer þótti hv. Nd. fara fullangt í að færa niður gjöldin, enda þótt jeg væri við því búinn, að það mundi þurfa að gera nokkra tilslökun,

einkum með tilliti til þess atvinnurekstrar, sem upp er risinn í skjóli tollverndunarinnar.

Hv. Nd. hefir í raun og veru viljað gera þetta, en hefir þó orðað till. sína um niðurfærslu þannig, að sú niðurfærsla nær jafnt til þeirra fyrirtækja, sem kynnu að verða stofnuð, og þeirra, sem nú eru til.

Það er ekki full ástæða til að veita alment svona mikla tollvernd iðnaði á þessu sviði, þó að jeg hljóti að viðurkenna, að þau fyrirtæki, sem þegar eru upp risin, hafi sjerstöðu í þessu efni.

Jeg vil svo leyfa mjer að leggja til, að þessu máli verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 282, n. 542).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Hjer liggur fyrir nál. á þskj. 542 frá meiri hl. fjhn., en minni hl. nál. hefi jeg ekki orðið var við. Meiri hl. skildist á fjárhagsnefndarfundi, sem haldinn var síðast um þetta mál, að tveir nefndarmenn, hv. 2. og hv. 5. landsk. (IHB og JBald) væru heldur mótfallnir frv. Meiri hl. áleit á hinn bóginn rjett, að málið gengi fram.

Þetta stjfrv. er flutt í Nd., en þegar það kom hingað, var búið að breyta því allmikið, tollurinn færður ákaflega mikið niður frá því, sem upphaflega var til ætlast. Meiri hl. gerði nokkra lagfæringu á þessu — og raunar fleiru í frv. — það virðist hafa vakað fyrir þeim, sem breyttu frv. í hv. Nd., að ívilna nokkrum þeim iðnaðarfyrirtækjum, sem þegar eru komin á stofn. Það átti að ske á þann hátt, að tollurinn færi stighækkandi 3. hvert ár, og sýndist það eiginlega vera nokkuð flókin leið. Meiri hl. vill að vísu taka undir um það, að rjett sje að ljetta undir með þeim iðnaðarfyrirtækjum, sem þegar eru komin á fót; en hann vill gera þá breytingu, að þau iðnaðarfyrirtæki, er þegar eru stofnsett eða voru stofnsett um síðustu áramót, gjaldi mjög lágan toll, eða sem svarar 1/6 gjalds af tilsvarandi framleiðslumagni því, er þau framleiddu 1926, og gjaldi það til ársloka 1935.

Einnig hefir meiri hl. líka lagt til, að dálítil tilfærsla á vörutegundum yrði gerð, sem hann álítur sanngjarnari og rjettari.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni. Meiri hl. leggur til að samþ. frv. með þeim breytingum, sem hann ber fram á þskj. 542. Með því að jeg hefi ekki sjeð nál. frá hv. minni hl. og veit ekki vel um ástæðurnar fyrir því, að þeir fylgdu ekki þessu máli, hlýt jeg að bíða með að segja meira þangað til þeir hafa látið uppi álit sitt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls og fyrir þær till., sem hann gerir, sem jeg eftir atvikum get sætt mig við og jeg hygg að sjeu a. m. k. fullkomlega sanngjarnar í garð þessa atvinnurekstrar, sem hjer

er um að ræða. — Stjórnin hafði farið fram á að setja atvinnufyrirtækjum, sem sjerstaklega framleiða öl og kaffibæti, nokkuð þyngra gjald en farið er fram á í till. meiri hl.; og jeg álít, að í sjálfu sjer hafi það verið sanngjarnara að hafa gjaldið eins hátt og stóð í stjfrv. En þó er á það að líta, að það var á þessum tveimur sviðum aðallega búið að koma upp iðnaðarfyrirtækjum í skjóli þeirrar miklu tollverndar, sem nú er, og því mátti kannske búast við, ef engin ívilnun væri ger, að svona löggjöf kynni — þegar hún kemur eftir á — að baka þeim fyrirtækjum erfiðleika.

Nú hefir hv. meiri hl. tekið tillit til þessa. Fyrir það fyrsta stingur hann upp á, að endanlegt gjald verði lægra, ½ gjald af kaffibæti og ⅓ gjalds af öli, þar sem stjfrv. hefir ⅔ og ½; þar að auki eiga þau fyrirtæki, sem nú þegar eru komin á fót, að njóta sjerstakrar ívilnunar, gjalda ⅙ fyrir það framleiðslumagn, sem svarar framleiðslumagninu 1926, og sje svo í nokkur ár. Jeg hefi borið mig saman við eigendur hinna helstu þessara fyrirtækja, sem nú eru til á þessu sviði — en þau eru hjer í bænum — og hafa þeir fyrir sitt leyti tjáð mjer, að þeim þætti þessi uppástunga meiri hl. ekkert óaðgengileg fyrir sig. — Mjer finst því ekki geta talist ástæða til þess fyrir hv. þd. að krefjast betri kjara eða lægra gjalds þessum atvinnuvegi til handa heldur en nú er farið fram á.

Jeg skal heldur ekki fara neinum orðum um rjettmæti þessa gjalds yfir höfuð, meðan ekki hafa komið fram nein andmæli gegn því hjer.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal fyrst geta þess, að jeg álít það sje í raun og veru ill nauðsyn að þurfa að íþyngja innlendum iðnaðarfyrirtækjum, sem eru nýlega stofnuð. En samt sem áður er það ýmislegt, sem hægt er að færa fram fyrir þeirri skoðun, að þessi fyrirtæki njóti ekki eins mikillar verndar eins og þau hafa hingað til notið.

En það er annað, sem jeg vildi sjerstaklega minnast á; jeg er — mjer liggur við að segja — undrandi yfir þeirri niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að. Það er auðvitað ekki beint nefndarinnar verk, þessi stigmunur á hinum ýmsu vörutegundum, sem hjer um ræðir; en mjer skilst, að ef hlutföllin hafa verið á einhverju viti bygð eins og þau voru áður, þá sje þessi munur, sem nú er gerður á hinum ýmsu vörutegundum, alveg út í loftið. En það, sem mjer í raun og veru þykir einna athugaverðast í till. nefndarinnar, er 4. liður brtt. Jeg hygg hv. nefnd hafi ekki gert sjer fullkomlega ljósar afleiðingarnar, ef þessi brtt. yrði samþ. Það kann að hafa við nokkuð að styðjast, að vel mætti ívilna þeim fyrirtækjum, sem þegar eru farin að starfa eitthvað; en jeg álít, að það sje þó því aðeins, að öðrum sje ekki sýnt megnasta ranglæti. Jeg álít, að afleiðingin af samþykt þessarar till. hljóti að verða sú, að t. d. fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið nú í ársbyrjun — af kannske veikum mætti, en góðum vilja — og kynnu að geta átt eins mikinn tilverurjett eins og þau, sem fyrir eru, þau hljóti að verða dauðadæmd með slíku fyrirkomulagi sem þessu.

Hins vegar hefði það verið í raun og veru alt annað mál, þótt þessi ívilnun hefði átt sjer stað þannig, að öll þau fyrirtæki, sem stofnuð kunna að verða eftir að lögin hafa gengið í gildi, hefðu orðið fyrir barðinu á þessum lögum. En eins og brtt. hljóðar, álít jeg, að þetta geti ekki staðist; og jeg ætla að bera það traust til hv. nefndar, að hún taki aftur þessa till. sína, a. m. k. til 3. umræðu, til þess að hún verði nákvæmar athuguð. Jeg tel ekki, að mjer þýði neitt að fara að bera fram brtt.; því að jeg býst við, að það fari hjer sem fyr, að meiri hluti þessarar hv. deildar viti fullkomlega, hvað hann vill, og fyrir örlögum brtt. verði sjeð, ef fram kæmi. Þess vegna vil jeg fara þá leið að beina þeirri ósk til háttv. nefndar, að hún sjái sjer fært að fresta atkvgr. um þennan lið brtt.

Til skýringar vil jeg taka ofurlítið dæmi. Við skulum segja, að hjer væri iðnaðarfyrirtæki, svo sem kaffibætisgerð, sem hefði starfað hjer undanfarið og framleitt eitthvað 40 tonn, sem ekki mun vera neitt fráleitt að áætla; þá skilst mjer, að tap ríkissjóðsins á þessari ívilnun mundi vera sem næst 10 þús. kr. á hverju ári, sem þetta gilti. En aftur á móti mættu þau fyrirtæki, sem byrjað hafa starfsemi sína 1. jan. þessa árs eða seinna, mega teljast alveg úr sögunni, gætu ekki haldið áfram sinni starfsemi svo að segja degi lengur.

Jeg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi hjer tekið aðeins eitt dæmi, og mjer þætti ekki ólíklegt, að við nánari athugun muni menn sjá, að það getur ekki verið nokkur ástæða að veita slíka gífurlega ívilnun þessum fyrirtækjum, ef það verður til þess að kippa fótunum undan öðrum, sem ættu alveg samskonar rjett á sjer.

Jeg ætla svo einungis að vænta þess, að hv. nefnd vilji líta með velvilja á þessi tilmæli mín, því að jeg fæ ekki annað skilið en að hún komist að þeirri niðurstöðu, að þetta þurfi nokkurrar breytingar við.

Jónas Kristjánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og vil leyfa mjer að gera grein fyrir þeim fyrirvara ásamt afstöðu minni gagnvart frv. í heild sinni.

Vörur þær, er um ræðir í þessu frv., eru flestar þess eðlis, að jeg tel best og heppilegast, að af þeim væri sem minst flutt til landsins. Flest eru það svokallaðar sælgætis- eða eiturnautnavörur, sem best væri, að sem minst væri neytt af. Jeg býst við, að mörgum muni kunn afstaða mín gagnvart þeim, og ætla jeg mjer ekki að þessu sinni að halda neinn fyrirlestur um lífnaðarhætti. En þó get jeg ekki látið vera að geta þess, að jeg tel óholt matarhæfi, — og þar á meðal sælgætis- og sætindaát — eiga nokkurn þátt í vaxandi meltingarkvillum, alt frá botnlangabólgu og magasárum til rotnunardauðans, krabbameinsins. Jeg er því ekki fyllilega ánægður með þetta frv., því að mjer þykir mjög ilt að gera landsmönnum ljettara fyrir að neyta þessarar óhollu vöru. Jeg fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að hækkaður væri að mun tollur á þessum tískuvörum, sem leiða til veiklunar á heilsu manna, heldur en að lækka hann, jafnvel þótt það gæti gefið einhverja atvinnu. Það mun ætíð veitast erfiðara að hækka toll á þeim vörum, ef til-

búningur þeirra er orðinn að atvinnuvegi í landinu sjálfu. Það er viðurkent, að tóbaksnautn hjer á landi fer mjög vaxandi. Börn og unglingar reykja „sígarettur" sjer til skaða. Og það er sorglegt tákn tímanna að sjá framtaksemi manna beinast að tilbúningi slíkrar vöru, í stað þess að glíma við einhver nytsamari verkefni. En svona er það samt, framleiðsla á nautnavörum er sú, sem borgar sig best. Jeg vil halda því fram, að með tollum eigi að sporna við, að flutt sje nema sem minst af þess kyns varningi inn í landið. Flest af þessu eru vörur, sem eru til engra nytja, að maður segi ekki til skaða, og við getum með öllu látið vera að kaupa. Því er hár tollur á þeim rjettmætur.

Jeg er ósamþykkur frv. í meginatriðum og býst jafnvel við að greiða atkvæði á móti því. Tollurinn, sem þar er ákveðinn, er of lágur. En toll tel jeg líklegastan til þess að laga ástandið, ef hægt er. Því finst mjer frv. spor í öfuga átt við það, sem vera ætti.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg bjóst satt að segja við, að hv. 1. eða hv. 5. landsk. (JJ, JBald) þyrftu að segja eitthvað, en af því hefir ekki orðið. En jeg verð að biðja háttv. 6. landsk. (JKr) afsökunar, að mjer sást yfir að geta þess, að hann hefir skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. með fyrirvara. Nú hefir hann gert grein fyrir þeim fyrirvara og skoðun sinni alment á málinu.

Hv. 4. landsk. (MK) mintist á brtt. meiri hl. og taldi ívilnanirnar órjettlátar. Það getur verið álitamál, hvort svo er. En hjer er nú um tiltekið iðnaðarfyrirtæki að ræða í frv. og þann iðnað, sem ekki er útlit fyrir, að mörg fyrirtæki geti að starfað í þessu landi. Jeg get ekki sjeð neina bót að því, að ný verksmiðja framleiddi kaffibæti t. d. eða aðrar þær vörur, sem nefndar eru í c- og d-lið. En í till. er ívilnunin ætluð þeim iðnaðarfyrirtækjum, sem heyra undir þá liði og stofnsett eru fyrir 1. jan. 1927. Til þess að framleiðsla á þessum vörutegundum geti verið í lagi, þurfa þau fyrirtæki, sem hana stunda, að hafa svo mikla umsetningu, að þau hafi hag af því að vanda sem best vöru sína. En ef of margir gefa sig við þessari framleiðslu, má búast við, að það verði til vafasamra bóta bæði fyrir iðnrekendur sjálfa og eins neytendur. Meiri hl. fjhn. vill því ekki ýta undir, að of mörg fyrirtæki verði sett á stofn t. d. til þess að framleiða kaffibæti, ávaxtasafa, öl o. s. frv. (JJ: Á ekki að vera frjáls samkepni?). Eðlilega. En ekki er ástæða til þess, að löggjafarvaldið fari að ýta undir, að neitt kapphlaup verði um þessa framleiðslu, af því að þetta eru vörutegundir, sem frekar munu taldar óþarfar en hitt.

Hv. 5. landsk. (JBald) hefir nú heyrt álit hv. 6. landsk. (JKr) á þessum vörutegundum yfir höfuð. Hv. 6. landsk. dæmir þær út frá sínu heilsufræðilega sjónarmiði og sýnir fram á, að mest af þessum vörum, sem um getur í frv., sje óþarft og sumt beinlínis skaðlegt. Meiri hl. vill ekki bera það til baka. En á hinn bóginn er hætt við, væri settur geysihár tollur á þessar nautnavörur, að það mundi leiða til þess, að menn færu að nálgast þær með ólöglegu móti, og niðurstaðan

yrði sú, að vörurnar væru um hönd hafðar eftir sem áður, en ríkissjóður færi á mis við tekjur í tollum af aðflutningsgjaldi.

Það er ekki útilokað, að háttv. 4. landsk. (MK) geti komið að sínum till.; þótt meiri hl. taki ekki aftur sínar till., má athuga brtt. við 3. umr., er til kæmi. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem fást við tilbúning á vörum, sem ekki falla hjer undir, þrífast vel í því skjóli, sem vörutollurinn ljær þeim.

Meiri hl. fjhn. sjer því ekki ástæðu til eftir atvikum að taka till. sínar aftur, þar sem þetta mál á enn eftir eina umr. í hv. deild.

Magnús Kristjánsson: Mjer kemur það undarlega fyrir, að nefndin vill ekki láta fresta atkvgr. um þessa liði, og mjer finst það hrein og bein skylda hv. fjhn. að verða við tilmælum mínum. Það er lítil ástæða til og ekkert vit í að vera að samþykkja ákvæði, sem sýnilegt er, að breyta þurfi við næstu umr. Jeg tel það óráð og ósið, sem ekki ætti að eiga sjer stað. Jeg býst líka við, að hv. frsm. (JJós) telji ekki starf hv. fjhn. svo óskeikult, að ekki mætti sumt betur fara. Það er þá fyrst, til að nefna misrjetti það, er jeg tel stefnt að með brtt. hv. fjhn., að þeim, sem hafa verið svo óhepnir — jeg vil ekki segja óvarkárir, — að byrja samskonar starfrækslu og þá, er hjer um ræðir, frá síðastliðnum áramótum og þangað til þessi lög öðlast gildi. Jeg fer fram á, að þessu ákvæði verði breytt, svo að lögin nái til allra, sem starfrækja samskonar fyrirtæki, alt þangað til lögin ganga í gildi. Með því móti má bæta úr þessu misrjetti, sem annars ætti sjer stað. Þótt frjáls samkepni sje góð á sinn hátt, þá getur hún líka verið hættuleg — það er skoðun, sem jeg hefi haldið fram bæði fyr og síðar — og ekki síst fyrir þá sök, hve iðnaðarfyrirtæki eru hjer kraftlítil, og það því fremur, sem lítil skilyrði eru hjer fyrir því, að slík starfræksla geti þrifist í stórum stíl. Jeg get þá líka verið hv. meiri hl. sammála um það, að rjett sje að setja nokkrar takmarkanir fyrir því, að fyrirtæki af þessu tægi spretti upp sem gorkúlur á haug, en þó með því skilyrði, að ekki kæmi þungt niður á þeim, sem hafa ekki gert sjer grein fyrir, hvað til stæði. Jeg er sannfærður um, að hv. fjhn., eða meiri hl. hennar, og hv. þingdeild í heild sinni hljóta að sjá, að þessi breyting er sjálfsögð. Jeg hefði kunnað betur við, að gr. kæmist alls ekki inn í frv., því að það eru fleiri en jeg, sem álíta, að þetta atriði sje ekki nægilega athugað. Jeg tók það fram áðan, og vildi gjarnan beina því til hv. nefndar, að mjer þykir óþarflega langt gengið í þessari ívilnun. Það er ekki alllítil upphæð, að ívilnunin skuli nema 250 kr. á hvert tonn. Minna mátti gagn gera. En ef hv. deild er ófáanleg til þess að breyta því, þá mætti minka misrjettið með því að hafa tollívilnunina minni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leyfa mjer að fara fram á samkomulag milli hv. 4. landsk. (MK) og hv. nefndar um það, að þessar 4 brtt. hv. meiri hl. fjhn. komi nú til atkvæða, vegna þess að því, sem vakað hefir fyrir hv. 4. landsk., um ívilnun til fyrirtækja, sem stofnsett eru á

tímabilinu frá 1. jan. 1927 og þangað til þessi lög öðlast gildi, má að minni hyggju ná með því að orða það sem viðauka, en jeg tel hins vegar ekki hægt að fella það inn í ákvæði nefndarinnar, því að fyrir þau fyrirtæki er ekki hægt að miða við framleiðslu ársins 1926. Þetta frv. ákveður svo, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1927, og þá er um það að ræða, hvort hægt er að bæta við væntanlega 3. gr. ákvæði um ívilnun, sem miðuð sje við ástæður fyrirtækja, sem stofnsett eru frá áramótum og til þess tíma. Jeg fyrir mitt leyti er fús til athugunar á því, en finna verður annan mælikvarða en þann, sem till. meiri hl. fjhn. byggir á, nefnilega framleiðslu ársins 1926.

Jeg verð að benda háttv. 6. landsk. (JKr) á það, ef hann vill vera á móti frv. af því að iðnaður eins og sá, er um ræðir í frv., eigi lítinn eða engan tilverurjett í landinu, þá er það svo um þetta frv. að því er snertir gjald fyrir gerð tóbaksvarnings, að þar er haldið ákvæðum núgildandi löggjafar um það efni óbreyttum, og sama er að segja um gjald af brjóstsykurs- og konfektgerð. En um hitt, óáfeng vín o. s. frv., er hjer í fyrsta sinn farið fram á, að þeir, sem slíkt vilja búa til, skuli kaupa leyfisbrjef í því skyni og greiða gjald í ríkissjóð, sem miðast við aðflutningsgjald á þeirri tollvörutegund, sem þeir framleiða. Verði þessi tilraun feld, búa þessi fyrirtæki við það atvinnufrelsi áfram, sem nú er. Og það er vitanlegt, að verksmiðjum, sem fást við ölgerð og kaffibætisframleiðslu, muni skjóta upp eins og gorkúlum, svo fremi þessari löggjöf verði slegið á frest. Jeg vil því fastlega mælast til þess við hv. 6. landsk., þótt honum þyki frv. fara of skamt og leggja of lítlar hömlur á tilbúning þessa óþarfa, þá láti hann það ekki verða til þess að svifta frv. atkv. sínu. Það er heldur ekki hægt, eins og þingið er nú skipað, að komast lengra í því að leggja gjöld á þessi fyrirtæki heldur en gert er með brtt. hv. meiri hl. fjhn. Jeg vil og minna á það, að þessi sömu fyrirtæki greiða annað gjald í ríkissjóð, sem vel má leggja í vogarskálina á móti. Öll þurfa þau að flytja inn efnivörur til iðnaðar síns og greiða af þeim vörutoll. Og eru það ekki litlar upphæðir. Auk þess borga þau sína beinu skatta til ríkis og bæjar. Það hefir verið lagt vandlega niður í hv. fjhn. Nd. og af mjer með viðtali og athugun og hliðsjón af því, sem þessi fyrirtæki greiða nú í ríkissjóð. Og eftir atvikum er ekki ástæða til að fara fram á hærra gjald en háttv. meiri hl. leggur til, að samþykt verði.

Mjer finst óheppilegt, ef þessi löggjöf verður ekki útkljáð nú þegar, því að það mundi frekar verða til þess að auka óheilbrigðan atvinnurekstur á þessu sviði, sem ekki getur þrifist nema með því að njóta tollverndar.

Jónas Jónsson: Jeg þarf að segja fáein orð við hæstv. forsrh. (JÞ). Það er kunnugt, að þetta mál var frá upphafi miður undirbúið en skyldi og nú er orðið. Þegar það kom fyrir háttv. Nd., mætti það strax mótstöðu. Það var þá því líkast, sem væri það beinlínis gert til þess að kæfa þann litla vísi til innlends iðnaðar, sem fyrir er, og reisa skorður við vexti hans á næstunni. Það er kunnugt frá mönnum,

sem standa að þessum iðnaði, ölgerð, kaffibætisvinslu o. s. frv., að megnar hótanir höfðu komið í garð þessara íslensku atvinnurekenda frá mönnum, sem hafa umboð fyrir útlend firmu á þessum vörum, að svo hár tollur skyldi verða lagður á hina innlendu framleiðslu, að þeim veittist erfitt að standast samkepnina. Þetta tók hv. Nd. til greina og gerbreytti frv., svo að það er ekki út af eins skaðlegt nú og það var.

Þar sem nú er ástæða til að halda, að hæstv. landsstjórn hafi staðið í sambandi við umboðsmenn þá, sem flytja inn þessar vörur og eru sumir hverjir stuðningsmenn hæstv. stjórnar og framleggjendur í blaði flokksins, fyndist mjer rjettara, að málið væri tekið upp aftur á almennari grundvelli, og það því fremur, sem einstakir nefndarmenn hafa vitneskju um, að það er í undirbúningi hjer að stofna til íslensks iðnaðar í tóbaksgerð. Þar sem allar þjóðir, þótt ekki rækti þær tóbak, reyna að hafa þessa iðju hjá sjer í eigin landi, tel jeg það frekar gagnlegt fyrir okkur, að sú iðja sje rekin innanlands, meðan tóbak er á annað borð notað.

En þegar tekið er tillit til þess, hversu mikið gjald verður að greiða af hráefni, sem inn er flutt, og þar við bætist geysihár tollur af vörunni sjálfri framleiddri, er útlitið fyrir slíka iðju síður en svo vænlegt.

Jeg get búist við að greiða atkvæði á móti frv., jafnvel þótt það hafi batnað töluvert við brtt. þær, sem hv. meiri hl. nefndarinnar hefir gert.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi litlu við að bæta, en vil aðeins ítreka það, að mjer þætti miklu máli skifta, ef háttv. nefnd vildi taka til greina bendingar mínar og koma fram með till. til breytinga samkvæmt þeim. Þó að jeg færi að bera fram brtt., þá hefi jeg litla von um, að hún næði fram að ganga. En hinsvegar tel jeg víst, að hún væri líkleg til framgangs, ef hv. nefnd vildi taka hana á sína arma. Jeg ætla þá í sem allra fæstum orðum að gera grein fyrir því, hvernig jeg álít, að lagfæringar geti komist að. Jeg álít, að þetta mætti laga með því að bæta við 4. lið á eftir orðunum „að gjaldið ... færist niður í 1/6 aðflutningsgjalds“: að sömu hlunninda njóti atvinnurekendur, er hefja samskonar iðnrekstur á tímabilinu frá 1. jan. 1927 til 1. júlí 1927, er lögin ganga í gildi, og ívilnunin miðist við framleiðslumagn þeirra eins og miðað er við 1 árs vörumagn hjá hinum.

Jeg vona, að þetta sje mönnum alveg ljóst, og jeg fyrir mitt leyti tel nauðsynlegt, að það komist að í frv. Ef hv. nefnd sæi sjer ekki fært að verða við þessum tilmælum mínum, þætti mjer vænt um, að hún gerði mjer viðvart í tíma, svo að mjer gæfist svigrúm til þess að koma þá sjálfur með brtt. En jeg tel vænlegra til lagfæringar, ef háttv. nefnd vill taka af mjer ómakið.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki gert nál., af því að jeg er á móti frv. í heild. Jeg skal játa, að ummæli mín voru á því reist, að mjer fanst háttv.

frsm. ekki gera nægilega grein fyrir nál. Það er auðvitað erfitt að ákveða, hve hár tollur skuli vera á þessari framleiðslu. Til þess verður að vita um árlegt vörumagn o. fl. Það fer líka eftir því, hve mikið innflutningsgjald af hráefni er goldið í ríkissjóð. En þetta hefir ekki verið upplýst í umræðunum. Jeg er hissa á hv. fjhn.-mönnum, sem vilja koma á tvenskonar löggjöf um þetta efni, annari fyrir þá, sem hafa verið svo lánsamir að stofna svona fyrirtæki fyrir 1927, og hinni fyrir þá, sem á eftir koma. Mjer finst þetta æðimikið brot á svo kallaðri „frjálsri samkepni", sem þeir vilja þó, að ríki. Mjer finst það fullkomið ranglæti að láta eina verksmiðju njóta ívilnunar, en aðra, sem síðar er stofnsett, borga miklu hærra. Jeg get ekki verið að rekast í frekari umræðum um þetta, en jeg lít svo á, að frv. mætti vel bíða eitt ár eða svo og njóta betri undirbúnings.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg vil geta þess út af ræðu hv. 4. landsk. (MK), að meiri hl. nefndarinnar er fús að taka til yfirvegunar til 3. umr. tillögu frá honum, sem færi í svipaða átt og hann mintist á. En það væri æskilegt, að hann vildi sýna nefndinni hana við fyrsta tækifæri, því að jeg býst við, að málinu verði hraðað, þar sem svo langt er liðið á þingtímann. Þeir tveir hv. þm., sem telja sig ekki hafa haft tíma til að útbúa nál. í málinu, segjast ekki vera frv. fylgjandi og óskir þeirra virðast helst ganga í þá átt, að tollvörutegundir þær, sem hjer ræðir um, ættu að vera tilbúnar hjer á landi. Þeir hljóta þó að vita, að ríkissjóður byggir tekjuáætlun sína ekki að litlu leyti á innflutningi þessara tollvara. Tollur á tóbaki nemur á 7. hundrað þús. króna, samkv. síðasta landsreikningi. Ef leyfð væri tóbaksiðn með tollvernd, mundi ríkið missa þessar tekjur. Það er annars einkennilegt, hve báðir þessir hv. þm. eru samtaka um að vernda framleiðslu þessarar munaðarvöru frá tolli. Meiri hl. fjhn. er þeirrar skoðunar, að tolla beri munaðarvörur yfirleitt, og hann vill ekki loka augunum fyrir því, hverja þýðingu sá innflutningur hefir að því leyti fyrir ríkissjóð. Jeg hefi enga tilhneigingu til að sveigja til um tolla af munaðarvörum, því ef farið væri út á þá braut að ýta undir framleiðslu þeirra með tollvernd, mundi neysla þeirra til nautna aukast, en ríkissjóður missa tekjur, sem hann ekki má við að missa. Um ívilnanir til eldri stofnana er það að segja, að það er ekkert nýtt, þegar settar eru kvaðir á einhverja framleiðslu, að tekið sje tillit til þeirra fyrirtækja, sem búin eru að starfa um langt skeið áður en kvaðirnar eru settar á. Hv. 4. landsk. er líka meiri hl. nefndarinnar sammála í þessu efni.

Jeg ætla ekki að svara háttv. 1. landsk. (JJ) því, sem hann talaði um, að afstaða okkar væri bygð á pólitískum ástæðum. Þær ásakanir eru gripnar úr sama lausa loftinu og vant er, þegar hann ætlar andstæðingum sínum miður góðar hvatir.

Jónas Kristjánsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg mælti á móti frv. að því leyti, sem mjer þótti það ekki gera ráð fyrir eins háum tolli og jeg teldi rjett að hafa á þessum

munaðarvörum. Jeg vil, að tollurinn sje hafður svo hár, að hann dragi verulega úr kaupum á þessum vörum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 542,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 542,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 542,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 542,4 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

nei: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald.

JKr. greiddi ekki atkv.

3.—10. gr. (verða 4.—11. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 584, 587).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.*

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Við 2. umr. þessa máls mintist hv. 4. landsk. (MK) á, að hann áliti frumvarpinu til bóta, ef í það væri sett ákvæði við brtt. meiri hlutans um ívilnanir til þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem tekið hafa til starfa og taka til starfa á tímabilinu frá 1. jan. þ. á. til þess tíma, er lög þessi öðlast gildi. Hann vildi, að meiri hlutinn tæki brtt. sína aftur til nánari athugunar, en fjell frá því, þegar honum var bent á það af forsætisráðherra, að ekki þyrfti að breyta tillögunni til þess að laga þetta, heldur mætti gera það með því að bæta málsgrein við hana. Nú hefir meiri hl. nefndarinnar athugað þetta og fallist á þessa breytingu, og ber því fram brtt. í þessa átt ásamt hv. 4. landsk. (MK). Legg jeg svo til, að frv. verði samþykt með þeirri breytingu.

Jón Baldvinsson: Jeg álít það enga bót á frumvarpinu, þó að brtt. þessi verði samþykt. Það bætir ekkert úr, þó að þessi ívilnun verði gerð til 1. júlí þessa árs.

Annars skil jeg ekkert í, að þessir menn, sem telja sig forsvarsmenn frjálsrar samkepni, skuli halda slíku fram sem þessu. Mjer finst það slíkt heljar ranglæti, að jeg er hissa á, að nokkur maður skuli bera slíkt fram. Því að maður, sem byrjar atvinnurekstur, sem þessi lög ná til, 1928, nýtur verri kjara en sá, sem byrjar 1927. Jeg tel því brtt. þessa, eins og jeg tók fram áðan, til engra bóta.

Magnús Kristjánsson: Það gleður mig, að hv. 5. landsk. (JBald) skuli vera farinn að hressast, því eins og hv. þdm. mun kunnugt, hefir hann verið lasinn að undanförnu. Að hann er kominn til heilsu aftur, marka jeg mest á því, hversu mjög hann er viðbragðsfljótur að spretta upp, til þess að mótmæla öllu, sem kemur fram í deildinni, stundum af góðum og gildum ástæðum, en oft að ástæðulausu. Það er því ofur skiljanlegt, þó að þessi hv. þm. átti sig stundum ekki sem best á hlutunum, þar sem það er svo margt, sem hann þarf að láta til sín

taka. Annars skil jeg ekki, hvers vegna hann er svona andvígur þessu frumvarpi, því að satt að segja hjelt jeg, að það væri í hans anda. En vel má vera, að honum finnist það ekki ganga nógu langt.

Brtt. okkar á þskj. 587 er beinlínis fram komin til þess að fyrirbyggja ranglæti gagnvart þeim mönnum, sem setja á stofn slík iðnaðarfyrirtæki á þessu ári. Því væri ákvæðum frv. ekki breytt í þessa átt, þá biðu þeir menn stórtjón, sem búnir væru að leggja mikið í kostnað við undirbúning undir slíkan atvinnurekstur, og tillit til slíks verður að taka, því að mjer finst, að löggjafarvaldið eigi ekki að ganga á undan í því að eyðileggja menn fjárhagslega.

Þetta ætti hv. 5. landsk. (JBald) að athuga áður en hann stendur upp aftur eða kemur með næstu skriflegu brtt. Annars held jeg, að það hafi engin áhrif, hversu oft sem hann sprettur upp í þessu máli og hve margar brtt. sem hann kemur með, því að það sýnir ekkert annað en það, sem allir hafa bæði sjeð og heyrt, að hann hefir ekki áttað sig á málinu.

Jón Baldvinsson: Skilningur minn á þessu máli er jafnmikill, hversu oft sem hv. 4. landsk. (MK) stendur upp og segir, að jeg hafi ekki skilið það, meðan hann getur ekki bent á, í hverju skilningsleysi mitt er fólgið. En allir aðrir, er seinna byrja, standa illa að vígi í samkepni við þá, sem hafa byrjað fyrir hinn ákveðna tíma. (**MK:** Þetta er sósíalismi). Háttv. 4. landsk. misskilur jafnaðarmenskuna, ef hann heldur, að hún gangi út á það að veita einstökum mönnum fríðindi á kostnað allra annara. Með þessum lögum er í raun rjettri aðeins verið að veita sjerleyfi, enda þótt það sje ekki bundið við nafn, því að þau veita einstökum mönnum rjett til þess að fá vörur ódýrari heldur en keppinautar þeirra, er á eftir koma. Ef hv. þm. (MK) getur ekki skilið þetta, þá er ekki heldur við því að búast, að hægt sje að koma honum í skilning um, hvað verndartollar eru.

Hv. þm. (MK) sagði, að hjer væri farið fram á reglubundið skipulag. Nei, þetta er hið argasta ranglæti og skipulagsleysi, að veita einstökum mönnum með aðstoð ríkisvaldsins skjól til þess að afla fjár á þann hátt, sem öðrum er meinað. En fyrir þennan misskilning undrar mig það ekki, þótt hv. þm. (MK) snúist illa við mótmælum gegn frv. og brtt. Mjer skildist svo á honum í gær, sem þetta ætti að verða tollvernd, en nú sje jeg og heyri, að það á að verða bitlingur handa einhverjum, sem ætlar sjer að koma upp einhverri iðn fyrir 1. júlí í sumar, konfektgerð eða einhverju þess háttar.

Sem sagt, ranglætið liggur í því, að örfáum iðnrekendum er kleift að taka hærra verð fyrir vörur sínar heldur en þeim, sem síðar koma. Auk þess er það algerlega órannsakað mál, að hve miklu leyti sumar iðngreinir hjer, svo sem ölgerð og kaffibætisgerð, eru háðar tollum á hráefnum, og hve hátt gjald þær greiða nú á móts við það, sem þær mundu greiða, ef frv. þetta yrði að lögum. Af öllum þessum ástæðum er jeg á móti frv.

Magnús Kristjánsson: Það er að vísu ábyrgðarhluti að opna fyrir þann

straum, sem altaf má búast við frá hv. 5. landsk. (JBald), en jeg held jeg verði þó að eiga það á hættu.

Það bar nú svo undarlega við, að hann komst í mótsögn við sjálfan sig, og treystist nú ekki að ræða það atriði, er hann byrjaði á, að brtt. væri til þess að gera frv. lakara en það væri, heldur snýr hann sjer nú að því að ræða málið alment, þó að hann hefði átt að vera búinn að því fyrir löngu. Nú kom hann að því, að þessi stefna, er í frv. felst, sje ekki heppileg. Það þýðir því ekki fremur venju að taka hann alvarlega. Hann er búinn að koma sjálfum sjer í bobba, með því að reyna að elta uppi ástæður, er hann getur ekki fest hönd á.

Hann sagði t. d., að það mundi vaka fyrir mjer að útvega einhverjum bitling. Jeg hafði satt að segja ekki búist við slíkri aðdróttun úr þeirri átt, en þetta sýnir, ásamt öðru, hrein röksemdaþrot hjá hv. þm. (JBald).

Þá kem jeg að því, sem hann mun telja aðalatriðið, að ófært sje að hindra, að ýms iðnaðarfyrirtæki spretti upp á næstu árum. Jeg verð að segja það, að jeg álít þá framleiðslu, sem hjer er um að ræða að skattleggja, ekki þarfari en svo, að vel megi verða hlje á því um nokkur ár, að fleiri slík spretti hjer upp. En sá vísir til iðnaðar, sem hefir verið að myndast hjer á seinustu árum, á skilið — þótt eigi framleiði hann nauðsynjavörur — þessa lagavernd í bili, og það mundi líka bjarga mörgum öðrum frá að ganga inn á þessa braut, því að ef mörg samskonar iðnaðarfyrirtæki rísa hjer upp, hlýtur óhjákvæmilega að liggja fyrir þeim flestum að veslast upp úr hor. Þótt verndartollastefna eigi hjer á þingi ýmsa formælendur og ýmsa andmælendur líka, þá er ekki ástæða til að bendla hana við þetta mál, því að hjer er ekki verið að koma á eiginlegum verndartollum. En það er nauðsynlegt að stíga þetta spor vegna sjerstakra kringumstæðna, því að vegna fólksfæðar í landinu eru engar líkur til þess, að ung iðnfyrirtæki geti borið sig, ef engar tryggingarreglur eru settar um þau.

ATKVGR.

Brtt. 587 samþ. með 11:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 600).

Á sama fundi var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til e i n n a r u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:1 atkv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Mjer var aðeins falið að skila því frá fjhn., að hún geti sætt sig við þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., og að nefndin leggur það til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú er. Það hefir í hv. Ed. verið bætt inn í frv. einni grein, er fer í þá átt að heimila ríkisstjórninni að ívilna innlendum fyrirtækjum, sem nú eru starfandi í landinu, næstu ár, eða til 1935. Mönnum þykir kannske varhugaverð þessi íviln-

un, af því að hún geti útilokað, að ný fyrirtæki af sama tægi komist á stofn. En nefndin álítur ekki heppilegt, að þessum iðnfyrirtækjum fjölgi, því að markaðurinn er lítill og varan mundi ekki verða ódýrari, þó að fleiri væru um framleiðsluna hjer innanlands. Meiri líkur væru til, að verðið hækkaði. Það kostar nokkurt fje að koma þessum iðnrekstri á stofn, en afraksturinn lítill. Mjer er kunnugt um, að framleiðslufyrirtækin í þessari grein, sem fyrst voru stofnuð hjer, eru illa stödd og yrðu ef til vill að hætta, ef þau fengju ekki þá tilhliðrun, sem hjer er um að ræða.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þakka hv. fjhn. undirtektir hennar og mæli með því, að deildin samþ. frv. óbreytt. Jeg get gjarnan getið um það hjer, vegna þeirrar breytingar, sem gerð var á frv. í hv. Ed., að jeg hefi borið mig saman við eigendur helstu þessara fyrirtækja, og þeir hafa tjáð mjer, að þeim þyki betra að fá þá ívilnun, sem nú er í frv., og fyrir ríkissjóð tel jeg aðgengilegra að hafa þetta svona heldur eins og áður var afgreitt hjer.

Jeg held jeg megi fullyrða, að ekki verði óánægja með þetta frv., þó að það sje samþykt óbreytt, og jeg leyfi mjer að óska, að svo verði gert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

43. Klassisk fræði.

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 11. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, annarsvegar af því, að þetta mun vera í 3. skifti, sem slíkt frv. er borið fram hjer í þinginu, og er því áður búið að gera grein fyrir ástæðunum til þess, að það er fram komið, og nú eiga hjer sæti nær allir þeir sömu þm., sem áttu hjer sæti 1924, þegar frv. var borið fram í 2. sinn. Hinsvegar mun það ekki hafa valdið því, að frv. hefir ekki náð fram að ganga, að menn hafi ekki álitið, að vel mætti komast af án sjerstaks kennarastóls í klassiskum fræðum, heldur hitt, að kunnur maður skipaði þetta embætti. En nú, þegar embættið er óskipað, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að frv. næði fram að ganga.

Allshn. mun áður hafa haft málið til meðferðar, og legg jeg til, að því verði vísað til þeirrar nefndar að umr. lokinni.

Pjetur Ottesen: Það er orðið löngu ljóst, að í raun og veru er kostnaður við embættisrekstur vaxinn þjóð vorri yfir höfuð. Enda þótt svo hafi reynst, þegar vel lætur í ári og sæmilega hefir tekist um afgreiðslu fjárlaganna, að hægt hafi verið að leggja nokkuð af mörkum til verklegra framkvæmda,

þá hefir reynslan engu síður sýnt hitt, að þegar nokkuð ber út af um árferði, hefir orðið alveg að kippa að sjer hendinni hvað þetta snertir. Er ekki langt að minnast áranna 1923 og '24, þegar ekki var hægt nema að örlitlu leyti að leggja fram fje til verklegra framkvæmda. Er eðlilegt, að þetta hafi leitt huga manna að því, að eitthvað yrði að gera til þess að draga úr þessum útgjöldum ríkissjóðs. Allar götur frá 1921 hafa verið gerðar hjer á Alþingi nokkrar tilraunir í þessa átt. Nokkur árangur hefir orðið á þann hátt, að dregið hefir verið úr kostnaðinum, en þó hygg jeg, að árangurinn liggi að mestu leyti í því, að aldan hefir verið þess megnug að standa á móti mikilli aukningu á þessu sviði. Það, sem hinsvegar hefir reynst einna erfiðast, er það, að það er ekki svo auðvelt í einni svipan að leggja niður embættin, meðan menn sitja í þeim, og því var sýnt, að það yrði að fara þá leið, að jafnframt því, sem embættin losnuðu, yrði að gera framtíðarráðstafanir um þau.

Það var á þinginu 1924, að hv. flm. þessa frv. (TrÞ) flutti þál. í þessa átt. Þar taldi hann upp nokkur embætti, sem farið var fram á, að stjórnin veitti ekki án þess að þingið hefði áður sagt álit sitt um tilhögun þeirra. Þessi embætti voru: sýslumannaembættin í Snæfellsnes-, Dala-, Barðastrandar-, Stranda-, Eyjafjarðar-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum og lögreglustjóraembættið á Siglufirði, landlæknis- og bæjarlæknisembættin í Reykjavík, aðstoðarverkfræðingaembættin hjá vegamála- og vitamálastjóra, skógræktarstjóraembættið, prófessorsembætti í guðfræði og dósentsembættið í grísku við háskólann, fræðslumálastjóra- og bankaeftirlitsmannsembættin.

Þessi tillaga hv. þm. Str. var að vísu ekki samþykt, heldur önnur tillaga sama efnis að öðru leyti en því, að hún var enn víðtækari og batt hendur stjórnarinnar ekki einasta um veitingu embætta, heldur líka ýmsra sýslana, enda tók hv. þm. Str. það fram, að hann gæti fullkomlega sætt sig við hana, en lagði áherslu á, að ekki yrði í neinu vikið frá með þær embættaveitingar, er tillaga hans fól í sjer.

Eftir því sem jeg best veit, hafa nú aðeins tvö af þessum embættum losnað síðan 1924. Annað er dósentsembættið í klassiskum fræðum við háskólann, þetta, sem hv. flm. (TrÞ) vill leggja niður, eða að minsta kosti koma því svo fyrir, að kostnaður við það verði enginn. (**TrÞ:** Alveg rjett). Hitt er fræðslumálastjóraembættið. Mig furðar stórum, að hv. þm. Str. (TrÞ) skuli ekki jafnframt hafa borið fram till. um ráðstöfun á því embætti, t. d. að sameina það öðru embætti, en það virðist vel framkvæmanlegt. Jeg ber að vísu ekki fult skyn á, hve nauðsynlegt það er fyrir guðfræðikensluna í háskólanum að halda uppi grískukenslunni. En þar sem jeg veit, að hv. þm. Str. hefir sem guðfræðingur þekkingu til að dæma um það atriði, en þar sem hann telur, að þetta megi vel gera öllum að skaðlausu, get jeg beygt mig undir þann úrskurð hans. Um hitt embættið veit jeg, að það er töluvert umfangsmikið starf. En síðan Jón sálugi Þórarinsson dó, hefir rekstur þess verið í höndum

manns, sem hefir annað því auk síns eigin embættis. Hefir það farið mjög vel úr hendi, enda þótt staðið hafi sjerstaklega á, þar sem svo var ákveðið með fræðslulagabreytingu þeirri, sem samþykt var á síðasta þingi, að fræðslumálastjóri ætti að útnefna einn mann í allar skóla- og fræðslunefndir á landinu. Meðan sú breyting var að komast á, hafði hún í för með sjer aukin umsvif fyrir fræðslumálastjóra og miklar skriftir.

Alt þetta gefur mjer bendingu um, að það sje rjettmætt og sjálfsagt að taka til athugunar aðra tilhögun á þessu embætti, til dæmis að sameina það einhverju öðru starfi, eins og nú hefir verið gert til bráðabirgða. Það eru því tilmæli mín til hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að hún vilji taka þetta til athugunar og jafnframt það, hvort ekki væri víðar hægt að draga úr útgjöldum á þennan hátt á fleiri sviðum en þeim, sem hjer hefir verið bent á. Jeg býst við, að flestir líti svo á, að það verði að vera eitt af aðalhlutverkum þessa þings að gæta þess, að fjárhag ríkissjóðsins sje haldið í góðu horfi.

Jakob Möller:* Jeg get ekki tekið í sama strenginn og hv. flm. (TrÞ) og hv. þm. Borgf. (PO); og jeg verð að segja, að mjer þykir öllu meiri furða um afstöðu hv. þm. Borgf. en hv. flm., þar sem jeg veit ekki betur en að hv. þm. Borgf. sje einn þeirra, sem halda fastast í aukið latínunám í mentaskólanum. Í sambandi við frv. um lærða skólann hefir því verið haldið fast fram hjer á þingi, að latínukensla væri mjög nauðsynleg, ekki eingöngu sem þroskameðal í skólanum, heldur einnig fyrir vísinda- og bókmentastarfsemi í landinu. Meðan latínu- og grískukensla er ekki meiri en hún er nú í mentaskólanum, skyldi maður halda, að nauðsynlegt væri að halda uppi slíkri kenslu í háskólanum. Jeg hefi ekki heyrt því haldið fram, hvorki af hv. þm. Borgf. nje heldur af hv. flm., að grískukensla sje ekki nauðsynleg við háskólann, heldur halda þeir því fram, að aðrir kenslukraftar geti annað þeirri kenslu jafnhliða öðrum störfum. En það er aðeins til bráðabirgða, sem hægt er að treysta á það. Ef altaf minkar latínu- og grískukensla í mentaskólanum, verða innan skamms engir menn til þess að kenna þessi fög við háskólann. Þó að nú standi svo á, að kennarar háskólans sjeu færir um að taka að sjer þessa kenslu, er ekki hægt að treysta því, að svo verði til langframa. Ef kenslan er nauðsynleg, verður að hafa þennan sjerstaka kennara, ef hún á ekki að falla niður. Enda er þetta ekkert höfuðspursmál í fjármálum. Það, sem á að ráða úrslitum, er þetta: er kenslan nauðsynleg eða ekki? Hv. flm. verður að taka afstöðu til þessa og það er skylda þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar, að gera sjer og öðrum fulla grein fyrir því. Jeg sje að svo stöddu ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en eins og hv. þdm. hafa getað dregið af orðum mínum, get jeg ekki ljeð því fylgi mitt.

Magnús Jónsson: Það kemur mjer kynlega fyrir sjónir, að hv. flm. skuli vilja vísa þessu máli til allshn., en ekki til mentmn., þar sem það að sjálf-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

sögðu á heima. Jeg skal ekkert um segja, hvort það hefir verið í allshn. áður, en mjer finst alveg augljóst, að það tilheyri mentmn. Það gæti komið til mála, að það færi í allshn., ef frv. fjallaði um að leggja þetta og svo og svo mörg fleiri embætti niður, án tillits til, hverskonar embætti það væru. En þegar um er að ræða eitt af kennaraembættunum við háskólann, hlýtur það að heyra undir mentmn.

Af því að jeg á sæti í mentmn., hafði jeg ekki hugsað mjer að segja neitt um þetta mál hjer, en þar sem jeg á það á hættu, að málið komi alls ekki í þá nefnd, vil jeg skjóta því til allshn., hvort ætlunin er sú, að leggja alveg niður gríska kennsluna. Það er mjer aðalatriðið, þar sem jeg tel hana alveg ómissandi í guðfræðideild háskólans. Síðan Bjarni Jónsson frá Vogi ljest, hefir þessu embætti verið gegnt af manni, sem fenginn hefir verið til kenslunnar fyrir ákveðna þóknun. Jeg get ekki trúað því, að hv. flm. ætli að fella niður gríska kennsluna með öllu — en að segja, að kenslan megi ekkert kosta, er það sama og að fella hana niður. Jeg kem ekki auga á þann möguleika, að hægt verði að fá mann fyrir ekkert. Vil jeg svo leggja til, að málinu verði vísað til mentmn.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. þm. Borgf. (PO) og hv. 1. þm. Reykv. gerðu báðir að umtalsefni afstöðu mína um nauðsyn gríska kenslu við guðfræðideild háskólans. Jeg fór ekki inn á þessa hlið málsins, heldur skírskotaði jeg til þess, sem fram hafði komið 1924. Jeg get gjarnan látið í ljós, að jeg sagði þá, að æskilegt væri, að guðfræðinemendur gætu átt kost á því að lesa nýa testamentið á frummálinu. Jeg álít það æskilegt, en ekki nauðsynlegt. En það er vitanlegt, að kennarar í guðfræðideildinni kenna aðeins 8—9 mánuði ársins og aðeins eina stund á dag. Hinsvegar eru þeir allir svo vel færir í grísku, að þeir gætu tekið að sjer þessa kenslu.

Í framsöguræðu minni 1924 gerði jeg grein fyrir hinni mótbárunni, um afnám latínukenslunnar, og sýndi fram á, að lítil nauðsyn væri á henni vegna rannsókna á sögu þjóðarinnar.

Hv. þm. Borgf. vjek að þál. frá 1924 og gat um tvö embætti, sem nú eru laus, embætti það, sem hjer er til umræðu nú, og fræðslumálastjóraembættið, og undraðist, að jeg skyldi ekki flytja líka frv. um að leggja fræðslumálastjóraembættið niður. Hugsi hann sig vel um, hlýtur hann að muna, að jeg tók upp í þá till. öll þau embætti, sem þá hafði á síðustu árum verið talað um að leggja niður. Gerði jeg það af því, að jeg áleit sjálfsagt, úr því slík till. kom fram, að ekki væri skipað í slík embætti, nema Alþingi legði fyrst sinn dóm á þau. Var ekki þar með sagt, að jeg væri með því að leggja þau öll niður. Og nú hefir það gott hlotist af þessari tillögu, að hv. þm. Borgf. getur í þessu sambandi borið fram tillögu um niðurlagning fræðslumálastjóraembættisins.

Hv. 1. þm. Reykv. kom meðal annars með þá ástæðu gegn frv. þessu, að yrði það að lögum, þá myndi reka að því, að enginn yrði til hjer á landi, sem fær væri um að kenna þessi fræði við háskólann. En jeg man ekki betur en síðasta þing veitti fje handa manni

til að læra hebresku, og mig minnir grísku líka.

Mjer er ekkert kappsmál, hvort mál þetta fer heldur til mentmn. eða allshn. Jeg mun sætta mig við, þó að það fari til mentmn. En á þinginu 1924 var það í allshn.

Pjetur Ottesen: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það kæmi undarlega heim hjá mjer, sem vildi auka latínuna í mentaskólanum, að vilja nú afnema klassisk fræði við háskólann. Það er harla kynlegt, að háttv. þm. skuli koma þetta undarlega fyrir sjónir, því það er ósköp augljós hlutur, að eftir því sem meiri rækt er lögð við fornmálin í mentaskólanum, þá er því minni ástæða til að vera að halda uppi sjerstakri kenslu í þeim fræðum í háskólanum. En annars lýtur þetta frv. aðallega að grískukenslunni. En úr því að hann fór að minnast á aðstöðu mína til frumvarpa þeirra, sem legið hafa fyrir tveimur síðustu þingum um breytingu á mentaskólanum, skal jeg taka það fram, að það var ekki eingöngu af sjerstakri ást hjá mjer á latínunni, að jeg fylgdi því, heldur var það meðal annars af því, að mjer eins og fleirum blöskraði það geysilega aðstreymi að mentaskólanum, sem nú er og vex með ári hverju. Það er nú svo komið, að skólahúsið rúmar hvergi nærri allan nemendafjöldann og er þegar farið að leigja kenslustofur úti í bæ fyrir nemendurna. Þessi geysilegi straumur að mentaskólanum er engan veginn hollur eða til þjóðþrifa, af því að þjóðin hefir ekki sjerstaklega þörf fyrir svo mikla framleiðslu af svokölluðum lærðum mönnum í þau embætti eða þær stöður, þar sem krafist er slíkrar mentunar. En hinsvegar ekki hægt að telja það hyggindi, sem í hag koma, að fjöldi manna sje að eyða bestu árum æfi sinnar til að nema þær sjerfræðigreinar, sem ekki koma þeim að neinum notum í lífinu. Hjer er því um það að ræða að finna skynsamleg og haldgóð ráð til þess að draga úr þessu síaukna aðstreymi, og virtist mjer, að sú breyting á mentaskólanum að auka latínunámið og gera nokkra kunnáttu í því máli að inntökuskilyrði mundi meðal annars leiða af sjer, að nokkuð yrði af þeim sökum frekara í hóf stilt með aðsóknina en ella myndi. Þannig horfir þá þetta við frá mínum sjónarhól. Og þykist jeg nú hafa sýnt hv. 1. þm. Reykv. fram á, að hjer er ekki um að ræða neitt ósamræmi hjá mjer, eins og hann var að tala um.

Annars hefir sú raunin orðið á, hafi menn viljað fá fullkomnun í þessum fræðum, þá hefir orðið að styrkja þá til utanfarar, enda þótt hjer hafi verið haldið uppi kenslu í latínu og grísku við háskólann.

Jakob Möller:* Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) beindi til mín, skal jeg vekja athygli hans á því, að frv. þetta ræðir ekki um afnám dósentsembættis í grísku við háskólann, heldur afnám kennarastóls í klassiskum fræðum. Leiðir því meira af samþykt þess en afnám grískukenslunnar, því svo er til ætlast, að haldist þessi kennarastóll, þá verði bæði latína og gríska kend áfram við háskólann. Er því hv.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þm. Borgf. þar í fullu ósamræmi við sjálfan sig, er hann vill auka latínukensluna við mentaskólann, en leggja þetta embætti niður, því óneitanlega er samband þar á milli.

Annars vil jeg spyrja þennan hv. þm., hvort hann telji það sæmilegt gagnvart þjóðinni og þingmannsheiðri sínum að halda því fram í raun og veru, að verja miklu fje og miklum tíma til að kenna námsgrein, sem hann sjálfur telur af fullri sannfæringu algerlega óþarfa, aðeins til þess að draga úr aðsókn að skólanum. Jeg held, að slík yfirlýsing verði honum meira til áfellis en mjer, enda þótt hún hafi átt að verða það. Annars hefi jeg ekki getað sannfærst um rjettmæti þess að leggja þennan kennarastól niður, þrátt fyrir allar röksemdir hv. þm. Borgf.

Hv. þm. Str. (TrÞ), flm. þessa frv., viðurkendi, að nauðsynlegt væri að hafa þó svo mikla grískukenslu hjer, að guðfræðinemar gætu lært það mikið í grísku, að þeir gætu lesið nýja testamentið á frummálinu. En eins og jeg tók fram áðan, er engin trygging fyrir, að slík kensla geti átt sjer stað hjer, nema því aðeins, að sjerstakur kennarastóll í þessum fræðum verði látinn haldast við háskólann.

Hvað snertir sparnaðinn við afnám þessa kennarastóls, þá held jeg, að hann sje mjög vafasamur, þegar aðeins er um að ræða að spara nokkurn hluta af því fje, sem til hans gengur. Auk þess, sem gera má ráð fyrir, að eftir nokkur ár þurfi að fara að kosta mann við erlenda háskóla til þess að nema þessi mál. Og nú veit jeg ekki betur en hægt sje að fá mann í þetta embætti, án þess að kosta hann fyrst til útlanda. Nei, það er alveg áreiðanlegt, að þeir þingmenn, sem hafa beitt sjer fyrir að leggja þetta embætti niður, hafa ekki sparað þjóðinni neitt ennþá, og munu heldur ekki gera hjer eftir.

Þá er annað atriði þessa máls: Er sæmilegt að ganga þannig frá háskólanum, að rýja hann við hvert tækifæri þeim kröftum, sem geta orðið til þess að halda uppi heiðri hans? Jeg held, að hann sje ekki svo fjölskrúðugur, að vert sje að reyta þær fjaðrir af honum.

Þetta frv. hefði horft alt öðruvísi við, ef samhliða því hefðu komið fram tillögur um að bæta háskólann á öðru sviði. Ef um slíkt hefði verið að ræða, myndi jeg hafa tekið öðruvísi í málið. En þar sem það stefnir eingöngu að því að gera hann ómerkilegri en hann er nú, þá get jeg ekki fylgt því.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. 1. þm. Reykv. varð allrómsterkur og kvað fast að orði á móti frv. mínu. Satt sagt bjóst jeg ekki við slíkum hávaða við 1. umr. Hann taldi það undarlegan búhnykk hjá mjer að vilja leggja þetta embætti niður nú, en vilja svo kosta mann erlendis eftir nokkur ár til þess að nema þessi mál. En var ekki dæmið, sem jeg nefndi, rjett? Var ekki kostaður maður erlendis til þess að nema gömlu málin, einmitt meðan í þessu embætti var setið?

Þá kvað þessi háttv. þm. fast að orði um, að frv. þetta miðaði að því að gera háskólann ómerkilegri en hann er nú. Þetta er í fylsta máta ósanngjörn staðhæfing, og jeg tel mjög órjettlátt að slá því altaf fram, í hvert skifti sem verið er á móti stofnun nýs embættis

við hann, þá sje það af því, að maður vilji skóinn niður af háskólanum. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að við í þessu efni sem öðru verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Við verðum fyrst að athuga, hvað fjárhagurinn leyfir okkur að búa stórt, hvort heldur er með sendimenn í öðrum ríkjum eða gagnvart þessari stofnun. En að ofhlaða á okkur starfsmönnum, svo að við verðum að gefast upp, það nær vitanlega engri átt.

Pjetur Ottesen: Jeg skal uppfylla það ákvæði þingskapanna að nota þessa stuttu athugasemd einungis til þess að bera af mjer sakir.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það væri ósæmilegt af mjer að vilja sporna á móti aðstreyminu að mentaskólanum með aukinni latínukenslu. Í sambandi við þetta vil jeg benda honum á það, sem hann sagði sjálfur, að ekki væri sæmilegt að eyða dýrum tíma og miklu fje til þess að kenna þessi alóþörfu fræði í mentaskólanum. Jeg verð því að segja, að mjer finst hann ekki með öllu óskeindur af þessu, þegar hann sjálfur vill halda uppi þessum, að hans dómi sjálfs, óþarfa fræðum við háskólann og láta nemendurna eyða dýrmætum tíma og fje til þessara fræðiiðkana.

Þá var hann mjög hróðugur yfir því, að ekki hefði orðið mikill ávinningur af starfi þeirra, sem hefðu viljað spara á þessum sviðum. En hverjum er þar öðrum um að kenna en háttv. þm. og hans nótum?

Jakob Möller:* Jeg sá ekki betur en þær sakir, sem háttv. þm. Borgf. taldi á sig bornar, bæri hann á mig. Jeg sagði ekki, að þessi fræði væru ónauðsynleg, heldur vitnaði jeg í hans eigin ummæli, þar sem hann sagði, að það væri ekki vegna latínunnar sem nauðsynlegrar fræðigreinar, að hann vildi auka hana við mentaskólann, heldur væri það í von um, að hún minkaði aðsókn að skólanum. Út frá þessum forsendum gerði jeg honum upp orðin, að hann vildi láta menn læra alóþarfa fræðigrein. Jeg tek því ekkert aftur af því, sem jeg hefi sagt.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:2 atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 89).

Frsm. (Jón Guðnason): Þetta frv. er gamall kunningi á Alþingi, því að það hefir verið borið fram tvisvar sinnum áður. Ástæðan til þess, að það hefir verið þetta oft á ferðinni, mun vera sú, að ýmsum hefir þótt lítið verkefni fyrir þennan háskólakennara, sem frv. ræðir um. En aðalorsökin til þess, að frv. hefir ekki náð fram að ganga, mun eflaust vera sú, að embætti þetta hefir verið skipað ágætum kennara og mjög mætum manni og að háttv. þdm. vildu ekki leggja niður embættið að honum lifandi.

Nú horfir þetta öðruvísi við, því eins og hv. þdm. vita, er embætti þetta óskipað sem stendur.

Mentmn. hefir leitað álits heimspekideildar háskólans, og fylgir svar

hennar með nál. á þskj. 89 ásamt till. guðfræðideildar háskólans um ráðstöfun á þessu embætti. Og út frá því, sem þar segir, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

En um leið og embætti þetta er lagt niður verður að ráðstafa grískukenslu þeirri, er guðfræðinemar hafa notið við háskólann, og hefir því nefndin hugsað sjer að leggja til, að tekin verði upp í fjárlög einhver lítilsháttar fjárupphæð til þess að standast kostnað þann, sem af grískukenslunni leiðir. Nefndin lítur svo á, að hjá því verði ekki komist að veita tilsögn í grísku, en hinsvegar ekki hægt að bæta því á guðfræðiprófessorana, nema með því að þókna þeim fyrir það aukalega.

Þá hefir heimspekideildin farið þess á leit, að veittur yrði styrkur í fjárlögum til þess að greiða að einhverju leyti kostnað við dvöl erlendra sendikennara, sem von er á, að komi hingað til háskólans til að flytja þar fyrirlestra. Nefndin hefir fyrir sitt leyti fallist á, að þetta sje nauðsynlegt, og mun því síðar bera fram till. í þessa átt, er fjárlögin koma til umræðu, og gera þá frekar grein fyrir þessari málaleitun.

Þó að hjer sje um tvær fjárhæðir að ræða, sem nefndin mælir með, að verði teknar upp í fjárlög, þá munu þær til samans aldrei nema meira en um helmingi þeirra launa, sem farið hafa árlega til grískudósentsins.

Nú liggur fyrir heimspekideild tilboð frá Ameríku um að senda hingað vísindamann í guðfræði, og mun það ráðið að sinna því, en í tilboðinu er jafnframt óskað eftir því, að þessi vísindamaður fái ókeypis dvöl hjer um 2—3 mánaða tíma.

Samskonar tilboð má búast við, að komi frá fleiri háskólum, einkum á Norðurlöndum, og er ekki nema gott til þess að vita, að erlendir vísindamenn leiti hingað, því að margt má af því læra.

Það sýnist því rjett að samþykkja þetta frv., enda sparast talsvert við það og hægt að fá kenslu í þessum fræðum fyrir margfalt minni laun en dósentsembættið kostaði árlega.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv. En jeg vildi geta þess, að þegar til þess kom í haust að ráðstafa þessari kenslu í klassiskum fræðum, þá var maður ráðinn til þess að gegna embættinu þetta ár fyrir 2000 kr., svo reikna verður með þessari upphæð líka, þegar verið er að ræða um, hvað mikið sparist.

Hvað það snertir, að heimspekideildin óski að fá sendikennara og hafi tekið tilboði um það frá Vesturheimi, þá er mjer ekki kunnugt um það. Stjórnin vissi að vísu um tilboðið, en hún sá sjer ekki fært að taka upp í fjárlög styrk til þess að kosta dvöl hans hjer, enda er henni ókunnugt um, að það sje afráðið, að maðurinn komi. En þó að þessi vísindamaður komi í sumar, þá segir sig sjálft, að ekki er hægt að greiða dvöl hans hjer með styrk, sem veitast á árið 1928, eftir því sem mjer skildist, að háttv. frsm. (JG) ætti við.

Jeg vildi í sambandi við þetta mál minna á, að það er annað embætti, sem losnaði síðastliðið sumar og enn

er óráðstafað: fræðslumálastjóraembættið.

Í þáltill. hv. þm. Str. (TrÞ), sem fram kom hjer í þessari háttv. deild 1924, voru talin upp nokkur embætti og mælst til, að ef þau losnuðu, yrði ekki í þau skipað nema Alþingi fengi áður að segja þar um álit sitt. Í till. eins og hún var upphaflega orðuð var fræðslumálastjóraembættið eitt af þeim, sem þar var nefnt, en breyttist svo í meðferð hv. deildar, að það var felt úr þál. eins og hún var samþykt, en í þess stað sett „clausula generalis" um öll embætti og sýslanir, sem losnuðu og stjórnin teldi unt að sameina öðru starfi eða leggja niður.

En þrátt fyrir það fanst nefndinni rjett að láta Alþingi segja álit sitt um það, hvort embætti þetta skuli lagt niður eða ekki, og hefir þar af leiðandi sett mann til þess að gegna því þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Hinsvegar lítur stjórnin svo á, að ekki muni gerlegt að afnema embættið, og mun því engar till. um það flytja. En óski meiri hl. Alþingis að leggja embættið niður, þá mun stjórnin beygja sig.

Sem sagt, stjórnin vildi geyma Alþingi rjettinn til þess að segja álit sitt um embætti þetta, og verði engin till. samþ. um að afnema það, verður það auglýst laust að loknu þingi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend aðeins upp til þess að þakka hv. mentmn. fyrir afgreiðslu hennar á frv. En um þau atriði — sem í rauninni er alveg nýtt mál —, sem fljettast hafa inn í afgreiðslu nefndarinnar á málinu, ætla jeg ekki að ræða nú, enda gefst tækifæri til þess síðar.

Jeg er algerlega sammála hæstv. kenslumálaráðherra (MG), að það var rjett af stjórninni að skipa ekki í fræðslumálastjóraembættið, svo að Alþingi gæfist kostur á að segja, hvernig um það skuli fara.

Pjetur Ottesen: Það hefir nú löngum viljað við brenna hjer á Alþingi, að tekið væri með helst til miklum vetlingatökum á ýmsum sparnaðarráðstöfunum. Þó minnist jeg ekki að hafa sjeð vetlingatökum jafnátakanlega beitt við nokkurt mál eins og orðið hefir hjá hv. mentmn. um afgreiðslu þessa frv., sem hjer er um að ræða. Því að um leið og nefndin leggur til, að þessi margumtalaði kennarastóll í klassiskum fræðum verði lagður niður, þá auglýsir hún jafnframt, að hún muni síðar á þinginu bera fram tvær till. um aukinn fjárstyrk, sem koma eigi í staðinn fyrir launin, sem ríkissjóði bar áður að gjalda embættis þessa vegna. Það er að vísu tekið fram, að fjárhæð þessi muni aldrei nema meiru en sem svarar helmingi launanna, en úr þeim rökum, sem fyrir því eru færð, geri jeg fyrir mitt leyti harla lítið.

Það hefir verið venjan hjer á þingi, þó að hægt væri á stað farið með einhverja fjárveiting, að við hana hefir verið bætt og hún hækkuð, og það stundum nokkuð fljótt, og efast jeg alls ekki um, að sama mundi reynast í framkvæmdinni um þessa fjárstyrki hv. mentmn. Þess vegna býst jeg við, að eins og máli þessu horfir við frá nefndarinnar hendi, þá verði hjer ekki um neinn verulegan sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, þó að frv. verði samþykt, en tekinn upp í fjárlög

styrkur til þess að greiða kostnað við grískukensluna og fleira.

Þrátt fyrir það, þótt ganga megi að því vísu, að af niðurlagningu þessa embættis mundi ekki leiða mikill sparnaður fyrir ríkissjóðinn, ef mentmn. fengi vilja sínum framgengt um fjárframlög þau, sem hv. frsm. (JG) gat um, að nefndin bæri fram till. um, þá verð jeg að sjálfsögðu með því að leggja niður embættið, í trausti þess, að nefndinni takist ekki að eyðileggja þýðingu þeirrar ráðstöfunar með nýjum fjárgreiðslum.

Jeg mintist lítils háttar á annað embætti við 1. umr. þessa máls, sem líkt stæði á um og þetta embætti og væri enn óskipað. Það er fræðslumálastjóraembættið, og skaut jeg því til háttv. mentmn., að hún tæki það til athugunar, hvort henni virtist ekki fært að bera fram till. um t. d. að sameina öðru embætti þau störf, sem fræðslumálastjórinn hefir með höndum. — Nefndin hefir ekki orðið við þessum óskum mínum. Hinsvegar lýsti hæstv. ráðherra (MG) því yfir, að embættið væri óskipað vegna þess, að stjórnin hefði viljað gefa þinginu kost á að láta álit sitt í ljós um það, hversu skyldi með þetta embætti farið, samkvæmt þáltill., sem samþykt var 1925.

Þess vegna mun jeg fyrir 3. umr. þessa máls koma fram með brtt. um, hvernig fræðslumálastjóraembættinu verði ráðstafað, og sennilega þá í því formi, að embættið verði sameinað einhverju öðru starfi.

Jakob Möller:* Mjer þykir eiginlega vænt um þetta nál., sem hjer liggur fyrir, þótt það að vísu sje því fylgjandi að leggja niður kennarastól í klassiskum fræðum. Því að með því er viðurkent af þeim mönnum, sem halda því fram, að embættið skuli lagt niður, að það sje þó nauðsynlegt.

En úr því að nefndin viðurkennir, að það sje nauðsynlegt, þá á jeg hinsvegar bágt með að skilja tillögu hennar um að leggja það niður. Jeg sje ekki annað en að því sama megi ná — sem sje þessum lítilfjörlega sparnaði — með því að skora á stjórnina að veita ekki þetta embætti að svo stöddu. Jeg sje ekki, hver vinningur er í þessum kringumstæðum að leggja það niður; — skil það ekki öðruvísi en sem bláberan þráa, að af því að búið er að jagast á þessu máli eins lengi og hefir verið gert, þá megi það ekki niður falla. Sparnaðurinn verður — eins og hv. þm. Borgf. (PO) benti á — hvergi nærri eins mikill og nefndin vildi vera láta. Það er upplýst, að fyrir þessa kenslu hefir verið samið um að borga 2000 kr. á yfirstandandi ári. Svo leggur nefndin til, að að minsta kosti álíka upphæð verði veitt til háskólans. Með þessum launum er niður feld viss kensla, sem kennari í þessum fræðum hafði á hendi, sem sje að hann las að einhverju leyti með norrænunemum háskólans. Sú kensla hygg jeg, að hafi verið nokkuð nauðsynleg líka, og má gera ráð fyrir, að hún verði tekin upp innan skamms, og verði þá að verja til hennar eitthvað svipaðri upphæð og fyrir grískukensluna. Og geri maður ráð fyrir, að samkv. till. nefndarinnar verði greiddar alt að 2000 kr., þá skil jeg ekki, að þetta geti verið

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

neinn helmingssparnaður, eftir þeim launum, sem nú fylgja embættinu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða svo um þetta mál, þar sem það er í raun og veru viðurkent, að þessi kensla sje nauðsynleg. En um það hefir einmitt aðallega verið deilt hingað til. En jeg vildi leyfa mjer að stinga upp á annari afgreiðslu málsins en nefndin leggur til og geri það að till. minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Jeg sje ekki betur en að það náist alveg það sama með því. En hinsvegar er óbeinlínis gert ráð fyrir, bæði í till. háskólans og mjer skilst líka í nál., að til þess geti komið síðar meir, að rjett væri að veita þetta embætti á ný. Það er nefnilega talað um það, að að svo stöddu sje ekki ástæða til að veita það, af því að ekki sje völ á neinum manni, er sje sjerstaklega til þess hæfur. Jeg deili ekki um það. En með þessu er gert ráð fyrir, að síðar meir kunni að vera ástæða til að veita það. Þess vegna tel jeg rjettara að leggja það ekki niður. Hinsvegar finst mjer eðlilegast, að um leið og málinu væri vísað til stjórnarinnar, væri á einhvern hátt sjeð fyrir því, að háskólinn fengi til umráða þennan mismun, sem um er að ræða af þeim kostnaði, sem er á því að halda uppi kenslu í grísku og embættislaununum. Þá er ekki háskólinn nýrður á neinn hátt. Mjer virðist það ekki vera sú fúlga, að það þurfi að sjá eftir því til háskólans. En jeg veit ekki, hvernig hæstv. stjórn tekur í þetta mál og hvort hún telur það fært án sjerstakrar heimildar. En um það mál mætti ræða í sambandi við fjárlögin.

Frsm. (Jón Guðnason): Þessu frv., sem hjer liggur fyrir, hefir ekki verið tekið á þann veg, sem jeg bjóst við, af þeim tveim hv. þm., sem síðast hafa talað. Það virtist svo, sem hv. þm. Borgf. (PO) væri sleginn allmiklum felmti, — ekki reyndar út af frv. sjálfu, því að honum mun falla vel í geð sá sparnaður, sem það fer fram á, heldur út af till. nefndarinnar um nokkra fjárhæð til þess að halda uppi kenslu í grísku og einnig nokkra upphæð til þess að standast kostnað af dvöl erlendra vísindamanna, sem kynnu að koma hingað. Hv. þm. fórust svo orð, að hann hefði varla vitað tekið meiri vetlingatökum á sparnaðarmálum en nefndin hefir gert þarna. Mjer finst það út af fyrir sig ekki vera nein vetlingatök að fella niður embætti, sem hefir víst kostað ríkissjóð á undanförnum árum minst hálft 8. þús. kr., og um leið láta vinna meginið af því starfi, sem embættinu fylgdi, fyrir rúman fjórða hluta þeirrar upphæðar. Með þessu móti er það trygt, að háskólinn missir svo sem ekkert af því starfi, sem nauðsynlegt er, að þar sje unnið, en hinsvegar sparast allmikil upphæð. En okkur þykir vel hlýða að nota enn nokkurn hluta þessarar upphæðar til þess að hlynna að háskólanum á öðru sviði, með því að verja henni til þess að standast kostnað af dvöl erlendra vísindamanna.

Jeg vil í því sambandi leggja áherslu á það, að þótt sparnaður sje einatt góður og þótt það orð hljómi alveg sjerstaklega vel í eyrum ýmissa kjósenda, þá má sparnaðurinn ekki

ganga of langt gagnvart slíkri stofnun, sem háskólinn er. Og jeg sje heldur ekki betur en að hv. þm. Borgf. hafi áður á þingi — þótt einatt hafi hann sjálfur viljað telja sig sparnaðarmann — einmitt viðurkent þetta sama, sem fyrir nefndinni vakir, þar sem hann ljeði fylgi sitt til að stofna nýtt embætti við háskólann. (**PO**: Hvaða embætti var það?). Dósentsembættið, sem stofnað var fyrir tveimur árum; þar með var því slegið föstu um langt árabil, að ríkið bæri þau útgjöld, sem því embætti hljóta að fylgja. (**PO**: Var jeg með því að stofna dósentsembættið?). Svo minnir mig að væri. (**PO**: Jeg er hræddur um, að það sje rangminni! — **Trþ**: Meginið af Íhaldsflokknum gerði það. — **PO**: Og með stuðningi Framsóknarflokksins! — **Trþ**: Ekki mínum! — **Forseti** hringir: Ekki samtal í deildinni!).

Annars er þessi fjárveiting til vísindamanna alveg sjálfstæð út af fyrir sig, og þarf ekki að ræða frekar um hana nú, því að tilefnið gefst, þegar fjárlögin koma til umræðu.

En út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að nefndin hefði lýst yfir því í nál., að *embættið* væri nauðsynlegt, vil jeg taka það fram, að þetta kemur alls ekki fram þar, heldur hitt, að nefndin telur nauðsynlegt að veita upphæð til að vinna það *starf*, sem grískudósentinn hafði á hendi. En hinsvegar sjer nefndin ekki ástæðu til að halda þessu *embætti* áfram og láta það verða ríkissjóði svo dýrt. Þar sem það mun mega telja víst, að þetta sama starf fáist unnið fyrir eitthvað ¼ þeirra launa, sem undanfarið hafa verið greidd, þá er ekki hægt að sjá annað en að þetta sje verulegur og sjálfsagður sparnaður.

Eins og hv. þdm. hafa sjeð, þá höfum við borið þetta mál undir rjetta hlutaðeigendur, heimspekideild háskólans. Þar var ekki með einu orði minst á nauðsyn þess að halda þessu embætti við vegna latínukenslu, heldur er í till., sem prentaðar eru aftan við nál., aðeins minst á að halda uppi grískukenslu. Jeg get ekki gert mikið úr því, að þörfin fyrir latínukenslu sje svo brýn, þar sem sjálfir háskólakennararnir hafa ekki óskað eftir, að henni væri haldið áfram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg geri ekki ráð fyrir að taka aftur til máls, enda er það ekki langt mál, sem jeg þarf að segja. En það eru ummæli hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og sjerstaklega hv. þm. Borgf. (PO), sem valda því, að jeg stend upp.

Hv. þm. Borgf. var að tala um vetlingatök í sambandi við þetta mál. Hann mun meðal annars hafa beint þessu til mín sem flm. Jeg vil þá benda á það, að fyrir mjer hefir aldrei vakað annað en að leggja embættið algerlega niður.

Viðvíkjandi því, sem dróttað var að mönnum um afstöðu til annars embættis, sem nýlega var stofnað, þá hygg jeg það rjett, sem hv. þm. Borgf. sagði, að hann hafi ekki ljeð atkvæði sitt til þess. En jeg vil um leið minna á, að það er jafnfágætt í Íhaldsflokknum, að menn standi á móti því, að óþörf embætti sjeu stofnuð, eins og það er sjaldgæft, að Framsóknarmenn sjeu með. Með þessari embættisstofn-

un var einn úr Framsóknarflokknum, en allir, nema einn eða tveir, úr Íhaldsflokknum.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði það fyrst, að nú væru menn orðnir sammála um, að kensla þessi væri nauðsynleg. Ýmsir álíta að vísu, að kensla í grísku sje nauðsynleg fyrir guðfræðinga, en af því þarf ekki að leiða, að þeim finnist embættið nauðsynlegt. En þar sem hv. þm. leggur til að vísa málinu til stjórnarinnar, þá þýðir það, að embættinu skuli haldið áfram. Afleiðingin verður því sú, að hv. þm. nær ekki því, sem jeg tel víst, að hann vilji ná, sem sje að afla peninga til annara hluta. Þess vegna vil jeg eindregið mælast til þess, að hv. deild afgreiði ekki þetta mál samkv. till. háttv. 1. þm. Reykv., að vísa málinu til stjórnarinnar.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. (JG) sagði, að það hefði slegið allmiklum felmti á mig við þessar till., sem mentmn. hygst að bera fram í sambandi við niðurlagningu þessa embættis. Jeg vil ekki segja, að jeg hafi orðið svo ákaflega uppnæmur við þessar till., enda er maður orðinn svo vanur að sjá sitt af hverju af þessu tægi hjer á þingi.

Hitt er annað mál og leynir sjer ekki, að þeim tilgangi hv. flm. (TrÞ), sem hann lýsti við 1. umr., að leggja embættið algerlega niður og spara þar með þann kostnað, sem af því leiðir, verður vitanlega ekki náð, ef mentmn. kemur fram till. sínum um afgreiðslu þessa máls.

Hv. frsm. sagði, að þetta embætti hefði kostað um 8 þús. kr. að undanförnu, en samkvæmt till. mentmn. myndi kostnaðurinn ekki nema meiru en sem svarar ¼ þeirrar upphæðar. Eftir launalögunum má jeg segja, að stofnlaunin eru 3800 kr., sem hækka upp í 4500 kr. Ef þetta embætti verður veitt, býst jeg við, að fyrst verði veitt byrjunarlaun með dýrtíðaruppbót eins og hún er reiknuð fyrir næsta ár. Myndu þá launin verða samanlagt um 5000 kr. Nú vil jeg spyrja háttv. frsm.: Hvað er það mikil upphæð, sem mentmn. ætlast til, að varið sje í þessu skyni? Hvernig sem maður les nál. áfram og aftur á bak, þá er hvergi neitt að finna um það. Jeg býst satt að segja við því, að þessar till. muni í raun og veru hljóða upp á eitthvað meira en ¼ af þessum 5000 kr., sem embættið myndi kosta til að byrja með. Þegar litið er á þá þörf, sem jeg tel vera á því að ljetta einhvað á kostnaðinum við starfsmannahald ríkisins, þá skil jeg ekki, að það hafi verið ofmælt hjá mjer að segja, að nefndin hafi tekið á þessu með vetlingatökum.

Hv. þm. (JG) var að tala um, að sparnaðurinn ljeti náttúrlega vel í eyrum kjósenda, og gaf í skyn, að jeg mundi frekar vera hjer að tala fyrir hlustir kjósenda heldur en að jeg meinti nokkuð annað með þessu. (JG: Þetta sagði jeg ekki). Nei, að vísu, en það lá ekki annað nær en draga þessa ályktun af orðum hv. frsm. Mjer er náttúrlega alveg sama um svona aðdróttanir, en jeg vitna bara í því efni til minnar þingsögu.

Þar sem hv. þm. (JG) var að segja, að jeg hefði fyrir tveim árum verið með því að stofna dósentsembætti við

háskólann, þá er það algerlega rangt hjá honum. Jeg var aldrei með því. (JG: Jeg viðurkenni, að þm. hefir rjett fyrir sjer).

Hv. þm. Str. (TrÞ) hjelt, að jeg meinti það til hans um vetlingatökin. Það, sem jeg talaði um í þessu sambandi, voru till. nefndarinnar. Reyndar gat jeg þess við 1. umr., að mjer kæmi það kynlega fyrir, að hv. þm. Str. hefði ekki stungið upp á víðtækari breytingu á embættaskipuninni en till. hans báru með sjer. Mjer fanst það ekki í samræmi við það, sem kom fram hjá honum 1925. Jafnframt lýsti jeg yfir því, að jeg mun koma fram með till. um þetta mál. Þess vegna ætla jeg ekki að tala um vetlingatökin hjá hv. þm. Str. (TrÞ) fyr en jeg sje, hvernig hann snýst við því máli.

Hv. þm. Str. var líka eitthvað að tala fram í um stofnun þessa dósentsembættis, — að það hefði verið Íhaldsflokkurinn, sem stóð sjerstaklega að því. Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga, hvernig atkvgr. fjell, en jeg held, að embættið hafi verið stofnað með allríflegum stuðningi Framsóknarflokksmanna.

Frsm. (Jón Guðnason): Aðeins örfá orð. Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að sparnaðurinn af þessu frv. mundi ekki verða nema örlítill. En sá samanburður, sem hann gerði á launum, sem fylgja þessu embætti, og kostnaðinum við að halda uppi kenslu, var ekki rjettur. Það er rjett, sem jeg sagði, að kostnaður við þetta embætti undanfarið er um 7½ þús. kr. árlega. Ef dýrtíðaruppbótin lækkaði frá því, sem var, þá get jeg hugsað, að komast mætti af með minni upphæð til þess að halda uppi kenslunni í grísku framvegis en þá, sem stjórnin hefir veitt til þess í vetur. En þó býst jeg við, að kenslukostnaður þyrfti ekki að fara fram úr ¼ embættislaunanna.

Þar sem hv. þm. Borgf. sagði, að launin væru 5 þús. kr. með dýrtíðaruppbót, þá er það því aðeins að skipaður verði maður, sem ekki hefir verið í embætti áður. En það er alls ekki hægt að gera ráð fyrir, að svo verði, síst þegar um háskólakennara er að ræða. Í slík embætti er ekki tekinn hver óvalinn maður frá prófborðinu. Það má hiklaust gera ráð fyrir, ef embættið væri veitt, að launin yrðu nokkru hærri en byrjunarlaun, og það því fremur, sem launin ná hámarki sínu á fáum árum.

Aðalatriðið í þessu máli finst mjer vera það, að hjer fæst unnið sama starf og áður fyrir aðeins lítinn hluta af því, sem til þess var varið áður. Og það er sparnaður, sem að sjálfsögðu er aðgengilegur fyrir okkur hv. þm. Borgf. báða, og aðra hv. deildarmenn.

Jakob Möller:* Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir ekki heyrt nema nokkuð af því, sem jeg sagði. Hann vildi fá út úr minni till., að jeg ætlaðist til þess, að embættið væri veitt með fullum launum, í stað þess að jeg vildi skora á stjórnina að veita það ekki. Hv. þm. sagði, að þetta ætti ekki að koma fram í dagskrárformi. Það er vitanlega með hliðsjón af því, að í þáltill. er oft lýst yfir þingvilja að veita ekki embætti. En þó að frv. sje vísað til stjórnarinnar, þá er engin hætta á, að embættið verði veitt án þess að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

komi til þingsins kasta. Svo að vinningur við að fella embættið niður er alls enginn.

Ennfremur sagði hv. þm., að þeir ætluðust til, að háskólinn fengi afganginn af þessu fje til umráða. En til þess þarf sjerstaka fjárveitingu í fjárlögum. Þess vegna er þetta misskilningur hjá hv. þm.

Annars skilst mjer, að sparnaðurinn verði ærið lítill frá því sem er; þó að launin sjeu svo og svo há, með svo og svo mikilli dýrtíðaruppbót, þá segir það ekki, hvað launin verði há, þegar dýrtíðaruppbótin minkar.

Jeg veit ekki, hvaða ár það kann að hafa verið. (**JG:** Það var árið sem leið). Já, en þá var 67% dýrtíðaruppbót í staðinn fyrir 44% núna. Jeg held fast við tillögu mína um að vísa málinu til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Reykv. (JakM) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 18:3 atkv.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.

2. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 24, 148).

Pjetur Ottesen: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að mjer þætti undarlega við bregða samanborið við fyrri framkomu hv. þm. Str. (TrÞ), og á jeg þar við till. þá til þál., sem hann flutti á þinginu 1925 um afnám og sameining embætta, að hann skyldi ekki nú bera fram frv. um ráðstöfun fræðslumálastjóraembættisins, sem nú er laust. Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með brtt. þessu viðvíkjandi, og liggur hún nú hjer fyrir. Með brtt. þessari er lagt til, að einhver af föstum kennurum kennaraskólans, skólastjóri eða aðrir, taki að sjer störf fræðslumálastjóra ásamt sínu eigin embætti. Skal dóms- og kirkjumálaráðherra ákveða borgun fyrir störf þessi, sem þó má ekki fara fram úr hálfum byrjunarlaunum fræðslumálastjóra með dýrtíðaruppbót. Ennfremur er ráðherra heimilt, ef samkomulag næst ekki við einhvern fastan kennara kennaraskólans um að taka að sjer þessi störf, að fela þau einhverjum hæfum manni, þar til kennarastaða losnar og hægt er að gera það að skilyrði fyrir veitingu, að kennarinn taki að sjer þessi störf. Mjer þótti rjettara að setja þetta ákvæði, því jeg býst ekki við, að hægt sje að skylda núverandi kennara til þess að taka við þessum störfum, ef þeir vilja ekki gera það af fúsum vilja.

Það mætti vafalaust benda á fleiri leiðir til ráðstöfunar störfum fræðslumálastjóra. En jeg valdi þessa leið af því að mjer fanst mestur skyldleiki með störfum kennaranna við kennaraskólann og starfi fræðslumálastjóra. Jeg vildi ekki fastbinda í till., hverjum af kennurunum skyldi falið starfið. Vel getur svo farið, að einhver, sem nú er þar kennari, verði síðar skólastjóri, og jeg taldi ekki rjett að hafa nein ákvæði, sem yrðu þess valdandi, að hann yrði að sleppa starfinu þess vegna, því að jeg álít heppileg-

ast, að sami maður gegni starfinu sem lengst. Að þetta sje framkvæmanlegt frá því sjónarmiði, að kennari geti int þessi störf af hendi ásamt sínu embætti, hefir reynslan þegar sýnt, þar sem einn af kennurum kennaraskólans hefir haft þessi störf með höndum undanfarið ásamt sínu embætti. Jeg veit ekki annað en þetta hafi alt gengið vel. Mjer virðist því, að á þennan hátt eigi að vera sæmilega sjeð fyrir þessari hlið málsins. — Þá er kostnaðarhliðin. Jeg hefi lagt til, að dóms- og kirkjumálaráðherra ákveði þóknunina, eins og jeg hefi minst á. Þó að talað sje um í brtt., að sá af kennurum kennaraskólans, sem tæki að sjer þetta starf, fái að launum fyrir það sem svarar hálfum grunnlaunum fræðslumálastjórans eins og þau nú eru ákveðin, ber þó ekki að skilja það þannig, að kenslumálaráðherra eigi eða sje bundinn við að semja um þessa borgun fyrir starfið, heldur sje ráðherrann bundinn við að ganga aldrei lengra en þetta. Hinsvegar gæti svo staðið á, að hægt væri að komast af með minna fjárframlag í þessu skyni, ef svo stæði á, að sá kennari, sem með embættið fer, er kominn í hæsta launaflokk kennara.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál; það ætti öllum að vera ljóst, að hjer er einungis verið að ganga inn á þá braut, að reyna að draga úr útgjöldum, sem hægt er að komast hjá. Og nái þetta fram að ganga, má vel vera, að eftirleiðis verði greiðara að koma slíkum málum fram en verið hefir hingað til, því hálfnað er verk þá hafið er, því einmitt þá leið, sem hjer er farið inn á með þessari tillögu, að sameina embætti, tel jeg líklegasta til þess að draga úr embættakostnaðinum. Með brtt. þessari er því alls ekki slegið föstu, að sá, sem þjónar fleiri embættum en einu, skuli hafa hálf laun þess embættis, er hann bætir við sig, heldur er hjer tiltekið, að ráðherra skuli kveða á um það, að það geti verið minna, eftir þeim ástæðum, sem eru fyrir hendi í hverju einstöku tilfelli. Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta, nema ef umræðurnar gefa mjer sjerstaklega tilefni til þess.

Frsm. (Jón Guðnason): Jeg vil fyrir hönd nefndarinnar taka það fram, að hún getur ekki fallist á brtt. hv. þm. Borgf. (PO). Hún lítur svo á, að slík sameining sem þetta sje ekki framkvæmanleg; að öðru leyti hefir hún ekki talað sig nánar saman um ástæðurnar fyrir því, að hún leggur á móti brtt. En jeg skal aðeins geta þess frá mínu sjónarmiði, að jeg tel þessa sameiningu ekki geta komið til mála. Jeg tel fræðslumálastjóraembættið svo umfangsmikið embætti, að ekki sje hægt að gegna því ásamt öðru fullkomnu embætti. Enda hefir sá, sem gegnir því nú, orðið að taka mann til að annast fyrir sig kenslu við kennaraskólann, að minsta kosti að miklu leyti.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg tel mjer skylt að láta í ljós álit mitt um brtt. á þskj. 148. Till. er þess efnis, að sameina fræðslumálastjóraembættið einhverri kennarastöðunni við kennaraskólann. Um launakjörin samkvæmt þessari tillögu er ekkert nema gott að segja, ef skilja má tillöguna eftir orðanna hljóðan. Og myndi hver og

einn þiggja þá launahækkun, sem hjer er um að ræða, með þökkum, ef hann væri þeirrar skoðunar, að hægt sje að sameina þessi tvö störf. En sá galli er á, að hjer er um *tvö störf* að ræða, sem hvort fyrir sig er fullkomið mannsverk.

Það mun öllum ljóst, að kennarastaða við kennaraskólann er *fullkomið starf*. 5 stunda kensla á dag, leiðrjetting stíla, undirbúningur undir kenslustundir og ýmiskonar kvabb, sem skólastarfi fylgir. Að vísu er sumarið frjálst. En launin eru það lág, miðað við framfærslukostnað hjèr í Reykjavík, að ekki veitir af sumrinu til uppbótar. Auk þess, sem það er að nokkru leyti nauðsynlegur hvíldartími fyrir kennarana frá hinum þreytandi störfum þeirra.

Um fræðslumálastjóraembættið er háttv. þingdeildarmönnum ekki eins kunnugt, og mun þar þó engu síður um fullkomið mannsverk að ræða.

Fræðslumálastjóri fær í hendur skýrslur um barnakenslu á öllu landinu. Hann á að kynna sjer, hvernig fræðslulögunum er fylgt, hvernig kenslu barna milli 8 og 14 ára er háttað o. s. frv. Eins og kunnugt er, eru fræðslulögin mjög teygjanleg, mikið frjálsræði gefið, ef fræðslukröfunum er fullnægt, og eftir fræðslulögunum frá síðasta þingi eru undanþágur frá skólaskyldu heimilaðar, ef hlutaðeigendur geta sjeð fyrir fræðslunni á annan hátt. Þessar nýju reglur um undanþágur og aðhald heimta mikla aðgæslu og kunnugleik af hálfu fræðslumálastjóra, sem eins og kunnugt er, á að hafa eftirlitið með höndum.

Þá hvílir á fræðslumálastjóra eftirlit með barnaprófum um land alt, skipun prófdómenda — um 300 — á hverju ári. Auk þess sem afskifti af prófum munu fara í vöxt með framtíðinni, ef sameiginleg próf komast á um alt land eða á stórum svæðum. Þá kemur á fræðslumálastjóra að vinna úr þeim prófgögnum, sem koma alstaðar af landinu. Skipun barnakennara og alt, er því fylgir, heyrir og undir hann. Með núverandi fyrirkomulagi þarf að setja og skipa milli 80—100 kennara á ári. Skipun skólanefndarformanna þriðjahvert ár heyrir og undir fræðslumálastjóra; og til þess, að það fari vel úr hendi, þarf mikinn kunnugleik. Auk þess stendur hann í brjefaviðskiftum við skólanefndir og kennara um margháttuð viðfangsefni. Hann þarf að skera úr deiluefnum og leiðbeina um kensluna, þegar þess er óskað. Þá koma og skólanefndarmenn og kennarar mikið til viðtals við hann, þegar þeir koma til Reykjavíkur, og ræða um ýms þau efni, sem skólastarfið gefur tilefni til. Að vísu er ekki vandasamt að leysa úr mörgu því, sem fyrir fræðslumálastjóra er lagt, en það tekur þó alt sinn tíma. Og hinar mörgu og margvíslegu fyrirspurnir, sem honum berast, sanna það best, að þörf sje að hafa mann, sem kunnugur sje fræðslulögunum og framkvæmd þeirra, sem allir geti snúið sjer til.

Reglugerðir og tilhögun á skólastarfi kemur undir álit fræðslumálastjóra. Og í því efni er mikið að starfa á næstu árum. Það þarf að gera starfs- og lesskrá fyrir alla skóla — eða skóla-„typur“ — alt eftir því, hve lengi þeir starfa og við hvaða skilyrði. Það hefir ekki verið gert ennþá,

en má ekki dragast lengi úr þessu. Í sambandi við það þarf að koma kenslubókakerfinu í gott horf og finna leiðir til að gera þær ódýrari. Um þetta efni er mikil óánægja ríkjandi, sem vonlegt er. Þetta þrent: starfsskrá fyrir skólana, kenslubókakerfið og almenn sambærileg próf í einstökum námsgreinum á stórum svæðum og jafnvel um land alt, heimtar úrlausn á næstu árum. Fræðslulögin og fræðsluskyldan eru í sjálfu sjer einfaldir hlutir, en framkvæmdin er umfangsmikil og eftirlitið með henni getur ekkert aukastarf verið. Ágæti laganna fer einmitt eftir því, hvernig framkvæmd þeirra fer úr hendi.

Ýmislegt, sem lýtur að ytri aðbúnaði kenslunnar, heyrir undir fræðslumálastjóra. Skólahúsbyggingar, alt frá því er þörfin segir til sín um bætt ytri skilyrði fyrir kensluna og þar til að ríkissjóðsstyrkurinn hefir verið greiddur og húsið komið upp.

Það, sem hjer hefir verið talið, heimtar, að fræðslumálastjóri fari eftirlitsferðir. Af því leiðir, að hann má ekki vera bundinn hjer í Reykjavík allan veturinn, en skólakennarar eru rígnegldir niður meðan skólinn starfar.

Þá er eftirlit og tillögurjettur um unglingakensluna, sem sífelt fer vaxandi. Og þess mun vart langt að bíða, að heildarlög verði sett um unglingafræðslu bæði í sveitum og kaupstöðum, þó ekki sje gert ráð fyrir, að skólaskylda fyrir unglinga verði lögtekin.

Þá er fræðslumálastjóri ráðunautur kenslumálaráðuneytisins um alt það, er það kann að óska, að sje rannsakað og gerðar tillögur um snertandi þessi mál. Hann þarf því að fylgjast með um erlend skólamál og vera nákunnugur skólamálum innanlands, og þarf helst að gefa út kennarablað til þess að halda uppi umræðum um uppeldismál o. fl.

Þó að það sje margt, sem fræðslumálastjóra er falið að gera samkvæmt fræðslulögunum, þá uggir mig samt, að hann verði jafnan dæmdur eftir þeim hluta starfs síns, sem ekki verður með lögum bundið, en ekki eftir lögmæltu skrifstofustörfunum, þó vel sjeu af hendi leyst.

Þegar nú þess er gætt, að fræðslumálastjóri er eftirlitsmaður og ráðunautur yfir 200 skólanefnda og um 300 kennara, unglingafræðslunnar og ráðunautur kenslumálaráðuneytisins í fræðslumálum, hlýtur það að liggja í augum uppi, að það er nægilegt starf fyrir einn mann. Væri því fremur þörf að fá honum aukna aðstoð en aukið starf.

Þrátt fyrir þá freistingu, sem fólgin er í bættum launakjörum — eins og tillagan felur í sjer —, þá geri jeg ráð fyrir, að enginn, sem um þetta starf ætlar að sækja, telji æskilegt, að það sje sameinað öðru fullgildu starfi.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, og þá sjerstaklega af því, að hjer er um tvö fullgild störf að ræða, þá leyfi jeg mjer að leggja til við háttv. deild, að brtt. á þskj. 148 verði feld. Að öðru leyti mun jeg ekki hafa afskifti af þessu máli. Jeg mun ekki greiða um það atkvæði, vegna sjerstakrar aðstöðu minnar.

Að síðustu skal jeg geta þess, að það var ekki rjett hjá hv. þm. Borgf.

(PO), að sá, sem gegnir starfinu nú, hafi gegnt því samhliða öðru starfi. Jeg hefi haft á hendi í vetur tæplega hálft kennarastarf, aðeins kent 2 tíma á dag, frá 8—10 á morgnana, og hefir mjer þótt það fullerfitt. Hefir það bundið mig hjer í Reykjavík, og er það óheppilegt. En svo hefir þetta orðið að vera og getur gengið til bráðabirgða, en er ekki hentugt til frambúðar.

Annars þykir mjer töluvert óviðfeldið, ef nú á að fara að rýra fræðslumálastjóraembættið á Íslandi, einmitt í sama mund og nágrannar vorir, Grænlendingar, hafa fengið sjerstakan fræðslumálastjóra.

Pjetur Ottesen: Það má segja um undirtektir þær, sem þetta mál hefir fengið, að sjaldan bregður mær vana sínum. Það er altaf svo hjer á Alþingi, þegar talað er um að sameina einhver störf, og það jafnvel þó að það hafi verið ákveðið áður, að þetta skyldi gert, þegar þær kringumstæður væru fyrir hendi, sem gerðu það auðvelt, en þegar svo að því kemur, að þessar kringumstæður eru fyrir hendi og á að fara að framkvæma þetta, þá rísa altaf einhverjir upp og telja þetta fjarstæðu einbera, sökum þess hve mikil störf fylgi þessu og þessu. Hjer hafa t. d. feiknin öll af störfum, sem á fræðslumálastjóra hvíla, verið talin upp, svo að mann alveg sundlar yfir þeim ósköpum, og það er víst, að ef það væri alt rjett, þá væri naumast nokkrum mönnum manni kleift að anna því. En það er nú svo um þetta framtal eins og oft vill við brenna undir svona kringumstæðum, að það er gerður úlfaldi úr mýflugunni; sama starfinu eru valin mörg heiti, eins mörg heiti eins og íslenskan frekast leyfir, en hún er eins og kunnugt er, mjög auðug af orðum. Þannig var það nú, að sumt var tvítalið og sumt margtalið. Þannig var eitt af störfum fræðslumálastjóra talið það, að hann væri ráðunautur stjórnarinnar. En um hvað? Vitanlega ekkert annað en þau störf, sem búið var að telja upp. Það er vitanlega erfitt fyrir mig beinlínis að hnekkja því, að margt af því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) taldi upp, geti verið inni á verksviði fræðslumálastjóra og heyrt undir hann, en svo mikið er víst, að eins og fræðslumálastjórastarfið hefir verið rækt, og það til þessarar stundar, þá verður ekki annað sjeð en að ýmislegt af því, sem háttv. þm. tilnefndi, heyri alls ekki starfinu til.

Þá talaði þessi háttv. þm. um, að með fræðslulögunum frá í fyrra hefðu fallið undir fræðslumálastjóra aukin störf, sem ekki hefðu heyrt undir hann áður, eins og til dæmis skipun skólanefndaformanna á öllu landinu. Þetta er alveg rjett, og jeg gat þess hjer áður sem dæmi upp á það, hve auðvelt væri að sameina þetta starf öðru starfi, að það hefði einmitt fallið í skaut hins núverandi setta fræðslumálastjóra, sem gegnir þessu embætti ásamt sínu, að gera þetta og að hann hefði komið þessu öllu vel af. Eftirleiðis liggur miklu minna starf í þessu, því að þótt skipun formanna skóla- og fræðslunefnda gildi ekki nema til ákveðins tíma, þá þarf ekki að gera ráð fyrir því, að það komi fyrir, að gera þurfi nýja skipun á þessu á einu og sama ári um alt land,

Þá tók hann ekki fram, að með þessum nýju lögum stendur fræðslumálastjóri að sumu leyti betur að vígi. Þar sem telja má formenn skóla- og fræðslunefnda fulltrúa hans um fræðslumál, þá gerir það honum eftirlitið að ýmsu leyti ljettara og umfangsminna.

Þá sagði háttv. þm., að bæði þessi störf, sem hjer er gert ráð fyrir að sameina, sem sje fræðslumálastjórastarfið og kennarastarfið við kennaraskólann, væru fullkomin störf. Jeg veit, að hann lítur svo á, en þar er jeg á öðru máli, og má benda þar til fenginnar reynslu. Það horfir t. d. þannig við um kennaraembættið. Starfskraftar kennarans eru einungis bundnir við starfið í 7 mánuði; hinn tíma ársins, eða 5 mánuði, hefir kennarinn frí frá störfum og getur varið þeim tíma eftir eigin geðþótta.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að laun þessara kennara væru svo lág, að þeir yrðu að nota sumartímann til þess að vinna sjer inn fje. En hjer hverfur þessi ástæða, ef þessu er nú á annað borð svona varið, með öllu, því að sá kennaranna, sem tæki að sjer fræðslumálastjórastarfið, fær borgun fyrir þetta starf, svo að hann þarf ekki að nota tímann til að afla sjer tekna á annan hátt. En einmitt þetta verður að taka til greina, þegar verið er að ræða um, hvað sje fult starf.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að hæpið væri að binda fræðslumálastjórann við að vera skólakennari í Reykjavík; hann þyrfti að hafa ferðalög á hendi. En eftir því sem mjer er kunnugt um ferðalög fyrv. fræðslumálastjóra, Jóns sál. Þórarinssonar — og jeg veit ekki betur en að álitið sje, að hann hafi rækt embætti sitt vel og samviskusamlega — þá held jeg, að mjer sje óhætt að segja, að hann muni ekki hafa ferðast neitt í fræðslumálaerindum nema á sumrin. Það er nú einu sinni svo, að vetrarferðalög eru erfið hjer á landi, enda gera embættismenn þeir, sem eftirlit hafa, yfirleitt lítið að slíkum ferðum. Þetta getur því ekki verið nein ástæða í þessu sambandi.

Þá talaði hv. þm. um, að fræðslumálastjóri ætti að hafa eftirlit með unglingaskólunum. Jeg held, að aðalvinna hans við það eftirlit sje að taka þátt í styrkúthlutun handa þessum skólum. Samkvæmt framtali því á störfum fræðslumálastjóra, sem hv. þm. V.-Ísf. þuldi hjer áðan og jeg nú hefi minst á, væri það síður en svo árennilegt að komá þeim störfum svo fyrir sem jeg hefi nú gert tillögur um. En jeg hefi nú gert nokkra grein fyrir því, hvernig þetta framtal er, hvernig þar er í pottinn búið. En það hníga fleiri stoðir undir það, að ekki sje alt með feldu um þetta framtal. Dómur reynslunnar er alveg gagnstæður því, sem hv. þm. V.-Ísf. hefir haldið fram um þetta. Þessi hv. þm. hefir, eins og kunnugt er, gegnt þessu starfi um hríð ásamt sínu eigin embætti, og samtímis á hann sæti á þingi, en þó segir hann, að hann hafi ekki þurft að kaupa út, þrátt fyrir alt þetta, nema tveggja tíma kenslu á dag.

Jeg fer svo ekki út í fleiri atriði í þessu máli. Hv. deild fellir sinn dóm um þetta. En jeg vil benda á það að lokum, að þegar talað er hjer á Alþingi um að sameina embætti, þá kveður altaf þetta sama við, að ekki megi

hrófla við neinu, af því að embætti þau, sem um er að ræða, sjeu svo umfangsmikil, að það sje ógerningur að sameina störfin, því að hjer sje þó sannarlega um að ræða fullkomið starf. Það er altaf þetta ljón á veginum. Mig minnir t. d. ekki betur, þegar talað var um grískudósentinn, en að hann væri talinn fullkomið starf, og svo er um alt. Jeg vildi aðeins benda á þetta, til þess að menn hefðu það líka í huga, þegar greidd verða atkvæði um þessa brtt. mína.

ATKVGR.

Brtt. 148,1 feld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, PO, PÞ, SvÓ, HStef, HK.

nei: JK, JÓl, JörB, KlJ, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, BSv.

Tveir þm. (MT, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 148,2 þar með fallin.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 24).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þar sem stjórnin hefir ekki flutt þetta frv., vil jeg nota tækifærið til þess að skýra hv. deild frá, hvers vegna stjórnin gerði það ekki. Ástæðan er sú, að embættið er í rauninni lagt niður, þar sem grískukenslunni hefir verið ráðstafað þannig, að maður hefir verið ráðinn til þess að annast hana fyrir 2000 kr. á ári. Þetta var gert í samráði við háskólaráðið, og jeg get fullyrt, að háskólinn gerir það að engu atriði, að þessu embætti verði haldið uppi.

En jeg vil í þessu sambandi bæta því við, að nú er annað embætti laust, sem fyrir liggur þingsályktun um, að ekki skuli veitt fyr en þingið hafi látið uppi álit sitt um það, og það er fræðslumálastjóraembættið. Stjórnin telur ekki fært að leggja það saman við annað embætti eða að leggja það niður. Það kom fram í hv. Nd. till. um að sameina það öðru embætti, en sú till. fjekk lítið fylgi. Vilji nú einhver hv. þm. í þessari hv. deild koma með till. um að afnema þetta embætti eða að sameina það öðru, þá er rjettast að gera það í sambandi við þetta mál. Verði það ekki gert, verður embættið auglýst til umsóknar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 442).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg get verið stuttorð um frv. það, sem hjer liggur fyrir. Eins og kunnugt er, hefir það legið fyrir hv. Nd. og verið athugað þar í nefnd, sbr. nál. á þskj. 89, þar sem lagt er til, að frv. nái fram að ganga. Einnig eru tekin þar upp ummæli heimspekideildar og guðfræðideildar háskólans, er bera það með sjer, að þær eru samþykkar því, að þetta embætti verði lagt niður, svo

framarlega, sem fje verði fyrir hendi til þess að halda uppi lögboðinni kenslu í grísku fyrir guðfræðinemendur. Síðan gekk frv. til hv. Ed. og hefir nú verið athugað hjer í mentmn. Nefndin hefir kynt sjer það eftir föngum, en hún hefir ekki skilað áliti sínu fyr en vitneskja var fengin fyrir því, að fje væri veitt í fjárlögum 1928 til þessarar kenslu. Nefndin er þeirrar skoðunar, að ekki megi á nokkurn hátt rýra álit eða hag háskólans, og þess vegna afgreiddi hún ekki málið fyr en vissa var fengin fyrir því, að hægt yrði að halda uppi hinni lögboðnu kenslu í grísku fyrir guðfræðinema háskólans. Nefndin leyfir sjer því, eftir að hafa athugað frv. rækilega og eftir að hafa fengið upplýst, að í fjárhagsáætlun háskólans fyrir árið 1928 er ætlað fje til þessarar kenslu, að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Jeg þarf hjer engu við að bæta, en þó skal jeg taka það fram, að frv. fer í þá átt að spara óþörf útgjöld úr ríkissjóði, án þess þó að afnema þurfi það ákvæði í háskólalögunum, að guðfræðinemar fái kenslu í grísku. Jeg vænti svo, að háttv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, EJ, GÓ, HHB, IP, JÞ, JJ, JKr, HSteins.

nei: JJós, JBald.

Tveir þm. (JóhJóh, MK) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 436).

---

44. Fjáraukalög 1926.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (stjfrv., A. 45).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi eiginlega ekkert að segja um þetta frv. í heild, sem hægt er að láta koma fram við þessa umr. Það eru alt saman einstakar upphæðir, hver annari óviðkomandi, sem þótt hefir nauðsynlegt að greiða á árinu 1926 umfram fjárlög. Jeg skal því láta mjer nægja að óska þess, að því verði vísað til fjvn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjvn. með 16 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd. miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 242).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Á þinginu 1924 lagði stjórnin fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923, og námu umframgreiðslurnar samkvæmt því 46 þús. kr. Á þinginu 1925 lagði hún sömuleiðis fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924, og námu umframgreiðslurnar samkvæmt því 38 þús. Og samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu fyrir 1925 námu umframgreiðslurnar 196 þús., og nú samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að umframgreiðslur verði 288 þús. kr., eða meira en hin árin þrjú til samans. Það getur því engum dulist, að hjer er um allmikinn stíganda að ræða. Þó er ekki meiningin, að jeg fyrir hönd nefndarinnar fari að beina neinum sjerstökum ákúrum til stjórnarinnar fyrir það, því að það sjest, þegar nánar er athugað, að margar þessar greiðslur eru eðlilega fram komnar, sumpart afleiðing af samþyktum síðasta þings, eins og t. d. það, sem greitt er til sendiherra í Kaupmannahöfn samkvæmt 2. gr. frv., og legukostnaður Bjarna sál. frá Vogi og styrkur til mænusóttarsjúklinga samkvæmt 3. gr. Ennfremur það, sem varið var til daufdumbraskólans og miðstöðvar á Hólum samkvæmt 5. gr. Og loks alt í 8. gr.

Þá hafa sumar greiðslurnar verið greiddar í samráði við fjvn. þingsins, eins og t. d. til byggingarinnar á Bergþórshvoli og til kaupa á snjóbílnum, sem því miður hefir ekki reynst sem skyldi. Þá hefir sumt verið greitt í samráði við miðstjórnir flokkanna, og má þar til nefna fje það, sem varið hefir verið til aðgerðar ráðherrabústaðnum.

Það er nú eins og í fyrra, að sumum nefndarmönnum fanst orka tvímælis um suma ferðastyrkina og um fjárveitingar til bókaútgáfu. En þar var ekki um stórkostlegar fjárhæðir að ræða, svo ekki virtist ástæða til að gera þær að sjerstöku aðfinsluefni.

Þá hefir nefndin orðið ásátt um að bera fram eina brtt. við frumvarpið, um að hækka álagið á Kálfafellsstaðarkirkju um 1000 kr. En það skal tekið fram, að hjer er ekki um lagalega skyldu að ræða; myndi því fyllilega vera hægt að daufheyrast við þessari málaleitun safnaðarins, því að samningar hafa komist á milli safnaðarins og kirkjustjórnarinnar um afhendingu kirkjunnar. En hjer fanst nefndinni um svo mikið sanngirnismál að ræða, að alt mælti með því að mæta söfnuðinum á miðri leið. Að tekið var við svona litlu álagi á kirkjuna, var fyrst og fremst af því, að söfnuðurinn vildi fara sem vægilegast gagnvart hinum gamla og vel látna presti sr. Pjetri Jónssyni.

Í öðru lagi reyndist endurbygging kirkjunnar mun kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir í fyrstu. Og í þriðja lagi var söfnuðinum það tæplega fullljóst, hvaða rjettarkröfur hann gat haft gagnvart presti og ríkinu.

Eins og jeg tók fram áðan, er engin lagaskylda að inna þetta af hendi, en öll sanngirni mælir með því. Vil jeg því leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að brtt. verði samþykt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get verið þakklátur nefndinni fyrir meðferð hennar á frv. þessu, og sömuleiðis fyrir þá viðurkenningu hv. frsm., að hjer sje ekki nema um eðlilegar og nauðsynlegar fjárgreiðslur að

ræða, jafnvel þó um smæstu upphæðirnar sjeu eitthvað skiftar skoðanir.

Hvað snertir brtt. nefndarinnar vil jeg benda á, að það er erfitt að framkvæma þessa greiðslu með breytingu á fjáraukalagafrv. fyrir 1926, því upp í það frv. eru ekki teknar aðrar upphæðir en þær, sem þegar hafa verið greiddar, og landsreikningnum fyrir 1926 verður lokað nú eftir 1. eða 2 daga. Er því erfitt að greiða þetta nú eftir þessum lögum. En mjer finst till. þessi eiga að koma við fjárlögin 1928.

Upphæðin, 1000 kr., skiftir ekki miklu máli hvað greiðslur ríkissjóðs snertir, en mjer finst ástæðulaust að ganga inn á þetta, þegar búið er að semja um afhendingu kirkjunnar. Mjer skilst því, að fjvn. vilji bara gefa hjer gjöf, sem að sjálfsögðu hefir það einkenni, eins og aðrar góðar gjafir, að þiggjandinn er alls góðs maklegur.

Annars vil jeg skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún vilji ekki taka till. þessa aftur nú og láta hana koma fram við fjárlögin fyrir 1928.

Þorleifur Jónsson: Aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði um brtt. fjvn., að bætt yrði við álagið á Kálfafellsstaðarkirkju 1000 kr.

Jeg get ekki skilið, að hæstv. ráðherra sje ekki unt að borga þetta út nú, enda þótt það sje í fjáraukalögum fyrir árið 1926. Að minsta kosti man jeg ekki betur en að brtt. við fjáraukalög, hliðstæðar þessari, hafi komið fram áður og ekkert verið til fyrirstöðu að greiða þær upphæðir. En ef þetta í raun og veru skyldi standa í vegi fyrir þessari greiðslu, þá má bjarga því við, eins og hæstv. ráðh. benti á, með því að taka till. aftur nú og láta hana koma fram við fjárlögin fyrir 1928.

Máli þessu til skýringar skal jeg taka það fram, að eins og kunnugt er, hefir kirkjustjórnin unnið að því að koma sem flestum kirkjum yfir á söfnuðina. Um það er í sjálfu sjer ekkert að segja, en hinsvegar verður það ekki að teljast sanngjarnt eða rjett, að svo gott sem narra fátæka söfnuði til þess að taka við kirkjuskriflum með litlu ofanálagi. Er það söfnuðunum venjulega langt ofvaxið að byggja slíkar kirkjur upp svo að sómasamlegt sje, nema þeir fái álitlega upphæð með kirkjunum. Jeg vil nú til skýringar og með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr brjefi frá sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa Kálfafellsstaðarkirkju til Alþingis:

„Þegar Jón Helgason biskup var hjer á vísitasíuferð árið 1918, fór hann þess á leit við söfnuðinn, að hann tæki að sjer Kálfafellsstaðarkirkju með því meðlagi frá ríkinu, sem um semdi. Var þessari málaleitun biskups fremur fálega tekið og honum ekki gefið neitt ákveðið svar frá safnaðarins hendi; lá því málið niðri án þess því væri hreyft, hvorki af biskupi nje sóknarnefnd, um sjö ára bil".

Svo er máli þessu hreyft aftur 1925, og þá samþykti söfnuðurinn að taka að sjer kirkjuna, með þeim skilyrðum, að hann fengi kirkjuhúsið sjálft eins og það stóð, og jafnframt sjóðeign þá, sem kirkjan átti, sem var að upphæð 1600 kr. Í öðru lagi að ríkið ljeti í meðlag með henni þá jarðarparta, sem óseldir voru úr jörðinni Borgarhöfn, er metnir voru samkvæmt jarðamati á 4500 kr., og enn-

frenmar það, sem óbergað var af þeim jarðarpörtum úr þeirri sömu jörð, sem seldir höfðu verið af eign kirkjunnar. Þetta voru því kröfur safnaðarins 1925. En kirkjustjórnin úrskurðaði, að söfnuðurinn fengi aðeins 2500 kr. með kirkjunni, fyrir utan sjóðeignina, en jarðarpartana gæti hann ekki fengið nema með sjerstökum lögum frá Alþingi.

„Þegar hjer var komið," segir sóknarnefndin, „var sóknarprestur okkar, sjera Pjetur Jónsson, svo hilaður að heilsu, að fyrirsjáanlegt var, að hann yrði að hætta við prestsskap og nýr prestur að taka við brauðinu. Yttu þessi umskifti því mjög undir söfnuðinn að taka kirkjuna að sjer, til þess að gera brauðið aðgengilegra fyrir viðtakandi prest, því að söfnuðurinn bjóst við, að erfiðara yrði að fá prest á svona afskekt brauð, ef kirkjan hvíldi á því óuppbygð".

Gekk því söfnuðurinn inn á þetta tilboð kirkjustjórnarinnar, því að hann gerði sjer von um, að hægt yrði að koma upp kirkjunni fyrir þetta fje, ásamt sjóði kirkjunnar og álagi því á kirkjuna, sem fráfarandi prestur greiddi, sem urðu 600 kr. Á síðastliðnu vori rjeðst söfnuðurinn í það að byggja kirkjuna upp úr steinsteypu, eftir teikningu frá húsameistara. En nú er það orðið augljóst, að fje það, sem söfnuðurinn hafði til byggingarinnar, nægir hvergi nærri.

Í áðurnefndu bréfi segir svo:

„Nú er kirkjan komin það áleiðis, að fyrirsjeð er, hvað hún kostar, og verða það fullar 14000 kr. Er hjer um svo gífurlegan mismun að ræða frá því, sem söfnuðurinn gerði sjer í hugarlund, að hún mundi kosta, þegar hann tók hana að sjer".

Það er mikill munur á allri þessari upphæð og þeim 8000 kr., sem söfnuðurinn bjóst við, að hún kostaði í mesta lagi.

Það er aðgætandi, að söfnuðinn vantar um 8000 kr. og getur ekki fengið að láni nema um 3000 kr. úr kirkjujarðasjóði; og þar sem þetta er fámennur söfnuður, verður hann að taka á sig 5000 kr. aukna byrði, fyrir utan þetta 3000 kr. lán, til þess að koma kirkjunni upp. — Af þessari ástæðu finst mjer það sanngjarnt, að hlaupið sje undir bagga með söfnuðinum, þar sem hann á mjög erfitt aðstöðu. Sóknarnefndin fór fram á það, að þingið bætti 2000 kr. við ofanálagið. Fjvn. hefir nú lagt til, að öllum málavöxtum athuguðum, að sanngjarnt sje að bæta söfnuðinum upp með 1000 kr. Jeg vildi nú gjarnan heyra, hvort hæstv. forsrh. aftekur með öllu að greiða þessar 1000 kr., þótt þær sjeu í fjáraukalögum. Sje það ófáanlegt, er ekki annað fyrir hendi en að taka tillöguna aftur að sinni og koma því inn í fjárlagafrv.

Fram. (Tryggvi Þórhallsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) bar fram þá formlegu aths. út af till. fjvn., að það ætti ekki við að koma þessari útborgun á landsreikninginn 1926, þar sem ætti að fara að loka reikningnum. Í fyrra bar fjvn. fram 3 brtt. við fjáraukalögin 1925, sem höfðu áhrif á útkomuna á LR. þess árs. 2 brtt. voru leiðrjettingar við frv., en ein till. var að eðli til skyld þessari. Var sú till. um nýja fjárveitingu og var borin fram

samkv. ósk hæstv. forsrh. Þá var engin fyrirstaða að bera þá brtt. fram. Er við í nefndinni hnigum að því að fara þessa leið, þá var það vegna þessa fordæmis. Annars er nefndinni ekki fast í hendi að hafa þetta form, einkum nú, þegar hæstv. ráðherra gat þess, að þessari útborgun mætti koma í kring á þessu ári. En þar sem hæstv. ráðh. gat þess fyrst nú í dag, þá hefi jeg ekkert umboð frá nefndinni til þess að taka brtt. aftur, en legg það á vald hv. form. fjvn. (ÞorlJ), sem er þessu máli manna kunnugastur. Jeg tók það fram í fyrstu ræðu minni, að það væri ekki nein lagaskylda að borga þessa upphæð, en af upplýsingum háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) er augljóst, að þetta er mikið sanngirnismál.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þessi litla upphæð verður auðvitað borguð, í hvaða formi sem till. um það verður samþ. En hvað sem dregst að afgreiða fjáraukalögin, þá get jeg ekki lofað því, að þessi upphæð komi í landsreikningnum 1926. En þá getur hún komið í fjáraukalögum 1927, þótt það sje óformlegra.

Magnús Torfason: Jeg vildi aðeins geta þess, að jeg fyrir mitt leyti get ljeð þessari till. atkv. frá því sjónarmiði, að jeg tel ríkissjóð sleppa vel að þurfa ekki að borga meira en þessa litlu upphæð, því að þessi kirkja hefir kostað söfnuðinn 8000 kr., sem hann skuldar og verður að borga. Hefði átt að byggja kirkjuna á landsins kostnað, hefðu þessi útgjöld orðið meiri en þau, er till. fer fram á.

Jeg vil taka það fram viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að mjer er kunnugt um, að út- og innborgunum ríkissjóðs er haldið opnum fram í apríl, svo að ekkert er því til fyrirstöðu, að þessi útborgun teljist til ársins 1926 í landsreikningi.

Þorleifur Jónsson: Jeg geri mig ánægðan með svar hæstv. fjrh. (JÞ). Mjer heyrðist á honum, að engin fyrirstaða væri á því, að þessi upphæð yrði borguð, enda þótt hún kæmi ekki í landsreikningi 1926. Jeg held því, að rjettast sje að greiða atkv. um till. og tek hana ekki aftur, fyrst engin tormerki eru á því, að þessi upphæð verði borguð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 242 samþ. með 14:4 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 279).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 279).

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 340).

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg býst við því, að hv. deildarmenn geti verið nefndinni sammála um það, að hjer þurfi ekki langa framsögu, svo að hjer fylgist að stutt framsaga og stutt nál. Hv. Nd. hefir haft þetta mál til athugunar og ekki fundið ástæðu til að hrófla við neinu, nema á einum stað hefir hún hækkað útgjöldin um 1000 kr. Fjvn. Ed. hefir nú athugað þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að hjer sje um sjálfsögð gjöld að ræða, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. þetta án breytingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

---

45. Fræðsla barna.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna (þmfrv., A. 129).

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Guðnason): Þetta litla frv. okkar hv. 2. þm. Eyf. (BSt) er komið fram í því skyni að gera fámennum hreppum hægara fyrir en nú er um að halda uppi hjá sjer barnakenslu. Á því hefir borið oft og tíðum, að minsta kosti í þeim sveitum, þar sem við flm. þekkjum til, að ekki hafa verið tök á því að halda uppi neinni opinberri barnafræðslu, vegna þess að börnin hafa verið svo fá, að ekki hefir verið hægt að hafa kensluna 24 vikur, sem hefir svo leitt til þess, að ekki hefir fengist sá kennari, sem mönnum líkaði. Hefir komið fyrir, að það hefir orðið að notast við ófullkomna kennara, vegna þess að hinir betri og færari voru ófáanlegir til þess að taka að sjer kensluna, er eigi var framfylgt ákvæðum laga um laun og skipun barnakennara.

Hinsvegar hefir það verið svo, að slíkir hreppar hafa ekki haft ástæður til þess að slá sjer saman í eitt skóla-

hjerað til frambúðar, m. a. af því, að svo mikil áraskifti eru að því, hve mikið verkefni er til fyrir kennara. Þó að það sje ekki nægilegt þetta árið, þá getur það orðið næsta ár, o. s. frv. Auk þess eru áraskifti að því, hve mörg af skólaskyldum börnum þurfa hinnar opinberu fræðslu við og hve mörg hafa heimafræðslu. Í þessum sveitum hafa því komið fram óskir um það, að ákvæði yrði sett í fræðslulögin, sem heimili tveim eða fleiri hreppum að ganga í eitt skólahjerað til bráðabirgða. Að minsta kosti úr Dalasýslu var send áskorun til þingsins í fyrra í þessa átt, þó að ekki væri gaumur gefinn; að líkindum var það af vangá, en ekki af því, að nokkur væri mótfallinn þessari sjálfsögðu hagsbót fyrir fámenna hreppa. Jeg geri ekki ráð fyrir, að neinn hv. þdm. sje á móti því að samþ. þetta frv., og það því síður, sem jeg get sagt frá því, að fræðslumálastjóri hefir tjáð mjer í viðtali, að hann hafi orðið var við fleiri óskir í þessa átt, sem ekki gátu komið til framkvæmda, af því að það þótti skorta til þess lagaheimild. Hann er þess vegna meðmæltur því, að frv. nái fram að ganga.

Eins og menn sjá, þá er hjer ekki um neina stórfelda breytingu að ræða á fræðslulögunum. Þó að sjálfsagt sje að láta þau í heild reyna sig áður en þeim er breytt, þá sje jeg ekki, að þessi breyting saki, því að hún miðar aðeins til þess að lagfæra fyrirkomulagsatriði, sem ekki var athugað, þegar lögin voru sett.

Enda þótt þetta frv. sje flutt af okkur tveimur, sem eigum sæti í mentmn., þá er kannske rjett að gera þá till., að því verði samt vísað til mentmn. til athugunar, því að vera má, að breyta þurfi einhverju fleiru í sambandi við þetta, ef önnur ákvæði kynnu að koma hjer í bága við að einhverju leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 129, n. 203).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 129).

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til mentmn. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 433, 440).

Frsm. (Jónas Jónsson): Mentmn. Ed. leggur til, að þetta frv. verði samþykt. Hún álítur, að í þó nokkrum tilfellum sje betra að hafa slíka heimild, sem frv. fer fram á. Einstök fræðsluhjeruð eru oft svo lítil, að erfitt er að hafa þar heilan kennara. Það er því auðsjeð, að töluverð umbót er í þessu fólgin.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi komið fram með brtt. á þskj. 440. Það má segja um þessi lög eins og önnur fleiri, að þau eru ekki gölnul, þegar þarf að breyta þeim. Þetta frv. er ljóst dæmi þess. Lögin voru samþ. á þinginu í fyrra og nú kemur fram frv. til laga um breytingar á þeim. Jeg verð að játa, að ef það frv. nær fram að ganga, þá taka lögin breytingum til bóta. Þó mundu þau batna enn meir, ef hv. deild vildi fallast á mína brtt., sem er í því fólgin, að þegar ekki er þörf á kennaranum allan námstímann, þá megi nota hluta hans til að kenna unglingum eða þá börnum innan skólaskyldualdurs. Nú hefir mjer verið bent á það af nefndinni, að þetta muni líklega að einhverju leyti koma í bága við launalög barnakennara, en jeg held varla, að varhugavert sje hvað það snertir að samþ. till. En ef hún skyldi koma í bága við launalögin, væri eins rjett að breyta þeim lögum eins og að standa á móti hagkvæmum breytingum á fræðslulögunum. Þó að nokkur bót sje í því, að tveir hreppar slái sjer saman um kennara, kæmi það ekki til greina nema um nágrannahreppa. En jeg get ekki skilið, að brtt. mín komi neitt verulega í bága við launalögin, því að jeg býst við, að fræðslumálastjóri gæti leyft þetta. Það er einmitt mjög hentugt að nota þennan tíma til framhaldsnáms, enda hefir slíkt verið gert sumstaðar þar, sem jeg þekki til.

Frsm. (Jónas Jónsson): Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hitti nefndina að máli vegna brtt. sinnar, og hún var lítið eitt rædd. Við fengum fræðslumálastjóra til að koma á fund, og hann hafði það við brtt. að athuga, að hún gæti rekið sig á launalögin. Það mætti nú, ef til kæmi, breyta launalögunum, en jeg er ekki viss um, að þess þurfi. Jeg sje ekki annað en að till. sje til bóta. Jeg vil benda á, að fordæmi eru þegar fyrir hendi. Jeg veit ekki betur en að í Mosfellssveit sje unglingaskóli að minsta kosti 1 dag í viku starfræktur beinlínis í sambandi við barnaskólann. Presturinn kennir og barnakennarinn líka.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg er ekki við því búinn að taka afstöðu um þetta launaatriði. Það mun vera rjett hjá hv. 1. landsk. (JJ), að unglingakensla fer fram í Mosfells-

sveit, en jeg er ekki viss um, að sú kensla reki sig neitt á ákvæði launalaganna. Jeg er ekki viss um, nema barnakenslan sjálf taki 30 stundir á viku. En jeg hefi eiginlega ekkert við það að athuga, þó að barnakensla þokaði að einhverju leyti fyrir unglingafræðslunni. En þó að skólahald verði lengt vegna unglingakenslu fram yfir 24 vikur, kemur ekki til mála, að kennarar fái launaviðbót fyrir þann tíma. Það veit jeg ekki, hvort er hugsun hv. þm. A.-Húnv. (GÓ).

Guðmundur Ólafsson: Út af síðustu orðum hæstv. ráðh. (JÞ), vil jeg taka það fram, að það er ekki mín ætlun, að ríkið borgaði fyrir lengri kenslutíma en 24 vikur. Ef sveitirnar vilja lengja tímann, er sjálfsagt, að þær beri sjálfar kostnaðinn af því.

Ingibjörg H. Bjarnason: Mentmn. fjekk fræðslumálastjóra á fund með sjer, og hann benti nefndinni á, að ekkert væri athugavert við tillögu hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) nema það, að kennarar gætu átt á hættu, að laun þeirra væru rýrð. Ef hægt er að fyrirbyggja, að breyting sú, sem till. fer fram á, rýri laun kennara, er tillagan meinlaus og mikið frekar til bóta. Jeg mun því greiða henni atkv. mitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 440 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 63. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 469).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 469).

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Guðnason): Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna þess að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem ætlaði að tala um frv., er fjarstaddur. Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Ed., hafa engin áhrif á afstöðu nefndarinnar gagnvart því, og óskar nefndin, að frv. verði samþykt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg stend ekki upp til þess að mæla á móti breytingum hv. Ed., en vil aðeins benda á það, að sett hefir verið inn atriði, sem ekki á heima í lögum um fræðslu barna, þar sem segir í enda 2. gr.: „eða til kenslu unglinga 14—17 ára". En samkvæmt lögum um laun barnakennara, þá samrýmist það ekki þeim lögum að borga úr ríkissjóði til þessarar kenslu. Þetta er að vísu lítill kostnaðarauki og jeg er þessu alls ekki mótfallinn. Jeg vil aðeins slá varnagla, ef mikið verður að þessu gert, og verður þá líklega

að breyta lögum um laun barnakennara í samræmi við þetta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 527).

46. Laun skipverja á varðskipum ríkisins.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þar sem útgerð varðskipa á kostnað ríkissjóðs er nú hafin og komin í fast horf, verður að taka ákvörðun um, með hvaða kjörum skipstjórnarmenn og skipverjar skulu ráðnir. Stjórninni hefir sýnst, að um tvent gæti verið að ræða, annaðhvort að ráða mennina með svipuðum hætti og tíðkast um ráðningu skipverja á þau fartæki hjer við land, sem helst má telja hliðstæð, þ. e. verslunarskipin, eða þá að taka upp þá reglu, sem ríkið fylgir á öðrum sviðum, þegar um fasta starfsmenn er að ræða, að ákveða laun þeirra með lögum. Stjórninni hefir sýnst síðara ráðið aðgengilegra, bæði vegna þess, að það losar hana við að taka þátt í deilum um kaupsamninga, og svo er það líka sannfæring mín, að með því fyrirkomulagi á kaupgreiðslu verði rekstur skipanna ódýrari fyrir ríkissjóð en ella. Má vísa til reynslunnar, þar sem eru launalögin frá 1919. Það blandast víst engum hugur um, að á því hefir sparast stórfje að þurfa ekki sífelt að taka upp samninga um laun milli stjórnarinnar og starfsmanna ríkisins á því tímabili, sem liðið er síðan þau lög voru sett.

Frá almennu sjónarmiði þarf jeg svo ekki fleira um þetta mál að segja. Væntanleg nefnd mun athuga einstök launaákvæði, og gefst þá tilefni að ræða þau við 2. umr.

Jón Baldvinsson: Jeg verð að segja það, að mjer finst hæstv. stjórn hefði getað varið tíma sínum til undirbúnings þarfari mála en þessara launalaga. Jeg sje enga ástæðu til þess að fara að setja upp nýja launaflokka, þó að haldið sje út tveimur varðskipum. Það er líka beinlínis gengið á rjett starfsmannanna með þessum ákvæðum, því það er auðheyrt, að hæstv. forsrh. (JÞ) vill fá vinnu þeirra ódýrari með þessu móti en annars væri kostur. En þó ódýr vinna þyki eftirsóknarverð, ber líka að líta á hitt, að þess má jafnan vænta, að menn vinni betra starf, ef þeir eru ánægðir með kjör sín.

Þetta frv. er að mínu áliti algerlega óþarft, og jeg held, að það hefði a. m. k. getað beðið í nokkur ár að bæta þarna við nokkrum hundruðum embætta, sem vel getur orðið. Það er sýnilegt, að eftir frv. verða kjör starfsmannanna á þessum skipum verri en annara sjómanna á svipuðum skipum. Þeir fá aðeins fast mánaðarkaup; um eftirvinnu ekkert talað. Og gert er líka ráð fyrir meiri lækkun hjá þeim

en öðrum sjómönnum. Það er aðeins kaup yfirmannanna, sem ekki lækkar. Skipstjórarnir halda sínum 1000 krónum á mánuði, þótt kaupið lækki um 12½% hjá almennum sjómönnum, að því er sagt er.

Jeg endurtek það, að þetta er óþarft mál. Það á ekki sífelt að vaka fyrir stjórninni að fá sem ódýrasta vinnu, heldur sem best starf.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að því verði ekki haldið fram með rökum, að þetta sje óþarft mál, enda færði hv. 5. landsk. (J-Bald) engin rök fyrir því.

Þetta mál er í nánu sambandi við annað mál, sem hjer er næst á dagskrá, þar sem ákveðið er, að skipverjar á varðskipunum skuli vera opinberir sýslunarmenn ríkisins. Að í frv. þessu sje reynt að ganga á rjett þessara starfsmanna, er algerður hugarburður. Uppástunga frv. er sniðin eftir því bráðabirgðasamkomulagi, sem gert var við þessa menn. Hinsvegar mun þeim ljóst, að ríkið getur sagt þeim upp hvenær sem vill. Alþingi stendur frjálst og óbundið um að ákveða launakjör þessarar starfsgreinar. Með því er ekki brotinn rjettur á neinum. Að minni hyggju er með þessu frv. stefnt að því, sem háttv. 5. landsk. vildi líka láta nást, að fá sem best starf unnið. Jeg held, að best verði að hafa á skipunum fasta menn, sem venjast starfinu, og jeg held líka, að þeir verði ánægðari með að hafa lögtrygð laun heldur en að um þau fari eftir þeirri tilviljun, hve harðskeyttir samningamenn eiga hlut að samningum fyrir þeirra hönd. Jeg held, að með þessu frv. tryggi ríkið sjer gott starf, en þó ódýrt, og fái þá aðstöðu, sem báðum verður til hagsmuna, ríkinu og starfsmönnunum. Við þessa umr. finst mjer ekki ástæða til að fara út í það, hvort launakjörin sjeu verri eða betri en á sambærilegum skipum.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. (JÞ) færði ekki nein rök fyrir því, að þetta mál væri þarft, svo að hjer kemur staðhæfing móti staðhæfing. En um launakjörin, sem frv. gerir ráð fyrir, er það að segja, að þau eru lægri en hjá atvinnugreinunum og hjá Eimskipafjelaginu, og af því hlýtur að leiða sífeld mannaskifti á varðskipunum.

Jeg get ekki stilt mig um að benda á, að jeg hefi hvergi sjeð gert ráð fyrir slysatryggingu fyrir þessa föstu starfsmenn, og hefði það þó átt að vera, einkum þar sem það hefir verið talinn töluverður háski að sigla með nýja varðskipinu. Hæstv. forsrh. segir, að launaákvæðin sjeu miðuð við bráðabirgðasamkomulag við skipshafnirnar. Jeg hefi nú samt ástæðu til að ætla, að skipshöfnin á öðru strandvarnaskipinu a. m. k. sje mjög óánægð með þetta fyrirkomulag. En auðvitað hefir Alþingi vald til að setja slík lög, svo sem hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, en jeg álít, að þetta sje óheppileg löggjöf.

Hæstv. forsrh. (JÞ) virðist nú vilja leggja áherslu á að fá gott starf, en það fæst alls ekki nema menn sjeu ánægðir með kjör sín.

Jeg skal ekki að svo stöddu fara út í næsta mál, litlu ríkislögregluna, sem svo hefir verið nefnd. Mun koma að því síðar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal ekki um það segja, hvort það er rjett hjá hv. 5. landsk. (J-Bald), að ákvæði um slysatryggingu ættu að standa í þessu frv. Það má athuga í nefnd. En jeg hefi litið svo á, að þessir menn ættu að falla undir ákvæðin um almenna slysatryggingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., laugardaginn 26. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, n. 118, 137 og 164).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Eins og þskj. bera með sjer, skiftist álit fjhn. í þrent, þar eð nefndarmönnum kom ekki saman um, hvað gera skyldi við frv. Að því er snertir nál. eins hlutans, á þskj. 164, er ekki að svo komnu máli hægt að segja neitt um það. Þar stendur bara, að ekki sje þörf á lagasetningu um þetta mál.

Áður en jeg tala um álit okkar þriggja nefndarmanna, sem viljum samþykkja frv., ætla jeg lítillega að minnast á nefndarálit annars minni hlutans, á þskj. 137. Það byrjar á því, að háttv. þm. (JJ) talar um, hvað mörg föst embætti frv. skapi á varðskipunum tveimur. Það mátti vera honum og öllum ljóst, þegar afráðið var að gera út varðskipin, að ef stöður skipverja yrðu kallaðar embætti, yrðu þau auðvitað að fylgja með. Jeg get ekki sjeð, að það sje út af fyrir sig varhugavert, þó að svo sje gengið frá, að skipverjar sjeu festir með sjerstökum launalögum, því að það er vitanlegt, að hvað sem öðru líður, þyrfti altaf að manna skipin, ef áfram á að halda starfi landhelgisgæslunnar. Meiri hluti nefndarinnar getur heldur ekki fallist á þá skoðun, að ekki yrðu höfð mannaskifti, ef ástæða væri til, eins og annarsstaðar. En það er miklu öruggara, að þeir, sem á skipunum starfa, starfi fyrir lögfest laun eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

Eins og aths. við frv. bera með sjer, eru þessi launalög sniðin eftir bráðabirgðareglum um laun skipverja frá 1. júlí síðastliðið ár, en þær bráðabirgðareglur eru sniðnar eftir þeim kjörum, sem mennirnir hafa áður búið við.

Jeg vil þá víkja dálítið að þeim ummælum hv. 1. landsk. (JJ) í nál. hans á þskj. 137, að hættulegt væri, ef á varðskipunum festust yfirmenn, sem ekki væru nógu óháðir íslenskum útgerðarmönnum. Vitaskuld er ekki hægt að segja annað en að það væri hættulegt og óæskilegt, ef til þess kæmi, en það er ekki nauðsynlegt að halda þessu fram í þingskjali, án nokkurs tilefnis. Mjer finst þessi framsetning ákaflega óviðkunnanleg, af því að það er eins og það liggi mikill uggur á bak við hjá hv. þm. um, að slíkt eigi sjer stað.

Mjer er heldur ekki kunnugt um, að útgerðarmenn hafi „með vinboðum og veislufagnaði", eins og hv. 1. landsk. kemst að orði, gert nokkra tilraun til þess að hæna að sjer yfirmenn varðskipanna eða á nokkurn hátt reynt að

leggja neinar tálsnörur fyrir þá, og verð jeg þó að álíta, að jeg sje þessum mönnum kunnugri en hv. 1. landsk. Þetta hjal hans um veislur og vináttubönd er að mínu áliti grímuklædd en í fylsta máta óviðeigandi aðdróttun, sem óhætt er að segja, að eftir atvikum komi ekki þessu máli neitt við. Nú er hv. þm. um leið að fárast út af því, að í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, sem þeir hafa áður haft. En þegar hv. þm. í öðru orðinu er að gera ráð fyrir, að þeir muni með veislufagnaði verða háðir útgerðarmönnum hjer, er ekki vel hugsunarrjett að telja eftir, að þeir sjeu sæmilega launaðir.

Að skipstjórar og stýrimenn væru hjer ráðnir á sama hátt og á sjer stað hjá Eimskipafjelagi Íslands, álítur meiri hl. nefndarinnar ekki vera til bóta. Hv. þm. heldur því fram, að þá verði hægra að losna við þá, ef ástæða þætti til. Þetta er ein meinlokan enn hjá hv. þm., en alt þetta sýnir, að hv. þm., sem að öðru leyti er mjög vel greindur maður, hefir ekki gefið sjer tóm til þess að athuga eða kynna sjer þetta strandgæslustarf, áður en hann gerði tillögur um launakjör því viðvíkjandi.

Það hefir verið farið vel og giftusamlega af stað með landhelgisgæslu okkar og núverandi yfirmenn hafa reynst ágætlega, enda hafa valist í þær stöður valinkunnir sæmdarmenn, sem áreiðanlega ljetu sjer ekki detta í hug að gangast fyrir veisluboðum eða öðru tildri, hvort heldur væri hjá útgerðarmönnum í Reykjavík eða „rökkurstund" með kaffiboði hjá hv. 1. landsk.

Við þetta má því bæta, að hv. þm. hleypur yfir það atriði, sem mestu skiftir. Það er sem sje ekki hægt að taka hvaða skipstjóra sem er til þess að stjórna varðskipum ríkisins. Þar er ekki heldur hægt að skifta um menn á sama hátt og á vöruflutningaskipum eða skipum Eimskipafjelagsins. Skipherra á varðskipi hefir fengið sjermentun í þeirri grein að hafa á hendi eftirlit með landhelgisgæslunni. Það er þess vegna svo, að þetta verður að vera þeirra lífsstarf, svo fremi að ekki komi eitthvað það fyrir, sem veldur því, að þeir missi stöður sínar eða láti af þeim. Þeir hafa mentun fram yfir aðra skipstjóra, þannig að þó að þeir geti stjórnað öðrum skipum, er hinsvegar ekki hægt að taka hvern venjulegan skipstjóra og gera hann að skipstjóra á varðskipi. Það eru ekki svo fáar greinir, sem þessir menn hafa lært og tekið próf í, umfram þær, sem skipstjórar venjulega læra, og jeg get, ef þörf krefur, látið háttv. dm. vita, hvaða greinir þetta eru. Þessi sjermentun útheimtir venjulega 12 mánaða nám. Ef til vill er ekki ástæða til þess að orðlengja um þetta atriði, enda getur svo farið, að jeg þurfi að koma að því síðar. Aðeins vil jeg benda hv. dm. á það, að sú reynsla, sem fengin er í eftirlits- og björgunarstarfsemi okkar, bendir ótvírætt í þá átt, að heppilegt sje að geta haldið hinum sömu mönnum við það starf yfir lengri tíma og að mjög sje óheppilegt og jafnvel skaðlegt, ef tíð mannaskifti ættu sjer stað. Þetta á þó einkum við um björgunarstarfsemina, sem að vísu er nátengd landhelgisgæslunni, enda er og verður það annað veifið hlut-

verk varðeimskipanna að skifta sjer af björgun. Jeg ætla að vænta þess, að í framtíðinni staðfestist sú reynsla, sem þegar er fengin, og að ríkið megi lengi njóta starfskrafta þeirra manna, sem unnið hafa á þessu sviði undanfarin ár. Jeg sje þess vegna ekki neitt við það að athuga, þó að þeir sjeu gerðir fastari í sessi með þeim launalögum, sem hjer liggja fyrir.

Í niðurlagi nál. síns kemur háttv. 1. landsk. inn á sparnaðartill. sína, sem hann kallar svo, að því er snertir háseta á skipunum. Það er vitanlega rjett hjá honum, að það mætti spara á þessum útgjaldalið, en þó einungis — eftir minni hyggju — með því að beita misrjetti. Mjer finst ekki, að það sje hægt fyrir okkur að taka eina einustu stétt manna — sjómannastjettina — út úr og skattleggja hana með þegnskylduvinnu, sem ekkert kæmi við aðra landsmenn. Það eru fleiri, sem líta svo á; það veit hv. þm. Svo að þessi sparnaður, sem hann talar um í frv., er alls ekki til í raun rjettri, fremur en ef maður hjeldi því fram sem sparnaði fyrir ríkissjóðinn að láta hvern og einn borgara þjóðfjelagsins vinna ríkinu kauplaust. Slík sparnaðardæmi er enginn vandi að búa til.

Jeg ætla þá lítillega að minnast á þær brtt., sem meiri hl. hefir komið með. Raunar eru þær ekki stórvægilegar, en eru fram komnar til þess að jafna ofurlítið á milli yfirmanna í vjelarúmi og á þilfari á skipinu. Okkur virtist, að kaup 2. og 3. stýrimanns væri í frv. ákveðið heldur lágt, sömuleiðis kaup fullgildra háseta. Komum við því með þessa brtt. á þskj. 118, sem jeg vona, að hv. deild geti fallist á. Auk þeirra, sem jeg nefndi, er skipherra, 1. stýrimaður og vjelamenn. Hjer er þá um að ræða þá af skipverjum, sem maður getur ímyndað sjer, að verði um lengri tíma á skipunum. Aðrir hásetar en fullgildir hásetar standa yfir höfuð miklu skemur við á þesskonar skipum og hjer er um að ræða. Breytingin miðar að því, að þeir, sem eru farnir að verða sem fullgildir hásetar á þessum skipum, sitji frekar kyrrir, ef þeir telja sjer fært kaupsins vegna og annars. Meiri hl. vildi gera tilraun til að gera kjör þessara manna þannig, að þeir gætu við þau unað.

Síðasta brtt. nefndarinnar fer fram á, að starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu á björgunarskipinu „Þór", áður en hann varð eign ríkisins, sje talinn starfstími í þágu ríkisins. Sú till. virðist svo sanngjörn, að jeg álít ekki þörf að svo komnu máli að orðlengja mikið um hana, með því að jeg álít viðurkenningu fengna fyrir því hjá þinginu, að starfsemi björgunarfjelags Vestmannaeyja á undanförnum árum hafi verið spor í rjetta átt, enda hefir ríkið nú tekið að sjer að halda henni áfram ásamt vörslu landhelginnar, og hagar henni á sama hátt og áður var hjá björgunarfjelaginu. Þeim mönnum, er áður unnu að þessu hjá björgunarfjelaginu og halda nú áfram eftir að ríkið hefir tekið alt þetta að sjer, sje reiknaður sem þjónustualdur hjá ríkinu sá tími, er þeir unnu í þjónustu björgunarfjelags Vestmannaeyja.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Það er meira af vilja en mætti, sem hv. þm. Vestm. (JJós) og jeg

tökum þátt í þessum umræðum. En þar sem hann hefir þó treyst sjer til að halda nærri ¾ stundar ræðu, þá neyðist jeg til að segja fáein orð, þótt kvefaður sje jeg eins og hann. Jeg held jeg geti fylgt hans ræðu að því leyti, sem hann tók í henni lið fyrir lið þann skoðanamismun, sem er milli okkar í þessu máli, og fylgdi nál. mínu.

Fyrst mótmælti hv. þm., að um föst embætti væri að ræða; en slíkt er ekki hægt. Frv. tekur þetta einmitt fram. Þó að það sje reynt að segja, að það þurfi þessa tölu af mönnum á skipin, þegar þeim er haldið út, þá er þess að gæta, að jeg hefi í minni till. komið með nýtt atriði, sem er þess eðlis, að spara má í framtíðinni mjög verulegan hluta útgerðarkostnaðar. Hv. frsm. meiri hl. ber ekki við að rökstyðja það, hvers vegna hann og ef til vill hans flokksbræður vilja loka möguleika til þess að koma við miklum sparnaði fyrir landssjóð. Því að það hlýtur hv. þm. að vera ljóst, að ef nú eru sett þau lög, að hásetar geti æfilangt verið fastir starfsmenn á skipunum, ef þeir vilja, þá er ekki auðvelt að losna við þá, fremur en aðra þaulsætna verkamenn ríkisins. Hinsvegar er það á ábyrgð þingmanna að binda þetta varanlega, og það er einmitt sú mikla yfirsjón, sem meiri hlutinn gerir sig hjer sekan um. Það myndi enginn hafa út á þetta að setja, þótt því skipulagi væri haldið, sem nú er, ef ekki væri verið að byrgja fyrir, að seinna meir, þegar fjárhagurinn kynni að vera erfiðari, væri hægt að koma við þessum sparnaði, sem ekki er óverulegur, nefnilega 30 þús. kr. á ári.

Viðvíkjandi skiftum á mönnum þarna yfirleitt er að vísu gert ráð fyrir því í kenningunni, að það megi víkja þeim frá sem öðrum embættismönnum. En hv. þm. Vestm. (JJós) meðal annara hefir tekið það fram frá sínu sjónarmiði við atkvgr. í hv. deild fyrir skömmu, að það sje ekkert sjerstaklega vítavert, þótt skipstjórar sjeu ölvaðir að starfi, og þar af leiðandi með sínum fulla rjetti á skipinu þrátt fyrir slík vansmíð. Þetta segi jeg ekki í sambandi við þessi skip, heldur af því að hv. þm. (JJós) er búinn að sýna með þessu, hvað það þarf ákaflega mikið til frá hans sjónarmiði, til þess að maður í slíkri stöðu skuli gerður rækur.

Þar næst kom hv. þm. að þeim kafla míns nál., þar sem jeg benti á almenna röksemd í þessu máli, án tillits til þeirra manna, sem nú eru eða kunna að vera á nokkrum ákveðnum tíma. — Hv. þm. gat sjeð gott dæmi með því að líta 900 ár aftur í tímann, þegar Ólafur helgi vildi fá Grímsey að gjöf, og ýmsir voru hlyntir því, en Einar Þveræingur sagði, að sjálfsagt væri það ágætur konungur, sem bað um eyjuna, en ekki væri víst, að ætíð yrðu ágætir konungar í Noregi, og benti á óheppilegar afleiðingar fyrir Ísland, ef miður góður konungur rjeði þar ríkjum. Jeg býst við, að hv. þm. Vestm. hefði verið einn af þeim mönnum, sem hefðu sagt: Við skulum gefa þessum ágæta konungi eyjuna, hann er vinur okkar Íslendinga. En Íslendingar voru svona hyggnir í fornöld,

að þeir gengu inn á þá röksemd, að tiltrúin yrði að miðast við skipulagið og það, sem heilbrigð skynsemi yfirleitt benti á, en ekki við augnabliks ágæti. Þess vegna vakir fyrir mjer sú almenna röksemd, sem ekki verður móti mælt.

Jeg hefi ekki nokkra löngun til þess að kasta skugga á þá menn, sem nú stýra þessum skipum, fremur en þá, sem þar kunna að verða í framtíðinni. Skoðun mín á þessu er bygð á samskonar varfærni og kom Einari á Þverá til að mæla móti að gefa part af Íslandi.

Það, sem liggur til grundvallar þessari skoðun minni, er sú nauðsyn, að skipstjórar á þessum skipum viti, að það sje hægt að skifta um, ef þeir standa í raun og veru ekki vel í stöðu sinni, þó að jafnvel sje ekki hægt að sanna á þá ákveðin formsbrot. Jeg lít nefnilega svo á, að hver embættismaður eigi ekki að vera í sinni stöðu fyrir sjálfan sig, heldur fyrir landið — fyrir heildina — og eigi því altaf að meta heildina meira en einstaklinginn.

Viðvíkjandi viðhorfi íslenskra útgerðarmanna til landvarnanna býst jeg við, að hv. þm. (JJós) vilji ekki gera lítið úr því, sem tveir af flokksbræðrum hans hjeldu fram á Alþingi. Þeir lýstu því yfir, að íslenskir togarar væru langsamlega verstir um brot á landhelgislögunum. Annar lýsti því með ákaflega sterkum orðum, hvað þessir menn væru ágengir gagnvart hagsmunum síns eigin lands. Hann var útgerðarmaður úr Hafnarfirði. Sannarlega höfðu þeir enga ástæðu til að vera hlutdrægir gagnvart útgerðinni. Þessi fulltrúi útgerðarinnar sagði hreint og beint, að loftskeytatæki hefðu verið sett í íslenska togara sjer í lagi til þess að hægt væri að stjórna lögbrotunum úr landi. Þessu hefir aldrei verið mótmælt, hvorki þá eða síðar, þó að hlutaðeigendur ýmsir hefðu gjarnan viljað þvo af þennan dökka blett.

Ef hv. þm. Vestm. vill halda fram, að þessi útgerðarmaður úr Hafnarfirði hafi þarna skrökvað á íslenska útgerðarmenn, að þeir skipuðu skipstjórunum í landhelgina, þá er það mál milli þeirra; en jeg segi fyrir mig, að jeg trúi ekki öðru en að þessi orð hafi verið sögð í fullri alvöru og eftir bestu sannfæringu. En ef menn trúa, að dómur þessa manns sje rjettur, þá er ekki nokkur vafi á, að það er ákaflega mikil freisting fyrir skipstjórana á öllum tímum að gæta ekki fylstu óhlutdrægni gagnvart sínum löndum, einkum ef þeir eru á einhvern hátt háðir útgerðarhagsmunum. Og jeg efast ekki um, að háttv. þm. er ljóst, að fyrir okkar unga sjálfstæði og fyrir álit okkar lands og landgæslu sje það nauðsynlegt, að ekki rísi neinn skynsamlegur grunur í augum útlendinga um það, að það sje gert upp á milli innlendra manna og útlendra í þessum efnum. En vitaskuld hafa útlend skip ekki á nokkurn hátt svipaða aðstöðu og íslensk til þess að vara yfirmenn sína við varðskipum. Þeir hafa engin þau sambönd við land, að þeir geti stjórnað lögbrotunum þaðan.

Jeg býst ekki við, að hv. þm. geti neitað því, að það þurfi sjerstaklega gott skipulag til þess að standast það, sem felst í þessari ásökun samlanda okkar. Jeg tel þetta, að sumir útgerðarmenn bjóða skipstjórum sínum að

veiða í landhelgi, æðimikla líkindasönnun fyrir því, að það mundi ekkert vera til sparað frá hálfu þessara manna, ef nokkur minsta leið væri til þess að veikja afstöðu yfirmanna varðskipanna, meðan þessi hugsunarháttur ríkir hjá útgerðarmönnum. Þess vegna álít jeg ágætt og sjálfsagt að veita þeim það heilbrigða aðhald með því að hafa þá ekki fastráðna, — að þeir geti ekki haft ástæðu til að hvíla á þeim kodda værðarinnar, að ekki komi til mála að skifta um þá. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, að það var alls ekkert gert við lækninn, sem í fyrra eða hitteðfyrra gat ekki bundið um beinbrot í 12 tíma, af því að hann var fullur. Fólk veit, að það er erfitt að fá skift um starfsmann, þótt hann brjóti, ef hann er í föstu embætti. Menn vita, hvað það gengur illa að fá lagt niður algerlega óþarft embætti. Einn helsti vínsali hjer á landi er í læknisstöðu. Hann hefir verið margdæmdur fyrir stórkostlega vínsölu. Í stað þess að leggja embættið niður hefir hæstv. forsrh. (JÞ) og formaður íhaldsflokksins beitt sjer fyrir því hjer á þingi, að laun hans væru hækkuð, af því að það væri rjettlætiskrafa. Það er erfitt í þessu landi að fá rjettlæti framfylgt, þegar æðstu menn landsins leggja sig í líma við að gera sjerstakar ráðstafanir til að eyða úr ríkissjóði handa mönnum, sem hafa orðið brotlegir við sitt starf og lög landsins. Þessa skýring, dóm þessara tveggja kunnugu íhaldsmanna um það, hvernig sótt er fram af sumum togaraeigendum móti lögum landsins, það tel jeg nægilegt til þess að rökstyðja það á öllum tímum gagnvart þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, að það þurfi að veita þeim það aðhald, sem fæst með þessu.

Jeg skal taka undir með hv. þm. Vestm., að fyrir mjer vakir ekki nein löngun til þess að spara á kaupi þessara manna. Aðeins benti jeg á það ósamræmi hjá hæstv. stjórn, að hún telur þetta einskonar sparnaðarfrv., en samhliða því setur hún núverandi skipstjóra á hærri laun en hún ætlar þeim, sem á eftir koma. Nú spyr jeg hv. þm. Vestm.: Hvaða meining er að hugsa sjer, að maður muni þurfa alt að ⅓ hærri laun nú, til þess að vera óháður, heldur en nýr maður þyrfti eftir 1—2 ár? Þarf hann ekki líka að vera óháður? Þarf hann ekki að lifa? Jeg er gjarnan með því að borga sæmilega skipstjórum og stýrimönnum, aðeins ef maður gerir alt, sem er skynsamlega hægt að gera til þess að tryggja það, að þeir í nútíð og framtíð gætu leyst sitt vandasama starf vel af hendi. Jeg álít nauðsynlegt, að það sjeu á hverjum tíma á þessum skipum allra bestu og duglegustu mennirnir, sem völ er á. Býst jeg við, að hv. þm. Vestm. verði mjer sammála um það. En ef maður játar það, þá verður maður líka að játa hitt, að það er ekki heppilegt að binda starfið þannig, að sami maður geti verið 40 ár í því. Meðan hann er ungur, er hann ef til vill sá besti, en svo geta komið aðrir, sem reynast ennþá betur. Það hefir vakið talsverða eftirtekt, að ungur maður, sem tekur við í fjarveru annars eldri skipstjóra, sýnir strax merkilega hæfileika til þess að fanga brotlega skipstjóra, fram yfir það, sem menn eiga að venjast af hálfu skipherra á útlendu varð-

skipunum. Og jeg minnist þess ekki, að eldri íslenskir yfirmenn hafi unnið önnur eins frægðarverk og þessi ungi maður. Jeg verð að segja það, að það er harla leiðinlegt, ef slíkur maður á allan sinn aldur að vera undirmaður án þess að geta fengið tækifæri til að beita sínum góðu hæfileikum, af því að valdið er fyrirfram skorðað hjá vissum mönnum. Auk þess eru laun stýrimanna svo lág, að freisting er fyrir afburðamenn að fara á önnur skip, sem bjóða betri kjör og meiri framavonir.

Mjer er svo farið, að jeg álít embættin ekki til vegna mannanna, sem í þeim sitja, heldur vegna þjóðarinnar, og því beri fyrst og fremst að gæta hagsmuna hennar.

Þá fór hv. þm. um það nokkrum orðum, að af því að þessir skipstjórar væru sjermentaðir, væri einsætt að hafa þá fasta. Annars gætum við átt á hættu að missa þá og standa slyppir uppi. En reynslan segir annað. Í forföllum yfirmanns í fyrra kemur undirmaður, er virðist hinum fremri.

Hv. þm. mun vera kunnugt um, að skipstjóranum á Þór tókst að ljúka því sjerfræðilega prófi á mjög stuttum tíma. Þetta sýnir, að dugandi menn geta fengið mikla þekkingu á skipunum sjálfum. Ekki mun þurfa að kvíða mannleysi.

Jeg vil benda á, að hæstv. landsstjórn er frjálslyndari í þessum efnum en hv. þm. Vestm., því að hún leggur fyrir Nd. frv. um að taka próflausa menn og gefa þeim rjett til þess að stýra skipum. Það væri t. d. eftir því ekkert því til fyrirstöðu, að við, hv. þm. (JJós) og jeg, ef við bara erum nægilega í náðinni hjá hæstv. stjórn, og það veit jeg að hv. þm. er, fáum einhvern góðan veðurdag leyfi annar til þess að stýra Brúarfossi, en hinn Gullfossi. Þetta er eðlilega illa sjeð af skipstjórum, enda lítil ástæða til, þar eð kunnugt er, að mörg hundruð manna eru hjer færir um að stýra skipum, en hafa ekki færi á að komast að sem slíkir. Það hefir jafnvel komið til orða, að þeir lærðu skipstjórar sigli öllum flotanum í höfn og eftirláti hann hinum ólærðu, ef stjórnin heldur áfram að troða á rjetti þeirra.

Þegar nú hæstv. stjórn er svona væg í kröfunum, þá er það ósamræmi að rígbinda menn æfilangt í þessar stöður, svo að jafnvel menn með fullkominn lærdóm komi ekki til greina.

Háttv. þm. Vestm. neitaði, að um kunningsskap gæti verið að ræða milli útgerðarmanna og skipstjóra á þessum skipum. Jeg vil benda honum á, að hann segist vera persónulega vel kunnugur skipherranum á Þór, og hann er líka útgerðarmaður. Þótt jeg segi þetta, þá er það engin „krítik“ á þeirra samband. Jeg bendi aðeins á, að hjer liggur fyrir sönnun innan þessarar hv. deildar fyrir því, sem hv. þm. neitar. Það má aldrei falla grunur á, að varðskipstjórar sjeu háðir útgerðarmönnum.

Nú er spurningin: lítur nú útgerðin svo á, ef brot sannast upp á skipstjóra, þá eigi að kasta honum? Svarið er skjallegt á prenti frá einum flokksbróður hv. þm. (JJós), sem stendur framarlega í togarafjelagi. Einn togari þess var tekinn í landhelgi og skipstjóri dæmdur sekur í hæstarjetti. En útgerðarmaðurinn lýsti því yfir, að skipstjórinn væri svo góður veiðimaður, að hann vildi ekki, að hann færi

frá. Þetta sýnir, að hann tók ekki nærri sjer, að lögin væru brotin.

Hv. þm. endaði með því að óska, að ekki yrðu tíð mannaskifti á þessum skipum. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þau yrðu tíð, þótt samningum væri háttað eins og hjá Eimskipafjelaginu, að segja megi upp starfinu. Það er ekki notað nema út af beri. Þeir, sem standa sæmilega í stöðu sinni, eða vel það, sitja. Hinir eru látnir fara. Þennan möguleika til að skifta um, ef stjórnin hefir ástæðu til að halda annan mann hæfari eða finnur veilur á framkvæmd laganna, vill hv. þm. nema burt.

Röksemdir hv. þm. fyrir því, að verið væri að beita stýrimannaefni misrjetti með því að láta þau vera á þessu skólaskipi, voru engar. Það er sagt út í loftið. Stýrimannaefnum er nú gert að skyldu að sigla 3 ár áður en þeir fá inntöku í skólann. Stundum er erfitt að fá slík skiprúm, og jeg þekki menn, sem farið hafa á erlend skip til þess að fá þá verklegu æfingu, sem krafist er. Hvers vegna er þeim gert þetta að skyldu? Til þess að búið sje að þrautreyna, að þeir menn, er til þessa starfa veljast, sjeu virkilega hæfir og kunni alla nauðsynlega vinnu á skipi, er þeir eru orðnir yfirmenn. Þessar kröfur eru hliðstæðar því, að ungur læknir verður að kosta sig við verklegt nám á fæðingarstofnun ekki óverulegan tíma eftir próf, áður en hann er talinn fullgildur.

Er það þá þegnskylduvinna? Nei. Aðeins nám, sem miðar að því að gera manninn hæfari sem lækni, bæði hans sjálfs vegna og þeirra, er eiga að njóta starfs hans síðar meir.

Slíkt hið sama er að segja um varðskipin sem skólaskip. Jeg álít það mundi vera tilvinnandi fyrir skipstjóra og stýrimenn að hafa átt kost á skiprúmi þar. Því að maður getur altaf ætlast til, að meiri sjómenska og betri stjórn verði á þessum skipum heldur en á einhverjum og einhverjum dalli, þar sem engin er trygging fyrir neinu nema því að vera látinn vinna. Það er beinlínis móðgun að bera það fram, að ekkert sjerstakt sje hægt að læra á þessum skipum. Yfirmennirnir eru þá allsendis ófærir til síns starfs. Þeir hafa að baki sjer lengri námstíma en aðrir skipstjórar, og störfum þeirra er þannig háttað, að þeir gætu gefið sjer meiri tíma til að sinna lærlingunum. Lærður skipstjóri gæti komið við á slíku skipi ekki aðeins verklegri æfingu, heldur líka bóklegri fræðslu, ef vilji væri á að sinna slíku.

Enginn, sem lítur hlutlaust á málið, getur kallað þetta þegnskylduvinnu. Það er nám og vinna. Hliðstætt er dæmið um lækninn, sem gengur á fæðingarstofnun sjer til fullkomnunar í list sinni og gefur ekki aðeins vinnu sína, heldur líka kostar sig sjálfur.

Þessi tilhögun, sem jeg fer fram á, á því að geta gert menninn hæfari til starfs síns um leið og hún leiðir af sjer 30 þús. kr. sparnað á ári samkvæmt útreikningum, sem ekki hafa verið vjefengdir. Jeg gæti vel gengið inn á, að yfirmenn fengju þau laun, sem ráðgert er í frv., eða jafnvel hærri, ef þörf gerist, ef aðeins opnuðust möguleikar til þess að þingið gæti beitt þeim strangleik, er því ber.

Jeg hefi flutt dagskrártill. í þá átt, að frv. verði ekki afgreitt sem lög, af því það lokar öllum sundum í framtíðinni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira að sinni, en vænti þess, að hv. þm. Vestm. sannfærist um, að dagskráin sje rjettmæt og óforsvaranlegt af þinginu, úr því sem komið er um skuldir landsins og útgjöld, að tvísýnt er að ríkissjóður rísi undir þeim til lengdar, að fara þá að binda eyðslu fasta, ekki aðeins nú, heldur og framvegis.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg gat hvorugum nefndarhlutanum orðið samferða. Jeg get ekki fylgt hv. meiri hl., að samþykkja frv., því að margt er við það að athuga. Heldur ekki get jeg fallist á tilhögun þá, er hv. 1. landsk. (JJ) hugsar sjer, að gerð verði.

Jeg hefi þá ástæðu fyrir því að vera á móti till. hv. 1. landsk., að jeg álít óverjandi að taka menn og neyða þá til að vinna langan tíma fyrir ekkert. Í þessu landi er það svo, að þótt kallaðir sjeu einhleypir menn, hafa þeir iðulega fyrir fjölskyldu að sjá, foreldrum og systkinum. Svo að ef farið væri að rannsaka, mundi það sýna sig, að ekki gætu nema sárfáir tekið þátt í þessu „námsskeiði", nema skaða bæði sig og sína. Að fara að lögþvinga menn til slíks er óforsvaranlegt. Áður hefir verið feld till. í svipaða átt, sem sje þegnskylduvinnan. Þjóðin vill ekki sætta sig við að fara þá leið.

Jeg er á móti tilhögun hv. 1. landsk. og jeg er líka á móti dagskrártill. hans, þó að jeg geti samþykt að vísa frv. frá. Mín till. er sú, að frv. verði felt, af því að ekki er þörf á lögum um þetta. Hæstv. landsstjórn er ekki vandara að ráða starfsmenn á varðskipin en t. d. Eimskipafjelagsstjórninni á sín skip, eða eins og nú er á verslunarskip ríkisins. Af þeim ástæðum er ekki þörf á lagasetningu.

En það er um sjálft frv. að segja, að í því felst mikið misrjetti. Þar eru sett upp laun skipherra og ákveðin sem byrjunarlaun 500 kr. á mánuði, auk dýrtíðaruppbótar. En þau verða helmingi hærri hjá þeim núverandi skipstjórum. En jafnframt lækka laun skipverja meira en hjá stjettarbræðrum þeirra á verslunarskipunum samkvæmt þeim samningum, er Eimskipafjelagið hefir gert við háseta á skipum sínum. Með öðrum orðum: það, sem ríkisstjórnin ætlar að greiða, er í raun rjettri 100 kr. minna kaup á mánuði á varðskipunum heldur en á öðrum skipum ríkissjóðs.

En ef farið er að þrýsta launum niður fyrir það, sem sanngjarnt er og alment er borgað, leiðir það til þess, að góðir og dugandi menn leita fyrir sjer annarsstaðar, og þótt ríkinu haldist á þeim í atvinnuleysinu, missir það af þeim jafnskjótt og rýmkast um hjá atvinnuvegunum. Það er til skaða, ef ekki er borgað svo hátt kaup, að sæmilegir menn fáist, því að þótt verið sje að hæla skipstjórunum, þá vel er gert, er þeirra þó ekki einna heiðurinn, heldur líka skipsmannanna, eins og í stríði, þá er sigurinn ekki herkænsku herforingjans eins að þakka, heldur líka vasklegri framgöngu liðsmannanna.

Hv. frsm. meiri hl. (JJós) hefir játað, að búast mætti við, að hásetar yrðu nokkuð lausir við á þessum skipum. En ekki nóg með það. Fullgildir

hásetar geta ekki lifað og framfleytt fjölskyldu á þeim launum, er tilgreind eru í frv., og munu grípa fyrsta tækifæri, sem gefst, til að komast að öðru, ef haldið verður til streitu þeim launakjörum, sem hæstv. stjórn vill nú lögfesta. Það er líka gífurlegur munur, þegar kaupið er 100 kr. lægra á mánuði heldur en við aðra hliðstæða vinnu. Jeg get ekki láð þeim, að þeir vilji losa sig, ef nokkur tök eru á og völ á öðrum betri kjörum annarsstaðar.

Eimskipafjelag Íslands reynir yfirleitt að halda góðum mönnum, til þess að tryggja sjer gott starf, og borgar þeim því sæmilega.

Hv. frsm. meiri hl. talaði mikið um lærdóm og þekkingu þessara skipstjóra, sem nú stýra varðskipunum. Jeg held, að ýmsir fleiri sjeu færir til þess að gegna þessu starfi, og því ekki ástæða til að greiða þeim tiltölulega miklu hærra kaup en öðrum. Jeg ímynda mjer, að ýmsir togaraskipstjórar væru alveg eins færir um að taka að sjer stjórn þessara skipa eins og núverandi skipstjórar. Jeg get ekki skilið, að það sje sjerstaklega nauðsynlegur undirbúningur undir þetta starf að hafa verið dáti í liði Dana. Jeg held, að það væri engu síður mikilsvert að fá vana sjómenn í þessar stöður, sem þektu vel til togaraútgerðarinnar og vissu, hvenær togaranna er helst von í landhelgi.

Háttv. frsm. meiri hl. (JJós) var mjög reiður yfir því, sem einhversstaðar hefir komið fram og er víst drepið á í nál. hv. 1. landsk. (JJ), að hætta gæti stafað af vináttuböndum milli útgerðarmanna og yfirmanna á varðskipunum. Jeg er nú ekkert sjerstaklega hræddur um, að útgerðarmenn dragi þessa menn til sín með vinboðum og veislufagnaði, en jeg er samt ekki viss um, að skipstjórarnir reynist nógu sterkir á svellinu til að standast að fullu áhrif þessara voldugri manna og sýni nægilega árvekni í að verja strendur landsins. Það er ekki langt síðan kvartað var yfir ágengni 30—40 togara í landhelgi við Snæfellsnes, og eins og vant er, var talið, að ísl. togararnir væru verstir. Óðinn heldur þegar vestur. En þegar þangað kemur, eru allir togararnir horfnir, eins og þeir vissu nákvæmlega, hvers var von. En jafnskjótt og skipið snýr við til Reykjavíkur, koma þeir aftur í landhelgina í einni þvögu. Jeg segi ekki, að ákjósanlegast sje, að varðskipin taki sem flesta togara og dragi þá fyrir lög og dóm. En þeim má ekki farast mjög klaufalega að verja landhelgina fyrir ágengni togaranna, og það er alveg óþarfi að taka það illa upp, þó að ísl. varðskipin sjeu „kritiseruð" eins og þau dönsku. Það hefir verið fundið mjög mikið að strandvörnum dönsku varðskipanna og þeim brugðið um sinnuleysi í starfi sínu. En þeim hefir aldrei verið borið það á brýn, að þau ljetu íslensku togarana sleppa, ef þau á annað borð hittu þá í landhelgi. En á þá leið var talað um núverandi skipstjóra á Óðni, meðan hann var á Þór.

Frá mínu sjónarmiði er enganveginn æskilegt að festa þessa menn í embættunum og borga þeim hærri laun en þörf er á, og það á kostnað hásetanna. En þetta er einmitt ósvikin íhaldsskoðun, að vilja launa fáeina menn hátt til þess að þeir geti kúgað

aðra með lágum launum. Það er rjett hjá hv. 1. landsk., að í þessum lögum er ekki gert ráð fyrir, að skipstjórum megi segja upp, en það er gert ráð fyrir því í öðru frv., sem fyrir þinginu liggur. En það er ekki víst, að það frv. verði að lögum, þó að þetta verði samþykt, enda væri viðkunnanlegra, að um þetta væri ákvæði í því frv., sem fjallar um launakjör skipstjóranna. Um hina óæðri starfsmenn er ráðh. falið að gera ákvæði um kaup, er gildi til eins árs. Það eru nefndir „viðvaningar, óvaningar og vikadrengir". Þetta er nú býsna skrítin upptalning og líkast því, að viðvaningar og óvaningar hafi samið frv. — Nú á stjórn ríkisins að hafa yfirumsjón á varðskipunum, þ. e. a. s., hún lætur einhvern skrifstofustjóra úr stjórnarráðinu hafa þetta eftirlit á hendi, en undir honum verður svo auðvitað einhver launaður starfsmaður. Væri nú ekki eðlilegra að fela Eimskipafjelaginu að sjá um þessa útgerð að því er snertir beinan rekstur skipanna, mannaráðningu og annað, sem ekki kemur undir skipstjóra. Jeg geri ekkert úr þeirri mótbáru, að þetta verði dýrara hjá Eimskipafjelaginu. Það verður ekki gert fyrir ekki neitt í stjórnarráðinu heldur. En það er nú svo um starfsmenn stjórnarráðsins, að þeim eru borguð fölsk laun. Aðalstarf þeirra er illa launað, en gert ráð fyrir, að þeir geti fengið svo og svo mikið af bitlingum, borgun fyrir endurskoðun og ýmislegt þess háttar. Jeg held, að betra væri að taka hinn upp, launa þeim sæmilega störf þeirra, svo að þeir gætu haldið sjer við þau og sýnt væri, hvað þeim er greitt í raun og veru, en ekki fara þessar krókaleiðir með uppbætur handa þeim, enda fá þeir venjulega helst uppbætur, sem best eru launaðir fyrir.

Jeg skal svo ljúka máli mínu með þeirri ósk, að hv. deild þóknist að fella þetta frv. Að vísu kynni jeg að geta fallist á, að yfirmenn skipanna væru settir í launaflokk, þótt jeg á hinn bóginn telji það alveg óþarft. Helst gæti það þó komið til mála. En það er ekkert vit í hinu, að setja hásetana í launaflokk, aðeins til þess að hafa af þeim nokkrar krónur.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get verið meiri hl. nefndarinnar þakklátur fyrir meðferð þessa máls. Hann leggur að vísu til, að gerðar verði lítilfjörlegar breytingar til hækkunar á launum 2. og 3. stýrimanns á þessum skipum. Þó jeg sje ekki öldungis sannfærður um, að það sje nauðsynlegt, er breytingin ekki meiri en það og launin ekki hærri en það, að jeg sje ekki ástæðu til að gera ágreining út af þessari brtt.

Þá er nál. á þskj. 137, frá hv. 1. landsk. (JJ), sem lyktar með rökstuddri dagskrá þess efnis, að samþykt frv. virðist útiloka í bráð og lengd, að hægt verði að nota skipin til verklegrar kenslu í sjómensku. Um þetta verð jeg að segja það, að hvaða skoðun sem menn hafa á möguleika þess í framtíðinni eða hve æskilegt kann að þykja, að slík skylduvinna komist á, er það alger misskilningur, að frv. það um laun skipverja og skipstjóra, sem hjer liggur fyrir, útiloki þetta.

Það mun vaka fyrir hv. 1. landsk., að þessi þegnskylduvinna megi koma í staðinn fyrir háseta að einhverju

leyti. En jeg hygg, að allir geti orðið sammála um það, að þótt þessi tilhögun væri tekin upp, yrði ómögulegt fyrir skipin að sigla án þess að hafa einhverja fullgilda háseta. Það væri ekki hægt að ætlast til, að þessir menn kæmu í stað þeirra. Frv. þetta gerir heldur ekki annað en ákveða laun háseta. Það segir ekki fyrir um, hve margir þeir skuli vera. Þó enginn háseti væri tekinn, er frv. ekki til neinnar fyrirstöðu. Það færi þá um þessar stöður eins og önnur embætti, sem ákveðin eru laun eftir launalögum. Ef enginn er skipaður til að starfrækja þau, koma engin laun til greina. Það er því alger misskilningur hjá hv. 1. landsk., að þetta frv. komi á nokkurn hátt í bága við þá tilhögun, sem hann virðist hugsa sjer. Þessa misskilnings kennir greinilega í nál. Það byrjar með því að segja, að frv. geri ráð fyrir að skapa 40—50 föst embætti. Hvað segir frv. um það? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Um yfirmenn skipa eru áður ákvæði í lögum. Hjer er ekki annað gert en að ákveða laun þeirra. Með þessum lögum eru engar stöður búnar til.

Þá er mikið talað um það í þessu nál., að verið sje að festa starfsmenn um of með þessum launalögum. Það er talað um æfilanga ráðningu. Það stendur nú lítið í þessu frv. um ráðningartímann. En ef hv. 1. landsk. lítur í frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim, getur hann sjeð, að þar eru mjög ströng ákvæði um, að víkja megi þeim skipverjum frá starfi, sem á nokkurn hátt gerast brotlegir eða reynast miður hæfir til starfsins. Jeg held, að ekki sje hægt að segja það með sanni, að þessi löggjöf festi skipverjana um of. Enda kemur þessi skoðun hv. 1. landsk. fremur illa heim við skoðun hv. 5. landsk. (JBald), sem lagði mikla áherslu á, að alt of mikil hætta væri á tíðum mannaskiftum. Jeg held, að sannleikurinn liggi mitt á milli öfga þessara háttv. þm. og hjer sje mjög gætilega og hóflega í sakir farið.

Út í ræðu hv. 1. landsk. ætla jeg að öðru leyti ekki að fara. Hún sýndi þann sálarsjúkleik hans, að geta ekki í þessu máli fremur en öðrum stilt sig um að tala um atriði, sem virðist fylla hug hans, sem sje það, ef opinber starfsmaður neytir víns eða veitir það öðrum. Hann talaði um aðstoðarlæknirinn á Ísafirði, án þess þó að nefna nafn hans. Jeg þekki þann mann og veit, að í öllu borgaralegu lífi stendur hann á miklu hærra siðferðisstigi en hv. 1. landsk. Það eru til fleiri ódygðir en það að bragða vín, þó að hv. 1. landsk. láti sem hann muni ekki eftir því, þegar hann talar um vínhneigð eða vínnautn meðbræðra sinna í þjóðfjelaginu.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er að sumu leyti búið að taka af mjer ómakið að svara þessum tveimur hv. andmælendum frv., og þó einkum andmælum háttv. 1. landsk. (JJ), sem byggjast á því, að hjer mætti spara 30 þús. kr. með því að skylda nemendur stýrimannaskólans til þess að vinna kauplaust á varðskipunum. Við skýringu hæstv. forsrh. (JÞ) mætti bæta því, að þótt launin sjeu ákveðin með lögum, er ekki loku fyrir það skotið, að breyta megi þeim síðar, ef

hv. 1. landsk. eða aðrir sjá sjer fært að flytja stýrimannaskólann um borð í varðskipin. Þetta atriði kæmi þá til athugunar, ef slík fyrirkomulagsbreyting á stýrimannaskólanum þætti tiltækileg. Það er því fjarstæða, að hjer sje verið að binda einhvern hnút, sem ekki sje hægt að leysa. Jeg veit ekki, hve oft síðan jeg kom á þing hv. 1. landsk. hefir vitnað hjer í orð tveggja útgerðarmanna úr Íhaldsflokknum, um það, að loftskeytatæki væru sett í togarana til þess að hægra væri að stjórna þeim við landhelgisveiðar. En auk þess hefir hann ótal sinnum mint á það í blaði sínu, svo að jeg hefði munað það, þó að hann hefði ekki endurtekið það hjer nú. Það skiftir nú raunar ekki miklu, hvort það eru íhaldsmenn eða framsóknarmenn eða jafnaðarmenn, sem segja eitt eða annað í þessa átt. En það má víst benda á margt annað gagnlegt, sem af loftskeytatækjunum leiðir, en það, að þau hjálpi togurunum til að veiða í landhelgi, þó að jeg fullyrði ekkert um nema einhver kunni að nota þau í því skyni. Jeg hefi aldrei verið við stjórn togaraútgerðar riðinn og hygg, að við sjeum báðir jafnókunnugir á því sviði, hv. 1. landsk. og jeg. En loftskeytin hafa oft komið að gagni þeim, sem enga togara eiga. Það hefir þráfaldlega verið hægt að ná í togara til að bjarga bátum aðeins af því að þeir höfðu loftskeytatæki. Í fyrra framkvæmdu togarar úr Reykjavík stórfelda björgun á bátum frá Stokkseyri. Það væri holt fyrir hv. 1. landsk. að hafa slík dæmi í huga, þegar hann er að leggja niður fyrir sjer, að þessi tæki sjeu eingöngu notuð til þess að greiða fyrir veiðum í landhelgi. Þessir háttv. andmælendur mínir (JJ, J-Bald), samherjarnir í þessari háttv. deild, virðast báðir haldnir af óvilja gegn útgerðarmönnum og hættir því jafnan til þess að ala í brjósti tortrygni gagnvart þeim. Það kemur altaf fram, ef mál er rætt, sem snertir útgerðarmenn hjer í Reykjavík eða annarsstaðar á landinu. Mjer finst það mjög óviðeigandi, því að jeg er kunnugur útgerðarmönnum bæði hjer á landi og sumstaðar annarsstaðar í Norðurálfunni og veit nokkuð um það, hvernig þeir koma fram gagnvart þeim, sem hjá þeim vinna. Og það er víst, að íslenskir útgerðarmenn standa síst að baki stjettarbræðrum sínum erlendis í umhyggju fyrir þeim, sem hjá þeim vinna. Og það mun vart dæmi meðal útgerðarmanna hjer nærlendis um jafnmikinn drengskap til að hjálpa meðbræðrum sínum og útgerðarmenn hjer sýndu með togaraleitinni miklu hjer um árið.

Þessi einstaka umhyggja, sem hv. 5. landsk. ber fyrir því, að íslensku varðskipin hremmi helst íslenska togara, held jeg að sje af þeim rótum runnin, að honum sje ósárt um það, þó að þeir fái skell. Hv. þm. sagði, að það væri viðkvæmt mál fyrir mjer, þegar talað væri um skipherrana á varðskipunum. Þetta er rjett hjá þessum hv. þm. Mjer er það altaf viðkvæmt mál, þegar jeg heyri drengskaparmönnum, sem jeg hefi þekt í fleiri ár, hallmælt af óhlutvöndum mönnum, þó aldrei nema þingmenn sjeu. Þetta má hv. þm. hafa eftir mjer.

Hv. 1. landsk. var að tala um ásókn útgerðarmanna og gaf í skyn, að út-

gerðarmenn ásæktu skipherra varðskipanna. Þessu neita jeg harðlega og skora á hv. 1. landsk. að færa sönnur á þetta með ljósum dæmum, ef hann getur, ella standi hann ómerkur þessara orða sinna. Hitt er jeg honum alveg samdóma um, að það sje nauðsynlegt fyrir Ísland og sjálfstæði þess, að enginn blettur falli á starfsemi þessara löggæslumanna okkar á hafinu. En þeir verða aldrei varðveittir frá slíkum tortrygnisgetsökum, sem menn eins og hv. 5. landsk. er altaf með í garð þeirra, hversu vandaðir sem þeir eru.

Skipherrar varðskipanna koma til með að standa undir lögum um varðeimskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim, sem jeg vænti að verði samþykt á þessu þingi. Verður þá stjórnarinnar að hafa eftirlit með því, hvernig þeir standa í stöðu sinni, og álít jeg slíkt eftirlit best komið þar. Og jeg lít svo á, að best sje, að menn þessir sjeu fastráðnir samkvæmt lögum þar að lútandi og hafi aðhald hjá stjórninni, og sje henni ekki trúandi til að sjá fyrir sæmilegu aðhaldi, þá veit jeg ekki, hverjum ætti betur að vera trúandi fyrir því.

Í byrjun ræðu sinnar var háttv. 1. landsk. að tala um, að jeg vildi líða bæði drukna og ónýta embættismenn. Þessu hefi jeg svarað áður. Jeg veit, að í núgildandi lögum eru viðurlög við því að vera drukkinn á almannafæri, og sömuleiðis eru viðurlög við embættisafglöpum; þess vegna skoðaði jeg þetta ölvunarfrumvarp hans eins og hverja aðra árás á einstaka menn. Og jeg vildi síst verða til þess að fá honum og hans nótum það vopn í hendurnar, sem þeir gætu notað til þess að elta með einstöku andstæðinga sína, eins og dæmi eru til með aðstoðarlækninn á Ísafirði. Hann varð fyrir aðkasti þessara manna, en var sýknaður með dómi. Nei, þessum herrum eru síst fáandi í hendur þau vopn, sem þeir geta auðveldlega misbeitt til þess að skaða aðra.

Það er áldrei nema satt, að maður sá, sem var skipherra á Þór um tíma í fyrra, reyndist mjög vel. En að ekki hafi verið forsvaranlegt að láta hann hætta þegar hinn reglulegi skipherra kom, get jeg ekki fallist á. Hann hafði ekki þá sjermentun, sem þessir menn þurfa að hafa. (**JJ**: Sjermentunin er þá til bölvunar, úr því að hinir ná fleiri togurum). Hvað sem háttv. 1. landsk. segir um þessa sjermentun, þá er hún samt nauðsynleg, því að það er óneitanlega varasamt að hafa ósjermentaða menn með vopnuð skip úti á hafi, enda mundu aðrar þjóðir ekki þola okkur til lengdar að hafa varðskipin mönnuð öðruvísi en gerist annarsstaðar.

Þá voru þeir báðir, hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk., að tala um, að þeir álitu það til lítilla bóta fyrir varðskipsformennina, þó að þeir hefðu verið „dátar“ í sjóliði Dana. Þetta hefir kannske átt að vera spaug hjá hv. þm., en þess ber að gæta, að allir yfirmenn hjá þeim þjóðum, sem annars ala upp „dáta“, hvort heldur er í sjóliðinu eða landhernum, hafa verið „dátar“ fyrst. En þessir menn, sem hjer um ræðir, eru meira en „dátar“. Þeir hafa tekið „reserve“-lautinantspróf, en slík próf eru talin nauðsynleg fyrir skipstjóra á vopnuðum varðskipum.

Það vill nú svo vel til, að jeg get

upplýst fyrir hv. 1. og 5. landsk., í hverju þessir menn hafa tekið próf fram yfir venjulega skipstjóra, en jeg verð að nota útlend nöfn yfir þær fræðigreinar, því að jeg þekki ekki íslensk heiti á þeim. Það, sem því þeir hafa lært, er:

1. Teoretisk Artilleri.
2. Aktiv Söminelære.
3. Passiv Söminelære.
4. Elektroteknik.
5. Tjenestekendskab og Rapportstil.
6. Undervandsbaadsvæsen.
7. Flyvevæsen.
8. Sökrigshistorie & Taktik.
9. Retslære.
10. Radiotelegrafi.
11. Militær Uddannelse.
12. Signalering.
13. Legemsövelser.
14. Fartöjsövelser.
15. Orden med skriftlige Arbejder.

Þetta er nú ef til vill ekki þungt á metunum hjá þessum hv. þm., en jeg vildi geta þessa hjer, til þess að það sæist, að hjer er um sjermentun að ræða, er togaraskipstjórar hafa ekki, og skipstjórar okkar á millilandaskipum ekki heldur. Það er því hreinasti misskilningur hjá hv. 5. landsk., að hægt sje að taka óbreytta togaraskipstjóra til þess að fara með þessi skip. Að vísu gætu þeir stýrt þeim eins og hverju öðru skipi, en hinu íslenska ríki myndi ekki lengi haldast það uppi að halda úti varðskipum á þann hátt. Nei, því verður ekki neitað, að það útheimtist fleira til þess að stýra varðskipi en togara.

Þá var hv. 5. landsk. með dylgjur um skipstjórann á Óðni og nefndi Ólafsvík í því sambandi. Það hefir nú gengið svo síðan fyrst að landhelgisgæsla hófst hjer við land, að menn hafa verið misjafnlega ánægðir með hana. En það er einkum síðan Íslendingar byrjuðu sjálfir að hafa gæsluna á hendi, að vissir menn hjer í höfuðstaðnum hlaupa eftir hvaða söguburði sem til fellur, ef með honum er hægt að varpa einhverjum skugga á varðskipsforingjana íslensku.

Jeg get ekki fallist á, að Eimskipafjelagið sjái um útgerð þessara skipa. Jeg verð að telja hyggilegast, að þeim sje stjórnað beint frá stjórnarráðinu, því eins og kunnugt er, má ekkert vitnast um hreyfingar skipanna; er því óheppilegt, að fregnir um þau nái út til almennings.

Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði um skipherrastöðurnar á varðskipunum, að best myndi að gera þær ekki að föstum embættum, vil jeg spyrja hann, hvort hann haldi, að það verði til bóta fyrir landhelgisgæsluna, ef varðskipin skyldu verða látin hætta í bili sökum einhverra örðugleika, að skipstjórarnir færu þá t. d. að fá sjer vinnu á togurunum á milli.

Jeg held, að slíkt mætti ekki koma fyrir, og öruggasta ráðið sje því að fara þá leið, sem farin er í frv.

Jeg man nú ekki eftir fleiru, sem jeg þarf að segja þeim samherjunum í bili, en jeg mun ekki telja eftir mjer að standa upp aftur, ef ástæða gefst til.

Halldór Steinsson: Þó að jeg sje ekki beinlínis mótfallinn frv. þessu, þá verð jeg að segja, að jeg tel það þýðingarlítið. Aðaltilgangurinn með því mun vera sá, að tryggja það, að á skipum þessum sje góð stjórn, svo að landhelgisgæslan fari sem best úr hendi. En jeg fæ ekki sjeð, að úr þeim

göllum, sem á henni hafa verið, verði bætt með frv. þessu.

Jeg get að mörgu leyti tekið undir með háttv. 1. landsk. (JJ), að full ástæða sje til þess að heimta, að landhelgisgæslunni verði komið í betra horf en verið hefir, því eins og hún hefir verið, er ekkert undarlegt, þó að fram komi óánægjuraddir um það, hvernig hún er framkvæmd.

Reynslan hefir orðið sú, að enda þótt þrjú skip hafi átt að annast landhelgisgæsluna, þá hefir hún verið algerlega ónóg. Jeg er ekki þar með að segja, að skipstjórar skipanna hafi ekki gert skyldu sína, heldur hitt, að árangurinn af starfi þeirra hafi ekki nálægt því komið að fullum notum, og sem dæmi þess má geta, að frá því um nýár hefir altaf verið heill floti togara — 20—30 skip — óáreittur á norðanverðum Faxaflóa og sunnarlega á Breiðafirði. Í janúarmánuði mátti heita, að þetta svæði væri gæslulaust. Að vísu voru þá sjerstakar ástæður fyrir hendi með varðskipin. Óðinn var í Kaupmannahöfn til aðgerðar, Fálkinn í lamasessi hjer í Reykjavík og Þór að búa sig út fyrir vertíðina í Vestmannaeyjum. En síðan hafa bæði skipin Fylla og Óðinn skroppið þarna vestur til þess að líta eftir, en enginn sýnilegur árangur hefir orðið af þeirri gæslu, því að ekkert skip hefir verið kært, en það er margsannanlegt, að fjöldi þessara togara hefir verið fyrir innan landhelgislínu á þessum tíma. Það er því ekki að ófyrirsynju, þó að fram komi kröfur um betra eftirlit með landhelgisgæslunni en verið hefir, og jeg leyfi mjer að skora á stjórnina að hafa stöðugt eftirlit með starfsemi varðskipanna, svo að betri árangur verði af gæslunni hjer eftir en hingað til.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson):* Nefndin hefir haft fyrir sjer skrá um, hvað hásetarnir eigi að vera margir á skipunum; þeir eiga að vera 15 talsins. Og með tilliti til annars, sem stjórnin hefir gert, er ekki annað líklegra en að hún ráði fljótlega menn á skipin.

Það var bara yfirskotseiður, sem hæstv. ráðh. (JÞ) sór í þessu máli. Hann sagði, að svo væri ákveðið í frv., að skifta mætti um menn, ef illa reyndust. Það er satt, að hægt er að reka menn frá, eins og til er landsdómur til að dæma brotlega ráðherra. En hversu mikið hafa ekki núverandi ráðherrar gert sig brotlega, t. d. í Krossanesmálinu, án þess að hægt hafi verið að draga þá fyrir landsdóm. Afleiðingin af þessu er sú, að menn vita, að ekkert rjettlæti fæst, af því að sökudólgarnir finna altaf einhver ráð til að komast undan, þar sem vitanlegt er, að Íhaldsflokkurinn stendur sem maður við mann til að bera hver annars byrðar í þeim efnum.

Jeg vil líka benda á það, að ströng ákvæði hefðu lítið að segja, þegar eftirlitið er ekkert og reynsla er fengin um það, að jafnvel dæmdir sökudólgar fá sjerstaka viðurkenningu stjórnarinnar fyrir framferði sitt. Það var angurvær blær á rödd hæstv. ráðh., þegar hann var að tala um þennan lægstlaunaða embættismann landsins, sem ekkert hefir annað að gera en að

---

* Upphaf ræðunnar vantar frá hendi skrifara.

selja lyfseðla út á áfengi og margbúið er að dæma.

Jeg vil svara hv. þm. Vestm. (J-Jós), þar sem hann var að tala um þennan lið, sem heyrir undir hið ljelega eftirlit stjórnarinnar. Hann vildi halda því fram, að nú væri haft strangt eftirlit og aðhald með þeim embættismönnum, sem misbrúka áfengissölu sína. En nú veit hv. þm., að læknirinn á Ísafirði, sem ekkert gerir annað en að selja vín, hefir hlotið sjerstök verðlaun af hæstv. ráðh. Það hefir enginn listamaður eða skáld fengið önnur eins verðlaun og þessi versti sökudólgur fyrir bannlagabrot. Þennan mann hefir ráðherrann viðurkent alveg sjerstaklega. Þetta sýnir, á hvaða menningarstigi ráðherrann sjálfur er. Sýnir, hvaða spilling þjóðin hlýtur af því að hafa slíkan mann fyrir æðsta mann þjóðfjelagsins. Það land, er hefir slíkan mann fyrir ráðherra, hlýtur fyr eða síðar að falla niður í siðferðilega rotnun. Það var eins og kæmi brennivínskrampi í andlit hæstv. ráðh., þegar jeg mintist á aðgerðir hans í þessu máli. Þetta er líka eðlilegt; sök bítur sekan. Dómarinn hjer í bænum, háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), er hjer í deildinni til vitnisburðar um, að hæstv. ráðh. er sjálfur dæmdur vínsmyglari og bannlagabrjótur. Hjá honum fara saman orð og verk.

Jeg býst ekki við því, að jeg hafi með neitt siðferðisvottorð að gera. **(Forsrh. JÞ:** Hv. þm. hefir fengið það hjá þingdeild sinni). Jeg býst heldur ekki við, að það saki mig neitt, þótt hæstv. ráðh. gleðjist yfir því, að hafa fengið flokksmenn sína í þessari deild til þess að gera þau afglöp, sem jafnvel aumasta blað landsins, Morgunblaðið, aðalstuðningsblað stjórnarinnar, fann hvöt hjá sjer til að fordæma. Jeg þarf ekki að sækja siðferðisvottorð til hæstv. ráðh. eða stjórnarinnar. Jeg hefi mína „pappíra" í lagi og þeir þurfa engrar uppáskriftar frá einum nje neinum, síst frá þeim, sem hafa sýnt opinberlega samúð með alræmdum föðurlandssvikara, og það á þann hátt, að líkast var, að um samsekt væri að ræða. Og þótt hæstv. ráðherra segi, að þessi margbrotlegi embættismaður standi hátt í borgaralegu tilliti, þá sýnir það aðeins, á hvaða siðferðisstigi hann sjálfur stendur, hann, sem er fallinn niður fyrir lágmark borgaralegs heiðarleika. En þetta hefir þýðingu að því leyti, hvort telja megi aðstöðuna trygga á öðrum sviðum, hvort sökudólgar fái aðhald hjá stjórninni; þegar sjálfur yfirmaður landsins hefir lýst yfir því, að hann telji dæmdan brotamann siðferðislega góðan og gildan, þá þarf ekki að spyrja að því, hvert aðhaldið væri, ef um aðra tegund afbrotamanna væri að ræða. Eftir þetta þýðir hæstv. ráðh. ekkert að vera að flagga með aðhaldi, því að hann hefir hjer reist sjálfum sjer óbrotgjarnan minnisvarða, þegar um rjettvísi er að ræða. Jeg vil benda hæstv. ráðh. á það, að hann sjálfur er dæmdur við lög landsins, dæmdur af bæjarfógetanum í Reykjavík, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), í nokkur hundruð króna sekt fyrir að reyna að lauma inn áfengi. Hæstv. ráðh. getur því ekki sett sig á háan hest. Hann getur ekki sett sig yfir lækninn á Ísafirði, þar sem þeir eru báðir brotamenn. Jeg

býst því ekki við að fá neina tryggingu fyrir því, að rjettlætinu sje fullnægt meðan núverandi stjórn situr við völd.

Ef meira hefði þurft með en þetta, þá hefir hæstv. ráðh. vitnisburð flokksmanns síns (HSteins) um það, hvernig eftirlitið er nú. Og þegar það er ekki betra hjá þessu sjerstaka íhaldshreiðri, þá má nærri geta, hvernig það er annarsstaðar. Hv. þm. Vestm. (JJós) sagðist svo oft hafa heyrt mig vitna í orð tveggja íhaldsmanna, að hann þyrfti ekki að heyra það oftar. En hann linaðist ennþá meir, þegar hann heyrði að nýju vitnisburð þessara flokksmanna sinna. Og svo bættist við 3. vitnisburðurinn frá hv. þm. Snæf. (HSteins) um það, hvernig íslensku togararnir væru verstir allra togara með landhelgisbrot. Hv. þm. Snæf. dregur enga dul á það og bætir því við, að þessi brot sje hægt að sanna með vitnaleiðslum manna úr landi og eins manna á togurunum. Það er því gagnslaust fyrir hv. þm. Vestm. að fara í kringum það, að hv. þm. Barð. (HK) hefir borið íslensku skipstjórana þyngstum dómi allra manna, og ennfremur að Ágúst Flygenring hafi sagt, að loftskeytatækin hafi verið sett í togarana til þess fyrst og fremst að stjórna lögbrotunum úr landi. Hv. þm. sagði þau vera notuð til annars, en gat þó ekki afsannað dóm Flygenrings.

Jeg hefi þannig bent á 3 íhaldsvitni í þessu máli, og það síðasta, hv. þm. Snæf., hefir sagt til litar nú í dag hjer í deildinni um það, hvernig lögbrotin eru framin rjett við nefið á íhaldsstjórninni, sem hefir sagt, að hún bæri málið sjerstaklega fyrir brjósti. Hv. þm. hefir misskilið, að jeg hafi talað um ofsókn. Jeg talaði um ásókn á skipstjóra sína og held mjer að dómi Ágústs Flygenrings, og þar sem Kveldúlfur vildi ekki segja upp skipstjóra sínum fyrir landhelgisbrotið, af því að maðurinn veiddi vel, þá tek jeg það svo, að samviskan hafi slegið framkvæmdarstjórana sem brotlega sjálfa. Og þá er erfitt fyrir dómarana að vera óháðir og því liggja sumir þeirra undir þeim grun, að þeir skoði sig eingöngu í þjónustu flokksins, sem þeir tilheyra, en ekki í þjónustu rjettlætisins. En þetta má aldrei koma fyrir með skipstjórana á þessum skipum. Jeg hefi lýst því dæmi, er stjórnin verðlaunaði mann fyrir sýnilegt lögbrot. En hv. þm. Vestm. sagði, að ekki væri hægt að beita ofsóknum gegn ölvuðum mönnum. Sekur togaraskipstjóri, er flýr, heldur, að það sje ofsókn, þegar hann er eltur. Þegar þjófurinn, sem sent hefir kjötið til Vestmannaeyja, er eltur, þá er jeg viss um, að hann kallar það ofsókn. En hvernig er nú hægt að gera mun á rjettlætinu og því, sem þjófurinn kallar ofsókn? Kallar þá hv. þm. það ofsókn, þótt fullur læknir, sem ekki getur bundið um beinbrot í heilt dægur, sje settur frá embætti? Nei, jeg veit, að hv. þm. hefir verið skipað að greiða atkv. svona af mönnum, sem eru undir áhrifum víns. Það er því ekki að tala um aðhald með þeim seku, eins marga málsvara eins og þeir eiga í þessari hv. deild.

Það var undarlegt, þegar hv. þm. Vestm. kom að því, að það hefði verið duglegur maður, sem var bráðabirgða-

skipstjóri á Þór. Hv. þm. sagði, að hann hefði ekki haft næga mentun. En hann hafði þá mentun, sem kom fram í verkunum. Jeg skal játa, að jeg ber ekki mikla virðingu fyrir þeirri sjermentun, sem kemur fram í því að gera verkin seint og illa.

Annars hefir víst engin skýring komið frá stjórninni á því ósamræmi, sem kemur fram í þessu frv. og í frv. stjórnarinnar í Nd., sem nálega eyðileggur alla sjermentun skipstjórnarmanna.

Nú vil jeg spyrja hv. þm. Vestm. að því, hvort hann hafi ekki heyrt því fleygt, að einn af þessum sjermentuðu mönnum hafi mist íslenskan togara við Dyrhólaey, vegna þess, að hann gerði svo skakkar og ónákvæmar mælingar. Hann hafi ekki, vegna skorts á sjermentun, gert nema nokkurn hluta af mælingunum. Þegar svo málið hafi verið rannsakað, hafi hann reynst sekur. Er ekki eitthvað til í þessu? Ef svo er, þá er það átakanlegur vottur um skort á sjermentun þessara manna, ef þeir missa togara vegna þess skorts á algengri starfsþekkingu.

Jeg hefi skrifað hjá mjer, að hv. þm. Vestm. vill hafa yfirstjórn þessara mála í stjórnarráðinu. En jeg hefi nú upplýst það, að hæstv. forsrh. (JÞ) hefir ekki ofgnægð af siðferði. Jeg tel rjettara, að þessi mál væru falin Eimskipafjelaginu. Jeg skal benda á annað. Til að mynda sjer skoðun um ástandið í stjórnarráðinu, vil jeg benda á það, að í ráðherratíð Björns Jónssonar var flestalt starfsliðið þar á móti honum, og það svo mjög, að hann gat ekki treyst meira á trúnað þess en svo, að hin meira áríðandi skjöl ljet hann gera úti í bæ. Vera má nú, að stjórnarráðið hafi skift um ham til betra síðan. Jeg býst nú við því, að eftirlitið í þessum málum verði í stjórnarráðinu, en fulla tryggingu hefir maður ekki. Það, sem einu sinni hefir komið fyrir, getur komið fyrir aftur.

Þetta dæmi frá stjórnartíð Björns Jónssonar, ræða hv. þm. Snæf. (H-Steins) og það, sem hv. 5. landsk. sagði í dag, sýnir, hversu erfitt er að framkvæma rjettlætið í landinu. En yfir tekur þó, er æðsti maður landsins lýsir yfir því, að hann hafi samúð með ranglætinu og lögbrotunum.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg átti víst eitthvað ótalað við hv. frsm. meiri hl. (JJós). Hann var dálítið harðorður í ræðu sinni, því að það er svo, að ef farið er að finna að við varðskipin, þá er hv. þm. óðara rokinn upp, og stundum óþarflega hvast. Hann breiddi sig ákaflega út yfir þann drengskap, er skipstjórar á varðskipunum sýndu, og það fer víst enginn að bera á móti því, að svo kunni að vera. En gallar eru á landhelgisgæslunni fyrir því, hversu miklir drengskaparmenn sem þessir skipstjórar eru sagðir vera. Það er með þennan drengskap, sem menn eru altaf að skjóta sjer undir og bera fyrir sig, eins og þegar þeir, sem stela, segja: grípið þjófinn. Það er engu líkara en eitthvað sje óhrein mjölognin í pokahorninu hjá þeim, er þannig hrópa. Jeg get vel ímyndað mjer, að

það sje rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að yfirstjórn skipanna hljóti að vera í stjórnarráðinu, en afgreiðsla skipanna gæti eigi að síður verið t. d. hjá Eimskipafjelagi Íslands. Hv. þm. sagði, að gera þyrfti ýmsar ráðstafanir, t. d. útvega kol o. s. frv. handa skipunum, en það þyrfti vitanlega ekki síður, þó að yfirstjórn þeirra væri í stjórnarráðinu. Annars var mjer að detta í hug, að það mundi vera hentugra, að skipunum stjórnuðu viss hjeruð heldur en pólitísk stjórn, sem hefir togaraeigendur fyrir yfirstjórn. Með því fyrirkomulagi skilst mjer, að það væri tryggara, að skipin væru látin líta eftir á þeim stöðum, sem nauðsynlegast væri. Þau mundu þá fremur verða send vestur í Jökuldjúp heldur en austur á Seyðisfjörð. Hæstv. stjórn hefir ekki farist svo vel í landhelgismálinu; það er t. d. kunnugt, að þegar hún ljet byggja Óðinn, reyndist hann alveg ómögulegur, þegar hann kom heim. Það hefir ekki verið sýnt fram á, að kostnaðurinn við afgreiðslu skipanna væri neitt minni í stjórnarráðinu en hann mundi vera annarsstaðar. Hvað fær skrifstofustjórinn í 1. skrifstofu stjórnarráðsins fyrir að annast um skipin? Það er kunnugt, að svona bitlingum er ausið út til ýmissa, t. d. vita menn, að einn úr stjórnarráðinu er endurskoðandi áfengisverslunarinnar og fær stórfje fyrir. Hv. þm. Vestm. sagði, að stýrimenn á þessum skipum þyrftu að hafa herforingjamentun. (**JJós:** Það sagði jeg aldrei). Undirrótin til þess, að gera á þessa menn að föstum starfsmönnum með óhóflegum launum handa foringjunum er auðsæ. Íhaldið fer ekki dult með, hvað fyrir því vakir, nefnilega að geta beitt fyrir sig þessu liði, þegar á þarf að halda. Hv. þm. Vestm. er altaf að tala um þennan drengskap. Mjer datt í hug, þegar jeg var að lesa blað, sem gefið er út í Vestmannaeyjum, hvað drengskapurinn er þar á háu stigi. Blaðið er að tala um andstæðinga sína, og eins og í öllum íhaldsblöðum, er þar verið að skamma eitt bæjarfjelag, nefnilega Ísafjörð, af því að þar er Alþýðuflokkurinn í meiri hluta, og þess vegna er honum kent um ástandið og hann talinn hafa komið bænum á höfuðið. En þessi blöð þegja yfir því, sem er hin raunverulega orsök þessa ástands. Þau minnast heldur ekki á aðra staði, t. d. Bíldudal og Þingeyri, þar sem svipað er ástatt. Hvað er svo það, sem hefir skeð? Atvinnurekendur hafa hætt rekstrinum og komið bæjarfjelaginu í vandræði vegna atvinnuleysis. Þetta eru sjálfskaparvíti þeirra, sem með atvinnureksturinn fara. Af því að háttv. þm. (JJós) er svo hátíðlegur, er rjett að lofa honum að heyra, hvað hans eigið blað segir um þetta. (**JJós:** Þm. veit vel, að jeg á ekkert blað í Vestmannaeyjum). Þetta blað hefir stutt hann til kosninga og hann hefir skrifað í það. Blaðið segir þar meðal annars um andstæðingablað sitt (Eyjablaðið):

„Það svívirðir landsstjórnina, dómstólana og rjettarfarið. Það ræðst á bankana og reynir til að veikja þá með rógi og níði. Með því og á annan hátt reynir það að brjóta atvinnuvegina. Það vill rugla heilann, tappa blóðið út úr hjartanu og brjóta beinin og þykist með því ætla að vinna

gagn vöðvunum, — verkamönnum og sjómönnum.“

Hv. þm. (JJós) vill ekki kannast við þetta, og er þá best að fara í hans eigin grein í sama blaði og sjá, hvað drengskapurinn er þar á háu stigi. Þar segir hv. þm. meðal annars:

„— Á Ísafirði hafa afleiðingar niðurrifsstefnunnar, samfara erfiðu árferði, best komið í ljós. Þar hafa flokksbræður Eyjablaðsritstjóranna árum saman alið á æsingum og stjettahatri. Nú liggur útgerðin þar í kalda koli, atvinnuleysi fyrirsjáanlegt og sjómenn heita í vandræðum sínum á hið opinbera til hjálpar. Ekki þarf Íhaldsstjórn um að kenna þar. Nei, þar hafa jafnaðarmenn lengi haft meiri hluta í bæjarstjórn og notað hann sleitulaust til að ráða þar lögum og lofum —“. Þetta finst mjer vera ódrengskapur, því að ástæðan til atvinnuleysisins á Ísafirði liggur hjá flokksmönnum hv. þm. Vestm., en ekki hjá jafnaðarmönnum á Ísafirði, og hv. þm. (JJós) veit það ofurvel.

Það er vitanlegt, að hneyksli hafa átt sjer stað í landhelgisgæslunni, bæði þegar togarinn var látinn sleppa á Akureyri, og annað gerðist undir söndunum hjer um árið, og fleira hefir komið fyrir, sem sýnir, að þetta er ekki heilbrigð gæsla. Við Snæfellsnes er fullyrt, að togarar hafi ekki verið annarsstaðar en í landhelgi nú fyrir skemstu. Einn togaraskipstjóri var grátklökkur yfir því, að fjelag hans hefði ekki ráð á að „risikera“ 30 þús. kr. í sektir, ef illa tækist til, svo að hann varð að flakka hingað og þangað. Og hvers vegna er þetta nú? Auðvitað af því, að varðskipið var ekki á þessum slóðum meðan fiskigangan er þarna vestur frá. Þetta er í leikmanna augum svo einfalt mál, að hæstv. stjórn ætti að geta skilið það.

Jeg á eftir eina ræðu enn, ef tilefni gæfist til frekari athugasemda, og get því látið staðar numið að sinni.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg veit ekki, að hvorum fóstbræðranna jeg á að snúa mjer fyrst, hv. 1. landsk. (JJ) eða hv. 5. landsk. (J-Bald). En af því að það verður styttra, sem jeg þarf að tala við hv. 1. landsk., þá ætla jeg að snúa mjer fyrst að honum. Hann fór, eins og hann er vanur, úr einu í annað. Maður, sem var hjer í deildinni í 15 mínútur meðan hv. þm. var að tala, hafði ekki hugmynd um það, hvaða mál hann var að tala um. Hv. þm. (JJ) var að tala um drykkjuskap, en jeg held, að það sje ekki sprottið af sönnum bindindisáhuga, heldur af löngun til þess að hella sjer út yfir einstaka menn hjer í þinghelginni og nota sjer þetta sem vopn á hendur andstæðingum sínum. (JJ: Já, ef þeir væru fullir). Hann sagði áðan, að tveir templarar hefðu fengið hann til þess að flytja þetta drykkjuskaparfrumvarp. En jeg held, að þessir templarar hafi ekki verið hepnir í valinu. Þeir hafa sniðgengið sína fjelaga og fengið málið í hendur manni, sem notaði það til ásakana og aurausturs á hendur einstökum mönnum.

Þá gat háttv. þm. (JJ) um ræðu hv. þm. Snæf. (HSteins) og sagði, að hann hefði verið mjög óánægður með landhelgisgæsluna, en mjer fanst hann um leið gefa skýringu á því, hvernig á því hefði staðið á þessu tímabili, en hún var sú, að Islands

Falk var í lamasessi og Óðinn úti í Kaupmannahöfn og mig minnir, að hann segði, að Þór hefði verið upptekinn einhversstaðar annarsstaðar.

Háttv. 5. landsk. sagði, að skipin hefðu verið á flakki á þeim tíma, sem ónóg gæsla var við Ólafsvík. En þess verða menn að gæta, að það er ekki altaf sjálfsagt, að það sje varðskipunum að kenna, þó einhverju sje ábótavant. Jeg vil ekki saka þá um slóðaskap, varðskipsforingjana, hvort heldur þeir eru innlendir eða útlendir, nema ástæða sje til þess. Háttv. 5. landsk. sagði, að jeg væri á verði fyrir varðskipin. Já, jeg er þannig á verði, að jeg vil láta foringjana njóta sannmælis. Ef ráðist er ómaklega á þessa menn, sem jeg þekki að mjög góðu, þá tek jeg svari þeirra, og jeg get fullvissað hv. þm. um það, að hvenær sem hann ræðst þannig á saklausa menn, sem jeg þekki, og jeg má mál hans heyra, mun jeg taka svari þeirra. Háttv. þm. hefir ekki svarað þeirri höfuðsök, sem jeg bar á hann, að óvild hans til útgerðarmanna væri ástæðan fyrir framkomu hans í þessu máli, eins og raunar fleirum. Háttv. þm. bar það fram, að íhaldsútgerðarmenn hefðu valdið því, að smíði Óðins tókst svo illa. En dettur hv. þm. í hug, að nokkur trúi annari eins fjarstæðu og þessu? Nei, jeg veit, að honum er ekki alvara. En þessi nýja aðdróttun og getsök í garð útgerðarmanna sýnir greinilega, ef nokkuð hefði skort á það áður, hver hugur hans er til þessara manna, sem hafa stórfeldasta atvinnuveg þjóðar vorrar með höndum. Mannanna, sem stjórna útgerðinni og veita atvinnu fjölda verkamanna og sjómanna, sem hann þykist bera fyrir brjósti. Annars er ekki neitt sagt með því, að gallar sjeu á landhelgisgæslunni, því hvenær er ekki hægt að finna galla, þegar altaf eru rógtungur á ferðinni, sem rægja alt og gefa saklausum mönnum sökina. (JBald: Eins og Eyjablaðið!). Jeg sje það á öllum eyktamörkum, að það er nauðsynlegt að vera á verði, ef landhelgisgæslan verður framvegis ásótt með getsökum eins og við umr. um þetta mál. Það er einkennilegt, þegar allir eru sammála um það, að landið hafi sín eigin skip til landhelgisgæslu, að þessir hv. þm. skuli nú snúast öfugir við viðleitni hæstv. stjórnar til þess að koma skipulagi á þessi mál.

Það hefir víst ekki verið í ógáti, að hv. 5. landsk. tók undir það með mjer, að rjett væri, að ríkisstjórnin hefði yfirumsjón varðskipanna. Það er auðvitað góðra gjalda vert, að hann skuli samþykkja þetta. En aðrar bollaleggingar hans um stjórn skipanna voru svo broslegar, að jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að skemta hv. deild með því að rekja þær hjer. Hann talaði um, að óheppilegt væri, að skipin stæðu undir pólitískri stjórn, og til þess að losna við pólitíkina leist honum best á, að yfirmenn skipanna væru kosnir. Það á svo sem ekki að meta mennina eftir lærdómi eða þekkingu, heldur á að velja þá með kosningu, til þess að losna við pólitísk áhrif! Mjer finst næsta tilfinnanlegt, að það skuli vera landskjörinn þingmaður, sem heldur fram slíkri dómadagsvitleysu.

Það er óþarfi fyrir mig að minnast á þetta blað, sem háttv. þm. (JBald) var að tala um. Það er öllum í þessari háttv. deild vitanlegt, að jeg á

ekkert blað, hvorki hjer nje annarsstaðar. En jeg get mint á blað, sem nákomið er þessum háttv. þm. og hann ræður víst miklu um, hvað í stendur. En þetta blað hans er, að jeg held, hið eina af íslenskum blöðum, sem aldrei hefir lagt björgunarskipsmálinu lið sitt, en það mál varð þó til þess að hrinda áleiðis landhelgisvarnamálinu yfirleitt. Hv. 5. landsk. getur kannske upplýst, að hann hafi skrifað greinar málinu til stuðnings, en þær hafa þá víst ekki birst í því blaði.

Hv. þm. bar enn á móti því, að skipstjórar varðskipanna þyrftu sjermentun til starfsins. Ef hann trúir mjer ekki, verður hann að snúa sjer til einhverra annara manna, sem hann trúir betur, innlendra eða útlendra, og spyrja þá, hvaða þekkingu og sjermentun þeir menn verði að hafa, sem taka að sjer að stýra vopnuðum varðskipum. Hann heldur, að togaraskipstjórar geti tekið þessi störf að sjer. Jeg held, að þeir geti það ekki nema afla sjer þeirrar sjermentunar, sem varðskipsforingjar verða að hafa. Það þarf engan veginn að gera lítið úr þeirri sjermentun. Þótt jeg nefndi hana með útlendu nafni hjer áður við umr. um þetta mál, skal jeg reyna þegar tóm gefst að skýra hvert sjerstakt atriði fyrir þessum hv. þm. (J. Bald). Jeg tel þarfleysu að tefja umræðurnar hjer með slíkum skýringum, sem hann einn virðist þurfa að fá.

Að síðustu skaust það upp hjá hv. þm., að ein af aðalástæðunum fyrir óvild hans til varðskipanna er sú, að honum þykir þar of mikið lögreglusnið á vera. Þegar ísl. ríkið tekur að sjer strandvarnir og siglir skipum sínum undir íslenskum fána, vill háttv. þm. ekki, að á því sje svipað snið og tíðkast hjá öðrum mentuðum þjóðum, af ótta við það, að þessu lögregluliði kunni að verða beitt gegn landsmönnum sjálfum. Það var ekki laust við ugg í Alþýðublaðinu út af þessu í vetur, enda þarf stundum minna til en vopnað varðskip til þess að flokksbræður hv. 5. landsk. sjái í því hættu fyrir „stríðið" á hafnarbakkanum. Jeg vissi til þess á einum stað á landinu, að þeir voru hræddir við stofnun skátafjelags, af því að þeir hjeldu, að þar væri einhver vísir til ríkislögreglu. Það er einhver tegund af móðursýki í hv. 5. landsk., sem veldur því, að hann má ekki heyra lögreglu nefnda. Hann er víst hræddur um, að þessu lögregluliði á sjónum kunni að verða skotið upp á hafnarbakkann einhverntíma, þegar hann stikar þangað úr þinghúsinu til þess að stöðva vinnu, og er ekkert sjerlega glaður við þá tilhugsun.

Það hefir verið reynt mikið til þess að þyrla upp ryki út af þessu sjálfsagða frv. og vekja ástæðulausa tortryggni. Til merkis um óheilindi hv. 5. landsk. í málinu má benda á það, að hann fárast yfir því, að laun sumra skipverja sjeu sett alt of lág, en virðir þó að engu þá till. meiri hl. nefndarinnar, sem fer í þá átt að bæta úr þessu. Það, sem þessum hv. þm. gengur til að vilja ekki hafa ákvæði um föst laun á varðskipunum, er nú víst í raun og veru það, að honum þykir ilt að missa þessa menn undan krúnunni næst þegar hann reynir að gerast verkfallskóngur.

Jeg sje nú ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Jeg get fullyrt, að tortryggni háttv. 5. landsk. og

aðdróttanir í garð yfirmanna varðskipanna hafa við engin rök að styðjast. Jeg þekki þessa menn miklu betur en hann og get fyllilega um þetta borið. Þó hægt kunni að vera að benda á einhverjar misfellur í starfinu, geta þær vel verið sprottnar af alveg óviðráðanlegum ástæðum. Jeg veit ekki, við hvaða störf háttv. 5. landsk. hefir verið mest riðinn önnur en brauðgerð. En jeg vil spyrja hann, hvort hann hafi aldrei sjeð neinar misfellur á störfum sínum, sem ekki hafi verið gerðar af ráðnum hug, og hvort honum finnist ekki ástæðulítið að gera úlfaþyt út af slíkum misfellum.

Þeir menn, sem hjer hafa orðið fyrir aðkasti hv. 5. landsk., eru drengskaparmenn og skylduræknir. Jeg sje ekki neina ástæðu til að væna þá um, að þeir gæti ekki skyldu sinnar við landhelgisvarnirnar.

Halldór Steinsson: Það er aðeins örstutt athugasemd út af ummælum hv. þm. Vestm. (JJós). Hann hefir misskilið mig í gær, þegar jeg talaði um landhelgisgæsluna á vestanverðum Faxaflóa og á Breiðafirði. Hann hefir skilið mig á þá leið, að jeg væri ánægður með landhelgisgæsluna þar vestur frá eins og hún hefir verið framkvæmd, nema aðeins yfir janúarmánuð. En jeg sagði í gær, að hún hefði verið verst í janúar, því að þá var hún sama sem engin. Varðskip sást ekki nema tvisvar eða þrisvar allan þann tíma. Jeg gat þess jafnframt, að þetta væri ekki með öllu óafsakanlegt að því er janúarmánuð snerti, af því að skipið var forfallað. En því fremur hefði mátt búast við fullkominni gæslu eftir að skipið kom heim. En það er síður en svo, að þessu hafi verið kipt í lag. Eins og jeg gat um í gær, hefir verið heill floti af íslenskum togurum á þessum slóðum. Og þar sem hvergi mun vera önnur eins aðsókn af togurum í landhelgi, nema ef til vill við Vestmannaeyjar, þá gegnir furðu, að ekki skuli vera haft varðskip að staðaldri á þessum slóðum, þegar ágangurinn er sem mestur. Það mætti gera kröfu til, að það kæmi þarna daglega, en það er nú eitthvað annað en svo sje. Það hefir aðeins skroppið vestur án þess að hafa hendur í hári nokkurs togara. Mjer dettur ekki í hug að kenna um vanrækslu skipstjóra, þegar hann fór á vettvang, en gæslan hefir bara verið algerlega ónóg.

Jeg get svo endað með sömu orðum og áður, með því að beina þeirri kröfu til stjórnarinnar, að hún sjái um, að landhelgisgæslunni á þessum slóðum verði komið í betra horf framvegis en hún hingað til hefir verið.

Magnús Kristjánsson: Jeg ætla að leyfa mjer með örfáum orðum að gera grein fyrir, hvernig jeg lít á þetta mál. Jeg álít, að enn sje varla kominn tími til þess að fara að skipa þessu með lögum. Við erum komnir mjög skamt á veg í þessu efni og jeg lít svo á, að á næstu árum verðum við að bæta við a. m. k. 2 varðskipum. Jeg álít, að ekki sje hægt að komast af með færri en 4 varðskip, ef landhelgisgæslan á að vera í nokkru lagi, og ef vel væri, þyrftu þau að vera 5. Það veitir ekki af einu skipi til vara meðan hin fara í þurkví, eins og þau munu verða að gera einu sinni á ári til eftirlits og hirðingar. Þegar skipin

væru orðin 5, held jeg, að frekar ætti við að fara að skipa þessum málum til fullnustu.

Að því er snertir yfirumsjón skipanna, held jeg að best færi á, að algerlega sjerstakur maður hefði það starf á hendi, auðvitað undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Það þarf að vera maður, sem sje starfinu fullkomlega vaxinn og fær um að hafa á hendi alt eftirlit, sem þetta snertir. Mjer finst, að þessum manni ætti ekki að vera ofvaxið að sjá skipunum fyrir nægum mannafla á hvaða tíma sem væri, þótt skipverjar væru ekki gerðir að föstum starfsmönnum ríkisins.

Jeg held, að það þoli a. m. k. bið að skipa þessum málum, og mun því ekki greiða frv. atkv. Mjer finst, að það geti orðið nokkuð þunglamalegt fyrirkomulag að gera alla þessa menn að föstum starfsmönnum ríkisins. Jeg get ímyndað mjer, að mannaskifti verði nokkuð tíð á skipunum og ekki líklegt, að menn ílengist þar, enda ekki nauðsynlegt. Jeg þarf að skoða betur huga minn um þetta mál, áður en jeg get fallist á þetta fyrirkomulag. Jeg vona, að hv. deild sje ljóst, hvað fyrir mjer vakir. Jeg álít best, þegar skipunum fjölgar, að þau standi undir umsjón alveg sjerstaks gæslumanns, og jeg held, að þá sje nógur tími til að athuga, hvaða fyrirkomulag hentar best að öðru leyti.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki almennilega skilið afstöðu þeirra manna, sem vilja vísa þessu máli frá af þeirri ástæðu, að ekki sje nauðsynlegt, að þingið taki ákvörðun um þessi laun. Sú hugsun liggur þá bak við, að stjórnin skuli ákveða, hvað borgað sje. En jeg segi alveg eins og er, að mjer finst hjer um svo stóra starfsgrein að ræða, að með því sje stjórninni fengið meira vald í hendur en eðlilegt er eftir stjórnarskránni. Eftir þeirri aðgæslu, sem Alþingi er ætlað að hafa á fjárhag ríkisins, getur það ekki skotið sjer undan að taka ákvörðun um, hvað greiða eigi öllum þessum starfsmannafjölda í laun. Það er örðug aðstaða fyrir stjórnina að standa í samningum við stóra starfsmannaflokka um kaup. Aðstaða stjórnarinnar er þar miklu verri en Alþingis. Þegar búið er að ákveða starfslaun með lögum, sýnir reynslan það, að jafnaðarlega fást nýtir menn til starfans, og þykjast þar með ná þeirri tryggingu fyrir framtíð sína, sem þeir álíta að slíkt sje. En ef vitað er, að stjórnin hefir á sínu valdi upphæð kaupsins, má búast við hvíldarlausri ásókn frá starfsmönnunum um að fá bætt kjör sín, og það getur verið erfitt fyrir stjórnina að taka á móti þeim kröfum hvenær sem er. Það er vanþakklátt að standa gegn slíkum kröfum og gæti verið freisting fyrir stjórnina að láta fremur undan þeim heldur en að standa á verði fyrir hagsmuni ríkissjóðs. Hv. 4. landsk. (MK) færði ekki fram aðrar ástæður fyrir því, að hann væri á móti frv., en þær, að það væri nokkuð þunglamalegt að setja þessa menn á föst laun. Jeg er á alveg gagnstæðri skoðun. Jeg get vitnað til launalaganna frá 1919. Jeg er viss um, að þau hafa sparað ríkissjóði útgjöld síðan, sem skifta miljónum. Stjórnin hefir ávalt getað vísað í þau lög og að eftir

þeim yrði að fara. Jeg held, að hollast væri að hafa svo um búið á þessu sviði líka. Það er ekki hægt að neita hinu, að með því að hafa sjerstakan forstöðumann væri altaf hægt að fá fólk, með því að slaka til eftir þeim kröfum, sem fram kæmu. En jeg tel ekki heppilegt fyrir ríkið, að á einu starfssviði sje um meiri tilslakanir að ræða en á öðru. Það skapar óánægju hjá þeim, sem verða að sætta sig við hin lögmæltu laun.

Jeg fer ekki út í þær ræður, sem hjer hafa verið haldnar utan við efni þessara laga. Mjer finst frv. ekki gefa neitt tilefni til þess að ræða um tilhögun strandgæslunnar yfirleitt.

Þessu er þannig fyrir komið, að ráðstafanir um ferðir skipanna, hvar þau halda uppi gæslu, er í höndum skrifstofustjórans í þeirri deild stjórnarráðsins, sem þessi mál heyra undir, og þar er þeim best komið, því að þangað koma allar kvartanir um ágang togaranna; er því best, að fyrirskipanirnar gangi beint þaðan til skipstjóra varðskipanna. Einfaldara og greiðara held jeg, að þessu verði ekki fyrir komið.

Reikningshald fyrir skipin og eftirlit með vjelum þeirra er í höndum skrifstofu þeirrar, sem landið heldur hvort sem er til þess að annast eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, því að svo stendur á, að forstjóri hennar er sjerstaklega vel hæfur til þess að hafa eftirlit með vjelunum. Og þó að dálítið þurfi að greiða skrifstofu þessari, þá er það hverfandi hjá því að hafa sjerstaka skrifstofu til þess að annast þetta.

Það mun nú vera þetta starf, sem talað er um að fela Eimskipafjelaginu. Og ef horfið yrði að því ráði, þá yrði það þó að minsta kosti að leita aðstoðar sjerfræðinga með það, er vjelunum viðkæmi, því að ekki hefir það á að skipa sjerfræðingum á því sviði. Þetta meðal annars gæti orðið til þess, að út frá Eimskipafjelaginu vitnaðist um ferðir og hreyfingar skipanna. (**J. Bald:** Stjórnarráðið er líka lekt). Nei, stjórnarráðið er ekki lekt. Jeg verð því að telja það tæplega forsvaranlegt að láta Eimskipafjelagið hafa umsjón skipanna að þessu leyti, en þetta fyrirkomulag, sem nú er, hefir reynst vel og er kostnaðarlítið; auk þess hefir það þann kost, að hvenær sem þurfa þykir er hægt að breyta þessari tilhögun, án þess að nokkur starfsmaður þurfi að víkja. Jeg held því, að eins og skipastóllinn er nú, þá geti þessi tilhögun vel verið nú fyrst um sinn.

Magnús Kristjánsson: Mjer skildist á hæstv. forsrh. (JÞ), að jeg hefði ekki fært næg rök fram fyrir þeirri tilhögun, sem jeg var að benda á. Þetta má vel vera, en jeg er svo gerður, að jeg vil sem minst tala um það, sem ekki liggur fyrir til umræðu, og því má vera, að jeg hafi verið stuttorðari en skyldi. Aðalástæðan, sem jeg bar fram, var sú, að mjer fyndist þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, ætla að verða nokkuð þungt í vöfunum, og er það út af fyrir sig nokkur ástæða. Þá má og geta þess, að þegar mönnum þessum er ætlað að leggja fje í lífeyrissjóð embættismanna, þá eykur það starf þeirra, sem um hann eiga að sjá,

En það, sem aðallega vakti fyrir

mjer, er, að þar sem það er svo margt, sem stjórnin hefir með höndum í þessum málum, alt sitt úr hverri áttinni, þá gæti það verið heppilegt að færa öll þessi margbrotnu störf í eina heild undir stjórn eins manns, og það því fremur, sem ekki er hægt að ætlast til, að stjórnarráðsskrifstofurnar hafi þeirri sjerþekkingu á að skipa, sem þarf til að leysa öll þessi störf vel af hendi.

Jeg tel því nauðsynlegt, að með þessi mál fari maður, sem hefir sjerþekkingu á þessum hlutum, en jeg get ekki búist við, að stjórnarráðið geti framvegis notið þeirrar sjerþekkingar, sem með þarf, ef það má ekki verja til þess þeim launum, sem nokkur getur sætt sig við. Auk þess, sem búast má við, að kröfurnar um fleiri varðskip verði háværari og háværari, því að enn sem komið er má heita, að landið sje gæslulaust, því að það er vitanlegt, að danska landhelgisgæslan kemur ekki að þeim notum sem skyldi, enda þótt svo hafi viljað til, að danska varðskipið hafi þessa síðustu daga verið venju fremur heppið að rekast á sökudólga, og hlýtur því að draga til þess, að hún hverfi úr sögunni, og tel jeg okkur lítinn baga að því. Jeg álít strandgæsluna sem sje ekki örugga nema með fjórum góðum varðskipum, og þegar svo er komið, verður að álítast nægilegt starf fyrir einn mann að sjá um þau öll, auk þess sem hann þyrfti að annast um öryggi skipa og sjá um, að skipaskrárnar væru í lagi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil benda á, að forstjórn skipanna í landi er nú að mestu leyti eins hagað og háttv. 4. landsk. (MK) taldi æskilegast. Útgerð þeirra annast sami maður og sjer um öryggi skipa og skipaskrárnar.

Háttv. þm. fór ekkert fram á það, að sjálft ákvörðunarvaldið yfir ferðum skipanna væri í höndum þessa manns, enda er það best komið þar, sem það er nú, í höndum skrifstofustjórans í dómsmálaráðuneytinu. En þar sem þessi háttv. þm. taldi æskilegt, að þessum skipastól fjölgaði, þá er það ein ástæðan enn fyrir Alþingi til þess að setja lög þau, sem hjer eru til umræðu, og ákveða þar með laun þessara manna, en fá ekki stjórninni í hendur að ákveða þau í hverju einstöku tilfelli.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir verið skýrt hjer í hv. deild, en jeg geri ráð fyrir, að það eigi eftir að skýrast betur. Hv. frsm, meiri hl. (JJós) og hæstv. forsrh. (JÞ) komu ekkert inn á aðalatriði málsins, en töluðu mest um aukaatriði þess. Jeg ætla mjer að gera að umtalsefni galla þá, sem jeg álít, að á þessu frv. sjeu — og geri það aðallega til þess að halda umr. í fastri rás þar til að atkvgr. kemur.

Við 1. gr. frv. er það að athuga, að laun skipherra í framtíðinni eru ákveðin miklu lægri en laun núverandi skipstjóra. Af þessu leiðir það, að ef skipstjórinn á öðru skipinu fellur frá og 1. stýrimaður á öðruhvoru skipinu tekur við skipstjórn í hans stað, þá kemur hann til með að hafa nálega helmingi lægri laun sem skipstjóri en starfsbróðir hans á hinu skipinu. Skipstjórar þeir, sem nú eru á varðskipunum, hafa nú 1000 kr. á mánuði, eða

12000 kr. á ári, en hinum nýju skipstjórum er ætlað samkv. frv. að hafa 6000 kr. byrjunarlaun á ári. Er því ljóst, að hjer er um hið mesta ranglæti að ræða um launakjör þessara manna. Ef rjett er að láta þá skipstjóra, sem nú eru, hafa þessar 12 þús. kr., þá ætti það alveg eins að vera rjett að greiða hinum nýju skipstjórum þau laun. — Þegar litið er á laun stýrimanna, þá verður ekki annað sagt en að þau sjeu of lág borið saman við laun skipstjóra. Jeg skal geta þess, að í þessum stöðum eru nú 2 mjög duglegir menn, og hefir að minsta kosti annar þeirra getið sjer frægðarorð fyrir dugnað sinn í þessari stöðu. En vegna þess, hve mikill munur er gerður á launakjörum þessara manna og skipstjóranna, þá er hætta á því, að landið missi þessa duglegu menn úr þjónustu sinni. Jeg vildi í þessu sambandi beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvort það máske sje meining hans, að frv. það, sem hjer er um að ræða, eigi að gilda um þessa 2 menn, t. d. þann manninn, sem tók svo marga togara í fyrra, er hann gegndi skipstjórastörfum í forföllum skipstjórans á öðru varðskipinu, eða hvort þeir eigi að halda þeim launum, sem þeir hafa nú. Jeg vil spyrja hæstv. ráðh., hvort skipstjóranum, sem var á Þór í fyrra og sem tók svo marga togara að ólöglegum veiðum, að slíkt hefir ekki verið gert fyr eða síðar, — jeg vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þessum manni hafi verið nokkur sómi sýndur fyrir það afrek sitt, hvort hann hafi verið „krossaður“ eða hafi fengið nokkur heiðurslaun, þó að jeg lýsi því yfir, að jeg legg ekki mikið upp úr slíku. Og jeg vil biðja hæstv. ráðh. að skýra frá því, hve marga tugi þúsunda landið hefir fengið fyrir dugnað þessa manns. Og jeg vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig það lítur út að bera saman þann togarafjölda, sem Fylla hefir tekið og varðskipið Óðinn á jafnlöngum tíma og þessi maður var skipstjóri á Þór. Það er mest hætta á því, að ríkið missi duglegustu mennina, ef þeir eru ekki vel launaðir. Jeg álít það sjálfsagt að greiða vel duglegum mönnum í landsins þjónustu, en lítið þeim, sem óduglegir eru, en hæstv. ráðh. virðist hugsa gagnstætt um málið.

Þá vil jeg minnast á laun háseta og kyndara. Er jeg þar á gagnstæðri skoðun við hv. 5. landsk. (JBald), er heldur því fram, að kaup háseta sje of lágt. Yfirkyndarar hafa eftir frv. að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, og eru það betri launakjör en sveitaprestar njóta eftir 10—12 ára nám. Miðað við þann tilkostnað, sem þessir menn hafa við það að búa sig undir starfið, þá verð jeg að játa það, að hæstv. stjórn hefir verið í fylsta máta rífleg, er hún ákvað þessi laun. Ef prestarnir væru jafnfíknir í há laun og læknarnir sýndu 1919, að þeir voru, þegar þeim með samtökum tókst að pína landið til þess að hækka launin, sem þó voru sæmilega há — og á jeg þar ekki hvað síst við spítalalæknana, sem hafa þreföld ráðherralaun — þá mundi þeim vafalaust takast að bæta kjör sín. Jeg vil leyfa mjer að beina athygli hæstv. landsstjórnar að því, að það að ákveða til frambúðar laun þessara manna nú á þessum tímum hruns alls verðmætis og kaups, og þar

með að festa þessa menn um ófyrirsjáanlegan tíma, — það er hin mesta eyðsla á fje landsins. Nú hefir t. d. húsaleigan hjer í bæ lækkað að miklum mun, en hún hefir hingað til verið stór liður í útgjöldum manna hjer. En þó er nú með frv. þessu verið að festa laun þessara manna — með öðrum orðum að festa eyðsluna. Það er alveg ástæðulaust að láta kyndara hafa jafnhá laun undirbúningslaust eins og menn, sem varið hafa 10—12 árum æfi sinnar til þess eins að undirbúa sig undir starf sitt. Frv. er því óheppilegt að því leyti, sem það bindur launin og ákveður þau hærri en ástæða er til. Auk þess er það misrjetti í frv., að skipstjórar þeir, sem verða kunna í framtíðinni á varðskipunum, skuli verða að búa við langtum lægri launakjör en þeir skipstjórar, sem nú eru, en stýrimönnum er haldið niðri í launum og landinu með því gert erfitt um að halda þeim í þjónustu sinni. Við þetta bætist svo, að það á að svifta mennina, sem á skipunum vinna, þeirri vernd, sem sjólögin veita, með því að ofurselja þá dutlungum yfirmanna sinna.

Þá hefi jeg ekki frá andstæðingum mínum heyrt nein rök gegn því, sem jeg hefi haldið fram, að það væri óhófleg eyðsla að kasta burtu 30 þús. kr. árlega með því að amast við því, að stýrimannaskólanemendur geti verið við verklegt nám á þessum skipum. Aðsókn að stýrimannaskólanum er nú svo mikil, að þó að menn þyrftu að vera 1—1½ ár við verklegt nám, þá myndu þeir sækja hann engu að síður, vegna þess hve launin eru há á eftir. — Það sjer ekki á, að hv. þm. sjeu íhaldssamir um fjárhag landsins, þegar þeir mótmæla dagskrá, sem fer fram á það, að landið spari þennan álitlega skilding. Þegar jeg þannig hefi rifjað upp fyrir hv. þm., hversu ómöguleg afstaða hæstv. stjórnar er til þessa máls, þá vildi jeg minnast á nokkur atriði, sem komu fram í umr.

Jeg mintist á það í gær, er mál þetta var til umræðu, að það væri óheppilegt að binda mennina svo við skipin eins og gert væri með þessu frv., því að þeir gætu sljóvgast í starfrækslu sinni, meðal annars vegna þess að þeir eignuðust vini meðal þeirra, sem þeir væru settir til höfuðs, en að þá væri illmögulegt að setja þá frá nema fyrir því meiri sakir. En að þetta geti komið fyrir, sýnir best það, sem minst hefir verið á hjer í hv. deild, að 20 íslenskir togarar hafa verið að veiðum í landhelgi á einhverju besta hrygningarsvæðinu við landið, án þess að þeir hafi verið teknir, enda þótt varðskipið sæi þá. En úr því að deyfðin er svona mikil nú á meðan mennirnir eru nýir í starfi sínu, — hversu mikil ástæða er ekki til að ætla, að verra verði þegar mennirnir eru farnir að þreytast, t. d. eftir 20 ár eða svo? Annars skal jeg geta þess, að það er yfirleitt ákaflega erfitt að fá embættismenn afsetta hjer á þessu landi, enda þótt þeir hafi brotið margt og mikið í embættisstarfi sínu. En ef yfirmennirnir eru daufir, því nauðsynlegra er það, að undirmennirnir sjeu tápmiklir. Jeg vil taka það fram, að þó að jeg hafi stundum vikið að afbrotum viðvíkjandi ofdrykkju, þá er það ekki af því, að ekki sje hægt að grípa á veikum kýlum hjá embættis-

mönnum á fleiri sviðum. En þetta er oft mest áberandi og auðveldast að sanna, t. d. þegar læknir liggur dauðadrukkinn heima hjá sjer í 12 tíma og getur ekki bundið um beinbrot sjúklings, eða þegar trúnaðarmaður landsins erlendis drekkur frá sjer ráð og rænu, svo að það verður að síðustu að taka hann og leggja inn á spítala. Þessi spilling er meira áberandi en sum önnur missmíði, sem geta þó í sjálfu sjer verið hættulegri. Jeg hefi leitt rök að því, hve misnotkun á áfengi hjá embættismönnum getur verið hættuleg, og borið fram frv., sem átti að afstýra henni, en það ljet hæstv. ráðh. flokksmenn sína drepa. Þetta hefir orðið til þess, að hæstv. ráðh. hefir fengið þá skökku hugmynd, að jeg sjái enga aðra spillingu hjá embættismönnum en áfengisspillinguna. En hún er ekki nema lítill liður spillingarinnar. Spillingin er á svo miklu fleiri sviðum. Með frv. því, sem hjer um ræðir, er verið að auka möguleikana fyrir henni í framtíðinni, með því að búa svo um, að skipunum verði þannig stjórnað, að ekki sje full trygging fyrir því, að landhelginnar verði sem best gætt. Það væri síst glæsilegri saga, ef farið væri að rekja það, hvernig miljónirnar hafa farið, sem ráðlausir menn hafa svindlað burt, og nú er verið að reyna að fylla í skörðin með lántöku á lántöku ofan. Í hinu viðurkenda málgagni stjórnarinnar var í fyrra talað um það sem hreinustu dygð og sjerlega áþreifanlegt dæmi um sanna föðurlandsást, er lagt var til að koma landinu undir erlent vald. Hæsta spilling, sem þekkist í siðferðislegum efnum, kemur fram í einni bók, sem nú er að koma út og mun vera svívirðilegasta bók, sem prentuð hefir verið á Íslandi. En þessari bók er hælt með sterkum orðum í blaði því, sem stjórnin viðurkennir sem málgagn sitt. Þetta mun líklega vera gert eftir skipun, því að það mun vera siður í því blaði að birta fátt nema eftir beinni skipun að ofan. Áfengisspillinguna hefi jeg nefnt hjer sem eitt dæmi, sjerstaklega vegna þess, að núverandi stjórn og blöð hennar hafa lofað svo miklu í bindindismálinu, að sjerstaklega mikils er vænst af henni í því efni.

Þá skal jeg minnast nokkuð á ræðu hv. þm. Vestm. (JJós). Af því að jeg hefi reynt að feta í fótspor hæstv. atvrh. (MG), sem átti verulegan þátt í að koma fram frv. um drukna bílstjóra, með því að láta slík lög ná yfir fleiri starfsmenn, þá segir hv. þm., að þetta geri jeg til þess að geta kastað aur á vissa menn, hella mjer yfir þá og koma með aðdróttanir í þeirra garð. Menn skyldu ætla, að jeg hefði farið fram á, að saklausir menn skyldu lagðir í einelti. Nei, mitt frv. náði aðeins til hinna seku, og það var ekki hart í sakirnar farið. Sekt við fyrsta brot, svo aðvörun, síðan embættismissir. En það er eins og þessir afbrotamenn eigi heilan hóp forsvarsmanna, þegar talað er um að hegna þeim fyrir afbrot þeirra. En það er nú vafasöm rjettlætistilfinning að mæla þá seku undan sekt sinni. Þá sagði þessi hv. þm., að það væri undarlegt, að gengið skyldi framhjá templurum að bera þetta frv. fram, ef templarar stæðu að því. Víst er það undarlegt, — en hefir hv. þm. orðið var við, að hinn marglofaði, landskjörni útvörður áfengisvarnanna hjer í deildinni hafi gert

mikið í þessum málum? Hann verður aflvana, ef hann á að mæla fyrir frv., sem hann flytur sjálfur, eða bera fram frv. annara. Íhaldsmaður einn hjer í bæ sagði mjer, að hann hefði ekki getað sofið í tvær nætur fyrir fylliríi á götum úti. En það hefir nú viljað svo til, að menn, sem hafa átt að berjast gegn þessu, hafa ekkert aðhafst, en ef aðrir leyfa sjer að gera eitthvað, þá er vaðið upp á þá með vonsku og hörðum orðum, eins og þeir væru afbrotamenn. En það kátlegasta er að athuga hin stóru loforð stjórnarflokksins fyrir kosningarnar. Íhaldsflokkurinn hefir barið sjer á brjóst og sagt, að ef þessi eða þessi maður yrði kosinn, hvort sem það nú var hv. 2. þm. Rang. (EJ) eða einhver annar slíkur, þá mundi alt verða í besta lagi með áfengisvarnirnar. En það hefir orðið minna úr efndunum, og ef aðrir gera eitthvað, þá fá þeir skömm í hattinn. Jeg hefi með þessu viljað sýna, að við megum ekki styðja að sama sljóleika og aðgerðarleysi með útgerð varðskipanna. Jeg var kominn á þing á undan hv. þm. Vestm., þó það að vísu muni ekki miklu, og studdi þá Vestmannaeyinga í baráttu sinni fyrir landhelgisvörnunum, meðan núverandi venslamenn hv. þm. gerðu þór alt til bölvunar, sem þeir gátu. Jeg get því ekki tekið með neinu lítillæti aðfinslum hv. þm. út af því, að mjer sje ekki eins ant um það og honum, að strandgæslan sje í lagi.

Jeg spurði hv. þm. um eitt ákveðið dæmi í gær, en hann svaraði því ekki. Nú vil jeg endurtaka þá spurningu mína, hvort hv. þm. muni ekki eftir því, að það hafi komið fyrir annan þessara duglegu skipstjóra meðan hann var á þór, að honum hafi mistekist mæling einhversstaðar í nánd við Dyrhólaey, og einn íslenskur togari hafi sloppið vegna þessarar ófullkomnu mælingar. Jeg hefi þessa sögu frá manni, sem er hátt settur í fiskimannastjettinni. Jeg segi þetta ekki til þess að lasta mann þann, sem þetta henti; jeg held ekki fram, að hann hafi gert þetta viljandi, en get þessa vegna þess, að hv. þm. hjelt fram, að ekki mætti draga í efa þekkingu og kunnáttu þessara manna. En jeg álít, að ekki sje hægt að gera svo mikið upp á milli þekkingar stýrimanna og skipstjóra, fyrst togari slapp úr höndum þessa fulllærða manns vegna ófullkominnar mælingar.

Þá barst talið að smíðinni á Óðni. Nú vil jeg spyrja, hvort það sje álit núverandi stjórnar, sem fram kom í grein í einu íhaldsblaðinu, að alt væri í dýrðlegu ásigkomulagi á Óðni. En í Morgunblaðinu höfum við lesið, að skipið hafði því sem næst farist með allri áhöfn í mynni einnar bestu hafnar á landinu, og þegar skipið fór út til viðgerðar, var almenn hræðsla um það, að það myndi velta á hliðina á leiðinni og sökkva með allri áhöfn. Þegar út kom, kom það í ljós, að skipið var vitlaust teiknað og vitlaust bygt, og það verður að fara í dýra viðgerð, sem tekur marga mánuði, og gat því ekki sint landhelgisgæslu þann tíma. Annars vil jeg hjer gefa hæstv. stjórn tækifæri til þess að skýra frá því, hvers vegna svona tókst til um byggingu þessa skips. Stjórnin hefir ekki leitað til hins fróðasta manns í þessum efnum, framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, áður en hún samdi um bygginguna. Mjer er kunnugt um

það af viðtali við hann áður en skipið var bygt, að hann lagði mikla áherslu á það, að skipið væri með togarasniði bygt. Taldi hann til þess tvær ástæður. Með togaralaginu líktist það skipum þeim, sem það á að gæta að, og gætu þau því síður varað sig á því, og þolir auk þess betur slæman sjó. En í þess stað hefir skipið verið bygt sem eftirstæling af herskipi, eins og því sje ætlað að brjóta borgir og standa í sjóorustum, í stað þess að koma brotlegum togurum í opna skjöldu og taka þá. Saga stjórnarinnar í þessu máli er sorgleg, ef hún væri vandlega rakin. Þegar hún fer að nota landhelgissjóðinn til þess að byggja strandvarnarskip, þá notar hún ekki þekkingu hins reyndasta manns hjer á landi, heldur tekur hún ungan lögfræðing sjer til aðstoðar við samningsgerðina. (**Atvrh. MG:** Hver er það?). Það er maður, sem hæstv. ráðh. þekkir vel. Það er sami maðurinn, sem var á ferð fyrir útvarpsfjelagið í Danmörku í fyrra og sagði við danska blaðamenn: „Vi har meget fine Forbindelser", og vildi þar með gefa í skyn, að hæstv. ráðh. væri hluthafi í útvarpsfjelaginu. Annars mun hæstv. ráðh. geta upplýst, hvort hann hefir leitað ráða til Nielsens; jeg trúi því ekki, að skipið hefði oltið um sjálft sig á Siglufirði, ef svo hefði verið. (**Atvrh. MG:** Jeg bað um hans ráð og fjekk þau!). Jeg vildi helst, að hæstv. ráðh. kæmi með það skriflegt frá Nielsen, að hann hafi verið með í ráðum um þyngdarpunktinn í Óðni. Manni veitir ekki af að hafa slíkan pappír í höndunum, ef maður á að trúa því.

Þá vil jeg vekja eftirtekt á því, að hæstv. ráðh., sem hefir haft vörn þessa máls hjer, hefir ekki viljað skýra frá því, hvað skrifstofustjórinn á 1. skrifstofu hefir í þóknun fyrir að vera yfirráðsmaður skipanna. Þar sem skrifstofustjóri 1. skrifstofu stjórnarráðsins er með hæstlaunuðu embættismönnum landsins og hefir þar að auki bitlinga, og þá suma fyrir litla vinnu, eins og fyrir að vera endurskoðandi áfengisverslunar, þá fyndist mjer, að hann mætti gjarnan fórna þessu aukastarfi á altari föðurlandsins. Og þar sem hæstv. ráðh. skifta nú með sjer hálfum launum hins dána fjelaga þeirra, fyndist mjer, að þeir mættu líka bæta á sig einhverjum störfum. Ef skrifstofustjórinn fengist ekki til að auka þessu við störf sín, þætti mjer því, að hæstv. ráðherrar gætu gert það.

Þótt allir skrifstofumenn í stjórnarráðinu sjeu sjálfsagt árvakrir menn og margir þeirra góðir lögfræðingar, þá efast jeg um, að þeir hafi mikla hugmynd um, hvernig lífið er í Breiðuvík undir Jökli, þegar 20 togarar eru að veiða þar uppi í landsteinum. Jeg efast líka um, að lögfræðingarnir beri mikið skyn á hrygningarstaði þorskfiska eða á líf fátækra sjómanna í landi. Þeir hafa sjálfsagt gott lagavit og geta liðsint hæstv. forsrh. (JÞ) í hans veiku viðleitni að stjórna lögum samkvæmt, en að þeir finni á sjer, hvar hentugast er að hafa varðskipin í þann og þann svipinn, það verð jeg að efast um. Enda hefir nú einn af fylgismönnum hæstv. landsstjórnar veitt henni drjúga ádrepu fyrir að hafa sofið í þessum málum. — Nú vil jeg beina því til hæstv. stjórnar, hvort ekki væri rjett að reyna að finna einhvern þann aðilja, er hefði meir brennandi áhuga fyrir því, að landhelginnar sje

vel gætt, heldur en hið háa stjórnarráð, og fela síðan þeim aðilja að ráða, hvar strandvarnarskipin halda sig á hverjum tíma. Væri Fiskifjelaginu t. d. falið þetta, þá mundi ekki ástandið vera eins og það er við Snæfellsnes, eftir lýsingu hv. þm. Snæf. (HSteins). Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu að fela þeim aðilja umsjá þessara mála, sem besta þekkingu hefir á þeim og sem eingöngu vinnur að málefnum fiskimanna og ber hag þeirra fyrir brjósti. Nú veitir Fiskifjelaginu forstöðu maður, sem lengi hefir verið skipstjóri og hefir miklu betri þekkingu á þessum málum en allir lögfræðingarnir í stjórnarráðinu og margfalt meiri áhuga. Mjer fyndist, að þetta mætti reyna eina vertíð og sjá svo, hvað fólkið segði suður með sjó og vestur á Snæfellsnesi. Hæstv. ráðherra (JÞ) viðurkendi, að þessu mætti vel koma þannig fyrir, af því að það er ekki lögbundið. Einmitt þess vegna má ennþá síður flana út í lagasetningu um þetta, sem gæti orðið til að koma í veg fyrir, að hið heppilegasta skipulag verði tekið upp.

Jeg vil nota þetta tækifæri til að minna á, að einn af stýrimönnum, sem nú eru á varðskipunum, var fyrir fám missirum yfirmaður á vjelbát, sem annaðist strandgæslu fyrir Vestfjörðum. Þá var enskur togaraskipstjóri, sem tók þennan mann og vildi kúga hann til að leyfa togaranum að fara óáreittum úr landhelgi. En bátstjórinn var skyldurækinn og vildi ekki láta undan, svo að togarinn fór með hann til Englands. Maðurinn gerði alt til að koma fram rjetti sínum og landsins, sjálfsagt í því trausti, að hann fengi hjálp hjá íslenskum yfirvöldum. — Þetta mun hafa gerst í tíð núverandi hæstv. stjórnar, og það er sagt, að maðurinn hafi ekki fengið mikið þakklæti á hærri stöðum fyrir dugnað sinn, þegar heim kom. Að vísu varð eitthvert smávegis orðakast út af þessu við Englendinga, en til þess er landsstjórn höfð, að hún haldi á málum Íslendinga, jafnvel á móti stórþjóðum. — Jeg veit, að hjer á Alþingi eru menn, sem geta sannað það, sem jeg hefi sagt um þetta, svo að jeg vil ráða hæstv. forsrh. frá að fara að bera á móti því, að maðurinn hafi fengið lítið þakklæti.

Loks sagði hæstv. forsrh., að nauðsynlegt væri að ákveða laun þessara manna með lögum, af því að Alþingi mætti ekki láta svo stórar fjárupphæðir renna eftirlitslaust gegnum greipar landsstjórnarinnar. Jeg vildi, að hann væri altaf eins umhyggjusamur um vilja Alþingis, t. d. þegar hann er að hugsa um að ganga í stórar ábyrgðir bak við þingið, eða þegar hann er að láta gera við bústað sinn á landssjóðs kostnað. Það væri óskandi, að hann væri altaf eins grandvar í athöfnum sínum eins og hann er nú í orðum.

Jeg þarf nú ekki að segja meira um þetta frv. í bili. Jeg hefi gert skil bæði rökum og rakaleysi hæstv. ráðherra (JÞ) og annara, er hans máli fylgja. Frv. er í stuttu máli beint spor aftur á bak. Þar er gert upp á milli manna, sem engin ástæða er til að gera upp á milli. Þar er stofnað til fjárútláta, sem vel má komast hjá. Stýrimenn eru sviftir þeirri vernd, sem þeir leggja mjög mikið upp úr að

hafa. En það allra versta er, að verði frv. að lögum, má telja fullvíst, að sami svefninn verður áfram um strandgæsluna sem nú var svo átakanlega lýst af hv. þm. Snæf.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil fyrst víkja að ummælum hæstv. forsrh. um yfirstjórn varðskipanna. Rök hans og annara hv. þm. fyrir því, að hún yrði að vera hjá stjórnarráðinu, voru ekki önnur en þau, að annars fengju alt of margir vitneskju um hreyfingar skipanna. Þetta er ekki rjett. Alveg sama vitneskjan meðal skrifstofufólksins er um ferðalag skipanna, hvort sem það er ákveðið í skrifstofu í stjórnarráðinu eða hjá Eimskipafjelagi Íslands. En það er ekki það, sem um er að ræða. Engum hefir til hugar komið að flytja yfirstjórn landhelgisgæslunnar úr stjórnarráðinu, eða að stjórn Eimskipafjelagsins eigi að skipa varðskipunum, hvert þau fari hvern daginn. Nei, jeg legg aðeins til, að Eimskipafjelaginu sje falið að sjá um mannaráðningar og afgreiðslu skipanna. Afgreiðsluna verður altaf að framkvæma, og sú vitneskja, sem þannig berst um það, hvar skipin eru, er nákvæmlega hin sama, hvort stjórnarráðið eða einhver annar hefir umsjón með henni. Þessi mótbára er því einskis virði. Þetta var samt aðalatriðið í ræðu hæstv. forsrh., auk þess sem hann vildi ekki fá stjórninni svo mikil völd í hendur sem að ákveða launagreiðslur til skipverja. Í þessu virðist helst felast það, að hæstv. ráðh. væri svo hræddur um harðan eftirgang frá skipverja hálfu um góð laun, að hann fengi ekki staðist. Jeg verð nú að segja, að það er ekki hundrað í hættunni, þótt skipverjar sjeu ekki drepnir úr sulti, því að ef menn eru ánægðir, þá vinna þeir betur og verður meiri ágóði af starfi þeirra. En eins og nú stendur á, er megn óánægja með kaupið hjá öllum skipverjum nema einum á hvoru skipi, sem teknir hafa verið út úr, þ. e. a. s. skipstjórunum. Þessi óánægja er líka ákaflega skiljanleg. Launakjör frv. eru aðeins sköpuð frá annari hliðinni, það er hugsað um það eitt, hvað ríkissjóði komi vel að borga, en alls ekki farið til skipverja og spurt um þarfir þeirra. Það er líka viðurkent af öllum, að launin eru lág og miklu lægri en t. d. hjá Eimskipafjelagi Íslands. Auk þess er í frv. ekki gert ráð fyrir neinum tryggingum til handa skipverjum. Þetta sýnir, að full ástæða er fyrir skipverja til að vera óánægðir, og óánægðir menn vinna aldrei eins vel og ánægðir.

Þá kem jeg að því, er hv. frsm. meiri hl. (JJós) sagði. Hann er nú gefinn fyrir að vera allharðorður og taka óstint upp, ef nokkuð er fundið að landhelgisgæslunni, og finst vera hættulegt að tala nokkuð um hana. En það er ekki það, sem er hættulegt, að láta sögur þær, er ganga manna á milli, koma fyrir dagsljósið. Það hættulegasta er það, ef sögurnar um veiklyndi varðskipanna eða landstjórnarinnar gagnvart ísl. skipum væru sannar. Við getum ekki vænst þess, að þær útlendu þjóðir, sem helst hafa þóst verða fyrir barðinu á íslensku varðskipunum, sýni okkur mikla vinsemd eða virðingu, ef það

þykir sannast, að hjer gildi önnur lög um Íslendinga en útlendinga. Þetta verður hv. frsm. meiri hl. að taka til athugunar, og hann verður að viðurkenna, að það er rjettmætt, að slíkar aðfinslur komi fram og beinlínis skylt að koma með þær. Ef þær eru ekki á rökum bygðar, verður að hnekkja þeim. Hitt sýnir aðeins rökþrot, að kalla þá menn rógtungur og öðrum ónefnum, er segja frá þessu á Alþingi. Það sýnir vonleysi um að geta borið sakirnar af varðskipunum.

Hv. frsm. meiri hl. fór mörgum orðum um löggæslu og hjelt, að jeg væri svo hræddur, að jeg þyldi ekki að heyra lögreglu nefnda. Mjer virðist nú full ástæða til að taka með tortrygni hverju frv. hæstv. landsstjórnar um aukna lögreglu. Það er sannað, að eitt sinn ætlaði stjórnin að taka meginhluta ungra manna og skipa honum með lögum að vera vörður um hagsmuni sinna flokksmanna.

Hv. frsm. (JJós) var ennfremur að tala um, að blað „mitt" hefði aldrei veitt landhelgisgæslunni fylgi. Ef hv. þm. á við Alþýðublaðið, þá man jeg ekki, hvað í því hefir staðið um þetta mál, en þó geri jeg fastlega ráð fyrir, að það hafi verið landhelgisgæslunni hlynt frekar en hið gagnstæða. En frá því að Alþýðuflokkurinn eignaðist fulltrúa á þingi, hefir hann altaf greitt atkv. með fjárveitingum til björgunarskips Vestmannaeyja og landhelgisgæslu þess skips. Ef fulltrúar allra flokka hefðu verið eins heilir og óskiftir í því máli eins og fulltrúi Alþýðuflokksins, þá hefði Björgunarfjelag Vestmannaeyja ekki átt við eins ramman reip að draga eins og raun var á, meðan kjarni íhaldsins, núverandi flokksbræður hv. þm. Vestm., stóð á móti öllum styrk til fjelagsins. Hv. þm. má þarna draga inn seglin og viðurkenna, að Alþýðuflokkurinn hefir verið landhelgisvörnunum mjög vinveittur.

Mjer er það sjerstakt ánægjuefni að heyra, að hv. frsm. meiri hl. afneitaði með öllu blaði því, er jeg las hjer upp úr í dag, og að hann þvertók fyrir, að það væri hans stuðningsblað. Það stafar kannske af því, að hann sjer eftir á, að ekki hefir alt verið sannleikanum sem samkvæmast í þessu blaði. Hitt getur hv. þm. ekki skafið af sjer, hve feginn sem hann vill, að hann hefir lagt þessu blaði lið með því að eyða orku sinni og erfiði til að skrifa í það grein, þar sem hann er að tala illa um Ísafjörð og spilla fyrir honum. Nú veit jeg, að hann sjer eftir öllu og sjer, að alt var rangt, sem hann sagði. Met jeg hann mann að meiri fyrir. Annars er þessi herferð Íhaldsins gegn Ísafjarðarkaupstað orðin svo alvarleg, að jeg sje ekki betur en að löggjafarvaldið verði að fara að veita honum sjerstaka vernd. Jafnvel er talað um, að nú sje verið að róa í stjórnina og biðja hana að svifta bæinn hinum sjálfsagðasta rjetti til að skipa málum sínum, fjárforráðinu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að mjer væri illa við lögreglu. Jeg verð nú að játa, að jeg sje ekki, hvað það var annað en tildur og hjegómi, sem hv. frsm. var að telja upp í dag, að vera að hrúga upp þessum dátum og binda þá með eiði við stjórnarskrána. Mjer finst hjegómaskapurinn þarna komast á svo hátt stig, að ómögulegt sje annað en að vera á móti þessu.

Í lok ræðu sinnar talaði hv. frsm. um það, að jeg hefði lítilsvirt tilraunir hv. meiri hl. til að bæta kjör starfsmannanna á skipunum. — Mjer dettur í þessu sambandi í hug skrítla, sem jeg sá nýlega í blaði. Gömul kona segir við dreng: „Hvað segir lítill drengur, þegar gömul kona gefur honum 2 aura?“ „Hann er svo kurteis, að hann segir ekki neitt“, svaraði drengurinn. — Eins er um þetta. Þessar „gjafir“ hv. meiri hl. eru alls ekki þakka verðar. Það er kurteisi að tala ekki um þær. Þegar það er athugað, að munurinn á kaupi þessara manna og hinu raunverulega kaupi háseta hjá Eimskipafjelaginu er a. m. k. 100 kr. á mánuði, þá eru það engin ósköp, þótt árslaun hvers manns sjeu hækkuð um 200 kr.

Þá gerði hv. frsm. meiri hl. lítið úr því, að jeg hefði lagt til, að yfirstjórn landhelgisgæslunnar væri best komin hjá þeim hjeruðum, sem mest þurfa á henni að halda, og að þau kysu menn til að framkvæma landhelgisgæsluna. Þarna misskildi hv. þm. mig viljandi. Jeg talaði um, að rjett væri, að yfirstjórn skipanna væri hjá þeim hjeruðum, sem mestra hagsmuna hefðu að gæta um landhelgina. Ef hv. frsm. er því mótfallinn, að þeir fái þarna að leggja orð í belg, fer jeg að efast um, að hann sje eins heill í þessu máli og hann læst vera. Eða hverjir mundu ganga harðara eftir því, að landhelginnar væri gætt en þeir, sem um sárast eiga að binda sakir landhelgisbrotanna? Hverjir mundu vera harðari eða líklegri til þess að verja landhelgina en einmitt þessir menn? Hv. þm. Vestm. (JJós) þykir það broslegt, að þessir menn rjeðu, sem einmitt eiga atvinnu sína undir því, að strandvarnirnar fari vel úr hendi. Jeg vona nú, að hann geti fallist á, að þetta sje ekki eins hlægilegt og hann vildi vera láta. Hann má ekki ímynda sjer, að það sje af móðursýki mælt, þó allháværar raddir berist um, að máli þessu sje þann veg komið fyrir, að hagur fjöldans sje hafður fyrir augum. Hvort mundi umbjóðendum mínum meiri hagur, að landhelgisgæslan væri í góðu lagi eða rekin aðeins með hag nokkurra stórútgerðarmanna fyrir augum?

Nú berast sögur víða frá um ásælni togaranna. Þeir eru dag eftir dag að veiða uppi í landssteinum, spilla veiðarfærum manna og eyðileggja atvinnu manna. En ekki láta varðskipin á sjer bóla.

Hvers vegna hópast menn að vestan hingað í atvinnuleit, nema af því að togararnir hafa gerst þar svo ásælnir, að þeir hafa með öllu eyðilagt atvinnu þá, er menn höfðu af smábátaútveginum.

Nú höfum við yfir þremur skipum að ráða, sem ekki hafa annað starf en að verja landhelgina, og jeg verð að segja það, að með slíkum skipakosti ættum við að geta varið svo landhelgina, að vel við mætti una. Og til þess útheimtist ekkert annað en árvekni þeirra manna, er þessum málum eiga að stjórna, að sjá um, að skipin haldi sig sem næst þeim stöðvum, sem nauðsynlegt er að verja. Það dugar lítið, þegar 30 togarar eru að veiðum í landhelgi vestur undir Snæfellsjökli, að senda þá varðskipin t. d. austur með söndum. Eitt þeirra ætti þó að

geta verið að staðaldri á verði fram og aftur um Faxaflóa og í kringum Jökul.

Jeg býst ekki við að taka aftur til máls, nema sjerstakt tilefni gefist til þess, enda verð jeg að telja, að hæstv. stjórn hafi nú fengið nokkra aðvörun um að láta landhelgisgæsluna komast í betra lag. Hygg líka, hvort sem rætt verður lengur eða skemur um málið, að skeiki að sköpuðu um úrslit þess.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 1. landsk. (JJ) byrjaði á því, sem sjaldan skeður, að halda sjer við málið, svo að mjer er þá skylt að víkja ekki heldur frá því, enda er mjer það ógeðfelt, þótt jeg hinsvegar neyðist oft til að gera það, þegar jeg á í orðakasti við þennan háttv. þm.

Hann spurði fyrst um, hvers vegna ekki væri í frv. stungið upp á sömu launum handa þeim skipstjórum, er síðar verða ráðnir í þjónustu landsins, eins og þeim eru greidd, sem núna stjórna varðskipunum.

Jeg hafði nú raunar svarað þessu áður, en skal þó endurtaka það. Stjórnin hefir ekki viljað ákveða launin svo há í framtíðinni eins og núverandi skipstjórar hafa, vegna þess að ætla má, að alt fari lækkandi, en launin upphaflega sett í dýrtíð. Hinsvegar má líka geta þess, að launin eru svo há núna vegna þess, að mennirnir voru áður ráðnir hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyinga, og því varð að ráða þá með sömu kjörum og þeir höfðu, þegar þeir gengu í þjónustu ríkisins. Auk þess var hjer um nýtt og vandasamt starf að ræða. Þegar Björgunarfjelag Vestmannaeyinga hóf þessa starfsemi, var ekki til nema einn íslenskur skipstjóri, er hafði þá þekkingu til að bera, sem stjórn á slíku skipi útheimtir. Og hann völdu Vestmannaeyingar og sömdu við hann á þeim sama grundvelli, sem enn gildir um laun hans. Aftur á móti má þess vænta, er stundir líða og búið er að rækja starfið með fjölgandi skipastól, að fleiri og fleiri læri til þess að verða færir um að takast slíka skipstjórn á hendur; en þegar svo er komið, má vænta, að vandræðalaust verði að fá hæfa menn í stöðurnar og þá með lægri launum. Sje hv. þm. óánægður með þetta, er honum innan handar að koma með brtt. og sjá, hvernig um hana fer.

Þá spurðist hann fyrir um, hvort stýrimenn hefðu hærri laun en stungið er upp á í frv., og er því til að svara, að jeg hygg laun þau sem næst hin sömu og þeir hafa nú. Þó má geta þess, að frv. leggur þessum mönnum þá skyldu á herðar að greiða gjald í lífeyrissjóð. Það er þó ekki álitin byrði, því að þeir fá rjett til styrks úr sjóðnum síðar sem því nemur.

Þá mintist hann á sjerstakan stýrimann, sem sýnt hefði mikinn dugnað og árvekni sem skipstjóri í forföllum annars, og spurði um, hvort manni þessum hefði verið veitt nokkur viðurkenning, svo sem kross eða heiðurslaun. Því er nú til að svara, að eins og hv. 1. landsk. veit, þá er það ekki á valdi stjórnarinnar að veita krossa; það gerir sjerstök nefnd, en jeg heldsamt, að þessi maður hafi ekki hrept slíkt hnoss. Hitt get jeg með fullum sannindum sagt, að heiðurslaun hefir hann ekki fengið. Það fer ekki heldur

vel á því að verðlauna beinlínis með fjárgreiðslum eða veita heiðursverðlaun fyrir, þó sjerstaklega duglegir menn fari með lögregluvald á sjónum. Mjer er kunnugt um, að sú saga hefir borist erlendis, að yfirmenn varðskipanna nytu fjárhagslegra hlunninda fyrir að taka skip í landhelgi, en sem betur fór, tókst okkur að ósanna það; annars hefði þetta getað vakið grun um, að skipherrarnir væru hlutdrægir í starfinu. Hjer verður því að fara varlega og gefa ekki útlendingum ástæðu til að ætla, að varðskipin fari lengra í því að handsama togara en hrein og bein skylda þeirra býður. Með þessu vil jeg alls ekki draga úr því, að duglegum mönnum sje sýnd viðurkenning; en hún má naumast koma fram í peningagreiðslum.

En gagnvart tali hans um embættis- og starfsmannastjett landsins almennt og einstaka menn, svo sem að bera þeim á brýn deyfð og vanrækslu í starfi sínu, eins og hann gerði um einn af bestu embættismönnum landsins, skrifstofustjórann á 1. skrifstofu stjórnarráðsins, þá er það að segja, að hv. 1. landsk. gerði í þessu sambandi ráð fyrir, að landið mundi missa duglega starfsmenn, en þetta stríðir á móti því, sem hv. 1. landsk. hefir altaf annars verið að tala um, að frv. mundi verða þess valdandi að festa menn í starfinu. Hann ætti því að gera það upp við sig áður en hann heldur klukkutímalanga ræðu aftur um þetta, hvort frv. festi menn í embætti eða þeir yrðu eftir því of lausir. Það er hálfóviðkunnanlegt, þó að í langri ræðu sje, að halda fram tveimur gagnstæðum skoðunum. Þá þótti honum laun yfirkyndaranna of rífleg, en þá getur hann borið fram brtt. um að lækka þau. Þá sagði hann, að það væri eyðsla að festa launin með lögum og talaði um lækkun í því sambandi. og af því að við stæðum á háum launum sem stendur, væri erfitt að ákveða þau fyrir framtíðina. Með því hefir hann haft fyrir augum hækkun krónunnar upp í gullverð. En með frv. sneiðum við hjá þessum örðugleikum, því að með lækkandi dýrtíð lækka launauppbæðirnar sjálfkrafa eftir frv. Þess vegna sneiðir ríkissjóður hjá ýmsum örðugleikum, sem einstakir atvinnurekendur í landinu hafa við að búa viðvíkjandi launagreiðslu til starfsmanna sinna.

Þá sagði hann, að stýrimennirnir mistu vernd sjólaganna, og var þá kominn út í annað frv., sem hjer er á ferðinni, enda gat nú hv. 1. landsk. ekki haldið sjer lengur við efnið. Hann mintist á skylduvinnu stýrimannaefna og taldi öll tormerki á, að hún kæmist í framkvæmd með frv. En jeg sje ekki, að frv. sje á neinn hátt því til fyrirstöðu, að stýrimannaefnin inni af hendi þessa skylduvinnu, sem hann var að tala um.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara að þrátta við hv. þm. um það, sem hann nefndi, að varhugavert væri að binda menn æfilangt í embætti; menn sljóvguðust með aldrinum, en samkvæmt venjunni væru menn ekki reknir úr stöðunni, þótt þeir væru orðnir ófærir til þess að gegna henni. Það má nú til sanns vegar færa, að það sje ekki venja að reka menn úr opinberum stöðum, þó það komi einstaka sinnum fyrir og ekki nema þegar fult tilefni gefst til þess. En hjer var hv. 1. landsk. kominn út í það efni, sem hann ætti að

forðast að nefna, eins og snöru í hengds manns húsi, en það var sú spilling, sem á að varða brottrekstri úr stöðu. Því að það ætti hv. 1. landsk. að vita, að um fátt er eins mikið talað eins og það hneyksli, að ekki skuli vera búið fyrir löngu að reka hann af þingi. Þetta er skoðun þeirrar alþýðu, sem er óspilt í siðferðisskoðunum sínum, en ekki svo vel að sjer í stjórnlagafræði og löggjöf landsins, að hún viti, að þetta er ekki hægt. (JJ: Hvað á að gera við dæmda vínsmyglara?). Það á að dæma þá og síðan fullnægja dómnum. En yfir hv. 1. landsk. hefir verið feldur dómur, sem ekki er búið að fullnægja enn. (JJ: Hvaða dómur er það?). Hv. þm. ætti ekki að þurfa að láta minna sig á þann dóm; hann er að minsta kosti flestum í fersku minni, sem sæti eiga í þessari hv. deild, sem feldi dóminn í fyrra.

Þá vjek hv. 1. landsk. að bindindismálum, blaðinu Verði og Nýja sáttmála, sem hann svíður mikið undan og virða verður honum til vorkunnar.

Afstaða Íhaldsflokksins til bindindismálsins er sú, að hann vill vinna að framgangi góðs máls vegna þess sjálfs, en ekki eins og hv. 1. landsk. gerir, sem misbrúkar hvaða gott mál sem er, með það eitt fyrir augum að fá einhvern örlítinn pólitískan ávinning fyrir sig upp í öll þau miklu töp, sem hann er altaf að bíða á landsmálasviðinu. Ef taka á mark á orðum hans, þá getur misbrúkun hans orðið til þess að rýra framgang málsins, enda verður því ekki neitað, að afskifti hans af bindindismálinu hafa orðið því til spillis.

Íhaldsflokkurinn reynir aftur á móti eftir bestu getu sinni að sporna við því, að hv. 1. landsk. misbrúki bindindismálið því til óvinsælda.

Þá talaði sami hv. þm. um mælingar við Dyrhólaey og beindi þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvort mæling sú hefði mistekist. En það er Gróusaga hjá hv. þm., eins og oft vill verða hjá honum, þegar hann fer að segja sögur, sem einhver úti í bæ á að hafa sagt honum. En það er vitanlegt, að það getur oft verið erfitt að framkvæma þessar mælingar, þegar ákveða þarf, hvort skip er í landhelgi eða ekki. Það getur oft verið svo dimt yfir ströndinni, að fáir staðir skeri sig úr, sem hægt sje að miða við. Þetta þekkja allir, sem við mælingar hafa fengist, og því er það ekki ávirðing við skipstjórana, þó að nægilega nákvæmar mælingar geti ekki farið fram á stundum, þó að miklar líkur sjeu fyrir því, að um landhelgisbrot sje að ræða.

Þá vjek hann að smíði Óðins og virtist þá kominn í essið sitt. Hann gaf það í skyn, að einhverjir mikilsmetnir útgerðarmenn hefðu ráðið missmíðinni á skipinu. Þetta er fyllilega samboðið hinum sjúka hugsunarhætti hv. 1. landsk. Hann sagði ennfremur, að landið hefði tapað af skipinu í marga mánuði á meðan það var í viðgerðinni. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Skipið var ekki í viðgerð nema rúman mánuð, og það þurfti að fara til skipasmíðastöðvarinnar hvort sem var, áður en ábyrgðin rynni út.

Þá spurði sami hv. þm. að því, hvers vegna stjórnin hefði ekki notað aðstoð Nielsens framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins í þessu máli. En hæstv. atvrh. hefir nú svarað því, að það var

gert, en framkvæmdarstjórinn átti ekki að reikna út þyngdarpunktinn. Um lagið á skipinu verð jeg að segja það, að hv. 1. landsk. er ekki fullgildur dómari. Skipið var bygt með það fyrir augum að vera svo líkt togara sem unt var. En þegar þess er gætt, að skipið átti að hafa meiri hraða en togari, tvær fallbyssur á stöllum og meira rúm á stjórnpalli, þá er það ekki undarlegt, þó að það verði nokkuð öðruvísi að útliti en togarar.

Þá brúkaði hv. þm. svo sterkt orð, að það hefði verið hneyksli, sem hefði komið fyrir stjórnina, að skipið reyndist ekki stöðugt. Ja, jeg held, að ef maður vill tala um hneyksli, þá kom það ekki fyrir stjórnina, heldur skipasmíðastöðina, sem bygði skipið. Jeg held, að stjórnin sje nokkurnveginn hrein af því hneyksli, því að nú reyndi á, hvort þeir samningar, sem gerðir voru við skipasmíðastöðina, væru fullnægjandi, hvort svo væri frá þeim gengið, að dygði, ef til ætti að taka. Nú þurfti til að taka, og það reyndist svo, að öll ábyrgð af misfellunum lenti á skipasmíðastöðinni. (**JJ**: Ekki lenging á skipinu). Jú, lenging á skipinu. Skipasmíðastöðin sá sjer ekki annað fært en að lengja skipið á sinn kostnað. (**JJ**: Ekki að öllu leyti). Jú, hún sá sjer ekki annað fært en að lengja skipið á sinn kostnað; en hitt er annað mál, að þegar svo var komið, þá þótti stjórninni tilvinnandi að greiða 8 þús. kr. til þess að fá mun meiri lengingu en þá, sem skipasmíðastöðin var skyldug til að láta í tje.

Úr því að jeg nefni þetta, þá vil jeg gjarnan segja það hjer, að þeir skipafróðu menn, sem stjórnin hafði sjer til aðstoðar um þetta, þeir hafa sagt okkur, að ef það hefði átt að semja frá upphafi um þá lengingu á skipinu, sem nú er orðin, þá mundi skipsverðið hafa orðið að minsta kosti 50—70 þús. kr. hærra en það varð.

Næst spurði hv. þm., hvað skrifstofustjóri hefði fyrir að hafa á hendi yfirumsjón með ferðalögum skipanna. Þetta er nú ekki búið að standa heilt ár ennþá; og jeg verð að segja eins og er, að jeg get ekki sagt um það; hygg það sje ekki búið að ákveða það ennþá. Jeg er ekki heldur við því búinn að svara því nú, hvað Ólafur Sveinsson skipaeftirlitsmaður og hans skrifstofa kann að fá fyrir það starf, sem hann hefir á hendi vegna skipanna. Það var náttúrlega hvorugum ljóst fyrirfram, hvorki stjórninni eða þeim, sem eiga að inna þetta verk af hendi, hvað mikið það mundi verða. Þetta er starfsemi hins opinbera, og jeg held það hafi ekki þótt tímabært að ákveða þóknun fyrir starfið fyr en liðið væri að mestu leyti ár, svo að það sæist, hvað mikið aukastarf þarna útheimtist.

Þá hjelt hv. þm. áfram að reyna að tortryggja afskifti skrifstofustjórnar dómsmálaráðuneytisins út af þessu. Jeg er búinn að vísa heim þeim ummælum og þarf ekki að fjölyrða um það. Það getur vel verið, að aðrir gætu gert það, t. d. Fiskifjelagið; jeg skal ekki segja um það. Það verður tíminn að sýna. En ennþá er ekkert það komið fram, sem á nokkurn hátt geti bent til þess, að þetta starf væri betur komið í öðrum höndum en skrifstofustjórans. En það er nú svo, að þótt hjer sjeu nú orðin 3 skip, þá má búast við, að það verði oft og einatt einhverjir landsmanna, sem ekki þykjast fá

nægilegar landvarnir af þessum þrem skipum. Háttv. þm. Snæf. (HSteins) hefir borið fram eina slíka kvörtun fyrir sitt hjerað. En mjer skildist hann miða sjerstaklega við janúarmánuð, þegar svo sjerstaklega stóð á, að nokkurn hluta mánaðarins var ekkert skip tiltækt til strandvarna; 2 voru ekki hjer við land og það 3. var í viðgerð. En þó að það sje sjálfsagt rjett að vera mjög fljótur til, hvenær sem kvartanir koma um togaraágang einhversstaðar, þá er ekki því að leyna, að það hefir mjög oft komið í ljós, að menn á landi geta ekki greint rjett um þetta, hvort togari er í landhelgi eða utan. Jeg verð því að segja það, að það er ekki ávalt hægt að treysta því, þótt menn haldi, að heilir hópar af togurum sjeu í landhelgi, að þar sje í raun og veru einn einasti. Þetta hafa þeir menn, sem hafa með strandgæsluna að gera, margoft rekið sig á, og er reyndar alveg eðlilegt.

Þá kom hv. þm. (JJ) að því, að einn af stýrimönnum, sem nú eru, hafi stýrt í fyrra vjelbáti, sem hafði strandgæslu, og gert það með mikilli lipurð og festu, en kvað hann lítið þakklæti hafa fengið fyrir. Jeg veit ekkert um það. En mjer skilst þó, að hafi hann verið formaður á vjelbáti í fyrra, en nú stýrimaður á okkar gufuskipi, þá sje hann kominn á þessu ári lengra á þeirri braut, sem hann hefir stefnt inn á. Og þó að þetta sje ekki mikið þakklæti, þá er það ófullkomin viðurkenning, — og alt annað en það, sem aðrir opinberir starfsmenn fá hjer í hv. deild, þeir sem standa vel í stöðu sinni. (JJ: Ekki þeir, sem standa vel í stöðu sinni). Jú, alveg eins þeir, sem standa vel í stöðu sinni, og ekki síður.

Hv. þm. (JJ) hefir talað nægilega skýrt til þess að láta skilja það, að hann er að reyna hjer að ófrægja einn af okkar allra bestu embættismönnum. (JJ: Hvern?). Jeg er búinn að segja það áður í þessari sömu ræðu. Það þarf nú enginn að ímynda sjer, að hv. 1. landsk. fari eftir verðleikum manna, þegar hann deilir lofi sínu og lasti um embættismannastjettina, fremur en um aðra landsmenn. Hann fer altaf eftir pólitískum ástæðum, — oflofar sína meðhaldsmenn, en oflastar hina. Þegar hann hefir verið á þingmálafundum og staðið frammi fyrir bændum, — sem hann annars vill sleikja sig upp við — og orðið var við einhverja andúð til sín, þá varpar hann framan í bændur þeim ummælum, að þeir sjeu leiguþý erlendra kaupmanna. (JJ: Það voru leiguþý; það vissu allir á fundinum). Það var gamall og heiðvirður, gráhærður bóndi, sem hafði komist heiðarlega af alla sína ævi á sínu smábúi; en hann skifti við kaupmann, en ekki kaupfjelag, sem er í Sambandi háttv. 1. landsk. Það var nú hans sök.

Hv. þm. viðurkendi í lok ræðu sinnar, að rjett hefði verið það, sem jeg benti á, að þingið hefði skyldu til þess að ákveða laun þessa starfsmannaflokks. Því að það var engin mótbára, þótt hann vildi, að stjórnin ætti einnig á öðrum sviðum að minna þingið á skyldu sína í þessu efni.

Þá kem jeg að hv. 5. landsk. (JBald). Hann var enn að halda þessu fram, að útgerðarstjórnin væri betur komin hjá Eimskipafjelaginu, og tókst ekki að færa neinar ástæður. Hann talaði um mannaráðningu og afgreiðslu. Eftir því frv., sem hjer ligg-

ur fyrir, mundi mannaráðning alls ekki koma til fjelagsins kasta. Afgreiðslu þessa skips er ekki hægt að jafna við afgreiðslu fólksflutningaskipa, sem fjelagið hefir. Hjer þarf ekki að taka á móti pöntunum fyrir farrými, ekki hafa innheimtu flutningsgjalda eða annað, sem fylgir verslunarflota. Nei, hjer er afgreiðslan aðallega fólgin í því að sjá um, að skipin fái nauðsynlega viðgerð á vjelum og skipi og að keypt sjeu kol og það litla af efnivörum, sem þarf til viðhalds á vjelunum. Og þetta fellur alt saman mjög eðlilega inn í verkahring þess manns, sem hefir það á hendi. En flest af því er þannig, að Eimskipafjelagið myndi þurfa oft að leita til annara, þar á meðal ekki síst til hans, um framkvæmdir.

Hv. þm. er á móti því, að laun þessa starfsfólks sjeu ákveðin í lögum, og er þar í raun og veru í algerðu ósamræmi við alla stefnu síns flokks. Þar sem þessi hreyfing, sem hann fylgir, er verulega vel á veg komin, þá er viljinn einmitt sá, að láta laun sem allra flestra vera ákveðin að lögum. Hann var að tala um það, að ef fólkið væri ánægt, þá fengist meira starf. Náttúrlega er þetta alveg rjett. Hann segir, að mikil óánægja sje nú. Jeg veit, að honum mun þetta kunnugra en mörgum öðrum, því að jeg veit ekki annað en hans aðalstarf — fyrir utan brauðgerðina og þingstörfin — sje sí og æ að kveikja óánægju. Hann hefir vel getað verið á ferli niður við skip í þeim erindum að sá frækornum óánægju. Slíkt er auðvelt verk. En það er ljóst, að verði launin ekki ákveðin, þá er að minsta kosti altaf boðið upp á viðleitni til þess að reyna að gera fólk óánægt.

Þá fór hv. þm. að víkja að einhverjum sögum um hlutdrægni varðskipanna og stjórnarinnar gagnvart íslenskum togurum, sem væru mjög nærgöngulir við landhelgina. Hann var að gera ráð fyrir, að þetta myndi illa þokkað meðal útlendra þjóða, sem hjer stunda fiskiveiðar. Það er alveg ljóst, að hlutdrægni í þessu efni myndi illa þokkuð og gæti jafnvel falið í sjer ýmsa hættu fyrir okkar landhelgisgæslu. Jeg verð að segja, að meðan hv. þm. getur ekki bent á nein sannindi til þess að staðfesta þennan söguburð sinn, þá er það gersamlega óviðeigandi af honum sem þingmanni að vera að útbreiða þessar sögur og gera þær þannig — þótt öldungis tilefnislausar sjeu — að meira eða minna leyti trúanlegar fyrir útlendinga. Því að það er nú svo utanlands um þingmenn, að það er alls ekki gert ráð fyrir, að þeir sjeu með sögusagnir í þingræðum, nema því aðeins, að fullur fótur sje fyrir. Hv. þm. er þess vegna hjer með þessari Grýlusögu beinlínis að ófrægja land og þjóð í augum útlendinga, og bendir þó jafnframt á hættuna, sem af geti stafað, ef útlendingar leggi trúnað á orð hans.

Hv. þm. (JBald) hefir sýnt það, að honum þykir öll aukning lögreglu, sem Íhaldsstjórnin stingur upp á, varhugaverð, og fór hann með venjulegar öfgar í þessu sambandi. En það er satt að segja dálítið leiðinlegt fyrir þennan hv. þm. að vera sí og æ að vekja athygli á því, að hann muni sjálfur verða þurfandi fyrir það í framtíðinni að neyta lögbrota til þess að

koma sínum áhugamálum fram, og geti þess vegna ekki til þess hugsað, að lögreglan í landinu verði nægilega sterk til þess að halda uppi lögum og rjetti. Allir vita, að það er ekkert annað en þetta, sem gerir það, að hv. þm. og hans nánustu flokksbræðrum er svo sjerstaklega í nöp við það, að lögreglan í landinu sje nokkuð aukin. En að reyna að fegra þetta með því, að það sje hjegómi að tylla þessu varðskipi upp sem lögreglu, það verð jeg að segja, að sýnir of mikla vanþekkingu hjá formanni stjórnmálaflokks. Hann ætti þó að vita, að engri þjóð getur haldist uppi að setja fasta borgara annara ríkja, þótt lögbrjótar sjeu, með einhverju og einhverju, sem hvorki er her nje lögregla. Hv. þm. má vera viss um það, að jafnvel þótt brennandi áhugi sje hjá Alþýðuflokknum fyrir landhelgisgæslunni, eins og hann lýsti, þá myndi okkur ekki haldast uppi, þótt nefnt yrði við alþýðuforingjana að fara út á sjó og taka höndum enska eða þýska togara. Þeir yrðu að fá lögregluvald af löggildri stjórn landsins áður en þeir legðu í leiðangurinn.

Hv. þm. talaði um, hverjir mundu verða harðastir um landhelgisgæsluna. Þeir verða að minsta kosti ekki harðastir, sem vilja ekki láta þá fá lögregluvaldið, sem gæsluna framkvæma.

Jeg held það sjeu talsverðar ýkjur hjá hv. þm. (JBald), að menn streymi hingað til Reykjavíkur vegna vöntunar á landhelgisgæslu; því að þótt henni sje nokkuð ábótavant ennþá, þá munu menn nú yfirleitt nokkurn veginn geta haldið hlut sínum fyrir ágangi. Menn streyma hingað til Reykjavíkur fyrir ýmsar ástæður og ekki síst það, að hjer er hærra kaupgjald en annarsstaðar. Menn vonast eftir að geta náð í það kaup, vitandi ekki, að fleiri eru hjer fyrir en þeir, sem geta komist að þeim kjörum.

Jeg get náttúrlega tekið undir það, að við óskum allir, að gæslan geti haldið áfram að aukast. En jeg held það hafi ekki komið fram neitt í ræðu hv. 1. landsk. (JJ) og hv. 5. landsk. (JBald) við þetta tækifæri, sem feli í sjer neinar umbætur á landhelgisgæslunni frá því, sem nú er.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg mun ekki eiga eftir í þessu máli nema örstutta athugasemd, en hefi þó nokkrum atriðum að svara, sem ekki verður hjá komist.

Hv. 1. landsk. (JJ) beindi til mín tveim fyrirspurnum. Sú fyrri snerti bindindi og var óljós, og vildi jeg spyrja hv. þm., við hvaða þingmann hann hafi átt með spurningunni. **(JJ:** Jeg læt þingmanninn alveg um það, hvernig hann hefir skilið það). Ef hv. þm. getur ekki talað ljósar en þetta, þá á jeg ekki hægt með að svara fyrirspurn hans. En jeg verð að segja, að jeg tel þennan hv. þm. ekki neinn bindindisfrömuð fyrir þetta ölvunarfrv., sem hann gerðist flytjandi að hjer í hv. deild. Langt frá. Jeg sje ekki, að það hafi verið flutt til annars en að fá tækifæri til þess að hefja **þessar ölvunarumræður,** sem eru svo hugþekkar þessum hv. þm. Jeg álít slíkt einungis til skaða sannri bindindisstarfsemi.

Þá var önnur fyrirspurn frá háttv. þm., hvort það hefði ekki einhverntíma mistekist mæling á varðskipinu Þór. Jeg verð að segja, að jeg hefi

ekki verið neinn „kontrollör“ á mælingar Þórs. En það getur verið, að þetta eigi við það, að einhverntíma voru of fáar mælingar gerðar austur með Söndum hjá þessu skipi fyrir nokkrum árum, til þess að hægt væri að byggja á því ákæru. Út af þessu virtist mjer hv. þm. gera mikið veður. En það er ekki á neinum rökum bygt að ásaka þann skipstjóra, sem þá var með skipið, eða þá menn, sem að mælingunum stóðu. Ef hv. þm. er ekki ráðinn í að beita ósanngirni, þá myndi hann kannast við, að það er ekki nema eðlilegt, undir þeim kringumstæðum, sem voru, að mælingar yrðu of fáar. Þór var að elta 3 skip í einu. Það var einn einasti starfsmaður til þess að aðstoða skipstjóra. Þegar á þetta alt er litið, þá er það eiginlega ekki í frásögur færandi, að mælingar voru of fáar. Jeg vil benda hv. þm. á það, að fyrir hafa komið ónákvæmar mælingar á sjálfum herskipunum dönsku. Það hefir sannast. Og þó er fjöldi aðstoðarmanna þar til hjálpar við mælingarnar. Fyrir nokkrum árum átti það sjer stað á herskipi, að mæling eða niðurskrift mælingar var röng, þannig að mál það varð að falla niður, sem bygt var á þeirri mælingu. Veit jeg þó ekki til, að hv. þm. (JJ) hafi reynt að gera hróp að þessum herskipsforingja, enda væri það sjálfsagt ómaklegt. (**Forseti HSteins:** Jeg vil benda öllum þremur hv. frsm. á það, að það er aðeins aths., sem þeir eiga eftir, og þar sem eftir er 3. umr., má geyma aðalkjarna málsins. Jeg gef 5 mínútur hverjum).

Það er ekki rjett, að jeg geri lítið úr 1. stýrimanni á Óðni, sem var skipstjóri á Þór um tíma í fyrra. En mælikvarði þingmannsins á dugnað þessa foringja er alveg miðaður við það, hvað marga togara hann tók. Nú vill svo til, að hann tók marga togara. En sá hinna útlendu varðskipsforingja, sem talinn er að hafa varið landhelgina best, kapt. Hovgaard, tók engan togara, að því er fullyrt er.

Tíminn er svo afskamtaður, að jeg get ekki komið alstaðar við, sem þyrfti, en það má gera við 3. umr. — Þessum stýrimanni, sem um er að ræða, var gert svo hátt undir höfði sem hægt var eftir atvikum, með því að gera hann að 1. stýrimanni á Óðni. Hann hefir því fengið viðurkenningu.

Háttv. þm. mintist á, að Dir. Emil Nielsen hefði aldrei haft með undirbúning skipsins Óðins að gera. Jeg veit ekki betur en að sjútvn. fengi allar teikningar gegnum Eimskipafjelagið, og skeyti, sem fóru á milli vegna byggingarinnar, gengu gegnum þess hendur, að minsta kosti meðan á þingi stóð.

Þá er hv. 5. landsk. (JBald). Hann kom lítið inn á það, sem jeg sagði við hann, og hefi jeg því ekki ástæðu til að tefja tímann með að eltast við hans ræðu. Hann sagði mig hafa verið hvassyrtan, og mun það satt vera. Það er eðlilegt, því að hann er margbúinn að ala hjer á slæmum sögum um landhelgisgæsluna, — sögum, sem jeg er hræddur um, að hann hafi búið til sjálfur. Jeg heyri ekki aðra tala meira um þetta en þennan hv. þm. Jeg geng talsvert um í bænum og tala einnig stundum við sjómenn, og jeg heyri ekki af þeirra munni þessar sögur um hlutdrægni varðskipsforingjanna ís-

lensku, sem hv. þm. ávalt er að dylgja með.

Það er heldur fáránleg till., að kjósa skuli yfirstjórn í hverri verstöð til þess að stjórna landhelgisgæslunni. Hvernig á maður annað en brosa að slíku? Þetta ráðstjórnarfyrirkomulag hv. þm. væri gersamlega óhæft.

Það er grunsamlegt, þegar athuguð er sú fortíð, er hv. 5. landsk. hefir að baki sjer gagnvart útgerðinni, að hann skuli sífelt vera að hrópa á það, að meiri harðneskju sje beitt gagnvart henni af hálfu hins opinbera. Það hlýtur að vekja sterkan grun um, að hjer sjeu blandaðar hvatir á bak við.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Tvö atriði í ræðu hæstv. forsrh. (JÞ) sýna, í hvert óefni er komið fyrir honum og stjórninni. Hann greip til þess að nota ókvæðisorð, eins og þegar hann sagði, að menn væru að ófrægja landið út á við með því að finna að útgerð varðskipanna í höndum stjórnarinnar. Hann var líka að tala um það, hæstv. forsrh., að jeg legði það í vana minn að kveikja óánægju. Jeg skal ekki bera það af mjer, en jeg skammast mín ekkert fyrir það, ef það er gert til þess að bæta kjör þeirra, sem bágast eiga. Hæstv. forsrh. ætti að líta í sinn eiginn barm og sjá, hverjum hann vildi hjálpa, þegar hann ætlaði að gefa stærstu efnamönnum landsins eftir 600 þús. krónur! Jeg stend því jafnrjettur fyrir ásökunum hans. Rjettmæt óánægja er ekki eins vond eins og menn alment leggja í það orð. En óánægja sú, sem íhaldsstjórnin hefir vakið, er svo mögnuð og rótgróin, að það er ekki að furða, þótt menn þreyi þann dag, að hún veltist úr sessi, enda er þess nú vonandi skamt að bíða, að svo verði.

Þá sagði hæstv. forsrh., að jeg færi með Gróusögur í sambandi við landhelgisgæsluna. Þetta eru óforsvaranleg orð, því að allir menn hjer í bæ og alstaðar úti um land, þar sem gæta þarf landhelginnar, vita það, að það er eins og fullkomið samband sje milli íslensku togaranna og stjórnarinnar. Hv. þm. Barð. (HK) og hv. þm. Borgf. (PO), sem báðir eru fylgismenn stjórnarinnar, hafa sagt, að íslensku togararnir væru verstu landhelgisbrjótarnir og að þeir teymdu erlenda togara inn í landhelgi. En hvernig stendur þá á því, að þeir sleppa altaf? Er það stjórninni að kenna? Það er einmitt gott fyrir hæstv. forsrh. að heyra það, að menn vita þetta, svo að hann geti hagað sjer öðruvísi eftirleiðis.

Hv. frsm. meiri hl. (JJós), var að dylgja eitthvað um þá fortíð, er jeg hefði gagnvart útgerðinni, en jeg leiði minn hest hjá því að skilja hans dularfullu röksemdir.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald)) fanst jeg nokkuð harður við sig, þá er jeg bar honum það á brýn, að hann legði það í vana sinn að kveikja óánægju, en þó kannaðist hann við, að þetta væri rjett. Þetta var nú virðingarverð samviskusemi, en þó tók hann aftur með þessu það, sem hann hafði sagt áður, að ef fólk væri ánægt, þá ynni það störf sín betur en ella. Nú segist hann vilja, að menn sjeu óánægðir.

Hann reyndi þá að bera það af sjer, að hann hefði farið með Gróusögur, en hvað eru það annað en Gróusögur að ófrægja rakalaust í augum útlendinga þá menn, sem eiga að halda hjer uppi landhelgisgæslu. Við aðra menn gat hann ekki átt, nema þá að hann hafi átt við þann mæta mann í landi, er segir skipunum fyrir verkum. Að stjórninni verður ásökunum hans eigi beint. En hann verður að kunna sig svo vel að vera ekki að glamra með það hjer í þinginu, að strandvarnarskipin sjeu hlutdræg í sínu starfi, sjái gegnum fingur við íslenska togara, en ofsæki útlendinga.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 137, frá öðrum minni hl. fjhn. (JJ), feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, IP, JJ, MK.

nei: EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, HSteins.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 118,1.a samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, MK, BK, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ.

nei: JJ, EÁ, EJ, GÓ, HSteins.

Brtt. 118,1.b samþ. með 8 shlj. atkv.

— 118,2.a—b samþ. með 8:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 118,3.a—b samþ. með 8:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.

6.—10. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 118,4 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 8:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 40. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 270).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 270).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er borið fram af stjórninni og hefir verið til meðferðar í hv. Ed. og tekið þar smávægilegum breytingum, sem voru fólgnar í því, að uppástunga stjórnarinnar um laun sumra af starfsmönnunum, 2. og 3. stýrimanns og fullgildra háseta, var færð ofurlítið upp. Jeg skal taka það fram, að aðalástæðan til þess, að stjórnin fer fram á, að laun skipshafnanna verði ákveðin með lögum, er sú, að það gefur miklu betri aðstöðu til þess að hafa hemil og reglu á breytingum launanna eftir því sem dýrtíðin í landinu breytist. Laun opinberra starfsmanna eru ákveðin með föstum grunnlaunum, sem ætlast er til, að geti staðist, þó að peningagildið komist í fast horf og

verðlagið lagi sig eftir því — og dýrtíðaruppbót, sem á að hverfa smámsaman þegar verðlagið lækkar. Er það mikið hentugra að hafa þetta ákveðið með lögum og fá þannig lækkaða krónutölu launanna, og er enda nauðsynlegt fyrir fjárhag ríkissjóðs, án þess að ríkið þurfi að standa í kaupdeilum, eins og á sjer stað um einkafyrirtæki, er verða að semja um sjerhverja breytingu á launum. Reynslan síðan launalögin voru sett 1919 sýnir, að það er ríkissjóði hagsmunamál að hafa laun opinberra starfsmanna lögákveðin og með þeirri tilhögun, sem jeg nú hefi lýst. Þar við bætist, að hjer er um stóran starfsmannaflokk að ræða á báðum skipunum, og er engan veginn rjett, að stjórnin upp á sitt eindæmi rjeði launakjörum þeirra án íhlutunar Alþingis. En Alþingi ber skylda til, þar sem hjer er um stóra starfrækslu að ræða, sem standa á til frambúðar, að taka þátt í ákvörðun launanna, með tilliti til getu ríkissjóðs og þeirri sanngirni, er ber að sýna þessu starfsfólki.

Þetta tel jeg nægja að segja að sinni og vil svo leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 607).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HK, HjV, JG, MT greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BSt, IngB, JörB) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg skal ekki tefja tímann fyrir hv. þdm.; þeim er öllum þetta mál kunnugt og þarf ekki að skýra það frekar en gert er í nál. Aðeins vildi jeg bæta því við, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefndinni; en hinsvegar er svo áliðið þingtímans, að við þurftum að koma nál. í prentun áður en til hans náðist. Veit jeg því ekki um afstöðu hans til málsins.

Hv. 1. þm. Rang. (KlJ) hefir aftur á móti nokkra sjerstöðu í nefndinni, sem hann mun gera grein fyrir.

Úr því búið er að gera þessa menn að sýslunarmönnum ríkisins með lögum, sem afgreidd voru frá hv. Ed. fyrir skömmu, þá leiðir af sjálfu sjer, að við verðum að ákveða þeim mönnum laun. Jeg get ekki trúað, að hv. þdm. vilji láta þingið aðeins tiltaka um skyldur þeirra, en rjettindi ekki.

Klemens Jónsson: Jeg hefi ekki skrifað undir þetta nál. meiri hl. fjhn. Er það ekki af því, að jeg hafi neitt sjerlegt að athuga við þetta frv. eins og það liggur fyrir. Þvert á móti verð jeg að telja, að þessi laun, sem ákveðin eru skipherrum og öðrum á varðskipunum, sjeu við hæfi. Ástæðan fyrir því, að jeg hefi ekki skrifað undir nál., byggist á því, að jeg var á móti frv., sem búið er að gera að lögum áð-

ur, sem sje að gera alla skipverja, skipherra, kyndara og hverju nafni sem þeir nefnast, að sýslunarmönnum ríkisins. — Jeg greiddi atkv. á móti 1. gr. þess frv. þegar málið var til 2. umr. Og af því að jeg felli mig ekki við málið í heild, gat jeg ekki gengið inn á þetta frv. yfirleitt, en hefi þó eiginlega ekkert við það að athuga, úr því að hitt frv. er orðið að lögum.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg var ekki á nefndarfundi, þegar málið var afgreitt, en hefi að vissu leyti líka aðstöðu og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), — þá, að jeg mun greiða atkv. á móti frv. Það byggist einkum á þeirri gömlu hugmynd og góðu, sem þyrfti að athuga betur áður en þessu máli verður ráðið til lykta, nefnilega hvort ekki muni vera hægt að gera þessi varðskip ríkisins að skólaskipum í einhverri mynd. Jeg hefi minst á þetta við sjómenn, sem hafa tekið vel undir þennan möguleika og álíta, að gagn gæti af hlotist.

Af þessari ástæðu meðal annars mun jeg að þessu sinni greiða atkv. móti slíku frv. Jeg sje ekkert við það að athuga, að menn á þessum skipum sjeu nefndir sýslunarmenn, þótt ekki sjeu laun þeirra ákveðin í lögum. Eru margir sýslunarmenn í landinu, sem ekki hafa lögákveðin laun.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vildi aðeins út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) geta þess, að þetta frv. er engan veginn því til fyrirstöðu, að þessi skip verði gerð að skólaskipum í einhverri mynd, ef mönnum sýnist svo. Það er vegna þess, að lögin tiltaka ekki, hve margir þessir föstu starfsmenn eiga að vera á skipunum. Og jafnvel þótt svo færi, að t. d. væru þarna engir fullgildir menn, sem lögin svo kalla, þá fer það ekki í bága við þetta frv.; ef enginn starfsmaður er til í þessum launaflokkum, eru engum greidd laun.

Hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að í öllum starfsmannaflokkum á þessum skipum mundi nauðsynlegt að hafa einhverja fullvana menn, sem tækju laun eftir þessum lögum, jafnvel þótt skipin verði gerð að skólaskipum, eins og hv. þm. hugsar sjer. Því er það alveg rjettmætt að samþ. þetta frv., hvað sem þessari hugmynd líður.

Hjeðinn Valdimarsson: Hæstv. forsrh. (JÞ) sýndi ekki þá kurteisi að vera viðstaddur, þegar umr. um frv. um strandvarnarskipin fóru fram og jafnframt umr. um laun skipverjanna. Þá var þetta mál nokkuð mikið rætt, og tel jeg óþarft að fara lengra út í það. En það hefir greinilega komið í ljós síðan frá stjórnarinnar hendi, að tilgangur þessara laga er meðal annars sá, að fá á þessi skip lægra launaða menn heldur en yfirleitt á sjer stað á öðrum skipum. Sýnist helst vaka fyrir hæstv. stjórn að geta komið fjölda manna út á sjóinn með lægra kaupi, sem atvinnurekendur geti svo vitnað í. Það segir sig sjálft, að jeg er á móti slíkum lögum. Kaup háseta er samkv. þessu frv. um 100 kr. lægra á mánuði heldur en á öðrum skipum ríkissjóðs, þar sem kaupsamningur er gerður, og á Eimskipafjelagsskipunum.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu rjett hjá hæstv. forsrh., að þótt skip-

in væru gerð að skólaskipum, þá þyrftu að vera nokkrir vanir menn á þeim. Það á vitanlega við um yfirmenn og eins um eitthvað af hásetum, — jeg skal ekki segja, hve margir þeir eru. En þó liggur það í augum uppi, að ef allir eru gerðir að föstum starfsmönnum með ákveðnum launum samkvæmt því frv., sem hjer er um að ræða, þá tefur það mjög fyrir þeirri hugmynd, að gera skipin að skólaskipum. þótt slíkt yrði samþ. einhverntíma, mundi framkvæmd án efa tefjast meðan mannaskifti eru að verða. Skipaða menn er ekki hægt að losna við nema þeir fremji afglöp. En sá ávinningur, sem mætti af því verða að gera skipin að skólaskipum, er meðal annars það, að fá þarna ódýran vinnukraft handa ríkinu.

Hákon Kristófersson: Það var alveg rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að hæstv. forsrh. (JÞ) var ekki hjer við, þegar málið var seinast til umræðu, og er síður en svo, að ástæða sje til að ásaka hann fyrir það, þar sem hann var bundinn við umr. í hv. Ed. Einnig var rjett hjá hv. sama þm., að þetta mál var tekið dálítið til umræðu í sambandi við annað mál.

Jeg benti þá á það í mínum stuttu ummælum um það mál, að mjer væri það algerlega hulið, hvers vegna ekkert samræmi væri í þeim lagaákvörðunum, sem gerðar eru gagnvart þeim mönnum, sem eiga að vera á þessum svo kölluðu varðskipum, og á þeim skipum öðrum, sem ríkissjóður rekur, og heldur ekki í samræmi við laun manna á verslunarflotanum yfirleitt. Jeg hefi ekki tilhneigingu til þess að gera lítið úr þeirri viðleitni hæstv. stjórnar að fá þetta gert fyrir sem minst útgjöld. En jeg verð samt að halda því fram, að það sje alveg óframbærilegt, — svo fremi að ætlast er til, að hægt sje að fá sæmilega menn á skipin, sem er óhætt að slá föstu — alveg óframbærilegt að gera eins feykimikinn mun á launum og hjer er ráð fyrir gert.

Jeg hefi borið fram brtt. um þetta. Veit jeg ekki, hvað veldur, að þær eru ekki komnar enn úr prentun, en væntanlega geta þær komið til atkv. við 3. umr.

Meiri hl. þeirrar nefndar, sem hafði málið til meðferðar, kemst svo að orði í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af aðalskilyrðunum fyrir góðum árangri er, að sem flestir skipverjar, og þó einkum yfirmenn landhelgisgæsluskipanna, geri starfið að lífsstarfi".

Hvernig getur maður nú vænst þess, að menn, sem þarna vinna, geri starfið að lífsstarfi sínu, ef á að fara miklu ver með þá hvað laun snertir heldur en menn yfirleitt í líkum stöðum? Það hefir verið á það bent í öðru sambandi, að nógu margir menn muni fást á skipin með þessum kjörum, og ætla jeg ekki að efast um það.

Jeg efast ekki um, að svo sje, en jeg geng út frá því, að reynt verði að fá sem best valda menn, og það er því harla undarlegt, ef launagreiðslan á að vera þannig, að sýnilegt er, að þeir geta ekki lifað af þeim launum. Á þessu stigi málsins mun jeg svo ekki ræða þetta frekar, en þegar brtt. mínar koma fram við 3. umr., mun jeg

skýra nánar mína aðstöðu. Þó vil jeg geta þess, að fáist ekki breyting á frv., mun jeg við atkvgr. fylla flokk þeirra manna, er því vilja granda.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil benda hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á það, að engir erfiðleikar verða á því að skifta um menn á skipunum, ef að því verður horfið að gera þau að skólaskipum. Í lögum um stöður þessara manna, sem afgr. voru frá þinginu, er ákvæði um, að þeir skuli ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, og auðvitað verður það ákvæði notað, ef með þarf.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) gat þess, að jeg hefði ekki verið viðstaddur umr. í deildinni um það mál. Það er rjett; jeg var þá bundinn í Ed., en eigi að síður kom jeg hjer og lýsti afstöðu minni til þeirra brtt., er snertu minn verkahring. Háttv. þm. (HjV) þykja launin of lág. Jeg get vel skilið það, því að hann mun ekki telja sig kominn á þing til þess að ríkissjóður og þegnar landsins sleppi með svo hófleg útgjöld, sem tiltækilegt er, og koma þessi ummæli hans mjer því ekki á óvart.

En launin eru í frv. ákveðin að minsta kosti eins há og þau, sem skipverjar eru nú ráðnir fyrir yfirleitt.

Reynslan hefir þannig sýnt, að það fást hæfir menn til þess að gegna þessum störfum, þótt launin sjeu ekki hærri, og að stöðurnar eru meira að segja eftirsóttar. Enda fylgja þeim ekki svo lítil hlunnindi, því að mennirnir hafa þarna ókeypis bústað og fæði, auk launa. Hitt kom mjer mjög á óvart, að heyra hv. þm. Barð. (HK) koma fram sem fyrirsvarsmann fyrir sömu skoðun. Þessir hv. þm. staðhæfa, að launakjör frv. sjeu rýrari en á íslenska verslunarflotanum. Ekki hefi jeg þó heyrt nein rök frá þeim fyrir þessum staðhæfingum sínum, svo sem samanburð á þessum launakjörum, eða því um líkt. Jeg vil bæta því við, að þó svo væri, að launakjör þau, sem tiltekin eru í frv., væru lægri en á skipum Eimskipafjelags Íslands eða verslunarskipum ríkisins, þá væri það ekki mikil sönnun, — því að hvernig gengur sá atvinnurekstur? Þolir hann að greiða það kaup, sem þar er greitt? Það er mjög tvísýnt, þegar þess er gætt, að skip ríkisins sigla með miklum halla, og fyrir Eimskipafjelagi Íslands gekk svo síðastliðið ár, að ekkert var afgangs beinum rekstrarkostnaði, ekkert til fyrir fyrningu skipanna, greiðslu á vöxtum af hlutafje o. s. frv. Afkoma þessi sýnir, að tilkostnaðurinn er of hár, og kaupgreiðsla þar er ekki rjettur mælikvarði.

Hjeðinn Valdimarsson: Hæstv. ráðherra kom snöggvast inn í deildina við umr. frv. og hjelt þar ræðu, sem hann hafði fyrirfram skrifað, en hafði engan mann heyrt tala hjer, og kom því eins og álfur utan úr hól.

Hann gat þess nú, að engin rök hefðu verið færð fyrir því, að launin, sem frv. tiltekur, væru lægri en á verslunarskipum ríkissjóðs.

Hjer voru lesnar upp tölur samkv. kaupsamningi háseta, kyndara, vjelstjóra og stýrimanna. Auk þess var bent á, að yfirmenn skipanna hafa rjett til eftirlauna án þess að greiða neitt sjerstakt og að hækkun á laun-

um þeirra er meiri en tiltekin var í stjfrv. Það er leitt að þurfa að láta þetta koma tvisvar í Alþt., vegna þess að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur umr.

Þá er það mjög undarlegt af hæstv. forsrh. að telja það sjerstakan kost, að skipverjar varðskipanna fái ókeypis bústað. Mjer er spurn, hvar eiga þeir að hafa bústað, ef ekki um borð í skipunum? Eða eiga þeir kannske að greiða sjerstaka leigu fyrir að fá að sigla með skipunum? Slíkt fyrirkomulag mundi vera einsdæmi í heiminum.

Hæstv. ráðherra (JÞ) gat þess, að rekstur Eimskipafjelagsskipanna og verslunarskipa ríkissjóðs væri ekki svo góður, að hann væri eftirbreytnisverður. Um strandgæsluskipin er öðru máli að gegna, þau ber ekki að álíta sem atvinnurekstur, enda eru strandvarnir ekki stundaðar til þess að afla ríkissjóði tekna, heldur til þess að verja landhelgina. Er því ekki hægt að færa þá ástæðu til að láta sjómenn á strandvarnaskipunum búa við lakari kjör en aðra sjómenn.

Um laun dönsku sjómannanna er það að segja, að þau eru lík launum hinna íslensku, og er samt enginn halli á rekstri Sameinaðafjelagsskipanna, svo að launahæð sjómanna á ísl. skipunum virðist ekki vera þess valdandi, að þau gefi ekki arð. Nei, hallinn hjá Eimskipafjelagi Íslands er stjórn þess fjelags að kenna, og jeg veit ekki betur en að hæstv. ráðh. (JÞ) sje í þeirri stjórn.

Hæstv. ráðh. gat þess, að mjer mundi annara um annað en að gera ríkissjóði sem ódýrast að fá menn á skipin. Þetta er alveg rjett; jeg lít svo á, að ríkissjóði beri að borga sómasamlegt verð fyrir vinnuna, sem sje nægilegt handa mönnunum til þess að framfleyta sjer og sínum, en að það sje ríkinu ekki samboðið að leita lægsta markaðsverðs á vinnunni, og nota jafnvel bolmagn til að koma kaupgjaldi einnar stjettar þjóðfjelagsins neðar en atvinnurekendum tekst. En það er hæstv. ráðh. að gera; hann er að reyna að lækka kaup yfirleitt hjá sjómönnunum. Það verður síðar vitnað í þetta frv., ef það nær fram að ganga, og hjer er því verið að ganga erindi útgerðarmanna, en ekki landsmanna í heild. Það munar ekki miklu fyrir ríkissjóð, þótt kaupgjald væri hærra, en það mundi tryggja betri menn og ánægðari á skipin, og þar af leiðandi öruggari strandgæslu.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson):* Mjer finst undarlegt, að það þurfi að deila svona mikið um kaupgjaldið og að hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. skuli halda því fram, að stöðurnar sjeu ósæmilega lágt launaðar. Hvað liggur til grundvallar slíkri skoðun?

Ef gerður er samanburður á launum þessara manna og annara starfsmanna ríkisins, finst mjer, að þeir megi vel við una.

Laun símritara í landi eru 1800 kr., en laun loftskeytamanna hjer eru 2300 kr. Laun presta eru 2000 kr. árlega og hjer hafa hásetar sömuleiðis 2000 kr. Auk þess hafa þeir að sjálfsögðu frítt fæði og líf þeirra er vátrygt.

Jeg held, að þegar minst er á laun starfsmanna ríkisins, þá megi ekki

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

taka einn flokk manna út úr og halda því fram, að hann sje lakar settur en þeir, sem atvinnu hafa hjá einstökum mönnum. Það verður að gæta þess, að þeir, sem eiga að greiða launin, eru oft ver á vegi staddir en þeir, sem eiga að veita launanum viðtöku. Hvað eru þeir margir, sem hafa miklu minni laun, en engin hlunnindi? Okkur hv. þm. Barð. ætti að vera kunnugt um, hve mikill fjöldi manna í kringum land alt stundar aðalatvinnu sína við smábátaútveginn og hefir helmingi lægra kaup. Háttv. þm. Barð. ætti að minnast þess, að það eru líka þessir menn, sem eiga að greiða sitt af launum skipverja á strandvarnarskipunum.

Í þessu sambandi mætti líta á, hvaða laun eru greidd við stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann hjer í bæ. Yfirmenn varðskipanna hafa 2000 kr. hærri laun en forstöðumaður stýrimannaskólans, sem þó er einhver mesti trúnaðarmaður sjómanna og hefir mesta ábyrgð allra þeirra, sem til sjómannastjettar teljast. Laun hans eru 3200 kr. að byrjunarlaunum, en hækka upp í 4000 kr., og auk þess hefir hann húsnæði, ljós og hita.

Annar kennari skólans hefir 2000 kr. að byrjunarlaunum, sem hækka upp í 3000 kr., eða nær því helmingi lægri laun en stýrimaður. Það mun erfitt að finna dæmi, þar sem laun sjómanna eru hærri en hjer segir, en þau dæmi skifta þúsundum, þar sem sjómenn verða við miklu lægri laun að búa.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil geta þess, að í mótatkvæði mínu liggur sú ósk, ef frv. þetta fellur, að þá verði fyrir næsta þing lagt frumvarp um, að skip þessi verði skólaskip.

Jeg kæri mig ekki um að setja þessa ósk mína fram í dagskrá, en kem með hana hjer.

Jeg er hræddur um, að við munum seint eignast skólaskip, ef við sameinum þau ekki strandvarnaskipunum.

Ólafur Thors: Þótt jeg sje frv. fylgjandi, hefi jeg látið það afskiftalaust, vegna þess að mjer hefir ekki fundist skorta rök þeirra manna, sem bera það fyrir brjósti. Að jeg nú vil gera örlitla athugasemd, er aðeins fyrir margítrekaðar fullyrðingar háttv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann heldur því fram, að ef frv. verði samþykt, verði það til þess að lækka kaup sjómanna yfirleitt. Hann mun aðallega hafa haft þar í huga sjómenn þá, sem vinna hjá Eimskipafjelagi Íslands og togarafjelögunum, og ef svo er, vinna langflestir þeirra manna, sem um ræðir, á togurunum.

Jeg hefi þann heiður að vera formaður fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda og jeg leyfi mjer að lýsa yfir því í nafni fjelagsins, að það mun aldrei hagnýta sjer þetta frv., þótt að lögum verði, til þess að lækka kaup sjómanna. Okkur útgerðarmönnum er það ljóst, að hjer er alt öðru máli að gegna, og það væri í alla staði ósanngjarnt af okkur að jafna okkar mönnum við starfsmenn varðskipanna, því að starf þeirra er annað og meira en á varðskipunum. Vænti jeg þess, að hv. 4. þm. Reykv. láti þessa yfirlýsingu mína valda því, að hann geti sætt sig við frv. og greiði því atkv.

Hákon Kristófersson: Hæstv. forsrh. (JÞ) furðar á afstöðu minni í þessu máli. Jeg vil taka það fram, að jeg hefi aldrei sagt, að launin væru ósæmileg, og jeg hefi virt þá viðleitni stjórnarinnar að spara.

Annað mál er það, að jeg hefi vítt það, að á tveim öðrum stöðum hjá ríkisstjórninni eru laun miklu hærri en hjer. Þá er það ekki rjett hjá hæstv. ráðh., að ekki hafi komið fram rök þessu til stuðnings. Jeg benti á þennan mismun, þegar málið var hjer til umr., og jeg vil enn á ný benda á, að t. d. 1. stýrimaður hjá Eimskipafjelagi Íslands hefir 530 kr. á mánuði, 2. stýrimaður 440 kr. á mánuði o. s. frv., og er það eigi svo lítill munur.

Hæstv. ráðh. benti á, að stöðurnar væru eftirsóttar, en jeg sje ekki, að meta eigi kaupgreiðslu eftir því.

Það, sem jeg hefi út á kaupgreiðsluna að setja, er, að það er ekkert samræmi í þessu. Nú þegar hæstv. forsrh. segir, að stöðurnar sjeu eftirsóttar, þá vil jeg spyrja: Eru stöður skipstjóra ekki líka eftirsóttar? Í 10. gr. frv. er ákveðið, að núverandi skipstjóri haldi launum sínum óbreyttum; ekki er samræmi í lækkunaráttina þar!

Þá fullyrði jeg, af því mjer er það vel kunnugt, að menn þeir, sem rjeðust á skip þessi í fyrra, höfðu von um líka launagreiðslu og hjá Eimskipafjelagi Íslands.

Háttv. þm. N.-Ísf. segir, að jeg haldi því fram, að launin sjeu ósæmilega lág, og mintist um leið á presta og símritara í þessu sambandi. Jeg get ekki sjeð, að laun skipverja á varðskipunum sjeu sambærileg við laun þessara manna, enda kemur þar fleira til greina.

Hann benti á, að við vildum taka einn flokk manna út úr. Það er einmitt gert í frv. Þar er vissum starfsmönnum goldið miður en öðrum í sömu atvinnugrein.

Jeg get ekki borið laun þessara manna saman við laun forstöðumanns stýrimannaskólans, sem hefir frítt húsnæði, ljós og hita. **(JAJ:** Það hafa þeir líka, ef þeir eru einhleypir). Nú, hefir þá hv. þm. N.-Ísf. ætlast til, að ekki yrðu aðrir en einhleypir menn og piparsveinar á þessum skipum? Hann virðist hafa gengið út frá því. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar; deildin mun hvort eð er á sínum tíma leggja sinn dóm á málið. En mjer finst einkennilegt, að nú á síðustu stundu finnur nefndin hvöt hjá sjer til þess að afgreiða málið, einkum þar sem á næsta þingi verða endurskoðuð laun allra embættismanna.

Treysti jeg stjórninni til þess að launa mönnum þessum ekki miður á þessu ári en lagt mun verða til á því næsta.

Þá er heldur ekki hægt að bregða mjer um það, þótt jeg sje andstæður launaákvæðinu, að jeg vilji íþyngja ríkissjóði með óþörfum útgjöldum. Jeg vil aðeins bera rjettlætið fyrir brjósti. Jeg geri ráð fyrir, að í þessar stöður verði ekki valdir aðrir en valinkunnir sæmdarmenn, og hæfir því ekki að fara ver með þá en aðra starfsmenn ríkisins. Læt jeg svo útrætt um þetta frá minni hálfu, þar til við 3. umr., er brtt. mínar munu fram komnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í fyrsta sinni í þessum umr. er nú komið með samanburð, sem hægt er

að hafa hendur á. Hv. þm. Barð. (HK) nefndi tvær tölur, þ. e. mánaðarlaun 1. og 2. stýrimanns á verslunarskipum Eimskipafjelagsins. Jeg vil gjarnan taka upp þennan samanburð, en geta verð jeg þess, að þessar tölur standa á ábyrgð hv. þm. (HK), því að jeg hefi ekki haft tækifæri til að ganga úr skugga um, hvort þær eru rjett tilgreindar. En gerum ráð fyrir því.

Samkvæmt orðum hv. þm. (HK) hefir 1. stýrimaður á skipum Eimskipafjelagsins 530 kr. í laun mánaðarlega. Jeg býst við, að hv. þm. miði við kauptaxta þessa árs, því að launakjörin munu hafa breyst eitthvað um síðustu áramót. En eftir frv. er 1. stýrimanni á varðeimskipum ríkisins ætlaðar 470 kr. í kaup á mánuði, er hann hefir gegnt starfi sínu í 8 ár, en það hygg jeg vera rjettari samanburð. Hjer er að vísu um 60 króna mun að ræða. En tvens ber að gæta: Í fyrsta lagi hlýtur kaup stýrimanna mjög að fara eftir stærð skipa þeirra, er þeir stýra, og það er mjög mikill stærðarmunur á skipum Eimskipafjelagsins og varðskipunum, og því er ekki nema eðlilegt, að stýrimenn á þeim síðarnefndu hafi mun minna kaup. Í öðru lagi hafa stýrimenn á skipum Eimskipafjelagsins æðimiklu erfiðari stöðu en stýrimenn á varðskipunum. Auk varðstöðu sem skipstjórnarmenn verða stýrimenn á verslunarskipum að hafa alla umsjón með móttöku og afhending farms í lest og úr á höfnum. Staða þeirra er að þessu leyti svo ósambærileg við samskonar stöðu á varðskipum, að mjer þykir þessi munur á kaupi ekki óeðlilegur.

Tökum 2. stýrimann. Hv. þm. (HK) sagði laun slíks manns hjá Eimskipafjelaginu 440 kr. á mánuði. En hjer eftir frv., mælt á sama mælikvarða og áður, 420 kr., þ. e. 20 kr. lægra en á verslunarskipunum. Ef tekið er tillit til aðstæðna, er það heldur ekki óeðlilegur mismunur. Jeg hygg, að háttv. þm. Barð. muni við nánari athugun á málavöxtum sannfærast um, að hjer er ólíku saman að jafna, og fallast á, að eðlilegt sje í samræmi við það, að stýrimannakaup á varðskipunum sje lægra heldur en á verslunarskipum Eimskipafjelagsins.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) gat þess, að lesnar hefðu verið upp tölur um þetta í sambandi við annað mál, sem heyrði undir annað ráðuneyti og jeg hafði því ekki talið mjer skylt að hlusta á. Upplýsingar, sem áttu við þetta frv., voru lesnar upp þá. Það er í meira lagi óheppilegt að blanda þannig saman tveimur óskyldum málum, og er hjer víti til varnaðar. En jeg hugsa, að jeg geti verið reiðubúinn hvenær sem er og hvar sem er til þess að standa í fyrirsvari fyrir launaákvæðunum í þessu frv., að þau sjeu ekki á neinu sviði óhæfilega lág.

Háttv. þm. Barð. sagði, að til stæði endurskoðun á launalögunum á næsta þingi. Hvað hæft er í því, veit jeg ekki. Það getur vel verið, að einhverjum hafi dottið það í hug, hvort sem úr því verður eða ekki. En verði svipaður hugsunarháttur ríkjandi þá sem nú hefir komið fram í ræðum hv. þm., þá mun þjóðin frekar óska eftir, að þeirri endurskoðun sje slegið á frest fyrst um sinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Á 81. í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 270, 628).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki tefja umr. til neinna muna. Jeg gat þess í gær, er frv. var til 2. umr., að jeg mundi bera fram brtt. Það hefi jeg gert, og eru þær á þskj. 628. Eins og þær bera með sjer, fara þær allar eða flestar í sömu átt: að hækka laun viðkomandi starfsmanna á varðskipum ríkisins. Hefi jeg með þeim viljað nálgast þau laun, sem greidd eru fyrir hliðstæðan starfa á öðrum skipum hjer innanlands. Þó eru sumar mínar till. talsvert fyrir neðan það, sem venja er að greiða fyrir hliðstæðan starfa á öðrum skipum.

Annars tala þessar tölur sínu máli betur en jeg mundi gera, og verða því hv. þdm. að gera upp með sjálfum sjer, hvort þær eru á rökum bygðar.

Grundvallarbreytingin í mínum till. er aðallega sú, að byrjunarlaunin hækki, og ætlast jeg til, að núverandi skipstjórar varðskipanna falli undir það ákvæði.

Til frekari skýringar skal jeg taka það fram, að um laun 1. vjelstjóra er hjer farið eftir skýrslum frá Vjelstjórafjelaginu, sem stjórn þess ljet mjer góðfúslega í tje.

Þó að með rjettu megi segja, að þessar till. mínar sjeu ekki til að spara fje ríkissjóðs og þó að jeg telji viðleitni stjórnarflokksins lofsverða hvað það snertir að draga úr gjöldum ríkisins, þá verður þó sá sparnaður að vera rjettlátur og á rökum bygður. Hvað viðkemur launum þessara manna, þá finst mjer, að hæstv. stjórn hafi numið þau of við neglur sjer og ekki gætt fullkomins rjettlætis, miðað við þau laun, sem greidd eru öðrum fyrir hliðstæðan starfa.

Annars læt jeg mjer þetta nægja, enda fáir orðnir eftir í deildinni til þess að hlusta á mál mitt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Brtt. hv. þm. Barð. (HK) á þskj. 628 og ummæli þau, er fjellu hjer í gær við 2. umr. málsins, hafa gefið mjer tilefni til að gera dálítinn samanburð á launakjörum starfsmanna á skipum Eimskipafjelags Íslands og á strandvarnarskipum ríkisins.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að við meðferð málsins í hv. Ed. voru laun 2. og 3. stýrimanns hækkuð lítið eitt frá því, sem lagt var til í stjfrv., en laun annara starfsmanna staðið óbreytt.

Nú er það svo, að yfirstýrimaður á öðru strandvarnarskipinu hefir 430 krónur á mánuði, en á hinu 446 kr. Á millilandaskipum Eimskipafjelagsins eru byrjunarlaun yfirstýrimanna 446 kr. á mánuði, eða nákvæmlega sömu mánaðarlaun og yfirstýrimaðurinn á Óðni hefir nú, en þessi laun Eimskipafjelagsins hækka upp í 530 kr. á mánuði, eins og þau eru nú.

Eftir frv. eru byrjunarlaun yfirstýrimanns 420 kr. á mánuði, en

hækka upp í 468. kr. á mánuði, miðað við þá dýrtíðaruppbót, sem greidd er í ár. En eftir brtt. hv. þm. Barð. eru byrjunarlaun 1. stýrimanns 480 kr. á mánuði, en hækka upp í 600 kr. á mánuði, og verður þetta þá miklu hærra en yfirstýrimaðurinn á Gullfossi hefir nú. (**HK**: Þetta er ekki rjett hjá hæstv. ráðherra samkv. mínum brtt.). Hámarkslaunin eru samkv. brtt. 5000 kr. á ári, og með 44% dýrtíðaruppbót, eins og nú er, svarar það til 600 kr. á mánuði, og þó að það sje, eins og áður er sagt, miklu hærra en Eimskipafjelag Íslands greiðir sínum mönnum, þá verð jeg þó að segja, að af öllum brtt. hv. þm. er þessi rjettlátust, af því að hækkað var við 2. og 3. stýrimann í hv. Ed. frá því sem var í stjfrv. En þessi hækkun við yfirstýrimann er samt of mikil.

Um hinar brtt. er það sama að segja, að jeg tel þær eiga engan rjett á sjer og að launin sjeu þar alt of há, miðað við það, sem Eimskipafjelagið greiðir fyrir hliðstæð störf, að jeg ekki beri saman launakjör flestra starfsmanna ríkisins. Laun 2. stýrimanns á varðskipunum eru nú 350 kr., en hjá Eimskipafjelaginu eru byrjunarlaunin 380 kr. og hækka upp í kr. 439,80 á mánuði, eins og þau eru nú, en 3. stýrimannslaun eru hjá Eimskipafjelaginu 293 kr., en hækka upp í kr. 328,80. Þetta er talsvert hærra en 1. og 2. stýrimaður hafa nú á varðskipunum, en rjettlætist með því, eins og jeg tók fram í gær, að Eimskipafjelagsskipin eru miklu stærri.

Eftir frv. eru byrjunarlaun 2. stýrimanns 372 kr. og 3. stýrimanns 300 kr. á mánuði, en þau hækka upp í 420 og 348 kr. á mánuði. Eftir brtt. hv. þm. Barð. eru byrjunarlaun 2. stýrimanns 408 kr. og hækka upp í 480 kr. á mánuði og 3. stýrimanns 300 kr., sem hækka upp í 420 kr. á mánuði. Þessi hækkun 3. stýrimanns upp í 420 kr. á mánuði getur ekki staðist, samanborið við mánaðarlaun 3. stýrimanns á skipum Eimskipafjelagsins, sem eru kr. 328,80.

Sama verður og uppi á teningnum að því er snertir laun hásetanna. Sem stendur fá hásetar á varðskipunum 218,75 kr. og á Eimskipafjelagsskipunum örlítið minna, eða 214,30 kr. á mánuði.

Eftir frv. eru byrjunarlaun háseta 240 kr., sem hækka upp í 264 kr. á mánuði. Eftir brtt. á þskj. 628 eru byrjunarlaunin sömu, en hækka upp í 300 kr. á mánuði.

Það má nú gera ráð fyrir, að menn verði yfirleitt fastir í starfi sínu á þessum skipum, og laun flestra þeirra hækki svo, að hámarkslaun verði greidd tiltölulega fljótt. En þau þola engan samanburð við það, sem Eimskipafjelagið greiðir sínum hásetum. Og einmitt þegar þessa er gætt, er síst þörf á því að hækka við vjelstjórana.

Þá ætla jeg að gera örlítinn samanburð við launalögin frá 1919 og nefna launakjör ýmsra starfsmanna landsins, og er þó sá samanburður athugaverður að því leyti, að þessir starfsmenn ríkisins í landi njóta ekki sömu hlunninda og þeir, sem eru á varðskipum ríkisins.

Jeg skal þá fyrst nefna fáein störf við landssímann. Þar hafa t. d. varðstjórar við ritsímann að byrjunarlaunum 2200 krónur, sem hækka upp í 3200 kr. Fyrsta flokks símritarar

hafa að byrjunarlaunum 1800 krónur, sem hækka upp í 2800 kr. Þessi launakjör fyrir vandasamt starf virðast fremur lág, samanborið við laun þau, sem hásetum og kyndurum á skipum ríkisins er ætlað, sem eru frá 2000 kr. upp í 2300 kr.

Og þannig mætti halda áfram að telja og nefna fleiri flokka úr launalögum okkar, sem eru lakar launaðir en ætlast er til með frv. þessu. T. d. mætti minna á póstaðstoðarmenn, sem hafa að byrjunarlaunum 1600 kr., er hækka upp í 2400 kr. á ári.

Jeg skal nú ekki gera þennan lestur lengri, en vil bæta því við, að það væri æskilegt að geta borgað starfsmönnum ríkisins sem ríflegust laun, en vitanlega verður ríkið í þeim efnum sem öðrum að sníða sjer stakk eftir vexti.

Annars held jeg, að þessar starfsmannastöður á varðskipum ríkisins þyki það eftirsóknarverðar, miðað við launakjör annara borgara þjóðfjelagsins, að engin vandræði verði að fá hæfa menn í þær.

Um þær brtt. hv. þm. Barð., sem snúa að skipherrum varðskipanna, mætti sitthvað segja, enda er aðstaða þeirra nokkuð sjerstök. Báðir þessir menn voru upphaflega ráðnir í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja og fengnir þaðan, og annar þeirra hafði sjermentun á þessu sviði, sem enginn annar Íslendingur hafði þá. En þá sjermentun verður að heimta af skipstjóra, sem stjórna á slíku skipi. Hætti þessir menn einhverra hluta vegna skipstjórn, verðum við að leita úr landi eftir mönnum á skipin, því jeg veit ekki til, að neinn maður sje nú innanlands, er þá sjermentun hefir, sem heimta verður af þeim, er slíkum skipum stjórna. Þess vegna álít jeg, að eins og stendur geti það verið varhugavert að samþ. síðustu brtt. á þskj. 628, um að 10. gr. falli niður.

Að lokum vildi jeg skjóta því til hv. þm. Barð., að ef hann vill fallast á að hækka aðeins laun 1. stýrimanns í samræmi við þá hækkun, sem gerð var í hv. Ed. á launum 2. og 3. stýrimanns, þá skal jeg vera honum hjálplegur og fara fram á við hæstv. forseta að gefa fundarhlje á meðan við komum okkur saman um skriflega brtt. Að öðrum kosti vænti jeg, að hv. deild felli allar brtt. á þskj. 628.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi aldrei ætlað mjer í kappræður við hæstv. forsrh. um þetta mál, og heldur ekki hefi jeg sagt, að mig furðaði á því, þó að hann hefði borið fram frv. þetta um launakjör starfsmanna á varðskipum ríkisins. Það finst mjer ekki nema eðlilegt, en á hinu hefir mig furðað, að þessi launakjör skyldu ekki sett hliðstæð því, sem tíðkast á öðrum skipum, er ganga hjer við land og eru gerð út af ríkissjóði.

Hæstv. forsrh. reiknar með 44% dýrtíðaruppbót, og þó hún sje það nú, geri jeg ráð fyrir, að hún lækki, og að þá lækki t. d. laun starfsmanna á skipum Eimskipafjelagsins eftir því.

Hann benti á, að báðir skipstjórarnir hefðu verið teknir frá Björgunarfjelagi Vestmannaeyja og lagði mikið upp úr þessari hernaðarsjermentun, sem þeir hafa.

Út af þessari sjermentun vildi jeg benda á, að það væri ískyggilegt

ástand, ef annar þessara skipstjóra dæi eða forfallaðist einhverra hluta vegna frá því að fara með skipið. Það yrði þá að liggja í höfn, því að vanti skipstjórann þessa miklu sjermentun, er ólöglegt að láta skipið annast strandvarnir. Eftir því hefir það þá verið lögleysa, er Einar sá, sem er 1. stýrimaður á Óðni, var látinn fara með Þór og handsamaði flesta togarana. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki þekkingu til þess að þrátta um þetta við hæstv. forsrh. En jeg hjelt satt að segja, að þetta út af fyrir sig í strandvarnarmáli okkar væri einskis virði.

Eins og jeg tók fram, er jeg hæstv. forsrh. ekki sammála hvað snertir dýrtíðaruppbótina. Eftir brtt. mínum líður langt árabil, þangað til þeir fá þessa hækkun.

Hæstv. forsrh. kom með það tilboð, að við gætum komið okkur saman um eina brtt. Jeg er altaf fús á að mæta mönnum, jafnvel þótt jeg þurfi að fara meira en miðja leið. Jeg mun því ganga að þessu tilboði hæstv. ráðherra (JÞ), svo framarlega sem það getur ekki orðið til skemda á öðrum brtt. mínum. En jeg verð að segja það, út af síðustu brtt. minni, sem hæstv. ráðh. telur óþarfa, að þau ummæli hæstv. ráðh. komu mjer mjög á óvart.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er misskilningur hjá háttv. þm. Barð., að ekki megi reikna með dýrtíðaruppbót 44%. það á einmitt að gera það, enda er það mönnunum í vil, því að þá var búið að taka lækkun hjá embættismönnum ríkisins, sem nam 12%. Lækkun Eimskipafjelags Íslands var 10%, og þarf því að lækka dálítið ennþá.

Þá er það ofmælt hjá háttv. þm. Barð., að það sje lögleysa, að stýrimaður fari með skip þessi um stundarsakir. Annað mál er það, að það er ekki löglegt, að hann sje skipherra að staðaldri. Honum er aðeins ætlað að gegna þeim störfum í forföllum skipherra, en þá er starf hans líka ábyrgðarmikið. Jeg kunni þess vegna illa við, að Ed. skyldi hækka um 200 kr. laun 2. og 3. stýrimanns, en ekki 1. stýrimanns, og gera þar með laun hans hlutfallslega lægri en stjórnin áleit, að þau þyrftu að vera.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 637) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 628,1 feld með 13:2 atkv.
— 628,2.a tekin aftur.
— 637 feld með 10:8 atkv.
— 628,2.b—6 teknar aftur, en teknar upp af 4. þm. Reykv. (HjV).
— 628,2.b feld með 15:1 atkv.
— 628,2.c feld með 15:1 atkv.
— 628,3.a—d feld með 14:2 atkv.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg leyfi mjer að æskja þess, að haft verði nafnakall um þær brtt., sem eftir eru.

Forseti (BSv): Það virðist óþarft, þar sem atkvæðamunur er svo mikill.

Brtt. 628,4 feld með 14:2 atkv.
— 628,5,a—b feld með 15:2 atkv.
— 628,6 feld með 15:2 atkv.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil geta þess, að það hefir ekki áður verið neitað um að viðhafa nafnakall, er þess hefir verið óskað.

Forseti (BSv): Það hafa aldrei verið teknar upp brtt. aðeins til þess að tefja tímann, enda má hafa nafnakall um frv. sjálft.

Hjeðinn Valdimarsson: Hæstv. forseti hefir engan rjett til þess að gera þm. upp aðrar hvatir til að óska nafnakalls heldur en þær, að þeir óski, að hægt sje skjallega að sanna afstöðu þingmanna til tillagnanna.

Frv. samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, BL, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HK, HjV, PÞ.

Sex þm. (BSt, HStef, IngB, JG, JörB, MT) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 639).

47. Varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh. (MG), sem er veikur, leyfi jeg mjer að leggja þetta frv. fyrir hv. deild og óska, að því sje vísað til allshn. að lokinni umr.

Jón Baldvinsson: Svo óþarft sem næsta frv. á undan var, þá er þetta þó hálfu óþarfara. Í þessu frv. felst ekkert annað en tildur og hjegómi, þar sem verið er að reyna að breyta sjómönnunum í sjólið konungsríkisins Íslands. Frv. væri blátt áfram hlægilegt, ef ekki byggi það undir, að verið er að reyna að koma upp dátaflokki í líku sniði og ríkislögreglan átti að vera. Mjer finst liggja í frv., að þetta sje meining hæstv. stjórnar. Þetta eiga að verða starfsmenn ríkisins, vinna eið að stjórnarskránni o. s. frv. — Jeg held satt að segja, að stjórnin hljóti að hafa ákaflega lítið að gera, fyrst hún leggur tíma í að semja slíkan hjegóma sem þetta. Það er auðvitað ætlast til, að þetta sjólið megi ekki gera verkfall. Það á að setja því skilyrði eins og í næsta frv. á undan. Í einu orði sagt er þetta frv. hjegómatildur, sem deildin ætti ekki að líta við, nema þá til þess eins að salta það í nefnd svo rækilega, að það sæi aldrei framar dagsins ljós.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara í deilur við hv. 5. landsk. út af þessu frv. Jeg vona, að heilsa hæstv. atvrh. batni, svo að hann geti sjálfur gert nefnd grein fyrir frv. betur en jeg hefi tækifæri til. Hv. 5. landsk. kom því reyndar upp núna í ræðu sinni, hvað það er, sem hann hefir á móti þessari löggjöf. Það er það, að menn-

irnir missi rjett til þess að gera verkföll, en þau eru stundum nokkuð kærkomið leikfang sumum þeim, sem ekki þurfa sjálfir að eiga þar hlut að máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 265).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefir haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. á þskj. 265 ber með sjer, felst nefndin í öllum aðalatriðum á það eins og hæstv. stjórn hefir gengið frá því. — Að mestu leyti nægir að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgir stjfrv. Nefndin felst á allar þær ástæður, sem þar eru færðar fram, enda virðist það svo sjálfsagt mál, að þeir, sem eru á varðskipunum, sjeu sýslunarmenn ríkisins. Jeg vil þó benda á eitt atriði, sem gerir það nauðsynlegt, að að minsta kosti skipherrar og stýrimenn sjeu opinberir embættismenn. Það er það, að þeir eiga að athuga stöðu skipa og segja til um það, hvort þau sjeu stödd innan landhelgislínunnar eða ekki. Og skýrslur þeirra um þetta eru þá, ef þeir eru opinberir sýslunarmenn, næg sönnun, án þess að unninn sje að þeim eiður, ef ekki er hægt fyrir sakborning að hnekkja þeim að öðru leyti. Hinsvegar hefir það hingað til verið svo, að þeir hafa orðið að staðfesta skýrslur sínar með eiði, ef nokkur ágreiningur hefir risið um það, hvort rjett væri frá skýrt. Ýmsar aðrar ástæður gera þetta einnig sjálfsagt.

Jeg vona, að öllum hv. þdm. sje það ljóst, að löggæslu af hendi ríkisins geta þeir einir leyst af hendi til langframa, sem eru opinberir sýslunarmenn. Hjá öðrum þjóðum er landhelgisgæslan framkvæmd annaðhvort af sjóliðinu eða af svonefndri sjólögreglu. Varðskipin hjá okkur hafa því sama starf á hendi eins og sjólögreglan hjá öðrum þjóðum.

Þær brtt., sem nefndin hefir leyft sjer að flytja, miða bæði að því að skýra ákvæði frv. og að tryggja rjett þeirra sjómanna, sem starfa á skipunum. Rjettarbót er það auk þess, sem frv. sjálft felur ótvírætt í sjer, t. d. ákvæðin um, að sjómennirnir skuli slysatrygðir og ákvæðið um frávikningu og um endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði. Nefndin álítur, að þessar brtt. sjeu til bóta og væntir þess, að hv. deild sjái sjer fært að ljá þeim lið.

Að öðru leyti eru ástæðurnar fyrir frv. þessu teknar fram í greinargerðinni, og sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka þær hjer í þessari framsögu.

Jón Baldvinsson: Jeg vjek að því þegar við 1. umr. þessa máls, að jeg teldi þetta mjög lítilfjörlegt frv. Jeg sje ekki, að það sje nokkur hlutur í þessu frv., sem hafi hina minstu þýðingu fyrir landið á nokkurn hátt. Hitt kann að vera, að ef hæstv. stjórn fær þetta frv. samþ. hjer á Alþingi, þá geti hún státað sig af því, að hún hafi komið sjer upp her. Það er þá ekki loku fyrir það skotið, að stjórnin geti

á heiðursdögum sínum látið þetta sjólið sitt „marsjera“ í land til þess að sýna sjer virðingarvott.

Hvað sjómennina, hásetana, snertir er frv. þeim beint til skaða eins og það er úr garði gert frá hendi hæstv. stjórnar. Það er auðsætt, að hæstv. stjórn hefir ekki haft hina minstu viðleitni eða vilja til þess að líta á hag sjómannanna. Það átti að svifta þá öllum rjetti, sem þeir hafa samkv. sjólögunum, og það átti ekki einusinni að slysatryggja þá. Þetta sýnir ljóslega, hve gersamlega rjettur þessara manna hefir verið borinn fyrir borð í huga og framkvæmd hæstv. stjórnar.

Mjer er sagt, að bæði þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og eins hitt, um laun skipherra og skipverja á varðskipunum, sje komið frá skipherrannum á Þór, og eins hefi jeg heyrt hinsvegar, að hásetarnir á skipunum sjeu mjög óánægðir með þessi frv. og telji þau flutt fram til að gera þeim skaða.

Það getur vel verið, að þessum skipstjórum þyki einhver fróun í því að komast í þingtíðindin og vera með sjerstökum lögum gerðir að embættismönnum ríkisins. En það mælir ekkert með því að taka hina aðra starfsmenn skipanna og gera þá að opinberum sýslunarmönnum. Því er haldið fram, að þetta glæði ábyrgðartilfinning þeirra, en mjer skilst nú, að hitt mundi fremur hafa einhver áhrif í þá átt, ef allar greiðslur til þeirra væru eigi skornar svo mjög við nögl sjer og þeir settir í launakjörum langt niður fyrir það, sem þeir myndu njóta hjá öðrum atvinnurekendum. Menn lifa ekki lengi á þeim hjegóma einum að vera kallaðir sýslunarmenn ríkisins. Það er góð uppbót fyrir skipstjórana, sem fá 1000 krónur á mánuði, en hinir eru settir langt niður fyrir stjettarbræður þeirra á verslunarskipunum, þó að þeir megi teljast embættismenn ríkisins og fái að vinna eið að stjórnarskránni.

Um till. hv. nefndar er það að segja, að þær munu flestar vera til bóta, þó að þær breyti engu í aðalatriðunum. Að ætla ekki að slysatryggja þessa menn og ætla að svifta þá vernd siglingalaganna, það gengur svo langt, að hv. nefnd hefir sjeð, að það var alveg óverjandi.

Að því er snertir frávikningarákvæði frv., þá þætti mjer gaman að vita, hvað þau þýða í 8. gr. frv. orðin „eða að öðru leyti“. — Ef til vill kann það að vera það, að sjómaður mæti ráðherra á götu og gleymi að taka til húfunnar, þá geti það valdið brottrekstri. Þesshättar óákveðið orðalag getur gefið tilefni til, að ýmsar merkingar sjeu lagðar í það; sem sagt, mjer þætti gaman að vita, hvað þessi orð eiga að merkja.

Jeg geri nú ráð fyrir því, að hæstv. stjórn hafi vald og mátt til að koma þessu frv. í gegnum þessa hv. deild, en jeg tel mjer skylt að benda á, hve frv. þetta er mikill hjegómi og hve ágeng hæstv. stjórn er við óbrotna verkamenn, en reynir að tildra sjer upp við „toppfígúrurnar“. Yfirmennirnir eiga að hafa óeðlilega há laun, en undirmennirnir rjettlausir og illa launaðir, og samt vill hæstv. stjórn halda því fram, að þetta glæði ábyrgðartilfinningu manna og trúverðugleik.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Fyrst ætla jeg að þakka hv. nefnd fyrir góða afgreiðslu þessa

frv. Um brtt. nefndarinnar hefi jeg það að segja, að jeg hefi ekkert við þær að athuga, þær sem voru gerðar í samráði við mig.

Út af orðum hv. 5. landsk. vil jeg benda á, að það var ekki ætlunin að láta vera að slysatryggja mennina, þó að ekkert sje um það í frv. Viðvíkjandi brtt. hv. nefndar vil jeg benda á, að þær hagga ekki í neinu þeim grundvelli, sem frv. er bygt á, og getur stjórnin því fallist á þær.

Jeg varð mjög hissa á ræðu hv. 5. landsk. Hann hafði engin rök fram að færa gegn frv. Ræða hans var ekki annað en hnífilyrði í garð stjórnarinnar og skósur um, hvað hún væri hjegómleg og hlutdræg. En hv. þm. forðaðist að koma nálægt því að rökræða málið.

Þetta frv. á að tryggja það, að áhöfn varðskipanna vinni eftir sömu reglum og aðrir sýslunarmenn landsins. Þessi skip eru lögregla á sjónum, og ekkert annað, og mennirnir eiga að vera starfsmenn þess opinbera. Það er mikil furða, eftir orðum hv. 5. landsk. að dæma, að hann skuli ekki koma fram með tillögu um, að allir lögregluþjónar í landi skuli vera einkennisbúningslausir og megi ekki vera sýslunarmenn þeirra, sem þeir eru ráðnir hjá. Hv. þm. hefir á þessum málum alt aðra skoðun en flokksbræður hans í öðrum löndum. Hann telur sig til sósíaldemókrata, en mjer er óhætt að segja, að annarsstaðar mundu sósíal-demókratar ekki setja sig upp á móti frv. eins og þessu.

Hv. 5. landsk. heldur því fram, að þetta frv. sje til óhags fyrir skipverja, af því að launin sjeu svo lág. Það eru engin ákvæði um laun í þessu frv., svo að þessi ástæða er næsta bágborin. Um launaatriðið er búið að afgreiða annað frv. frá þessari deild, og þótt það því komi ekki þessu máli við, er rjett að benda á, að mönnum finst síst verra að vera á þessum skipum en öðrum, ef dæma má eftir hinni miklu eftirsókn eftir að komast á þau. Enda verður að athuga, að varðskipunum er haldið út árið um kring, svo að þetta er föst atvinna, og mennirnir vilja gefa mikið fyrir að hafa ríkið fyrir húsbónda. Þó að ríkið launi lágt, þá er þess atvinna trygg og því ferst vel við sína starfsmenn.

Hv. þm. kvaðst hafa frjett, að frv. væri gert eftir tillögum skipstjórans á Þór. Já — þeir gera mikið að því, hv. 5. landsk. og hv. flokksbróðir hans (HjV) í Nd. að bera inn í þingið sögur, sem þeir hafa frjett hingað og þangað og geta svo ekki staðið við, þegar til þess kemur. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, sagði þessi hv. flokksbróðir hv. 5. landsk. um daginn þá sögu á fundi í Nd., að skipherrann á Óðni hefði viljandi slept 20 togurum úr landhelginni. Skipherrann segir, að enginn fótur sje fyrir þessu, og nú svíður honum sárast, að sá, sem hefir leyft sjer að bera fram opinberlega þessa svívirðilegu aðdróttun, skuli sitja í skjóli þinghelginnar. Annars er ekki nema sjálfsagt að ráðgast um þetta mál við skipherrana á varðskipunum, hvort heldur er á Þór eða Óðni, og það hefir verið gert. Stjórnin fer ekki að eins og hv. 5. landsk. í fyrra, þegar hann bar fram frv. um iðnaðarnám, en skeytti ekkert um að afla sjer upplýsinga hjá hlutaðeigandi aðiljum, sem

áttu að búa við þau kjör, sem frv. ráðgerði, og afleiðingin varð sú, að frv. var hin mesta ómynd.

Hv. þm. sagði, að mennirnir á skipunum væru óánægðir. Jeg hefi ekki orðið var við það, en flestir starfsmanna ríkisins eru óánægðir með laun sín. Það er nú einu sinni svo, að ríkið launar lágt, en þess stöður eru tryggar. Það væri því ekkert sjerstakt fyrir þessa menn, þó að þeim fyndist laun sín fulllág.

Það er ákaflega leiðinlegt að heyra hjer í þingsalnum, að verið sje að brigsla yfirmönnum varðskipanna um fordild og hjegómaskap. Jeg get ekki verið að svara því. Það kemur ekki þessu máli við, enda leggur enginn maður trúnað á slíkt gaspur. Hv. þm. sagði, að það væri stefna stjórnarinnar að launa þeim hæst, sem hæst væru settir, og vítti það mjög. Auðvitað launar stjórnin þeim hæst, sem hæst eru settir og mesta hafa ábyrgðina. Það er síður um allan heim og verður sjálfsagt ekki öðruvísi, fyr en hv. 5. landsk. er kominn til valda og snýr þessu við.

Það hefir mikla þýðingu að gera þá menn, sem eiga að taka sökudólga í landhelgi og framkvæma þar að lútandi sjómælingar, að opinberum starfsmönnum, svo að þeirra framburður hafi fult gildi og sömu þýðingu og annara embættismanna, og þeir því þurfi ekki í hvert sinn að vinna eið að skýrslum sínum.

Hv. þm. gerði fyrirspurn út af 8. gr. Hann spurði, hvað þýddu orðin „að öðru leyti". Í gr. stendur: „Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti". Það geta sem sje verið skyldur, sem ekki eru umtalaðar í reglunum. (**JBald:** Já, eins og t. d. að taka í húfuna fyrir hæstv. ráðh.). Hann er ákaflega hræddur við það, hv. 5. landsk., að stjórninni verði sýnd virðing, og er það víst af því, að hann hefir komist að því, að stjórnin er víða mikils metin, en fyrir þennan ótta hv. þm. get jeg ekki sjeð ástæðu til að breyta frv.

Jón Baldvinsson: Hæstv. ráðh. (MG) hefir ekki fært fram neinar sannanir fyrir mikilvægi þessa máls. Það er ákaflega hlægilegt, og það veit jeg, að hæstv. ráðh. sjer, þegar hann athugar málið, að gera þá menn að starfsmönnum ríkisins, sem eiga að kynda undir kötlum skipsins, og láta þá vinna eið að stjórnarskránni. Hæstv. ráðh. segir, að mikil aðsókn sje eftir störfum á varðskipunum. Jeg skal ekki rengja það, en það sannar ekkert, því það hafa verið svo erfiðir tímar undanfarið og atvinnuleysi svo mikið, að menn eru aðþrengdir eftir langar landlegur síðan í fyrravor. Það má vel vera, að í bili megi fá nóga menn, en ekkert er líklegra heldur en að fólkið sópist burt af skipunum aftur, ef nóg atvinna verður. Og ef varðskipin borga ver en skip einstakra atvinnurekenda, fá þau verra fólk, en það er auðvitað þvert ofan í tilgang stjórnarinnar með þessu frv.

Hæstv. ráðh. og hv. frsm. hafa báðir talað mikið um nauðsyn þess að hafa þessa menn sem lögreglumenn, en það er alveg nægilegt að hafa þá menn, sem eru yfirmenn, sem lögreglumenn eða sýslunarmenn ríkisins. Hitt er ekkert annað en tildur, að gera alla menn-

ina að embættismönnum, og er bara tilraun til þess að koma upp vísi að sjóliði.

Hæstv. ráðh. sagði, að skoðun mín á þessu máli kæmi áreiðanlega í bága við skoðun flokksbræðra minna í öðrum löndum. En jeg hugsa nú samt, að ef þeir ættu að taka afstöðu til slíks frv. sem þetta er, þá mundu þeir setja sig upp á móti því. **(Atvrh. MG:** Það held jeg ekki). Jú, vissulega.

Hæstv. ráðh. játaði, að þetta frv. væri gert í samráði við skipherrana. Jeg bar fram, að það hefði verið gert í samráði við tiltekinn mann, skipherrann á Þór. Honum hafa í mín eyru af skipverjum sínum verið kendar þessar tillögur.

Allir, sem þekkja til sjómanna á varðskipunum, vita, að engir þeirra eru ánægðir með kjör sín nema skipherrar, ekki einu sinni stýrimennirnir. Hæstv. ráðh. sagði, að þessar tillögur væru gerðar í samráði við skipherrana, svo að saga mín er engin Grýusaga eða dylgjur. Enda skil jeg ekki, að hæstv. ráðh. líti á þetta mál sem neitt misindismál. Í hans augum er það mikill heiður fyrir skipstjórann á Þór að eiga þessar tillögur. Ef hann kallar sögu mína dylgjur, þá hefir óviljandi gægst sú skoðun fram hjá honum, að tillögurnar sjeu lítils virði. **(Atvrh. MG:** Það eru dylgjur frá sjónarmiði hv. 5. landsk.). Hæstv. ráðh. talar yfirleitt mikið um dylgjur gagnvart stofnunum og starfsmönnum ríkisins. Máli sínu til sönnunar nefndi hann áðan dæmi úr Nd. og tilfærði sögu, sem sögð hefði verið í skjóli þinghelginnar. En það getur oft verið nauðsynlegt gagnvart íhaldsklíkuskapnum til lagfæringar á hlutum, sem ekki er beinlínis hægt að sanna, en allir vita að eiga sjer stað, að bera slík ummæli fram á þingum þjóðanna, til þess að koma í veg fyrir, að klíkuskapurinn magnist, og upphaflega er þinghelgin gerð til þess. Hvers vegna var það, að íhaldið í Danmörku og Noregi fyrir nokkrum árum keflaði hvern einasta frjálslyndan ritstjóra fyrir að fletta ofan af íhaldsflokknum? Það var til þess að reyna að kúga þá til að koma ekki upp misindisverkum hans og hætta að tala um þau. Þess vegna er það sett í stjórnarskrár, að þm. megi bera fram ummæli í skjóli þinghelginnar, sem þeir mundu annars verða sektaðir fyrir. Það er einmitt rjettur þeirra, sem vilja fletta ofan af klíkuskapnum, að geta leyft sjer að segja ýmsa hluti í skjóli þinghelginnar. En hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að rifja upp í slíkum hlutum. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það sje hentugt fyrir hans flokk, þar sem þetta ákvæði er sett sem sjerstakur varnagli til þess að hamla upp á móti íhaldinu.

Jeg þykist hafa sýnt fram á, að hæstv. ráðh. hefir ekki gert annað í ræðu sinni í dag en að endurtaka það, sem felst í aths. frv., og að það er einskis virði bæði gagnvart þessum lögum og lögunum um laun skipherra og skipverja, því að þessi tvö mál verða að skoðast samhangandi.

Hinu get jeg ekki vikið frá, að þetta frv. er ekki annað en tildur og hjegómi, nema því aðeins, að fyrir stjórninni vaki, eins og raunar hefir heyrst frá hennar liði, að byrja þarna á ofurmjóum þveng til nýrrar ríkislögreglu. **(Atvrh. MG:** Hver hefir sagt það?). Það hafa margir sagt. Hvað felst í

frv.? Felst ekki í því, að gera á alla mennina að lögreglumönnum? Ekki einu sinni yfirmennirnir hafa verið það hingað til, og þó hefir alt getað gengið.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að ef yfirmennirnir væru embættismenn, þyrftu þeir ekki að vinna eið að skýrslum. Eru þeir þá öðruvísi settir en yfirmenn dönsku skipanna? Þeir hafa oft orðið að sverja í landhelgismálum. Er það þá ekki hrein vitleysa hjá hv. þm. Vestm., að þeir þyrftu ekki að sverja, ef þeir væru sýslunarmenn ríkisins? Dönsku yfirmennirnir hafa sem sagt þurft að sverja, þó að þeir sjeu embættismenn og vinni undir sjerstakri löggjöf sem hermenn eða lögreglulið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það, sem hv. þm. finst verst við þetta frv., er það, að skipverjar eigi að vera sýslunarmenn ríkisins. En hann kemur ekki fram með neinar mótbárur aðrar en þær, að þetta sje hjegómi. En mig grunar, að hjer liggi fiskur undir steini og að hv. þm. hafi eitthvað fleira við málið að athuga, sem hann vill ekki út með. Raunar er hann annað veifið hræddur um, að um sjóher sje að ræða, og þykir það óttalegt. En það er misskilningur. Jeg vil minna háttv. þm. á það, að hans góði flokksbróðir, hermálaráðherrann danski, kom hingað í sumar á stóru og miklu herskipi og fanst það ekkert ósæmilegt. Jeg hugsa, að ef hv. 5. landsk. verður ráðherra seinna meir, vilji hann feta í fótspor síns danska kollega og dubba upp á sjóher.

Annars er andstaða hv. þm. svo utan garna, að jeg get varla verið að svara honum. Hann spáir því, að fólkið sópist af skipunum. Það væri verst fyrir það opinbera. En jeg hugsa, að mönnum þætti það ekki einskis virði að hafa trygga stöðu.

Út af orðum hv. þm. um nauðsyn þess að segja ósannanlega hluti í skjóli þinghelginnar, vil jeg segja honum, að það er líka hægt að misbrúka þann rjett, og hann er ekki til þess, að óhlutvandir menn geti í skjóli hans borið á aðra svívirðilegar og ósannar getsakir. Sá, sem gerir þetta, misbrúkar hræðilega þennan rjett. Og ef því framferði væri beitt við hv. þm. (J-Bald), sem beitt hefir verið við skipstjórann á Óðni, hugsa jeg, að hann myndi finna til. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) getur ekki fært sínum svívirðilegu ásökunum nokkurn stað, og þær sverta vitaskuld hvorki stjórnina nje skipherrann á Óðni.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það kom mjer ekki á óvart, þó að hv. 5. landsk. færi að tala enn á ný um tildur og hjegóma í sambandi við þetta mál. Jeg var búinn að heyra þjóta svo í þeim skjá hjer á dögunum. Háttv. þm. finst frv. vera einstaklega fáfengilegt og enga þýðingu hafa fyrir landið, en bara vera til skaða mönnunum, sem eiga að búa við það, o. s. frv. Það er nú svo. Það er vitanlegur hlutur, að þessi hv. þm. er ákafur stjórnarandstæðingur, en hann ætti samt að viðhafa eitthvert hóf í ummælum um mál, sem snerta alt landið og alla þjóðina, eins og landhelgismálið gerir.

Þetta aukna eftirlit landhelgisgæslunnar hefir mætt mikilli andúð og

misjöfnum dómum hjá öðrum þjóðum, þeim, sem helst hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna aukinnar landhelgisgæslu hjer við land.

Það er í raun og veru ekki óeðlilegt, þótt kvartanir ýmislegar hafi komið fram, einkum þegar þess er gætt, að togaraskipstjórar, sem verða fyrir barðinu á varðskipunum, halla mjög oft frásögn sinni, þegar þeir koma heim til sín eða á þann vettvang, þar sem þeir álíta, að slík frásögn komi að gagni; en að þetta mál mæti þeirri kaldhæðni, sem kemur fram hvað eftir annað hjá þessum hv. þm. (JBald), það þykir mjer furðu sæta. Þessi kaldhæðni, sem hv. þm. sýnir málinu yfir höfuð, býst maður við að sje sprottin af því, að hv. þm. vill gera lítið úr yfirmönnum skipanna, þegar hann er að tala um tildur og hjegómaskap í sambandi við lagasetningu, sem er nauðsynleg, þegar um það er að ræða að koma hjer á laggirnar löglegri landhelgisgæslu, og með því að ala á sífeldri tortryggni gagnvart þessum mönnum. Hv. þm. hefir áður drepið á það, að þeir myndu ekki sýna litla hlutdrægni í sínu starfi, en núna veittist hv. þm. einkum að öðrum skipherranum fyrir það, að hann myndi vera hjegómlegur maður. Jeg skil ekki almennilega, hvert gagn þessi hv. þm. þykist vinna þjóð sinni með þessum ummælum; að því er snertir þann sjerstaka mann, sem hv. þm. var að tala um, þá get jeg fullvissað hv. þm. um það, að ef hann sjálfur er eins laus við hjegómlegt tildur í sínu dagfari eins og sá maður er, þá má hv. þm. vel við una, því að það er langt frá því, að skipherrann á Þór sje nokkur hjegómamaður eða tildursrófa. Hygg jeg, að hv. þm. (JBald) ætti þar heldur að hugsa um að mjela sína eigin köku. **(Atvrh. MG:** Það gerir hv. þm. (JBald) í Alþýðubrauðgerðinni). Þá fer ríkið heldur ekki varhluta af hæðni háttv. þm., þegar hann er í ræðu sinni að tala um þann vafasama heiður að vera starfsmaður ríkisins. Jeg býst, satt að segja, við því, að hv. þm. muni nú reyna að rökstyðja það betur, hvers vegna það beri að skoða þetta litla ríki, sem við erum borgarar í, þannig, að það sje vafasamur heiður að vera starfsmaður þess. En sú fullyrðing hv. þm. um það, að frv. væri hvergi til bóta þeim mönnum, sem ættu að vera á skipunum, hún kemur nú heldur en ekki í bága við stefnu hv. þm., því að jeg veit ekki betur en að hann telji vanalega öllum málum best borgið þannig, að ríkið hafi þau til meðferðar, því að ríkið á eftir kenningu hv. þm. að reka alt mögulegt. Þessu máli á nú að skipa á þann hátt, að allir menn á skipunum verði starfsmenn ríkisins, og virðist það því ekki eftir venjulegri kenningu hv. þm., að þeirra hlutur verði nokkru verri fyrir það, þótt þeir verði starfsmenn ríkisins.

Háttv. þm. mintist á sjólið í þessu sambandi. Það getur vel verið, að hv. þm. líti á þessa menn sem eitthvert sjólið eða sjóher, en nefndin gerir það ekki. Við höfum tekið það fram í nál. okkar, að við skoðum þá sem sjólögreglu, en ekki sem sjólið. Þessi óánægja, sem hv. þm. mintist á, og vitnaði þar til allra starfsmanna á skipunum, að skipherrum undanteknum, að þeir myndu geta staðfest, að

þetta væri svo. En jeg þekki líka nokkuð af þessum mönnum og hefi þekt þá í mörg ár og hefi haft tal af þeim síðan þetta frv. kom fram, og jeg hefi ekki orðið var við neina óánægju hjá þeim; en það getur náttúrlega hafa átt sjer stað, ef hv. þm. hefir verið að fiska eftir óánægju hjá þeim og verið að reyna að troða slíku inn í höfuðið á þeim, að hv. þm. hafi kannske getað fengið þá til að fallast á eitthvað þess háttar. (**JBald:** Komu þessir menn til hv. þm., eða kom hv. þm. til þeirra?). Jeg hefi hitt þá á förnum vegi, og af því að jeg þekki þessa menn sjerstaklega, og hefi oft hitt suma þeirra, síðan þetta frv. kom fram, hefi jeg átt tal við þá um það og ekki heyrt, að þeir væru neitt óánægðir, svo að jeg held, að þetta sje aðeins tilbúningur hv. þm., eins og hann oft leyfir sjer, og þá er það alt of auðvirðilegt að vera nokkuð frekar að elta ólar við hv. þm. (JBald) um þessa óánægju, sem ekki á sjer stað. En þetta mál er alls ekkert hjegómamál. Það hafa gengið nokkuð misjafnlega til þessa viðskifti Íslendinga að undanförnu við útlenda lögbrjóta hjer við land; við höfum margar frásagnir um viðureignir við þá, og það hafa komið fyrir nokkur slys í viðureigninni við þá, og þó hefir miklu oftar legið við meiri slysförum. (**JBald:** Og þess vegna hefir stjórnin ætlast til þess, að mennirnir væru ótrygðir). Því hefir verið haldið fram af útlendingum, að við hefðum ekki rjett til margs, sem við höfum gert, t. d. þegar skip hafa verið mönnuð út frá veiðistöðvum og lögbrjótarnir hafa í sumum tilfellum verið teknir fastir, en stundum tekist að sleppa. Þetta hefir stundum verið kallað ránskapur, þegar frá því hefir verið skýrt í útlöndum, og hefir ekki verið álitið viðeigandi athæfi, þar sem oft hefir verið vitanlegt, að regluleg lögregla hefir ekki verið að verki. En þegar við tökum lögreglueftirlitið í okkar hendur, þá er ekkert sjálfsagðara og eðlilegra heldur en að þetta eftirlit sje skipulagsbundið með löggjöf, þannig, að þetta á ekki að vera neitt íhlaupaverk, að einn maður sje sendur út á sjóinn í þetta skiftið og annar í hitt skiftið, heldur á það að vera sjálf lögregla ríkisins, sem að þessu starfar, því að nú er ekki lengur að ræða um hnefarjett, sem stundum liggur við, að hafi orðið að gilda í þessu máli, heldur reglulega löggæslumenn, sem eiga að líta eftir því, að þessi lög sjeu ekki brotin.

Það er víst óhætt að fullyrða, að af þeim málum, sem við höfum með höndum og snerta nokkuð aðrar þjóðir, mun ekkert mál vera nú sem stendur, sem er þess eðlis, að það geti valdið eins miklum ágreiningi og óánægju milli okkar og annara þjóða eins og einmitt eftirlitið með landhelginni. Sjer þá ekki hv. þm., að okkur er nauðsynlegt að láta ekkert ógert til þess að styrkja þá aðstöðu, sem þetta litla þjóðfjelag hefir í viðskiftunum við sjer margfalt stærri og sterkari þjóðir? Það má altaf búast við því, þegar landhelgiseftirlitið er komið í það form, að landhelginnar er gætt af vopnuðum skipum, að þá geti einhverra orsaka vegna komið einhver alvarleg atvik fyrir, t. d. slys, sem menn ekki geta við ráðið, og þá er ekki nema eðlilegt, að eftirgrenslan yrði hafin af hálfu útlendinga, eftir-

grenslan í þá átt, á hvaða hátt landhelgiseftirlitið væri framkvæmt og af hverjum það væri framkvæmt, hvaða mentun þeir menn hefðu, sem stæðu fyrir því, og hverskonar menn það væru. Útlendingum kemur ekki til hugar, að það sjeu aðrir en opinberir sýslunarmenn, sem hafa það með höndum. Kæmi það nú upp, að við t. d. hefðum til þess menn, sem enga sjermentun hefðu, er talin væri nauðsynleg í þessum efnum, hefðum menn, sem alls ekki væru sýslunarmenn eða opinberir starfsmenn, heldur blátt áfram leikmenn, þá er jeg ekki í nokkrum vafa um, að það myndi hafa alvarleg eftirköst fyrir þessa þjóð. Íslendingum yrði alls ekki liðið það að láta landhelgiseftirlitið vera í höndum annara manna en reglulegra löggæslumanna, og að því tilskildu, að þeir hefðu nauðsynlega þekkingu til að bera; þeim yrði alls ekki liðið að láta framkvæma þetta af öðrum en slíkum mönnum. Svo fremi sem nokkuð á bjátaði, myndi þetta komast strax upp, og jafnvel með tímanum, þótt ekkert sjerlegt kæmi fyrir, sem framkallaði það. Það er því svo fjarri því, að þetta skipulag sje nokkurt tildur eða hjegómi, að það er þvert á móti aldrei nauðsynlegra, að löggjafarvaldið veiti þeim mönnum, sem eiga að starfa að löggæslunni, hæfilega aðstöðu á sínu sviði en í sambandi við þetta mál. Þetta virðist mjer tæplega geta orðið að deiluefni hjá löggjöfum þjóðarinnar.

Háttv. þm. var eitthvað að tala um einkennisbúna menn, og það er eins og það sje þyrnir í hans augum, að þessir menn hafi nokkurn einkennisbúning. Vill hv. þm. þá, að lögregluliðið í landi hafi nokkurn einkennisbúning? Það er þó svo hjá öðrum þjóðum, að þeir, sem eiga að gæta laganna, eiga að vera einkendir frá öðrum mönnum, og jeg get staðfest það með dálitlu dæmi, sem komið hefir fyrir hjer við land. Í fyrra strauk togari, sem var í haldi í Vestmannaeyjum. Þar voru varðmenn um borð, en hann setti þá yfir í annað skip um leið og hann strauk. Í brjefi, sem jeg hefi sjeð frá skipstjóranum, þar sem hann er að „fóðra" það, að hann hafi strokið, telur hann það upp meðal annars, að hann hafi ekki getað sjeð það á mönnunum, að þeir væru starfsmenn lögreglunnar, af því að þeir hafi ekki haft neinn einkennisbúning. (**J. Bald:** Finst hv. þm. þetta rjettmæt ástæða?). Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi verið rjett, en jeg er aðeins að benda á, hvernig útlendingar líta á þetta atriði. Þeir eru óvanir því að sjá löggæslumenn án einkennisbúnings. Hv. þm. má ekki skilja mig svo, að jeg sje að verja framferði þessa manns, heldur að það má ekki eiga sjer stað, að útlendingar geti skotið sjer inn undir svona afsakanir. Jeg veit heldur ekki betur en að það hafi komið fyrir hjer á landi, að menn hafi þóst mega leyfa sjer ýmislegt við yfirvöldin, hafi þau ekki borið einkennisbúning í þann svipinn. Útlendingar, sem vanir eru meiri aga en við, leggja enn meira upp úr öllu slíku. Eftir að ríkið er búið að leggja í þann kostnað að kaupa og eignast strandvarnarskip og halda þeim úti til þess að halda uppi lögum og rjetti á landhelgissvæðinu, þá er það nærri því raunalegt að þurfa að standa í stímabraki hjer um það, hvort þeir menn,

sem halda eiga uppi lögum og rjetti fyrir okkar hönd, skuli hafa sömu aðstöðu og gerist hjá öðrum siðuðum þjóðum.

Hv. þm. var að tala um það, að jeg mundi ef til vill vera að fara með vitleysu, þar sem jeg gat þess, að meðal annars væri það nauðsynlegt, að löggæslumenn væru sýslunarmenn hins opinbera, vegna þess að skýrslur þeirra yrðu þá skoðaðar sem opinberar embættisskýrslur og því jafngildar sem væru þær eiðfestar, svo fremi að ekki væri hægt að hnekkja þeim með sönnunum. Jeg fór þarna með rjett mál, og mig furðar á því, að hv. þm. skuli ekki vita það, að skýrslur embættismanna eru lögleg sönnun án eiðstaðfestingar, þangað til hægt er að sanna, að þær sjeu rangar. Það getur verið, að hv. þm. hafi einhverntíma heyrt um það, að yfirmenn á dönsku varðskipunum hafi verið látnir sverja í landhelgismálum, en það hnekkir ekkert því, sem jeg sagði. Jeg býst við því, að í þau fáu skifti, sem það hefir komið fyrir, þá hafi það verið af því, að viðkomandi dómari hafi litið svo á, að sú aðferð væri æskileg, af því að hjer væri um útlenda en ekki íslenska embættismenn að ræða. Það er því fjarri því, að jeg færi hjer með neitt það, sem ekki gæti staðist, og haldi hv. þm. áfram að rengja orð mín, þá eru til menn í þessari háttv. deild, sem eru báðum okkur lærðari í þessum efnum og munu geta borið um það, hvor okkar hafi á rjettu að standa. Mjer kemur, eins og áður er sagt, leiðinlega fyrir sjónir andúð og kaldhæðni hv. þm. í garð landhelgisgæslunnar, því að jeg get ekki varist þeirri hugsun, að það er starfið, sem hv. þm. er að setja hornin í, þótt hann einn daginn beini spjótum sínum að hæstv. stjórn, annan daginn að löggæslunni og þriðja daginn að foringjum skipanna. Jeg er á öndverðum meiði við hv. þm., því að jeg álít sjálfsagt, að löggjafarvaldið stuðli að því að efla landhelgisgæsluna sem hægt er, og geri þetta starf þannig úr garði, að engin útlend þjóð þurfi að líta niður á þá opinberu starfsmenn, sem við sendum út á hafið, eða geti álitið þá standa lægra en sína eigin löggæslumenn að neinu leyti. Jeg vil gera okkar sýslunarmenn, að svo miklu leyti sem okkur er unt, færa um að halda uppi lögum og rjetti innan okkar landhelgi, eins og aðrar þjóðir láta sínum embættismönnum í tje lagavernd til þess að inna það sama starf af hendi við strendur sinna landa.

Út af ummælum hv. þm. um þann mikilsverða rjett alþingismanna að mega segja og benda á ýmislegt í skjóli þinghelginnar, sem annars varðaði við lög, vildi jeg mega minna á það, að vitaskuld hafa þingmenn þennan rjett, og það er sjálfsagt nauðsynlegt, að þeir hafi hann, en þessum rjettindum fylgir þó allajafna sú skylda, sem ekki liggur neitt ljettara á baki hv. 5. landsk. en annara þingmanna, að bera ekki taumlaust, jafnvel ekki í skjóli þinghelginnar, þeim mönnum sakir á brýn að ósekju, sem standa utan hennar. Til þess hafa þingmenn að vísu lagalegan rjett, en jeg býst ekki við, að nokkur þingmaður sje þannig hugsandi, að hann skoði sig lausan við siðferðilega ábyrgð á

því, hvernig hann fer með þennan dýrmæta rjett, nema ef vera skyldi hv. 5. landsk.

Forseti (HSteins): Það er komin fram skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 265, frá hv. 5. landsk. (JBald), svo hljóðandi: „Við 1. brtt. Í stað „svipuðum“ komi: sömu.“

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins mæla á móti hinni skriflegu brtt. frá hv. 5. landsk. Jeg sje enga ástæðu til þess að samþ. hana. Jeg býst ekki við, að kjör þessara starfsmanna verði neitt öðruvísi, þó að þessi brtt. verði feld og brtt. nefndarinnar samþ. eins og hún liggur fyrir.

Ingvar Pálmason: Jeg ætla aðeins að gera stuttlega grein fyrir atkv. mínu. Jeg viðurkenni auðvitað, að það er nokkur ástæða til þess að setja slík lög sem þessi. Jeg get þó ekki sjeð, að nauðsynlegt sje að ákveða, að allir starfsmenn skipanna skuli vera starfs- eða sýslunarmenn ríkisins. Og þó jeg, sem sagt, viðurkenni rjettmæti slíkrar lagasetningar að því er kemur til yfirmanna á varðskipunum, get jeg samt ekki gengið inn á frv. eins og það liggur fyrir. Jeg vil geta þess, að þar sem þessi hv. deild hefir nýlega afgreitt frv. um laun skipverja á varðskipunum með litlum meiri hl., og þar sem það er víst, að sá sami meiri hl. fylgir þessu frv. óbreyttu, þá sje jeg ekki, að það hafi neinn tilgang að vera nú að koma fram með brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir. Jeg hefi því ekki önnur úrræði en að greiða atkvæði móti frv. Það er ekki af því, að jeg sje í sjálfu sjer á móti slíkum lögum sem þessum, ef þau ná aðeins til yfirmanna skipanna, heldur af því, að jeg tel ekki nauðsynlegt, að allir starfsmenn skipanna, háir sem lágir, kolamokarar, matreiðslumenn og vikadrengir, komist á föst laun. Það er alveg óskylt mál, þótt menn vilji tryggja rjett þeirra, og má gera það á annan hátt en þennan. Jeg get því ekki verið með frv. eins og það nú liggur fyrir.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að blanda mjer inn í umræður þær, sem hjer hafa orðið. Jeg vildi aðeins fyrirbyggja þann misskilning, að jeg væri að öllu leyti á móti lagasetningu um þessi efni, þó að jeg greiði atkv. gegn frv.

Jón Baldvinsson: Jeg vil geta þess, að jeg hefi flutt skriflega brtt. við 1. brtt. nefndarinnar á þskj. 265. Er þar lagt til, að í stað „svipuðum“ komi „sömu“ reglum og hliðstæðir starfsmenn á öðrum skipum ríkisins og skipum Eimskipafjelagsins. Jeg vildi með þessu tryggja mennina fyrir því, að þetta ákvæði yrði ekki teygt af lögfræðingum eins og hrátt skinn. Þó að eitthvað sje talið svipað, þá er hætt við, að það geti orðið eins ólíkt og dagur er nóttu. Jeg vildi tryggja, að það yrði gert, sem ætlast er til eftir orðalaginu.

Hæstv. atvrh. (MG) lagði á móti þessari brtt. Mjer skilst, að það sjeu aðeins reglurnar sjálfar, sem hann hefir á móti. Hann ætlast ekki til, að mennirnir verði ver úti samt, þó að þetta sje haft. En þá skil jeg heldur ekki, hvers vegna hann er á móti þessu orðalagi mínu. Jeg veit, að sam-

vinnan er svo mikil milli Eimskipafjelagsins og ríkisins, að ef ríkisstjórnin kemst niður á eitthvað betra skipulag, þá muni hún láta Eimskipafjelagið verða þess aðnjótandi, sjerstaklega þá til þess líka að hafa gagn af því að því er snertir skip ríkissjóðs.

Jeg vil aðeins segja hv. frsm. (JJós) það, að það mislukkaðist alveg hjá honum, er hann vildi láta líta svo út, sem aðfinslurnar við stjfrv. og stjórnina sjálfa og „krítik" á yfirforingjum varðskipanna væri aðeins fjandskapur við landhelgisgæsluna. Jeg vil samt mótmæla þessu. Það er aðeins búið út til þess að komast hjá því, sem um er deilt. Jeg hefi altaf verið stuðningsmaður landhelgisgæslunnar og hefi viljað hafa hana góða og örugga. En jeg vil víkja því að hv. þm. (JJós), að flokksbræður hans hafa ekki altaf sýnt þá sanngirni eða þann skilning á viðleitni Vestmannaeyinga í björgunarmálunum, að það taki því fyrir hann að vera að hreykja þeim hátt. Íhaldið reyndi að spyrna á móti því máli, eins og það er vant að gera við öll mál í byrjun. Síðan vill það eigna sjer það að hafa komið þeim í framkvæmd og þykist hafa átt þau öll frá upphafi.

Jeg skil nú ekki röksemd hv. frsm. (JJós) um skýrslur embættismanna. Hann sagði, að þær væru skoðaðar sem sannar þar til annað kæmi fram. En þá kæmi eiður sýslunarmannsins til sögunnar. Jeg veit nú ekki betur en að lögregluþjónar, t. d. hjer í Reykjavík, verði oft að staðfesta framburð sinn með eiði. Jeg veit auðvitað ekki, hvort það er reglan, en það hefir þó oft borið við. Frv. fríar því sýslunarmenn ríkisins ekki við að vinna eið, enda mun það ekki borið fram með það fyrir augum.

Hv. frsm. talaði um þinghelgina og rjettindi þingmanna og þær siðferðilegu skyldur, sem þeim fylgja. En jeg er hissa á því, að háttv. þm. (JJós) skuli vera svo djarfur að vera að tala hjer um siðferðilegar skyldur, þegar á það er litið, hvernig flokkur hans hefir hagað sjer í þessu máli bæði innan þings og utan.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg skal aðeins geta þess viðvíkjandi brtt. frá hv. 5. landsk. (JBald), að nefndin sjer enga ástæðu til þess að breyta því, sem hún hefir lagt til. Við tókum það fram, er við ræddum við hæstv. atvrh. (MG) um þetta, að við ætluðumst til, að hjer yrði farið eftir svipuðum reglum og gilda nú um tryggingar skipverja á skipum Eimskipafjelagsins og ríkissjóðsskipunum. Það þarf jafnvel alla tortrygni háttv. 5. landsk. — og er þá mikið sagt — til þess að geta dregið það út úr orðalagi þessu, að tryggingarnar verði eins ólíkar og dagur og nótt. Nefndin hefir lagt þetta til í þeirri góðu trú, að tryggingarnar verði svipaðar. Og þegar við segjum „svipaðar", þá eigum við auðvitað við það, að þær verði eins líkar og unt er. Nefndin hefir enga ástæðu til þess að vjefengja, að stjórnin framkvæmi þetta á sínum tíma eftir þeim anda orðanna, sem brtt. ber með sjer. Jeg þarf svo ekki að svara háttv. þm. að öðru leyti. En sje svo, að hann beri þetta málefni fyrir brjósti, þá verð jeg að harma það, að hann hefir látið flokksofstæki hlaupa

með sig í gönur. En mjer finst, að í máli þessu hefði það verið viðkunnanlegast og rjettast, að eins og það var upp tekið með samþykki allra þingflokkanna, er ákveðið var að byggja strandvarnaskipið, þá ættu menn án tillits til flokkaskiftingar að hjálpast að við að koma skipulagi á framkvæmd þessa mikilvæga starfs. Jeg veit ekki, hvað verða kann. En þó þetta kunni að lukkast, þá hefir háttv. 5. landsk. (JBald) gert sitt til að leggja stein í götu málefnisins við meðferð þess á Alþingi. Jeg kannast ekki við það, að hv. þm. hafi neitt það til brunns að bera, sem gefi honum rjett til að bera nokkrum þingflokki, hvorki Íhaldsflokknum nje öðrum, á brýn siðferðilega spillingu. Til þess að geta það, verður hann að leggja hjer fram önnur gögn en tortrygnislegar getgátur og ofstækiskendar fullyrðingar. Jeg vík ekki frá því, að það gildir jafnt um alla þm., að um leið og þinghelgin ljær þeim rjett til þess að mæla hjer óátalið það, sem þeir annars þyrftu að sæta ábyrgð fyrir, þá fylgir því sú mikla siðferðilega skylda að nota ekki þennan rjett til þess að ausa saklausa menn sauri og gera þeim þungar getsakir, sem ekki geta borið hjer hönd fyrir höfuð sjer.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 299) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 299 feld með 8:4 atkv.

— 265,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.

2. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 265,2 samþ. með 8:3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 265,3 samþ. með 8:3 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 265,4 samþ. með 8:3 atkv.

— 265,5 samþ. með 8:5 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 265,6 samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.

7.—10. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 44. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 300).

Jón Baldvinsson: Eftir því sem jeg íhuga þetta frv. nánar, því betur sýnir það sig, hversu óaðgengilegt það er fyrir þá menn, sem undir því eiga að búa. Eins og ákveðið er í frv., þá verða þessir menn ekki undir siglingalögunum. Samkvæmt 5. gr. frv. fer engin skráning fram, sem þýðir það, að þessir menn, sem á varðskipunum eiga að vera, eiga ekki að vera ráðnir samkvæmt siglingalögunum. Hinsvegar ætlast sú grein til þess, að siglingatími hásetanna á varðskipunum sje tekinn til greina sem almennur siglingatími manna á öðrum skipum. Þetta eru öll þau rjettindi, sem þessir menn eiga að hafa, eða öllu heldur eru þeir sviftir öllum rjettindum, sem aðrir sjómenn hafa samkvæmt siglingalögunum.

Jeg sje þess hvergi getið í frv., að

sjómennirnir á varðskipunum eigi nokkurn rjett á því að fá greiddar bætur eða að fá styrk, ef þeir veikjast eða forfallast á einhvern hátt. Í siglingalögunum eru ákvæði, sem mæla svo fyrir, að ef sjómaður veikist, þá skuli hann njóta hjúkrunar á kostnað útgerðarinnar. En hjer er því eins farið og með slysatryggingarnar í hinu frv., að þessa menn á að svifta öllum gæðum, sem siglingalögin veita, og eintómar skyldur eru þeim á herðar lagðar í staðinn. Þetta eru alvarlegir gallar á frv., sem verður að lagfæra, ef frv. á að fara út úr þessari hv. deild.

Þá eru ákvæðin um, ef mönnum er vikið burt af skipunum, ekki eins nákvæm og í siglingalögunum. Það er alt komið undir geðþótta skipherrans, og sje manni vikið frá, þá á hann það undir náð ráðuneytisins, hvort hann nær rjetti sínum. Ráðherra sker úr í slíkum tilfellum, en mennirnir eru alveg rjettlausir. Stjórnarráðið ákveður „eftir atvikum", hvort endurgreiða skuli iðgjald, sem búið er að greiða. Það er lítill rjettur, sem þessum mönnum er veittur, að verða að sækja alt undir stjórnarráðið og skipherrana. Þessum mönnum getur sitthvað orðið á, eins og öðrum mönnum. Þá getur skipherra gengið strangt fram í því að refsa þeim.

Það er alkunna, að herforingjar eða lautinantar, sem aldir eru upp í hermenskutildrinu, eru mjög viðkvæmir fyrir yfirsjónum og vilja láta sýna sjer svo mikla virðingu, að ef undirmaður gleymdi að taka til húfunnar, yrði hann rekinn. Og svo gæti stjórnarráðið „eftir atvikum" samþykt, að hann væri brottrækur og skyldi ekki fá endurgreiðslu iðgjalda sinna. Sama er að segja um stýrimennina. Það þyrfti ekki mikið að vera, sem gæti valdið brottrekstri þeirra. Ef skipstjórum og stýrimönnum kæmi ekki saman um eitthvað, sumum skipstjóranna þætti t. d. nóg um, hve stýrimennirnir væru áfjáðir í að reka störf sín eða væru í ósamræmi við skipherrana á einhvern hátt, þá væru stýrimennirnir látnir fara og fengju engar rjettarbætur og ættu heldur enga kröfu á þeim.

Ef þingið afgreiðir þetta frv., þá eru í því heilar síður af óskrifuðum ákvæðum, er stjórnin á síðar að setja. Og enginn, hvorki þingmenn nje aðrir, fær að vita, hvaða reglur hún kann að setja um tilhögun alla og alt fyrirkomulag á þessum hlutum. Það er verið að láta þm. samþ. það, sem þeir vita ekkert um, því að engar skýringar hefir stjórnin gefið á því, hvaða reglur hún ætli að setja hjer að lútandi.

Í öðru lagi er verið að svifta þessa menn á varðskipunum margskonar rjettindum, sem löggjöfin hefir talið sjer skylt að setja til handa sjómönnum, með löngum lagabálkum, siglingalögunum og lögunum um atvinnu við siglingar. Þessir menn eru þannig algerlega settir á vald skipstjóranna og stjórnarráðsins, og þótt einhverjir meðal þeirra kunni að vera sanngjarnir og rjettlátir menn, þá geta þeir líka verið misjafnir. Og lögin eiga einmitt að miða að því að tryggja menn við atvinnu sína.

Svo er líka óbeint verið að svifta menn fjelagsrjettindum og „organisations"-rjettindum, en það þykir altaf hjá öllum siðuðum þjóðum vera hið

versta ranglæti og svartasta íhald. Stjórnarráðið skipar þeim í einu og öllu og þeir geta ekkert sagt um laun sín og kjör. **(Nokkrir þm.:** Þingið ákveður laun þeirra). Það er ekki þingið, sem framkvæmir lögin, svo að þegar þingið hefir slept þessum lögum frá sjer, þá veit það ekkert um það, hvernig þau eru framkvæmd. En þá kemur reglugerðin, sem leggur stjórnarráðinu og skipherrunum svo mikið vald í hendur, að mennirnir geta ekkert borið fyrir sig gagnvart því. Svo bætist hjer við fjárhagslegur skaði, sem vofir yfir þessum mönnum, sem burt reknir væru fyrir litlar eða engar sakir, að þeir missi 7% af launum sínum.

Mjer sýnist því, að hjer sje á ferðinni miklu iskyggilegri löggjöf en mjer virtist í fyrstu. Mjer virtist það mest vera tildur, en nú sje jeg, að það felur í sjer svo mikið harðræði, svo mikið ranglæti og svo mikla yfirdrotnun gagnvart þessum undirmönnum á varðskipunum, að jeg tel, að þingið ætti ekki að skiljast svona við þetta mál og fela stjórnarráðinu og skipherrunum svona mikil ráð yfir þessum mönnum. Íhaldið er oft að hæla sjer af því, að það hugsi jafnt um alla landsmenn, en þetta frv. ber þess ljósan vott, að það hugsar aðeins um tiltekna menn. Almenningur á ekki miklum rjettarbótum að fagna hjá Íhaldinu.

Vegna smíðisgalla á þessu frv. og vegna efnis þess og anda í heild á þingið ekki að samþykkja þetta frv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir nú við 3. umr. þessa máls verið að klifa á því sama og við 1. umr. Hann fullyrðir, að undirmennirnir á skipunum verði með öllu rjettlausir. En um leið fullyrðir hann, að embættis- og sýslunarmenn landsins sjeu rjettlausir, því að það er skýrt tekið fram í frv., að allir starfsmenn varðskipanna verði sýslunarmenn ríkisins. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. fær marga af sýslunarmönnum landsins og þingmönnum til þess að taka undir það með sjer, að þeir sjeu rjettlausir menn. Það er fyrst núna, sem jeg hefi heyrt þeirri kenningu haldið fram.

Hv. þm. mintist á yfirforingjana, sem hann taldi vera harla viðkvæma fyrir yfirsjónum. Hann nefndi engin dæmi um íslensku foringjana máli sínu til sönnunar, svo að þetta hlýtur að vera alment sagt um foringjana einhversstaðar annarsstaðar og viðkvæmni þeirra. En það er ekki hægt að hugsa sjer meiri viðkvæmni en þessi hv. þm. hefir gagnvart því, að aðrar reglur skuli vera settar um varðskipin og skipshöfnina á þeim heldur en þær, er settar væru, ef ríkið t. d. gerði út togara eða flutningaskip. Hv. þm. ætti að skilja það, ef hann vildi skilja það, að útgerð löggæsluskips, sem er undir umsjón stjórnarráðsins, hlýtur að verða hagað öðruvísi og aðrar reglur settar um hana en um útgerð fiskiskips eða flutningaskips.

Jeg hefi lítið heyrt getið um það, að skipstjórar varðskipanna misvirtu það við stýrimennina, að þeir væru áfjáðir í það að framkvæma skylduverk sín. Ef skáldskapurinn til þess að vekja andúð gegn þessu frv. gengur svo langt að kalla það yfirsjón að vera áfjáður í að framkvæma skylduverk sín, þá fer aðstaða og umtal þessa

hv. þm. um þetta mál að verða harla einkennileg.

Þótt reglum siglingalaganna alment sje ekki ætlað að gilda um þessa menn á varðskipunum, þá ber þess að gæta, að frv. gefur þeim þá aðstöðu að öðru leyti, að þau rjettindi, sem þeir missa við það að komast undir þau lög, sem hjer er verið að ræða um, vinna þeir upp við það að vera skoðaðir opinberir sýslunarmenn ríkisins.

Hv. 5. landsk. mintist á það, að ef sjómenn veiktust, þá hefðu siglingalögin ákvæði þar að lútandi. En hv. þm. veit þó líklega, að hægt er að benda á dæmi um það, að ríkið hefir ekki látið sýslunarmenn sína afskiftalausa í veikindum. Það er líka augljóst, að þótt nauðsynlegt sje, að settar sjeu ítarlegar reglur til tryggingar þeim mönnum, sem sigla fyrir útgerð einstaklinga, þá er ekki eins nauðsynlegt að setja jafnítarlegar reglur þar sem ríkisvaldið á í hlut. Hv. þm. hefir oft haldið því fram, að ríkið ætti að gera þetta eða hitt, þar eð það væri best trygt í höndum þess. En hjer kemur hann í bága við sjálfan sig, er hann lítur svo á, að ríkið sje ekki ótortryggilegra en jeg eða aðrir útgerðarmenn gagnvart sjómönnunum. Jeg álít, að stjórn og þing láti sjer með þessu frv. farast þannig við þessa sjómenn, að það, sem þeir missa við að vera ekki háðir siglingalögunum, vinni þeir með því að verða sýslunarmenn ríkisins.

Hinsvegar er mjer það ljóst, að á varðskipunum þarf að vera agi og regla í svo góðu lagi sem nauðsynlegt er. Það má ekkert draga úr því valdi, sem ríkisstjórnin og skipstjórarnir eiga að hafa. Þess vegna er nauðsynlegt, að settar sjeu reglur, sem tryggi það, að hægt sje að halda uppi góðum aga á þessum skipum. Jeg vil meira að segja halda því fram, að öll regla og tilhögun á varðskipunum eigi að vera í svo góðu lagi, að það sje til fyrirmyndar fyrir önnur skip, sem einstakir menn eða fjelög eiga. Það er ekki nema með röksemdafærslu hv. 5. landsk., að hægt er að draga ranglæti út úr þessu. Því það er öllum vitanlegt, að það er alveg nauðsynlegt, ekki hvað síst á þessum skipum, að vel sje haldið uppi aga og reglum. En hv. 5. landsk. hefir einhverja fyrirfram ákveðna afstöðu til þessa máls. Og jeg hygg, að honum sje enginn ójettur ger, þó að jeg segi það, að hann líti á málið velvildarlaust. Í síðustu ræðu sinni kom hv. þm. að því, sem jeg álít vera höfuðástæðuna fyrir mótstöðu hans gegn frv. — en það var, er hann sagði, að með frv. væru tekin öll fjelagsrjettindi af hásetunum á skipunum. Jeg skal játa það, að mjer er ekki allskostar ljóst, við hvað hv. þm. á með þessum orðum sínum, nema ef hann skyldi eiga við það, að með frv. þessu komast hásetarnir undir þau ákvæði laga, er gilda um opinbera sýslunarmenn að því er verkföll snertir. Jeg fæ ekki sjeð annað en að þeim sje heimilt eftir sem áður, þó að frv. þetta verði að lögum, að taka þátt í öllum þeim löglegum fjelagsskap, sem þeir vilja. En hitt er satt, að lögin um verkföll ná einnig til þeirra eins og annara sýslunarmanna ríkisins. En þessir menn eru ekki svo margir, þar sem að minsta kosti ennþá er ekki nema um 2 skip að ræða, og það virðast hafa stafað og stafa nægileg vandræði af verkföllum á öðrum sviðum atvinnulífs-

ins, þó að þessir fáu menn á varðskipunum bættust ekki við í hóp þeirra manna, er því vopni beita. Slíkt gæti orðið til þess um langan eða skamman tíma að stöðva alla landhelgisgæslu, til stórtjóns fyrir þjóðina. Jeg hygg, að fáir háttv. þingdeildarmenn, aðrir en hv. þm. (JBald), muni harma þá ráðstöfun.

Jón Baldvinsson: Það er mjög undarlegt, hversu litlar upplýsingar hægt er að fá frá háttv. frsm. (JJós) og hæstv. ráðh. (MG) um það, er snertir aðalefni þessa frv. Þeir vefja málið með því að tala um, hve góður húsbóndi ríkið sje o. s. frv., en neita að ræða hið meingallaða ákvæði frv., er setur menn þá, sem á varðskipunum vinna, skör lægra en stjettarbræður þeirra, sem vinna á skipum einstakra manna eða fjelaga. (**Atvrh. MG:** Að hverju leyti lægra?). Að því leyti, að í frv. er engin trygging sett fyrir því, að þeir fái neitt borgað, ef þeir veikjast, eins og gert er í siglingalögunum. Er leiðinlegt að vita, að hæstv. ráðh. skuli þurfa að fara að lesa frv. sitt að nýju nú við 3. umr. þess, til þess að sjá þá miklu smíðagalla, sem á því eru.

Háttv. frsm. sagði í sambandi við þetta atriði, að ríkið hefði ekki hingað til látið menn sína afskiftalausa í öllum tilfellum í veikindum þeirra. Það má vel vera, að þeim verði bætt eitthvað upp til bráðabirgða. En hvar er rjettur mannanna til þess eða tryggingu þeirra fyrir því, að það verði gert? Ekki í frv.; það verður algerlega undir geðþótta yfirmannanna á varðskipunum og stjórnarráðinu komið.

Hv. frsm. fanst það undarlegt, að jeg skyldi geta látið mjer detta það í hug, að komið gæti fyrir ósamkomulag milli skipverja og stýrimanna um skylduverkin á skipunum. Það er nú einu sinni svo, að yfirmenn vilja hafa vald sitt óskorað, sjerstaklega þeir, sem einhverja nasasjón hafa af herskipum, og rjúka þá oft upp á nef sjer, ef á þá er andað af undirmönnum þeirra, án þess að það sje nokkurt brot af hálfu þessara undirmanna í augum almennings. Það er því ekkert ólíklegt, að þessir yfirmenn með þennan stranga aga og reglu, sem háttv. frsm. talaði um, vísuðu mönnum brott, ef eitthvað lítilfjörlegt út af bæri, og að landsstjórnin, eftir tillögum þeirra, ljeti þá fara burt samkv. þessum lögum.

Það er ekki hægt að fá skýringu á því hjá hv. frsm., af greinargerð frv. eða frá hæstv. landsstjórn, hvernig háttað er um þetta atriði. En í 7. gr. frv. er talað um löggæslustarf og einkennisbúninga, sem auðvitað mátti ekki gleyma! Og þar er sagt ennfremur, að landsstjórnin geti sett reglur um hitt og annað. Hefði verið rjett, að hæstv. landsstjórn hefði gefið mönnum einhverja hugmynd um þessar reglur í lögunum sjálfum.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að regla og agi á skipunum eigi að vera til fyrirmyndar. Jeg vil á engan hátt telja úr því, en jeg tel þó mest um vert, að góð regla sje í starfinu sjálfu. Það er iðulega hægt að lesa í erlendum blöðum hlægilegar frásagnir um það, hversu smásmugulegir herforingjar eru í daglegum störfum sínum gagnvart undirmönnum sínum, þar

sem þeir eru dæmdir til refsingar eða fangelsis eða, ef um sjóliðsmenn er að ræða, til brottrekstrar af skipunum fyrir yfirsjónir, sem að engu snerta skyldustörf þeirra. Það þarf ekki að vera um nein brot á skyldustörfum þessara manna að ræða, þó að þeir geri sig seka um yfirtroðslur á þröngum reglum, sem settar eru hermönnum um það, hvernig þeir eigi að umgangast hjegómlega yfirmenn.

Hv. frsm. hjelt því fram um sjúkrastyrkinn til skipverja á varðskipunum, að engin ástæða væri til þess að ákveða neitt um hann með lögum, þar sem ríkið ætti í hlut. En jeg vil leyfa mjer að spyrja hv. frsm., hvers vegna það er ekki jafnnauðsynlegt að tryggja þessa menn gagnvart ríkinu eins og gagnvart einstaklingum. Jeg skal skjóta því að hv. frsm., vegna þess að hann dró það í efa, að jeg hefði það frá skipverjum sjálfum, að þeir væru óánægðir með launakjörin eftir frv. stjórnarinnar, að á milli 1. og 2. umr. kom til mín einn af hásetunum á Óðni og bar sig mjög illa yfir því, ef launakjör frv. yrðu samþykt, og svo mun vera um alla skipverjana nema skipstjórann. Og hið sama hefi jeg heyrt af Þór. Gæti jeg utan umr. skýrt hv. frsm. frá heimildarmanni mínum, ef hann óskaði þess, enda vona jeg, að hann verði ekki rekinn af skipinu fyrir agabrot, þó að hann bæri sig upp við fulltrúa Alþýðuflokksins á þingi um þetta mál. Annars held jeg, að heppilegra væri fyrir hv. frsm. að kynna sjer betur álit sjómannanna sjálfra á þessu máli, en fara minna eftir tillögum „reserve"-lautinantanna.

Hv. frsm. þóttist hafa fundið aðalástæðuna fyrir því, að jeg er á móti þessu frv., og kvað hana vera þá, að jeg áliti, að sjómennirnir á varðskipunum væru með frv. sviftir fjelagsrjetti sínum. Hv. frsm. hefir nú raunar játað, að svo sje, svo okkur ber ekki svo mikið á milli um þá staðreynd. En mjer finst það æðilangt gengið í frv., að mönnum þessum skuli ekki vera leyft að gera tillögur um launakjör sín, nje að gera samþyktir, er lúta að hagsmunum þeirra, og senda trúnaðarmenn sína með þær til stjórnarinnar. Þetta hefir verið gert, en þessir sendimenn hafa fengið svar frá stjórninni eitthvað á þá leið: Við tölum ekki við ykkur; það erum við, sem gerum út um þetta mál. — Með frv. á að svifta menn íhlutunarrjetti um kjör þeirra, og er það vitanlega gert vegna þess, hve erfiðir tímarnir eru og atvinnuleysið er mikið, því að hæstv. stjórn veit, að hægt muni vera að fá einhleypa menn til þessara starfa, þó að launin sjeu svo lág. En fjölskyldumenn líta svo á, að ekki sje hægt að sætta sig við þau launakjör, sem skipverjar eigi við að búa, nema í ítrustu neyð, og þeir hafa sagt, að þeir myndu skifta um stöðu, ef þess væri nokkur kostur.

Hv. þm. Vestm. hlakkaði mjög yfir því, að frv. útilokaði skipverja á varðskipunum frá því að gera verkföll, og kvað nóg vera um slíkan ófögnuð á öðrum sviðum atvinnulífsins hjer á landi. Það má vel vera, að meiri hl. nefndarinnar sje honum sammála í þessu efni. En jeg verð að telja það ranglátt að taka úr höndum manna hið eina vopn, sem þeir hafa til þess

að fá rjettmætum og nauðsynlegum kröfum sínum framgengt og til þess að geyma fengins rjettar og verja sig gegn yfirgangi þeirra, sem hafa hin fjárhagslegu og stjórnskipulegu völd í landinu. Annars held jeg, að verkfallslögin komi ríkinu að litlu haldi, þegar á herðir. Má í því sambandi minna á það, að einni embættismannastjett landsins tókst með samtökum sínum að kúga ríkið til þess að bæta kjör þeirra. Og símamenn hafa einnig eigi alls fyrir löngu ógnað ríkinu með fjelagsskap sínum. Þrátt fyrir það, þó að lögin banni starfsmönnum ríkisins að gera verkföll, þá geta þeir þó hætt starfi sínu. Hv. þm. veit, að þær till. eru ekki hátt skrifaðar í lýðfrjálsum löndum, er fara fram á það að svifta menn fjelagsrjetti þeirra. Það viðgengst hvergi nema í einvaldsstjórnarlöndunum, Ítalíu, þar sem Mussolini ræður einn öllu, Spáni og Balkanskaganum, — löndum, þar sem einvaldshafarnir láta skjóta niður andstæðinga sína, brenna prentsmiðjur þeirra, gera blöð þeirra upptæk, eða reka þá úr landi, þegar best gegnir. Þar eru mannrjettindin ekki mikilsvirði. En í Vestur-Evrópu er öðruvísi litið á þetta. En vera má, að afturhaldið hjer á hv. Alþingi sje svo mikið, að það líti eins á þetta eins og hv. þm. Vestm.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk. þótti upplýsingar stjórnarinnar og hv. frsm. litlar um frv. En því er nú svo varið, að hv. þm. spyr um þá hluti, er ekki koma máli þessu við. Hið eina svar, sem jeg get gefið hv. þm., er það, að hugmyndir hans um frv. eru sprottnar af hugarórum hans sjálfs.

Hv. þm. sagði, að mennirnir á varðskipunum væru ver settir en stjettarbræður þeirra á öðrum skipum. Jeg spurði hann að því þá, hvort hann vissi það ekki, að opinberir embættis- og sýslunarmenn væru ekki settir frá embætti eða starfi sínu, þó að þeir veiktust. Þeim eru venjulega greidd 3—6 mánaða laun, þegar slíkt ber við.

Þá sagði hv. 5. landsk., að yfirmennirnir á varðskipunum myndu halda undirmenn sína illa og að þeir mundu reka þá af skipunum fyrir smáyfirsjónir. En mjer er spurn: Hvar stendur þetta í frv.? Á máske að setja það í frv., að ekki megi vera agi eða regla á skipunum?

Þá kvað hv. þm. það mjög illa farið, að ekki skyldi nánar tiltekið í 7. gr. frv., í hverju reglan á skipunum ætti að vera fólgin, líklegast þá hvenær ætti að þvo skipin og hvernig skifta ætti verkum með skipverjum, og taldi, að þar sem þetta væri ekki beint tekið fram í lögunum, þá væri mjög hægt að misbrúka ákvæði 7. gr. Jeg hygg, að hann fái ekki marga á þá skoðun sína.

Þá mintist hv. þm. á óánægju skipverja út af launakjörum þeirra. Það má vel vera, að svo sje. En hv. þm. ætti að spyrja embættis- og sýslunarmenn yfirleitt, hvort þeir væru ánægðir. Hann mundi áreiðanlega fá þau svör, að þeir væru óánægðir. Það er nú einu sinni svo, að ríkið launar starfsmenn sína yfirleitt lágt, en á hinn bóginn er sú atvinna, sem ríkið veitir, trygg. Þó að hv. þm. viti um einn óánægðan mann, þá er sannleikurinn sá, að það eru margir menn, sem bíða eftir því að komast á skipin, vegna þess hve trygg atvinnan er.

Hv. 5. landsk. sagði, að verkfalls-

lögin hefðu litla þýðingu gagnvart embættis- og sýslunarmönnum ríkisins, en þó kveður hann það hina verstu goðgá, að frv. skuli svifta sjómennina á varðskipunum rjettinum til þess að gera verkfall eða ganga í þann fjelagsskap, sem þeir vilja. Samkv. verkfallslögunum eru embættis- og sýslunarmenn bundnir um það að leggja ekki starf sitt niður fyrirvaralaust, og samkv. frv. því, sem hjer um ræðir, verða sjómennirnir bundnir samkv. þessum lögum á sama hátt og aðrir sýslunarmenn ríkisins. Í þessu ákvæði felst aðalástæðan fyrir mótstöðu hv. þm. gegn frv., þó að hann hafi ekki farið að láta uppskátt um það fyr en nú við 3. umr. málsins. Ef skipverjar á varðskipunum gætu gert fyrirvaralaust verkfall um leið og hásetar fiskiflotans og gerðu það, þá yrði ástandið það, að allur íslenski togaraflotinn og varðskipin lægju á höfnum inni, en erlendir togarar mokuðu landhelgina í friði á meðan. Þetta ástand er það, sem hv. þm. berst óbeinlínis fyrir. Háttv. þm. þarf ekki að halda það, að hann vinni flokki sínum neitt gott með þessari andstöðu sinni. Því að á meðan skipverjar á varðskipunum standa utan við verkföll sjómanna, þá skiftir stjórnin sjer ekki af þeim verkföllum; ef þeir taka þátt í verkföllunum, þá hlýtur ríkisstjórnin að skifta sjer af þeim vegna hinna erlendu togara, er stunda veiðar hjer við land og ef til vill nota sjer aðstöðuna meðan á verkfallinu stendur til þess að taka upp fiskinn hjer við landsteinana.

Jeg skil það vel, að hv. þm. væri illa við, ef verið væri að koma hjer upp her, en svo er alls ekki. Heldur er með frv. aðeins um stofnun lögreglu á sjó að ræða.

Jónas Jónsson: Að jeg hefi ekki fyr tekið til máls um frv. þetta, kemur til af því, að jeg lýsti skoðun minni á þessu máli, er sysfurfrv. þessa frv. var á ferðinni hjer í þessari hv. deild fyrir skömmu.

Með þessu frv. er verið að stofna um 40—50 föst embætti, verið að þjóðnýta embætti landsins með því að stofna til ríkisrekstrar á starfsmönnum með æfilöngum samningi. Í frv. þessu er ein gr. — 2. gr. —, sem jeg tel ástæðu til að koma fram með mótmæli gegn. Jeg álít, að rjett væri og gleggra að taka það skýrt fram, að skipstjórar og stýrimenn á þessum skipum væru yfirmenn löggæslunnar í landhelgi. Það er í raun og veru það eina, sem þurfti að segja um valdsvið þeirra. Það er vitanlegt, að varðskipið Þór hefir tekið marga togara, bæði erlenda og innlenda, án þess að hann hefði nokkurt lögregluvald.

Jeg er jafnósammála hv. 5. landsk. (JBald) og hv. þm. Vestm. (JJós) um launakjör skipverjanna. Háttv. 5. landsk. var óánægður með það, að launin væru alt of lág, en hv. þm. Vestm. taldi þau a. m. k. nógu há. Jeg býst við, að sannleikurinn sje sá, að launin verði alt of há, þegar til lengdar lætur. Alt ástandið hjer á landi sýnist benda til þess, að alt kaupgjald muni hrapa niður. Þá hefir hv. þm. Vestm. gert skaða gagnvart framtíðinni með því að binda þetta í launalögum, því að þegar einu sinni er búið að ákveða launin, þykir altaf harðræði að lækka þau. Má í því sambandi

minna á aðstoðarlækninn á Ísafirði. Altaf hefir verið sótt fastara að hækka hans laun en lækka, þótt störfin sjeu ekki mikil. — Annars hefi jeg áður sýnt, að mikið af þessum launum er hægt að spara með öðru og heppilegra skipulagi. Þótt ekki væri nema sú eina ástæða færð gegn því að festa launin, held jeg að það væri varhugavert og færi í ranga átt. **(Atvrh. MG:** Hjer er ekki verið að tala um launin). Nei, að vísu ekki, en þetta frv. gerir skipverja að föstum starfsmönnum hjá ríkinu og er aðeins einn liður af sömu keðju og hitt frv.

Annars vildi jeg segja fáein orð út af þeirri hlið málsins, sem veit að löggæslunni. Jeg hefi áður leitt rök að því, að þetta frv. er til skaða, vegna þess að öll ástæða er til að óttast, að með tímanum sýni skipverjar minni árvekni, þegar þeir eru allir orðnir fastir starfsmenn. Annars hefðu þeir, sem eru í lægri stöðum, von um að hækka nokkuð fljótt, með því að sýna dugnað og trúmensku í starfi sínu, en þeir, sem ljelegri væru, mættu þá vita, að ekki þyrfti nema nokkurn veginn almenna vitneskju um, að þeir ræktu starf sitt linlega, til þess að þeir væru látnir fara. En við fasta embættismenn er ekki hægt að losna, nema á þá sannist mikil vanræksla. — Með lögum þurfti ekki annað að gera en að gefa yfirmönnum skipanna þá aðstöðu, að þeir gætu komið fram með fullu valdi og myndugleik gagnvart sökudólgum. En til þess sýnist ekki þurfa að binda þá við landið með æfilöngum samningi. — Þótt jeg líti ekki svo mjög á hina líðandi stund í þessu máli nje hina ungu reynslu, heldur geri mjer far um að horfa á málið frá miklu almennara sjónarmiði, sem veit að þeim tíma, sem fram undan er, vil jeg þó benda á, að fram hafa komið mjög alvarlegar kvartanir undan gæslunni á undanförnum árum, svo alvarlegar, að þær ættu að vera til aðvörunar gegn því að rasa fyrir ráð fram í þessu máli. — Jeg vil heyra skýringar hæstv. atvrh. og hv. þm. Vestm. á því, hvernig staðið getur á, að til er framburður frá 4 þm., alt stuðningsmönnum hæstv. stjórnar — **(JJós:** Kemur þetta nú einu sinni enn!). Já, það kemur einu sinni enn, því að þetta er merkilegur vitnisburður, þótt hann sje frá Íhaldsmönnum; máske er hann það merkilegasta, sem sumir þeirra hafa látið eftir sig á þingi. — Vitnisburður þessara manna er sá, að íslensku togararnir sjeu verstir af öllum með að vera í landhelgi, en þó eru þeir sárasjaldan teknir. Mig langar til að heyra skoðun hv. þm. Vestm. á þessu máli. Ef það hefir verið rjett, sem sagt var á þingi 1924, að íslenskir togarar reyndu mest á þolrifin í Barðstrendingum og Borgfirðingum, og einnig hitt, sem sagt hefir verið á þessu þingi, að tugir af íslenskum togurum hafi verið uppi í landsteinum við Snæfellsnes, og ef þar við bætist, að það hafi verið rjett, sem sagt var fyrir fám þingum af þáv. hv. 1. þm. G.-K. (Ág. Flygenring), að útgerðarmenn settu beinlínis dýr áhöld í skip sín til þess að geta verið rólegri í landhelginni, — þá stendur það eins og stafur á bók, að fulltrúar fyrir allar þær sýslur, sem mest koma í snerting við lögbrjótana, hafa kvartað, að fulltrúa Vestm. einum undanteknum. Þeir hafa allir borið íslenskum togurum herfilega söguna. En hversu oft

hafa þeir verið teknir af varðskipunum? Svo framarlega sem ekki hefir verið unt að finna íslensku skipin, þótt þau væru í landhelgi, verður að ganga svo frá, að það breytist. Skipstjórar varðskipanna verða að hafa stöðuga gát á þessum íslensku lögbrjótum. En haldi landhelgisbrotin samt áfram, er það ljóst, að eitthvað er í ólestri. — Þó ætti enn að vera nýjabrumið á rekstri þessara skipa; það eru alt ungir menn, sem stjórna þeim. Ef þeir eru nú þegar orðnir daufir og skeytingarlausir, hvað mun þá verða, þegar gamlir og værukærir menn eru komnir yfir strandgæsluna? — Jeg vil undirstrika, að það, sem hjer er verið að gera, er það versta, sem gert verður fyrir landhelgisgæsluna. Það er verið að undirbúa embættissvefninn þar sem annarsstaðar.

Jeg verð að segja, að fyr á árum, þegar Framsókn og Sjálfstæðismenn börðust gegn andstæðingum strandgæslunnar til að fá styrk handa Þór, þá hefði það þótt ósennileg spásögn, að Vestmannaeyjar mundu senda á Alþing fulltrúa, sem yrði bandamaður þeirra, er fremstir voru að níða Þór og viðleitni Vestmannaeyinga, og að sjálfur fulltrúi þeirra yrði potturinn og pannan í því að undirbúa embættissvefninn á varðskipunum. En þetta skipulag tryggir áreiðanlega nægilega mikla vörð á skipunum, þegar fram líða stundir.

Jeg vil benda á, hvað það sýnist vera gagnslítið fyrir rjettan gang þessara mála, þótt einn og einn íhaldsmaður sje þannig settur, að hann komist ekki hjá því að sjá misfellurnar á landhelgisgæslunni. Því að eftir þeirri ræðu, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) hjelt hjer í hv. deild, gat rökrjett afstaða hans ekki orðið önnur en sú, að hann greiddi atkv. á móti frv. Jeg býst við, að ekki þurfi að draga í efa, að hv. þm. hafi sjeð hiná einu hugsanarjettu afleiðingu af sinni ræðu, — en hann vissi að frv. mundi falla, ef hann greiddi atkv. á móti því. Þess vegna hefir hæstv. stjórn áreiðanlega lagt kapp á að fá hann til fylgis við frv. Aðeins þetta atvik — að einn stuðningsmaður hæstv. stjórnar ber svo þungar ásakanir á landhelgisgæsluna, en greiðir þó atkv. með frv., — sýnir, hvílíkt ofurkapp er á frv. lagt af hæstvirtri stjórn. En það eru hinir gömlu andstæðingar Þórs, sem nú fylgja hæstv. stjórn. Það voru nánustu pólitískir vinir hæstv. forsrh. (JÞ), sem lögðu fyrsta vísinum til innlendrar landhelgisgæslu verst til. Þá var álitið, að þetta stæði í sambandi við, að eigendur íslenskra togara væru svo mikils ráðandi í flokknum. — Af því að báðir hæstv. ráðh. eru nú inni í hv. deild, vil jeg biðja þá skýringar á, hvernig á því stendur, að svo margir núverandi Íhaldsmenn voru í fyrstu á móti innlendri landhelgisgæslu. E. t. v. hafa þeir verið hafðir fyrir rangri sök, en ef svo er ekki, mætti álíta, að þeir hefðu ennþá ekki skift um skoðun og mundu lítt harma, þótt deyfð væri í strandgæslunni. Það væri líka gaman að heyra, hvort skoðun Ágústs Flygenrings hefir verið rjett, að með loftskeytum væri togaraflotanum stjórnað í landhelginni. Væri fróðlegt að heyra, hvort nokkuð hefir verið gert til þess að hindra slíka misnotkun loftskeytanna. En ef sá vitnisburður er ekki rjettur, vil jeg vita, hví íslenskir togarar eru svo að segja aldrei teknir,

þótt samhljóða vitnisburður 4 íhaldsþingmanna sje fyrir því, að þeir sjeu verstir allra.

Halldór Steinsson: Hv. 1. landsk. (JJ) stefndi til mín nokkrum aths., sem gefa mjer tilefni til að segja örfá orð. — Honum virtist það illa geta farið saman, að jeg hefði fundið að landhelgisgæslunni, en þó greitt atkv. með frv. — Jeg tók það fram þegar í fyrstu ræðu minni, að jeg teldi frv. þýðingarlítið, en þó heldur til bóta og mundi því greiða atkv. með því. Þess vegna er í meira lagi hæpið af hv. 1. landsk. að álykta, að hæstv. landsstjórn hafi haft nokkur áhrif á atkv. mitt í málinu. — Jeg hefi sagt, að jeg teldi landhelgisgæsluna ekki nægа, þar sem jeg þekki til, en jeg fæ ekki sjeð, hvernig þetta frv. á að geta orðið til að spilla henni. Jeg verð því að vísa á bug öllum aðdróttunum um, að ekki sje hugsanarjett afstaða mín, — að viðurkenna vantandi landhelgisgæslu, en greiða þó atkv. með frv.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. hefir nú játað, að þörf sje á löggjöf um þetta atriði, og þykir honum það helst að, að landsstjórnin hafi gengið óþarflega langt í till. sínum. Er það alveg gagnstætt þeim mótbárum, sem fram hafa komið úr annari átt. Jeg hefi nú áður skýrt frá því, hvers vegna stjórnin fór svona langt í till. sínum, og sje ekki ástæðu til að taka það upp. Ekki sje jeg heldur ástæðu til að fara enn á ný að tala um laun skipverjanna. En þegar hv. þm. talar um, að hann hafi ekki viljað festa svona marga menn á skipunum, þá á hann sjálfsagt við þegnskylduvinnuhugmynd þá, sem hann vildi koma á um stýrimannaskólanemendur. Þótt jeg sje nú yfirleitt ekki andvígur hugmyndinni um almenna þegnskylduvinnu, er jeg þó eindregið á móti því að taka út úr eina fámenna stjett manna og leggja á hana þegnskylduvinnu. — Jeg álít, að það hlyti að teljast ósanngjarnt.

Hv. þm. (JJ) fann það að, að eftir frv. yrðu fastir menn á skipunum. Hann áleit betra að vera altaf að skifta um menn, og get jeg látið hann um það álit sitt. Jeg fyrir mitt leyti held nú, að miklu betra sje að hafa vana menn á skipunum, og þeir leysi öll störf fljótar og betur af hendi. — Ef kenning hv. 1. landsk. væri rjett, þá ætti enginn embættismaður að vera ráðinn nema til skamms tíma, en sú regla veit jeg ekki til, að nokkursstaðar hafi verið tekin upp.

Háttv. þm. (JJ) talaði um, að umkvartanir hafi borist út af landhelgisgæslunni. Mjer finst það nú síst að furða, þótt 2 eða 3 skip geti ekki varið alla strandlengjuna fyrir ásælnum togurum. Einnig þykir hv. þm. tekið of lítið af íslenskum skipum í landhelgi. Þetta virðist mjer vera heldur „ópatriotiskt" af honum. Mjer þykir þvert á móti ákaflega vænt um þetta, því að jeg veit, að skipstjórarnir á varðskipunum hlífa Íslendingum ekki fremur en öðrum, ef þeir hitta þá að veiðum í landhelgi. Þeir vita áreiðanlega, að landinu stafaði hætta af þesshátta framferði, ef það ætti sjer stað. — En landinu og sjálfstæði þess stafar hætta af þessum sífeldu brigslyrðum í þinginu í garð varðskipanna. — Út af

áburðinum á skipstjórann á Óðni vil jeg segja, að eftir að hann hefir birt leiðrjettingar í blöðunum er ákaflega hart að heyra aðdróttanirnar endurteknar enn á ný í þingsalnum. (**JJ**: Jeg nefndi ekki Óðin!). Ónei, en það mátti skilja, hvert skeytunum var stefnt. — —

Nú heyri jeg, að hringt er til atkvgr. um fjárlögin í hv. Nd., og verð jeg því að fresta máli mínu í bili. Vil jeg biðja einhvern að taka við nú í svip, ef forseta sýnist ekki rjett að fresta fundi.

(Forseti ákvað, að fundi skyldi frestað, meðan atkvgr. um fjárlög stæði yfir í Nd.).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg bjóst ekki við því, að við 3. umr. þessa máls yrðu eins miklar umr. um þetta frv. eins og orðið hafa. Enda hafa þær umr. lítið orðið annað en endurtekning á því, sem áður hefir verið sagt um málið. Á þetta sjerstaklega við ræðu hv. 1. landsk. (JJ). Jeg varð ekki var við, að þar kæmi neitt nýtt fram annað en áskorun sú til mín, sem hann kom með í lok ræðu sinnar. Úr því nú að hv. andmælendur frv. finna ástæðu til að halda umræðum áfram nú, þá er okkur hinum, sem fylgjum því fram, vorkunn, þó að við verðum að eyða tíma þingsins í að svara þeim.

Jeg þakka hv. 5. landsk. (JBald) fyrir það góða boð, að hann skyldi segja mjer nafn háseta nokkurs á Óðni, sem hefði komið til hans og sagst vera óánægður með væntanleg launakjör sín eftir þessu frv.; en jeg get sagt hv. þm. það, að jeg ætla mjer ekki að nota þetta boð hans, því að það er ekki nein nýjung, þó menn sjeu óánægðir með laun sín, hvort sem þeir eru embættismenn ríkisins eða aðrir. Það hefir borið á því nú upp á síðkastið sjerstaklega, að embættismenn hafa þóst verða varir við kreppu tímanna eigi síður en aðrir, og hefir mátt heyra, að þeir þykjast sitja við skarðan hlut. — Það er rjett hjá hv. þm., að starfsmenn skipanna verða — ef þeir verða gerðir að opinberum sýslunarmönnum — háðir þeim lögum, sem banna embættismönnum að gera verkfall, enda sje jeg ekki, að neitt gott gæti af því leitt, ef þeir gerðu það, heldur aðeins ilt eitt.

Hv. 1. landsk. (JJ) hjelt enn ræðu og kom enn með söguna um þessa 4 Íhaldsmenn, sem hefðu átt að bera það á íslensku togarana, að þeir væru aðsúgsmestir í landhelginni. Hvað mig snertir sem flokksmann þessara Íhaldsmanna er jeg vitanlega ánægður með það, hve mikið þm. virðist leggja upp úr orðum þeirra, af því að þeir eru Íhaldsmenn. Það virðist svo, sem þm. líti svo á, að það hafi tvöfalt sannleiksgildi, sem er sagt af Íhaldsmanni.

Hjá þessum tveim hv. andmælendum frv. skiftir nokkuð í tvö horn. Hv. 5. landsk. álítur laun skipverja eftir frv. alt of lág, en hv. 1. landsk. þykja þau of há. Framtíðin mun nú leiða það í ljós, hvort launin þykja of há, og hvað útgerðarkostnað skipanna snertir eru þau ekki svo há, að ástæða sje til að óttast það, enda er sjeð fyrir því með sjerstökum skattaálögum, að fje sje fyrir hendi til að standa straum af útgerð skipanna. — Það er þessi ½%, sem nýlega hefir verið bætt við útflutningstollinn, sem ætluð er til

þessa, jafnframt því að afla ræktunarsjóðnum tekna.

Þessar alvarlegu kvartanir, sem hv. 1. landsk. mintist á, yfir landhelgisgæslunni, eru víst aðallega þær, sem komu fram hjá hv. þm. Snæf. En þá var á það minst um leið, að á því tímabili, sem strandgæslunni við Snæfellsnes var ábótavant, hafi þær orsakir legið til þess, að Óðinn var í viðgerð ytra, Fálkinn í lamasessi og Þór einnig, að því er jeg veit best, einhverjum annarlegum störfum hlaðinn. Það var því töluvert öðru máli að gegna en þegar öll varðskipin hafa aðstöðu til þess að geta gætt landhelginnar. Sparnaðartill. þm. kemur í rauninni þessu máli ekkert við. En þegar það mál er orðið svo vel undirbúið sem vera ber, og þegar þeir menn, sem best skyn bera á þessi mál, telja það fært og geta mælt með því að flytja stýrimannaskólann um borð í varðskipin, þá útilokar þessi lagasetning enga möguleika í því efni. En eins og nú er ástatt, er engin leið að því að láta eina stjett manna inna af hendi þá þegnskylduvinnu, sem þm. vill láta nemendur stýrimannaskólans gera.

Það virðist svo, sem hv. þm. telji það sitt hlutverk, bæði utan þings og innan, að vera útgerðinni, einkum stórútgerðinni, þungur í skauti. Háttv. þm. gengur jafnvel svo langt, að hann reynir að umhverfa staðreyndum, til þess að líklegra verði, að honum verði trúað, þegar hann kemur fram með ásakanir sínar í garð þeirrar stjettar, sem að útgerðinni stendur. Háttv. þm. var stórorður um afskifti einstakra útgerðarmanna hjer í bænum, sem nú fylla Íhaldsflokkinn, af björgunarskipinu Þór, þegar það var keypt hingað, og vildi leggja það alt út á versta veg. En að halda því fram, að togaraeigendur hjer í Reykjavík hafi staðið á móti Björgunarfjelagi Vestmannaeyja á þeim tíma, er svo langt frá því að vera rjett, að það er þvert á móti algerlega ósatt. Því til sönnunar vil jeg geta þess, að af þeim 50 þús. kr., sem lagðar voru fram hjeðan frá Reykjavík til kaupa á björgunarskipinu, var meiri hlutinn frá togaraeigendum. Með þessu finst mjer útgerðarmenn hafa fullkomlega sýnt sinn góða hug til þess starfs, sem skipið hefir með höndum.

Þetta var hv. 1. landsk. áður kunnugt. Því að þegar hann áður hafði reynt að sverta þessa sömu stjett manna, var honum bent á þetta í blaðagrein af núverandi formanni Björgunarfjelags Vestmannaeyja, og jeg vona, að hv. þm. minnist þess enn. Hv. þm. taldi það furðu, að Vestmannaeyingar hefðu sent þann mann fyrir fulltrúa á þing, sem hefði gengið í bandalag við þessa menn, sem hann veittist að, og taldi, að þar hefði þetta mál einkum átt að koma til greina. Áskorun hv. þm. á mig um þessi efni get jeg vel virt að vettugi. En hv. þm. er fullkunnugt, hvað jeg hefi lagt til málanna síðan jeg kom á þing, og sá þingflokkur, sem jeg tilheyri, Íhaldsflokkurinn, hefir, vitanlega með stuðningi annara góðra manna hjer á Alþingi, komið strandgæslunni á þann rekspöl, sem hún nú hefir komist á. Þingsagan þessi árin er til vitnis um þetta. Og hvernig sem einstakir menn hafa litið á þetta mál í upphafi, þá hefi jeg sannarlega tal-

ið mjer skylt að ganga ekki framhjá neinum manni, sem hefir viljað vinna þessu máli gagn, hvort sem það hafa verið flokksmenn mínir eða aðrir.

Hv. þm. var að tala um, að samþykt þessa frv. væri það versta, sem hægt væri að gera fyrir strandgæslumálið; með öðrum orðum, það á að vera hinn mesti ógreiði málinu að semja skipulagsfrumvarp, sem grundvallar starfsemi varðskipanna. Svona ummæli og önnur slík frá þessum hv. þingmönnum (JJ, JBald) bera sannarlega ekki mikinn vott um pólitískan þroska þeirra. Hvort sem þeim er það sjálfrátt eða hjer er um óviljaverk að ræða, er það áreiðanlegt, að umræður þeirra um þetta mál hafa miðað að því að veikja landhelgisgæsluna í heild sinni með því að vekja tortryggni landsmanna á foringjum skipanna. Þeir hafa talað um þá sem hjegómagjarna menn og yfirdrotnunarsama og að yfirstjórnin væri ónýt. Slíkt tal miðar að því að veikja aðstöðuna inn á við, þá hliðina, sem veit að þjóðinni sjálfri. En hjer er ekki um svo volduga löggæslu að ræða, að hún megi við því, að við gerum sjálfir lítið úr henni að nauðsynjalausu eða kveikt sje andúð hjá landsfólkinu gegn varðskipunum og vakin tortryggni gegn því, að landhelgisgæslan sje sómasamlega af hendi leyst. Jeg held því fram, að þeir menn, sem að slíku vinna, geri málinu ekki lítið ógagn. Þeim mönnum, sem eiga að framkvæma landhelgisvarnirnar og björgunarstörfin, getur ekki staðið á sama um það, hvort landsfólkið trúir þeim til að leysa starfið vel og samviskusamlega af hendi eða ekki. Jeg held því fram, að ekkert hafi komið fyrir í starfsemi þeirra manna, sem nú stjórna varðskipunum, sem rjettlæti þær tortrygnisásakanir, sem hjer hafa verið bornar fram. Þó er ekki nema hálfsögð sagan um óleik þann, sem þessir háttv. þm. vinna málinu. Jeg hefi minst á þá hliðina, sem veit að þjóðinni sjálfri. En þeir vinna enn þá hættulegra verk út á við með því að vekja og halda á lofti orðasveim um það, að landhelgisgæslan sje leyst af hendi með hlutdrægni, að við hlífum samlöndum okkar við sekt eða hegningu, göngum á snið við þá, en látum lögin aðallega gilda fyrir útlendinga. En það er þetta, sem ráða má af ræðum þessara hv. þm. hjer og hjá flokksbróður þeirra í háttv. Nd. (HjV), þegar til umræðu var vantraust á stjórnina. Þeir ættu sjálfir að geta gert sjer ljóst, að það er ekki hægt að finna betra vopn en einmitt þetta til að leggja í hendur útlendra stórbokka, sem vilja halda því fram, að við höfum ekki rjett til að verja landhelgi okkar. Ekkert betra vopn verður þeim fengið til að afdæma rjett okkar en þetta, að lögin sjeu framkvæmd með hlutdrægni. Síðan Íslendingar fóru sjálfir að skifta sjer af landhelgisvörnum og reka þær með eigin skipum, hefir oft verið kvartað undan þeirri meðferð, sem útlendir togaraskipstjórar hafa þóst verða fyrir af hendi íslenskra yfirvalda. Það hefir verið reynt af hendi útlendinga að niðra strandgæslunni hjer og íslensku rjettarfari, svo að okkur hefir oft sárnað, hvílíkum reginfirrum hefir verið haldið fram í garð framkvæmdavaldsins hjer. Jeg hefi þó

hvergi rekið mig á, að þessir útlendu menn hafi leyft sjer að halda því fram, að varðskipin sleptu íslensku togurunum út úr landhelginni, en tækju þá útlendu. Enn hafa ekki slíkar ákærur komið fram. En hvers skyldi mega vænta, þegar íslenskir alþingismenn marghampa orðasveim um þetta, orðasveim, sem jeg álít algerlega staðlausan. Sjá nú ekki þessir hv. þm., á hvaða hættubraut þeir stefna þessu stórmáli, sem við verðum að viðurkenna, að er stór liður í sjálfstjórnarbaráttu okkar? Sjá þeir ekki, hve þessar Gróusögur eru hættulegt vopn á okkur í höndum útlendinga? Eru þeir vissir um, að þetta borgi sig? Þrátt fyrir andúð þeirra gegn núverandi stjórn og ef til vill þeim mönnum, sem fara með skipin, og löngun til að skaprauna þessum aðiljum, verða hv. þm. að kunna sjer hóf í þessu efni. Eru þeir vissir um, að þetta borgi sig fyrir landið og geti ekki haft alvarleg eftirköst? Er hann viss um, hv. 5. landsk., nema eitthvað af því, sem hann segir hjer, kunni að berast út fyrir pollinn? En það er hann, sem fyrstur hefir kveðið upp úr með það hjer, hve gott það sje að mega tala hjer um hluti, sem ekki sje annarsstaðar hægt að tala um nema sæta ábyrgð fyrir. Hann verður að gæta að því, þessi hv. þm., að það er ekki nóg að hafa þennan rjett, ef ekki er gætt þeirrar skyldu, sem á þeim hvílir, er nota hann.

Jeg hefi nú leitt rök að því, að framkoma þessara tveggja háttv. þm. (JJ, JBald) miðar að því að skaða strandvarnarmálið bæði út á við og inn á við. Hún getur ekki leitt af sjer annað en ógagn fyrir þetta mál. Það er því full ástæða til að skora á þá að láta af þessum sífelt endurteknu ásökunum um hlutdrægni skipstjóranna í framkvæmd langhelgisgæslunnar.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að víkja að ræðu hv. þm. Snæf. (HSteins). Jeg hefi reynt að leiða rök að því, að ræða hans hafi verið þungur áfellisdómur um framkvæmdir landhelgisgæslunnar í vetur. Hann bar ekki á móti því, en tók það fram, að þrátt fyrir það mundi hann vera með þessu frv., þar sem landhelgisgæslan mundi ekki verða verri, þó að það væri samþykt. En þar sem hann leiddi engin frekari rök að þessu, hugsa jeg, að ræða hans haldi áfram að vera sterk aðvörun til þeirra, sem ekki tortryggja þann vitnisburð.

Þá kem jeg að hæstv. ráðh. (MG). Hann hafði tekið fram, að bæði frv. væru ein heild. Reyndar vildi hann ekkert fara út í launin. Hann er glaður yfir, að búið er að koma þeim frá. Hæstv. ráðh. hefir samviskubit út af því að hafa hindrað 30 þús. kr. sparnað, og svo reynir hann og stuðningsmenn hans að bjarga sjer út úr öllu saman með því að halda fram, að jeg sje að fara fram á þegnskylduvinnu fyrir þessa einu stjett manna. Þetta er vísvitandi rangfærsla. Jeg hefi aðeins farið fram á verklegt nám, sem mennirnir mundu þurfa að leysa af hendi hvort sem væri. Slíkt nám er heldur alls ekki sjerstakt fyrir þessa einu stjett manna. Verkfræðingar og læknar þurfa að leysa slíkt nám af hendi, og jeg veit ekki betur en að læknar, sem að öðru leyti eru útlærðir, sjeu notaðir til þess að gera fyrir ekkert

það, sem öðrum mundi vera borgað fyrir, svo að þetta er alveg hliðstætt. Hæstv. ráðh. er hjer að bera fram vísvitandi blekkingu. Hann veit ofurvel, að hjer er um að ræða nám stýrimannaefna, sem bæði verður þeim að gagni — og ef til vill að meira gagni á þessum skipum en öðrum — og auk þess sparast við þetta fyrirkomulag 30 þús. kr. Mótþróa gegn þessu get jeg því ekki skoðað nema vott um óhóflega eyðslusemi og skilningsleysi á því að fara með alment fje.

Hæstv. ráðh. vildi neita, að gott væri að geta skift um menn, en hjelt því fram, að það leiddi til hinnar æðstu fullkomnunar að halda sömu mönnunum ár og síð. Þessu er nú þverneitað af hinum vitrustu mönnum. T. d. hefir enska skáldið Wells skrifað merkilega bók þess efnis, að hann telur það hið mesta böl, að sami maðurinn skuli gegna sama starfinu æfilangt. Þegar menn eru búnir að gegna einhverju embætti í nokkur ár, þá eru þeir stirðir og dauðir. Annars vakir ekki þessi kenning fyrir mjer. Fyrir mjer vakir ekkert kerfi í þessu efni, heldur hitt, að mjer finst það hörmulegt að halda niðri góðum mönnum fyrir öðrum lakari. Það á ekki að hlaða undir einhvern meðalmann af gamalli venju, ef völ er á öðrum betri. Þessi regla gildir einmitt um þingmenn, og af þessari sömu ástæðu er það, að jeg er á móti lengingu kjörtímabilsins.

Jeg þykist nú hafa gengið frá þessari meinloku hæstv. ráðherra og hrakið þá kenningu, að verra sje að skifta um menn. Jeg vil taka það fram til skýringar, að stýrimaðurinn á öðru varðskipinu hefir sýnt meiri dugnað og þrautseigju en nokkur annar af þeim mönnum, að þeim ólöstuðum. Það er sagt vafasamt, að hann verði áfram með þeim launum, sem frv. gerir ráð fyrir. Mjer finst ekki ólíklegt, að hann eigi kost á öðrum störfum en þeim að vera æfilangt undirmaður, þar sem hann fær ekki að njóta hæfileika sinna nema að nokkru leyti. Jeg þekki þennan mann ekkert og veit varla, hvað hann heitir, svo að mjer ganga ekki til neinar persónulegar hvatir, eins og hv. þm. Vestm. vildi halda fram. En jeg get ekki fallist á heimsku hans nje annara, sem eru enn verri en hann. Hjer er verið að gera vitleysu af fávisku eða spillingu. Hv. þm. Vestm. má skrifa á hvorn liðinn, sem hann vill.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri furða, þó að menn töluðu um slælega landhelgisgæslu. Það var eins og hann vissi eitthvað upp á sig. Hann sagði, að jeg væri svo óánægður með þetta og fanst það ljótt. Jeg hefi aldrei sagt, að jeg væri óánægður. Jeg hefi aðeins bent á þá staðreynd, að íslensku togararnir eru minna teknir en þeir útlendu. Í þeirri staðreynd liggur hætta fyrir sjálfstæði okkar, en það þorir hæstv. ráðh. ekki að kannast við, nje hans stuðningsmenn. Þjóðverjar hafa mokað upp fiski við Dyrhólaey, en vitnisburður fjögurra manna, sem ekki verður hrakinn, sýnir þó, að íslensku togararnir eru langverstir. Hvers vegna eru þeir ekki teknir? Hv. þm. Vestm. getur ekki skýrt þetta atriði nema með einu móti. Hann getur sagt sem svo: þm. Snæf. (HSteins) segir ósatt. Þm. Borgf. (P-O) sagði ósatt 1924 um, að íslensku togararnir væru verstir, og þm. Barð.

(HK) segir ósatt um, að þeir hafi komið svívirðilega fram gagnvart sjómönnum í hans kjördæmi. Málstaður hv. þm. Vestm. er slæmur, ef hann segir ekki þetta. Hv. þm. leyfir sjer að belgja sig upp og bera á þá, sem benda á þessa staðreynd, að þeir sjeu að svíkja föðurlandið. Jeg og hv. 5. landsk. erum að bjarga landinu með því að stuðla að því, að landhelgisgæslan verði sterk og óhlutdræg. (**JJós:** Þetta er órökstutt slúður). Þeirra þingmanna, sem hafa bent á misfellurnar? (**JJós:** Nei, hv. 1. landsk.). Jeg veit, að hv. þm. segir aldrei nema ósatt. Hann er eins og Eyjólfur Bölverksson málpípa ills málsstaðar. En hv. þm. þorir ekki að ráðast á bókfest ummæli flokksmanna sinna í þingtíðindunum. Jeg hefi ekki dregið þá ályktun, sem liggur opin fyrir, að landhelgisgæslan sje í ólagi. Ef hv. þm. getur samrýmt það, að gæslan sje sterk og trygg, en íslensku togararnir þó ekki teknir, þá geri hann það.

Aðdróttun hæstv. ráðh. um föðurlandssvik fellur máttlaus niður. Jeg verð að líta svo á, að það fari að gjósta um þá menn, sem sýnast liggja dæmdir undir dómi sjónarvotta víðsvegar um landið, viðvíkjandi föðurlandsást, en það eru alt stuðningsmenn hæstv. stjórnar. Er hægt að hugsa sjer öllu meiri svívirðingu en þá, að setja tæki í skipin til þess að geta verið óhultir í landhelginni, eins og fyrverandi 1. þm. G.-K. (Ág. Flygenring) hefir sagt frá. Hvað segja menn um annað eins og þetta? Á að hlífa slíkum mönnum?

Hæstv. atvrh. endaði ræðu sína með því að skora á þá, sem vilja láta landhelgisgæsluna ganga jafnt yfir alla, að hætta brígslyrðum. Hann hefði átt að snúa sjer til flokksbræðra sinna fjögurra, sem hafa skjallega lýst yfir þungum ásökunum í garð íslensku togaranna.

Þá kem jeg að ræðu hv. þm. Vestm. Hann byrjaði með því að láta í ljós undrun sína yfir því, að jeg skyldi trúa vitnisburði fjögurra Íhaldsmanna, sem hefðu lýst íslenskum togaraeigendum svona. Jeg skal játa, að Íhaldsmönnum er ekki altaf hægt að trúa, en þegar svo stendur á, að þeir ásaka sína eigin fjelaga og vini, þá hlýt jeg að trúa þeim. Það er ekki gert af sömu ástæðu eins og þegar Íhaldsflokkurinn beitir pólitísku ofbeldi við minni hluta þingsins. Þar eru þeir æstir af lágum hvötum. En þegar þeir hreinskilnislega bera vitni um atriði, sem skaða þeirra eigin fjelaga, þá er óhætt að trúa þeim, enda hefir hvergi komið fram nokkur vörn af hálfu Íhaldsmanna.

Nú vil jeg strax nota tækifærið til að benda hv. þm. Vestm. á það, að jeg hefi ekkert sagt, sem er eins meiðandi fyrir íslenska útgerðarmenn eins og vitnisburður hinna fjögurra íhaldsþingmanna. Jeg hefi aðeins dregið ályktanir af þeirra ummælum. Ásakanir hv. þm. í minn garð falla því dauðar niður. Hvað ætti þá að segja um þá menn, sem hafa verið sjónarvottar að ósvinnunni og gefa okkur hinum ástæðu til þess að mynda dóma?

Viðvíkjandi því, að launin sjeu of há, hafa engar mótröksemdir komið fram, og jeg hefi sýnt fram á, að hjer má spara 30 þús. á einum lið.

Eins og jeg hefi bent á áður, býst jeg við, að óhyggilegt sje að gera þennan mismun á launum skipstjóra og stýrimanna. Jeg hefi samúð með

þeim tveim stýrimönnum, sem sýnt hafa sjerstakan dugnað í þessu starfi, þeim er fór til Englands og fjekk óþökk þáverandi stjórnarformanns fyrir það eitt, að hann sýndi framúrskarandi dugnað í ferð sinni. Þá hefi jeg og bent á, að sá, er fór með Þór um tíma í fyrra, eigi annan viðurkenningarvott skilið en að lækkuð verði laun hans.

Viðvíkjandi strandgæslunni segir þessi háttv. þm., að nóg fje sje til, en úr því svo er, því þá ekki að bæta úr eftirlitinu, t. d. við Snæfellsnes, þar sem 20—30 togarar hafa stundað veiðar í landhelgi um langan tíma í vetur, að því er þingmaður þess kjördæmis hermir. Þá hefir verið reynt að verja brotin við Snæfellsnes með því, að Óðinn hafi ekki verið hjer við land þá. Þessu hefir háttv. þm. Snæf. svarað og upplýst, að togararnir voru jafnt í landhelgi þar þann tíma, sem Óðinn var ekki ytra. En af hverju var Óðinn þá ekki við, er mest var þörf fyrir hann? Af því að þyngdarpunkturinn í stjórn og aðgæslu strandgæslunnar var á röngum stað. Hæstv. stjórn samdi um smíði skipsins, og bar þar af leiðandi alla ábyrgð á, hvernig það var úr garði gert, og hún hafði sjer til aðstoðar mann, sem var jafnsnjall henni, mann, er þóttist hafa vit á þessum hlutum, en hafði ekki. Því fór eins og stendur í vísunni: „Skrattinn fór að skapa mann, en skinnlaus köttur varð úr því.“ Nei, það verður ekki varið, að landhelgisgæslan við Snæfellsnes hefir verið vond, og er það enn.

Þá vil jeg svara hæstv. forsrh. (JÞ) nokkrum orðum. Hann raupaði mjög af þeim feiknadugnaði, sem skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins sýndi í þessum málum. En það verður þó tæplega sagt, að strandgæslan við Snæfellsnes vitni mjög um þennan dugnað skrifstofustjórans. Annars finst mjer, að hæstv. ráðherra hefði sjálfur átt að geta bætt við sig þessari umsjón með skipunum, úr því að hann situr í hálfum öðrum ráðherralaunum. Nei, það hefir þótt hagkvæmara að gera þetta skipaeftirlit að „sportslu“ handa skrifstofustjóranum, svona í viðbót við endurskoðun áfengisverslunarreikninganna, sem hann hefir haft á hendi nú undanfarið, en aldrei gert svo mikið við sem að undirskrifa. Enda hafa endurskoðunarmenn landsreikninganna lýst megnri óánægju sinni yfir þeirri endurskoðun þessa áhugasama starfsmanns hæstv. stjórnar. Það virðist því rjettara að láta mann þennan hafa færri störfin og sjá jafnframt um, að hann leysti þau sæmilega af hendi. Annars virðist það svo, að nú í seinni tíð sje farið að bæta ekki svo fáum bitlingum við ýmsa í stjórnarráðinu, og sannast þar gamla máltækið, að „lengi má bæta pinkli á gömlu Skjónu“. Og þetta gerist alveg við nefið á hæstv. forsrh., sem segist vilja spara við alla, og það svo, að hann telur ekki fært að styrkja nokkra pilta til þess að ferðast á milli hafna innanlands. Já, meira að segja nærri því neitar að gera það fjárhagsins vegna, þó að honum sje beinlínis skipað það af þinginu. Að jeg fór inn á þetta nú og mintist á endurskoðun vínverslunarreikninganna, má hann sjálfum sjer um kenna, því jeg var neyddur til þess, þar sem hann var að hæla svo mjög hinu góða eftirliti með skipun-

um og áhuga skrifstofustjórans fyrir starfi þeirra.

Háttv. þm. Vestm. sagði, að jeg hefði sagt, að flytja mætti stýrimannaskólann út í varðskipin. Þetta hefi jeg aldrei sagt, en vel má vera, að það væri hægt, ef menn þeir, er með þau fara, væru svo vel mentaðir, að þeir gætu annast kenslu skipstjóraefnanna. Að minsta kosti lærðu þeir þó töluvert verklegt. Þá sagði þessi hv. þm., að jeg virtist vilja vera þungur í skauti í þessu máli, bæði utan þings og innan. Það, sem jeg hefi sagt hjer, er það, að jeg vil, að strandvarnirnar komi að sem mestu gagni, en hann virðist vilja, að sem mestur sljóleiki sje í þeim, eins og t. d. hefir verið við Snæfellsnes í vetur.

Jeg hefi nýlega heyrt, að skipstjóri einn, er kom til Hafnarfjarðar nú ekki alls fyrir löngu, hafi kvartað mjög undan því, að hann þyrði ekki að vera í landhelgi, af því að fjelag hans væri svo fátækt, að það gæti ekki borgað sekt, ef illa færi. Hefði hann því ekki fengið annað en ufsa, í stað þess sem hinir fengu allir ágætis afla af allskonar góðfiski, enda voru þeir allir í landhelgi. En varðskipin finna þá ekki.

Að jeg sje á móti útgerðarmönnum, er sagt út í bláinn. Jeg er aðeins á móti þeim að því leyti, að jeg vil ekki, að þeir fremji lagabrot fremur en aðrir borgarar þjóðfjelagsins. Jeg vil gjarnan fá ámæli hjá hv. þm. Vestm. fyrir það, að jeg vil ekki láta eyðileggja hrygningarstaðina við ströndina.

Þá vildi þessi háttv. þm. halda því fram, að útgerðarmenn hjer í Reykjavík hefðu verið mjög hjálplegir, þegar verið var að byrja að koma hinni íslensku landhelgisgæslu á; hefði það sýnt sig meðal annars í því, að þeir hefðu verið fúsir til að leggja fram fje í Þór. Úr því að hv. þm. fann ástæðu til að minnast á þetta, þá vil jeg upplýsa það, að þeir útgerðarmenn hjer, sem lögðu fram fje í Þór, gerðu það með það fyrir augum, að hann ætti að vera björgunarskip. Sannaðist þetta best, þegar farið var að veita fje til hans til þess að fara eitthvað frá Vestmannaeyjum til landhelgisgæslu; þá voru útgerðarmenn á móti honum. Í þinginu voru allir með Þór nema þeir, sem nú skipa Íhaldsflokkinn. Máttu þeir Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn eiga í sífeldum útistöðum við foringja núverandi Íhaldsmanna um Þór. — Þessir íhaldsungar vildu ekki láta skipið fá neitt til landhelgisgæslu.

Sje það rjett, sem vitanlega er margsannað, að útgerðarmenn hafi látið setja dýr loftskeytatæki í togarana til þess að þeir gætu þeim mun óhultari fiskað í landhelgi, þá er það rjett ályktun, að þessa menn hungrar ekki nje þyrstir eftir aukinni landhelgisgæslu. Það væri þá líkt um þá eins og músina, sem pantaði köttinn til að vera yfir sjer.

Hv. þm. Vestm. veit kannske ekki, að þeim manni, er myndaði núverandi stjórn, var í fyrri stjórnartíð sinni boðinn Þór til landhelgisgæslu fyrir norðan, en hann hafnaði því boði. Þegar svo stjórn sú kom til valda, sem að nokkru leyti var studd af Framsóknarflokknum, sneru umráðamenn Þórs sjer til hennar og gerðu henni þetta sama til-

boð. Hún leitaði aftur álits miðstjórnar Framsóknarflokksins, sem þegar lagði eindregið með því, að Þór væri tekinn á leigu til landhelgisgæslunnar. Þetta var því fyrsta sporið í áttina til sjálfstæðrar landhelgisgæslu hjá okkur. Þegar svo Íhaldsflokkurinn kom til valda, var búið að vinna erfiðasta verkið í þessu máli, meðal annars með því að brjóta á bak aftur það erlenda vald, sem sagði, að við Íslendingar hefðum ekki rjett til þess að hafa sjálfir varðskip. Þetta var gert af stjórn, sem studd var af Framsóknarflokknum. Það eina, sem núverandi stjórn getur því hælt sjer af í þessu máli, er smíðið á Óðni, og jeg held, að þeir sjeu ekki margir, sem öfunda hana af þeirri frægð. Þá kom þessi hv. þm. með það, að jeg hefði gagnrýnt yfirstjórn varðskipanna, en það væri skaðlegt vegna álitsins út á við. En meðan ekkert verður hrakið af því, sem jeg sagði, stendur ályktun mín keiprjett. Og jeg vil meira að segja bæta við og segja frá dálitlu atviki, sem kom fyrir nú ekki alls fyrir löngu, til þess að sýna fram á, hversu útgerðarmenn bera landhelgina mjög fyrir brjósti. Skipstjóri einn var kærður fyrir að hafa verið við veiðar í landhelgi suður í Garðsjó. Mál hans gekk til hæstarjettar og var hann dæmdur sekur. Sagði þá útgerðarstjórinn, sem nú á sæti hjer á Alþingi og er flokksbróðir háttv. þm. Vestm., að ekki kæmi til mála, að hann ljeti skipstjórann fara, af því að hann væri svo veiðinn! Þetta kalla jeg ljelegan „móral“ gagnvart lögum landsins.

Niðurlagskaflinn í ræðu hv. þm. var um það, að við, sem ekki værum ánægðir með þetta frv., legðum vopnin í hendur útlendinga til þess að tortryggja landhelgisgæslu okkar. Þetta þykir mjer undarlegt. Hvers vegna talar hann ekki um, hve lögbrotahneigðin er rík hjá íslenskum togaraeigendum? Honum finst þeir ekki skapa hættuna gagnvart tortrygni útlendinga. En þar liggur hættan einmitt. Útlendingum er vel kunnugt um, hve margir íslenskir togarar eru teknir fyrir landhelgisbrot og hve margir útlendir, og vita jafnvel um landhelgisbrot beggja. Tortrygnin verður því ekki útilokuð með því að hylma yfir brot Íslendinganna, heldur þvert á móti þarf að ganga að þeim með oddi og egg, þegar þeir brjóta, þangað til þeir hætta að brjóta landhelgislögin. Háttv. þm. Vestm. gerði því rjett, ef hann ljeti íhaldsblöðin taka þetta mál til umræðu á þessum grundvelli og brýna fyrir íslenskum togaraeigendum og togaraskipstjórum að brjóta ekki landhelgina; það myndi verða honum til sóma, en ekki til skammar, eins og stefna hans í málinu nú.

Nei, jeg er alls ekki með því, sem jeg hefi sagt hjer, að ala á tortrygni útlendinga, heldur er jeg að reyna að koma því inn hjá rjettum hlutaðeigendum að fara þá einu rjettu leið til þess að losna við tortryggnina. En sú framkoma íslensku lögbrjótanna og fiskiþjófanna, sem hv. þm. Vestm. er altaf að bera skjöldinn fyrir, er ekki til annars en spilla fyrir og ala á tortryggninni. Og það er það, sem rýrir virðinguna fyrir landi okkar og þjóð meira en nokkuð annað. Jeg vil því biðja þennan háttv. þm. að beina áminningum sínum til annara en mín, og væri þá ekki úr vegi, að hann

beindi þeim til einhverra sinna pólitísku bræðra, sem í þessum efnum bera sektina með honum.

Úr því að hv. þm. var að vara við því að spilla fyrir landinu út á við, þá er ekki úr vegi að minna hann á, að til eru þeir Íslendingar, sem leggja það í vana sinn að skrifa níð um mótstöðumenn sína í erlend blöð. Þannig hefir einn Íhaldsmaður, Garðar Gíslason, látið setja mynd af sjer í norsk blöð, ásamt frámunalega dónalegri grein um tvo Framsóknarflokksmenn, út af innanlandsmálum. Það er Vilhjálmur Finsen, sem veikir málstað landa sinna erlendis með slíkum greinum, og sömuleiðis þeir menn aðrir, sem eru að bera í erlend blöð innlend deilumál, eins og gert hefir verið tvívegis af einum af samherjum háttv. þm. (**JJós:** Ætli mjer sje ekki sama!). Já, jeg býst við því, að hv. þm. sje sama, en það skiftir líka máli hjer, að einn af helstu mönnum Íhaldsins er að ávíta landa sína í útlendum blöðum fyrir framkvæmd bannlaganna. Ef hv. þm. hefir ekki skilning á því, hversu vítaverð framkoma þessara samherja hans er gagnvart landi og þjóð, þá ætti hann að spara sjer stóryrðin.

Það hefir verið sagt, að það hafi komið fram hjá mjer andúð gegn foringjunum á varðskipunum. En jeg vil taka það fram, að jeg hefi, og það meira að segja einn, viljað láta þann manninn, sem mestan dugnað hefir sýnt, njóta einhverrar viðurkenningar. Það er langt frá því, að jeg hafi nokkra andúð gegn þeim mönnum, sem nú eru foringjar á skipunum, en hitt er annað mál, að jeg vil ekki loka augunum fyrir staðreyndum og að mjer dettur ekki í hug, þótt nú kunni að vera góðir menn á skipunum, að vilja hafa skipulagið þannig, að hætta sje á, að þeir eða eftirmenn þeirra njóti sín ekki síðar. Þá vil jeg skora á hv. þm. Vestm. að segja það, hvaða afbrot jeg hafi nefnt hjá foringjunum. Jeg hefi aðeins sagt það, að jeg vildi, að skipulagið væri gott, og jeg tók fram í dæminu um Ólaf helga og Grímsey, að Einar Þveræingur var ekki að miða við samtíð sína eina, heldur leit hann miklu meira á framtíðina. Og háttv. þm. Snæf. hefir sagt frá mjög óþægilegum hlutum, sem sjónarvottar hafa skýrt frá, og ef hægt er að áfella mig, þá er það líklega af því, að jeg hefi ekki tortrygt þessa frásögn.

Einar Jónsson: Jeg veit, að það á að vera fyrsta skylda hvers manns, sem biður sjer hljóðs, að tala um það frv., sem liggur fyrir. En satt að segja kvaddi jeg mjer hljóðs vegna þeirra áhrifa, sem jeg hefi orðið fyrir við að sitja undir löngum og leiðinlegum ræðum; jeg veit, að margir fleiri hv. þdm. hafa tekið eftir hinu sama, og þá er ekki nema rjett, að einhver verði svo hreinskilinn að segja það.

Hjer hafa tveir hv. þm. látist vera á móti frv., en mótstaða þeirra er svo loðin og óljós, að jeg skil hana ekki, og því síður að jeg sjái, hver þörf er á henni. Jeg hefi ekki haft nokkra stöðvun í mjer til þess að hlusta á þá frá upphafi til enda, og býst heldur ekki við að geta það.

Þessir hv. þm. hafa verið að tala um 500 manna embættisflokk, sem væri nýr og á nýjum launum. (**JJ:** Háttv.

þm. er eitthvað í öðrum heimi; það er verið að tala um 50 menn). Mjer finst það miklu betra fyrir báða málsparta, að það sje fastákveðið, hver laun þessir menn skuli hafa, svo að stjórnin þurfi ekki, þegar minst varir, að fara að gera samninga við þá. Það er áreiðanlegt, að þessir tveir háttv. þm., hv. 1. og 5. landsk., þeir sjá, að það þýðir ekkert að vera að tefja tímann með öllum þessum ræðum; frv. verður samþykt, það er enginn vafi á því, og jeg veit, að það er til bóta og bygt á því, sem gott er og gilt. Mig furðaði t. d. stórlega á því, þegar þessir hv. þm. voru að snúa út úr orðum hv. þm. Snæf. Er það nokkur furða, þótt einhver hv. þm., sem við sjóinn býr, geti vitnað í hluti, sem ekki fara sem best? Það hygg jeg, að hv. þm. Snæf. geti með sanni sagt, eða ætlast nú nokkur til, að hægt sje að vera svo á verði, að ekkert fari öðruvísi en á að vera með strandgæsluna? Jeg get yfir höfuð alveg sparað mjer að tala um gildi þessa frv. með þeirri einu setningu, að jeg þykist gera rjett, þegar jeg greiði atkvæði með því, og slík mótmæli, sem hjer hafa komið í dag, eru alveg þýðingarlaus.

Eitt þykir mjer undarlegt; það er, að í síðasta tölublaði Tímans, sem jeg hefi lesið, er gerður samanburður á þeim ræðum manna, er haldnar hafa verið hjer í þinginu. En sá samanburður er hlutdrægur, vegna þess að báðir okkar ráðherrar eru í Íhaldsflokknum, og verður það þess vegna til þess að hleypa mjög mikið fram ræðufjölda Íhaldsmanna, en ef rjett væri, ættu ráðherrarnir helst aldrei að vera teknir með í reikninginn, þegar gerður er samanburður á þessu. En nú get jeg tekið eitt fram, sem er hv. 1. landsk. til þóknunar. Það var fyrir einu eða tveimur árum gerður samanburður á ræðuhöldum þessara tveggja flokka, og þá voru það Framsóknarmenn, sem hjeldu 141 ræðu, þegar þm. Íhaldsflokksins hjeldu eitthvað 60 ræður. Jeg sje, að hv. þm. Str. (TrÞ) er hjer viðstaddur. Það minnir mig á, að sá hv. þm. heyrði mig segja frá þessu austur á Ægissíðu, og vitnaði jeg þá til hans. Jeg man það líka, að þá komst hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) af með 10 ræður við allar umr. fjárlaganna, þegar hv. þm. Str. þurfti að halda 21 ræðu. Það voru þá ekki Íhaldsmenn, sem töfðu tímann með því að tala afskaplega mikið. Það er nú tillaga mín og ráðlegging til þessara góðu manna, sem mest hafa talað hjer, að þeir fari hjer eftir að dæmi tveggja elstu manna þessarar deildar, þeirra hv. 1. þm. G.-K. (BK) og hv. 4. landsk. (MK), og verði nú hjer eftir hógværir og stuttorðir og tali ekki nema þegar þeir þurfa, því að ef þeir halda áfram að tefja þingið dag eftir dag, þá get jeg ekki orðið vinur þeirra. (**JJ:** Jeg óska heldur ekki eftir því).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er satt að segja afsakanlegt, þótt menn undir þeim löngu ræðum þeirra samherjanna, hv. 1. og 5. landsk. (JJ og JBald), eins og dálítið gleymi því, hvað það er, sem þetta frv. fjallar um, sem hjer liggur fyrir, því að ræður þessara hv. þm. fara, eins og eðlilegt er, alveg fram hjá því aðalatriði, vegna þess að það hentar ekki þeirra mál-

stað, að minst sje á það. Vil jeg þá í sárfáum orðum minna á það, að aðalatriðið í þessu frv. er það, að gera þá menn, sem framkvæma þessa landhelgisgæslu af okkar hálfu, að löglegum löggæslumönnum á landhelgissvæðinu, og þetta þýðir að skapa þeim þá aðstöðu gagnvart lögbrjótunum, sem lögreglulið ávalt hefir og á að hafa gagnvart slíkum mönnum. Ef þeir, sem landhelgisgæsluna hafa, eru ekki lögreglumenn, heldur aðeins borgarar úr hinu íslenska ríki, þá hafa lögbrjótarnir miklu óbundnari hendur við þá heldur en ef þeir eru lögreglumenn, skipaðir með lögum. Það vita allir, að það hefst ákaflega mikið á því að veita lögreglunni mótþróa, þegar hún er að sínu starfi. Það kemur einatt fyrir, að lögreglan verður að beita valdi, til þess að koma sínu máli fram, og þá varðar það hörðum refsingum fyrir þá, sem leyfa sjer að sýna henni mótþróa. En aðstaða borgarans, sem fer með lögregluvald, er alt önnur; hann á ekki sjerstaka kröfu til þess, að honum sje ekki sýndur mótþrói, ef hann fer að beita valdi, þótt jafnvel að hans áliti sje um lögbrot að ræða. Það sýnist þess vegna vera svo sjálfsagt, að þeir menn, sem með strandgæsluna fara, eigi að fá þessa aðstöðu að lögum, til þess að fara með lögregluvaldið, og hafa þar með öll þau rjettindi gagnvart þeim, sem sekir eru eða grunaðir um lögbrot, sem lögregluvald landsins hefir.

Hv. 1. landsk. hefir æðioft notað þau ummæli, að þetta skipulag svæfði ábyrgðarmeðvitund þeirra, sem með löggæsluna fara, en jeg verð að segja það, að ef hv. þm. er á móti þessu frv., sem virðist vera, eftir hans löngu ræðum, þá er það hv. þm. sjálfur, sem vill fara fram á það skipulag, sem svæfir lögbrjótana og lofar þeim að vera rólegum við sína iðju, heldur en ef þetta frv. verður að lögum. En jeg held, að tilgangur okkar hljóti að vera sá, að gera strandvarnirnar sem öflugastar á hvern hátt sem við getum, og eitt af því, sem löggjafarvaldið getur gert, er það, að setja þá tilhögun, sem leggur þung viðurlög á hvern þann, sem ekki hlýðir fyrirskipunum strandgæslumannanna.

Um einstök atriði frv. er búið að fjalla vandlega í nefnd, og þar hafa menn úr báðum flokkum þingsins orðið sammála, og mjer finst fyrir mitt leyti, að það ætti að mega treysta því, eftir að það hefir verið athugað í nefnd, að ekki sje sjerstaklega mikið að athuga við einstök atriði frv., og hv. þdm. geta þess vegna rólegir greitt frv. atkvæði, þar sem ekki liggja neinar brtt. fyrir. Jeg ætla svo ekki að fara neitt verulega út í ræðu hv. 1. landsk., en hv. þm. hefir víst fundist, að hann mætti ekki láta þetta tækifæri ónotað til þess að draga upp þá mynd af sjálfum sjer sem þm., sem hann, því miður, hefir svo oft auglýst í þessari deild, sem hefir orðið að taka við honum, en hv. þm. er það ekki of gott að gefa þessa lýsingu af sjálfum sjer svo oft sem honum þurfa þykir, og verð jeg að segja það, að Íhaldsmenn geta ekki verið annað en ánægðir með það, að hv. 1. landsk. sje sem iðnastur að sýna þessa mynd af sjer, því að hv. þm. má vita það, að það er ekki hægt að benda á neinn mann, sem sje eins mikilvirkur við að þræla kjósendum úr Framsóknarflokknum inn í Íhaldsflokkinn eins og háttv.

1. landsk., þegar hann er í þessum ham.

Það voru ósannindi í garð látins manns, þegar hv. þm. (JJ) var að segja það, að sá stýrimaður, sem farið var með til Englands í fyrra, hafi fengið óþökk hjá þáverandi forsætisráðherra fyrir það að hann hefði látið gera þetta.

Jeg tók svo eftir, að hv. þm. segði það um mig, að jeg hefði einhver viðbótarlaun. Þetta vil jeg leiðrjetta. Jeg hefi fyrir mitt starf engin laun önnur en þau, sem því embætti eru lögð að lögum.

Þá þótti hv. þm. ástæða til þess að fara enn á ný að svala sjer á einum af bestu embættismönnum landsins, sem er andstæðingur hans í stjórnmálum, einum af skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu. Jeg þarf ekki að lýsa því, hversu lítt viðeigandi það er að ráðast hvað eftir annað á menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer á þessum stað, en jeg hygg rjett að gefa hv. deild þá rjettu skýringu á þessu atferli hv. þm., úr því að hann hefir svo oft vegið í þann sama knjerunn. Það er svo, að skrifstofustjórinn á dómsmálaskrifstofunni hefir það hlutverk á hendi að vera ráðherrunum til aðstoðar um það, að haldin sjeu landslög, að því leyti sem framkvæmd þeirra fellur undir stjórnarráðið. Þessi maður hefir einu sinni gert háttv. 1. landsk. þann ógreiða að koma í veg fyrir, að hv. 1. landsk. gæti heppnast að fá hlutaðeigandi ráðherra, sem var flokksbróðir hv. þm., til þess að framkvæma lagabrot, lagabrot, sem hv. 1. landsk. fór fram á, að framið væri í pólitískum tilgangi við kosningar, til þess á ólöglegan hátt að hindra kosningu. (**JJ**: Nánari skýringu). Skjöl um þetta eru til. Þetta hindraði skrifstofustjórinn, og síðan getur hv. 1. landsk. ekki litið þennan góða embættismann rjettu auga.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) hefir ekki komið með neina skýringu á því, hvers vegna þeim mönnum, sem þetta frv. ræðir um, eru meinuð þau rjettindi, sem stjettarbræður þeirra fá eftir siglingalögunum, og það hafa engar brtt. verið bornar fram af nefndinni, sem tryggi þessa menn að neinu leyti, og lögin eru sett svo einhliða, að það eru skipherrarnir, sem ráða öllu gagnvart þeim, en þeir hafa hæst laun og eiga svo að sjá um allar framkvæmdir laganna gagnvart þeim, sem lægra eru settir. Það er eins og þeim sje þá betur treyst til þess að ganga á rjett hinna. Þetta er það, sem felst í frv., en það, sem hæstv. forsrh. hafði að segja, var aðeins það, að þeir væru gerðir að lögreglumönnum til þess að geta framkvæmt starf sitt. En til þess þarf ekki annað en að taka tvo eða þrjá yfirmenn skipanna og gera þá að lögreglumönnum, svo að alt þetta umstang til þess að togararnir hlýði þeim betur er blátt áfram hlægilegt. En þetta er í rauninni ekki nema eðlilegt, því að málið er illa undirbúið og mjög óljóst, hvort sem það er viljandi eða óviljandi. Auk þess er öllu orðalagi frv. hagað þannig, að stjórn og valdsmönnum á skipinu er gefið miklu meira vald yfir mönnunum heldur en á að vera. Hv. frsm. var ekki spar á að lýsa því, að það ætti að vera strangur agi á skipunum, og jeg get ekki betur sjeð en að undirmennirnir eigi hreint og beint að vera þrælar, og eru þeir

að því leyti ver settir en aðrir stjettarbræður þeirra, að þeir eru algerlega gefnir undir vald yfirmannanna og geta ekkert annað flúið, eins og aðrir opinberir sýslunarmenn, t. d. póstþjónar og símamenn, því að þeir geta þó flúið til rjettvísinnar. Það er skiljanlegt, að hæstv. stjórn og flokksmenn hennar vilji ekki ræða þetta frv. á þeim grundvelli, því að það er auðsjáanlega gert með vilja að taka af þeim rjettinn, t. d. til þess að gera samtök með sjer, sem allar þjóðir þó leyfa, nema einveldisherrarnir á Spáni og Ítalíu og íslensku Íhaldsmennirnir. En með því að jeg hefi ekki nema stutta athugasemd, verð jeg að fara fljótt yfir.

Hv. 2. þm. Rang. (EJ) vil jeg segja það, þótt hann sje góður og gegn maður, að jeg mundi taka því miklu betur af flestum öðrum en honum, að vilja gerast siðameistari í þessari hv. deild, og hafi hv. þm. þótt ræður mínar um þetta mál óljósar, þá verð jeg að svara honum því sama um hans ræðu, því að jeg veit satt að segja ekki, hvernig á að fá meiningu hv. þm. út úr henni.

Hv. þm. sagði, að það þýddi ekkert að vera að mæla á móti frv., því að það yrði samþ., og að það yrði til bóta, ef það færi í rjetta átt. (**EJ:** Það var þó stutt og laggott). Já, jeg veit, að það verður samþykt, því að það er búið að búa svo um, að það fer í gegnum þessa deild; en jeg dreg í efa, að það fari í rjetta átt. Hv. þm. var að benda okkur hv. 1. landsk. á tvo virðulega menn í þessari deild og ráðleggja okkur að fara að þeirra dæmi með að vera fáorðir og gagnorðir, en jeg verð að segja það, að ef jeg á að taka upp þann sið að fara að dæmi hv. 2. þm. Rang., þá var hann að vísu fáorður, en ekki að sama skapi gagnorður, svo að það verður ekki ákaflega lærdómsríkt að fara að hans dæmi. En það er nú svo um hv. 2. þm. Rang. og suma aðra hjer, sem ekki vilja hlusta á neina athugun á málum hæstv. stjórnar, að það er ekki nema eðlilegt, að þeir reyni að klóra í bakkann og segja mál stjórnarinnar betri en þau eru; en það eru engin rök. Það kom ekkert nýtt fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem snerti málið í sjálfu sjer, og ekkert annað en ávítur til þeirra manna, sem talað hafa á móti því, og jeg sem sagt tek mjer það ekki til eftirbreytni, þótt hv. þm. vilji siða mig, og jeg álít mig hafa fullan rjett til að finna að hverju máli, sem mjer finst að ver fari hjer í deildinni, svo lengi sem forseti ekki tekur af mjer orðið, hvað sem hv. 2. þm. Rang. segir um það.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi oft átt tal við menn um landhelgisgæslumálið yfir höfuð, en aldrei orðið þess var, að ekki væri hægt að ræða það út af fyrir sig reiði- og hitalaust, fyr en háttv. 1. landsk. kemst inn í þær umr. Jeg get á minn hátt verið ánægður með það, að skapið hljóp með hann í gönur í síðustu ræðu hans og í stað þess að halda sjer við málið veittist hann að mjer með dálitlum skömmum. Það sýnir, að hv. þm. hefir fundið, að hann þurfti að snúa við blaðinu frá þeirri stefnu, sem hann hjelt fram áður og hafði á oddinum, og fer nú að bregða mjer um fávisku o. fl. o. fl. Harma jeg ekki það hlutskifti, því að svo vel sem hv. þm. hefir vit á ýmsum málum — og því neita

jeg ekki, að hann kunni að bera gott skyn á þau mál, sem hann vill setja sig inn í —, þá hefir hann þó hjer slegið slöku við að kynna sjer rjetta málavöxtu.

Hv. þm. talaði mikið um það, að ef jeg vildi ekki lýsa nokkra ákveðna Íhaldsmenn ósannindamenn, þá lægi jeg. En í hverju jeg lægi, það mintist hv. þm. ekki á. En jeg þarf ekki að eyða orðum að því, að þessi ummæli standa á þeirra reikning, og þarf jeg hvorki nje á að svara fyrir þau. En hv. þm. hefir nú notað þessi ummæli, sem eru nokkurra ára gömul, sem undirstöðu að árásarefnum á landhelgisgæsluna yfir höfuð, á hina nýbyrjuðu íslensku landhelgisgæslu. Þau hafa gefið honum, að því er virðist, kærkomið tilefni til þess að hella sjer út yfir landhelgisgæsluna og um leið yfir útgerðarmenn, og þá sjerstaklega togaraeigendur. Jeg hafði bent hv. 1. landsk. á það, hver hætta gæti stafað af ummælum hans og annars þm. (J-Bald) í þessu máli, og jeg veit ekki til, að hv. þm. (JJ) hafi með rökum hrundið því, sem jeg sagði í því efni. Það var hættan bæði inn á við og út á við, sem jeg benti á. Þetta kallaði hv. þm., að jeg hafi belgt mig upp. En jeg ætla ekki að vera að eltast við skammaryrði hans, því að þau stafa af hans æsta skapi. En það er augljóst, að hættan, sem jeg benti á, er til, og svo hitt, að í stað þess að afsanna það, þá tók hann upp það ráð að tyggja upp margendurtekin ummæli nokkurra þm. úr Íhaldsflokknum, þar sem þeir átöldu landhelgisgæsluna. Hann slær því föstu um íslensku sjómannastjettina, að hún sje hneigð til lögbrota. (**JJ**: Það voru frekar útgerðarmennirnir). Í ræðu hv. þm. áttu báðir óskilið mál. En hafi hann átt við útgerðarmenn, er hann sagði þetta, þá hefir hann þó að minsta kosti átt við sjómennina, er hann talaði um fiskiþjófana, sem færu inn í landhelgi til þess að stela fiski. Jeg skrifaði þessi ummæli upp eftir honum, svo að honum þýðir hjer ekki í móti að mæla.

Þá kom hv. þm. að því, að ósvarað væri, hvers vegna íslenskir togarar væru aldrei teknir í landhelgi. Það er þó svo, að þeir hafa verið teknir. Hann sagði líka, að meðan ekki væri tekinn neinn íslenskur togari væri Þjóðverjunum mokað upp. En hann gleymir alveg að gera hjer samanburð. Í ákafanum eftir að fá íslenska togara tekna gleymir hann því gersamlega, að útlendu skipin skifta hundruðum, en þau íslensku eru nú um 40, en hafa verið mun færri áður. Er ástæða til þess að ætlast til, að altaf komi auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, að á móti hverju útlendu skipi, sem tekið er, verði einnig íslenskt skip tekið? Það virðist þó ekki vera eðlilegt. En þegar komið hefir fyrir, að af hinum fáu íslensku skipum hafa skip nokkuð oft orðið fyrir sektum, þá má gera ráð fyrir, að þau hafi verið tekin tiltölulega jafnoft og hin útlendu. En þó að svo væri nú ekki, þá sannar það ekki, að það komi af hlífð varðskipanna gagnvart íslensku togurunum. Enda er það áreiðanlegt að því er snertir þetta mál, að nefndin, sem fjallaði um frv., leggur ekki til, að það verði samþ. með það fyrir augum, að íslensku togurunum eða lögbrjótunum verði sýnd nokkur vægð af strandvarnarskipunum. En

það er búið að umhverfa svo rjettum ástæðum í þessu máli af hálfu andmælenda frv., að margur gæti ímyndað sjer eftir orðalagi háttv. 1. landsk., að nefndin vilji taka í forsvar alla lögbrjóta. En fjarri fer því. Nefndin óskar ekki, að lögbrjótunum, hvort sem þeir eru útlendir eða innlendir, sje sýnd nein vægð. Við göngum ekki út frá öðru en að varðskipin leysi starf sitt vel og samviskusamlega af hendi.

Það virðist á andanum og orðalaginu í ræðum háttv. 1. landsk., sem honum sje það kappsmál, að íslensku togararnir yfir höfuð verði sem mest fyrir sektum og hegningu. Hinar síendurteknu spurningar um það, hvers vegna íslensku togararnir sjeu ekki teknir og sektaðir, virðast stafa af því, að hv. þm. vilji gjarnan sjá meira af því tæginu. En jeg býst við, að flestir sjeu hjer annarar skoðunar og óski heldur, að íslensku togararnir finnist ekki svo mjög sekir í því að brjóta landslög, að þeir verði oft fyrir hegningu þess vegna.

Hv. þm. hafði það rjett eftir mjer, að jeg sagði, að ræður hans bæru þess vott, að hann vildi vera útgerðinni, og þá sjerstaklega stórútgerðinni, þungur í skauti. En það eru ekki aðeins ræðurnar, heldur og öll hans skrif, sem bera það með sjer. Þó vildi hann láta líta svo út, sem þetta væri sprottið af heilagri vandlætingu yfir því, að lögunum væri hlýtt. En ef svo væri, þá yrði hann að afsanna það, sem jeg hefi nú um hann sagt, fyrir alþjóð með því að umskrifa ekki svo fáar ræður sínar á þingi og enn fleira af skrifum sínum í blöðunum. Það er enginn greiði ger, hvorki útgerðinni nje landhelgisgæslunni, að vera að hlaupa eftir öllu, sem sagt er íslenskum fiskimönnum til miska, og nota jafnt sem staðreyndir, þótt það sje ekki nema orðasveimur, til þess að halda fram öllu því fáránlega, sem hv. 1. landsk. hefir komið fram með í umr. um þetta frv. sjerstaklega.

Jeg hefði ekki álitið ástæðu til þess að minnast á fjárframlög útgerðarmanna í Reykjavík til kaupa á björgunarskipinu Þór, ef jeg hefði ekki verið knúður til þess vegna árása hv. 1. landsk. á þá, árása, sem ekki koma fram nú í fyrsta sinn, og ásakana um það, að þeir væru og hefðu verið landhelgisgæslumálinu óhollir. Jeg held einmitt því gagnstæða fram að því er snertir allan fjölda þeirra. Jeg held, að íslenskir útgerðarmenn hafi skilið betur en stjettarbræður þeirra erlendis, að örugg landhelgisgæsla væri til bóta, er til lengdar ljeti, jafnvel fyrir stórútgerðina. En hv. þm. vildi nú sanna hitt, að því er honum virtist á einfaldan hátt, með því að vísa til þess, að útgerðarmennirnir hlytu að vera á móti langhelgisgæslunni, af því að þeir hefðu augnablikstjón af henni. (**JJ**: Vitnin ganga á móti þeim um brotin). Vitni þau, sem hv. þm. nefndi, kunna að hafa sagt það, sem hann hefir haldið fram. En það eru til fleiri vitni í þessu máli en þau, sem hv. 1. landsk. taldi upp, og er þar ekki hvað síst stuðningur útgerðarmanna við björgunarfyrirtæki Vestmannaeyinga, Þór, sem þeir þó vissu, að átti að hafa eftirlit með landhelgisgæslunni jafnhliða björgunarstarfseminni. Því að það var ekki farið dult með það. Við, sem gengumst fyrir því, drógum enga dul á,

að björgunar- og eftirlitsstarfsemin bæði gæti og ætti að fara saman, eins og líka reynslan hefir sannað þessi 6 ár.

Háttv. 1. landsk. fyrirbyggir ekki neina hættu með ummælum sínum í garð skipherranna á varðskipunum, en gefur aðeins, eins og jeg hefi bent á, þeim, sem utan við standa og ekki þekkja til, t. d. útlendingum, ástæðu til þess að halda, að hjer sje um hlutdrægni að ræða í eftirlitinu. Jeg hefi áður bent á þá hættu, sem af þessu getur stafað, enda er hún svo augljós, að hún liggur í augum uppi, líka vegna þess, að jeg hefi ekki orðið var við, að okkur væri borið þetta á brýn af hálfu útlendinga. Þó að þeir hafi ýmislegt haft að athuga við framkvæmd landhelgisgæslunnar, dirfast þeir aldrei að halda því fram, að strandvarnarskipin eða þeir, er þeim stjórna, gerðu sjer mannamun. En þeirra sögumenn eru skipstjórarnir á útlendu togurunum, sem sigla og fiska á svipuðum svæðum og íslensku togararnir. Væri því full ástæða til þess, að það kæmu fram kvartanir frá þessum mönnum um hlutdrægni, er sýnd væri gagnvart útlendingunum, ef minsti fótur væri fyrir því. Svo mikið er okkur kunnugt af því, sem útlendu togaraskipstjórarnir bera um viðskifti sín við íslensk yfirvöld, er þeir koma heim til sín, að þeir hefðu varla farið að láta þetta liggja í láginni. Þeir hefðu sagt frá því, ef þeir hefðu haft hina minstu átyllu til þess. En það hafa þeir ekki gert. Jeg hefi sjeð flest þau plögg, er að þessum klögumálum lúta, en jeg hefi hvergi þar sjeð þessu haldið fram. En hv. 1. landsk. þykist um þetta vita betur en mennirnir á sjónum. Enda þótt það komi fyrir, að íslenskir togarar veiði í landhelgi og hafi verið sektaðir fyrir það, þá er það skoðun mín, að það sje með öllu rangt og óverðskuldað að bera það á skipstjóra íslenska fiskiflotans yfirleitt, að þeir muni vera verstir lögbrjótar þeirra, er fiskiveiðar stunda hjer við land. En þessu hefir hv. 1. landsk. haldið fram. Jeg veit, að hv. þm. muni þessari fullyrðingu sinni til sönnunar vitna í ummæli, er nýlega hafa fallið hjer í þessari hv. deild. En jafnvel þó að fótur væri fyrir því, að einhverjir íslenskir togarar fiskuðu í landhelgi, þá væri samt sem áður alls ekki rjett að draga af því þá ályktun, að íslensku skipstjórarnir yfir höfuð væru verstu lögbrjótarnir og hafa um þá þau orð, sem hv. 1. landsk. hefir látið sjer sæma að viðhafa Jeg ætla mjer ekki að fara að taka þau orð hv. þm. honum til ánægju upp eftir honum, enda hygg jeg, að hv. deildarmönnum væri lítil ánægja í því að heyra aftur þau skammaryrði, sem hv. þm. hefir haft hjer um íslensku sjómennina, sem að líkindum eru duglegustu sjómenn heimsins.

Jeg mundi ekki hafa tekið til máls hjer við þessa 3. umr., ef umræður hefðu ekki verið hafnar af andstæðingum frv. En þar eð svo fór, þá taldi jeg mjer skylt fyrir hönd nefndarinnar að verða til andsvara.

Þrátt fyrir alt það, sem háttv. 1. landsk. hefir spunnið utan um þetta mál, þá er það ljóst orðið af umræðunum, að nefndin og þeir, sem frv. fylgja, vilja hafa skipulagsbundið landhelgiseftirlit, og að þeir bera tiltrú til þeirra manna, sem nú fara með

gæsluna, en hafa hinsvegar ekki óbifanlega trú á söguburði hv. 1. landsk. um íslensku sjómannastjettina. Hinsvegar er það einnig ljóst, að þeir hv. þm., sem beita sjer gegn frv., hafa ekki trú á því, að rjett sje og heppilegt, að menn þeir, er að strandvörnunum standa, sjeu gerðir að opinberum sýslunarmönnum, og að þeir vantreysta þeim í starfi þeirra. Háttv. 1. landsk. reyndi í lok ræðu sinnar að breiða yfir það, að komið hefði fram í ræðum hans andúð gegn skipherrunum á varðskipunum íslensku. En hv. þm. hefir hvað eftir annað gert sig beran að því að búa til sakir á hendur þeim og draga sínar ályktanir af þeim tilbúningi. Það er því trauðla hægt fyrir hv. þm. að mótmæla því, að komið hafi fram í ræðum hans andúð gegn þessum mönnum.

Jeg sje, að hv. 5. landsk. (JBald) er ekki viðstaddur, enda hefi jeg honum ekki miklu að svara. Hann var hættur við að andæfa frv. jafnmikið og áður. Þó er það eitt atriði í ræðu hv. þm., sem jeg vil ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að undirmennirnir á varðskipunum ættu að vera þrælar. Jeg þarf ekki að endurtaka það, sem jeg sagði áður um afstöðu þessara manna á skipunum, en jeg gaf ekkert í skyn um það, að þeir ættu að vera þrælar, enda er hvergi hægt að ráða það af nál. En hinsvegar sagði jeg, að jeg áliti aga og reglu nauðsynlega á skipunum.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál frekar. En ef hv. 1. landsk. óskar að halda áfram umræðum í svipuðum dúr og hingað til, þá áskil jeg mjer rjett til stuttrar athugasemdar.

Jónas Jónsson: Hv. 2. þm. Rang. (EJ) hjelt áðan stutta ræðu í umvöndunaráttina út af því, hve margar og langar ræðurnar hjer í hv. deild væru. Jeg vildi leyfa mjer í þessu sambandi að benda þessum hv. þm. á það, að jeg hygg, að aldrei hafi hjer á þinginu verið haldin ræða eins langt frá efni málsins og ræða hans. Hv. þm. bar mjer það á brýn, að jeg hefði haldið því fram, að með frv. þessu væri verið að stofna 500 ný embætti. Hefir hv. þm. farið í þessu efni eins og sumum mönnum, er sjá 11 þar, sem ekki nema um 1 er að ræða, eða 2 flugur fyrir 1. Hv. þm. hefir sem sje í þessu efni sjeð 2 núll í staðinn fyrir eitt. Jeg sagði sem sje, að með frv. væri verið að búa til 50 ný embætti. Annars sýndi hv. þm. tveimur hv. þm. (BK og MK) hina megnustu móðgun með því að fara að hæla þeim, og geri jeg ráð fyrir, að þessir hv. þm. neyðist til þess að bera af sjer sakir, því jeg álít, að það sje þeim til lítils sóma að vera hælt af þessum hv. þm.

Jeg er hæstv. ráðh. (JÞ) þakklátur fyrir það, að hann hefir nú viðurkent þá skoðun mína, að íslenskir togaraeigendur skipi skipstjórum sínum að toga í landhelgi. Hann hefir líka sagt á þingi, að brot íslenskra togara væru ekki eins þungvæg og brot útlendra manna.

Hæstv. ráðh. var með dylgjur um það, að skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hefði haft til meðferðar lögbrot í sambandi við mig. Jeg hefi aldrei átt í neinu lögbrotamáli, og stend jeg þar öðruvísi að vígi en hæstv. ráðh., sem hefir játað það opinberlega, að hann hafi verið sektaður fyrir lögbrot, meira

að segja var það áfengissmyglun. Annars var það mjög mishepnað í ræðu hæstv. ráðh., að það virtist eins og skrifstofustjórinn setti sig yfir ráðherrana og ætlaði sjer að fara að kenna þeim. Slíkt á ekki að eiga sjer stað um undirtyllu. Jeg mun, ef tími og tækifæri gefst, síðar tala um það, hvernig þessi skrifstofustjóri hefir vanrækt eftirlit sitt með vínverslun ríkisins, en það mál liggur nú fyrir fjhn.

Hv. þm. Vestm. (JJós) dró í síðustu ræðu sinni inn klærnar. Hann kvaðst, er jeg skoraði á hann að tilgreina móðgandi orð, sem jeg átti að hafa haft um ísl. sjómannastjettina, ekki vilja gera það. Jeg hefi haldið mjer við það eitt í máli þessu, sem vitnaleiðslan hjer á þingi hefir gefið tilefni til, og jeg hefi þar á meðal vitnað í ummæli manna, er sitja við sama stjórnarborð og hv. þm. (JJós). Meðan þau orð eru ekki ósönnuð, þá verða þau undirstaða undir dómi hvers þess, er þau les. — Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að íslenskir sjómenn væru hneigðir til þess að brjóta landhelgislögin. Sjómenn eru undirmenn á skipunum og þeir ráða engu um, hvar skipin veiða. Skal jeg í því sambandi enn benda á orð Ágústs Flygenrings hjer á þingi, þar sem hann sagði, ekki að það væru undirtyllurnar á skipunum, ekki einu sinni skipstjórarnir, sem rjeðu því, að togararnir veiddu í landhelgi, heldur eigendurnir, sem beinlínis skipuðu fyrir um að veiða í landhelgi. Jeg hefi ekki sagt annað en að togararnir veiddu í landhelgi, og jeg hefi ekki sagt, að það væru yfirmennirnir, sem rjeðu því, heldur eigendurnir. En auðvitað eru það aðrir hvorir þeirra, sem ráða því. Það er ekki hægt fyrir hv. þm. að þoka sjer undan þeirri staðreynd, að togararnir veiði í landhelgi. Hann getur ekki gengið utan um vitnisburð manna á staðnum, vitnisburði, sem ber saman og ekki hefir verið hrundið.

Hv. þm. sagði, að landinu stafaði hætta af umtalinu um þetta mál í þinginu. En stafar þá ekki einnig hætta af ummælum hv. þm. Snæf., sem skýlaust fara í þá átt, að ísl. togararnir geri sig seka um veiðar í landhelgi í stórum stíl.

Jeg hefi í þessu máli bent á fordæmi, sem gefið var í fornöld, þegar erlendan mann langaði til að eiga eyju eina hjer við land. Sumir vildu gefa honum hana, en aðrir ekki. Þeir, sem neituðu, báru það fyrir sig, að þó að þessi maður væri hinn ágætasti, þá væri ekki víst, að allir eftirkomendur hans yrðu honum jafngóðir. Af sömu ástæðu er það, að jeg hefi ekki viljað lögfesta yfirmennina á varðskipunum eins og nú er gert með frv. þessu. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. Nd. lagfæri frv. að þessu leyti, því að þessa ómynd getur enginn maður stutt, sem lætur sjer ant um framtíð gæslunnar hjer á landi.

Mjer þykir vænt um, að hv. þm. hefir ekki reynt að hrekja þá staðreynd, hvar Þór fjekk sem varðskip fyrstu stuðningsmenn sína og fjandmenn. Það er rangt, að þeir menn sjeu vinir fyrirtækis, sem ganga á móti því meðan hættan vofir yfir, en snúast með því, er það er komið yfir torfærurnar.

Jeg er ánægður yfir því, að þessar umræður hafa orðið til þess að varpa

ljósi yfir ósparsemdarframferði landsstjórnarinnar, þar sem hún með frv. þessu kemur með óþarfa embættistildur og erlenda eftiröpun, sem á hjer alls ekki við, til stórtjóns landhelgisgæslunni í bráð og lengd.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er ekki furða, þótt hv. 1. landsk. (JJ) miklist af því góða málefni, sem jeg mintist á áðan, þegar flokksbróðir hans, er sæti á í allshn., fær þann vitnisburð, sem hann í miðhluta ræðu sinnar gaf honum, er hann sagði, að með frv. væri stofnað til óþarfa eyðslu o. s. frv. Auðvitað var þessu beint til ríkisstjórnarinnar, en vitanlega hittir það þennan flokksbróður hans líka, þar sem hann sem nefndarmaður leggur til, að frv. verði samþykt. Það mundi þykja saga til næsta bæjar, ef forustumenn Íhaldsflokksins gæfu heiðarlegum flokksbræðrum sínum slíkan vitnisburð og hv. 1. landsk. gaf út og falla varð í garð hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) eins og annara í hv. allshn.

Það virðist ekki lýsa mikilli sjálfsþekkingu, er hv. 1. landsk. er að monta af því, að hann hafi aldrei átt í neinum lögbrotum. Jeg veit ekki til þess, að það hafi verið staðhæft jafnoft um nokkurn mann hjer á landi, að hann hafi gert sig sekan um brot á hegningarlögunum eins og hv. þm. (JJ). Skal jeg aðeins geta þess, hvert er efni þeirra greina hegningarlaganna, er hv. þm. hefir brotið. Þær eru um róg, níð og ærumeiðingar um náungann. Hv. þm. hefir ekki treyst sjer til að mótmæla því opinberlega, nje hnekkja því með því móti, sem sjálfsagt er og flestir aðrir, er sakaðir eru um slík lögbrot, myndu gera. Það var ekki svo, eins og hv. þm. vildi halda fram, að skrifstofustjórinn setti sig yfir ráðherrann, þegar hann kom í veg fyrir það, að ráðherrann fremdi lögbrot eftir áeggjan hv. 1. landsk., en hann setti sig yfir hv. 1. landsk., og það svíður honum svo, að hann ætlar ekki að láta sjer nægja kveinstafina yfir sviðanum í þessu máli, heldur ætlar hann að halda þeim áfram í öðru máli, sem bráðum kemur fyrir þessa hv. deild.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 1. landsk. sagði, að jeg hefði ekki vjefengt þá staðhæfingu hans, að miðstjórn Framsóknarflokksins hefði hvatt landsstjórnina til þess að nota Þór til landhelgisgæslu. Jeg trúi því, að þetta sje rjett hjá hv. þm., og það er skoðun mín, að þetta hafi verið rjett gert. En hvort hv. þm. (JJ) hefir lagt þarna eitthvað inn, sem honum finst, að hann megi altaf vera að taka út á, um það er mjer ókunnugt. Það má vel vera, að hann hafi átt þarna einhvern hlut að máli. En það voru fleiri en hann. Og það gefur hv. þm. engan rjett til þess að vera sífelt að bera brigður á einlægni útvegsmanna, sem studdu málið miklu fyr en Framsóknarflokkurinn sinti því. Þetta tek jeg fram, svo að hv. þm. og aðrir misskilji ekki þögn mína. Jeg álít, að miðstjórn Framsóknarflokksins hafi gert rjett í tillögum sínum um að nota Þór, en jeg vil líka vera rjettlátur í garð annara manna, sem ekki voru í miðstjórninni og ekki áttu sæti á þingi, en studdu málið með ráðum og dáð og fjárframlögum úr eigin vasa. En það voru og eru togaraeigendur í Reykjavík. Þetta verða hv. þm. að gera sjer ljóst, og því vil jeg ekki láta það liggja í þagn-

argildi, enda er það fjarri mjer að vilja draga nokkuð undan af sannleikanum í þessu efni. En reynslan mun sýna síðar, hvor rjettara hefir fyrir sjer að því er snertir þetta mál. Það verður því ávalt til hollustu, að sem reglulegast og best skipulag sje á þessu starfi, en ekki látið svífa í lausu lofti eins og hv. 1. landsk. vill sætta sig við.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Aðeins örfá orð. Jeg átti eftir að slá botninn í það, er jeg sagði hjer í dag, er jeg var kallaður burt til atkvgr. í Nd. En af því að jeg veit, að hv. frsm. muni hafa svarað því, er svara þurfti, ætla jeg að sleppa frekari umræðum. Mjer var sagt, að hv. 1. landsk. hefði notað tækifærið til þess að víkja nokkrum vel völdum orðum að mjer. Vildi jeg aðeins láta það sjást í þingtíðindunum, að þau orð fjellu í fjarveru minni, svo að jeg hafði ekki tækifæri á að svara þeim.

Einar Jónsson: Jeg býst við, að það sje almenn ósk hv. þingdeildarmanna, að umræður verði ekki langar úr þessu. En vegna ræðu, er jeg hjelt hjer fyr í kvöld og kom öðrum af stað, get jeg ekki látið hjá líða að minnast á þá nokkrum orðum.

Hv. 5. landsk. (JBald) sárnaði undan ummælum mínum, en var þó furðu vægur í svari sínu. Kvaðst ekki geta tekið mig sem siðameistara. Jeg skal ekki lá honum það, en þó ætti hann að vera svo sanngjarn að taka góðum ráðum og vingjarnlegum bendingum, hvaðan svo sem þær koma. Og mitt ráð honum til handa var gott og vel meint.

Annars er það að kalla mig siðameistara ekki nein ný fyndni, er hv. 5. landsk. þurfi að vera neitt hreykinn af. Hún er ekki uppfundin af honum. Það er gott og gamalt heiti á mjer síðan fyrir mörgum árum.

Þá kem jeg að hv. 1. landsk. (JJ). Hann sagðist aldrei hafa heyrt flutta ræðu jafnfjarri efni og mína. Já, það er ekki laust við, að mjer þyki skörin færast upp í bekkinn. Hv. þm. heldur klukkutíma ræðu jafnfjarri efninu og jeg í 10 mínútur. Hann fer gandreið um heima og geima, veður elginn úr einu í annað, ruglar saman skyldu og óskyldu, teygir lopann á allar lundir og gerir alla hundleiða að hlusta á sig. Hið eina rjetta í orðum hv. 1. landsk. var það, að jeg hafði mismælt mig, sagt 500 í stað 50. En þar sem ekki er nema um eitt 0 (núll) að ræða, — hvað vill hann vera að fetta fingur út í það, sem sjálfur er ekki nema „núll“ og varla það?

Háttv. þm. vildi halda, að hv. 1. þm. G.-K. (BK) og hv. 4. landsk. (MK) munu taka hrósi frá mjer sem vansæmd! Jeg hefði getað bent á fleiri hv. þm. spaka, hógláta, friðsama. Og jeg er viss um, að þeir taka ekki sem móðgun, þótt jeg hrósi þeim. Þeir vita sem er, að jeg er hreinskilnari en hv. 1. landsk. — Enn eitt atriði hjá hv. þm. (JJ) — ekki í athugasemdinni, heldur í ræðu hans þar næst á undan — var það, að Íhaldsflokkurinn hefði komið á framfæri út í lönd einhverju níðskrifi, er hann tilgreindi ekki nákvæmar. Mjer er nú ekki kunnugt, við hvað hann á. En hinu furðar mig á, að hann — slíkur maður, sem hann hefir sýnt sig vera — skuli leyfa sjer að nota orðið „níðskrif“ um rit annara

manna. Mjer finst hann höggva þar of nærri sjálfum sjer, og væri honum sæmra að bæta fyrir brot sín í þá átt heldur en vanda um við aðra.

Hv. þm. kom við í fornöldinni, og það minti mig á eina forna sögu — hann er líka svo fjarska sögufróður —, það er Ragnars saga loðbrókar.

Eysteinn konungur í Uppsölum, er í þann tíma rjeð fyrir Svíþjóð, átti sjer einn háskagrip, kú þá, er mjög var blótin og nefndist Síbylja. Var hún máttur hans og megin í hernaði, því að hann ljet hana jafnan renna fyrir liði sínu, og fylgdi slíkur djöfulskraftur látum hennar, að enginn mátti standast; svo voru óhljóð hennar óheimleg. — Í þessari hv. deild er nokkurskonar Síbylja ósjaldan öskrandi, og vita allir, hvaðan hún er ættuð. **(JJ:** Já, af Rangárvöllunum). En eins og forðum, er Ívar beinlausi ljet kastast á kúna og af þeim heljarkrafti, að mölvaðist hvert bein kýrinnar og lauk svo tröllskap hennar, svo fer og fyrir nöfnu hennar, Síbylju hjer í deildinni, að leggist á hana nægur þungi, verður hún að kássu og að engu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 300).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg sje ekki ástæðu til þess að innleiða umr. um málið á þessu stigi þess. Jeg læt hafa áhrif á mig þær löngu umr., sem hjer hafa orðið í dag. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 503 og 504).

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vildi leyfa mjer að óska þess, að mál þetta væri tekið út af dagskrá nú. Jeg hefi ekki enn haft tækifæri til að koma fram með nál., og hv. frsm. 1. minni hl. er ekki viðstaddur.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er nú orðið svo áliðið þingtímann, að mjer er ekki vel við, að málið sje tekið af dagskrá. Jeg vil að minsta kosti gjarnan vita, hvenær háttv. þm. (HjV) álítur, að nál. geti komið. **(HjV:** Á mánudaginn). Er þá hv. þm. samþykkur því, að málið verði tekið á dagskrá á mánudag? **(HjV:** Já). Fyrst svo er, að nál. getur verið tilbúið þá, vil jeg ekki setja mig á móti því, að málið sje tekið af dagskrá í þetta sinn.

Forseti (BSv): Þess hefir verið óskað, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, og þar sem mjer heyrðist hæstv.

stjórn vera því frekar hlynt, er það gert hjer með.

Á 70. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 300, n. 503, 504 og 534).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 534. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg get verið stuttorður um mál þetta. Eins og getið er um í nál. á þskj. 503, hefir nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hefir hún klofnað í þrent. Milli 1. og 2. minni hl. ber ekki svo mikið um frv. það, sem til allshn. var vísað, um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Brtt. þær, sem við í 1. minni hl., jeg og hv. þm. Dal. (JG), berum fram við frv., eru ekki svo stórvægilegar, að þörf sje að fjölyrða um þær. Hv. þm. hafa sjálfsagt borið þær saman við frv., og sje jeg því ekki ástæðu til að rekja þær lið fyrir lið. Sá orðamunur, sem við leggjum til, að gerður verði, er aðeins breyting á orðalagi frv., en snertir ekki verulega efni þess.

Aðalbreytingin er í því fólgin, að við viljum, að í frv. sjeu ákvæði um það, hve margir embættismenn eigi að vera á skipunum og hvaða kjör þeir eigi að hafa. Við teljum betra að hafa ein lög um þetta en að hafa sjerstök lög fyrir varðskipin og sýslunarmenn á þeim, en önnur um launakjör þeirra. Við höfum heldur ekki getað fallist á efni þess frv., er vísað var til fjhn. og ræddi um embættaskipun og launakjör þessara manna. Við teljum betur fara að hafa þetta í einum lögum, og því höfum við komið fram með þessar brtt., meðal annars af því að þessi embættiskostnaður og laun eiga ekki að greiðast nema að nokkru leyti úr ríkissjóði. Það er landhelgissjóður, sem á að annast úthald þessara skipa og greiða laun þeirra manna, sem á þeim eru. Þess vegna er rjettara að láta lög um þetta efni innibinda í sjer ákvæði, sem starfinu viðkemur. Auk þess get jeg getið þess, að þó að sjálfsögðu þurfi að hafa þá mannatölu, sem nú er, þá gerum við mun á því, hvort menn eru ráðnir á þann hátt, sem við leggjum til, eða hafa föst embætti. Má vera, að það skifti ekki miklu máli upp á launakjörin og tilkostnaðinn við útgerð skipanna, en þó er það sitthvað að hafa þessar sýslanir lausar og hafa menn ekki bundna um ótiltekinn tíma við starfið, eða geta gert með fyrirvara breytingu á ráðningunni á skipunum. Við höfum gert þá breytingu, að menn geti sagt upp þessu starfi með fyrirvara, og eins eiga stjórnarvöldin, sem með þessi mál fara, að geta sagt mönnum upp á sama hátt. Jeg hygg, að með till. okkar sje á engan hátt sjeð verr fyrir þessu máli en í frv. Það er ekki tilgangur okkar, að skipverjar, er á skipum þessum starfa, sjeu látnir hafa nokkuð verri kjör en tíðkast á öðrum skipum. Til þessa starfa þarf nýta og góða menn, ekki aðeins yfirmennina, heldur og skipverja alla. En jeg get ekki betur sjeð en það auki meira kostnaðinn fyrir landið að fara að gera þá alla að föstum embættismönnum heldur en að hafa það eins og við leggjum til. Eftir því sem tilkostnað-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

urinn við embættismannahaldið í landinu verður meiri, borið saman við efnahag landsins og fólksfjölda, því varlegar verðum við ætíð að fara í það á hverjum tíma að stofna ný föst embætti. Jeg hefi ekki talið saman síðan dýrtíðaruppbótin var lækkuð, hvað mikið fer til embættismanna landsins, en jeg hygg, að það sje ekki fjarri 5 milj. kr. Er þó ekki alt reiknað. Þá eru á 2. milj. kr. fastákveðin gjöld í vexti og afborganir. Þarna eru þá komnar á 7. milj. kr. Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir 10 milj. kr. tekjum. En þó að það falli svo vel um atvinnurekstur landsins, að þessar tekjur komi allar inn á árinu 1928, þá er jeg því miður hræddur um, að að því reki áður en varir, að tekjur ríkissjóðs nái ekki þessari upphæð. Nálgist verðlagið, sem var fyrir stríð, eins og alt bendir til, og komist útflutningsvörur okkar svo langt niður, sem engan hefði órað fyrir, þá sje jeg fram á það, að ekki verði hjá því komist á næstu þingum að ljetta af sköttunum að verulegum mun. Er ólíklegt, að menn geti greitt á næstu árunum 20% af þjóðartekjunum, eða ef til vill meira, en það eru um tvöfalt hærri gjöld en erlendir sjerfræðingar hafa talið fært, að lagt væri á gjaldendur. Þegar á alt er litið, er teflt á tæpasta vaðið í skattamálunum og verður brátt að fara að draga eitthvað úr. Er þá bersýnilegt, hvar sá sparnaður á að koma niður. Jeg geri þó ráð fyrir, að þó að einhver sparnaður yrði á embættismannahaldinu við fækkun eða sameiningu embætta, þá verði sá útgjaldaliður altaf mjög hár. Að því er snertir vexti og afborganir af lánum, sem greiða þarf, getur um engan sparnað verið að ræða, ef við á annað borð getum staðið í skilum. Það verður því svo, að sparnaðurinn lendir aðallega á hinum verklegu framkvæmdum. Úr þeim verður að draga. En þegar þessu horfir þannig við, þá er okkur skylt að hafa gát á því að stofna ekki föst embætti nema brýnasta nauðsyn sje til. Jeg get nú búist við, að mjer verði svarað því, að það þurfi að annast landhelgisgæsluna og hafa menn á skipunum, hvort sem þeir eru þar í föstum embættum eða launaðir svipað því, sem við leggjum til. Jeg er þó ekki viss um nema það mundi draga úr mannahaldinu meira en gert er í frv. Það er eðlismunur á því, hvort hjer er um að ræða föst embætti eða hvort mennirnir eru aðeins ráðnir með þeim hætti, sem við leggjum til. Landið hefir ekki sömu skyldur gagnvart þeim, sem ráðnir eru, og þeim, sem eru í föstum embættum. Jeg gæti líka eins vel búist við því, að mennirnir væru eins vel settir með þeim ráðningarmáta og hinum.

Viðvíkjandi skyldum þessara manna vildum við, eins og felst að nokkru leyti í frv. stjórnarinnar, ganga svo frá, að þeir geti ekki lagt niður vinnu eða sagt upp starfinu nema þá með tilteknum uppsagnarfresti. Þetta er svo þýðingarmikið atriði, að ekki geti komið til mála að hafa þann ráðningarmáta og svo mikilsvert að okkar áliti, að það eigi ekki við að hafa þetta atriði grímuklætt í frv. Það er best að segja hreint til litar og mæla svo fyrir um, að menn megi ekki leggja niður vinnu. Það eru ákvæði í frv. eins og

það er nú, sem benda til þessa, einnig tilvitnanir þær í lög, sem þar eru. En við viljum láta þetta koma skýrt fram, svo að menn viti, að hverju þeir ganga og að þeir verði að sæta ábyrgð, ef þeir víki frá þessu.

Að því er snertir ákvæðin um launin, þá höfum við lagt til, að laun skipherranna verði lækkuð um 300 kr. Annars geri jeg lítið úr því. Við höfum aftur lagt til, að launakjör hinna yfirmannanna hækkuðu ofurlítið, og mega þau eiginlega ekki minni vera en við höfum sett þau. Það má búast við því, að þessir menn verði helst til langframa á skipunum og að á herðum þeirra komi starfræksla skipanna til að hvíla ef til vill meira en hinna. Það er því þýðingarmikið, að allir leysi starf sitt vel af hendi og sjeu við bærileg kjör. Aftur á móti eru undirmennirnir kannske á skipunum um stundarsakir, ef til vill aðeins til náms, og því ekki til frambúðar. Þó ætti að vera frjálst að ráða þar góða menn til frambúðar, ef nauðsyn þykir, og þá með þeim kjörum eða skilmálum, sem gerir vist þeirra á skipunum mögulega.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Jeg mun ekki gera mitt til að lengja umr., enda vona jeg, að jeg hafi ekki með ummælum mínum nú gefið tilefni til þess.

Jeg vil þá í lok máls míns minnast stuttlega á nefndarálit háttv. 3. minni hl. Hann segir þar, að samkvæmt tillögum okkar eigi launakjörin á varðskipunum að vera verri en á verslunarskipunum. Atriði það, sem hann drepur á, hefir ekki við neitt að styðjast, nema ef hann meinar yfirmennina, en laun þeirra viljum við lækka ofurlítið. Því að um aðra skipverja segjum við ekki neitt. Jeg get ekki sagt, hver sje munurinn á launum þessara manna og yfirmanna á verslunarskipunum, en þó hygg jeg, að hann sje ekki eins mikill og háttv. 3. minni hl. (HjV) vill vera láta. Þá sagði hann líka, að þetta frv. væri til ills eins og ekki hættulaust, þar sem hætta gæti verið á því, að skipverjum varðskipanna væri ætlað svipað verk og ríkislögreglan, sem hjer átti að koma á fót, skyldi hafa. Jeg held þó, að þetta sje misskilningur hjá hv. þm. (HjV). Jeg vona að minsta kosti, að svo sje. Jeg held, að það komi ekki til mála, að þessir menn verði látnir inna af hendi annað en löggæslu á sjó. Ef gripið væri til þeirra við löggæslu á landi, þá álít jeg, að það væri brot á þeirri starfsemi, sem þeim er ætluð. Jeg held því, að það sje alveg óþarfi hjá hv. þm. (HjV) að óttast þetta.

Tel jeg svo óþarft að ræða meira um þetta að sinni og læt því hjer staðar numið.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Kjartansson): Það eru mörg ár síðan Íslendingar þráðu að geta tekið landhelgisgæsluna í sínar hendur. Nú hafa þeir að mestu leyti uppfylt þær óskir sínar. Það er nú ekki ábyrgðarlaust fyrir hið íslenska ríki að hafa tekið þetta starf í sínar hendur. Það er áríðandi, að ekkert víxlspor sje stigið í þessu efni.

Með þessu frv. er reynt að tryggja landhelgisgæsluna sem best með lögum. Allir eru sammála um það, að nauðsynlegt sje að búa eins tryggilega um landhelgisgæsluna sem unt er og að það væri ósæmilegt fyrir ríkið að taka hana í sínar hendur, ef það sæi

ekki jafnframt um, að hún sje vel af hendi leyst.

Í þessu frv. er ráð fyrir því gert, að þessir löggæslumenn á sjónum verði gerðir að föstum sýslunarmönnum ríkisins og þar með gerðir hliðstæðir lögreglunni í landi. Það er öllum ljóst, að úr því að ríkið færir löggæsluna út fyrir landsteinana, þá hlýtur það að verða að taka ábyrgð á þeim mönnum, sem framkvæma hana, en það gerir það með því að taka þá í tölu sýslunarmanna ríkisins. Þetta er aðalatriði frv., og eru bæði 1. og 2. minni hl. allshn. sammála um það atriði. Þeir eru báðir sammála um nauðsyn slíkra laga sem þessara.

En 1. minni hl. hefir viljað ganga lengra. Hann hefir viljað fljetta inn í þetta frv. öðru frv., sem hv. fjhn. hefir til meðferðar, um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins. En við 2. minni hl. allshn. höfum ekki viljað blanda okkur inn í verkahring hv. fjhn. Ef við verðum ekki ánægðir með gerðir hennar við það frv., þá getum við gert breytingar við þær á sínum tíma hjer í deildinni. Því gátum við ekki aðhylst þessa leið hv. 1. minni hl. En þetta er ekki stórt atriði, og hv. deild verður að gera það upp við sig, hvorum minni hl. hún vill fylgja í þessu efni, og geri jeg fastlega ráð fyrir því, að hún muni fylgja okkur að málum.

Mjer virtist hv. frsm. 1. minni hl. (JörB) gera of mikið úr því, að hjer væri stofnað til mikils embættabákns með því að gera alla þessa menn að sýslunarmönnum. Þetta er villandi. Úr því að ríkið ætlar sjer að gera skipin út, þá getur það ekki hliðrað sjer hjá því að greiða skipverjunum kaup. En þar sem ríkið ætlar sjer að bera ábyrgð á starfi þessara manna, þá er ekki nema eðlilegt, að það sje ákveðið með lögum, að þeir sjeu sýslunarmenn ríkisins og njóti sömu rjettinda og hafi sömu skyldur sem aðrir sýslunarmenn. Hjer er ekki verið að stofna mörg embætti, heldur aðeins ákveðið, hve mikið ríkið ætlar sjer að borga þessum mönnum, sem vinna á skipunum.

Jeg sje enga ástæðu til þess að amast við því, að aðrir en yfirmenn skipanna sjeu gerðir að sýslunarmönnum. Það er sjálfsagt, að þeir sjeu það, en hitt er einnig til bóta, að skipverjarnir sjeu það líka. Þeir finna þá því meira til ábyrgðarinnar, sem á þeim hvílir, og ríkið finnur einnig meira til ábyrgðarinnar gagnvart þeim. Það er líka þýðingarmikið, að það sje íslenska ríkið, sem ber ábyrgð á þeim út á við.

Jeg vænti, að hv. þdm. leggi ekki mikið upp úr þeirri andúð, sem reynt er að vekja gegn frv. þessu bæði utan þings og innan. Þetta mál er of mikils virði til þess, að slík andúð eigi að geta komið til greina hjer á Alþingi. Jeg vænti, að Alþingi sje mjög einhuga ánægt yfir því, að við höfum nú tekið landhelgisgæsluna sjálfir í okkar hendur. En ef svo er, þá verður Alþingi að tryggja það, að þetta starf verði okkur ekki til vansæmdar í framtíðinni. Jeg vænti þess, að þessi deild skilji þetta eins vel og hv. Ed. og samþykki óbreytt það frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að það sje ekkert í þessu frv. þannig vaxið, að ekki sje örugt að samþykkja það.

Frsm. 3. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það virðist vera sameiginlegt flokksmál beggja íhaldsflokkanna hjer á Alþingi að láta þetta frv. stjórnarinnar ná fram að ganga. 1. minni hl. allshn., sem tilheyrir þeirri grein íhaldsins, sem nefnir sig framsókn, vill samþykkja frv. með þeim breytingum, að fljetta frv. um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins inn í þetta frv. Það gefur mjer tilefni til að tala um launakjörin í sambandi við þetta frv., sem nú liggur fyrir. Þá liggur fyrir að athuga það, hvað þetta frv. hefir inni að halda, sem sje svo mikilsvert, að báðir flokkar, sem um völdin keppa, fallast í faðma um það. Aðalatriði frv. er að gera sjómennina á strandgæsluskipunum að sýslunarmönnum ríkisins. Síðan eru ákveðin rjettindi þeirra og skyldur, en mjer virðist nú að vísu meira bera á skyldunum en rjettindunum. Í upphafi var t. d. svo til ætlast, að engin ákvæði væru í frv. um slysatryggingu, en það fjekst þó sett inn í hv. Ed. fyrir tilstilli háttv. 5. landsk. (JBald), að um slysatryggingu skuli fara eftir svipuðum reglum og á skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelagsskipunum, — en hví mátti ekki láta gilda þar um alveg sömu reglur? Þá er gert ráð fyrir því í 4. gr. frv., að skipherrann geti hvenær sem er rekið háseta og kyndara, en þess er ekki getið, að þeir hafi nokkurn rjett á móti. Einnig er ákveðið, að þeir skuli greiða iðgjald í lífeyrissjóð embættismanna, en ef þeir fara frá þessu starfi sínu, þá eiga þeir ekki ótvíræða kröfu til þess að fá iðgjöldin endurgreidd, heldur ákveður ráðuneytið það. Þess er getið, að skráning manna á skipin skuli ekki fram fara fyrir skráningarstjóra, heldur skuli þeir lúta ákvæðum þessara laga. Ef sýslunarmaður brýtur gegn skyldum sínum eftir reglum þessara laga, þá varðar það ábyrgð sem brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að það varði ábyrgð eftir siglingalögunum. Hjer er alt strangara en ella er venja. Ef þetta er borið saman við rjettindi skipverja á öðrum skipum ríkisins, svo sem Esju og Villemoes, þá sjest, að þar er ekki svo lítill munur, en á þau skip eru menn skrásettir samkvæmt siglingalögunum. Nú má benda á það, að siglingalögin eru gömul orðin — þau eru frá 1914 — og alls ekki sniðin eftir nútíma kröfum sjómanna, en þó eru þau á allan hátt frjálslyndari og veita skipverjunum miklu meiri rjettindi en þetta frv., og skal jeg því til sönnunar benda á nokkrar greinar þeirra. Eftir 87. gr. siglingalaganna stendur ráðningin yfir þangað til skipið er komið á ráðningarhöfn eða innlenda höfn, og er ekki hægt að vísa manni af fyr, en samkv. þessu frv. er hægt að reka mann af skipinu hvenær sem er. Í annari grein er þess getið, ef menn fara af skipi erlendis, þá eigi þeir kröfu til ferðakostnaðar heim, en ekkert slíkt ákvæði er í þessu frv. Eftir 88. gr. siglingalaganna getur skipverji, þegar hann er búinn að vera tvö ár háseti, hvernig sem ráðningarsamningur hans er, krafist lausnar á næstu höfn, sem skipið kemur á til fermingar eða affermingar, nema það fari beint til hinnar upprunalegu ráðningarhafnar. Samkvæmt þessu getur

háseti sagt upp án uppsagnarfrests. En hjer er gert ráð fyrir löngum uppsagnarfresti. Samkv. 91. gr. siglingalaganna getur skipverji krafist brottfarar, ef skipstjóri misþyrmir honum eða ef hann hefir ekki sæmilegt fæði. Á hann þá heimting á eins mánaðar kaupi og jafnvel ferðakostnaði. Engin ákvæði, sem að þessu lúta, eru í þessu frv.

Ef skipverji sýkist eða slasast og honum er ekki sjálfum um að kenna, þá fær hann samkv. 95. gr. siglingalaganna fult kaup þangað til hann er afskráður og hjúkrun í 4 vikur, og hjúkrun í 8 vikur þar sem ekki er hægt að afskrá hann. Engin ákvæði svipuð þessu eru í frv. stjórnarinnar.

1. málsgrein 100. gr. siglingalaganna hljóðar svo: „Nú fækkar skipverjum meðan á ferðinni stendur, og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparast hefir við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, að rjettri tiltölu við aukið starf hvers þeirra". Með öðrum orðum: þarna er vernd gegn því, að lögð sje of mikil vinna á skipverja. Í frv. stjórnarinnar eru engin takmörk fyrir því, hve mikla vinnu má leggja á skipverjana.

Samkvæmt 101. gr. siglingalaganna fá skipverjar sjerstaka þóknun fyrir helgidagavinnu við fermingu og afermingu skipa, og skal sú þóknun metin jöfn hálfs dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hluta úr þeim. Í þessu frv. stjórnarinnar og ekki heldur í launafrv. er þess nokkursstaðar getið, að skipverjarnir fái nokkra þóknun fyrir helgidagavinnu eða aðra aukavinnu, hvort heldur sem er á nóttu eða degi. 107. gr. siglingalaganna kveður á um það, hvenær megi draga kaup af skipverjum, og eru þar taldar upp ýmsar ákveðnar sakir. Hjer í þessu frv. er engu slíku til að dreifa, heldur er alt lagt undir úrskurð stjórnarinnar og skipherrans. Af þessu öllu er það því sýnilegt, að staða þeirra manna, sem skráðir eru á skipin og hlíta reglum siglingalaganna, er mjög frábrugðin kjörum þeirra manna, er heyra undir ákvæði þessa frumvarpsóskapnaðar, sem hjer liggur fyrir. Hjer er ekkert gert til að bæta kjör þessara manna, heldur er alt svo í pottinn búið, að stjórnin og skipherrarnir geti haft sem best hendur í hári þessara manna og skipað þeim að gera alt, sem þeim þóknast.

Ef þetta frv. er borið saman við samninga þá, sem sjómenn, kyndarar, hásetar og stýrimenn hafa við Eimskipafjelag Íslands eða stjórnina á skipum hennar, þá kemur það í ljós, að kjör og aðbúð þessara manna eru miklu verri en hinna. Vinnutími á þeim skipum er 8 tímar; ef unnið er lengur, þá fá skipverjarnir yfirvinnu. Á varðeimskipum ríkisins er enginn takmarkaður vinnutími. Hann getur verið lengri en á togurunum, frá 16—18 tímar, og getur orðið 24 tímar í sólarhring. En það er algerlega ósæmilegt að ætla þessum mönnum svona langan vinnutíma.

Ef kaupgjald samkvæmt launafrv. stjórnarinnar er borið saman við laun á verslunarskipunum, þá kemur það í ljós, að þessum sýslunarmönnum eru ætluð lakari launakjör en samskonar mönnum á verslunarskipunum. Fullgildur háseti á verslunarskipi fær 4056 krónur, en samkv. frv. fær full-

gildur háseti 2880 kr. með dýrtíðaruppbót, eða ca. 1200 kr. lægra en hinn. Fullgildur kyndari hefir 700 kr. lægra á þessum skipum en á verslunarskipunum. Þannig má halda áfram. 1. stýrimaður hefir 400 kr. minna samkv. frv. stjórnarinnar, en 2. stýrimaður hefir 100 kr. minna, og er það lítt skiljanlegt, hvers vegna 1. og 2. stýrimanni er ekki gert jafnhátt undir höfði í þessu efni. Er vjelstjórarnir eru athugaðir, verður munurinn enn átakanlegri. Kaupmunurinn fyrir 1. og 2. vjelstjóra er á ári 650—750 kr., en fyrir 3. vjelstjóra alt að 1600 kr. Ofan á þetta bætist, að hærri laun hjá vjelstjórum á verslunarskipum miðast við, að skipin hafi vjelar yfir 700 hestöfl, en á varðeimskipunum þurfa vjelarnar að hafa yfir 800 hestöfl, og ætlast frv. því til, að ríkissjóður græði á þessum stigmun af vjelstjórunum annað eins og sem samsvarar launamismuninum.

Hjer er því sýnilegt, að stjórnin er ekki að koma upp þessum flokki sýslunarmanna til þess að láta skipverjunum líða betur, heldur til þess að láta þeim líða ver, og yfirleitt eru því meira lækkuð laun þeirra, sem þeir hafa lægri laun fyrir, ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur.

Bæði hjá sjómönnum, vjelstjórum og stýrimönnum er ákveðið í samningum sumarfrí með kaupi, alt frá 7 dögum upp í 20 daga, og auk þess alveg reglubundið landgönguleyfi. En hjá sjómönnum á strandvarnarskipunum er ekkert tiltekið um það, enda hafa þeir haft landgönguleyfi mjög af skornum skamti og alls ekki fengið sumarfrí.

Kemur þetta mjög undarlega fyrir sjónir, þegar þess er gætt, að í Danmörku — þangað sem hæstv. stjórn sækir oftast fyrirmyndir sínar — er kaup manna á strandvarnarskipunum hærra en á verslunarskipum.

Jeg þykist þá hafa sýnt með þessu, að skipverjar á þessum skipum koma til með að hafa lægra kaup en eftir þeim samningum, er nú gilda um kaup á verslunarskipum innlendum eða á strandferðaskipum ríkisins, og mun lægra en væru þeir skráðir eftir siglingalögum. Og þó dirfist háttv. 1. minni hl. að segja í nál., að þetta sje gert til tryggingar því, að hægt sje að fá betri menn á skipin. En þetta er ekkert annað en fjarstæða, enda mun sýna sig, er stundir líða, að á skipin fást ekki aðrir en óvanir menn og liðljettingar. Í frv. er ekkert sagt fyrir um, hvernig farið verði með viðvaninga, en þó gert ráð fyrir, að þeir verði allmikið notaðir við starfið. Hv. 1. minni hl. hefir víst þótt þetta gat á lögunum og kemur nú með nýja og sjerstaka grein, sem heimilar ráðherra að ákveða fyrir eitt ár í senn mánaðarkaup til þessara manna, eða viðvaninga, óvaninga og vikadrengja, sem svo eru nefndir. En hv. 2. minni hl. minnist ekki á neinar kaupgreiðslur til þeirra, og eflaust með það fyrir augum, að hægt verði að komast sem ljettast út af því að greiða borgun fyrir starf þeirra. Annars verð jeg að telja hagkvæmara, að sama gildi um ráðningu skipverja á strandvarnarskipunum og á sjer stað á öðrum skipum, er ganga hjer við land. En sjeu menn hræddir um, að sjómenn á strandvarnarskipunum geri verkfall, þá geri jeg ráð fyrir, að það hefði verið auðvelt fyrir stjórnina að gera þá

samninga við Sjómannafjelagið, er fyrirbygðu þessum sjerstöku sjómönnum að gera verkfall, en kaupgjald þeirra fylgdi samningum við Eimskipafjelagið, og ef samningslaust væri eða verkfall hjá því fjelagi, þá síðustu samningum. Annars sje jeg ekki, hvers vegna á frekar að banna þeim, sem vinna hjá ríkinu, að gera verkfall en öðrum. Þeir ættu þá að minsta kosti að vera betur launaðir en aðrir fjelagar þeirra, ef þeir eiga að afsala sjer að nota þennan dýrmæta rjett, sem reynst hefir best á þroskabraut stjettarinnar.

Af 7. gr. frv. má marka, þar sem ráðuneytinu er ætlað að setja reglur um löggæslustarf skipsins, að það eru engin takmörk fyrir því, sem stjórnin getur skipað þessum mönnum að gera. Að minsta kosti býst jeg við því af hæstv. stjórn, eftir framkomu hennar í öðrum málum verkalýðsins, að hún setji þær reglur, að þessa menn megi kalla lögreglunni til aðstoðar til þess að berja niður verkföll, og með því móti reyna enn um stund að þrjóskast við að sinna rjettlátum sanngirniskröfum hinnar vinnandi stjettar í landinu.

Eins og jeg hefi margtekið fram, er jeg á móti frv. og legg til, að hv. deild felli það nú þegar. En fari svo, mót von minni, að frv. verði sett á og því ætlað að verða að lögum, þá mun jeg, ef ráðrúm gefst fyrir 3. umr., bera fram brtt. til að lagfæra það, þótt jeg játi, að það muni erfitt að lagfæra svo illa samið og vitlaust frv. sem þetta er, að við það megi una.

En í sambandi við þetta mál vildi jeg segja örfá orð um strandvarnarmálið yfirleitt. Út af orðum, sem jeg ljet falla hjer í hv. deild í vetur, hefir skipherrann á Óðni heimtað, að látin væri fara fram rjettarrannsókn, og var það framkvæmt. Þessi rannsókn sýndi, að engu aðvörunarskoti hafði verið skotið á þeim stöðvum, er minst hafði verið á, enda hafði jeg áður en rannsóknin fór fram komist að því, að það hafði ekki verið Óðinn, sem skaut viðvörunarskoti, og skýrt dómaranum frá því. En jafnframt sýndi rannsóknin, að stjórn skipsins, að því leyti er landhelgisgæsluna snertir, hefir verið mjög slæleg, því að upplýst er, að skipið hafi oft komið að Öndverðanesi, þegar þar var fjöldi togara að veiðum um þrjár sjómílur utan landhelgi, að því er giskað er á, og ekki sjest betur en að umsögn mín um, að fjöldi togara hafi verið þar að veiðum í landhelgi, þegar þeir sáu til Óðins, hafi verið hárrjett í alla staði. Enda hafa skipstjóri og stýrimenn játað, að þeir hafi ekki mælt nákvæmlega. Þetta er frámunalega slælegt eftirlit, að byggja það aðeins á því, sem manni sýnist í það og það skiftið, hvort stór floti af togurum sje að veiðum í landhelgi eða ekki. Þeir, sem kunnugir eru slíkum mælingum, vita, að það getur skakkað meira en ½ sjómílu á nálægðinni við land, þegar varðskipið er langt í burtu og ekki farið eftir öðru en tómum ágiskunum. Nú skal jeg ekki segja, að það sje beinlínis vilji strandvarnarskipstjóranna að láta sem flesta togara sleppa, en hitt má fullyrða, að skipin fara ekki að togurum á þann hátt, sem skyldi, þegar þeir eru að veiðum eins nærri landhelgi og giskað er á.

Annars er síst úr vegi að vekja athygli á því, að það eru ekki allfáir

dagar yfir sjálfan strandgæslutímann, sem skipin liggja inni á höfnum. Þannig er það upplýst, að á þeim 5 mánuðum, sem Óðinn hafði strandgæslu í fyrra, hafi hann legið 39 daga hjer inni á höfn, en Þór, sem talinn er að hafa verið 6 mánuði við strandgæslu, liggur 70 daga hjer inni. Það svarar til, að Óðinn hafi legið hjer um 8 daga að meðaltali á mánuði hverjum, en Þór 12 daga. Þegar svo við bætist Hafnarfjörður, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Siglufjörður, Akureyri, Ísafjörður og fleiri hafnir, þar sem strandvarnarskipin liggja meira og minna inni, þá virðist, að um allmikinn frádrátt sje að ræða um þann tíma, sem skipin eru talin að vera við landhelgisgæsluna. Verður því ekki annað sagt en að enn sem komið er sje landhelgisgæslan mjög slælega rekin og að það sje síst ófyrirsynju, þó að á það hafi verið minst og um það vandað við hæstv. stjórn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer virðist af þessum brtt. hv. 1. minni hl. á þskj. 503, að ekki sje langt á milli álits hans og þess, sem stjórnin hefir lagt til með sínu frv. Mjer skilst, að aðalbreytingin sje aðeins fólgin í því, að launaákvæðin sjeu tekin upp í þetta frv., í staðinn fyrir, að um það hefir verið borið fram sjerstakt frv.

Annars ætla jeg að sneiða hjá þeim smábreytingum, er jeg tel ekki skifta miklu máli, en fara heldur nokkrum orðum um hinar, sem mjer virðast skifta máli og ekki til bóta, eins og t. d. á sjer stað um 5. brtt., þar sem lagt er til, að felt verði aftan af 5. grein frv., að siglingatími sýslunarmanna á varðeimskipunum skuli tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum. Þessi tvö orð „í utanlandssiglingum" leggur 1. minni hl. til, að feld verði niður. En það finst mjer nauðsynlegt, að tekið sje fram, hvort þetta ákvæði eigi eingöngu við innanlandssiglingar eða nái einnig til utanlandssiglinga, af því að það eru mismunandi reglur, sem um þetta gilda hjá okkur, samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.

Þá finst mjer undarlegt að taka frv. frá öðru ráðuneyti og annari nefnd í þinginu og fella það inn í þetta frv. Við höfum haft þá reglu að hafa ákvæði um laun starfsmanna ríkisins í sjerstökum launalögum. Mjer skildist á hv. frsm. þessa hluta nefndarinnar (JörB), að þetta gæti rjettlæst af því, að lagt væri til, að launin yrðu að nokkru greidd úr landhelgissjóði. En þess ber að gæta, að launin eru greidd úr ríkissjóði, þó að landhelgissjóður leggi fram fast tillag á ári. Þess vegna er það ríkissjóður, sem gefur út reikninginn um rekstrarkostnað skipanna árlega. Annars þótti mjer vænt um að heyra það af vörum þessa hv. þm., að sá nefndarhluti, sem hann fylgir, hefir gengið inn á þá hugsun, sem í frv. felst.

Hæstv. forsrh. (JÞ) mun að gefnu tilefni taka til máls um það frv., sem hann hefir borið fram og 1. minni hl. háttv. nefndar vill fella inn í þetta frv., svo að jeg sleppi að fara inn á þá hlið málsins og held mjer að mestu við það frv., sem jeg hefi borið fram, þótt jeg hinsvegar verði að segja, að það sje ekki til neinna bóta að steypa

báðum þessum frv. saman, og ekki ástæða til fyrir þennan hv. nefndarhluta að taka traustataki á launafrv. frá hv. fjhn., því að til hennar var því vísað og með það fyrir augum, að sú nefnd kæmi með álit um málið, en ekki hv. allshn.

Jeg skal ekki að svo stöddu fara frekar út í brtt. á þskj. 503. Þær sýnast miklar að vöxtunum, en eru það ekki, þegar þær eru nánar athugaðar. Hv. frsm. (JörB) gerði heldur ekki mikið úr þeim og sagðist fylgja málinu, hvað sem um þær yrði. Að því leyti get jeg þakkað þessum hv. nefndarhluta fyrir það, hvernig hann hefir tekið í málið.

En þar er öðru máli að gegna, er til minsta hl., hv. 4. þm. Reykv. (HjV), kemur. Hann fann frv. alt til foráttu og talaði móti því af miklum móði. Hann taldi upp marga galla á frv. og vitnaði óspart í siglingalögin. En þess ber að geta, að hjer horfir öðruvísi við en um aðra skipverja, af því að þessir starfsmenn varðskipanna eru jafnframt gerðir að sýslunarmönnum ríkisins. Hann fann einnig mjög að því, að ekki væri nægilega tryggilega um búið, að þessir menn gætu fengið endurgreitt úr lífeyrissjóði það, sem þeir hafa í hann látið, þegar þeir láta af starfi sínu og fara úr þjónustu ríkisins. Nú er það svo, að enginn embættis- eða sýslunarmaður á kröfu á endurgreiðslu úr lífeyrissjóði, nema því aðeins, að þeir láti af embætti sakir elli eða vanheilsu. En hjer er þó gerð sama undanþága frá lögunum og gerð hefir verið um símastúlkur, vegna þess hve oft þær skifta um stöðu. Þessir menn eru því að þessu leyti betur settir en allir aðrir starfsmenn ríkisins.

Hann benti á, að því fylgdi mikill rjettur að vera lögskráður skipverji samkvæmt siglingalögunum. En því er til að svara, að það er ekki svo lítill rjettur, sem þessir menn fá með því að verða sýslunarmenn ríkisins, þar sem sú venja er komin á að greiða t. d. sjúkum embættismönnum full laun að *minsta* kosti um þriggja mánaða tíma, og stundum lengur. Að vísu má segja, að ákvæði um þetta sje ekki í lögum, en þetta er orðin föst venja, sem óþarft er að gera ráð fyrir, að horfið verði frá. Að öðru leyti finst mjer ekki ástæða til að veita þessum mönnum meiri rjett en öðrum sýslunarmönnum.

Hv. sami þm. (HjV) var mikið að tala um utanlandssiglingar og vitnaði í rjett manna samkv. siglingalögum, ef þeir yrðu skildir eftir erlendis. En það er ekki venja að flytja sýslunarmenn ríkisins úr landi og skilja þá eftir erlendis. Slík fjarstæða sem þessi kemur víst engum til hugar nema hv. 4. þm. Reykv.

Þá var hann eitthvað að kvarta undan því, að ekkert ákvæði væri í frv., sem bannaði, að mönnum þessum væri misþyrmt eða látnir hafa ilt fæði. En um þetta er sama að segja og flestar aðfinningar hans, að engin slík ákvæði eru til í lögum um aðra sýslunarmenn ríkisins.

Þá var það sunnudagavinnan, og fanst honum óbærilegt, að engin ákvæði væru í frv., er skipuðu svo fyrir, að starfsmenn varðskipanna fengju aukaborgun fyrir að vinna á sunnudögum. En það er ekki siður að

taka slíkt fram um starfsmenn ríkisins. Hjer er líka um tiltölulega ljett störf að ræða og minni vinnu á þessum skipum en t. d. verslunarskipum, sem sigla eftir fastri áætlun. Annars má fullyrða, að það verður engin ekla á því að fá menn á þessi skip, þó að launin sjeu ekki hærri. Það hafa margir komið til mín í atvinnuleit og sagst vilja fremur komast á þessi skip en önnur, af því að þeir líti svo á, að atvinnan væri tryggari en annarsstaðar.

Hann sagði, að þetta frv. væri ekki fram borið til þess að þessir menn fengju hærri laun eða betri kjör, heldur lægju einhverjar aðrar ástæður að baki. Og má það til sanns vegar færa, þó að ekki sjeu það sömu ástæðurnar og hv. 4. þm. Reykv. var að dylgja um. Frv. er fram komið eingöngu í þeim tilgangi að samræma kjör þessara manna við önnur lög, sem fyrir eru um sýslunarmenn ríkisins.

Því, sem hann sagði um sumarleyfi og landgönguleyfi þessara manna, er sama að svara og svo mörgu öðru, að það er ekki síður að heimila sýslunarmönnum sumarleyfi með lögum, þó að hinsvegar sje mjög oft gert að veita það, og mundi sama regla ná til þessara manna sem annara starfsmanna ríkisins.

Þá vildi hann halda því fram, að rjettara væri að semja um kaupgreiðslu og annað við stjettarfjelag sjómanna, en það virðist vera nokkuð hæpin ályktun, þegar tekið er tillit til, hve lengi hefir staðið á slíkum samningum á stundum. Það gæti þá farið svo, að skipin yrðu að liggja dögum eða mánuðum saman hjer við hafnargarðinn og fengjust ekki út hvað sem við lægi. Og þó að þetta kæmi helst fyrir á þeim tíma, sem íslensku togararnir lægju inni, þá gæti þó verið fullilt ástand að hefta strandgæsluskipin, því að erlendir togarar mundu þá gera sjer leik að því að vaða uppi innan landhelginnar.

Nei, aðalatriði þessa máls er að tryggja sem best landhelgisgæsluna, og það verður einmitt best gert með því að gera þessa starfsmenn á varðskipunum að sýslunarmönnum ríkisins, svo að þeir verði sem óháðastir öllum þeim bindandi reglum og ákvæðum, sem ríkja innan stjettarfjelagsskapar sjómanna. Að öðru leyti fann jeg ekki, að ræða þessa hv. þm. gæfi tilefni til andsvara. Jeg get þó minst á það, sem hann sagði um strandgæslu yfirleitt.

Hann tók nú aftur það, sem hann hafði áður sagt, um að skotið hefði verið til aðvörunar á togara í vetur við Öndverðanes. En út af aðfinslum hans um það, að yfirmennirnir á Óðni hefðu ekki mælt fjarlægð togaranna frá landi í hvert skifti, þá verð jeg að segja það, að jeg er viss um, að þeir vanans vegna geta mælt fjarlægðir talsvert nákvæmlega. Og jeg trúi miklu betur slíkri mælingu en staðhæfingu þessa hv. þm. um, að þeir hafi verið í landhelgi, því að hann hefir ekki einu sinni mælt fjarlægðina með auganu. Það er og auðsætt, að þó að strandvarnarskip sjái skip úti á hafi, þá er ekki nauðsynlegt að mæla það í hvert skifti, hvort þau eru í landhelgi eða ekki; slíkt má oftast sjá með fullri vissu. Hv. 4. þm. Reykv. getur því ekki gefið neinar reglur um það, hvenær þörf er á að mæla og hvenær ekki; því verða yfirmenn skip-

anna að ráða. Hv. þm. kvartaði undan því, að skipin lægju of mikið í höfn, en það kemur ekki vel heim við þá kvörtun hans, að hásetar gætu ekki fengið að koma í land. Skipin geta ekki altaf verið úti á sjó. Þau verða að koma við og við og taka vistir, kol og fá katlana hreinsaða. Þegar þetta er alt samanlagt, þá eru ekki margir dagar, sem Óðinn hefir legið inni að óþörfu. Þór þurfti að gera við í fyrra, en jeg býst við, að hv. þm. taki lítið tillit til þess, eftir annari sanngirni hans að dæma.

Okkar strandvarnarskip hafa altaf legið eins lítið á höfn og unt hefir verið, en það er annað mál, að skipin þurfa ekki ósjaldan að koma í höfn til þess að afla sjer vista og annarar nauðsynja.

Hákon Kristóferśson:* Jeg vil byrja á því að neita þeim ummælum háttv. 4. þm. Reykv., að þetta sje flokksmál. Mjer er ekki kunnugt, að svo sje. Jeg get tekið undir með hæstv. atvrh., að það er undarlegt, að málið virðist svo komið, sem það sje samsteypa tveggja flokka, og er því ekki eins gott að átta sig á því sem skyldi. Það er alkunna, að stjórnin hefir ráðið menn á strandvarnarskipin með einhverjum kauptaxta. En þegar maður virðir fyrir sjer þetta frv. og þann kauptaxta, sem í því er tilgreindur, þá verður ekki gengið fram hjá því, hvort svo sje, að þeir hugsi sjer samanburð á þessum kauptaxta og þeim, sem er hjá Eimskipafjelagi Íslands. Maður sjer undir eins, að þetta er svo fjarri lagi, að enginn samanburður getur hjer átt sjer stað.

Á þessi skip verður að velja trúverðuga menn, sem fullkomlega má treysta, eins og á önnur skip ríkissjóðs. Maður hlýtur að nema staðar við þá hugsun, hvernig stendur á þessum mikla mismun á væntanlegum launakjörum. Jeg hefði talið mjög æskilegt, að eitthvað svipað hefði verið gert við menn á þessum skipum og á öðrum skipum ríkissjóðs. Hjer er mikill mismunur. Frá mínum bæjardyrum sjeð, þá getur ekki komið til mála aukaþóknun fyrir helgidagavinnu. Því verður að slá föstu, að á þessum skipum sjeu jafntrúverðugir menn og á verslunarskipunum.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á þennan mikla mismun, og þarf jeg því ekki að taka það fram, en hann er mjög áberandi. Jeg hefi ekki fyr en rjett nú á þessari stundu kynt mjer nauðsynleg gögn þessa máls, en engu að síður sje jeg, hver munurinn er. Þetta má ekki skilja svo, að jeg fallist ekki á launagreiðsluna, en þegar litið er á þá frá hinni hliðinni og borið saman við launagreiðslu á öðrum skipum, þá fæ jeg ekki sjeð, við hvað þessi mikli munur hefir að styðjast.

Eins og hæstv. atvrh. benti á, má setja það í samband við það, að eftirspurn eftir þessu starfi verði mikil, en það er líka mikil eftirspurn eftir sambærilegum starfa á hinum skipunum. Frá minni sjónarhæð verður ekki sjeð, að þetta geti haft áhrif á kaupgreiðsluna. Þá er jeg sammála hv. 4. þm. Reykv. um það, að í frv. felst miklu minna öryggi fyrir sjómenn á þessum skipum.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Jeg get með engu móti kallað þá starfsmenn ríkisins, þar sem þeir hafa ekki fastar stöður, en ganga í landi um lengri tíma. En yfirmennirnir verða að sjálfsögðu fastir starfsmenn ríkisins.

Er jeg athuga brtt. III við 4. gr., frá hv. 1. minni hl. allshn., þá fæ jeg ekki betur sjeð en að í henni sje dálítið ósamræmi, eða jafnvel hugsunarvilla. Þar stendur í enda fyrstu málsgreinar: „Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum".

Hjer er ekki annað en skýra ráðuneytinu frá málavöxtum, en ráðherra haggar þar engu. En í síðari málsgrein segir svo:

„Nú álítur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje mikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið".

Í þessari málsgrein á ráðh. að leggja úrskurð á málið, en í hinni fyrri á aðeins að skýra honum frá málavöxtum. Það má vera, að þetta sje misskilningur hjá mjer, en jeg fæ ekki skilið þetta á annan hátt. Annars finst mjer sjálfsagt, að ráðherra leggi úrskurð á málið, því að jeg treysti hverri stjórn til þess, að hún fallist ekki á burtvikningu, nema hún hafi við rök að styðjast. En jeg get ekki fallist á, að þessi ákvæði sjeu í höndum skipstjóra; við getum ekki altaf búist við að hafa slíka ágætismenn og þá, sem nú eru. Þetta gæti orðið hættulegt vopn í höndum sumra hverra, því að það þyrfti ekki annað en að þeim sinnaðist við undirmenn sína, þá gætu þeir sagt þeim að fara.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á, að þessir sjómenn hefðu engan dómstól til þess að áfrýja málum til, ef með þyrfti. Þetta er rjett, en sá dómstóll, er þeir geta sætt sig við, er atvinnumálaráðuneytið. (**HjV:** Það er ekki dómstóll). Alveg rjett; en í þessu atriði væri það viðunandi dómstóll. Jeg býst ekki við, að nokkur stjórn mundi misbjóða svo stöðu sinni og virðingu, að hún viki mönnum frá stöðum sínum, nema um alvarlegt brot á skyldum væri að ræða.

Hæstv. atvrh. sagði, að engin ástæða væri til þess, að rjettur manna væri fyrir borð borinn. Jeg treysti hæstv. ráðh. svo vel, að jeg gæti verið ánægður með að hafa mál mitt undir hans úrskurði. En það er engin trygging fyrir því, að jafnsamviskusamir menn og hann fari altaf með völdin hjer á landi. Það leiðir af sjálfu sjer, að menn á þessum skipum verða að vera undir yfirráðum stjórnarinnar, fremur en aðrir siglingamenn, því að þessi skip verður stjórnin oft að senda annara erinda en um beinar landhelgisvarnir.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að vinnutími væri of langur. Hann er ekki hægt að takmarka, því að ef svo ætti að vera, mundi starfið fara í mola, eða jafnvel í handaskolum. En það er annað mál, að það eru knýjandi ástæður til þess, að þessir menn beri ekki minni laun frá borði en aðrir siglingamenn. Stjórnin hefir ekki lagt þetta eins til

grundvallar og jeg hefði óskað. Það, sem jeg hefi út á frv. að setja, er, að kaupgreiðsla er fyrir neðan kaup þeirra, sem eru á öðrum skipum ríkissjóðs, svo fremi sem það kaup á að haldast óbreytt. Þá er rjettaröryggi þessara manna ekki eins vel umbúið og annara siglingamanna, þegar litið er til siglingalaganna, nema því aðeins, að altaf megi treysta stjórninni, en það býst jeg við, að verði ofan á. Segjum svo, að maður veikist á varðskipi fyrir austan land. Eftir frv. hefir hann enga von um að fá uppihaldskostnað, en eftir siglingalögunum hefir hann fullkominn rjett til hans. Hæstv. atvrh. sagði, að ekkert þyrfti að óttast hvað þetta snerti, og meðan hann fer með völdin, er engin hætta á því.

Þá segir, að byrjunarlaun skipstjóra skuli vera 6000 kr., en hækki upp í 6900 kr., en jafnframt, að núverandi laun skipstjóra skuli óhögguð.

Þá sje jeg enga ástæðu til, að skipstjórar þurfi að hafa hið svokallaða „reserve"-lautinantspróf, eða ekki urðu nein mistök á gæslunni meðan 1. stýrimaður á Óðni fór með Þór.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá er það auðsætt, að menn í þessum stöðum munu heldur fara til Eimskipafjelags Íslands, ef þeir eiga kost á því, vegna þess að þar er kaup hærra og líf þeirra og aðstandenda tryggara. En jeg tel mjög óheppilegt að þurfa að skifta oft um menn. Hæstv. ráðherra benti á, að vinna á þessum skipum væri ljettari en á verslunarskipunum, en jeg vil þá um leið geta þess, að eftirvinna á öðrum skipum er borguð aukalega, nema ef til vill yfirmönnunum. En það segir sig sjálft, að duglegir menn vilja heldur hafa erfiða vinnu og bera meira frá borði. Þá er oft ónæðissamt á þessum skipum. Þau verða oft að vera úti á sjó í verstu veðrum við Vestmannaeyjar, til aðstoðar mótorbátum þar, og verða mennirnir þá að hætta bæði lífi og limum.

Það hefði verið betur farið, að stjórnin hefði haft launin svo viðunanleg, að ekki þyrfti að koma til samninga við stjettarfjelög; þessi skip verða að vera fyrir utan það. Hitt gæti haft alvarlegar afleiðingar, ef á verkfalli eða samningum stæði, þegar landhelgisgæslunnar væri mest þörf.

Þá mega þessir menn ekki búast við sumarfríi. Meginþorri þjóðarinnar hefir ekki ástæður til þess að veita sjer viku eða hálfsmánaðar sumarfrí, enda mun mest bera á því hjá verslunar- og skrifstofufólki í Reykjavík. Það er ekki nema eðlilegt, því að þetta fólk þarf þess frekar með en sjómenn; fyrir þá er það ekki nauðsynlegt. Þeir koma oft á hafnir og fara í land. En þeir þurfa að fá sæmilegri laun.

Jeg verð að segja það, að svo framarlega sem það er tilætlunin, að frv. gangi fram með því fyrirkomulagi, sem á því er, þá sje jeg mjer ekki fært að fylgja því út úr deildinni, nema hæstv. ráðh. álíti, að meira samræmi í launagreiðslunni sje væntanlegt en nú er.

Eins og jeg benti til áðan, er það tilætlunin, að laun skipstjóra og fyrsta stýrimanns haldist samkvæmt samningi, miðað við þann tíma, sem liðinn er frá því að þeir rjeðust í þjónustu ríkisins. En mjer sýnist sjálfsagt, að hið sama gildi um launagreiðslur 2. stýrimanns og vjelstjóra. Rjettur þessara manna hlýtur að vera hinn sami. Jeg verð að ganga út frá því, að stjórn-

in geti ekki gengið inn á það í öðru atriðinu, sem hún getur ekki í hinu.

Eins og gefur að skilja, er jeg sammála hæstv. atvrh. um það, að þessi samslenging frv. sje mjög óheppileg, og jeg verð að lýsa því yfir, að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með brtt. 1. minni hl. á þskj. 503.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki neitað því, að mjer brá heldur í brún, þegar jeg sá álit hv. 1. minni hl. allshn. á þskj. 503, og sá það, að tveir hv. þm., annar, sem er búinn að sitja alllengi á þingi, en hinn nýr, hafa tekið frv., sem hefir legið hjer fyrir deildinni og verið vísað til annarar nefndar, og sett það inn í annað óskylt mál, sem til allshn. var vísað.

Jeg býst við, að þessir hv. þm. viti það, að þetta mál heyrir undir annað ráðuneyti en það, sem til þeirra var vísað. Öll launamál heyra undir fjármálaráðuneytið.

Nú hljóta allir að sjá, að þetta er mjög óheppilegt. Í fyrsta lagi vegna þess, að þegar að því kemur, að leggja á lögin fyrir konung til undirskriftar, þá kemur fram vafi um það, hvor ráðherra eigi að undirskrifa þau með honum, og svo öll framkvæmd laganna síðar. Þetta sýnir því mjög mikinn viðvaningshátt í löggjafarstarfinu hjá þessum hv. þm.

Jeg hefi nú spurt hv. form. fjhn. (KlJ), hvort nefndin hafi fallist á þessa meðferð málsins, og jeg hefi fengið þau svör, að hann hafi ekki heyrt á þetta minst fyr en nál. á þskj. 503 kom fram. Þetta er nú bara formshlið málsins. Jeg verð að segja það, að till. þessara tveggja hv. þm. ganga mörg spor aftur á bak, í samanburði við frv. eins og það kom frá stjórninni og eins og það kom frá hv. Ed., þó að hún breytti því ekki til bóta. Þar voru útgjöld ríkisins heldur aukin.

Við meðferð launamálsins í hv. Ed. kom það fram, að laun yfirvjelstjóra væru of há í samanburði við laun annara, t. d. stýrimanna. Á því get jeg ekki gefið aðra skýringu en þá, að alt fram að þessu mun hafa verið mikil ekla á vjelstjórum, og því hafa laun þeirra yfirleitt orðið há, og miklu hærri hjer en vjelstjóralaun í nágrannalöndunum. Stjórnin sá sjer því ekki fært annað en miða við ástandið eins og það er.

En nú hafa þessir tveir nefndarmenn allshn. komið fram með brtt. um allmikla hækkun á launum vjelstjóra, og ekki á byrjunarlaunum þeirra, heldur lokalaununum, einmitt þeim, sem lengst verða greidd, af því að aldurshækkunin kemur svo fljótt.

Þetta sýnir, að hv. allshn. er ekki fær um að taka málið úr höndum þeirrar nefndar, sem því var vísað til. Jeg verð að segja það, að launahækkun gat hvergi komið ver niður en á þessum lið, sem þessir hv. þm. báru niður á.

Þá hafa þessir hv. þm. felt niður úr till. sínum og ætlast til, að niður fjelli úr frv. ákvæði um laun annara fjölmennra starfsmannaflokka á þessum skipum, nefnilega háseta og kyndara, og einnig ákvæði um laun stýrimanna, annara en 1. stýrimanns.

Jeg hefi nú heyrt það, að það eigi að vera eitt númerið í kosningabaráttunni hjá andstæðingum stjórnarinnar,

að hún sje að stofna stóran flokk embættismanna með þessum lögum.

Út af þessu tel jeg mjer skylt að taka það fram, að það verður ekki sparnaður fyrir ríkið, að laun þessara manna sjeu óákveðin. Jeg er þvert á móti sannfærður um það, að það verður dýrara fyrir ríkissjóð í bráð og lengd, ef launin eru ekki ákveðin með lögum. Dýrtíðin hefir vitanlega farið minkandi, en verðlagið er þó ekki komið á það stig, sem það kemst, þegar peningarnir eru komnir í gullgildi. Það er löng og erfið leið eftir.

Reynslan sýnir, að laun þeirra, sem hjá ríkinu vinna, hafa lækkað svo, að fyrir hverjar 178 kr., sem greiddar voru 1925, eru greiddar 144 kr. í ár, og enn er fyrirsjáanleg allveruleg lækkun við næstu áramót.

Hjá þeim, sem fá laun sín eftir reglum ríkisins, hafa þau lækkað um ca. 25%, 34 kr. af hverjum 178 kr., og þessi lækkun kemur án þess að nokkuð þurfi fyrir henni að hafa frá hálfu ríkisins.

Jeg er nú nýbúinn, að gefnu tilefni, að sýna fram á það, að kennarakaup hefir lækkað um 20% eftir launalögunum, en mjer er ekki kunnugt um, að stundakenslukaup hafi lækkað um einn eyri síðan það var hæst.

Jeg verð að segja það, að það er mjög óviðfeldið og lýsir reglulegum viðvaningshætti hjá hv. 1. minni hl. allshn., að upp í frv. taka þeir ákvæði um laun skipstjóra, 1. stýrimanns, vjelstjóra og svo vikadrengja, en þegja um laun allra hinna, sem þar liggja á milli. Þeir grípa á báðum endum, en sleppa öllum hinum, sem vitanlega er langmestur hluti þeirra manna, sem á skipunum vinna. Þetta á því alt að vera í stjórnarinnar hendi, og það sýnir óneitanlega mikið traust þessara hv. þm. á stjórninni, að þeir vilja láta þingið afsala sjer þeim rjetti, sem það hefir til að ákveða laun þessara manna, í hennar hendur.

En jeg vil segja hv. flm. till. á þskj. 503, að þingið gegnir alls ekki sinni skyldu í þessu máli, ef það sleppir öllum ákvæðum um það, hve mikið kaup skuli greiða þessum starfsmönnum.

Það er því till. mín, að við atkvgr. verði allar þær brtt. á þskj. 503, sem snerta frv. um laun skipherra og skipverja á varðskipum ríkisins, feldar, og jeg vona, að hæstv. forseti sjái sjer fært að haga atkvgr. svo, að hægt sje að fella þessar brtt. án þess að það verði frv. því, sem hjer liggur fyrir, að öðru leyti að grandi.

Klemens Jónsson: Út af ummælum, sem hjer hafa fallið, vil jeg sem formaður fjhn. segja nokkur orð.

Eins og kunnugt er, var launafrv. vísað til fjhn., þangað sem það átti heima, en við höfum haft svo mikið að gera í nefndinni, að hún hefir enga ákvörðun tekið ennþá. Það kom líka fram í fjhn., að það þótti rjett að bíða eftir afdrifum þessa frv., sem hjer liggur fyrir, og hvaða till. háttv. allshn. gerði um það.

Einn af fjhn.-mönnum tókst á hendur að fá upplýsingar um, hvað frv. liði hjá hv. allshn., en fjekk ekki aðrar en þær, að það mundi verða afgreitt frá nefndinni.

Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að enginn úr fjhn. hafi haft minstu hugmynd um, að hv. allshn. ætlaði sjer að taka fram fyrir hend-

ur hennar að því er launafrv. snerti. Síðan nefndarálit háttv. allshn. kom fram, hefir fjhn. að vísu haldið fund, en það hafa legið fyrir önnur mál, sem hún hefir orðið að meta meira. Jeg skal því sem form. fjhn. lýsa yfir því, að hún hefir um þetta óbundin atkv. Hún hefir enn ekki tekið afstöðu til þessa. En jeg er að því leyti sammála hæstv. fjrh., að jeg verð að líta svo á, að allshn. hafi með þessu gengið inn á verkefni fjhn., og það án þess að leita í nokkru hennar álits. Jeg held, að hv. allshn. hefði að minsta kosti átt að láta fjhn. vita; hún hefði þá fengið tækifæri til að taka ákvörðun um málið.

Jeg skal lýsa yfir því, að jeg get ekki samþykt þær brtt., sem snerta launafrv., og jeg ímynda mjer, að fjhn. í heild kjósi heldur að koma fram með sínar eigin till. fyrir þingið. Mjer er ekki gjarnt til að taka til máls í málum, sem jeg hefi ekki sjerstakan áhuga fyrir, en jeg skal geta þess, að jeg mun að öðru leyti geta samþykt þær brtt., sem fram hafa komið, að undanskildum þeim, sem snerta launamálið.

Frsm. 3. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hæstv. forsrh. (JÞ) hefir þá aðferð, að hann lætur ekki sjá sig nema með höppum og glöppum hjer í deildinni. Hann þýtur upp eins og hani á vekjaraklukku og hleypur svo út, þegar hann er búinn að syngja sinn söng.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að tilgangur stjórnarinnar væri sá, með því að gera skipverjana á varðskipunum að sýslunarmönnum ríkisins, að kaup þeirra gæti lækkað meira með því móti en ef þeir væru ekki sýslunarmenn, því að launalækkun opinberra starfsmanna verði meiri eftir vísitöluútreikningi hagstofunnar heldur en launalækkun hjá sjómönnum og verkafólki með samningum við atvinnurekendur, vinnudeilum og verkföllum. Ef menn nú athuga, hvernig málið liggur fyrir, þá sjá menn, að fyrst eru byrjunarlaun þessara manna ákveðin miklu lægri en laun annara sjómanna, og síðan er ætlast til þess, að þau lækki miklu meira en hjá þeim. Hjer er því verið að níðast á einni stjett manna, og er slíkt ósamboðið stjórn landsins.

Þegar hæstv. atvrh. fór að svara því, sem jeg sagði um rjettinn samkv. siglingalögunum, sem á að svifta þessa menn, og rjettindin, sem því fylgja að vera sýslunarmenn ríkisins, þá datt mjer í hug vísan:

„Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti' hann vera mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt".

Það er það, sem hæstv. ráðh. (MG) gengur út frá, að ef þessir menn megi kalla sig sýslunarmenn ríkisins, þá sjeu þeir sælir, þó að kjör þeirra verði verri.

Annars liggur það ekki fyrir hjer að tala um launakjörin, heldur hitt, hver rjettur mannanna verði, þegar þeir koma á skipin, og samkv. stjfrv. er það svo, að þeir eiga ekki að njóta verndar nokkurra laga.

Það er út af fyrir sig einkennilegt, og mun ekki þekkjast annarsstaðar en hjer á landi, að óbrotnir sjómenn sjeu gerðir að sýslunarmönnum ríkisins. En

nú eru fleiri sjómenn í þjónustu ríkisins en þeir einir, sem vinna á varðskipunum, — og hvers vegna eiga þeir þá ekki líka að kallast sýslunarmenn? Stjórnin hefir fleiri skip, t. d. Esju, Villemoes og svo skip það, sem vitamálastjóri hefir til umráða, og jeg hefi ekki heyrt þess getið, að hún hefði í hyggju að gera starfsmennina á þessum skipum að opinberum sýslunarmönnum. Þeir eiga þó sama rjett á því eins og hinir, ef um rjett væri að tala.

Það er ekki að undra, þótt menn vilji hafa nokkra tryggingu í lögum gegn því, að skipstjórar misbeiti valdi sínu gegn sjómönnunum. Í siglingalögunum eru ákvæði um, að skipstjóri hafi ákveðið vald yfir hásetum, og í þessum frv.-óskapnaði er gengið út frá siglingalögunum, þar sem ekki eru önnur sjerstök lög, sem herða enn meira á þessu. Það hefir þótt bregða fyrir á skipum erlendis, að ekki væri of vel farið með undirmennina, stundum settir í svarthol eða kjöldregnir fyrir smáyfirsjónir, og það hefir verið kallað „agi".

Hæstv. ráðh. gat þess, að vinnan væri miklu ljettari á þessum skipum en á verslunarskipum. Það er mikill misskilningur, því að þegar vinnutíminn er ekki nema 8 tímar á verslunarskipunum, er hann 16—18 og upp í 24 tíma á strandvarnarskipunum. Það er líka viðurkent af mönnum, sem þar hafa unnið, að vinnan sje ill, mikil vosbúð og erfiði.

Þá fanst hæstv. ráðh., að launin yrðu að vera lægri, af því að svo mikil „trygging" væri í því fólgin að vera stöðugur starfsmaður ríkisins. En þegar búið er að benda á, eins og háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir gert, að tryggingin sje alveg sú sama á Villemoes, Esju og Eimskipafjelagsskipunum, þá er þessi ástæða hæstv. ráðh. vegin og ljettvæg fundin. Um lífeyrinn, sem hæstv. ráðh. álítur svo mikil hlunnindi að fá, er það að segja, að fyrst og fremst borga mennirnir hann sjálfir, en yfirmennirnir fá eftirlaun, án þess að láta nokkuð úti sjálfir.

Hæstv. ráðh. þykist vera hræddur við það, að ekki mundi semjast á milli sjómanna og stjórnarinnar um kaupgjald, og því sje best að hafa launin ákveðin í lögum. Það er engin ástæða til að efast um, að stjórnin verði verri viðfangs en aðrir aðiljar, og auk þess er jeg sannfærður um, að hægt er að fá þannig lagaða samninga, að kaupgjaldið sje altaf það sama og á verslunarskipunum. Þetta veit hæstv. ráðherra, svo að hann getur heldur ekki notað það sem ástæðu fyrir þessu frv.

Það má geta þess um Þór, að hann er ekki að öllu leyti strandvarnarskip. Hann á mikið við björgun, auk þess sem hann sjer um strandvarnir. Kaupsamningar gerast heldur ekki á sama tíma á verslunarskipum og botnvörpungum, og á skipum ríkissjóðs mætti koma þeim við á enn öðrum tíma.

Jeg hefi ekki sagt, að ekki hafi verið skotið við Öndverðanes, en jeg hygg, að það sje missögn, að Óðinn hafi skotið í þetta sinn. Það þýðir lítið fyrir hæstv. ráðh. að ætla sjer að telja vönum sjómönnum trú um, að yfirmennirnir geti mælt með auganu, hvort skipin eru fyrir innan línuna, eða þau sjeu „cirka 3½ mílu" undan landi, þegar strandvarnarskipin eru

langt í burtu. En þetta er gert hvað eftir annað, eins og sjest á dagbókum skipsins, enda hafa togararnir vitanlega ekki fengið svo lítinn fisk úr landhelginni í vetur. Þá er það líka til marks um, hve mikla athygli yfirmennirnir hafa veitt togurunum, að þeir kannast ekki við nafn á einu einasta skipi íslensku. Þegar skipverjar eru síðan spurðir, hvort þeir muni ekki nafn á neinum íslenskum botnvörpung, segja þeir altaf: „nei". Þeir geta heldur ekki svarað því, hvort skip, sem er á landhelgismörkunum, sje á útleið eða ekki. Allir sjá, að þetta er ákaflega grunsamlegt.

Hæstv. ráðh. vildi afsaka innilegudagana hjá Þór og Óðni með því, að skipin væru að taka vistir, hreinsa katlana o. s. frv. En hæstv. ráðherra veit ósköp vel, að ekki þarf 8—12 daga í þessum tilgangi, og síðan í sama tilgangi á öllum höfnunum, sem jeg gat um áðan, Hafnarfirði, Stykkishólmi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, svo að innilegudagarnir eru að minsta kosti helmingur alls strandvarnartímans. Það hefir verið upplýst, að þessi mál heyra undir skrifstofustjóra 1. skrifstofu stjórnarráðsins. Ef svo er, þá er ekki hægt að lofa hann fyrir þá yfirstjórn.

Jeg held, að best sje fyrir hæstv. ráðh. að játa, hvað fyrir honum vakir. Hann getur hvort sem er ekki til lengdar farið í kringum það, að verið er að reyna að koma upp sjóher, enda er sá, sem hefir samið þetta frv., skipstjórinn á Þór, þeirrar skoðunar, að þetta sje upphaf sjóhers. Hæstv. ráðh. vill hafa undirmennina fyrir sem minst kaup, en þó vill hann hafa sem mest völd yfir þeim.

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg þarf í rauninni engum að svara nema hæstv. ráðh. En jeg sje, að hann er ekki í deildinni, og vil jeg mælast til, að einhver geri honum aðvart. Á meðan ætla jeg að drepa á örfá atriði hjá öðrum hv. þm.

Hv. frsm. 2. minni hl. (JK) þarf jeg engu að svara. Okkur ber svo lítið á milli, að ekki er orðum að því eyðandi. Hann vildi gefa í skyn, að skipverjar fyndu meira til ábyrgðarinnar, sem á þeim hvíldi, ef þeir væru gerðir að sýslunarmönnum ríkisins. Jeg fyrir mitt leyti geri ekkert úr því atriði.

Hv. 3. minni hl. (HjV), sem hefir sjerstöðu í þessu máli, þarf jeg engu að svara. Hann kom ekki fram með annað en menn höfðu búist við og vissu áður. Jeg held, að hann máli skollann á vegginn, þegar hann heldur því fram, að hjer sje verið að stofna til lögreglu eða herliðs.

Hæstv. atvrh. tók vel í afgreiðslu okkar á þessu máli, þó að honum fyndist, að við hefðum að nokkru leyti hnuplað málinu frá hinu rjetta ráðuneyti og hinni rjettu nefnd. Þó að hæstv. ráðh. og hv. fjhn. þyki þetta gripdeildir, vona jeg, að það sje engin skóggangssök og að við höfum rjett til þess að taka inn í frv. þau atriði, sem okkur virðast vera rjettmæt og sjálfsögð. Um það, sem hæstv. ráðh. drap á, að ekki væri sama orðalag á siglingatímanum í 5. brtt., skal jeg taka það fram, að það er af ásetningi gert. Jeg skal játa, að jeg stend hjer nokkuð höllum fæti, þar sem jeg er ekki siglingafróður maður, en jeg átti tal um þetta atriði við siglingafróðan

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

mann, og hann taldi, að ekki ætti að vera um sama tíma að ræða hjer og milli landa. En þetta atriði skiftir ekki miklu máli.

Hv. þm. Barð (HK) drap á, að ósamræmi væri í 3. brtt. okkar. En það er ekki, því að fyrra atriðið tekur til þeirra manna einnig, sem stjórnarráðið skipar. Það liggur því í hlutarins eðli, að það hefir vald yfir þeim.

Þá kem jeg að hæstv. forsrh. (JÞ). Hann talaði í þeim tón og með þeim myndugleik, að ætla mætti, að hann hefði eitthvað til að byggja ummæli sín á. En svo var ekki að sama skapi. Hæstv. ráðh. var alveg undrandi yfir tillögum okkar 1. minni hl. og þótti þær sýna mikinn viðvaningshátt. Þetta getur ekki átt við annað en það atriði, sem við viljum bæta inn í frv., enda fanst hæstv. ráðh. það vera aðalásteytingarsteinninn, að „blanda inn óskyldum málsatriðum". Enda þótt þetta meiði ekki hans hágöfugu persónu, þótti honum hlýða að fara um það mörgum og hörðum orðum. Það lítur svo út, sem hæstv. ráðh. sje búinn að gleyma sinni fyrri tíð hjer. Þá henti það hann að fremja þingsafglöp. En þó að hæstv. ráðh. finnist við blanda hjer inn óskyldum efnum, þá er það aðeins að hans dómi og fárra annara, og jeg viðurkenni ekki, að hann hafi rjett til að gefa mönnum forskriftir að tillögum þeim, sem þeir bera fram. Maður skyldi ætla, að slíkur fræðari væri svo vel að sjer, að hann þekti, hvort til væru í okkar löggjöf hliðstæð ákvæði. En hann þekkir það ekki. Jeg skal t. d. benda á lög um ullarmat. Inn í þau lög er blandað launagreiðslu. Sama er að segja um lög um síldarmat, og einnig um lög um skipun barnakennara og laun þeirra. Verkefni barnakennara er þó áreiðanlega ekki skyldara launakjörunum en starf skipverjanna er launum þeirra. Þá má nefna lög um Landsbankann. Inn í þau er blandað launakjörum starfsmannanna. Jeg hefi ekki fleiri dæmi á reiðum höndum, en eflaust eru þau miklu fleiri. Jeg læt þetta nægja, til þess að sýna, hvílíka firru hæstv. ráðh. (JÞ) fór með. Annars vil jeg minna á, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um, að launaatriðin væru alveg óviðkomandi allshn., að úr því að hæstv. ráðh. er þannig að gera upp á milli nefnda og fetta fingur út í það, hvernig þær haga störfum sínum, þá mætti ætlast til þess, að hann reyni að koma hverju máli til þeirrar nefndar, sem hann álítur hæfasta til að afgreiða það. Í þessu sambandi má nefna Landsbankafrv., sem í mörg ár hefir verið á ferðinni hjer á Alþingi og hæstv. ráðh. fjekk vísað til fjhn. Ed. í þingbyrjun. Þar er það svo að þvælast á þriðja mánuð, og þegar það loksins kemur frá nefndinni, hefir það ekki tekið þeim búningsbótum, að ætla mætti, að miklir fjármálaspekingar hefðu um það fjallað. Þegar hæstv. ráðh. fer að kenna mönnum þingleg fræði næst, þá ætti hann að hafa við meira að styðjast en hann nú hefir.

Hæstv. ráðh. mintist á, að hjer væri verið að stíga stórt spor afturábak. Mennirnir eru ekki svo margir, að miklu muni fyrir ríkissjóð. En til að fá góða menn, gerðum við ráð fyrir, að launin mættu ekki vera lægri en þetta.

Þó að hæstv. ráðh. byggist við því, þá vakti það ekki fyrir mjer með andstöðu minni, að stjórnin ætlaði að skipa þarna embættismannaflokk um sig. Fyrir mjer vakti það, að jeg taldi varlegra að hafa ekki fleiri embættismenn fastráðna en nauðsynlegt er. Þó að við höfum fullan hug á að stunda okkar landhelgisgæslu, er óþarfi að óttast, að við getum ekki haft jafnmörgum góðum og gegnum mönnum á að skipa, þó að þeir sjeu ekki embættismenn. Það getur unnið sig upp, meðal annars með því að veita þessum mönnum styrk, þegar þeir fara að eldast, sem óhjákvæmilegt myndi verða, en það myndi draga dilk á eftir sjer.

Þá hefir hæstv. ráðh. víst fundist, að hann væri búinn að heyra nóg um embættafjölgunina, úr því að hann fór að koma með þetta. Líka má vel vera, að hann hafi fengið eitthvert samviskubit.

Annars get jeg sagt hæstv. ráðh. það, að mjer hefir fyrir löngu þótt nóg um embættafjölgun hæstv. stjórnar; má þar til nefna Spánarlegátann, sendiherrann í Kaupmannahöfn, með 35 þús. kr. launum, o. fl. o. fl. Það var nú alls ekki meining mín að fara að ganga í skrokk á hæstv. stjórn fyrir þetta; hennar raunir eru nógar samt.

Þá gat hæstv. forsrh. þess, að ekki hefði mátt hafa þennan embættismannaflokk hærra launaðan en frv. hans gerir ráð fyrir, þegar laun embættismanna hefðu lækkað að miklum mun, og að allir yrðu að lúta lögunum. Jeg skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. fer að halda þessu fram, þar sem hann veit, að óánægjan út af lækkun dýrtíðaruppbótarinnar hefir logað hjer í vetur meðal embættis- og sýslunarmanna, og að sendar hafa verið til þingsins áskoranir um bætt launakjör. Það er því öðru nær en þetta hafi gengið orðalaust.

Þá gat hann þess, að það myndi leiða til hækkunar, ef launakjör þessara manna yrðu ekki fest með lögum. Þetta er bara spádómur, sem hægt er að varpa fram. Launin verða hækkuð hvort sem þau verða fest með lögum eða ekki, ef kröfur koma um það. Annars finst mjer óþarft að stofna sum þessi embætti, sem talað er um í frv. stjórnarinnar. Jeg tel, að draga hefði mátt úr því embættahaldi, en láta hásetana aftur fá meiri laun.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala um þetta frekar, en jeg mun fylgja frv. eins og jeg hefi tekið fram áður, þó að brtt. okkar verði ekki samþyktar, enda þótt hæstv. forsrh. hafi tekið þeim óskynsamlegar en vænta hefði mátt af manni í hans stöðu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Barð. (HK) hjelt því fram á fundi hjer í dag, að sjer þætti launin of lág hjá skipverjum, og beindi því atriði til mín. En þar sem þau atriði, sem lúta að launum, eru tekin úr frv. hæstv. forsrh., þá sje jeg ekki ástæðu til að fara að ræða um þau nú, því að hæstv. forsrh. mun svara því sjálfur. Að öðru leyti hjelt hv. þm. Barð. því fram, að rjettaröryggi þessara manna væri ekki eins mikið og þeirra manna, sem lögskráðir væru á skip, og tók þar að sumu leyti í sama strenginn og hv. 4. þm. Reykv. (HjV), en þar sem hv. 4. þm. Reykv.

tók fleiri atriði en hv. þm. Barð. (H-K), þá mun jeg láta mjer nægja að svara aðeins hv. 4. þm. Reykv.

Hv. þm. byrjaði sína seinni ræðu með að lýsa yfir því, að undarlegt væri og óviðkunnanlegt, að hæstv. forsrh. væri ekki altaf hjer í deildinni til þess að vera við umr. um mál, sem hann snerti, en það er mjög ósanngjarnt að ætlast til þess, þegar sami ráðherrann hefir mál í báðum deildum, að hann geti þá verið í báðum samtímis. Það ættu allir að sjá, að það er ekki sanngjarnt að heimta af sama manni, að hann sje á tveimur stöðum í senn.

Þá spurði hv. þm. að því, hvaða gagn þessum mönnum væri að því að vera kallaðir sýslunarmenn. Jeg hefi skýrt þetta áður; það er af því það er sú tryggasta atvinna, sem hægt er að fá. Jeg viðurkenni það fúslega, að ríkissjóður launar lægra heldur en ýmsir einstakir menn og ýms einstök atvinnufyrirtæki gera, en það er samt altaf álitið betra að vera starfsmaður ríkisins heldur en einstakra manna, og það sem embættis- og sýslunarmenn ríkisins geta sætt sig við, það ættu óbreyttir sjómenn að geta sætt sig við líka.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri um það að ræða, hvernig farið yrði með þessa starfsmenn ríkisins, heldur skifti það meiru, hvern lagarjett þeir hefðu. Jeg verð að segja, að föst „praksis" hefir svipað gildi og lög, og jeg held, að það sje ekki hægt að segja um ríkissjóð, að honum farist illa við sína starfsmenn. Það hefir ætíð verið svo, að ríkissjóður hefir verið fús til að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem orðið hafa fyrir slysum eða veikindum, ef þeir hafa verið í þjónustu hins opinbera.

Þá spurði hv. þm. um það, hvers vegna ekki væri látið hið sama ganga yfir menn á þessum skipum eins og menn á Esju, Villemoes eða vitabátnum Hermóði. Því er fljótsvarað; það er af því, að það er alt annað starf, sem þeim er ætlað að inna af hendi. Við höfum ekkert hliðstætt starf; skipin eru lögregluskip, ætluð til að halda uppi lögreglu á sjó, en það er alt annað starf en venjulegum flutningaskipum er ætlað. Það er því ekkert undarlegt, þótt settar sjeu aðrar reglur um skip, sem eiga að hafa alt annað starfssvið.

Þá sagði hv. þm., að vinnutíminn á Óðni kæmist stundum upp í 24 stundir á sólarhring. Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir það, en jeg veit, að það eru svo margir menn á skipinu, að það er hægt að skifta sólarhringnum í 8 klst. vaktir. En ef til vill getur það komið fyrir, að það verði í einstökum tilfellum lengri vinnutími en álitið er rjettmætt, en það eru undantekningar, sem allir opinberir starfsmenn verða að hafa. Við verðum t. d. stundum að hafa það hjer í þinginu, en venjulegast er það, að vinnutíminn er alls ekki langur.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að það væri engin þörf á að hugsa um að hindra það, að þessir menn tækju þátt í verkföllum, vegna þess að stjórn Sjómannafjelagsins mundi verða svo liðleg í samningum. En það liggur ekki neitt fyrir um það annað en orð þessa hv. þm., og jeg er ekki að gera neitt lítið úr þeim, en jeg skil ekki, að það sje neitt stórt atriði fyrir þá, sem eiga að semja um kaup fyrir sjómenn alment,

þótt þessir fáu menn sjeu undanteknir samningum. En það, sem fyrir stjórninni vakir, er það, að það má ekki koma fyrir, að menn á þessum skipum geri verkfall, því að það myndi verða samtímis og okkar togarar lægju hjer í höfn, og þá gætu útlendu togararnir verið óhultir í landhelgi á meðan. Þetta er atriði, sem ekki er hægt að ganga framhjá, eða að minsta kosti er það svo, að allir nefndarmenn, nema hv. þm. (HjV) einn, hafa álitið nauðsynlegt að fyrirbyggja, að slíkt kæmi fyrir.

Að því leyti, sem hv. þm. var að tala um, hve slælega eftirlitið með landhelginni væri rækt, þá verð jeg að segja það, að þótt hv. þm. haldi því fram, að fjarlægð skipa sje ekki nægilega oft mæld, er skipsmenn álíta það engum vafa undirorpið, að skipin sjeu fyrir utan landhelgi. Og þá veit jeg heldur ekki, hvernig hv. þm. (HjV) getur fundið það út, sem hann sagði í þinginu fyrir nokkru, að hann vildi fullyrða, að þessir togarar hefðu verið í landhelgi. En það er langt á milli þessa tvenns, og hv. þm. hefir enga heimild til að segja slíkt, enda þótt það kynni að vera rjett hjá honum, að of sjaldan væri mælt. **(HjV:** Jeg veit, að þeir voru það). Þá skora jeg á hv. þm. að sanna það. Það er annars undarlegt að halda slíku fram, en vilja ekki sanna það, svo að hægt sje að koma fram ábyrgð á hendur þeim seku. En hv. þm. getur alls ekki vitað það, þegar yfirmennirnir á skipinu segja, að þeir geti eftir sjóninni eingöngu mælt svo greinilega, að þeir viti fyrir víst, að skipin sjeu ekki fyrir innan landhelgislínu. Hvernig getur þá hv. þm., sem situr hjer í Reykjavík, vitað það betur?

Svo fór háttv. þm. að hnýta í skrifstofustjórann í dómsmálaráðuneytinu. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. þm. þekki þennan ágæta embættismann lítið og lof hans eða last um hann skifti því litlu, enda hygg jeg, að skrifstofustjórinn láti sjer í ljettu rúmi liggja, hvort hv. þm. lastar hann eða lofar, en jeg álít, að hann eigi miklar þakkir skilið fyrir starf sitt.

Svo kom stærsta trompið hjá háttv. þm., að skipverjar varðskipanna væru sjóher. Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir það, því að hjer í frv. stendur, að skipherrar á varðskipunum sjeu löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu og að stýrimenn sjeu aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna. Með öðrum orðum, það er aðeins um löggæslu, en engan her að ræða, nema ef hv. þm. vill kalla alla lögreglu her. Það má hann gjarnan fyrir mjer, en hingað til hefir það þó verið álitið talsvert annað; en jeg skal ekki deila um nöfn við hv. þm., ef okkur annars kemur saman um, hvað þessi skip eiga að gera.

Þá vildi jeg gjarnan með fáeinum orðum snúa mjer að hv. 2. þm. Árn. (JörB), en jeg ætla ekki að fara út í þær deilur, sem hv. þm. á í við hæstv. forsrh. um þau ákvæði viðvíkjandi launum, sem hv. 2. þm. Árn. vill taka upp í þetta frv. En hv. þm. áleit það ekki skóggangssök að hnupla svolítið frá hæstv. forsrh. úr hans frv., og býst jeg við, að svo sje. En þar sem hv. þm. ætlar að fara að gefa mjer þetta í mitt frv., þá vil jeg helst vera laus við það, því að jeg þykist hafa

nóg á minni könnu. Jeg verð að segja það sama og í dag, að jeg vil helst vera laus við þessar gjafir hv. 2. þm. Árn., en annars var það svo, þegar jeg talaði hjer í dag, að þá fór jeg ekki nákvæmlega út í brtt. á þskj. 503, og þess vegna verð jeg að minnast á þær nú með örfáum orðum.

Um 1. brtt. er það að segja, að jeg hefi ekkert á móti því, að hún sje samþykt, en um 2. brtt. vil jeg geta þess, að jeg tel hana ekki til bóta. Jeg tel rjettara að láta stjórnarráðið ráða alla stýrimenn og vjelstjóra skipsins heldur en að fela skipstjóra að ráða 2. og 3. stýrimann og 2. vjelstjóra, en stórt atriði er þetta náttúrlega ekki.

Um síðari málsgrein 2. brtt. hv. 1. minni hl. allshn. vil jeg aðeins segja það, að jeg sje ekki, að hverju leyti orðin: „ef í hlut á skipverji, sem skipaður er eða settur af ráðuneytinu", eiga hjer við, því að þá finn jeg ekki, eftir hvaða reglu á að setja af þá menn, sem ráðuneytið hefir ekki skipað. (**JörB:** Það stendur í 4. gr.). Lítum þá á 4. gr. Þar stendur, að þá menn, sem ráðuneytið hefir skipað, skuli setja af eftir venjulegum reglum um aðra sýslunarmenn ríkisins. En eftir hvaða reglum á þá að setja hina af? Jeg álít, að þessi orð í brtt. eigi að fella burt.

Við 3. brtt. hefi jeg ekkert að athuga. Það er örlítil orðabreyting, og get jeg ekki verið að gera hana að neinu kappsmáli. En út af því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði um ósamræmi þessarar greinar, þá vil jeg benda á, að það er misskilningur hjá hv. þm., því að í seinni hluta gr. er átt við þá, sem skipaðir eru af ráðuneytinu, en í fyrri málsgreininni er átt við þá, sem ráðnir eru af skipstjóra.

Það er rjett að leyfa þeim mönnum, sem eru á varðskipunum, að öðlast sama rjett eins og þeir væru í utanlandssiglingum, því að jeg geri ráð fyrir, að ferðir þær, er skipin fara, líkist meira utanlandssiglingum heldur en siglingum hjer með ströndum fram. Þessi skip halda sig miklu meira úti á rúmsjó heldur en skip, sem sigla hafna milli innanlands, og stundum fara þau til útlanda. Þess vegna var sett brtt. inn í frv. háttv. Ed., til þess að sýna það augljóslega, að skipverjar á varðskipunum væru jafnhátt settir og skipverjar á millilandaskipum. Af þessum ástæðum geri jeg ekki ráð fyrir, að hv. flm. sje mjög í mun að fá samþykta 5. brtt. sína á þskj. 503.

Þá er 6. brtt. á sama þskj. Jeg get ekki skilið, að hv. flm. finnist bót í því, að 6. gr. falli niður. Hvernig fer um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði, ef sú grein er feld burtu? Á þá ekki að láta gilda um þessa menn þá einu undantekningu, sem er um símameyjar í lögum frá 1924, að þeir fái útborgað úr lífeyrissjóði, er þeir láta af starfi sínu, þó að ekki sje sökum elli eða veikinda? Jeg vona, að hv. flm. fallist á það að taka þessa brtt. aftur.

Um 7. brtt. er mjer ekkert kappsmál, hvort hún verður samþykt eða feld. Það er aðeins lítil orðabreyting, en að mínum dómi alveg óþörf.

8. brtt. get jeg fallist á. Hv. flm. hafa tekið upp 8. greinina eins og hún er í frv., en bætt því við hana, að þátttaka í verkfalli varði ábyrgð samkv. l. nr. 33 1915. Það var auðvitað tilgangurinn með því að gera þessa menn að opinberum sýslunarmönnum, að ákvæði þessara laga næðu til þeirra, en jeg er sammála hv. flm., að það sje

betra að þetta komi skýrt og ótvírætt fram í frv. sjálfu.

9. brtt. er í raun rjettri tvær brtt., því að í fyrsta lagi er farið fram á, að 9. gr. frv. falli niður, og í öðru lagi, að bætt sje inn nýrri grein. Jeg vil því leyfa mjer að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann beri þessa brtt. upp í tvennu lagi, þegar til atkvæðagreiðslu kemur. Að mínu áliti er ekki ástæða til þess að fella 9. gr. niður, því að þar stendur: „Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip". Þetta ákvæði er sett vegna þess, að oft eru leigðir vjelbátar til strandgæslu um lengri eða skemri tíma, og það er ekki tilætlunin, að þessi lög nái til þeirra, og eigi heldur til vitaskipsins Hermóðs, þó að hann stundi strandgæslu einhverntíma eins og komið hefir fyrir. Þetta er það, sem 9. gr. frv. á við, og jeg geri mjer í hugarlund, að hv. flm. brtt. muni ekki hafa á móti því, að hún fái að standa. Annars er það undir því komið, hvernig fer um 4. brtt., hvort 9. brtt. kemst að.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira; aðeins endurtek jeg, að mjer þykir vænt um, að þessir tveir hv. nefndarmenn eru sammála um að fylgja frv. áfram, enda þótt brtt. þeirra verði ekki samþyktar.

Frsm. 3. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er spurningin, hvort betur muni verða sjeð fyrir landhelgisgæslunni en áður með þessu frv. eða ekki. Til þess að betur verði sjeð fyrir landhelgisgæslunni, þarf að gera mennina á varðskipunum ánægða, svo að þeir dvelji þar langdvölum og til þeirra veljist úrval sjómanna. En samkv. þessu frv. eiga varðskipsmenn að hafa miklu lakari laun heldur en menn, sem gegna samskonar stöðum á öðrum skipum, eins og hæstv. atvrh. hefir viðurkent. **(Atvrh. MG:** Það hefi jeg aldrei sagt). Jæja, hann vitnaði um það í starfsbróður sinn, hæstv. forsrh., sem hefir óvirt þessa hv. deild með því að vera ekki við þessar umr. nema svo sem 5 mínútur. **(Nokkrir þm.:** Hann er við umr. fjárlaganna í Ed.).

Er nú hægt að búast við því, að menn á varðskipunum verði ánægðir, þegar þeir hafa miklu verri kjör en aðrir stjettarbræður þeirra á verslunarskipunum, en skyldur miklu meiri og miklu minni rjettindi? Nei, og aftur nei! Frv. miðar að því, að á skipin veljist ljelegri menn, með svo auðvirðilegan hugsunarhátt, að þeir sætti sig við að vera verkfæri í höndum stjórnarinnar og sitja og standa eins og henni þóknast.

Hæstv. atvrh. virðist leggja mikla áherslu á, hve tryggt það sje að vera starfsmaður hins opinbera. Þar til er því að svara, að það er munur að vera sýslunarmaður á þessum skipum eða embættismaður í landi með þrefalt hærri launum. Það er munur að hafa svo sem 8—9 króna kaup á dag og vera skyldur til að vinna altaf, hvenær sem kallið kemur, eða hafa 8—9 þús. króna árstekjur fyrir svo sem tveggja stunda hæga vinnu á dag, eins og t. d. ýmsir kennarar við háskólann, dósentar og aðrir. — Það hefir ekki borið á því, að skipverjar á verslunarflotanum hafi ekki fengið kaup sitt greitt. Þeir hafa meira að segja átt hægra með að ná sínu kaupi heldur en margir aðrir. Þeir yrðu því varla betur trygðir hvað það snertir,

þótt þeir kæmust á varðskipin, nema síður sje. Það hefir sem sje sýnt sig, að ekki stendur alt á stöðugu hjá ríkissjóði eða hæstv. stjórn, og þess vegna er ekki ástæða til að taka orð hæstv. atvrh. alvarlega. Það hefir svo sem þráfaldlega komið fyrir, að þó menn hafi verið í þjónustu stjórnarinnar, þá hafa þeir mist stöðu sína. Jeg skal hjer t. d. nefna það, að þá er gufuskipið Borg var selt, þá voru margir menn þar sviftir atvinnu. Hið sama hefði orðið uppi á teningnum, þótt þeir hefðu verið taldir opinberir sýslunarmenn. Skipið hefði verið selt engu að síður.

Hæstv. ráðh. gat þess, að nokkuð væri svipað „praxis" og lagarjettur. Jeg neita því. Hæstv. ráðh. hefir oft breytt „praxis"; en svo er hjer ekki heldur um „praxis" að ræða, heldur er verið að skapa nýja stjett embættismanna. En svo á með reglugerð að setja þessa menn undir sjerstakan aga, og þar er jafnvel svo langt gengið, að ef stjórnin heldur, að reglugerðin gangi ekki nógu langt í því að halda mönnunum niðri, þá á að beita gegn þeim ákvæðum siglingalaganna, þar sem þau eru strangari en ákvæði reglugerðarinnar.

Hæstv. atvrh. sagði, að það ætti að hafa sjerstakt við skipverja á varðskipunum vegna þess að þeir væru sjerstök stjett í landinu. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje neinn munur á þeim og skipverjum á Esju og Villemoes, enda þótt þeir sjeu kallaðir sýslunarmenn. Nafnið breytir engu, þegar um samskonar stöðu og starf er að ræða. Eða hvaða munur halda menn að sje á kyndurum á Esju og Villemoes og kyndurum á Þór og Óðni? Þeir vinna nákvæmlega sama verk. Og hvaða ástæða er þá til þess, að aðrir sjeu látnir vera undir heraga og ákveðnum launalögum, en hinir vinni eftir samningi og hafi öll fríðindi samkvæmt siglingalögum og stjettarsamningum sínum?

Hæstv. atvrh. vildi láta líta svo út, sem vinnutíminn á varðskipunum væri ekki nema 8 stundir á sólarhring. Það er von, að hann fari þar ekki rjett með, því að hann talar þar af ókunnugleika, eins og kom fram í því, að hann sagði, að á skipunum væri þrískift „vakt", og virtist skilja það svo, að hver „vakt" hefði frí eftir 8 stundir. Það segir sig sjálft, að það sannar ekkert um, hvað vinnutími er langur, að þrískift er vakt. Á togurum er fjórskift vakt, en samt vinna menn þar 18 stundir í sólarhring. Sama er að segja um vinnubrögð á Þór og Óðni að undanförnu, að vinnutíminn hefir þar verið 16—18 stundir. Maður skyldi nú ætla, að tillit hefði verið tekið til þessa í tilvonandi löggjöf um skipin, en svo er ekki, síður en svo, eins og jeg hefi þegar sýnt.

Hæstv. atvrh. leit svo á, að það gæti ekki verið mikilvægt atriði í augum stjórna stjettafjelaganna, þó að skipverjar á varðskipunum hefðu ekki sömu laun og skipverjar á verslunarskipunum. En þetta er einmitt stórt atriði frá sjónarmiði stjettafjelaganna, vegna þess, að hjer er um nákvæmlega sömu vinnu að ræða. Og er það ekki einmitt tilgangurinn með því að setja kaupið þannig niður, að aðrir geti vitnað í það, og þannig komist á al-

menn kauplækkun á sjónum? Það er engin furða, þótt stjettafjelögin láti sig ekki einu gilda slíkar aðfarir.

Það hefir verið bent á það, að ekki er mikil hætta á verkfalli hjá þeim, sem vinna samkvæmt samningi á ríkissjóðsskipunum. Og hæstv. atvrh. veit, að ekkert er auðveldara en að komast hjá verkfalli. Það er rangt hjá hæstv. atvrh., er hann gat þess, að ef verkfall yrði á togurunum, þá yrði líka verkfall á varðskipunum. Það gæti þá aðeins orðið með því móti, að stjórnin gengi inn í „Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda" og gengi til samninga með þeim, en ekki með stjórnum verslunarskipanna, sem semja um kaup á skipum sínum á öðrum tíma en togaraeigendur.

Það sannar ekkert ágæti frv. þessa eða mál hæstv. atvrh., þótt 4 nefndarmenn gangi að nokkru inn á frv. Þótt 99 af 100 gætu fallist á það, sannaði það ekkert um rjettmæti þess. Jeg hefi þegar sýnt fram á það, að frv. er ekki komið fram til þess að tryggja það, að bestu menn veljist á varðskipin. Það er ekki til þess fallið að koma í veg fyrir verkföll, en það er fram komið til þess að koma því liði á skipin, er stjórnin hefir ráð þess í hendi sjer, og yfirleitt veikja samtök verkalýðsins á sjónum.

Hæstv. atvrh. komst út í það að tala um landhelgisgæsluna og sagði, að jeg hefði fundið það út, að togarar hefðu verið að veiðum í landhelgi hjá Öndverðanesi af því að ekki hefði verið nógu oft mæld fjarlægð skipanna frá landi. **(Atvrh. MG:** Það voru orð hv. 4. þm. Reykv.!). Það mun á sínum tíma sjást á ræðum okkar hjá skrifurunum. En það hefir löngu áður komið fram, að togarar hafa verið að staðaldri að veiðum í landhelgi þarna, og þetta veit hæstv. atvrh. sjálfsagt líka, ef hann hefir talað við sjómenn. Hv. þm. Snæf. hefir einnig borið fram kæru um þetta hjer á þingi. Það er á almanna vitorði, að mikið af þeim fiski, sem hjer kom á land í vetur, var landhelgisfiskur. Og það þori jeg að segja fyrir víst, að yfirmenn á Óðni geta ekki svarið, að skip hafi verið utan landhelgi, með því að mæla vegalengdina aðeins af sjónhendingu, enda þótt hæstv. atvrh. segi, að hún sje þeim nóg.

Jeg var ekki að setja út á skrifstofustjórann í dómsmálaráðuneytinu fyrir venjuleg störf hans, en hinu hjelt jeg fram, að dæmin væru deginum ljósari um það, að skipin væru ekki eins mikið á verði og þau ættu að vera. Þetta sjest best á því, er Þór liggur hjer á Reykjavíkurhöfn 12 daga á mánuði til jafnaðar, fyrir utan innilegur á öðrum höfnum, og jeg fullyrði, að þessar innilegur sjeu að mestu óþarfar og ónauðsynlegar.

Jeg hefi áður getið þess, hver munur er á að sigla undir þessum lögum og siglingalögunum. En það má rifja þetta betur upp fyrir sjer. Hjá Eimskipafjelaginu hafa yfirmenn eftirlaunarjett, án þess að greiða sjerstakt gjald. Það er uppbót á kaupi þeirra. Skipverjar hafa samningsbundnar frístundir, ákveðinn matmálstíma og ákveðin landgönguleyfi. Fatnaður þeirra er trygður fyrir 450—1000 kr., og þeim sjálfum er trygður nægilegur hvíldartími áður en þeir fara á „vakt". Það er því eins og jeg hefi sagt: Bestu mennirnir munu forðast varðskipin, ef frv. þetta verður að lögum, og þangað velst lakasta liðið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það var ekki von, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) líkaði sú ádrepa, sem jeg gaf honum, en þó snerti hún bara þetta mál. En það, sem jeg heyrði af svörum hans, þá voru ekki í þeim miklar varnir fyrir afstöðu hans og hv. þm. Dal. (JG) í þessu máli. Hann var að reyna að afsaka það, að allsherjarnefnd sölsaði málið undir sig, með því, að hv. fjhn., sem átti að hafa það til meðferðar, væri svo illa að sjer, að það gæti ekki talist neitt ódæði að taka málið frá henni. En þegar hann fór að rökstyðja þetta með dæmum, þá gat hann ekki bent á neitt misjafnt í fari hv. fjhn. þessarar hv. deildar, heldur hafði honum eitthvað mislíkað við fjhn. hv. Ed. í einhverju máli á þessu þingi. En það gat nú varla gefið tilefni til þess, að allshn. færi að ganga inn í verkahring fjhn. þessarar deildar.

Hv. þm. (JörB) kannaðist við það, að þeir tveir í 1. minni hl. nefndarinnar færu fram á launahækkun vjelstjóra, og þó eru þeim ætluð langhæst laun af öllum þessum starfsmönnum tiltölulega. Hann sagði, að þeir gerðu þetta til þess, að víst væri, að hægt væri að fá menn í þessar stöður. En jeg lít svo á, að þegar stjórnin, sem hefir þann vanda að standa í þessu og útvega mennina, stingur upp á sjerstökum launakjörum, þá sje það ekki rjett af þingmönnum, sem af kjósendum er falið það umboð að gæta í hvívetna sparnaðar fyrir landsins hönd, að þeir fari að troða upp á stjórnina meira fje en hún fer fram á að fá. Og jeg fullvissa hv. þm. um það, að hann þarf ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því stjórnarinnar vegna, að henni muni ekki takast að fá menn fyrir það kaup, sem hún hefir stungið upp á.

Mjer heyrðist á hv. þm., að hann hefði það á móti ákvæðum frv. um laun skipverja, að það væri ekki víst, að það væri rjettmætt að ná þeim sparnaði í starfrækslunni, er jeg sýndi fram á, að stjórnin ætlaði sjer að ná með frv.

Nú er það náttúrlega hverju orði sannara, að eins og embættis- og starfsmannalaunin eru naumt skömtuð, þá má segja, að sá, sem þau fær, hefir fulla þörf fyrir þau, og þó að meira væri. En það verður að líta á hag landsmanna allra. Og þeir, sem í raun og veru borga laun hinna opinberu starfsmanna, eru ekki svo vel stæðir, að rjett sje að halda því að stjórninni að greiða hærri laun en hún sjálf telur, að komist verði af með. Jeg held, að athugun á launaspursmálinu og samanburði við aðra starfsmenn sje alment betur borgið hjá þeirri nefnd, sem fjekk þetta mál til meðferðar, en það var fjhn. Og jeg held, að hv. 2. þm. Árn. hafi ekki komið fram með þau rök, að rjett væri að samþ. hinar ófullkomnu og óheppilegu till. um launagreiðslu, sem hann hefir stungið upp á og ofið inn í alveg óskylt frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Kjartansson): Það eru aðeins örfá orð. Jeg þarf engum að svara, því að eins og jeg tók fram áður, þá er eiginlega enginn ágreiningur milli 1. og 2. minni hl. Það, sem kom mjer aðallega til þess að standa upp, var, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir altaf í allan dag verið að endurtaka þá fullyrðingu, að það væri

ekki nema til ills eins fyrir skipverja á varðskipunum að verða sýslunarmenn ríkisins. Jeg vil mótmæla þessu og jeg skil ekki einu sinni, hvers vegna hv. þm. er að bera þessa fjarstæðu fram. Hann heldur, að rjettur skipverja væri betur trygður, ef þeir væru lögskráðir á skipin samkv. siglingalögunum. Þetta er mesta blekking, og er undarlegt, að hv. þm. skuli halda þessu fram, þar sem hann telur sig vera málsvara þessara manna. Hæstv. atvrh. benti í dag á mikilvægt atriði í þessu efni. Hæstv. ráðherra benti á það atriði, að ef sýslunarmaður skyldi veikjast og verða frá verki, og jafnvel þó að það verði upp undir eitt ár, þá heldur hann samt fullum launum. **(HjV:** Þetta er enginn rjettur). Þetta er enginn rjettur, segir hv. þm. Ef hann telur það ekki *rjett*, að maður, sem er veikur, skuli geta haldið fullum launum, jafnvel þó að hann geti ekki gegnt starfi sínu, þá veit jeg ekki, hvað rjettur er. **(HjV:** Hvaða rjett hefir hann til launa?). Hjer er viðurkend sú rjettarvenja, að sýslunarmenn haldi launum, þó þeir forfallist sakir veikinda. En viðurkend rjettarvenja er sama og skráð lög. Hjer er aftur alt öðru máli að gegna um þá menn, sem lögskráðir eru á skip samkv. siglingalögunum. Þeir fá kaup einungis þangað til þeir eru skráðir úr skiprúmi. En ávalt er heimilt að skrá þá úr skiprúmi, þegar þeir einhverra orsaka vegna geta ekki gegnt starfi á skipinu.

Við skulum líta á annað atriði, og það er frávikning úr skiprúmi. Jeg hefi starfað töluvert við að skrá menn á skip, þegar jeg var hjá lögreglustjóra. Hjer er það nærri undantekningarlaus regla, að menn eru ráðnir til óákveðins tíma. En hvað vill það segja? Að það má altaf reka þá af skipi, hvenær sem er, og það án nokkurs fyrirvara. Þeir hafa engan rjett, þó að þeir sjeu reknir. En hvernig er þetta að því er snertir sýslunarmenn ríkisins? Samkvæmt 3. málsgr. 3. gr. fer um frávikning þessara manna eins og annara sýslunarmanna ríkisins. Vill nú ekki hv. þm. (HjV) spyrja um rjettarvenjuna? Hún er sú, að ef ekki er um sök að ræða, þá má ekki víkja sýslunarmanni frá nema hann fái full laun í 6 mánuði. Ef um sök er að ræða, þá fer þetta eftir 6. gr., enda er þá líka öðru máli að gegna. Ætlar nú hv. 4. þm. Reykv. að standa upp aftur og segja, að það sje ekkert í það varið að vera sýslunarmaður ríkisins? Sennilega gerir hann það. En verður honum trúað? Ólíklegt er það, því að það er of áberandi blekking, sem háttv. þm. hefir haldið fram í þessu máli, til þess honum verði trúað. Það getur ekki verið vegna skjólstæðinga hv. þm., sjómannanna, að hann kemur með þessar rakalausu fullyrðingar um sýslunarmenn ríkisins. Nei, það er annað, sem hjer liggur á bak við og sem hv. þm. hefir ekki mótmælt, heldur fyllilega gefið í skyn, og það er, að hann vill með engu móti, að ríkið geti varnað hásetum varðskipanna að gera verkfall. Hann vill til þess vinna að gera þessum mönnum ilt, láta þá missa stórkostleg rjettindi, ef þeir geti orðið verkfæri í höndum forkólfanna í landi, sem vilja ráða yfir orðum og athöfnum sjómannanna sem annara verkamanna.

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg get verið stuttorður. Það eru nokkur orð í ræðu hæstv. atvrh. (MG), sem jeg vildi minnast á. Hann gerði nokkrar athugasemdir við till. okkar, en í stuttu máli sagt voru athugasemdir hans þannig, að við gerum ekki að neinu atriði, hvort brtt. þær, sem hann drap á og fann að, verða samþ. eða ekki. — Hann gerði athugasemd við 2. brtt. og vildi fella niður þessa setningu í 2. málsgr.: „Ef í hlut á skipverji, sem skipaður er eða settur af ráðuneytinu". Taldi hann betur á því fara. En þetta snertir aðeins þá menn, sem ráðuneytið ræður, og því höfðum við það. Ef það er hinsvegar betra, að þessi setning falli burt, þá skiftir það ekki miklu máli.

Þá drap hæstv. atvrh. á siglingatímann og taldi rjettara að hafa samskonar æfingu á þessum skipum eins og á millilandaskipunum. Jeg hefi átt tal við siglingafróðan mann og hann taldi, að æfingin væri ekki jafnmikil, og því höfum við gert þessa brtt. Annars er nú mjög lítill munur á þessu.

Um 6. brtt. er engin ástæða til þess að tala, en jeg get lýst því yfir, að við skoðum það ekki sem neitt ágreiningsatriði og látum okkur í ljettu rúmi liggja, hvernig um það fer. Að því er snertir 9. gr. frv., þá er í henni, satt að segja, alveg óþarft ákvæði, því að ekki er hjer átt við önnur skip en varðskipin. Samkvæmt orðanna hljóðan munu þessi ákvæði ekki eiga að ná til mótorbátanna. Annars má segja um þessa brtt. okkar líkt og um 6. brtt., að hún er smávægileg og skiftir ekki miklu máli. Yfirleitt hefir hæstv. atvrh. tekið þessum brtt. okkar vel, og ætla jeg því ekki að fjölyrða meira um það.

Þá verð jeg að víkja ofurlítið að hæstv. forsrh. (JÞ). Honum þótti jeg ekki hafa brugðist vel við ádrepu, er hann gaf mjer. Má vera, að honum hafi brugðist þar bogalistin, að jeg hafi ekki tekið því eins ljúfmannlega og hann ætlaðist til, en þó held jeg, að jeg hafi gert það jafnvel og hann verðskuldaði það. Ef hæstv. ráðherra hefði talað þá svipað því, sem hann gerði nú, þá hefði jeg líka talað í öðrum tón. En þó að hæstv. forsrh. talaði stutt í þetta sinn, þá varð hann samt að rangfæra ummæli mín og gera mjer upp aðrar meiningar en jeg hafði. Hann sagði, að jeg hefði verið að rjettlæta það tiltæki okkar að taka inn í frv. þetta óskyld ákvæði, með því að fjhn. væri svo illa að sjer, að þörf væri að taka fram fyrir hendur hennar. Ef við hefðum mælst hjer einir við, þá hefði jeg kannske getað búist við þessu, en þar sem allir háttv. þdm. heyrðu, hvað á milli okkar fór, þá þykir mjer undarlegt, að hann skyldi taka þannig til orða. Jeg var hvorki að tala um starfhæfi fjhn. í Nd. eða Ed. En jeg leyfi mjer að halda því fram, að athugasemdir okkar sjeu fyllilega þinglegar, og einnig þau málsatriði, sem við berum hjer fram, því að það úir og grúir af þessu í löggjöf vorri. Jeg þurfti því ekkert að rjettlæta. Og þó að frv. um laun þessara manna sje nú í annari nefnd, þá höfum við fullkominn rjett til þess að gera till. um þau. En þegar hæstv. forsrh. fór að gera lítið úr till. okkar, taldi þær lítilvægar og ekki á rökum bygðar, þá mátti nú með sanni

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

segja, að „höggur sá, er hlífa skyldi". Till. eru svo að segja orðrjett teknar upp úr frv. því, sem hæstv. forsrh. flutti. Við höfum ofurlítið breytt launakjörunum, en það er mjög smávægileg breyting. Hið eina frábrugðna hjá okkur er það, að við viljum ekki koma upp stórum skara af föstum embættismönnum á skipunum. Jeg hygg, að hæstv. ráðh. veitist erfitt að telja mönnum trú um, að það sje nauðsynleg sú tilhögun á ráðningu manna á skipin.

Það, sem jeg vjek að fjhn., var það, að jeg sagði, að nefndirnar hefðu ekki verið skipaðar beint með það fyrir augum að gera till. um fjármál, og jeg leyfði mjer að efast um, að menn hefðu verið valdir í fjhn. Ed. sjerstaklega til þess að fara með fjármálin, og jeg tók eitt mál því til sönnunar. Jeg býst við, að hæstv. forsrh. gangi erfitt að sanna, að afgreiðsla þess máls beri vott um starfhæfi nefndarinnar. Hann verður þá að leita til annara mála til þess að sýna það.

Þá vjek hæstv. forsrh. að launakjörunum enn og taldi óviðfeldið, að önnur nefnd fjallaði um það en fjhn. Jeg drap á það áðan, hvernig ástatt væri í löggjöf vorri í þessu efni. Það er alkunna, að launakjörunum er oft blandað saman við starfstilhögunina. Jeg hefði getað vitnað til eins máls, sem nú liggur fyrir þinginu, en það er frv. um samskóla Reykjavíkur. Því var vísað til mentmn. En auk þess, sem í því eru ákvæði um starfstilhögunina, þá eru þar líka launaákvæði. Má vera, að í nefndina hafi verið valdir starfhæfir menn með tilliti til launamála, en þó hygg jeg, að það hafi ekki verið, þegar litið er á það, hvernig nefndin er skipuð. Reglan er nú sú, að vísa málunum til nefnda eftir aðalefni þeirra. Þó að launaákvæði sjeu einhver í málinu, þá hefir það ekkert að segja. Þetta er því aðeins viðbára hjá hæstv. forsrh. Hann ætlaði að andmæla málinu, en hefir seilst helst til langt í röksemdunum gegn því. Hæstv. ráðh. telur, að ekki eigi að veita hærri laun en þau, sem stjórnin þykist geta komist af með. Jeg tel það þó stundum hæpið. Það er ekki altaf sjálfsagt, að það sje best fyrir málefnin, að launin sjeu sem lægst. Jeg verð að líta svo á, að þessi störf sjeu það þýðingarmikil fyrir okkur, ekki einungis vegna hagsmuna okkar hjer, að fiskimiðanna sje vel gætt vegna fiskiveiðanna í framtíðinni, heldur er líka löggæslustarfið þannig út á við, að vel þarf að vanda til yfirmanna þeirra, sem eiga að sjá um það. Til þess að hafa góða menn verðum við að geta boðið þeim ekki lakari launakjör en á öðrum skipum tíðkast. Við höfum nú lagt til, að hækkuð verði laun sumra, en aftur lækkuð laun annara, og byggjast till. okkar á því, hvað þessir menn geti sæmilega unað við.

Hæstv. forsrh. drap á hag landsmanna og sagði, að ekki væri vert að vera að íþyngja þeim, heldur ætti að spara laun embættismanna eins og hægt væri. Jeg er sammála honum um það, að það sje ekki nema sjálfsagt, að þetta sje gert. En jeg held nú samt, að það væri rjett, að sá sparnaður næði til fleiri manna en þessara. Það er áreiðanlegt, að til eru svo há embættislaun, að sanngjarnara væri að taka eitthvað af þeim. Hjer eru til embættismenn, sem hafa líklega um 50 þús. kr. í laun eða meira, þó að

þeir sjeu nú ekki margir, og á aukatekjulið eins embættismannsins standa 30—40 þús. kr. Það er því hjer, sem á að spara. Jeg get tekið undir það, enda drap jeg á það í dag, að gjaldþoli þegnanna er misboðið eins og nú er, og má gera ráð fyrir, að það verði enn tilfinnanlegra síðar.

Jeg verð nú að segja það viðvíkjandi till. okkar um starfstilhögun og laun skipverja, að með því er mál það, sem vísað var til fjhn., ekki frá henni tekið. Hún getur gert till. um það eftir sem áður, og ræður svo auðvitað hv. deild, hvað gera skal. En það er fjarri því að við 1. minni hl. biðjum nokkurrar afsökunar, þó að við höfum gert þessar till. Það ætti að vera öllum skiljanlegt, að við höfum ekki getað fallist á að búa til þetta embættisbákn, og til þess að tryggja það, að það yrði ekki gert, höfum við gert þessar till. Sker svo háttv. deild úr málinu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg stend aðallega upp út af tveim atriðum í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Þegar hann talar um landhelgisgæsluna, þá er eins og hann sjái ekki annað en það, sem aflaga fer, og notar þá vanalega stór orð. — Hann segir, að mikið af þeim fiski, sem veiddur er, sje fenginn í landhelgi. Mjer þykir þetta undarlega mælt, því að þó eitthvað sje ef til vill veitt í landhelgi, þá er það ekki nema mjög lítill hluti þess fiskjar, sem hjer er veiddur. Af þeim tveim togurum, sem jeg þekki til, þar sem jeg hefi með útgerð annars að gera og hins að nokkru leyti, hefir allur aflinn, að undanteknum 30 fötum af öðrum þeirra og 50 fötum af hinum, veiðst á Selvogsbanka. Jeg get fullyrt, að hvorugur þessara togara hefir nokkurntíma komið í landhelgi. Slík fullyrðing, sem hv. 4. þm. Reykv. kom með áðan, er því mjög óviðfeldin hjer á Alþingi.

Þá segir þessi sami hv. þm., að starfsmönnum á varðskipunum sje ætlaður lengri vinnutími en á öðrum skipum. Hann ber þetta þó til baka með ummælum sínum um landhelgisgæsluna að öðru leyti. Það er nú svo, að á þessum skipum eru ekki fleiri menn en það, að það má engan þeirra missa, ef á að taka skip. Þegar skip er tekið, þarf að skjóta út báti til þess að fara út í sökudólginn. En þegar búið er að senda hann, þá eru ekki fleiri menn eftir en komist verður af með til þess að stjórna skipinu. Ef nú á að skifta í vökur, þannig að altaf sje ⅓ hluti skipverja undir þiljum, þá er alveg ómögulegt að handtaka nokkurn sökudólg. — Hv. þm. (HjV) sagði, að hjer væri gerð meiri krafa til vinnu en á öðrum skipum. En á ræðu hans áðan skildist mjer, að varðskipin lægju í höfn 12 daga á mánuði hverjum og það bara í Reykjavík, og svo einhvern tíma á öðrum höfnum. Er nú samræmi í þessu? Skipin liggja að sögn hv. þm. (HjV), sem er nú auðvitað ekki rjett, 12 daga í höfn á hverjum mánuði. En má jeg nú spyrja: Er þessum mönnum, sem eru þannig 12 daga í höfn aðeins í Reykjavík á hverjum mánuði, ofþjakað með 16 tíma vinnu þessa fáu daga, sem þeir eru úti. Nei, röksemdir hv. 4. þm. Reykv. stangast illilega, vegna þess að þær hafa tvöfaldan tilgang. Þær eiga í fyrsta lagi að setja eins mikinn blett á landhelgisgæsluna og hægt er, og í öðru lagi að koma skipverjum sem mest undir yfirráð

þeirra manna, sem stjórna verkalýðsfjelögunum hjer í Reykjavík.

Frsm. 3. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það voru 3 atriði, sem hv. þm. V.-Sk., frsm. 2. minni hl. (JK), tók til dæmis um, að betra væri fyrir skipverja að vera sýslunarmenn heldur en að sigla undir siglingalögunum, og eflaust eru allir kostirnir þar með upp taldir.

Fyrst var það, að þeim væri greiddur sjúkrastyrkur í 6 mánuði, ef þeir væru sýslunarmenn. Jeg hygg, að skipverjar á varðskipunum eigi enga lagaheimtingu á því, heldur eigi þeir undir högg að sækja um það til landsstjórnarinnar. Og meðan önnur eins „sparnaðar"-stjórn situr eins og nú er hjer á landi, verður víst ekki farið að greiða mönnunum meira en nauðsynlega þarf.

Annað atriðið var það, að ekki væri altaf hægt að reka sýslunarmenn. Það má vera, að svo sje stundum. En hjer er þá gerð undantekning, því að auk þess sem ráðh. má reka þessa menn, er skipherra leyft það. Og ekki má aðeins reka þá fyrir fult og alt, heldur líka um stundarsakir. Þá eru þeir sviftir kaupi sínu, en geta ekkert annað farið. Það er hægt að reka þá, ekki aðeins ef þeir brjóta á móti lögunum, heldur og ef þeir brjóta á móti reglugerð, sem stjórninni er heimilað að setja eftir þessum lögum. — Loks hafa þeir engan áfrýjunarrjett til dómstólanna, ef þeir eru reknir, eins og aðrir. Landsstjórnin er útgerðarmaður, sem sjálfur úrskurðar, hvort hann eða undirmaður hans hefir rjett fyrir sjer, og þar er ekki tekið tillit til fleiri aðilja.

Loks er þriðja atriðið, að ekki megi afskrá skipverja hvar sem er eða hvenær sem er. Það er mikið vafamál, hvort þetta er nokkur fengur fyrir skipverjana, því að þeir mega sjálfir krefjast afskráningar eftir 90. gr. siglingalaganna, ef þeir eiga kost á skipstjórastöðu, yfirstýrimanns- eða vjelstjórastöðu. Þessi rjettur er þeim mjög dýrmætur, en samkv. frv. sýnast þeir engan rjett hafa til að krefjast lausnar, þótt þeim bjóðist æðri staða utan „herskipaflotans". — Þarna eru upptaldir „kostirnir", sem því eiga að fylgja að vera sýslunarmaður frekar en lögskráður háseti.

Mjer finst það mjög mikilsverður rjettur fyrir alla menn að mega gera verkfall. Verkfallsrjetturinn er að geta sagst ekki vinna, nema maður fái kjör sín bætt, og er hinn eini rjettur, sem verkalýðurinn hefir í baráttunni fyrir betri kjörum. Mjer sýnist ástæðulaust að svifta menn, sem eru á lágum launum, þessum rjetti, svo sem sýnist gert við skipverja á varðskipunum eftir frv. Enda er það algerlega tilgangslaust að reyna að svifta menn verkfallsrjettinum. Það verður altaf farið í kringum það ákvæði. Enda eru þess dæmi, að opinberir sýslunarmenn hafa knúð fram vilja sinn með því að hóta að leggja niður vinnu.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir ekki tekið rjett eftir því, sem jeg sagði. Jeg talaði ekki um að takmarka vinnutímann á skipunum, en hitt sagði jeg, að launin verða að vera í einhverju hlutfalli við vinnutímann. Hv. þm. taldi mótsögn í því að tala um of langan vinnutíma og marga inni-

legudaga, sem hann sagði, að „auðvitað" væru miklu færri en jeg hefði gefið í skyn. Jeg veit nú ekki, hvað hann hefir fyrir sjer í þessu, en annars ætti að vera ofurauðvelt að komast að því, því að það hlýtur að sjást í skipsbókunum. — Annars geta menn þurft að vinna nokkuð lengi, þótt skipið liggi í höfn, svo að í því felst engin sönnun fyrir því, að lítið sje að gera. — En hvað ætli starfsmenn hins opinbera í landi, t. d. í stjórnarráðinu, segðu um það að vinna annað eins og þessir menn eiga að gera fyrir einar 6—8 krónur á dag?

Það er algerlega rangt, að jeg hafi viljað setja nokkurn blett á landhelgisgæsluna með aðfinslum mínum. Sá er vinur, sem til vamms segir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf engu að svara hv. frsm. 1. minni hl. (JörB). Samkomulagið milli okkar er nú orðið svo gott, að nærri stappar fullri vináttu. En það gengur ver með hv. frsm. 3. minni hl. (HjV). Honum þótti vinnutíminn of langur, sagði, að hann væri upp í 24 klst. á sólarhring. En þetta er hrein fjarstæða. Fastur vinnutími á skipunum er aðeins frá kl. 8 að morgni til 5 að kveldi, og er þar af veittur matmálstími. Auðvitað eru menn kallaðir á þiljur, þegar verið er að taka skip, en það er svo sjaldan, að ekki er hægt að telja það til fastrar vinnu.

Hv. frsm. 3. minni hl. (HjV) sagði, að skipverjar væru óánægðir og yrðu þó enn óánægðari, ef þetta frv. yrði að lögum. En jeg þekki varla þann flokk embættismanna, sem ánægður er með launakjör sín. Samband starfsmanna ríkisins er núna t. d. að fara fram á hækkun á dýrtíðaruppbót o. s. frv. — Þá talaði hv. þm. um það, þegar Borg var seld, að ekki hafi þá verið hugsað mikið um þá, sem á skipinu voru. En skipverjar á Borg voru ekki sýslunarmenn, og höfðu því einskis að krefjast. Þetta dæmi hv. þm. sannar því einmitt mitt mál, en ekki hans. **(HjV:** Það er hægt að selja Óðin líka!). Já, víst er það hægt, en þá kemur einmitt fram munurinn á því, hvað opinberir sýslunarmenn eru betur settir en venjulegir hásetar.

Hv. þm. áleit mjög varasamt að leyfa stjórninni að setja reglugerð um ýms frekari atriði, því að hún gæti sett skipverja undir aga!! En það er alsiða að mæla svo fyrir, að mönnum sje sett erindisbrjef, og jeg hefi aldrei heyrt því haldið fram, að þar með væru þeir ofurseldir einhverjum óskaplegum misþyrmingum.

Þá var hv. þm. að tala um laun skipverja, en þetta frv. nefnir launin ekki einu orði. **(HjV:** Brtt. háttv. 1. minni hl.). Brtt. eru ekki frá mjer, og því kemur mjer ekki við að verja þær.

Hv. þm. sagði, að það væri rangt hjá mjer, að endilega þyrfti að vera verkfall á togurunum þegar verkfall væri á varðskipunum, þ. e. a. s. ef skipverjar hefðu verkfallsrjett. Vitanlega þarf þetta ekki að fara saman, enda tók jeg það aðeins sem dæmi. Miklu verra væri ástandið, ef verkfall væri á varðskipunum, en togarar allir á sjó. **(HjV:** Það þarf engin verkföll, ef stjórnin er skynsöm). „Þarf engin verkföll", segir hv. þm.,

en hann er nýbúinn að telja verkfallsrjettinn einhvern dýrmætasta rjett verkamanna. Líklega vilja þeir einhverntíma nota þann kjörgrip.

Hv. þm. sagði ennfremur, að það væri á almannavitund, að mikið af þeim fiski, sem bærist á land, væri veitt í landhelgi. Þetta er alveg rjett. Svo að segja allur smábátaafli er fenginn í landhelgi, á löglegan hátt. En það er eftir að sanna, hve mikið af fiski sínum togararnir taka í landhelgi. Hv. 4. þm. Reykv. getur ekkert um það vitað, þar sem hann er altaf í landi sjálfur.

Annað veifið finnur hv. þm. að því, að skipin liggi altaf í höfn, hitt, að skipverjar fái aldrei að stíga fæti á land. Svona er samræmið. En altaf þegar skipin eru í höfn, er svo mörgum mönnum leyft að fara í land sem hægt er. — Hv. þm. virðist vilja, að þessir sýslunarmenn hafi meiri rjett en allir aðrir. Jeg vil, að þeir hafi hinn sama. Hv. þm. lofaði mjög verkfallsrjettinn og áleit ilt fyrir skipverja að sjá af honum. En jeg held, að það sje ekki verra fyrir þessa en alla aðra embættis- og sýslunarmenn. Það eru ósannindi, að embættismenn hafi nokkurntíma gert verkfall. — En vilji einhverjir ekki sleppa verkfallsrjettinum, þá er bara að ráða sig ekki á skipin. Jeg veit, að nógu margir fást hvort sem er. Daglega koma til mín menn að falast eftir vinnu á skipunum; svo mikilsvert þykir mönnum að eiga vissa atvinnu allan ársins hring.

Jón Auðunn Jónsson: Það er að bera í bakkafullan lækinn að segja meira um þetta mál. En orð hv. frsm. 3. minni hl. (HjV), að sá sje vinur, sem til vamms segir, fá mig til að standa upp. Mjer finst blærinn á sögum hv. þm. vera miklu líkari því, sem Gróa sagði forðum: „Ólyginn sagði mjer, en blessaður berðu mig ekki fyrir því!“ Enda sýnist tilgangurinn svipaður og hjá Gróu sálugu. (**HjV:** Hefi jeg ekki sagt alt opinberlega?).

ATKVGR.

Brtt. 503,I (ný 1. gr.) samþ. með 14:9 atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 503,II feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, IngB, JG, BSv.

nei: JK, JÓl, JS, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ.

HjV greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, BSt, JakM) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 13:5 atkv.

Brtt. 503,III (ný 4. gr.) samþ. með 13:9 atkv.

— 503,IV.a feld með 13:10 atkv.

— 503,IV.b tekin aftur.

— 503,V feld með 13:9 atkv.

5. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 503,VI tekin aftur.

6. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 503,VII (ný 7. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

— 503,VIII (ný 8. gr.) samþ. með 14:3 atkv.

— 503,IX tekin aftur.

9. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 503,X—XII teknar aftur.

10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 73. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 549, 553, 558).

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. við 3. gr. Það er, að nánar sje ákveðið en í greininni, með hvaða fyrirvara skipverjar geti sagt upp starfi sínu, og eins ef yfirmenn segja þeim upp, þá sje það með tilteknum fyrirvara. Jeg tel heppilegra fyrir báða aðilja, að þetta sje skýrt fram tekið, en ekki óákveðið, þótt þá yrði farið eftir ákvæði um uppsögn sýslunarmanna ríkisins. Hæstv. atvrh., sem nú mun bundinn í hv. Ed., hefir tjáð mjer, að hann geti fallist á þessa till. mína og þætti betur, ef hún yrði samþykt.

Um brtt. hv. þm. Barð. (HK) vil jeg segja það, að jeg tel ekki rjett, að hún verði samþykt.

Þau ákvæði, sem hann vill nema brott úr 4. gr. 1. málsgr., get jeg ekki betur sjeð en að þurfi að standa, og teldi jeg miður farið, ef brtt. yrði samþykt. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Hákon Kristófersson:* Jeg á litla brtt. á þskj. 553. Hv. frsm. 1. minni hl. mintist á hana nokkrum orðum og taldi miður farið, ef hún yrði samþykt.

Ekki færði hann þó nein rök fyrir því. Það má altaf segja, að þetta og þetta liggi í augum uppi, en jeg lít svo á, að orðin: „Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum", sjeu alveg óþörf, eða með öðrum orðum: skipherra er gefið þarna einveldi yfir þessum mönnum. (**JörB:** Þetta er misskilningur!). Þetta er ekki misskilningur. Það, sem kemur fram í 8. gr., er nægileg trygging og þetta ákvæði í 1. málsgr. 4. gr. er alveg óþarft, enda seinni málsgr. sömu greinar nægileg. Mjer er óskiljanlegt, hvernig hægt er að líta svo á, að þessir menn sjeu ekki lögum háðir, heldur áliti eins manns, en samkv. 8. gr. getur ráðuneytið vikið þeim frá, að fengnum upplýsingum frá skipherra.

Ætla jeg svo ekki að fara frekar út í þetta mál; það liggur svo ljóst fyrir frá mínum bæjardyrum sjeð, að þess gerist ekki þörf. Jeg taldi mjer skylt að koma fram með brtt. og jeg vil slá því föstu, að hún sje að minsta kosti ekki skemd á frv. Læt jeg svo háttv. deild um það, hvað hún gerir við hana, en vona, að hún mæti meiri samhug og skilningi hjá ýmsum öðrum hv. deildarmönnum en hjá hv. frsm. 1. minni hl.

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):* Hv. þm. Barð. er vorkunnarmál, þótt hann heimti skýringu, en jeg hafði sannast að segja haldið, að hann væri búinn að átta sig á þessu. Nú sje jeg, að svo er ekki, og skal jeg því upplýsa þetta fyrir honum.

Í þessari málsgrein, sem hv. þm. vill fella burt, er það aðalatriðið, að skipherra getur sagt upp þeim mönn-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

um, er hann ræður sjálfur á skipið. Þetta er ákvæði þessarar greinar. (HK: Þetta er vitleysa, og ekkert annað).

Ef hv. þm. les greinina, sjer hann, að þetta er rjett, en jeg hjelt, að hann hefði komið auga á þetta og þyrfti því ekki skýringar við. Í næstu málsgr. er átt við alla skipverja, að þeim megi víkja burt, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, einnig þeim, sem ráðuneytið hefir ráðið. En þá skal skýra ráðuneytinu frá málavöxtum, sem síðan leggur úrskurð á málið.

Að þessu lýtur síðari málsgrein. Þó að skipherra víki burt þeim mönnum, sem hann hefir ráðið, skal hann einnig skýra ráðuneytinu frá málavöxtum, og sjeu ónógar ástæður fyrir frávikningu, fær skipverji að halda stöðu sinni sem áður. Þetta ákvæði fyrstu málsgr. er því aðeins til tryggingar fyrir skipverja.

Hvað viðvíkur 8. gr., þá er þar talað um að koma fram ábyrgð á hendur mönnum og gert ráð fyrir, að brotið sje þannig vaxið, að ekki nægi til frávikningar. Brotið getur verið þess eðlis, að koma þurfi fram ábyrgð, en stundum nægir líka frávikning um stundarsakir eða fyrir fult og alt. Að þessu lúta ákvæði 8. gr.

Nú þegar jeg hefi skýrt þetta fyrir hv. þm., vona jeg, að honum sje ljóst, að brtt. hans er til hins verra og að þessi ákvæði mega ekki falla niður.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil lýsa yfir því, að jeg hefi ekkert að athuga við brtt. á þskj. 558, frá hv. 2. þm. Árn. (Jör B). Tel jeg hana til bóta og vil mæla með því, að hún verði samþykt. Öðru máli er að gegna um brtt. á þskj. 553, frá hv. þm. Barð. (HK). Hana tel jeg ekki til bóta. Hv. þm. mun ekki hafa verið viðstaddur, er jeg mintist á aðfinslur hans við 4. gr. við 2. umræðu málsins.

Nú hefir háttv. frsm. 1. minni hl. skýrt, hvernig í þessu liggur, að skipherra hefir vald til þess að víkja burt bæði þeim mönnum, sem hann hefir sjálfur ráðið, og þeim, sem ráðnir eru af stjórninni. Hann á að vera einráður um þá menn, sem hann hefir sjálfur ráðið, og virðist það ekki nema rjett, að sama vald, sem ræður menninna, víki þeim frá. En þegar um þá menn er að ræða, sem ráðuneytið hefir ráðið, skal hann bera frávikninguna undir það, og ræður það úrslitum.

Þetta er það, sem felst í 4. gr.

Hákon Kristófersson:* Jeg ætla aðeins að gera örstutta athugasemd. Þrátt fyrir skýringu hv. frsm. 1. minni hl. og yfirlýsingu hæstv. atvrh. er jeg enn sömu skoðunar. Það liggur sitthvað í hugtakinu að segja upp stöðu og að víkja frá stöðu. Hæstv. atvrh. benti á, að það væri eðlilegt, að sama vald, sem rjeði mennina, viki þeim frá stöðu. Þá fer að verða nokkuð lítið úr því að kalla þá sýslunarmenn ríkisins, ef það hefir ekki framkvæmdarvald til slíks, en eftirlætur það skipherra. Jeg er því algerlega mótfallinn, að hann sje einráður um slíkt. Jeg lít svo á, að ef kalla á menn þessa sýslunarmenn ríkisins, þá víki skipherra þeim frá í umboði ráðuneytisins. Eftir því

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

er líka komin fram brtt. frá hv. frsm. 1. minni hl. viðkomandi uppsögn frá hvorum aðilja; þar lítur hann auðsjáanlega ekki svo á, að uppsögn og brottvikning sje eitt og hið sama. Þar hefir skipherra vald til þess fyrir hönd ráðuneytisins að segja mönnum upp stöðu; hið sama vald virðist mjer hann þurfa til þess að víkja þeim mönnum úr stöðu sinni, sem óhæfir reynast. Til öryggis fyrir þessa menn vil jeg, að ráðuneytið samþykki slíkar ráðstafanir. Ef hv. deild finst þessi till. mín ekki eiga rjett á sjer, verður hún látin fara sömu leið og vant er um slíkar till., en jeg held því enn fast fram, að till. sje til bóta en engra skemda á frv.

Læt jeg svo úttalað um þetta frá minni hálfu, enda er það mjer ekkert kappsmál.

ATKVGR.

Brtt. 558 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 553 feld með 14:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:6 atkv. og endursent Ed.

Á 73. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 571).

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Háttv. Nd. hefir endursent þetta frv. þessari hv. deild, og get jeg lýst yfir því fyrir hönd allshn., sem hafði málið hjer til athugunar í upphafi, að hún hefir athugað breytingar þær, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. Sjer nefndin ekki ástæðu til að gera þær að ágreiningsefni og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Jón Baldvinsson: Mjer skilst svo, að ef frv. þetta verður samþykt, þá muni hitt frv., sem kom fram í sambandi við það um varðskipin, ekki koma fram, því að mjer sýnist frv. þetta, eins og það er nú, vera að nokkru samsuða úr báðum frv. stjórnarinnar.

Jeg verð nú að segja það, að þótt frv. sje ekki eins ranglátt og það var í upphafi, þá er það engan veginn til bóta fyrir landhelgisgæsluna, að það verði samþykt.

Það er enn meiningin, að skipverjar á þessum skipum verði sýslunarmenn ríkisins. Jeg skil ekki, af hverju kemur sú dæmalausa harðneskja hjá stjórninni og forsvarsmönnum frv. að halda svo dauðahaldi í þetta ákvæði að koma hjer upp nýjum og stórum embættismannaflokki, því að ekki getur það orðið að neinu minsta gagni fyrir landhelgisgæsluna. En með þessu hafa mennirnir á skipunum ekki hina sömu vernd og þeir, sem sigla undir siglingalögum. Þeir hafa ekki heldur vernd fjelagsskapar síns, sem stendur fyrir samningum við stjórnendur verslunarflotans um kaupgjald. Þeir geta ekki fengið að ráða neinu um það, hvað vinnutími þeirra er langur. Þeir geta ekki fengið að ráða því, hvernig „vöktum“ er skift, þótt það geti oft verið nauðsynlegt. Þeir fá ekkert kaup fyrir eftirvinnu sína, og það er hægt að láta þá vinna óhæfilega lengi, en menn, sem hafa samskonar starfa á verslunarskipunum, fá altaf auka-

borgun fyrir yfirvinnu sína. Og varðskipsmenn eru yfirleitt alveg varnarlausir, því að enginn veit, hverju hinir borðalögðu, sem hafa 1000 króna laun á mánuði, kunna að finna upp á í samráði við vonda stjórn. Með frv. á að svifta þá menn, sem eru svo ólánssamir að lenda á varðskipunum, nokkrum hluta af mannrjettindum þeirra, í stað þess að þeir ættu að hafa að öllu leyti betri kjör en menn á öðrum skipum. Og ef talið er, að þeim verði eitthvað á, eru þeir settir undir fallöxi stjórnarráðsins. Maður veit vel, hve smásmugulegir þessir svo kölluðu herlærðu menn eru, að lítilfjörleg yfirsjón getur orðið nægileg ástæða til burtrekstrar, svo sem t. d. það, ef einhver sjer ekki yfirmann sinn, er hann kemur um borð, eða gleymir að heilsa að hermannasið, ef hann mætir yfirmanni á götu, þá er það talin næg ástæða til burtrekstrar. Og þá á það að vera komið undir góðvild atvinnumálaráðherra eingöngu, hvort sá maður á að fá endurgreitt það, sem hann hefir lagt í lífeyrissjóð. Það er daglegt brauð erlendis, að tekið er hart á slíkum smásmyglisyfirsjónum, þar sem hjegómlegir liðsforingjar heimta af mönnum skriðdýrshátt og niðurlægingarhátt frammi fyrir sjer og refsa harðlega með herdómi og fangelsi, ef út af er brugðið. Þessi hætta er hjer til staðar, og jeg vil ekki stuðla að því með mínu atkv., að samþ. sje frv., sem leyfir slíkt.

En ef frv. á að samþykkjast, þá er í 6. gr. ákvæði, sem áreiðanlega má ekki standa, að ráðuneytið ákveði, hvort manni, sem vísað er af skipi, skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Um þetta verður að vera skýlaust ákvæði, svo að það sje ekki háð dutlungum stjórnarinnar, hvort menn fá iðgjaldið endurgreitt.

Annars er tónninn allur sá í báðum frv. stjórnarinnar, að koma á hermenskubrag á varðskipunum, enda þótt hjer sje ekki nema um algenga sjómensku að ræða, og það þarf áreiðanlega ekki þessar tildursumbúðir utan um varðskipin til þess að þau geti leyst þann starfa af höndum, sem þeim er ætlaður.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Við umræður um þetta mál hefir háttv. 5. landsk. (JBald) einatt talað um það sem hjegómamál. Það er eins og hann hafi viljað taka sjer í munn Prjedikarans orð: „Alt er hjegómi".

Hið sama segir hv. 5. landsk. um þetta mál, hvenær sem það ber á góma. Hann segir, að þetta frv. sje hjegómi, vegna þess, að hann skilur það ekki. Nei, hver ætlast svo sem til þess, að hann geti skilið það?! Og hver tekur yfirleitt minsta mark á þeim firrum, sem hann kemur með í sambandi við varðskipsmálin? Hann hefir nú lagt sig allan fram í þessu máli til þess að gera stjórnina tortryggilega og hann hefir reynt að hæðast að yfirmönnum varðskipanna. Hann hefir hjer á löggjafarþingi þjóðarinnar borið á þá beint og óbeint tilbúnar sakir, eins og flokksbróðir hans í hv. Nd., sem gerði hið sama á þann hátt og með þeim afleiðingum, að jeg tel honum hafa verið það til minkunar opinberlega. Þessi er nú framkoma hv. þm. (JBald) í strandvarnarmálinu að því er snertir hina formlegu hlið þess. Hann skilur ekki,

um hvað hann er að tala, og veit ekki, hvað hann fer með. Hann fárast út af því, að það sje beitt dæmafárri harðneskju við menn á varðskipunum. Jú, sjer er nú hver harðneskjan, sem frv. beitir þessa menn með því að gera þá að opinberum sýslunarmönnum! Hv. þm. virðist ætlast til þess, að ekki þurfi að hafa neitt nákvæmari ákvæði um varðskipin og mennina á þeim heldur en um skip, sem gerð eru út á fiskveiðar eða því um líkt, og er það eftir öðrum vitsmunum hans í þessu máli.

Þá kom hann enn með það, sem hann hefir áður margtönlast á, að skipverjum á varðskipunum mundi verða ofboðið með vinnu. Jú, hann skilur ekkert enn og reynir ekki að útvega sjer neinar upplýsingar, en ef honum eru gefnar upplýsingar, þá trúir hann þeim ekki! Sama er að segja um samherja hans í háttv. Nd. (HjV), sem hjelt því fram og staðhæfði það í þingræðu, að skipverjar á varðskipunum væru látnir vinna 16—18 tíma í sólarhring og stundum 24 tíma. Þetta var nú rekið ofan í hann aftur, því að það var sannað, að skipverjar á varðskipunum hafa reglubundinn vinnutíma. Þeir hafa þrískiftar vaktir, sem kallað er, og hafa jafnan 8 tíma vinnu. Það má nú vera, að í augum hv. 5. landsk. sjeu þeir menn ólánsamir, sem lenda á þessum skipum. En þá mætti víst telja flesta ólánsama. Jeg hefi að minsta kosti ekki sjeð meiri hrygðarsvip á þeim en öðrum, og jeg veit, að þeir eru ekki óánægðir.

Hv. 5. landsk. talaði mikið um, að yfirmennirnir á varðskipunum væru smásmugulegir. Og hvert sótti hann þá visku? Til útlanda, eins og alt annað! Það var svo sem auðvitað! Hann miðar alt sitt starf við útlendar fyrirmyndir og heldur víst, að allir eigi að gera það. Og vegna þess að hann mun hafa heyrt getið um það, að einhver erlendur liðsforingi hafi verið tiltektasamur, þá finst honum sjálfsagt að reyna að klína óhróðri á varðskipsforingjana okkar, kallar þá smásmugulega og hjegómlega menn, sem ekki láti sjer nægja minna en skriðdýrslegan undirlægjuhátt þeirra, sem þeir eiga yfir að ráða. Þetta lýsir vel samviskusemi hv. þm.

Jeg mótmæli því algerlega, að það hafi komið fram við meðferð þessa máls, að það sje tilgangur frv. að gera ver við þessa menn en aðra borgara þjóðfjelagsins. Eftir frv. eru þeir gerðir að opinberum sýslunarmönnum og hafa rjettindi og skyldur samkvæmt því. Það vill hv. þm. ekki vera láta. Af hverju? Af því að þá geta þeir, sem lifa á því að hvetja aðra til verkfalla og óeirða, ekki notað þessa menn í sínar þarfir. Jeg vil hjer minna á orð, sem hinn látni merkismaður Bjarni Jónsson frá Vogi hafði um þennan hv. þm. (JBald) í Nd., er hann barðist þar með hnúum og hnefum gegn málefni, er Bjarni bar fram um sáttatilraunir í atvinnudeilum. Bjarni sagði þá, að hann þekti menn, er skriðu á bökum alþýðunnar til þess að komast í valdasess. Já, háttv. þm. (JBald) sárnar nú að missa þarna spón úr askinum sínum, þar sem hann getur ekki lengur látið verkfallaboð sín ná til háseta á varðskipunum. Þetta er undirtónninn í allri mótstöðu hans; þetta er það, sem honum gremst, að mega ekki siga þessum

mönnum út í verkfallsforaðið. En honum skjöplast hrapallega, ef hann heldur, að hann geti fengið Alþingi á sitt mál. Það sýnir best meðferð frv. í hv. Nd. Samherjar hans gengu þar jafnvel feti framar en stjórnin hafði gert, því að þeir bættu því inn í 8. gr. frv., sem við fylgismenn frv. í þessari hv. deild álítum ekki þörf að taka fram sjerstaklega, að þátttaka í verkfalli skoðaðist sem brot á lögum nr. 33 1915. Þetta vildu þeir setja inn til þess að það kæmi skýrt og greinilega í ljós, að lögin, sem banna opinberum starfsmönnum að gera verkfall, ná einnig til þessara manna, og við höfum ekkert á móti því, að þetta standi í frv.; síður en svo.

Þá sagði hv. þm., að allur tónninn í þessu máli frá hendi stjórnarinnar og þeirra manna, sem hafa um það fjallað, væri hermenskutónn. En það hefir verið tekið fram af meiri hl. nefndarinnar, að þessi tegund löggjafarinnar samsvari sjólöggæslu annarsstaðar, en ekki sjóliði. Jeg benti þegar í upphafi á það, að þetta ætti ekkert skylt við það, sem á erlendu máli er nefnt „marine militaire", en samt sem áður er hv. þm. sífelt að klifa á þessu. En til hvers? Hvers vegna kallar hann þetta herlið? Er tilgangurinn sá, að gera varðskipin og mennina á þeim óþokkaða og tortryggilega í augum þjóðarinnar? Heldur hv. þm., að hann vinni þjóðinni gagn með þessum ástæðulausu fullyrðingum, sem bygðar eru algerlega á röngum forsendum? Það er máske of mikið haft við hv. þm. að svara honum alvarlega. En hann þarf ekki að ætla það, að hann með tortrygni og skilningsleysi sínu sje að vinna málinu gagn. Jeg býst að vísu við, að hv. þm. láti sjer ekki segjast, þó honum sje bent á, að hann fari villur vegar í þessu máli, og skal jeg því ekki tefja tímann með lengri ræðu að sinni, en jeg mun þó svara honum, ef hann gefur sjerstakt tilefni til þess.

Jón Baldvinsson: Mjer leist ekki á blikuna, þegar hv. þm. Vestm. fór að vitna í Prjedikarann í máli þessu. Jeg hjelt, að það lægi nær honum að sverja við þann gula í Vestmannaeyjum í stað Prjedikarans. Annars er það ekki einleikið, hvað hv. þm. verður ofsareiður, þegar minst er á þetta mál. Það er eins og engin kritik á því megi koma fram og ekki megi segja, að menn þeir, sem staðið hafa fyrir landhelgisgæslunni undanfarið, sjeu annað en dýrlegir englar. Ef hv. þm. hefði góða samvisku fyrir hönd þessara manna, sem hann er altaf að hæla, þá þyrfti hann ekki að nota þær upphrópanir um þá, sem hann altaf hefir gert. Jeg hygg, að hann komi með því aðeins í veg fyrir það, að menn komist að kjarna málsins. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein svívirðing í garð þessara manna að finna að landhelgisgæslunni og vilja hafa hana góða. Hvaða Íslendingur trúir þeirri yfirstjórn landhelgisgæslunnar, sem studd er af togaraeigendum? Jeg held, að hv. þm., þegar hann er að forsvara landhelgisgæsluna, sje ca. 3½ mílu frá sannleikanum. Hann sagði, að flokksbróðir minn í hv. Nd. hafi orðið fyrir opinberri vanvirðu út af máli þessu. En það hefir nú verið sýnt fram á það, að þeir menn, sem trú-

að er fyrir landhelgisgæslunni, annast hana ekki eins vel og þeir ættu að gera. Það er sannarlega ekki til þess að ala þá upp í dugnaði og samviskusemi, ef hæstv. stjórn og flokkur hennar verja slydduskapinn, sem þeir kunna að gera sig seka í. Hvers vegna var varðskipið ekki við Snæfellsnes, þegar togararnir voru þar að veiðum í vetur og fiskigangan var þar fyrir innan landhelgislínu? Hví var varðskipið þar ekki allan tímann? Svari hv. þm. því. Það hafði ekki annað að gera. Ef hv. þm. getur ekki svarað þessu og skýrt frá ástæðunni, þá er full ástæða til að vera tortrygginn. Jeg hefi vikið að þessu áður, en hann svaraði þá engu nema smáskætingi, eins og nú í síðustu ræðu sinni. Það var svo sem auðvitað, að háttv. þm. þyrfti að fara út í Prjedikarann og í látna þingskörunga um orð gagnvart mjer, þar sem hann mintist á nokkur orð, sem Bjarni heitinn Jónsson frá Vogi ljet falla í umr. einu sinni í hv. Nd. Jeg hygg, að Bjarni hafi ekki notað þau orð í sömu merkingu og hv. þm. (JJós) vill leggja í þau. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. vill skríða eftir bókum alþýðunnar, en hjelt þó, að hann mundi þó ætla sjer að komast á hennar bókum inn í þingið, en þar ætlaði hann sjer að vera fulltrúi svo sem 50—60 útgerðarmanna. Því hvenær, sem kemur fyrir mál, er horfir til heilla almennings, tollamál eða mál, er horfa til breytinga til batnaðar á kjörum alþýðunnar, þá rís háttv. þm. (JJós) og flokksmenn hans altaf á móti því. Og mjer þykir leitt, að háttv. þm. hefir farið hríðversnandi í þeim fjelagsskap, sem hann hefir verið í síðustu 4 árin á Alþingi, eins og þegar óskemt epli er látið í skáp hjá skemdum eplum, þá tekur það í sig skemdirnar. Þannig hefir því verið farið með hv. þm. hjer á Alþingi.

Hv. þm. segist vera viðbúinn að taka málstað mannanna á strandvarnarskipunum. Jeg veit, að hann er svo góður kunningi og hefir svo gott hjarta, að það muni hlaupa með hann í gönur, svo að hann finni ekki þær þungu sakir, sem bornar eru á þá og sem staðfestar hafa verið í prófum þeim, sem haldin hafa verið, — um það, að landhelgisgæslan sje ekki í góðu lagi. Jeg þekki menn þessa ekki, nema lítið eitt annan manninn. Honum var einu sinni falið hjer mikið vald, og gerði hann sig þá að nokkurskonar kongi, gaf út tilskipanir, sem ekki aðrir en konungur og Alþingi sameiginlega geta annars gefið út. Jeg get ekki trúað því, að maður, sem hagar sjer svo, geti stjórnað svo vel fari.

Það, sem hv. þm. sagði um vinnutímann á varðskipunum, er ekki rjett. Mjer er kunnugt um það, að kyndararnir á þeim vinna að jafnaði 10—12 stundir í sólarhring, og þegar togarar eru teknir, þá vinna menn á skipunum mjög lengi — alt upp í sólarhring, og fyrir þann tíma er þeim ekki ætlað sjerstakt kaup, eins og á verslunarskipunum.

Jeg læt hjer nú staðar numið, en jeg veit, að hæstv. forseti lætur mig fá stutta athugasemd til þess að bera af mjer sakir, ef hv. frsm. skyldi aftur fara í ofsafenginn upphrópunartón, eins og áðan; það fer honum heldur ekki neitt vel.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er gaman að geta fengið hv. 5. landsk. upp úr sjálfsánægju værðardýnunni, sem hann venjulega hvílir á, því að venjulega laumar hann tortryggninni út úr sjer með spekingssvip og lymskulegri lognmollu, en nú hefir tekist að hrista dálítið upp í honum.

Hv. þm. virðist hafa gleymt því, að hann ætlaði að mótmæla frv. því, sem hjer liggur fyrir, og hann fór nú að tala um landhelgisgæsluna yfirleitt. Og hann fór að yfirheyra mig um varðskipin, af hverju þau hefðu ekki verið hjer eða þar á ákveðnum tíma, eins og jeg væri útgerðarstjóri þeirra. Jeg get svarað hv. þm. því, að jeg frjetti í vetur — á götunni eins og hver annar —, að varðskipið Óðinn hefði verið sent austur á firði út af tollsmyglun. En þetta verk, að hæstv. stjórn leyfði sjer að senda skipið til þess að koma í veg fyrir grunaða áfengissmyglun, er í augum hv. þm. (JBald) einhver óbætandi dauðasynd. En annað veifið er blað þessa hv. þm. að klifa á því, hve yfirvöldin láti smyglunina ganga framhjá sjer. Þegar svo yfirvöldin senda gagngert skip í annað hjerað til þess að koma í veg fyrir smyglun, þá ber þessi hv. þm. þungar sakir á hæstv. stjórn einmitt vegna þess. Hv. þm. getur spurt mig í allan dag að því, hvers vegna varðskipið var fyrir austan, þegar það átti að vera fyrir vestan. Það er ekki mitt að svara því. Hann ætti heldur að spyrja hæstv. stjórn að því.

Þá kom hv. þm. fram með þá skoðun, að allir menn ynnu í eiginhagsmunaskyni. Mjer kom það satt að segja ekkert á óvart úr þeirri átt, því það hefir verið og er ávalt rauður þráður hjá honum í ræðum hans að væna menn um slíkt. Hann vildi sem sje halda því fram, að ekki væri hægt að trúa því, að togaraeigendur vildu hafa strandgæsluna góða; en jeg þekki marga togaraeigendur, sem láta sjer mjög ant um, að strandgæslan sje traust og nái sem best tilgangi sínum.

Hv. þm. harmaði það mjög, að jeg skyldi vera á móti því að ala upp dugnað manna við strandgæsluna. En jeg hefi einmitt gert alt, sem jeg hefi getað, til þess að vinna að því, að strandgæslan kæmist á fót. En hvað vill hv. þm. í þessu efni? Jú, hann vill agaleysi og verkfallsrjett hásetanna, svo að hann og aðrir forsprakkar alþýðunnar, sem berja sjer á brjóst, standa á gatnamótum og rífa hár sitt og skegg, geti notið sín sem best. Svo mikið illgresi hefir sprottið upp af sæði því, er hann hefir sáð, að í smáþorpum þessa lands eru menn farnir að myndast við að gera verkfall. Hv. þm. vill ala á dugnaði manna við strandgæsluna með því að láta á varðskipunum ríkja aga- og skipulagsleysi í hvívetna.

Þá sagði hv. þm., að hann þekti annan skipherrann á varðskipunum. Átti hann þar við, þegar Jóhann Jónsson skipherra á Óðni var settur lögreglustjóri í Reykjavík hjer um árið. Fór hv. þm. mörgum niðrandi orðum um hann í því sambandi. Hefir marga grunað frá því fyrsta, að þarna lægi hundurinn grafinn og gengu þess ekki duldir, að Jóhann Jónsson ætti marga óvildarmenn í hóp þeirra manna, sem stóðu fyrir óspektunum þá. En ætli þetta hafi ekki hrokkið óvart út úr hv. þm. og að hann hafi þar dregið fortjaldið frá hinum raunverulegu ástæð-

um sínum á móti málinu? Það er enginn á móti rjettmætri kritik á þessu máli, en jeg ber ekki brigður á það, að meiri hluti Alþingis vill góðan framgang þessa máls. En til hins er ilt að vita, að 2 menn á þingi skuli hafa komið með tortryggnislegar getgátur til þess að vekja vantraust á þeim mönnum, sem fyrir landhelgisgæslunni standa. Ef það ætti að vera nægilegt til þess að þjóðin fallist á það, að landhelgisgæslan væri ekki í eins góðu lagi og vera ætti, að menn af annarlegum ástæðum vekja upp sögur og tortryggnislegar getgátur um þá menn, sem landhelgisgæsluna annast, þá væri það illa farið. Það er opin leið fyrir þessa herra að kæra til stjórnarinnar út af vanrækslu í þessu efni, og þegar sú leið er farin og því er ekki sint, þá er rjett og sjálfsagt að bera ákæruna fram hjer á þingi á þinglegan hátt, en fyr ekki. En hitt er allskostar ósæmilegt, að sveigja að þinghelginni með allskonar dylgjum, í von um, að eitthvað loði við í meðvitund manna. Hv. þm. er því opin leið að kæra skipherrann á Óðni fyrir landsstjórninni, ef hann þykist geta fært sönnur fyrir vanrækslu frá hans hendi í starfi hans.

Þá talaði hv. þm. um það, að jeg hefði ekki batnað við samvistir mínar við menn hjer á Alþingi. Jeg leyfi mjer að mótmæla því afdráttarlaust. Jeg hefi frá því fyrsta að jeg kom hingað unnið mikið í reynslu hjer við það að kynnast hjer mörgum ágætum og mætum mönnum, bæði í Íhaldsflokknum og öðrum. Það var víst þessi hv. þm., sem sendi hirðisbrjefið 1923 til Vestmannaeyja, þar sem hann varaði alla góða menn við því að kjósa slíkan skaðræðisgrip og mig til þingsetu. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg hefi unnið að þingstörfum á þann hátt, sem mjer hefir sýnst farsælastur, og að jeg hefi haft djörfung til þess að bera fram og verja þau mál, sem jeg hefi álitið rjett og horfa þjóðinni til heilla.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. kemst ekki fram hjá því, að það verður aldrei hægt að trúa á landhelgisgæsluna meðan þeir menn stjórna henni, sem mesta hagsmuni hafa af því, að hún sje sem ljelegust. Að fela togaraeigendum að gæta landhelginnar er hið sama og að fela úlfinum að gæta sauðahjarðarinnar. Jeg get því miður ekki skilið, við hvaða menn hv. þm. á, þegar hann talar um útgerðarmenn, sem hann þekki og sem láti sjer sjerstaklega ant um, að landhelgisgæslan sje í góðu lagi. Það má vel vera, að þetta sje satt hjá hv. þm. og sannfæring hans. En er ekki fólkinu, sem býr við þau svæði, þar sem togararnir veiða mest, betur trúandi um það, hvað landhelgisgæslan er og á að vera, heldur en þeim, sem hafa hagsmuni af því að hún sje ljeleg.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að því, sem gengið hefir eins og rauður þráður í gegnum ræður hv. þm. í þessu máli. En það er ótti hans við verkföllin. — Er það nema eðlilegt, að menn grípi til þeirra til þess að rjetta hlut sinn í lífsbaráttunni, þegar það er eina vopnið, sem þeir geta beitt til þess að ná rjetti sínum og skapa sjer og fjölskyldu sinni lífvænleg kjör? Það er í raun og veru miklu rjetthærra vopn heldur en það er, sem

vinnukaupendur nota, þegar þeir loka verksmiðjum sínum og binda báta sína við land til þess að knjesetja vinnulýðinn og kúga hann til þess að vinna fyrir hið lægsta kaup, sem þeir krefjast. Þessir atvinnurekendur segja sem svo, að það borgi sig ekki að reka þessa atvinnu með því kaupi, sem sett er upp, og taka því þann upp, að hætta atvinnurekstrinum. Háttv. þm. sagði, að jafnvel í friðsælustu hjeruðum væri upp kominn sá óvildarandi, að menn væru farnir að gera verkföll. En hverjum er það að kenna öðrum en atvinnurekendum, sem eru svo ósanngjarnir og óbilgjarnir, að þeir vilja ekki bæta kjör verkalýðsins? Annars hefir hv. þm. sennilega átt við Borgarnes með þessum „friðsælu hjeruðum". Jeg skal fræða hann á því, að verkamannafjelagið þar, sem nýlega gerði verkfall, er undir stjórn læknisins í Borgarnesi, sem sagt er að eigi að vera frambjóðandi Íhaldsflokksins í Mýrasýslu við næstu kosningar. Jeg efast ekki um, að formaður fjelagsins hafi staðið að verkfallinu. Honum er það ekki heldur láandi. Hann hefir sjeð sem var, að atvinnurekendur þarna hafa verið svo ranglátir, að ekki var um annað að gera en þetta.

Hv. þm. sagði, að opin leið væri að kæra til landsstjórnarinnar út af misfellum, sem mönnum þættu vera á landhelgisgæslunni. En sjer ekki hv. þm., hve erfitt þetta er? Þótt það sje á allra vitorði, hvílík vanhirða hefir átt sjer stað við Snæfellsnes í vetur, þá getur verið erfitt að sanna þetta. Eina ráðið er þá að hreyfa málinu á löggjafarþingi þjóðarinnar, svo að einhver styr verði um það. Upp úr því, að málinu var hreyft hjer, hafðist þó a. m. k. rjettarrannsókn. Hv. þm. Vestm. fór ekki út í rjettarhöldin. Ef hann hefði gert það, gat varla farið hjá, að hann sjálfur sæi, að ekki var vanþörf á að hreyfa málinu.

Loks talaði hv. þm. um „hirðisbrjef", sem jeg hefði sent til Vestmannaeyja, þegar hann bauð sig fram. Út af þessu verð jeg að játa, að fyrst þegar jeg kyntist honum, áleit jeg hann sæmilega frjálslyndan og sanngjarnan mann. En í þeim íhaldsfjelagsskap, sem hann hefir hjer komist í, hefir hann spilst svo, að hann er nú lítið eða ekkert betri en hinir. Þetta sýnir, hve forsjáll jeg hefi verið að senda brjefið og vara við honum strax.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg skal ennþá einu sinni benda háttv. 5. landsk. (JBald) á það, að allur fjöldi íslenskra togaraeigenda álítur það lífsskilyrði fyrir útveginn, að landhelgin sje vel varin. Þetta hlyti hv. þm. sjálfur að sjá, ef hann vildi athuga málið. Hann ímyndar sjer, að þeir álíti sig hafa mestan hag af því, að hún sje sem verst varin. En þetta er vitanlega ekki svo. Hvorki hafa þeir hag af því, nje álíta sig hafa hag af því. Sem betur fer eru ekki allir menn svo skammsýnir sem hv. þm. (JBald) virðist álíta, að þeir vilji eyðileggja mikla fjársjóði fyrir stundarhagnað. En það sýnist vera bjargföst skoðun hv. þm., að allir menn sjeu svo lítilsigldir. — Hv. þm. talaði um ró um landhelgisgæsluna. Jeg vil ekki telja hv. þm. sjálfan meðal óróaseggja, en hann elur þá á brjóstum

sjer. Það verður altaf ró um landhelgisgæsluna, meðan þeim uppivöðslulýð tekst ekki að vekja úlfúð og andúð gegn þeim, sem landhelginnar eiga að gæta. Jeg hefi þá trú á Íslendingum, að þeir geti eins varið strendur lands síns eins og allar aðrar þjóðir. — Rjettarrannsóknin í Óðins-málinu hefir síður en svo sannað, að áburðurinn á skipstjóra skipsins hafi verið sannur. En hann hefir opinberlega skorað á hv. 4. þm. Reykv. að birta ásakanirnar á þeim vettvangi, að hann gæti borið hönd fyrir höfuð sjer með málsókn. En hv. 4. þm. Reykv. hefir láðst að gera það til þessa.

Hv. þm. mintist á verkföll og áleit mig andvígan þeim. Þetta er rjett. Jeg álít þau altaf til skaða, en aldrei til gagns. Því vil jeg, að altaf sje reynt að komast hjá verkföllum. Starfsemi hv. 5. landsk. (JBald) er í þveröfuga átt. Hann virðist vilja leyfa, að það sje knúið fram með ofbeldi, sem jeg vil, að sje jafnað í sátt og samlyndi. Hv. 5. landsk. veit vel, að það hefir lengst af verið svo, meðan þessi þjóð hefir búið hjer í landi, að við höfum komist af án þess að apa útlendinga með verkföllum og því, sem því miður fylgir þeim svo oft, sem sje óspektum. Og jeg álít Íslendinga því ver farna, sem sá hugsunarháttur breiðist meira út að knýja fram vilja sinn með ofbeldi. (**JBald:** Vill hv. þm. þá ekki koma í veg fyrir vinnuteppur?). Jeg skil varla, að miklar ráðstafanir þurfi að gera til að útiloka vinnuteppur, það er að segja þær, sem ekki stafa af misbresti í árferði, hjer á landi. Þær hafa ekki komið svo oft fyrir. — En hvernig var það annars í brauðgerðinni? Fækkaði forstjórinn ekki starfsmönnum þar, þegar hann þóttist hafa of lítið handa þeim öllum að gera? Þetta er það, sem allir atvinnurekendur hljóta að gera. Það notar enginn 20 menn til þess starfa, sem 10 fá vel afkastað. — Jeg vil að lokum segja það, að jeg er hissa á hv. 5. landsk. og jeg vorkenni honum að hafa valið þetta sjálfstæðismál til að skeyta á skapi sínu, þótt hann sje óánægður og úrillur yfir afdrifum annara mála í hv. þd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

---

48. Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss (stjfrv., A. 23).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd hæstv. atvrh. (MG), sem er veikur, leyfi jeg mjer að leggja þetta frv. fyrir hv. deild. Að því er efni þess snertir leyfi jeg mjer að vísa til athugasemdanna og leggja til, að

því verði vísað til samgmn. að lokinni umræðu.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki látið þetta mál ganga til 2. umr. án þess að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum. Hv. þdm. er kunnugt, að jeg hefi haft nokkur afskifti af málinu, og fyrst hæstv. atvrh. (MG) getur ekki verið viðstaddur, stendur mjer næst að gera nokkra grein fyrir, hvers vegna það er fram komið. En fyrst vil jeg leyfa mjer að færa hæstv. stjórn þakkir fyrir að hafa tekið frv. að sjer og borið það fram sem sitt mál.

Aðalatriði þessa frv. eru tvö: Sjerleyfi til að virkja Urriðafoss og járnbrautarlagning austur að Þjórsá.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu skal jeg skýra frá því, að fyrir 12 árum eða svo var myndað í Noregi fossafjelagið Titan. Á næstu 2 árum keypti það, eða fjekk umráðarjett á annan hátt yfir öllu vatnsmegninu í Þjórsá, og hefir því haft þennan eignarrjett í 10 ár. Um Urriðafoss má geta þess sjerstaklega, að umráðin yfir honum eru fjelaginu að nokkru leyti beint heimiluð af landsstjórninni sjálfri sem eiganda Kálfholts. Eftir að Titan hafði fengið þessi vatnsrjettindi var þegar tekið að framkvæma mælingar og rannsóknir. Unnu aðallega að því verki G. Sætersmoen, norskur vatnsvirkjunarsjerfræðingur, og Sigurður Thoroddsen. Árangurinn af þessum ítarlegu rannsóknum var gefinn út í bók 1918, „rauðu bókinni" svokölluðu. Ef hv. þm. hafa ekki allir kynt sjer þessa bók, er þeim velkomið að fá hana hjá mjer.

Kostnaður við þetta alt saman, ferðalög, rannsóknir og mælingar, varð geysimikill. Það fer víst ekki fjarri, að hann hafi verið upp undir 1 miljón króna, og það fje alt hafa einstakir hluthafar lagt fram, án þess að fá einn eyri í rentu.

Meðan fossanefndin var að vinna og ekki var búið að skipa vatnamálunum á Alþingi, var engin von til þess, að fjelagið gæti fengið sjerleyfi til virkjunar. Þetta var mikið tjón fyrir landið, því mjer er kunnugt um, að árin 1918—'19 hafði fjelagið nægilegt fje til þess að byrja virkjun og hefði gert það, ef leyfi hefði fengist þá. En hvort það hefði orðið hagur fyrir fjelagið, er annað mál, því að þá dundi yfir í Noregi samskonar dýrtíð og fjárkreppa og hjer. Fjelagið hefði þó sennilega byrjað á mannvirkjum, líklega járnbrautarlagningu austur, og þótt það hefði orðið að hætta, gat vel farið líkt hjer eins og á Seyðisfirði, þegar Garðars-fjelagið rjeðst þar í mannvirki um aldamótin, en varð að hætta. Kaupstaðurinn fjekk bryggjuna og hefir lifað á henni síðan. Eins hefði landið fengið þau mannvirki, sem byrjað var á, fyrir ekkert eða lítið verð. Jeg held, að það hafi verið illa farið, að fjelagið fjekk ekki sjerleyfi þá.

Eftir að vatnamálin voru afgreidd á þinginu 1923, og sjerstaklega eftir að sjerleyfislögin 1925 um vatnavirkjun voru á komin, gat verið ástæða til þess fyrir Titan að leita sjerleyfis. En þá var enn ilt útlit í Noregi og peningamarkaður slæmur. Nú er þetta breytt til hins betra, og eins er ástandið breytt hjer, því að í fyrra gekk Alþingi inn á að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjanda, og þar með var brotin sú mótstaða, sem hjer hefir verið

ríkjandi, nefnilega hræðslan við erlent fje og innflutning erlends verkafólks.

Þegar svo var komið, að Alþingi fór að veita sjerleyfi, hvatti jeg Titan til þess að sækja um leyfi á ný. Einn af stjórnendum fjelagsins kom síðan hingað í fyrra vor til þess að athuga málið. Þegar jeg var staddur í Kaupmannahöfn síðastl. sumar, áttum við hæstarjmflm. Aall tal við hæstv. forsrh. um málið og fengum hjá honum liðlegar undirtektir. Síðan fór jeg til Ósló og átti þar fund með stjórn fjelagsins. Þá var ákveðið að sækja um leyfi til að virkja Urriðafoss. Stjórnin tók líklega í málið, en setti strax að skilyrði, að fjelagið legði járnbraut austur að Þjórsá. Þegar hæstv. atvrh. sigldi núna um áramótin ætlaði jeg að verða honum samferða, en af því gat ekki orðið vegna veikinda minna. Í þessari ferð átti hæstv. atvrh. tal við hrm. Aall, og náðist samkomulag um málið þeirra á milli og varð að samningum, að atvrh. flytti frv. — Þetta er saga málsins rjett sögð.

Þegar litið er á frv., leynir sjer ekki, að meira ber á járnbrautinni en virkjuninni. Þetta er eðlilegt, því að um virkjun eru sjerstök lög og samningurinn er auðvitað bundinn við þau lög. Jeg skal þó, Alþingi til upplýsingar, drepa á nokkur atriði í sjerleyfisbeiðni fjelagsins. Jeg skal geta þess, að jeg hefi nokkur eintök af þessari beiðni, og standa þau hv. þm. til boða.

Tilætlunin er að reisa orkuver hjá Urriðafossi og flytja orkuna loftleiðis að Skildinganesi. Þar á að byggja iðjuver. Er áætlað, að orkan þangað komin muni verða 81500—136000 hestöfl, eftir vatnsmegni, sem er mismunandi eftir árstíðum. Kostnaður er áætlaður 41 miljón króna, og er miðað við verðlag í Noregi fyrri hluta árs 1914, að viðbættum 50%.

Áætlað er, að þurfa muni 600 verkamenn til að reisa orkuverið og að það taki 3—4 ár. Það er beinlínis tekið fram, að notaður verði að langmestu leyti innlendur vinnukraftur, en um útlenda sjerfræðinga fer eftir nánari skilyrðum. Við iðjuverið ætti ekki að þurfa nema örfáa útlendinga. Í beiðninni er tekið fram (í 12. gr.), hvað fjelagið ætli sjer að framleiða. Jeg treysti mjer ekki til að þýða greinina svo í lagi sje, en þykir ekki við eiga að lesa hana hjer á norsku, enda eiga hv. þm. kost á að kynna sjer efni hennar. Það er sjerstaklega tekið fram, að áburðarefni verði framleitt, og skuldbindur fjelagið sig til þess að láta 10% af þeirri framleiðslu til landbúnaðarþarfa. Annars eru öll nánari ákvæði bundin með lögum.

Jeg hefi nú skýrt frá gangi málsins og innihaldi beiðninnar. Um járnbrautarmálið get jeg verið fáorður. Það var þaulrætt í fyrra og hefir oft verið rætt hjer áður. Jeg skal aðeins taka það fram, að virkjunarmálið hefir altaf verið sett í samband við járnbrautarmálið, og sennilega kemst hvorugt málið áleiðis nema í sambandi við hitt. Þegar jeg hefi haldið þingmálafundi með kjósendum mínum í Rangárvallasýslu, hefir jafnan verið viðkvæðið hjá bændum, og ekki síður hjá konunum, að sveitirnar væru að leggjast í eyði, fólkið yndi þar ekki og leitaði til kaupstaðanna, einkum Reykjavíkur, og það bæri helst við köldum húsakynnum í sveitinni. Timburhúsin eru ekki eins hlý og baðstofurnar voru áður.

Verði þetta frv. að lögum og komist í framkvæmd, vinst þetta: 1. Verkafólk í Reykjavík, Hafnarfirði og nærsveitunum fær fasta atvinnu í 6 ár. 2. Sömuleiðis fá mjög margir verkamenn fasta atvinnu við orkuverið hjá Þjórsá og við iðjuverið í Skildinganesi. 3. Landbúnaðurinn fær nægan áburð og ódýrari en hingað til. 4. Suðurlandsundirlendið fær ódýran hita og ljós og greiða leið fyrir flutning afurða á markað. — Að öllu þessu athuguðu og þegar allar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, skil jeg ekki annað en hv. þdm. finnist með þessu stórt spor stigið í framfaraáttina.

Ef til vill verður spurt, hvort líkindi sjeu til þess, ef frv. verður að lögum, að úr framkvæmdum verði af hendi fjelagsins. Því get jeg svarað játandi, eftir þeim kunnleika, sem jeg hefi á málinu. Að vísu er fresturinn til byggingar járnbrautarinnar í stysta lagi. En úr því stjórn fjelagsins hefir sjeð sjer fært að ganga inn á það skilyrði, má ætla, að hún geti staðið við það. Þeim, sem lagt hafa í kostnað við rannsóknir og undirbúning, hlýtur að vera áhugamál, að úr framkvæmdum verði. Mjer er kunnugt um, að margir af ríkustu mönnum Noregs hafa lagt fje í þetta fyrirtæki og tel jeg víst, að þeim muni vera áhugamál að halda áfram. Jeg veit af sögusögn hr. Aalls, að fjelagið hefir góð sambönd við Hamborg, en Hamborg er einhver mesta peningalind heimsins nú. Ef frv. nær fram að ganga með litlum breytingum, má fastlega vænta þess, að úr framkvæmdum verði.

Jeg þarf svo ekki frekar út í þetta að fara að sinni, en leyfi mjer að styðja till. hæstv. forsrh. um að vísa frv. til samgmn.

Jakob Möller: Jeg er ekki svo fróður um þetta mál, að jeg hafi ástæðu til að halda langa ræðu. En það fjellu þau orð í ræðu hv. 1. þm. Rang. (KlJ), sem gerðu það að verkum, að mjer fanst rjettara á þessu stigi málsins að lýsa að nokkru leyti minni afstöðu til þess. Jeg heyrði, að hv. þm. leyfði sjer að leggja þann skilning í sjerleyfisveitinguna í fyrra, að þar með væri mótstaðan á móti slíkum sjerleyfisveitingum brotin á bak aftur. Þetta hygg jeg, að sje hinn mesti misskilningur. Jeg segi fyrir mig, að þó að jeg ljeti sjerleyfismálið í fyrra afskiftalaust eða afskiftalítið, þá get jeg ekki skoðað það sem neina skuldbindingu, ef slíkum leyfisbeiðnum rignir eins og skæðadrífu yfir þingið. Og þegar farið er fram á sjerleyfisveitingar, þannig að ekki er sýnilegt, að þær sjeu til annars en að „slá“ út á þær fje hingað og þangað úti um heiminn, er ekki hægt að búast við því, að undirtektirnar verði sjerlega góðar. Það var nokkru öðru máli að gegna um sjerleyfismálið á síðasta þingi, þar sem skoða mátti það sem byrjunartilraun, til þess að sjeð yrði, hvernig slík virkjun gæfist. En ekki hefir tíminn, sem síðan er liðinn, gefið glæsilegar vonir um árangur. Það er auðvitað, að því fleiri sem sjerleyfin eru af sama tægi, því minni eru líkurnar til þess, að þau komi til framkvæmda. Þau koma til með að keppa hvert við annað á peningamarkaðinum. Og það er viðbúið, að augu peningamanna opnist fyrir því, að hjer er eitthvað óhreint á bak við.

Þá taldi hv. 1. þm. Rang. það einna mest til stuðnings sínu máli, að þeir, sem að þessu stæðu í Noregi, hefðu þegar lagt í það svo mikið fje, að þeir mættu til að hrinda fyrirtækinu áfram. Þetta er sjálfsagt alveg rjett. Svo og svo margir menn hafa þegar lagt stórfje í þetta fyrirtæki. Nú eru þeir hræddir um að tapa því, og neyta því allra bragða til þess að fá fleiri menn með sjer til að geta bjargað einhverju af fje sínu.

Ýmislegt í þessu máli er mjög athugavert. Eitt er það, að í upphaflegu sjerleyfisbeiðninni er hvergi minst á járnbraut, enda hefir mjer skilist, að það hefði alls ekki verið tilgangur fjelagsins Titans að leggja járnbraut, heldur væri járnbrautin komin inn sem beint skilyrði frá landsstjórninni. En það er út af fyrir sig grunsamlegt, að sjerleyfishafi á að hafa byrjað á járnbraut ekki síðar en 1. maí 1929, en á öðrum framkvæmdum þarf ekki að byrja fyr en 1. júlí 1934. Ef til er ætlast, að fjelagið geti byrjað á járnbraut 1929, hlýtur það að hafa þann undirbúning, sem þarf til þess að byrja á öðrum framkvæmdum fyr en 1934. Járnbrautin er sem sagt komin inn fyrir „press" stjórnarinnar, en ekki af því að hún heyri til fyrirætlunum Titans.

Þá er það eftirtektarvert, að það er alveg óákveðið, hvað þetta fyrirtæki á að starfa. (**KIJ**: Jeg tók það skýrt fram). Í frv. er talað um saltpjetursvinslu eða annað. Það er ekki bundið við neitt. Það er bara eitthvað. — Það er afareinkennilegt að stofna til fyrirtækis, sem kostar 41 milj. kr., án þess að vita með vissu, hvað það á að starfa. Það er og alkunna, að saltpjetursvinsla hefir lengi verið starfrækt í Noregi og sannarlega ekki borið sig svo vel, að líklegt sje, að fjelagið með það eitt fyrir augum taki á sig stórkostlegar skuldbindingar, sem eru fyrir utan þess verksvið. Nei, mennirnir eru að gera sjer vonir um, að þeir geti fundið upp eitthvað annað og glæsilegra en saltpjetursvinslu. En setjum nú svo, að saltpjetursvinsla væri fastákveðin. Þá mætti ætla, að til væru einhverjar áætlanir um, hvernig hún mundi borga sig. Jeg veit ekki til, að neitt slíkt sje til. Jeg verð því að ályktа, að annaðhvort sjeu þær áætlanir ekki sem glæsilegastar — eða þá alls engar. Fyrst þegar stofnað var til þessa fyrirtækis, var það ætlað saltpjetursvinslu, og þá voru horfurnar mjög góðar. En síðan hefir ástandið gerbreyst, og hugsa jeg helst, að ef áætlanir eru nokkrar til, sjeu þær síðan þá. En þetta alt verður sjálfsagt upplýst.

Jeg held sem sagt, að mjög varlega verði að fara í þetta mál. Þó að járnbrautin sje höfð á oddinum, er hætt við, að hún verði landsmönnum ekki til mikillar ánægju, og þó að von sje um, að hægt verði að fara að vinna að henni 1929, er viðbúið, að það verði bara tyllivon. En stjórnin og þeir þm., sem voru að berjast fyrir járnbrautarmálinu á síðasta þingi, fá hjer með gott tækifæri til að víkja málinu til hliðar um sinn og halda kjósendum hjer í suðursýslunum rólegum fram yfir næstu kosningar.

Önnur hlið á þessu máli er sú, að hv. 1. þm. Rang. taldi aðalmótstöðuna risna af hræðslu við útlent fje og út-

lent verkafólk. En þetta er ekki alveg rjett. Hræðslan er ekki í raun og veru hræðsla við útlent fje, heldur við útlend áhrif. Það er kunnugt af sögu svo margra landa, sem orðið hafa fyrir því, að aðrar þjóðir hafa ruðst þar inn, að með tímanum hafa þær þjóðir lagt hinar undir sig. Jeg skal játa, að jeg er ekki svo mjög hræddur við þetta. Jeg er ekki hræddur um, að það komi til, því að jeg hefi enga trú á, að þetta fyrirtæki komist til framkvæmda. En annað mál er það, hvort rjett er að vera að veifa framan í útlendinga sjerleyfum, sem engin von er um, að verði nokkurntíma notuð. Það setur lítt æskilegan blæ á landið.

Jeg tel sjálfsagt, að þetta mikla mál gangi óáreitt til 2. umr. og nefndar. Jeg vil þeina því til nefndarinnar, að hún gangi eftir frekari upplýsingum um fyrirætlanir Titans en jeg hefi orðið var við, að til væru, og hvaða atvinnurekstur fjelagið ætlar sjer að reka hjer. Hv. 1. þm. Rang. harmaði mjög, að Titan hefði ekki fengið sjerleyfið fyrir nokkrum árum, vegna þess að það hefði þá hlotið að fara á hausinn, en landsmenn hefðu setið eftir með gróðann. Jeg efast um, að svo hefði orðið. Það hefði ekkert orðið úr framkvæmdum, því að þegar til kom, kom upp úr kafinu, að atvinnurekstrinn var alt annað en glæsilegur.

Þórarinn Jónsson: Það var aðallega tvent, sem kom mjer til að standa upp. Annað var ummæli hv. 1. þm. Rang. um sjerleyfisveitinguna í fyrra, en þar hefir hv. 1. þm. Reykv. tekið af mjer ómakið. Hitt atriðið byggist á því, að hv. 1. þm. Rang. tók fram, að það hefði verið í ráði áður, að þetta fjelag virkjaði hjer fossa, og þá hefði fyrsta skilyrðið verið járnbrautarlagning, og mundi því hafa verið byrjað á henni 1919, ef fyrirætlanir fjelagsins hefðu þá komist í framkvæmd eins og til var ætlast. Þessi ummæli finst mjer leiða til þess, að rjett sje að athuga, hvort í raun og veru sje þörf á því, að ríkissjóður leggi fram fje til járnbrautarlagningarinnar. Því að þó að stjórnin rjeði þá töxtum og því um líku, er það ekki svo mikilvægt atriði, að það út af fyrir sig sje kaupandi háu verði. Fjelagið mundi aldrei sprengja svo upp taxtana í eigin hagsmuna skyni, að það fengi ekki nægan flutning. Jeg hefi trú á því, að hægt verði að fá fjelagið til að taka að sjer járnbrautina að öllu leyti, og vil jeg skjóta því til væntanlegrar nefndar að athuga þann möguleika.

Það er nú svo komið, að í meðvitund þjóðarinnar eru 2 miljónir lítilfjörleg upphæð. Menn gera sjer yfirleitt alls ekki grein fyrir því, hvað 2 miljónir eru í raun og veru mikið fje. En það má sannarlega margt gera við 2 miljónir. Það má leggja 200 km. af dýrustu vegum. Jeg held, að vegamálastjóri geri ráð fyrir, að flestar þær ár, sem virkileg þörf er á að brúa, megi brúa fyrir 700 þús. kr., sem er aðeins rúmur þriðjungur af þessari upphæð (2 milj.). Þetta er afarmikilsvert atriði, þegar þess er gætt, að altaf eru að koma kvartanir víðsvegar af landinu, beiðnir um bætta vegi og brýr. Fyrir 2 miljónir má rækta 2000 hektara og fá 60—90 þúsund hesta af töðu.

Núna er kreppa framundan og hætta á, að þeir tollstofnar og tekjustofnar, sem við höfum bygt á, bresti. Hvað er þá til ráða? Það verður að leggja á

nýja skatta. 1929 verður kreppan kannske liðin hjá og komið góðæri. Vill nú þingið taka fyrsta góðærið eftir mikla kreppu til þess að íþyngja þjóðinni með nýjum lánum? Er ekki betra að vita dálítið fótum sínum forráð? Við þurfum að fara hægt og sníða okkur stakk eftir vexti, þegar tekið er í taumana af sjálfri náttúrunni.

Jeg vildi sem sagt vekja athygli nefndarinnar á því, að rjett er að athuga, hvort fjelagið Titan mundi ekki vilja taka að sjer járnbrautina að öllu sem nauðsynlegt skilyrði fyrir framkvæmd virkjunarinnar, og vona jeg, að málið hafi þann góða enda, að svo verði.

Klemens Jónsson: Jeg bjóst altaf við því, að hv. 1. þm. Reykv. mundi hefja mótstöðu gegn þessu máli, en jeg verð að segja, að eftir það, sem gerðist hjer á þinginu í fyrra, bjóst jeg ekki við, að sú mótstaða yrði eins hörð og ákveðin og raun varð á. Hv. þm. gat um, að sjerleyfisveitinguna í fyrra hefði mátt skoða sem byrjunartilraun, og að tíminn, sem síðan er liðinn, hefði sýnt lítilfjörlegan árangur. Það er nú ekki liðið heilt ár ennþá, svo að jeg held, að fullsnemt sje að dæma um árangurinn. Þá vildi hv. þm. halda því fram, að það væri rangt hjá mjer, að aðstæður væru breyttar og mótstaða gegn málinu horfin. En af afgreiðslu sjerleyfismálsins í fyrra er ekki hægt að leiða annað en að þingið álíti, að undir vissum skilyrðum beri að styðja slíka starfsemi. Það er ákaflega ósanngjarnt að veita í fyrra sjerleyfi fjelagi, sem enginn þekkir, en neita svo rjett á eftir þessu fjelagi um samskonar sjerleyfi, þegar vitanlegt er, að það er búið að undirbúa málið og vinna að því í fjölda mörg ár og leggja auk þess í það stórfje. Hv. þm. talaði um, að það rigndi sjerleyfisbeiðnum eins og skæðadrífu yfir þingið. Jeg er alveg hissa á hv. þm. Jeg býst ekki við, að hann viti um neina sjerleyfisbeiðni nema þessa einu, sem allir vissu, að mundi koma. Þetta er bara slagorð, sem ekkert mark er á takandi. Þá er það heldur ekki rjettmætt hjá hv. 1. þm. Reykv., þegar hann gefur í skyn, að hjer sje verið að flana út í einhverja vitleysu að lítt rannsökuðu máli. Hafi nokkurt mál verið vel og rækilega undirbúið, þá er það þetta, og jeg efast um, að nokkurt mál, sem komið hefir fyrir Alþingi í seinni tíð, hafi verið eins vel undirbúið og þetta mál.

Að beiðni fjelagsins Titans laut aðallega að virkjun en ekki járnbrautarleyfi, er af skiljanlegum ástæðum. Stjórn Titans vissi strax, að landsstjórnin myndi gera járnbrautarbygginguna að skilyrði, og af almennum hyggindum fór hún því ekki að bjóða fram hlunnindi, sem vitanlegt var, að yrði krafist af hinum aðiljanum. Jeg veit, að hv. 1. þm. Reykv. er svo hygginn maður, að hann skilur þetta.

Þá fór hann ekki rjett með, að hvergi væri tekið fram, hvað fjelagið ætlaði að starfa. Jeg tók strax fram, að það stæði skýrt og skorinort í 12. gr. beiðninnar. En af þeim ástæðum, sem jeg gat um þá, vildi jeg ekki lesa greinina upp, en að sjálfsögðu skal jeg lána honum eitt eintak af beiðninni strax á eftir, svo að hann sjái, hvað fjelagið ætlar að starfa.

Þá kvartaði hann yfir því, að engin áætlun væri til um þetta fyrirtæki, hvernig það myndi bera sig o. fl., og beindi til nefndarinnar að athuga þetta. Eins og jeg gat um í fyrstu ræðu minni, var aðaláætlunin gerð 1914, en vitanlega hafa verið gerðar áætlanir síðan, því í stjórn fjelagsins eru engin börn, alt ráðnir og rosknir menn, vanir „forretningsmenn", sem hafa haft margskonar störf á hendi. Hvað áætlanir þessar snertir, þá koma þær að sjálfsögðu aðallega fjelaginu við, en ekki þinginu. Því heykist fjelagið á framkvæmdunum, er það enginn skaði fyrir landið. Annars býst jeg við, að nefndin þurfi ekki annað til að fá áætlanir en snúa sjer til hv. 1. þm. Reykv., sem þykist vita alt um þessi efni. Að minsta kosti mun jeg styðja það, lendi málið í þeirri nefnd, sem jeg á sæti í. Og vænti jeg fastlega, að hann verði þá fús að miðla okkur af viskubrunni sínum.

Það var eitt atriði í ræðu þessa hv. þm., sem telja má aðalatriði, því á því hefir bygst öll aðalmótstaða gegn málinu til þessa. Það voru útlendu áhrifin, sem flestir hræðast. Um þau verður hver að hafa sína skoðun. Jeg fyrir mitt leyti er ekkert smeykur um, að það hefði áhrif á tungu vora, jafnvel þó að nokkur hundruð verkamanna flyttust inn í landið. En hjer er gert ráð fyrir 600 verkamönnum í alt, og af þeim verða a. m. k. ⅔ innlendir. Verður því um ein 200 að ræða. Það má vel vera, að þeir geri þá í Flóanum og Holtunum eitthvað blendna í trúnni. En varla trúi jeg því, að áhrifanna gæti norður í Vestur-Húnavatnssýslu eða í öðrum fjarliggjandi sýslum. Nei, þetta er bara gömul grýla, sem verið er að vekja upp til þess að reyna að hræða fólkið með. Því að það er engin ný bóla hjer, að fólk sje hrætt við erlent fje og erlend áhrif. Og minnist jeg í því sambandi, hversu mjög gamli landshöfðinginn var lofaður 1902, þegar rætt var um stofnun Íslandsbanka, fyrir þessi orð: „Jeg hræðist svo mjög erlent fje". Ef hans ráðum hefði verið hlýtt þá, hefði Íslandsbanki aldrei orðið til. En hvernig ætli þá væri umhorfs hjer nú? Því getur hver svarað fyrir sig. Hefi jeg svo ekki fleiru að svara háttv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. V.-Húnv. hefi jeg litlu að svara. Honum fanst eðlilegast, að landið legði ekkert fje fram til járnbrautarinnar. En jeg tel það tæplega sanngjarnt og ekki hyggilegt frá okkar hálfu. Því kosti fjelagið brautina að öllu leyti sjálft, hefir það vitanlega öll ráð yfir henni, og má þá búast við, að hún verði meira rekin með hag fjelagsins fyrir augum en landsmanna. Annars er slíkt fyrirtæki sem járnbraut betur komið í höndum landsins en einstakra manna.

Þá fór hann mörgum orðum um, hve mikið mætti gera fyrir 2 milj. Slíka útreikninga gera menn sjer oft til gamans, og er venjulegast lítið á þeim að græða. Vitanlega tekur nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, til athugunar, hvort hægt verði að fá fjelagið til þess að leggja fram alt fjeð til járnbrautarinnar, þó jeg fyrir mitt leyti telji þýðingarlítið að fara fram á slíkt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þær umræður, sem hjer hafa farið fram um þetta mál, hafa gefið tölu-

vert tilefni til andsvara af stjórnarinnar hálfu. En þar sem hæstv. atvrh. (MG) liggur veikur, mun jeg í þetta sinn skjóta fram af stjórninni að svara, því að jeg býst við, að ræðurnar verði tilbúnar frá skrifurunum fyrir 2. umr. málsins; getur hann þá kynt sjer þær og svarað háttv. þm., verði hann orðinn frískur.

Þó er eitt atriði, sem jeg sjerstaklega vil gera að umtalsefni nú; það er hin fjárhagslega hlið málsins, sem snýr að ríkissjóði. Á síðasta þingi kom fram frv. um, að ríkissjóður ljeti á sinn kostnað leggja járnbraut frá Reykjavík að Ölfusá, og var kostnaðurinn áætlaður 6 milj. króna. Um þörfina á þeirri samgöngubót þarf ekki að fjölyrða. Hjer á í hlut stærsta landbúnaðarhjerað landsins, sem býr við hinar verstu samgöngur, þrátt fyrir alt, sem þar er búið að gera til samgöngubóta. Svo vondar samgöngur, að á undanförnum árum hefir ekki verið hægt að flytja út úr þeim hjeruðum sjálfum einnar krónu virði. Allir aðrir landshlutar geta sent vörur sínar út beint frá sjer. En þetta mikla landbúnaðarsvæði nýtur ekki þeirrar aðstöðu.

Kröfur um bót á þessum vondu samgöngum hafa verið háværar, og verða það, þar til þeim verður fullnægt. Og það er öldungis víst, að eigi landið að vera landbúnaðarland, getur það ekki gengið til lengdar, að víðlendasta landbúnaðarhjeraðið sitji hjá öllum þeim framförum, sem menn vænta á því sviði. En svo verður, ef samgöngurnar verða lengi eins og þær eru nú.

Það er að vísu svo, að á sumrin má koma vörum að austan hingað og til Hafnarfjarðar með miklum tilkostnaði. En sá flutningur er venjulega svo dýr, að hann útilokar allar verulegar framfarir eystra. Auk þess lokast þessi flutningaleið líka mikinn hluta ársins.

Að vonum hefir sumum mönnum vaxið í augum að verja 6 milj. kr. til samgöngubóta milli Faxaflóa og Suðurlandsundirlendisins. Og á síðasta þingi ljetu margir í ljós, að það myndi of áhættusamt fyrir ríkissjóð. Slíkt fyrirtæki sem járnbraut myndi aldrei bera sig fjárhagslega. Þessum mönnum er jeg persónulega ósammála, því jeg lít svo á, að engin áhætta þurfi að vera að leggja fram fje í þetta fyrirtæki, sje því skynsamlega stjórnað. Hinsvegar er það eðlilegt, að þeir menn, sem ekki hafa trú á þessu, sjeu hikandi. Og í fullri viðurkenningu þess, að þetta sje eðlileg mótbára, hefir stjórnin nú viljað víkja málinu inn á nýja og áhættuminni braut, þar sem framlag ríkissjóðs sje takmarkað við 2 milj. kr. Þó er það engan veginn svo, að hann eigi að leggja fram þetta fje án þess að fá það uppborið aftur. Komi það til, að fjelaginu misheppnist að fá fje til virkjunarinnar, en byrji á járnbrautinni, þá kemur hún þó, og við það situr. Þegar svo fyrirtækið á sínum tíma fer að gefa arð, fær ríkissjóður vexti af sínu framlagi. Þá ber og þess að gæta, þegar um er að ræða jafnstórt fyrirtæki sem þetta, að það eru ekki svo litlar tekjur, sem ríkissjóður fær í auknum tollum og aðflutningsgjöldum meðan á framkvæmd þess stendur, sem greitt verður af erlendu fje að ⅔ eða meira. Má vera, að á þann hátt fáist ekki svo lítið upp í framlagið, auk þess sem Suðurlandsundirlendið fær bættar samgöngur.

Og rísi þar upp efnalegar framfarir, koma þær ríkissjóði til góðs. Má því skoða það líka sem endurgjald upp í framlagið.

Þá er og ekki lítilsvert atriði, að slíkt fyrirtæki sem þetta sje gert með tilliti til þarfa landsmanna, en við því er varla að búast af fjelagi, sem aðeins hefir um sinn eiginn hag að hugsa. Hvaða þörf er kannske fyrir fjelagið að fara að reisa stöð hjer í Reykjavík og fleiri stöðvar á leiðinni frá Þjórsá, sem okkur væri nauðsynlegt að fá vegna fólksflutninganna? Jeg sje ekki, að það bygði nema tvær stöðvar sín vegna, endastöð niður við höfn og stöð við Þjórsá, því að þær hleypa allmjög fram kostnaðinum. Við þetta bætist svo, að það er ekki þýðingarlítið, að stjórnarvöldin hafi íhlutunarrjett um gjöld og rekstur brautarinnar. Jeg þarf ekki að útlista mikið, hve slíkur rjettur er mikilsvirði.

Fari nú svo, að vonir leyfisbeiðanda rætist, að hann fái líka fje til að virkja Urriðafoss, fær ríkissjóður áreiðanlega endurgoldið sitt fje með vöxtum og miklu meira. Því þær tekjur, sem fljóta í ríkissjóð af slíkri stóriðju, yrðu ekki litlar, fyrst 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. af hverri nýttri hestorku árlega. Hinar beinu tekjur verða því árlega talsvert meiri en vextir af framlagi ríkissjóðs.

Af framansögðu finst mjer sú fjárhagslega hlið þessa máls, sem snýr að ríkissjóði, áhættulítil. Þar sem framlagið er takmarkað við 2 milj., sem okkur er vel viðráðanlegt, og vissa er fyrir, að hann fái töluvert upp í það aftur og von um, að hann fái það alt upp borið úr fyrirtækinu.

Þegar meta skal framlag ríkissjóðs, má vitanlega leika sjer að því að meta það á ýmsan hátt og reikna, hvað hægt sje að fá fyrir það. En hið rjetta mat er að athuga, hve mikla samgöngubót megi fá fyrir þetta fje milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur með vegalagningum. Um þetta lágu fyrir þinginu í fyrra áætlanir frá vegamálastjóra, þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að miklu meira fje þyrfti en 2 milj., ef menn hugsuðu sjer að ráða fram úr samgöngumálum Suðurlandsundirlendisins með venjulegri vegalagningu, en ekki járnbraut.

Þegar vegur og járnbraut er borin saman, ber að gæta þess, að járnbrautin hefir þann kost fram yfir veginn, að hún getur flutt nær ótakmarkaðan flutning, og það fyrir lægra gjald en hægt er að fá hann fluttan fyrir eftir veginum, auk þess sem ganga má út frá því, að hún gangi allan tíma ársins. Jeg verð því frá mínu sjónarmiði að telja það hyggilegra að fá hið fullkomnara samgöngutækið, og það fyrir lægra verð en hið ófullkomnara fyrir hærra verð, auk þess, sem von er um að fá aftur það fje, sem lagt er í það, en mega eiga víst að fá mikið árlegt viðhald í viðbót við stofnkostnaðinn á hinu.

Jakob Möller: Háttv. 1. þm. Rang. vísaði fyrst til afstöðu minnar til sjerleyfismálsins í fyrra og sagðist ekki hafa búist við, að jeg legðist svona ákveðið á móti þessu máli nú. Út af þessum ummælum vil jeg vekja athygli hans á, að hjer er mikill munur á. Sjerleyfi það, sem farið var fram á að fá í fyrra, var áreiðanlega helmingi minna en þetta og mjög takmark-

að. En þar sem um Þjórsá er að ræða, eru möguleikarnir ekki takmarkaðir við 160 þús. hestorkur.

Hv. þm. sagði, að ekki væri liðið nema eitt ár enn, og ekki það, síðan það var samþ. að veita sjerleyfi til að virkja Dynjandifossana, og að ekki væri hægt að spá neinu, hvorki góðu nje illu, um það. En mjer finst, að það megi gjarnan bíða eitt ár, til þess að sjá, hvað úr þessu verður, áður en farið er að veita önnur sjerleyfi, sem ekki er nein frekari vissa fyrir, að sje neitt annað en „humbug“. Hinsvegar hefi jeg heyrt um þetta Vestfjarðafyrirtæki, að það væri full ástæða til að spá ekki góðu um það. Jeg hefi heyrt því fleygt fyrir um það, og það meira að segja hjá þeim mönnum, sem ættu að vera því vel kunnugir, að það sjeu sáralitlar líkur til, að nokkuð verði úr því. Háttv. þm. sagði, að það væri varla sæmilegt að veita á einu þingi sjerleyfi fjelagi, sem ekkert væri þekt, en svo á næsta þingi að neita fjelagi, sem vel væri þekt; en þessi umsögn á hjer alls ekki við, vegna þess að það fjelag, sem sjerleyfi var veitt í fyrra, er ekki mikið ver þekt heldur en Titan. Jeg er líka sannfærður um, að hv. þm. man eftir því, að þetta mál var mjög vel undirbúið, eftir því, sem við er að búast um svona mál, fullkomin áætlun um stofnkostnað og nákvæmir uppdrættir yfir mikið af mannvirkjunum, og fjelagið, sem stóð fyrir þessu starfi, hefir verið þekt hjer í mörg ár, og auk þess eru margir menn í því fjelagi, sem eru engu síður þektir hjer en þeir, sem í hinu fjelaginu eru, svo að hvað það snertir, þá verður ekki sagt, að það sje neitt ósæmileg framkoma gagnvart Titan, þó að þetta fjelag, sem fyr kom, fengi sjerleyfi, en Titan ekki. Þá þótti hv. þm. það ofsagt hjá mjer, að eftirleiðis mundi fara að rigna niður sjerleyfisbeiðnum; jeg veit nú ekki, hvað þau eru mörg alls, þessi fjelög, en jeg veit bara það, að þau eru fleiri en þessi tvö. Jeg man heldur ekki, hvað þau heita öll, enda geri jeg ráð fyrir, að hv. þm. muni eins vel og jeg, að þau eru fleiri en þetta. Þá vildi hv. þm. líka átelja það hjá mjer, að jeg hefði gefið það í skyn, að Titan hefði flanað út í þetta fyrirtæki að lítt rannsökuðu máli. En hver var reynslan? Hv. þm. lýsti því í framsöguræðu sinni, að Titan hefði sótt um sjerleyfi, en sagði jafnframt, að þótt Titan hefði fengið sjerleyfið, þá mundi það samt hafa hætt við alt saman, af því að tímarnir breyttust. (**KlJ**: Já, *af því að* tímarnir breyttust). Já, það er sama; það sýnir, að þeir hafa ekki sjeð fram í tímann, og það er heldur ekki sjeð, að þeir fjármálamenn, sem ráðast í 40 milj. kr. fyrirtæki, geri það, nema því aðeins, að þeir hafi athugað nákvæmlega allar framtíðarhorfur. (**KlJ**: Áttu þeir að sjá fyrir heimsstyrjöldina?). Jeg veit ekki, hvort heimsstyrjöldin hefir gert svo mikið, heldur hitt, að framleiðsla á þessari vöru, sem gert er ráð fyrir að framleiða, hefir aukist stórkostlega, og ef Titan hefði ráðist í að reisa hjer verksmiðju til þess að framleiða saltpjetur, þá mátti gera ráð fyrir því, sem skeð hefir, að aðrar verksmiðjur hafa verið reistar, svo að samkepnin hefir orðið svo mikil, að fyrirtækin hafa ekki borið sig; og jeg vil leyfa mjer að segja, að ef þeir menn, sem hjer eiga hlut að máli, hafa ekki gert ráð fyrir því, þá er rjettmætt að kalla

það svo, að þeir hafi flanað út í fyrirtækið.

Jeg skal ekki deila við hv. þm. um það, að það geti verið eðlilegt, að í umsókn um sjerleyfið hafi verið slept að biðja um leyfi til að leggja járnbraut, og það má líka vel vera, að það hafi verið með ráðum gert, en að minsta kosti get jeg ekki sjeð, að það sje rjett, sem hv. þm. sagði, að járnbraut væri ekki leggjandi nema í sambandi við virkjun, og virkjun ekki framkvæmanleg án járnbrautar, því að fjelagið hlaut að gera ráð fyrir öllu, sem nauðsynlegt væri til virkjunar, og þá hlaut fjelagið að fara fram á að fá að leggja járnbraut fyrir sig, því að það gat alveg eins komist að sömu kostum hjá ríkisstjórninni, svo að jeg get ekki sjeð, hvaða klókskapur það hefir verið að fella þetta atriði niður. Jeg held því, að fjelagið hefði getað komist af með það, sem það bað um í fyrstu, enda er líka þess að gæta, að það er mikill munur á því að leggja bráðabirgðajárnbraut, til þess að koma að sjer vjelum, eða að leggja járnbraut, sem á að vera í rekstri altaf. Og nokkuð er það, sem víst er, að fjelagið hefir ekki farið fram á þetta af því, að það hafi álitið sjer það nauðsynlegt, heldur hefir það gripið til þess að hafa það sem beitu fyrir menn. Hv. þm. sagði, að skýrt væri frá áformum fjelagsins í 12. gr. leyfisbeiðninnar, og að það væri svo margbrotið og mikilfenglegt, að ekki væri hægt að skýra frá því. Jeg hefi ekki átt kost á því að sjá þessa grein, og mig varðar heldur ekkert um það, sem stendur í brjefinu; mig varðar aðeins um það, sem stendur í frv. Þar stendur „til saltpjetursvinslu eða til annarar iðju", og fjelagið er ekki bundið við annað en það, sem stendur í lögunum, og fyrirtækið er þá, að því er mjer virðist, stofnað alveg út í bláinn.

Háttv. þm. þótti jeg vera allfróður um þessi mál; jeg skal játa, að mjer kom það á óvart, en hinsvegar felli jeg mig vel við það, ef stjórn Titans virðir mig svo mikils að gera mann á minn fund til þess að leita sjer upplýsinga um það, hvað þeir eigi að gera. Jeg skal fúslega veita stjórn fjelagsins þær upplýsingar, sem jeg get, en þá held jeg, að best væri fyrir stjórn fjelagsins að taka þessa beiðni sína aftur, því að málið er þá sannarlega ekki nægilega undirbúið, ef fjelagið þarf að leyta upplýsinga til mín.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þótt það þyki ekki skifta neinu máli, vil jeg þó leiðrjetta eitt atriði, sem virðist vera misskilið í þeim umr., er hjer hafa farið fram, að það stendur í beiðni fjelagsins, að það meðal annars fer fram á að fá leyfi til þess að leggja þær járnbrautir, sem það þurfi með. (**JakM:** Það var viðurkent af hv. 1. þm. Rang. (KlJ), að það var ekki í upphaflegu beiðninni).

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að ræða þetta mál nú af neinu kappi, því að það mun verða tími til þess síðar, og jeg var líka svo óheppinn, að jeg misti töluvert af því, sem hæstv. forsrh. (JÞ) tók fram um fjárhagshlið þessa máls. Jeg náði aðeins í tvær glefsur, sem jeg vil benda á, til þess að hindra misskilning. Hæstv. ráðh. tók það fram viðvíkjandi þessum hjeruðum, að þau

flyttu ekki út vörur fyrir einn einasta eyri; jú, það er víst mikið satt í því. En ef hæstv. forsrh. vill telja manni trú um, að fyrir það sjeu íbúar þessara hjeraða nokkurskonar píslarvottar, þá er það ekki rjett. Og af hverju? Af því að þeir selja vörur sínar fyrir hærra verð án þess að flytja þær út, og þeim hefir heldur ekki orðið skotaskuld úr því að koma vörum sínum hingað á markaðinn. Þá tók hæstv. ráðh. það fram, að það yrðu svo miklar tekjur af járnbrautinni, sem ríkissjóður fengi, að það mundi verða langt til upp í þessar tvær miljónir, er hann legði til. En jeg trúi því ekki og hefi aldrei trúað því, að rekstur járnbrautar gefi tekjur, þó ríkið tæki hann að sjer. En þær tekjur, sem frv. ákveður, að fjelagið greiði í ríkissjóð, finst mjer að vel sje hægt að þiggja án þess ríkissjóður kaupi þær við 2 milj. kr. framlagi. Þá mintist hæstv. ráðh. á rjett mat. Við getum ekki gert þetta mat upp nema með áætlunum, sem jeg ekki trúi á, og því þarf jeg ekki að nefna það. En eitt nefndi hæstv. ráðh., sem ríkið losnaði við að leggja fje í; það er nýr vegur. En þessi vegur kemur alveg eins fyrir því, ef sá vegur, sem nú er, verður ófullnægjandi bílvegur. Það má náttúrlega segja, að þetta sje spádómur hjá mjer, en það er alls ekki hægt að hugsa sjer, að við losnum við að gera bílveg austur, því að þeir halda áfram að ganga þrátt fyrir það, þó að járnbrautin komi.

Jeg skal svo láta útrætt um þetta. Jeg hefi ekkert haft á móti því, að málið gangi til 2. umr. og nefndar. Jeg hefi aðeins bent á þetta atriði til athugunar fyrir nefndina, hvort ríkissjóður geti ekki alveg losnað við þennan tilkostnað, og þótt hæstv. forsrh. standi á móti því, að ríkissjóður losni við þetta framlag, þá þykist jeg alveg eins hafa rjett til að benda á þetta fyrir því.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) heyrði ekki alt, sem jeg sagði, og það kom líka greinilega fram í svari hv. þm. Jeg sagði ekki, að það væru ekki fluttar út neinar vörur frá þessum hjeruðum; það hefði líka verið rangt, heldur, að þær væru allar fluttar út frá höfnum, sem lægju utan þessa svæðis. Sjálft svæðið hefir ekki hafnir til þess, en hitt er vitanlegt, að bæði frá Reykjavík og Vestmannaeyjum eru vörur fluttar út frá þessu svæði. Svo er heldur ekki því til að dreifa, að þetta svæði geti selt allar sínar vörur fyrir svo hátt verð innanlands, að ekkert þurfi að flytja út úr landinu, og þar við bætist, að þeir, sem gera sjer von um vöxt og viðgang landbúnaðarins, eins og jeg vil gera mjer von um, þeir munu einnig verða að reikna með því, að þetta svæði verði að senda miklu meira af vörum sínum út en það gerir nú. Hinn spádómurinn, að það muni þurfa að leggja nýjan veg austur, þó að járnbrautin komi, stafar, held jeg, af vanþekkingu. Jeg hygg, að það sje álit allra þeirra sjerfræðinga, sem við höfum nú á að skipa, að þessi vegur, sem nú er austur, muni nægja með hæfilegu viðhaldi fyrir þær bílferðir, sem þarf að hafa ásamt járnbrautarrekstri, en hinu heldur vegamálastjóri fram, að

þessi vegur einn saman sje allsendis ófullnægjandi til að þola alla umferð milli Suðurlandsundirlendisins og Faxaflóa.

Ólafur Thors: Jeg leiði hjá mjer að tala um þá hlið þessa máls, er að járnbrautinni veit, að öðru leyti en því, að jeg er algerlega sammála hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) um það, að reynist fært að hrinda járnbrautarlagningunni í framkvæmd án fjárframlags úr ríkissjóði, kýs jeg, að sú leið sje farin, þótt jeg hinsvegar geti hugsað mjer, að ríkissjóður leggi eitthvað af mörkum, ef nauðsyn ber til.

Jeg hefi aðallega kvatt mjer hljóðs vegna þeirra ummæla, er hv. 1. þm. Rang. (KlJ) viðhafði, að framkoma þingsins í fyrra hafi brotið á bak aftur alla mótstöðu gegn veitingu á sjerleyfum til fossavirkjana. Því vil jeg mótmæla. Slíkt var áreiðanlega ekki meining þingsins.

Mjer er í fersku minni kosningabaráttan hjer í Reykjavík 1919; þeir hæstv. forsrh. (JÞ) og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) leiddu þá saman hesta sína, og bar margt á milli. Um eitt voru þeir þó sammála, nefnilega, að í virkjunarmálum bæri að fylgja ákveðinni stefnu og fara að öllu mjög varlega.

Jeg hefi nú að vísu ennþá ekki heyrt nein ný rök fyrir því, að oss sjeu nú fleiri leiðir færar en vjer áður hugðum, en þó gæti jeg vel hugsað, að svo væri, því að sjálfsögðu hefir margt breyst hjer á landi á þessum árum. En ef til vill mætti jeg þá vænta þess, að þessi rök yrðu nú borin fram hjer í deildinni, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um það sjerleyfi til virkjunar á Urriðafossi, er nú liggur fyrir deildinni.

Þótt jeg nú bendi á, að mjer þyki rjett að fara að öllu sem varlegast, geng jeg þess ekki dulinn, að veigamikil hlunnindi til handa ríkissjóði fylgja fossavirkjuninni. En jeg lít svo á, að meta beri þau hlunnindi og bera saman við ágallana, og vil jeg þá, að það eitt ráði úrslitum, hvað best er fyrir Íslendinga. Hitt læt jeg mig engu skifta, þótt erlendir fjesýslumenn fái ekki sótt hingað þann feng, er þeir sækjast eftir, og ekki er jeg heldur sá mannvinur, að mjer þyki mikils um vert, þótt sannað væri, að með virkjun íslensku fossanna væri að einhverju örlitlu leyti aukin heimsframleiðslan og þar með að sama skapi bætt aðstaða þeirra, er þessa veröld byggja.

Þegar meta á kost og löst virkjunar yfirleitt, verður að sjálfsögðu fyrir að athuga beinar og óbeinar afleiðingar af slíkri starfsemi í landinu, og skal jeg ekki að þessu sinni orðlengja um það, en aðeins benda á, að ríkissjóði er vitaskuld mikill fengur að þeim tekjuauka, er fossavirkjunin færir honum, svo sem og að það er mikill ávinningur að fá nýjan tekjustofn, óskyldan þeim, sem fyrir eru í landinu. En þessa kosti verður að athuga í sambandi við ýmislegt annað, sem leiðir af þessari starfsemi. Jeg er nú ekki þeirrar skoðunar, að veruleg hætta stafi af því, þótt eitthvað af erlendum verkamönnum verði flutt inn í landið, þótt jeg hinsvegar telji slíkt síst til bóta. Þessi hlið málsins er aukaatriði. Hættan felst í öðru, og það er tvímælalaus skylda löggjafarvaldsins að vera á verði gegn henni.

Jeg tek það fram og legg áherslu á, að jeg ræði hjer um stefnur í þessu máli, og þá sjerstaklega með hliðsjón af þeim ummælum, er háttv. 1. þm. Rang. hafði og að framan getur, og þá hika jeg ekki við að láta í ljós þá skoðun, að verði þeirri stefnu fylgt, að veita sjerhvert það sjerleyfi til virkjunar, sem um er sótt, ef aðeins sæmilega tryggilegt þykir, að sjerleyfið verði hagnýtt, þá hefði hitt verið miklu farsælla, að neita með öllu allri virkjun á íslenskum fossum. Jeg er þess nefnilega fullviss, að ef erlent fjármagn tekur til starfa hjer á landi í svo ríkum mæli, þá mundi sjálfstæði voru stafa af því veruleg hætta, enda bendir reynsla annara smáþjóða til þess. Við Íslendingar höfum nokkra reynslu í þessum efnum, þó að hún sje að vísu eigi alveg hliðstæð, þar sem er fiskiveiðalöggjöf vor og landhelgislöggjöf; vjer höfum þráfaldlega rekið oss á það, að í hvert skifti, sem oss þykir æskilegt að gera einhverjar breytingar á þessum lögum, hafa útlendingar risið upp og mótmælt, aðeins vegna þess, að þeir eiga hjer nokkurra hagsmuna að gæta á þeim sviðum.

Það er nú ljóst, að þeim mun víðtækari, sem starfsemi þeirra verður hjer í landi, þeim mun oftar munu þeir þykjast þurfa að hafa afskifti af löggjöf vorri, og þeim mun tíðara mun það verða, að sjálfsákvörðunarrjettur vor mun hindraður sakir hagsmuna útlendinga. Meðal annars í þessu liggur stórvægileg hætta, sem jeg þó að þessu sinni ekki skal víkja frekar að.

Hv. 1. þm. Rang. gat um, að virkjunum fylgir mikil atvinna fyrir íslenska verkamenn, en jeg vil leyfa mjer að benda á, að hjer á landi er einskonar stóriðja, þar sem er íslenska togaraútgerðin, og ef ætti að tíunda, hver ágalli fylgir henni, má benda á, að hún hefir orðið til þess að draga fólkið úr sveitunum, en jeg álít hinsvegar, að sú stóriðja hafi verið okkur á allan hátt nauðsynleg og sje alls góðs makleg, meðal annars vegna þess, að jeg hefi ekki sjeð aðrar leiðir fyrir ríkissjóð til þess að fá fje til þarfa sinna en að sækja það í hennar vasa. Þess ber og að geta, að stóriðja þessi er öll í eigu íslenskra manna og að allur arðurinn af henni hefir því fallið Íslendingum.

Hjer er nú verið að ræða um að stofna til nýrrar stóriðju, — stóriðju, sem öll verður í eigu erlendra manna og arðurinn af henni fellur því að mestu erlendum mönnum. En ágalla hefir hún þá sömu og sú stóriðja, sem fyrir er í landinu, nefnilega að draga vinnulýðinn frá landbúnaðinum, og vil jeg sjerstaklega beina athygli hv. þdm. að þessari hlið málsins, með því að jeg tel þá alla einhuga um að efla ræktun landsins.

Jeg vil ennfremur benda á, að erlendur atvinnurekstur mun ávalt verða stopull fyrir þjóðfjelagið. Erlendir menn hugsa fyrst og fremst um sinn hag, en þeir, sem grónir eru upp með þjóðinni, munu að vonum taka miklu meira tillit til hagsmuna hennar heldur en útlendingar. Jeg álít fyrir mitt leyti, að hjer sje margfalt verkefni fyrir alla vinnandi menn um mjög langt árabil, því að hjer er alt ógert, og ef vjer þörfnumst nokkurs, þá eru það fyrst og fremst starfskraftar, og

vil jeg ekki draga neina dul á það, að jeg álít miklu glæsilegri framtíð fyrir vinnulýðinn í landinu að beina afli sínu að ræktun landsins heldur en að gerast verksmiðjulýður, því að það mun ekki verða álitið neitt hnoss af þeim, sem til þekkja.

Jeg vil svo að endingu endurtaka það, að þessi orð mín ber að skoða sem mótmæli gegn þeirri stefnu, sem hv. 1. þm. Rang. taldi þegar markaða í virkjunarmálunum, en ekki sem sjerstök mótmæli gegn því frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg hefi enn eigi haft tækifæri til að athuga það nægilega, en mjer er það að sjálfsögðu ljóst, að þótt ótakmörkuð sjerleyfi sjeu hættuleg, getur vel verið, að gagnlegt sje og hættulaust að veita einhver sjerleyfi til virkjunar, en það tel jeg nauðsynlegt, að mönnum sje í upphafi ljóst, hvert stefnir og hve langt beri að ganga í þessa átt..

Jakob Möller: Jeg vildi segja nokkur orð út af innskoti hæstv. forsrh. um það, að í umsókninni væri beiðni um að mega leggja járnbraut. Jeg hafði skilið hv. 1. þm. Rang. svo, að það hefði ekki verið í upphaflegu beiðninni, en jeg skal ekkert um það segja, hvort það hefir þá verið formleg beiðni, en að þetta hafi svo verið, sem jeg sagði, staðfestir það, að hv. þm. (KIJ) svaraði mjer um þetta atriði, þar sem hann sagði, að fjelagið hefði verið svo sniðugt að fara ekki fram á það, sem það vissi, að mundi verða heimtað af því. Með þessu er það sannað, sem jeg sagði upphaflega, að það hefir ekki verið beðið um leyfi til járnbrautarlagningar, svo að jeg hefi þá sagt það eitt, sem rjett var. Jeg hefi ekki sjeð þessa leyfisbeiðni, sem fram kom, en áður en hún kom, hefir þá verið farið fram á að fá þetta sjerleyfi, án þess að járnbraut væri nefnd í sambandi við það.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að bæta frekar við þetta, nema jeg vil geta þess, að hv. 1. þm. Rang. fjekk mjer í þessu leyfisbeiðni fjelagsins, með áskorun um að athuga 12. gr. hennar, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa grein. Vona jeg, að menn skilji hana, þótt hún sje á norsku, og sömuleiðis að menn fyrirgefi, að jeg les hana upp án þess að þýða hana. Greinin hljóðar svo:

„Kraften agtes anvendt til fremstilling elektrokemisk eller elektrothermisk av metaller eller metalliske legeringer og deres videre behandling, f. eks. jern, aluminium, zink eller andet, deres legeringer og derivater og andre fabrikationer eller fremstillinger av de til sådan industri hörende stoffer, og ethvert produkt, som er tjenlig til fremstilling av vedkommende metal.

Videre til fremstilling av kunstig gjödning, f. eks. kvælstof eller fosforfabrikationer og ethvert stof eller produkt, som er tjenlig til fremstilling herav, og forövrig til enhver anden utnyttelse, hvortil vandkraft eller elektrisk kraft er tjenlig".

Mjer finst, að mátt hefði láta sjer nægja niðurlagið, að meiningin er að nota vatnsaflið á hvern þann hátt, sem hægt er að nota vatnsafl. Annars er alt óákveðið. Tilbúinn áburður kemur ekki í fyrsta lið; þeir vita, að

framleiðsla hans er ekki glæsileg, en hyggja á eitthvað skárra. Það kemur ekki til nokkurra mála, að þeir hafi nokkra rannsókn á því, hvað hægt sje að gera. Upplestur 12. gr. staðfestir það, sem jeg hefi sagt, að mál þetta er á sandi bygt.

Klemens Jónsson: Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara að munnhöggvast hjer við hv. 1. þm. Reykv. Það eru ekki miklar röksemdir, þótt hann segi, að fjelagið hafi gert áætlanir út í bláinn. Fyrst sagði hann reyndar, að það hefði engar áætlanir gert. Hv. þm. slær þessu sýnilega fram til þess að segja eitthvað, af því að hann er þessu máli óvinveittur. Þessi sami hv. þm. gerði það, sem jeg hefði eiginlega átt að gera; hann las upp 12. gr. Jeg gerði það nú ekki, af því að jeg bjóst við, að háttv. deildarmenn myndu vera jafnófróðir eftir sem áður, og það hygg jeg einnig, að þeir sjeu eftir hinn skörulega upplestur hv. 1. þm. Reykv. Auk þess var það síður hjer í fyrri tíð að leyfa ekki upplestur á útlendu máli. Þá gat hv. þm. þess, að ósamræmi hefði verið milli þess, sem jeg hefði sagt, og þess, sem hæstv. forsrh. hefði sagt. En jeg stend við, að það er ekki í erindinu beiðni um að leggja járnbraut austur að Þjórsá. En það er beiðni um að leggja vegi, járnbrautir, hafnir o. s. frv. Það hefi jeg skilið svo, sem fjelagið þyrfti sjerstakar járnbrautir, svo sem frá Eyrarbakka að Þjórsá, hjeðan út á Skildinganes o. s. frv. Og við þetta á sú beiðni.

Út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) get jeg verið fáorður. Hann vildi mótmæla því, að hjer væri um að ræða stefnubreytingu frá því í fyrra. Jeg held, að jeg muni það rjett, að þessi hv. þm. var á móti sjerleyfi því, sem veitt var í fyrra, svo það er ekki hægt við því að búast, að hann hafi skift um skoðun; en það skyldi gleðja mig, ef hann hefði gert það. Hann kvaðst vera hræddur við að veita sjerleyfi; þá mundu fleiri beiðnir á eftir koma. En hann talaði þó gætilegar um það en háttv. 1. þm. Reykv. og taldi ekki, að þeim mundi rigna niður. En jeg verð nú að segja það, að jeg þekki ekki nema tvö virkjunarfjelög hjer fyrir utan Titan, og jeg er þess fullviss, að það á langt í land, að annað fjelagið leiti sjerleyfis, því að það er gjaldþrota. Áður en slíkar beiðnir koma, verður líka reynsla fengin um þessi sjerleyfi, og ef sú reynsla sýnir, að hættulegt sje að veita sjerleyfi, þá er sjálfsagt, að þingið taki í taumana. Þá mintist þessi háttv. þm. á það, að ekki væri rjett að styrkja stóriðjuna. Nefndi hann togarana í því sambandi og taldi þá gagnlega landinu, en sá galli væri þó þar á, að togaraútvegurinn hefði dregið fólkið úr sveitunum. Það er rjett. En þetta frv. miðar að því að halda fólkinu í sveitunum, því að það verður til þess að auka þægindin þar, eins og jeg drap á í fyrstu ræðu minni. Þá mintist háttv. þm. á ræktun landsins. Allir eru sammála um það að efla hana og auka. En ekkert miðar frekar til þess en einmitt þetta frv. Það ýtir undir ræktunina að fá ódýran tilbúinn áburð og járnbraut. Jeg minnist þess, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) fór mörgum orðum um það í ítarlegri ræðu, sem hann hjelt um járnbrautarmálið í fyrra, hve mikil áhrif járnbraut mundi hafa á ræktun lands-

ins. Mjer finst því, að hv. 2. þm. G.-K. ætti að vera með þessu frv., því að með því rætast best hugsjónir hans um ræktun landsins.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki tefja umræður um þetta mál í svipinn. Mjer þykir fullsnemt að skera upp úr um það, hvernig jeg muni haga mjer í þessu máli. En mjer hefir skilist af máli manna í dag, að ýmsir háttv. þm. sjeu farnir að renna grun í, að nokkuð óvarlega hafi verið að farið á síðasta þingi, er sjerleyfi var veitt til virkjunar Dynjandisár, án þess að trygging væri fengin fyrir því, að nokkuð yrði úr framkvæmdum þar. Mjer er ánægja að því að verða var við þennan grun, því að hann gefur von um, ef nú verður snúið að því að veita slík virkjunarleyfi, að þá verði hv. þdm. fúsari til þess að heimta trygðar framkvæmdirnar en þeir voru á síðasta þingi. Að öðru leyti skal jeg ekki blanda mjer inn í umræður þær, sem hjer hafa orðið, en vildi aðeins benda á, að í fyrra var alt of óvandlega um hnútana búið að því er snerti framkvæmdir af hálfu leyfisbeiðanda. Að vísu er ekki ennþá tími til þess kominn að sakast um þetta, er svo skamt er frá liðið, en samt mun vera uggur og ótti hjá ýmsum um það, að lítið verði úr framkvæmdum þar vestra, og líkurnar benda flestar í þá átt.

Ólafur Thors: Aðeins örstutt aths. Það er rjett hjá háttv. 1. þm. Rang. (KlJ), að jeg var á móti sjerleyfisveitingunni í fyrra, og þá meðal annars og jafnvel fyrst og fremst vegna þess, að jeg hefði kosið, að ákveðin stefna yrði mörkuð áður en slík sjerleyfi væru veitt. Jeg var veikur, er málið var hjer til höfuðumræðu, og tók því ekki til máls.

Það var ekki rjett haft eftir mjer, að jeg hefði sagt, að ekki væri rjett að styrkja stóriðju yfirleitt. Jeg tók það fram, að stóriðja sú, sem fyrir er, væri alls góðs makleg, þótt jeg benti á galla, sem henni fylgdu. En jeg hygg það rjett vera hjá hv. þm., að ýmislegt í þessu frv. mundi stuðla að auknum landbúnaði á Suðurlandi, en ræða mín snerist um fossavirkjun alment. Jeg tók það fram, að stóriðja gæti auðveldlega orðið þröskuldur í vegi ræktunarinnar vegna samkepninnar um verkalýðinn. Annars ber að skoða ræðu mína í þessu máli sem stefnuræðu yfirleitt, en ekki á móti þessu máli sjerstaklega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 29. og 30. fundi í Nd., dagana 14. og 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 23, n. 138, 162).

Frsm. (Klemens Jónsson): Þegar mál þetta var hjer til 1. umr., voru haldnar ekki allfáar ræður um það frá almennu sjónarmiði, bæði að því er járnbrautarmálið og sjerleyfið snertir, einkum hið fyrnefnda. Sje jeg því ekki ástæðu til að rifja þær upp nú,

því að það yrði ekki til neins annars en að endurtaka það, sem sagt hefir verið bæði nú og í fyrra, og vænti jeg þess, að allir þingmenn fylgi mjer í þessu.

Máli þessu var vísað til samgmn. og hún hefir rætt það á mörgum fundum; til þess hafði hún góðan tíma, þar eð hún hafði ekki annað mál til meðferðar þá. Hún komst fljótt að þeirri niðurstöðu, að rjett myndi að samþykkja það. Að vísu hefir einn nefndarmanna skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, en sá fyrirvari hefir í sjálfu sjer enga þýðingu, og hans óbreytt orð eru, að hann vill ekki leggja stein í götu frv., ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, en annars mun hann sjálfur gera grein fyrir þessum fyrirvara sínum.

Þá kem jeg að brtt. nefndarinnar. Fyrsta brtt. er um heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir o. s. frv. Úr því aðeins var beðið um að virkja Urriðafoss einan, þá fanst nefndinni eðlilegast að miða hana við fossinn sjálfan, en ekki gefa heimild til meira en um var beðið; þess vegna fanst henni gengið of langt, þegar vötn, sem liggja 60—70 km. frá Urriðafossi, eru tekin með. Nefndin vildi með þessari brtt. veita heimild til þess að gera *öll* þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til virkjunar fossins, en heldur ekki meira. Við nánari athugun þótti nefndinni þó ef til vill þessi brtt. of þröngt orðuð, og hefir það orðið samkomulag að taka hana aftur til 3. umr. og athuga hana betur.

Þá er 2. brtt. Nefndinni fanst rjett, að það sje beint tekið fram í sjerleyfinu sjálfu, hvar og hvernig raforku megi leiða frá orkuveri að iðjuveri.

Þriðja brtt. nefndarinnar er að breyta orðinu „eða“ í „og“; þykir það rjettara og ákveðnara, svo það komi skýrt og skýlaust fram, að fjelagið sje fyrst og fremst skylt að framleiða saltpjetur, því að það er aðallega með það fyrir augum, sem jeg hygg, að mikill hluti alþm. vilji samþykkja frumvarpið. Þar með er og hrundið mótbáru hv. 1. þm. Reykv. við 1. umr., að fjelagið viti ekki, hvað það ætli að framleiða. Það var auðvitað rangt, en með þessu ákvæði er það lögbundið, að það skuli framleiða þessa vörutegund. Þetta er og í samræmi við tilætlun fjelagsins.

Hvað 4. brtt. snertir, þá er hún lítilfjörleg og miðar til þess að binda ekki framsal sjerleyfisins einungis við skilyrðin, sem sett eru í 2. gr., um varnarþing o. fl., heldur binda það við öll skilyrði sjerleyfisins.

Þá er 5. brtt. nefndarinnar. Ástæðurnar fyrir henni eru teknar fram í nál. Nefndin vildi ekki binda útsvarsgreiðsluna beint við útsvarslögin, heldur heimila ráðherra að skifta útsvörunum milli þeirra sveitarfjelaga, er geta sannað, að þau bíði átroðning og usla af fyrirtækinu. Hinsvegar er ekki líklegt, að þau sveitarfjelög, er leiðslurnar liggja um, bíði usla af því, en óhugsandi er það ekki. Hitt getur aftur auðveldlega komið fyrir, svo sem með það sveitarfjelag, sem nefnt er í nál.

Sjötta brtt. er fram komin sakir þess, að nefndinni þykir rjett að taka beint fram, að tillagið úr ríkissjóði greiðist hlutfallslega eftir á, eftir því

sem járnbrautinni miðar áfram. Auðvitað myndi slíkt ákvæði hafa verið sett inn í sjerleyfið, en nefndin álítur tryggilegra að taka það beinlínis fram í lögunum. Þessi brtt. mun því varla sæta andmælum frá þeim, sem annars eru frumvarpinu hlyntir.

Þá kemur síðasta brtt., sem er aðalbreyting nefndarinnar. Eins og kunnugt er og margtekið var fram við 1. umr. þessa máls, þá heimilaði síðasta þing að virkja Dynjandisá í Arnarfirði. Fjelag það, sem leyfið fjekk, hafði lítið aðhafst hjer áður og var því lítt þekt. En þó var engin trygging heimtuð fyrir því, að sjerleyfið yrði notað. En Titan hefir þegar varið hart nær einni milj. króna til mælinga, kaupa á vatnsrjettindum o. s. frv., og það fje hefir að mestu leyti runnið til landsmanna sjálfra. Auk þess greiðir það enn í dag talsvert fje fyrir leigurjettindi m. m. Af þessum ástæðum þótti nefndinni ekki sanngjarnt að heimta af Titan tryggingu, en vildi samt leggja aðhald á fjelagið, að það byrjaði sem fyrst og fullgerði járnbrautina, og með það fyrir augum kom hún með þessa brtt. Það kann nú sumum að virðast, að brtt. þessi veiti fjelaginu ívilnun frá ákvæðum frv., en það er ekki, heldur herðir hún að mun að sjerleyfishafa. Eftir ákvæðum frv. er nóg, ef sjerleyfishafi byrjar á járnbrautinni 1. maí 1929, en svo getur hann alveg lagt árar í skut um lengri tíma, aðeins ef hann er búinn 1. júlí 1933. En eftir brtt. er hann skyldur að halda áfram með hæfilegum hraða, og ef verkið stöðvast á fyrsta eða öðru ári, fellur sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, eða í rauninni tveimur árum áður en frv. áskilur. Þetta er því áherðing frá ákvæðum þess, og þar við bætist svo, að í þessu tilfelli verða öll unnin mannvirki eign ríkissjóðs án nokkurs endurgjalds af hans hálfu. Missir þá sjerleyfishafi alt, sem hann hefir lagt til járnbrautarinnar. Þetta er í sannleika hart aðhald, svo hart, að jeg veit ekki, hvort fjelagið sjer sjer fært að ganga að því, og því verður ekki neitað, að það er ólíkt harðara en það, sem sett var í Dynjandisárlögin. Jeg vona nú samt, að fjelagið gangi að þessu, því jeg er sannfærður um, að því auðnist að fá nægilegt fje til umráða, þar sem að því standa mjög miklir fjármálamenn. Jeg verð þess vegna að leggja það til fyrir nefndarinnar hönd, að þessar brtt., nema sú 1., sem tekin er aftur til 3. umr., verði samþyktar, og eins sú síðasta, þótt mjer sjálfum sje það ekkert kappsmál í sjálfu sjer; en jeg giska á, að hv. þdm. sjái það, að hjer er um mikið aðhald að ræða, og jeg býst við að fá bráðlega vitneskju um undirtektir Titans hvað 7. brtt. snertir.

Þá hefi jeg gert grein fyrir þeim brtt., sem nefndin hefir komið fram með. Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að hafa langa ræðu um þær, heldur aðeins taka fram tilgang þeirra í fáum orðum. Hjer eru ennfremur komnar fram brtt. á þskj. 162, frá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og hv. þm. N.-Þ. (BSv), og þótt hv. aðalflm. (ÞórJ) hafi ekki talað fyrir þessum brtt., get jeg þó talað um þær, vegna þess að hv. þm. talaði um þetta atriði málsins við 1. umr., og það var ekkert annað en það, sem búast mátti við eftir þeim

ummælum, sem hv. þm. ljet falla við 1. umr., að hann myndi koma fram með slíkar brtt. Jeg get þess vegna talað um þessar brtt. strax fyrir mína og nefndarinnar hönd. Mjer skilst af þessum brtt., að svo framarlega sem sjerleyfishafi vill gefa landinu alla járnbrautina frá Reykjavík og austur að Þjórsá, að hv. flm. vilji þá vera svo náðugir að gefa sjerleyfishafa heimild til þess að virkja Urriðafoss, sem búast má við, að verði til mikilla hagsmuna fyrir allan bændalýð á Íslandi, og þó sjerstaklega til ómetanlegra hagsmuna fyrir bændur á öllu Suðurlandsundirlendinu. Jeg get nú ekki verið hv. flm. sjerstaklega þakklátur fyrir það, þótt þeir með þeim skilyrðum vilji gefa þetta sjerleyfi, en jeg get um það, hvort það sje sanngjarnt, að sjerleyfishafi leggi fram alt fjeð til járnbrautarinnar, eða hvort landið eigi ekki að leggja nokkuð til, vísað til þeirrar glöggu greinargerðar, sem hæstv. forsrh. gaf við 1. umr. málsins. Hæstv. forsrh. sýndi þar fram á, að það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að landið legði eitthvað til. Jeg vil þess vegna lýsa yfir því, að svo framarlega sem þessar brtt. verða samþyktar, þá er málið alveg fallið, og jeg veit meira að segja, að í þessu atriði hefir sjerleyfisbeiðandi gengið talsvert lengra en meiningin var upphaflega. Eftir því, sem jeg skildi hæstv. ráðherra (JÞ og MG), þegar jeg átti tal við þá fyrir jólin í vetur, voru þeir ekki fráhverfir því að bera fram frv. um járnbraut, með því skilyrði, að lagt væri fram ⅔ hlutar járnbrautarverðsins, en hæstv. atvrh. hefir nú fengið þá til að ganga talsvert lengra, því að nú er það tilskilið, að tillag ríkissjóðs megi ekki fara fram úr 2 milj. króna; en eftir áætlun Sverre Möllers verkfræðings kostar járnbraut hjeðan austur að Ölfusá 6 milj. króna, og er þá tillag ríkissjóðs ekki nema ⅓ af þeim kostnaði. Verður þá sjerleyfishafi fyrst og fremst að byggja járnbrautarbrú yfir Ölfusá, og alla leiðina austur að Þjórsá, sem mun vera um 20 km. Þetta skuldbindur sjerleyfishafi sig til að leggja alveg á sinn eiginn kostnað. Þetta hefir hæstv. ráðh. (MG) getað þokað sjerleyfishafa til að ganga inn á. Jeg get ekki ímyndað mjer annað en að ný brú yfir Ölfusá og járnbraut þessa 20 km. muni kosta um 3 milj. króna, svo að alls leggur Titan þá til þessarar járnbrautar 7 milj. króna. Þetta er svo há upphæð, að ekki verður krafist, að fjelagið gangi lengra í þessu, og það verður ekki landinu ofætlun, þótt það leggi til 2 milj. kr. í þessa ágætu samgöngubót, sem fjöldi manna hefir vonast eftir. Jeg vona þess vegna, að þeir, sem vilja fá slíka samgöngubót og vilja hlynna að landbúnaðinum með þessu, muni samþykkja þetta frv. ekki síður en Dynjanda-frv. í fyrra, og að þeir felli brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. N.-Þ., svo framarlega sem þeir ekki vilja sýna málinu þá vinsemd að taka þær aftur.

Þórarinn Jónsson: Mjer þykir hlýða að láta fylgja þessum brtt. á þskj. 162, frá forseta, hv. þm. N.-Þ. (BSv), og mjer, örfá orð, og er það mest af venju, því að jeg býst við, að það verði aðeins til þess, að hv. þdm. geti sett innsigli sitt á þá skoðun, sem þar

kemur fram, en deilur um málið munu lítið hafa að þýða, því að mjer sýnist, að það muni að nokkru leyti vera búið að ganga frá því í kyrþey, en brtt. eru komnar fram fyrir þau ummæli, sem jeg hreyfði við 1. umr. þessa máls, og bar jeg þá fram þá ósk við nefndina, að hún athugaði og — ef kostur væri — tæki til greina, að tillag ríkissjóðs yrði felt niður, en nefndin hefir ekki getað orðið við þessari ósk.

Jeg skal fyrst taka það fram, að mál þetta liggur nú fyrir á talsvert annan hátt en á síðasta þingi. Það er nú takmörkuð upphæð, sem ríkissjóður á að leggja til, og er málið þannig talsvert álitlegra frá þeirri hlið en það var áður. En við flm. erum ekki ánægðir með það enn. Álit okkar á þessu máli kom fram á síðasta þingi á þá leið, að við efuðumst um, að járnbraut væri besta úrlausn til samgöngubóta, eftir því sem við horfir í þessum efnum annarsstaðar og eftir því sem ný samgöngutæki eru að ryðja sjer til rúms. Þó viljum við ekki vera svo þverúðarfullir að fyrirmuna öðrum járnbrautarlagningu, sem þurfa þess með og vilja gera það til þess að koma á stóriðju í landinu, sem vitanlega er þeirra hugmynd, ef þessi stóriðja gæti orðið þjóðinni til hags, og jafnvel þótt jeg teldi, að það gæti verið vafasamt, vil jeg þó ekki fyrirmuna fjelaginu að gera þetta, ef það tekur það alt á sitt bak.

Það verður nú ekki litið svo á þetta framlag úr ríkissjóði, að það sje nokkurt minsta atriði í þessu máli, þegar litið er á, að það veltur á 40—50 milj. króna framlagi, því að þá segir það sig sjálft, að 2 milj. króna gera hvorki til nje frá; fjelag, sem getur lagt af mörkum 40—50 milj. króna, getur áreiðanlega eins lagt til 52 milj., og þegar það er líka tekið með í reikninginn, sem hv. frsm. (KlJ) lýsti yfir við 1. umr., að járnbraut væri skilyrði til þess, að hægt væri að framkvæma virkjun. Hitt er náttúrlega annað mál, sem altaf getur komið til greina, að ríkissjóður gefi eitthvað til fyrirtækisins, og það er ekkert undarlegt, þótt menn, sem hafa brennandi áhuga á málinu, vilji leggja svona mikið í sölurnar, og þótt meira væri, og vilji sýna þann áhuga sinn með þessu; og það eru aðallega menn, sem hafa þá trú, að þessi járnbrautarspotti sje það þarfasta og sjálfsagðasta, sem hægt er að gera fyrir þetta land. En þá leiðir náttúrlega af því, að þá verður ríkissjóður, hvernig sem ástatt er fyrir honum, að veita þetta fje. Nú þarf ekki um það að deila, að það eru ekki nokkrar minstu líkur til þess, að hann geti lagt þetta fje fram árið 1929, hversu vel sem árar. Inn á árið 1928 komum við áreiðanlega slyppir, eða með tekjuhalla, og þegar við tökum árið 1928 og berum það saman við yfirstandandi ár, þá verður það enn óglæsilegra en þetta. Það eru ekki minstu líkur til, að við höfum þá það fje, sem til þarf, og þá er ekkert annað að gera en að taka lán, og sú leið er í augum okkar flm. kannske það óálitlegasta. Það væri mikill munur, ef ríkissjóður gæti lagt þetta fje fram án þess, en ef við stöndum svona árið 1929, þá er óhugsandi annað en að lántaka verði mikil íþyngi á þjóðinni. Og ef það þyrfti að treysta mikið á gjaldþol þjóðarinnar í viðbót við það, sem nú er, til að fullnægja hinum brýnustu þörfum, sem þarf að gera

ráð fyrir, þá er þetta ennþá ískyggilegra. En þó tekur nú út yfir, ef ríkissjóður legði fje í þetta og fjelagið gæti svo ekki lagt neitt fram. Við getum vel hugsað okkur það, ef fjelagið væri illa statt og hefði jafnvel fengið lán hjá ríkinu í bráðina, en svo þegar til kæmi, gæti það ekkert lagt fram, og þá er í þetta fyrirtæki eingöngu komið fje frá ríkissjóði. Jeg geri nú naumast ráð fyrir þessu, tek þetta aðeins fram sem mögulegleika, og það er ekkert í frv., og jeg held ekki heldur í brtt. hv. nefndar, sem gyrði fyrir þetta; en það kann að vera, að það eigi að taka þetta greinilega fram í sjerleyfislögunum sjálfum, og það verður þá að gerast, en í frv. sjer maður það ekki. Þegar sjerstaklega er litið á sjerleyfið út af fyrir sig, þá vaknar sú spurning, hvort rjett sje að veita slík sjerleyfi alveg takmarkalaust, og jeg hygg, að það þurfi að fara mjög gætilega í það, til þess að tryggja í hvívetna rjett og öryggi ríkisins og þjóðarinnar yfirleitt, og það er vitanlegt, hvað þarna getur komið til greina. Það þarf að forðast mjög mikinn yfirgang og þjóðernisglötun á aðra hliðina, og líka að verja atvinnuvegina inn á við fyrir því, að þeir missi of mikinn vinnukraft í stóriðjuna; um þetta verður að vera vel vakandi og aldrei missa sjónar á því atriði. Jeg sje í rauninni ekki, að það sje til mikilla hagsbóta fyrir þjóðina, þó að við fáum óeðlilega mikið innstreymi í eitt hjerað, ef það er á kostnað annara hjeraða. Alt þesshátt held jeg, að þróist best fram að eðlilegum hætti og sem jafnast um alt land; jeg held, að allar þessar byltingar sjeu til ills eins.

Af þessu er það auðsætt, að þó að þingið hafi áður gengið inn á þá braut að veita þannig löguð sjerleyfi, þá er þar með alls ekki sagt, að það verði ekki einhvern tíma að takmarka það, eða að þingið verði að kippa að sjer hendinni, og það, sem mjer virðist verða að koma snemma til greina, er það, hversu miklar líkur eru til þess, að þetta verði framkvæmt, að fjelagið, sem hlut á að máli, geti komið þessu í verk. Eftir því sem mjer skildist af hv. frsm. við 1. umr. málsins, þá held jeg, að hann hafi tekið það fram, að fjelagið hefði lítil efni til þess og þyrfti að útvega sjer mestalla peningana; jeg býst við, að það, sem eigi að vera mest lyftistöng fyrir fjelagið, sje það að fá sjer lán, og þá helst út á þetta sjerleyfi, ef það fæst. En mjer finst það vera mjög völt framtíð að treysta á það eitt, með slíka upphæð, sem til þess þarf.

Jeg get í sambandi við þetta minst á það, sem hv. frsm. síðast nefndi, það, að ef brtt. þessi yrði samþykt, þá væri málið fallið. Já, það er nú þetta alveg óskiljanlega fyrir mig, af því að hjer er um svo mikið fjármagn að ræða, að jeg get ekki trúað þessu; og það er í raun og veru hálfeinkennilegt, hvernig þetta tvent er fljettað saman í þeirri feiknafúlgu, sem þarna þarf. Hitt getur altaf verið álitamál og haft sínar ástæður, að *stjórnin* hafi viljað láta ríkissjóð leggja eitthvað til þarna, og það geta verið ýmsar ástæður fyrir því, að þetta geti orðið ríkinu til góðs og sparað því mikið fjárframlag, *ef* á að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að járnbrautina eigi að leggja á kostn-

að ríkissjóðs að öllu, ef þetta ferst fyrir.

Jeg vil leyfa mjer að ganga ofurlítið inn á þessar brtt. okkar, því að þær eru eingöngu miðaðar við það að fella niður tillag ríkissjóðs, en af því að í frv. er gert ráð fyrir því, að atvinnumálaráðherra hafi töluvert mikinn íhlutunarrjett til þessa máls, þá kann það að þykja nokkuð djarft að fella ekki niður þann rjett hans að einhverju leyti; t. d. í 7. gr. er gert ráð fyrir því, að ráðherra „ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.“ Það er náttúrlegt, að eftir því sem ríkið leggur fram meira fje, fær stjórnin meiri íhlutunarrjett, rjett til að ráða meiru; en okkur flm. virðist nú svo, að þótt felt væri niður þetta framlag ríkissjóðs, þá væru samt sem áður svo mikil hlunnindi veitt fjelaginu í frv., að full ástæða væri samt til þessa rjettar, t. d. undanþága frá eignarskatti og tekjuskatti til ríkissjóðs. Það á að fá hjá Reykjavík, Árnessýslu og Rangárvallasýslu alt land og greiðslu á bótum fyrir jarðrask, og því virðist ekkert ósanngjarnt, að stjórnin hefði þar töluverðan íhlutunarrjett, og það er líka aðgætandi, að um leið og atvinnumálaráðherra hefir þennan íhlutunarrjett, á það að geta verið fjelaginu til mikils gagns, því að hann getur leiðbeint því betur en nokkur annar um það, hvað því er best að gera, og fyrir því þarf það að vinna. Fjelagið fær þarna ráðunaut, sem getur gefið því öll bestu ráðin til þess að tryggja það, að það hafi sem bestar tekjur af járnbrautinni, þegar hún er komin upp. Sömuleiðis leggjum við til, að felt verði niður í 9. gr.: „Ríkissjóði er heimilt hvenær sem er á leyfistímanum að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða sjerleyfishafa framlag hans eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu“.

Það virðist ekki beinlínis þörf á því að hafa þetta í heimildinni, því að þetta er alt á valdi þingsins; það getur hvenær sem er gripið fram í og tekið að sjer járnbrautina, þegar verkið er framkvæmt, og það er ef til vill ekki betra að hafa hrein ákvæði um það; þá má vel vera, að ýmislegt geti komið upp frá þingsins eða ríkissjóðs hálfu, sem þannig sje metið að einhverju leyti, að ekki hafi verið gert það, sem til var ætlast. Verði því rjettara, að mannvirkin sjeu ávalt metin á hverjum tíma, sem ríkið tekur við þeim.

Jeg mintist á það fyr í ræðu minni, að eftir frv. gæti það komið til mála, að ríkissjóður legði fyrst alt tillag sitt í járnbrautina, áður en fjelagið tæki til starfa, og jeg held, að það sje ekkert í frv., sem gyrði algerlega fyrir þetta. Þó er það vitanlega ein brtt. hv. nefndar, 6. brtt., við 8. gr., þar sem á að bæta við liðinn: „Fjeð greiðist eftir á, eftir því, sem verkinu miðar áfram, á þann hátt, sem sjerleyfið tiltekur“.

En með þessu er ekkert sagt um, að það eigi að vera hlutfallslega, og það hefir oft verið svo, að þar sem ríkið hefir starfað að einhverju og fjelög eða aðrir aðiljar átt að leggja fram fje í móti, að ríkissjóður hefir lagt fram fjeð, og þannig hefir það

átt sjer stað, að ríkissjóður hefir lagt fram alt fjeð, en hitt hefir orðið að skuld, sem hefir verið látin standa og svo hefir verið beðið um eftirgjöf á, og þannig verður þetta ekkert nýtt, því að það hefir komið fyrir áður.

Þá er eitt atriði, sem jeg vil minnast á, að við flm. vildum ekki gera neina brtt. um að svo stöddu, að fjelagið setti tryggingu við því, ef ekki yrði byrjað á verkinu. Eftir þessum brtt. hjer á að skoðast trygging í því, ef fjelagið er búið að láta vinna meira eða minna að þessu, og það svo hættir við alt saman, þá á alt, sem unnið hefir verið, að falla til ríkissjóðs, en fyrir því er engin trygging, ef fjelagið byrjar ekki á verkinu.

Jeg veit, að það hefir enga þýðingu að hafa langar umr. um þetta mál, og þótt jeg kæmi með þessar brtt., þá var það aðeins af því, að jeg hjelt því fram við 1. umr. þessa máls, að það ætti að losa ríkissjóð við þetta framlag, en hitt er það, að jeg vil ekki gera þetta mál að neinu kappsmáli, nema aðeins vekja athygli á því, sem jeg tel rjett vera, og jeg geri mig ánægðan með, þó að það verði jeg einn, sem fylgi því, en mjer þykir því betra, ef fleiri vilja fylgja. Jeg tel, að það, sem við fyrst þurfum að gera, eftir því sem hagur ríkissjóðs er, sje að takmarka sem mest öll fjárútlát, og gæti jeg nefnt marga bagga, sem við þurfum að taka upp á okkur og sem ekki er ráð til að gera, nema með því að taka lán, þó að við sleptum þessu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal byrja á því að þakka hv. samgmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu þessa máls. Jeg hefi lítið við brtt. hennar að athuga. Vil þó benda á viðvíkjandi síðustu brtt., sem er um það, að svo framarlega, sem ekki verður byrjað á lagningu brautarinnar fyrir 1. maí 1929, þá lengist sá frestur, sem fjelaginu er veittur, um 2 ár. En samkvæmt frv. stjórnarinnar er það svo, að sje ekki byrjað á verkinu fyrir 1. maí 1929, fellur sjerleyfið niður þegar í stað. Þessari brtt. geri jeg tæpast ráð fyrir að greiða atkvæði mitt. Um 3. brtt., við 1. gr. 5. lið, að í staðinn fyrir „eða til" komi „og", vil jeg segja það, að hún er í samræmi við það, sem um hefir verið talað við væntanlega sjerleyfishafa, að þeir skuli ekki bundnir við, til hvers þeir noti orkuna, að undantekinni saltpjetursvinslunni. Þetta er því öllu skýrara til orða tekið en í frv.

Viðvíkjandi 6. brtt., við 8. gr., vil jeg taka það fram, að það hefir verið tilskilið við hlutaðeigendur, að tillag ríkissjóðs yrði greitt í hlutfalli við það, sem þeir legðu sjálfir fram og verkinu miðaði áfram. Jeg tek þetta fram út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði um þetta. Það er engin hætta á, að ríkissjóður fari að greiða alt fjeð fyrirfram. Annars var mín tilætlun, að ákvæði um þetta kæmu í sjerleyfi, en ættu ekki að vera í lögunum.

Og í þessu atriði liggur mikil svipa á fjelagið um að halda verkinu áfram, því að hætti það verkinu, á ríkissjóður ⅓ af því, sem búið er, alt að 6 milj. kr., og fjelagið getur ekki tekið hinn tilbúna brautarspotta burtu nema með samþykki meðeiganda síns, ríkissjóðs.

Mig langar nú til að gera saman-

burð á sjerleyfi því, sem veitt var í fyrra til að virkja Dynjandisá, og þessu sjerleyfi. Eins og háttv. deildarmenn muna, var Dynjandasjerleyfið veitt með því skilyrði, að aðeins væru greiddar 3 kr. fyrstu 3 árin fyrir hverja nýtta hestorku og síðan 5 kr. Hjer eiga hlutaðeigendur að greiða 3 kr. á ári fyrstu 10 árin, síðan 5 kr. á ári. Mismunurinn er 2 kr. á ári í 7 ár. En á móti þessu kemur 83 km. járnbraut frá Reykjavík til Þjórsár. Hún kostar 8—9 milj. kr., segjum 8 milj. Þar upp í fær fjelagið 2 milj. kr. úr ríkissjóði og 2 kr. fyrir hverja nýtta hestorku í 7 ár. Eftir útreikningi fagmanna er ekki líklegt, að úr Urriðafossi fáist meira en 100 þús. nýttar hestorkur á ári. Sá liður verður í 7 ár 1400000 kr. Mismunur er 4600000 kr. Þannig er þetta sjerleyfi rúmlega hálfri 5. milj. kr. betra en það í fyrra, án þess þó að nokkurt þjóðþrifafyrirtæki væri í sambandi við það.

Mjer kemur það því mjög á óvart, ef þessu tilboði verður ekki tekið. Jeg þóttist hafa komist að eins góðum samningum og frekast var unt og hjelt, að hv. Alþingi myndi taka þeim tveim höndum.

Vitaskuld hefði það verið betra að þurfa ekkert að leggja fram til járnbrautarinnar sjálfir, ef við hefðum samt getað haft sömu yfirráð yfir brautinni eins og við nú getum haft með því að leggja fje til hennar. En sanngjarnt væri það ekki. En þetta framlag ríkissjóðs hefir verið áskilið af fjelaginu og að betri skilmálum var ekki hægt að komast en að við legðum 2 milj. kr. fram. En stjórnin gekk út frá því, að þetta fje yrði að taka að láni, því að engar líkur eru til þess, að ríkissjóður geti lagt það fram af árlegum tekjum sínum á þessum árum, þótt útilokað sje það ekki með öllu. En jeg geng ekki út frá því, en held mjer við heimild þá, sem felst í frv., að stjórnin megi taka 2 milj. kr. lán í þessu skyni.

Það væri auðvitað betra að geta losnað við að taka lán, en jeg held jeg geti sýnt fram á það, að þótt við þurfum þess, þá verði það enginn dráps-baggi. Jeg geng út frá því, að við getum fengið lánið til 20 ára með 6% vöxtum. Þá þurfum við að borga á fyrsta ári 220 þús. kr.; síðan fer sú fúlga minkandi um 6 þús. kr. á ári. Verði nú af virkjuninni, fáum við fyrstu 10 árin 300 þús. kr. á ári og síðan, eftir 10 ár, 500 þús. kr. M. ö. o., verði af virkjuninni, verður gjaldið af henni meira en þarf til að borga vexti og afborganir af láni ríkissjóðs. Jeg get því ekki sjeð, að það sje sjerlega hættulegt að taka lán í þessu skyni. Hjer er gengið út frá, að verði af virkjuninni. En sje gengið út frá, að ekki verði af henni, þá höfum við fengið 83 km. járnbraut fyrir 2 milj. kr., og það er vitaskuld afaródýrt. Svo er líka annað atriði, sem taka verður til greina, að komi járnbrautin þessa löngu leið, losnar ríkissjóður við talsverð útgjöld. Það þarf að halda við veginum austur, og það viðhald er dýrt, umferðin er mikil og mun vaxa á næstunni. Viðhaldskostnaðurinn eykst því stöðugt. Jeg get upplýst það, að síðan 1920 hefir verið varið til viðhalds og endurbóta á veginum austur að Þjórsá að meðaltali rúmlega 100 þús. kr. á ári. Komi járnbraut þessa leið, er enginn efi á, að mikið fje sparast í viðhaldskostnaði. Jeg hefi spurt

vegamálastjóra að því, hvað hann áliti, að sparaðist árlega á viðhaldi, ef brautin kæmi, og hvað þyrfti til þess, ef brautin kæmi ekki. Hann sagði, að það yrði ekki undir 100 þús. kr. á ári með þeirri umferð, sem nú er. En kæmi járnbraut, myndi umferðin minka það mikið, að viðhaldskostnaður yrði aðeins ⅓ af því, sem hann nú er. Og hann segist miða þetta við viðhald á öðrum vegum.

En til þess að ganga ekki of langt, vil jeg gera ráð fyrir, að helmingur þess, sem nú fer í viðhald veganna, sparaðist við brautina. Það yrðu 50 þús. kr. á ári. Það myndi slaga hátt upp í vexti af annari miljóninni, sem tekin væri til láns. Auk þess má benda á, að ríkissjóði hlotnast ekki litlar tekjur af fyrirtækinu í innflutningsgjöldum og tollum. Það fer því ekki fjarri því, að ríkissjóður fái þannig í þessu vexti af báðum miljónunum.

Þetta er fjárhagslega hlið málsins, og hún er ekki ægileg.

Svo er hin hlið málsins, samgöngubótin, sem kemur að liði alt að þriðjungi þjóðarinnar. Um þetta þarf ekki að ræða, því að allir munu þekkja til áhrifa járnbrautanna og þýðingar þeirra fyrir samgöngurnar. Og okkur ríður langmest á samgöngubótum, því að þær eru undirstaða allra verklegra framkvæmda og framfara.

Það hefir verið vikið að því, að það hefði enga þýðingu fyrir fjelagið, hvort við legðum fram þessar 2 milj. eða ekki. Þetta er hægt að segja, ef litið er á það eitt, að fjelagið útvegi alt fjeð til virkjunarinnar. En hitt er meira um vert, að við sýnum í verkinu áhuga okkar og að okkur þyki einhvers um vert að fá þessa samgöngubót með því að leggja eitthvað fram til hennar, og það er mælikvarði fyrir þá, sem ætla að leggja fram fje í fyrirtækið, því að leggjum við ekkert fram, álíta þeir, að við sjáum enga flutningamöguleika, svo það getur orðið til þess að þeir kippi að sjer hendinni. En hitt sýnir þeim, að þjóðin trúir á fyrirtækið og er fús til að leggja byrðar á sig til þess að fá járnbrautina. Því hefir verið haldið fram, að járnbrautin sje sjálfsagt skilyrði til þess að geta virkjað fossana. Það er ekki rjett. Það er hægt að koma austur þeim vjelum, sem með þarf, án járnbrautar.

Hvað það snertir, að Alþingi þurfi að kippa að sjer hendinni með veitingu sjerleyfa, þá sje jeg ekki, að svo langt sje komið á þeirri braut, að vjer þurfum að iðrast, þótt vjer veitum þetta sjerleyfi, því að engin hætta er á ferðum. Það gladdi mig að heyra hv. þm. V.-Húnv. segja, að hann gerði þetta mál ekki að kappsmáli. Og mjer þykir vænt um að heyra, að hann er nær því að fylgja þessu frv. en frv. í fyrra, enda liggur málið sannarlega alt öðruvísi fyrir nú en þá.

Aðalatriðið í augum meðmælenda þessa máls er, hverjar líkur sjeu fyrir því, að af þessu fyrirtæki verði. Jeg get þar vísað til ræðu hv. frsm. þessa máls, sem er í stjórn fjelagsins. Vona jeg, að hv. deildarmenn rengi ekki frásögn hans um það. Mjer er einnig persónulega kunnugt um það, að í fjelaginu eru þektir menn í fjármálaheiminum, sem líklegir eru til þess að geta útvegað það fje, er með þarf. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi

nýlega fengið, geri jeg mjer fulla von um, að framkvæmdir geti bráðlega orðið í þessu máli.

Annars get jeg tekið undir það með háttv. ræðumönnum, að langar ræður hafi litla þýðingu í þessu máli, og skal því ekki tefja tímann lengur við þetta mál.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki að undra, þótt þessu máli sje veitt athygli. Málið er stórt og getur haft mikla þýðingu fyrir þjóðina. Jeg geri ráð fyrir, að menn leggi misríka áherslu á viss atriði þess. Það getur haft tvennskonar þýðingu. Sem stóriðjufyrirtæki getur það haft í för með sjer, að það taki til sín mikinn vinnukraft frá atvinnuvegunum. Það hafa engar upplýsingar komið fram um þetta, sem þó hefði verið æskilegra til þess að gera málið ljóst. Nú hafa kunnugir menn máli þessu fullyrt, að fjelagið þurfi ekki á svo miklum vinnukrafti að halda, og síst erlendum, að menn þurfi að óttast, að tungu og þjóðerni geti stafað nokkur hætta af því. Hitt atriðið er samgöngubótin, sem fæst við þetta. Jeg býst við því, að menn hafi þess vegna fylgt málinu af enn meiri athygli, að þeir sjái þörfina á því að fá bættar samgöngur við hin gróðursælu hjeruð eystra. Þetta hefir mikið verið rætt, og skal því ekki fjölyrða um það frekar. Þetta atriði málsins hefir stjórnin lagt áherslu á að leysa. Jeg kann henni þakkir fyrir umhugsun sína um þetta mál. Jeg er viss um, að menn hafa ekki alment gert sjer grein fyrir því, hve mikið framfaraspor hjer er stigið bæði fyrir hjeruðin eystra og eins Reykjavík, með því að járnbrautin verði lögð. Það er fyrsta skilyrðið fyrir öllum verklegum framkvæmdum, að samgöngurnar sjeu greiðar, og það spursmál verður ekki leyst án járnbrautar.

Jeg get lýst yfir því um leið og jeg tjái fylgi mitt við þetta mál, að jeg tel þetta mál þess eðlis, að rjett sje nú þegar að gera sjer grein fyrir því, hve langt á að ganga í því að veita sjerleyfi; og jeg get lýst yfir því, að jeg hefði ekki fylgt þessu sjerleyfi, hefði það ekki staðið í sambandi við járnbrautarlagninguna, því að jeg tel sjálfsagt að ganga ekki lengra á þeirri braut fyrst um sinn en að samþykkja þetta sjerleyfi. Jeg tel rjettast, að fyrst sje fengin reynsla um, hvernig þessi tvö sjerleyfi, Dynjanda og þetta, takist, áður en fleiri eru veitt. Þetta eru varúðarráðstafanir, sem hverjum þjóðfulltrúa er skylt að gæta, að ekki sje gengið lengra í veitingu sjerleyfa en hagsmunir þjóðfjelagsins leyfa. Og þótt jeg helst hefði kosið, að við hefðum getað lagt járnbraut að Þjórsá fyrir eigið fje, þá finst mjer samt, sem við eigum ekki að hafna þessu tilboði.

Jeg býst við, að þetta samgöngumál verði ekki leyst fyrst um sinn án þessarar úrlausnar, sem hjer liggur fyrir. En verði það ekki leyst með þessu leyfi, þá koma dagar og þá koma ráð, þá verður að leita einhvers annars ráðs. En jeg hefi enga von um, að Alþingi fari að samþykkja að leggja járnbraut austur fyr en þessi leið hefir verið reynd. Og kjörin eru svo aðgengileg, að ekki er áhorfsmál að reyna, hvernig hún tekst. Jeg tel landið sleppa vel við lausn þessa máls, ef það þarf ekki að leggja fram nema 2 milj. kr. Þetta er svo þýðingarmikið, að það er ekki áhorfsmál fyrir ríkis-

sjóð að leggja þetta fram. Þá tel jeg ekki eftir hlutaðeigandi hjeruðum að leggja á sig þær kvaðir, sem frv. gerir ráð fyrir. Og þótt þær kvaðir sjeu allmiklar, finst mjer þeim beri skylda til að taka þær á sig, þar sem þau eiga líka að njóta hlunnindanna af fyrirtækinu, ef það reynist kleift að hrinda því af stað. Mjer finst því tilvinnandi, að hjeruðin leggi þessar kvaðir á sig.

En það er annað atriði, sem er mjög þýðingarmikið í þessu máli, og það er, að landið hafi hjer íhlutunarrjett, ekki aðeins um það, hvar og hvernig járnbrautin verði bygð, hvar verði stöðvar og hver flutningsgjöldin, heldur og um fyrirtækið í framtíðinni. Um það hljóða ákvæðin í 9. gr., þar sem segir, að ríkissjóður geti, hvenær sem er á leyfistímanum, tekið fyrirtækið í sínar hendur. Þetta tel jeg besta og þýðingarmesta atriðið í frv. Hjer er um svo þýðingarmikið mál að ræða, sem mjög tekur til hagsmuna þegnanna, að ríkisstjórnin verður að hafa hjer íhlutunarrjett. Því að það er með allra þýðingarmestu málefnum hvers þjóðfjelags, hvernig samgöngumálunum er fyrir komið. Og þar sem nú svo er ástatt um þjóð vora, að hún er þess ekki megnug að koma í framkvæmd svo fljótt sem vera bæri þeim samgöngubótum, sem nauðsynlegar eru til framfara og menningar, þá er þess enn meiri þörf, að ríkisstjórnin hafi gott vald á þessu fyrirtæki. En jeg tel, að með 9. gr. sje vel fyrir þessu sjeð. Yfir höfuð get jeg lýst því yfir, að ákvæði frv. um þetta eru nauðsynleg.

Hinu verður ekki neitað, að jeg er ekki ókvíðinn um, að fjelagið geti ekki uppfylt þetta atriði frv., sem sje járnbrautarlagninguna. Um hitt atriðið verður heldur ekki vitað, en jeg ætla ekki að fjölyrða um það. Mjer mun reynast auðvelt að fyrirgefa þeim, þótt sjerleyfið komist ekki lengra áleiðis, ef við aðeins fáum járnbrautina.

Jeg get svo verið stuttorður um málið. Jeg hefi á síðasta þingi talað allmikið um það, og þarf því ekki að fjölyrða um það frekar. Ekki ætla jeg heldur að hlaupa fram fyrir hv. frsm. til þess að andmæla hv. þm. V.-Húnv. Jeg býst við, að hv. frsm. andmæli því, sem þarf, í ræðu hans. Þó get jeg ekki stilt mig um að víkja ofurlítið að brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. N.-Þ. Jeg get skilið það atriði brtt., sem vill nema burt fjárframlag ríkissjóðs til járnbrautarinnar. Hv. flm. eru engir járnbrautarvinir og viðurkenna ekki svo nauðsyn þá, sem er á samgöngubótum þessum, að þeir vilji fara að leggja nokkra byrði á ríkissjóð. Kemur mjer þetta því ekkert undarlega fyrir sjónir. En á því furðar mig, að þeir skuli ekki skirrast við að nema burt íhlutunarrjett landsstjórnarinnar um fyrirtækið. Nái brtt. þessi fram að ganga, þá hefir það enn meiri þýðingu en þótt fjárframlag ríkissjóðs yrði felt burtu. Jeg veit, að hv. flm. þekkja til þess, hve óheillavænleg áhrif það hefir haft fyrir hinar minni þjóðir, sem orðið hafa að fá fje frá stórþjóðunum til samgöngubóta eða þvíumlíks, ef þær hafa ekki haft íhlutunarrjett eða hönd í bagga með fyrirtækinu. Jeg hygg, að okkar fámennu og fátæku þjóð beri ekki hvað síst í þessu að vera mjög var-

færin. Mjer finst þess ekki gæta í till. hv. þm., að þeir hafi haft eins góða gát á þessu atriði og æskilegt hefði verið. Um hitt get jeg verið þeim sammála, að við eigum ekki að ráðast í þau fyrirtæki, sem haft geta í för með sjer mikið rót á þjóðarhag vorum og landbúskapnum í heild sinni, eða ef um innflutning erlends verkafólks er að ræða. En eftir upplýsingum, sem fengnar eru, þurfum við ekki að kvíða því, þótt fyrirtæki þetta komi til framkvæmda, að innflutningur verkafólks geti haft nokkur áhrif á þjóðfjelag vort í þessu tilliti. En jeg get lýst því yfir, að ef málið væri svo afleiðingaríkt, þá mundi jeg ekki fylgja því fram, þrátt fyrir nauðsyn þá, sem er á bættum samgöngum. Háttv. þm. V.-Húnv. drap á það, að þótt þetta atriði væri felt burt úr 9. gr., þá gæti Alþingi eftir sem áður gert það, sem það vildi, því að altaf væri hægt að taka fyrirtækið eignarnámi, ef fullar bætur koma fyrir. En jeg gæti búist við, að með því móti yrði það ríkissjóði mun dýrara en eftir ákvæðum 9. gr., því að það er ekki hægt að hafa eftirlit með því, hvað fyrirtækið kann að kosta leyfishafa, ef frv. verður breytt samkvæmt till. háttv. þm. Mjer finst þá óviðfeldið orðalag 8. gr., þar sem talað er um, hvað hlutaðeigandi hjeruð eigi að láta af hendi, ef ríkið á hjer engan íhlutunarrjett að hafa. Annars vona jeg, að háttv. þdm. fallist ekki á brtt. þessar. Einnig vonast jeg til, að háttv. flm. haldi þeim ekki stíft fram, eins og þær nú eru úr garði gerðar. En jeg geri mikinn mun á því, hvort nema skuli burt fjárframlagið til járnbrautarinnar eða ákvæðið um íhlutunarrjett ríkisins.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um málið að sinni og þykist ekki með ræðu minni hafa gefið tilefni til frekari deilu um málið.

Jakob Möller: Svo er til ætlast við þessa umræðu, að rætt sje aðallega um einstök atriði frv., en jeg býst við, að jeg komist ekki hjá því að tala nokkuð alment um málið líka. Jeg skal þó í byrjun víkja að einstökum atriðum þess. En jeg hlýt að hafa hjer nokkuð aðra skoðun en þeir, sem tekið hafa til máls hingað til.

Yfirleitt skilst mjer, að þm. vilji bera það fyrir, að málið sje aðallega járnbrautarmál, og sem tákn þess hefir því verið vísað til samgöngumálanefndar við 1. umr. En það ætti að vera öllum ljóst, að málið er miklu víðtækara en svo, að það sje aðeins samgöngumál. Hv. þm. hafa mjög haldið fram þýðingu og nauðsyn járnbrautarinnar. En það er annað í þessu efni, sem er enn þýðingarmeira en járnbraut austur að Þjórsá.

Það er lakur fiskimaður, sem ekki beitir vel öngulinn, enda sparar enginn beituna, ef hann vill fiska. Hjer er öngullinn vel beittur, og beitan er í mynd járnbrautarinnar. Er það líka hin girnilegasta beita, sem völ er á. Og hún virðist hafa þann stóra kost fyrir útgerðarmanninn, að hún virðist jafnvel ekki þurfa að kosta neitt. — Mjer virðist málið horfa þannig við, ólíkt því, sem háttv. 2. þingmaður Árn. (JörB) hjelt fram, að rjettur ríkisstjórnarinnar sje harla illa tryggður í frv. Það stendur að vísu svo í 9. gr., að ráðherra skuli samþykkja flutningsgjöldin. Eftir venjulegri málvenju þýðir þetta ekki annað en það, að hann

sje skyldugur að samþykkja þau gjöld, sem eigendur brautarinnar setja. Þetta ákvæði hljóðar ekkert um það, að ráðherra ákveði sjálfur gjöldin. (**Atvrh. MG:** Það liggur í því). Nei, hjer segir aðeins, að hann sje skyldugur að samþykkja það, sem hinir koma með. (**Atvrh. MG:** Já, ef honum líst svo). Nei, um það stendur ekkert. Segjum t. d., að tveir menn geri með sjer samning, og að í þeim samningi standi, að annar þeirra „skuli" gera þetta eða hitt, þá er hjer um hreina skuldbindingu að ræða frá hans hendi.

Hjer við bætist svo, að þótt í gr. sje kveðið svo á, að fjelagið reki járnbrautina á sinn kostnað, þá eru engin viðurlög sett, ef það gerir það ekki. Fjelagið getur hætt hvenær sem er, — og hvað verður þá? Ríkissjóður er þá neyddur til að taka við öllu saman fyrir það, sem það kostar. Hjer er því ekki um neina betri aðferð að ræða en þá, að ríkið ráðist sjálft í þessar framkvæmdir. Því að járnbrautin verður því aðeins rekin af fjelaginu, að það hafi hagnað af henni. Ef tap verður á rekstrinum, hættir fjelagið, og þá kemur til kasta ríkisins. Að þessu leyti er áhættan lítil fyrir sjerleyfishafa, þótt þeir leggi járnbrautina, og því er beitan ekki dýr.

Jeg vil taka undir það með háttv. 2. þm. Árn., að æskilegast væri, ef leggja skal járnbraut, að við værum færir um að gera það upp á eigin spýtur. Við fáum hvort sem er engar gjafir í þessu efni frá útlendingum. Þeir koma ekki hingað með neinar gjafir, heldur til þess eins að hafa ágóða af fyrirtækjum þeim, sem þeir leggja fje í. En þó að fjelagið, sem standa á fyrir þessum framkvæmdum, reki nú járnbrautina, þá er það víst, að hún verður ekki rekin fyrst og fremst með hag landsins fyrir augum, heldur eingöngu með hag fjelagsins sjálfs. Það er í alla staði óheppilegt að fela nauðsynleg samgöngutæki einkafjelagi, er hugsar aðeins um eigin hagsmuni, og þar á ofan útlendu fjelagi, sem að engu leyti er háð hag og velgengni manna hjer á landi. Það er rjett hjá hv. 2. þm. Árn., að það er ekki glæsileg braut, sem við erum að leggja hjer út á, að fá útlendingum í hendur samgöngutæki þessi. — Við höfum reynt á allan hátt að bæta samgöngurnar á sjó og ná þeim að sem mestu leyti í okkar hendur. Og jeg býst við, að enginn sjái eftir því fje, sem í það hefir farið. Allir æskja þess, að við náum sem fyrst samgöngunum á sjónum algerlega í okkar eigin hendur. En hví á þá að fela útlendingum samgöngurnar á landi?

Þá er annað athugavert við frv., sem sje, að ekki skuli vera neitt ákvæði í því um það, hvernig járnbrautin skuli gerð. Að vísu er sagt í aths. við frv., að þetta verði tekið fram í sjerleyfinu. En það hefði þá eins vel farið á því, að í frv. væri trygt, að minsta kosti, að járnbrautin yrði ekki bygð úr járnarusli, sem ónothæft er í Noregi.

Meðan verið er að tala um frv. og einstakar greinar þess, vildi jeg koma fram með þá spurningu, hvort 3. gr. muni ekki vera alveg óþörf. Mjer skildist á hv. frsm., að það sje gert ráð fyrir því, að fossafjelagið Titan komi þessu máli í framkvæmd. En þá er ekki þörf á því að veita undanþágu

hvað snertir framsal á sjerleyfinu. Það er ekki nauðsynlegt, nema gert sje ráð fyrir, að fjelagið ráðist ekki sjálft í þetta fyrirtæki, heldur reyni að gera sjer mat úr sjerleyfinu, til þess að ná aftur því fje, sem það þegar hefir lagt í kostnað, með því að selja það Englendingum, Ameríkumönnum, Þjóðverjum eða hverjum, sem hafa vilja. Jeg álít því, að 3. gr. sje ekki nauðsynleg, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið.

Hæstv. atvrh. sagði, að enn væri ekki komið svo langt út á þá braut að veita sjerleyfi, að nokkur hætta væri á ferðum. Í fyrra voru þó samþykt tvö „svindil"-brasks-sjerleyfi. **(KlJ:** Þm. var þó með öðru þeirra). Nei, jeg hafði sjerstöðu í nefndinni. Jeg kann hæstv. stjórn þakkir fyrir, að hún hefir þó ekki veitt annað sjerleyfið. Hitt hefir enn ekki komist til framkvæmda, vegna þess, að þeir, sem um það sóttu, hafa ekki reynst þess megnugir að útvega það fje, sem nauðsynlegt var til framkvæmda. Það vantaði þó ekki, að hv. fylgismenn þessa máls fullyrtu, að hægt væri að útvega fje. Þeir höfðu jafnvel skjöl og skilríki frá ýmsum mætum fjármálamönnum í Danmörku, sem ljetu í veðri vaka, að þeir gætu útvegað nægilegt fjármagn. — Jeg var að bíða eftir því, að hæstv. atvrh. gæfi upplýsingar um, hverjar líkur væru fyrir því, að Titan gæti komið þessu fyrirtæki í framkvæmd. Um þetta var rætt við 1. umr., og þá hjelt jeg því fram, að engin trygging væri fyrir því, að fjelagið gæti útvegað fje, en háttv. frsm. hjelt fram hinu gagnstæða. Þá var og vísað til þess, að hæstv. atvrh. mundi gefa þær upplýsingar, sem leiða mundu hina efagjörnu í allan sannleika. Mjer brá því heldur en ekki í brún, þegar upplýsingarnar komu, því að þær voru í því einu fólgnar, að hæstv. atvrh. sagði sjer vera kunnugt um, að þeir menn stæðu að fjelaginu, sem líklegir væru til þess að geta útvegað hið nauðsynlega fje. En hverjir það eru, sem líklegir eru til þessa, er ekki sagt. Hjer endurtekur sig hið sama og í fyrra. Upplýsingar hæstv. atvrh. í þessu efni eru lítils virði. Enda eru fyrirætlanir fjelagsins svo á hverfanda hveli og í lausu lofti, að lítil von er til þess, að hægt verði að útvega fje að svo komnu máli.

Hv. frsm. hjelt því fram við 1. umr., að fjelagið mundi leggja fyrir sig áburðarvinslu aðallega. En samkvæmt sjerleyfisbeiðninni er hún þó ekki talin í fyrstu röð ráðagerða fjelagsins, heldur í annari, eins og til vara. Brtt. nefndarinnar, að í stað orðanna „eða til" komi „og", gerir hjer hvorki til nje frá og er alls ekki skuldbindandi fyrir fjelagið um að leggja fyrir sig áburðarvinslu. **(KlJ:** Það er merkilegt!). Já, það er nú svona merkilegt, því að eftir sem áður felur frv. aðeins í sjer heimild fyrir fjelagið til að gera þetta. — Þessi liður 1. gr., þannig breyttur, hljóðar svo: „Atvrh. skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu Titan sjerleyfi til að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju, til hagnýtingar raforkunni". Hjer er vitanlega ekki um neina skuldbindingu að ræða, þótt atvrh. veiti sjerleyfið. Hitt vil jeg láta í ljós, að mjer finst fara betur á að hafa þarna „eða", því að það eru hvort eð er 9—11 „eða" í þeirri grein sjerleyfisbeiðninnar, sem greinir frá því, hvað fjelagið ætlar að

gera. Það er þetta eða hitt — eða hitt — eða hitt, o. s. frv. Og jeg get ekki að því gert, að mjer þykir næsta ólíklegt, að erlendir fjármálamenn sjeu óðfúsir á að leggja stórfje í þessi „eða", þó þau sjeu nógu mörg. Jeg býst við, að þeir vilji hafa það eitthvað ákveðnara.

Jeg held fast við það, sem jeg sagði hjer við 1. umr., að fyrirætlanir fjelagsins eru í lausu lofti. Það er engin trygging fyrir því, að einn eyrir fáist til fyrirtækisins, hvað þá 40—50 miljónir. En það eru fleiri hliðar á þessu máli. Frá mínu sjónarmiði er það æskilegast, að möguleikar fjelagsins til að afla sjer fjár sjeu engir, því að jeg tel síður en svo æskilegt, að fyrirætlanir fjelagsins komist til framkvæmda. Jeg er sannfærður um, að þær hefðu þær afleiðingar, sem ekki væru happadrjúgar fyrir þessa þjóð. Jeg furða mig á þeim háttv. þdm., sem í sambandi við önnur mál láta svo, sem öll velferð þjóðarinnar sje undir því komin að stöðva fólksflutninginn úr sveitunum, ef þeir fylgja þessu máli í þeirri meiningu, að það komist til framkvæmda. Hver verður afleiðingin af því? Frv. gerir ráð fyrir virkjun 160 þús. hestafla í Þjórsá. Ef jeg man rjett, þá var gert ráð fyrir því í fyrra, að til atvinnurekstrarins í sambandi við virkjunina á Vesturlandi mundi þurfa 600 verkamenn, en sú virkjun var helmingi minni en virkjun sú, sem hjer er um að ræða. Hjer mundi því þurfa 1200 verkamenn. En hjer við bætist, að þessi 160 þúsund hestöfl eru ekki nema lítill hluti vatnsaflsins í Þjórsá. Ef fyrirtækið yrði rekið þannig, að það væri arðberandi, þá yrði haldið áfram að sækja um sjerleyfi og haldið áfram að veita sjerleyfi, og fleiri og fleiri menn teknir í þetta fyrirtæki frá öðrum atvinnuvegum landsins. Jeg gæti trúað, að járnbrautin yrði óþörf áður en langt liði, því að engir menn yrðu eystra til þess að hafa gagn af henni. Fólkið til þessarar vinnu hlyti að koma úr sveitunum. Þótt eitthvað af vinnukrafti kæmi úr Reykjavík, þá kæmi fólk úr sveitunum til Reykjavíkur í skörðin. En það eru ekki aðeins þessir 1200 verkamenn, sem fylgja fyrirtækinu. Í kjölfar þeirra flýtur sægur af öðru fólki, sem hefir atvinnu í sambandi við þá. Það er gert ráð fyrir, að aðalbækistöð fjelagsins verði við Skerjafjörð. Ef fyrirtækið verður arðberandi, þá risi þar bráðlega upp bær, sem yxi smám saman og yrði eins stór og Reykjavík. Þangað flyktust iðnaðarmenn, verslunarmenn, kennarar o. s. frv. í sambandi við fyrirtækið og fólkið, sem vinnur þar. Hvaðan kæmi þetta fólk? Auðvitað úr sveitunum. Ef slík stóriðja, sem hjer er um að ræða, kæmist á, þá mundi hún gereyðileggja sveitir landsins. Það mætti segja, að það gæti verið álitamál um þetta, ef hjer væri um að ræða arðberandi atvinnuveg fyrir þjóðina í heild, þannig, að hún lifði betra lífi eftir en áður. En hjer er þess að gæta, að fyrirtæki þetta er sett á stofn fyrir útlendinga. Einu gæðin, sem Íslendingar hafa af því, eru þau, að þeir fá að vinna fyrir sultarlaun, þau minstu, sem vinnuveitandi kemst af með. Allur arður, ef nokkur verður, rennur til útlendinganna, sem eiga fjeð. Það er fleira, sem athuga má í þessu sambandi. Þegar talað er um þetta sjerleyfi, þá er að ræða um fyrirtæki með

40—50 miljóna stofnkostnaði. Hv. þm. athugi, að þetta er miklu meira fje en alt það fje, sem nú er í togaraútgerðinni. Þetta eina útlenda fyrirtæki verður því öflugra en öll togaraútgerðin til samans. Margfalt öflugra. Hjer við bætist það, að með þessu er ekki ákveðið endanlega, hversu stórt fyrirtækið verði. Það er áætlað, að Þjórsá hafi 1 miljón hestafla. Hjer er ekki farið fram á að virkja nema ⅕ part af því. Ef Þjórsá yrði öll virkjuð, þá mundi til þess þurfa 5 × 40 = 200 milj. króna. Hvað halda menn um þau áhrif, sem slíkt stórfyrirtæki gæti haft á hag og stjórn landsins? Menn þurfa ekki að fara í grafgötur um það. Þetta er heldur ekki einsdæmi í veraldarsögunni, að útlendingar komi til annara landa, fái sjerleyfi og hefji þar stóriðju. Fólkinu í landinu er talin trú um, að hjer sje aðeins verið að hugsa um heill þess og velmegun, en svo fer á endanum, að fólkið í landinu verður ánauðugir þrælar þeirra útlendinga, sem stofnsettu fyrirtækið. Það þarf ekki að búast við því, að við verðum stæltari í þessu efni en aðrar þjóðir, sem orðið hafa að lúta.

Það eru tvær hliðar á þessu máli. Mjer þykir nú líklegra, að ekkert verði úr framkvæmdum. En ef við búumst við, að hjer sje aðeins um brask að ræða, þá er Alþingi ekki samboðið að samþykkja þetta frv. En ef við getum búist við, að úr framkvæmdum verði, þá er málið enn ískyggilegra og frv. ófýsilegra til samþyktar. Jeg mun því óhikað greiða atkvæði móti þessu frv.

Magnús Torfason: Jeg tók ekki til máls við 1. umr., er þetta mál var á ferðinni. Gerði jeg það til þess, að málið kæmist sem fyrst til nefndar og yrði athugað þar æsingalaust í ró og næði. Jeg skal nú ekki við þessa umr. fara út yfir það svið, sem henni er takmarkað, að öðru leyti en því, sem ekki verður hjá komist til þess að mótmæla staðhæfingum þeirra, sem talað hafa á móti þessu máli.

Jeg skal þá byrja á því að lýsa yfir því, að mjer hefði verið það kærast, að þetta fyrirtæki hefði verið stofnað sem ríkisfyrirtæki. Ekki svo að skilja, að jeg geri lítið úr því, sem hjer er á ferðinni, að járnbrautin sje tengd fossafyrirtæki, sem mun verða landbúnaðinum til mikilla hagsbóta. En landbúnaðurinn er nú þannig á sig kominn, að ekki mun af veita, að eitthvað sje fyrir hann gert, til þess að hann geti staðist í baráttunni við aðrar atvinnugreinar. Ef járnbraut kæmist á austur, þá er það trú mín, að hún mundi ýta undir virkjun fossa, ekki aðeins á þessum eina stað, en við, sem heima eigum austanfjalls, vitum, að þar eru fleiri fossar, sem virkja má. Frá þessu sjónarmiði hefði mjer verið það kærast, að frv. frá í fyrra hefði getað gengið fram. En það var ekki því að heilsa, eins og við var að búast á því stigi málsins. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið almennt, en aðeins geta þess, að jeg get ekki með öllu varist kvíða um það, að ekki sje með öllu trygt, að fyrirtækið komist í framkvæmd, þótt þetta frv. verði samþykt. Ekki vegna þess, að jeg mistreysti mönnum þeim, sem að

því standa, heldur vegna tímanna. Þótt fossavirkjun hafi góðan byr sem stendur, þá er ekki víst, að það standi í mörg ár. Maður veit, að það hefir gengið upp og niður með fossaiðjuna. Því er það, að jeg legg mikla áherslu á, að byrjað verði sem fyrst á þessu verki, meðan fossaiðjan stendur vel og menn hafa trú á henni.

Það hefir nú verið talað um þetta mál eins og það sje hálfgert dulsmál. Jeg skil ekki, hvernig hægt er að segja slíkt, því að jeg veit ekki betur en að það hafi verið farið þinglega á allan hátt með þetta mál og ekkert gert til þess að villa mönnum sýn að neinu leyti. Jeg verð því að skoða þetta sem tilhæfulausa aðdróttun, vegna þess að betri gögn vanta.

Þá hefir því verið slegið fram, að þessi mál, járnbrautin og fossavirkjunin, mundu vera vafasöm hagsbót. Þetta fæ jeg ómögulega skilið. Ef annað þeirra, járnbrautin, kæmist á, er það víst, að við eigum von á að fá lægra flutningsgjald fyrir afurðir okkar. En jeg get skilið það, að þeir, sem búa á sjávarbakkanum, hafi harla lítinn skilning á því. Þá er það ekki síður merkilegt að heyra í þessum sal, að það muni vafasöm hagsbót að fossavirkjuninni, eftir að maður hefir heyrt hinar miklu umræður um áburðarmálið, sem hjer hafa farið fram.

Þá hefir því verið slegið fram, að þetta verk yrði byrjað með því að veita lán til þess. Jeg á ómögulegt með að skilja, hvernig slíkt getur komist í huga nokkurs manns, þar sem það stendur í frv., að það eigi að greiða framlag ríkissjóðs eftir á. Jeg tel það óhæfu að líta á þetta fjelag sem fátækan hrepp, sem ekki geti lagt fram tillag sitt í fyrirtækið. Vitanlega verður fjelagið fyrst að leggja fram peningana, enda mun þeim mönnum, sem að því standa, ekki hafa dottið annað í hug. Vitaskuld eru ekki ítarleg ákvæði um þetta í frv., en þó nógu greinileg til þess, að ráðherrann getur skilið, hvað þingið vill, og ef hann breytir á móti því, þá breytir hann á móti vilja þingsins. Svona aðfinslur bera það með sjer, að sá hv. þm., sem kemur fram með þær, ber alls ekkert traust til stjórnarinnar, og jeg er alveg hissa á því, að hann skuli ekki hafa komið fram með vantraust þegar í stað.

Þá hefir verið talað um þjóðernisglötun í sambandi við þetta mál. En það eru ekki annað en skýjaborgir uppi undir bláa gatinu. Ef athugað er, hve mikinn vinnukraft þarf til þess að leggja járnbrautina, þá er það upplýst, að það þarf um 600 verkamenn. Þar af yrðu áreiðanlega yfir 400 íslenskir; það mundi þurfa undir 200 útlendra manna, sem vanir væru járnbrautarlagningu, og minna, þegar fram í sækti. En nú er það vitanlegt, að hingað hafa komið á einu ári alt að 500 erlendra manna, og enginn maður talað um. Þá hefir verið sagt, að þetta fyrirtæki mundi draga vinnukraftinn úr sveitunum. Við því er það að segja, að við Flóaáveituna t. d. hafa unnið 2—3 hundruð manna og á sama tíma um 100 menn að vegabótum, og þess hefir ekki orðið vart, að þetta tæki vinnukraft frá hinum atvinnuvegunum. Jeg sje því ekki, að járnbrautarlagning mundi taka vinnukraft frá atvinnuvegunum svo neinu

næmi, sjer í lagi þegar togararnir ganga nú ekki allan tímann, sem þeir voru vanir að ganga.

Að því er snertir fossavirkjunina, þá hefir verið sýnt og sannað, að til hennar þarf í *mesta* lagi 2500 verkamenn. Af þessum mönnum yrðu ekki nema um 500 útlendingar til þess að byggja orkuverið og það, sem því fylgir. Jeg verð að segja, ef landið þolir ekki þessa 500 útlendinga, þá er ekki til neins að vera að hugsa um þjóðerni. Að því er snertir rekstur fossaiðnaðarins, þá þarf ekki 2000 manns til þess, svo hjer er sannarlega ekki um mikið innstreymi að ræða.

Jeg verð að þakka hæstv. ráðh. (MG) fyrir upplýsingar þær, sem hann gaf, og yfirlýsingu um það, að hann hefði nýlega fengið frjettir af því, að þeir, sem að þessu fyrirtæki standa, mundu verða megnugir þess að koma því í framkvæmd. Annar hv. þm. sagði, að járnbrautin ætti að vera beita fyrir sjerleyfið. Jeg skal nú ekkert segja af eða á um það, en mjer þótti vænt um, að í þessu lá það, að hann hefir töluverða trú á því, að járnbrautin komist á. Jeg hefi mikla trú á því, meiri trú á, að járnbrautin komist á en fossavirkjunin, því að það er sennilegt, að fjelagið geti hagnast á því að leggja brautina. Það gæti selt hlutabrjef sín betur eftir að járnbraut er komin á en áður. Þá hefir verið fundið að því, að ráðherrann hafi ekki vald yfir flutningsgjöldunum. En jeg skil þá ekki íslenskt mál, ef svo er ekki. Altaf þegar yfirvöld eiga að samþykkja taxta, þá er átt við hámarkstaxta, sem ekki má fara yfir. En fjelagið getur ekki rekið járnbrautina nema taxti þess verði samþyktur. Annars mundi ráðherra geta fest þetta betur, þegar hann gefur sjerleyfið. Það er ekki nema gott að taka þetta skýrt fram, enda býst jeg ekki við, að fjelagið hafi nokkuð á móti því.

Þá var líka annað, sem hv. 1. þm. Reykv. benti á, að ekki væri hægt að þvinga fjelagið til að reka járnbraut. Það má eflaust segja, að þetta sje ekki eins skýrt í frv. og vera þarf, enda má ætlast til, að atvrh. setji nánari ákvæði um það í sjerleyfið sjálft.

Þá fann sami hv. þm. að því, að frv. fyrirbygði alls ekki, að brautin yrði bygð úr járnarusli eða jafnvel beinarusli frá Noregi. Að minni hyggju tekur 7. gr. frv. fyrir alt slíkt, þar sem fram er tekið, að járnbrautina skuli gera eftir fyrirmælum ráðherra. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þarna falli undir alt fyrirkomulag brautarinnar, þ. á. m. efnið.

Þá var því ennfremur slegið fram, að 5. liður 1. gr. skuldbindi alls ekki fjelagið til að vinna að saltpjetursvinslu. Þetta má sjálfsagt til sanns vegar færa eftir orðanna hljóðan, þar sem aðeins er um heimild að ræða. En eins og liðurinn verður eftir brtt. hv. samgmn., held jeg, að ráðherra sje skyldugur til að taka af fjelaginu fulla skuldbindingu um þetta. Annars breytir hann á móti vilja þingsins, og það get jeg ekki ætlað honum að óreyndu.

Hjer hafa verið höfð stór orð um það, að með þessu væru Íslendingar að gera tilraun til að glata þjóðerni sínu. Jeg hjelt nú, að jeg hefði eins næma tilfinningu fyrir íslensku þjóðerni og flestir menn aðrir, en jeg fæ ekki sjeð, að af þessu stafi stórkostleg hætta.

Jeg held, að alt of mikið hafi verið gert úr þessu fyrirtæki, um það hve risavaxið það verði. Stærstu fossaverksmiðjurnar í Noregi hafa tiltölulega mjög lítinn vinnukraft. Þetta fyrirtæki, sem hjer á að stofna, er margfalt minna en t. d. Rjukan-verksmiðjurnar í Noregi, og þyrfti því margfalt færra fólk. Er því mjög svo orðum aukið, að þjóðerninu stafi af þessu nokkur hætta. Allar hugleiðingar í þá átt stefna að því einu, að aldrei megi virkja fossana, aldrei nota þessi auðæfi landsins, sem guð og náttúran hafa gefið því. En jeg er sannfærður um, að þar þýðir ekkert að ætla sjer að spyrna á móti broddunum.

Þá var síðast höfð frammi sú firra, að þetta mundi verða til þess að eyðileggja landbúnaðinn hjer á landi. Við fylgismenn frv. álítum þvert á móti, að þetta verði landbúnaðinum til hinna mestu nytja. — Og þó að Reykjavík ætti að tvöfaldast eða svo, þá er ekki svo stór hætta á því. Það tæki áreiðanlega langan tíma, og vöxtur Reykjavíkur hefir auk þess verið svo hraðfara til þessa, að jeg býst við, að engin hætta sje á því, að þessi nýi staður vaxi nærri eins ört. Og jeg hefi ekki orðið var við, að íslensku þjóðerni hafi stafað nein sjerleg hætta af Reykjavík. Og það er áreiðanlega reynslan, að stórir kaupstaðir eða borgir eyðileggja ekki landbúnaðinn í kringum sig. Get jeg í því sambandi bent á Reykjavík og nágrenni hennar. Líka mætti þar vísa til vorrar kæru Kaupmannahafnar, þar sem 800 þús. manns lifir á svæði kringum hana, sem ekki er stærra um sig en Suðurlandsundirlendið. Enginn blettur í allri Danmörku er eins vel ræktaður og nágrenni Kaupmannahafnar, Sjáland. — Og ef járnbrautin kemur, verður Suðurlandsundirlendið bókstaflega nágrenni Reykjavíkur, og þar mundi skapast markaður fyrir afurðir bænda á þessu svæði. En það er öllum mönnum kunnugt, að innlendi markaðurinn er jafnan sá besti.

Í fyrra var því kviðið, að togaraútgerðin mundi fara þverrandi; sumir vildu bera á móti því, en jeg er fastlega þeirrar skoðunar, að hún heldur áfram að þverra, af því að þessi atvinnuvegur verður ekki rekinn öðruvísi en með miklu tapi og er rányrkja. Þetta tap lendir á peningastofnunum landsins, og hljóta þær einhverntíma að verða að hætta að leggja fram fje til þessara atvinnuvega. — Ef til þessa kemur, er gott, að þarna verði kominn annar tryggari atvinnuvegur til að taka við fólkinu. Og ekki mega menn gleyma þeim skatti, sem sjórinn tekur ætíð af landsmönnum í mannslífum og ekki verður í tölum talinn. En slíkur skattur kemur þarna ekki til greina.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) rjeðist af miklum móði móti þessu frv. og fann því margt til foráttu. M. a. fann hann að orðalaginu á 9. gr. frv., að ráðherra „skal" samþykkja flutningsgjöld járnbrautarinnar. Vildi hann skilja þetta svo, sem ráðherra væri skyldur að samþykkja þau gjöld, er fjelagið legði til. — En þetta er aðeins nauðgun á venjulegu máli. Ákvæðið þýðir vitanlega ekki annað en það, að taxti fjelagsins sje því aðeins gildur,

að ráðherra samþykki hann. Og jeg býst við, að treysta megi hverjum ráðh. til að samþykkja ekki bersýnilega ósanngjarnan taxta. Af minni hálfu var einmitt sjerstaklega rætt um þetta atriði við væntanlegan sjerleyfishafa, sem ekkert hafði út á mína skýringu að setja.

Háttv. þm. sagði, að fjelagið gæti hætt að reka brautina, ef því sýndist svo. Það er nú einmitt það, sem það getur ekki eftir frv. Því að í 9. gr. þess stendur: „Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, ...“ En geti fjelagið ekki gert þetta, — hvað þá? Þá getur ríkisstjórnin tekið brautina eignarnámi, ef hún vill. Vilji hún það ekki, þá er ekki annað eða hættulegra á ferðum en það, að brautin stendur ónotuð. Jeg á bágt með að skilja, hvað óvinir hennar sjá athugavert við það. — Jeg býst við, að við mundum að sjálfsögðu taka brautina og reka hana, því að óhugsandi er annað en að sjálfur rekstur hennar borgi sig, ef ekki þarf að svara vöxtum af stofnkostnaðinum.

Þá kvartaði hv. þm. um, að hvergi væri sagt, hvernig járnbrautin skyldi bygð, og óttaðist jafnvel, að hún yrði bygð úr járnarusli. En fyrirmæli um þetta eru einmitt í 7. gr. frv., þar sem segir: „Járnbrautina milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gera eftir fyrirmælum ráðherra, og ber að greina í sjerleyfi nánari ákvæði þar að lútandi..“ Þetta ákvæði hefi jeg skýrt svo við væntanlegan sjerleyfishafa, að stjórnin mundi heimta, að farið yrði eftir þeim tillögum, er Sverre Möller verkfræðingur hefir sett fram. Hjer komast því engin undirmál að, og sjerleyfishafi veit vel, hvaða kröfur við gerum.

Þá kem jeg að 5. lið 1. gr. Háttv. 1. þm. Reykv. þótti hann illa orðaður. En jeg vil benda hv. þm. á, að í fyrra var hann sjálfur flm. að frv., þar sem notað var nákvæmlega sama orðatiltæki. Nú telur hann það óalandi og óferjandi, sem hann sjálfur flutti í fyrra.

Háttv. þm. talaði um, að járnbrautin væri beita, til að gera virkjunarfyrirtækið aðgengilegra. Þetta er að vissu leyti rjett. Jeg sagði þeim, er jeg samdi við, þegar í stað, að landsstjórnin fengist alls ekki til að flytja frv., nema járnbraut yrði lögð. Ef strandað hefði á þessu, hefði Titan sjálfsagt farið til hv. 1. þm. Reykv. og beðið hann að flytja fyrir sig sjerleyfisfrv. Og ef marka má af reynslunni, hefði hann verið fús að renna önglinum, — beitulausum. Hv. þm. sagði raunar, að hann hefði verið á móti Dynjandafrv. í fyrra. Jeg hefi nú blaðað bæði í þingskjölum og umræðum frá í fyrra og hvergi sjeð þess getið, að hv. þm. væri á móti frv. Hjer er heftið með umræðunum um þetta mál. Hv. þm. getur nú bent á þann stað, þar sem sjá megi hans sjerstöðu. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki lesið allar ræður yfir, svo að vera má, að hann hafi látið einhvern bera þessi skilaboð fyrir sig, þótt heldur megi það teljast ósennilegt. Jeg verð því að gera ráð fyrir, að hv. þm. hafi snúist í málinu frá því í fyrra. Jeg get ekki trúað, að hann sje svo fjandsamlegur járnbraut, að hann sje að mála þennan fjanda á vegginn út af henni einni.

Þá sagði hv. þm., að útlendingar kæmu hingað áreiðanlega ekki til að

gefa okkur gjafir. Það er að vísu rjett, en þar fyrir getum við átt kaup við þá, sem bæði við og þeir hagnast á. Við megum sjálfsagt bíða nokkuð lengi, ef við ætlum að sjá útlendinga koma hingað til þess eins að sóa fje í landið og landsmenn. — En þarna getur vel farið saman þörf landsmanna og hagnaður útlendinga. Þeir ætla að vinna fyrir okkur nauðsynjaverk, sem við höfum ekki bolmagn til að hrinda sjálfir í framkvæmd.

Hv. 1. þm. Reykv. fór alt í einu að tala um alla vatnsorkuna í Þjórsá. En jeg fæ ekki sjeð, hvað hún kemur þessu máli við; hjer er aðeins verið að tala um virkjun Urriðafoss. Og það má reiða sig á, að aldrei verður veitt nema þetta eina leyfi, ef það þykir ekki verða til blessunar. Ef árangurinn af þessu verður ekki góður, neitar Alþingi að veita fleiri leyfi. Öðru er ekki hægt að halda fram, nema menn vilji gera lítið úr Alþingi og öllum þeim, er þangað kjósa fulltrúa.

Þá sagðist hv. þm. halda, að aldrei mundi fást neitt fje til þessara framkvæmda. Jeg mun ekki fara langt út í þessa mótbáru. En eftir ræðu hv. þm. ætti það að vera aðalkostur málsins, því þá yrði ekki neitt úr neinu. Jeg vil í þessu sambandi aðeins endurtaka það, að bak við þetta fjelag standa svo traustir menn, að kunnugir fullyrða, að þeim standi nóg fje til boða, a. m. k. fyrir járnbrautinni. Annars finst mjer undarlegt af hv. þm. að finna að þessu og berjast móti frv. fyrir það, sem hann hlýtur að telja aðalkost þess. — Hv. þm. gat aldrei um það í fyrra, að fjeð þyrfti að vera til reiðu, þegar sjerleyfislögin væru samþykt. Það sýnist vera fyrst nú, sem hann hefir komist að því.

Um hættuna af þessu sjerleyfi get jeg að öðru leyti vísað til ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT). Jeg hugsa, að hv. 1. þm. Reykv. taki helst tillit til þessa flokksbróður síns.

Annars er það svo, að þetta frv. er eins og tíðkast um sjerleyfislög, aðeins umgjörð, sem fylla á út með sjerleyfinu sjálfu. Hlýtur því sumstaðar að vera nokkuð stuttaralega til orða tekið. Ef farið væri að tína alt upp í lögin, sem standa á í sjerleyfi, yrðu þau alt of löng og flókin í meðförum.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg þarf nokkru að svara þeim hv. þingmönnum, sem töluðu í gær, hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Að vísu get jeg verið miklu stuttorðari en ella hefði orðið, með því að hæstv. atvrh. (MG) er nú búinn að allmiklu leyti að taka af mjer ómakið.

Jeg vil þá frá mínu sjónarmiði fara nokkrum orðum um þær athugasemdir, sem þeir báru fram. Hv. þm. V.-Húnv. er að vísu ekki í sæti sínu sem stendur, en jeg geri ráð fyrir, að í holti sje heyrandi nær. Hann byrjaði á að telja mjög vafasamt, hvort heppilegt væri að leggja járnbrautir yfir höfuð eða ekki. Þetta mál hefir verið talsvert rætt hjer á Alþingi, og það hafa komið fram ýmsar efasemdir um það, bæði frá mjer og öðrum,

hvort ekki væri eins heppilegt að snúa sjer að bílvegum eins og járnbraut. En jeg fyrir mitt leyti er nú alveg horfinn frá efasemdum í þessu efni og tel járnbrautina heppilegri. En þetta er, sem sagt, atriði, sem altaf má um deila og menn verða aldrei sammála um. Er ekki ástæða til að deila frekar um það að þessu sinni en endranær.

Höfuðatriðið hjá hv. þm. V.-Húnv. er það, að fjelagið eigi að leggja járnbrautina að öllu leyti. Hann kvaðst ekki skilja í því, að fjelag, sem ætlar sjer að verja 40 milj. króna til slíks fyrirtækis, gæti ekki eins lagt fram 2 milj. meira en nú er ætlast til. Jeg verð fyrst að svara þar til, að það getur auðvitað ekki komið til nokkurra mála, að það verði lagt út í að verja 40 milj. kr. í fyrirtækið svona í byrjun. Það er ekki meiningin að fara í einu að virkja allan þann kraft, sem hægt er að fá úr Urriðafossi; heldur hitt, að byrja smátt og smáfika sig áfram. Hve há sú upphæð verður, sem byrjað verður með, get jeg ekki sagt með vissu; en jeg ímynda mjer, að það verði ekki mikið meira en ⅓ þessarar upphæðar. Og þegar búið er að leggja fram 7 milj. kr. til járnbrautarinnar, þá munar mikið um 2 milj. Það má náttúrlega altaf segja, að það muni ekki mikið um 2 miljónir; en það er þó ekki svo lítil upphæð, og einhversstaðar eru þó takmörkin fyrir því, hvað sjerleyfishafi getur lagt fram og hvað hægt er að heimta af honum.

Hv. þm. fór svo alment að tala um það, að það gæti verið vafasamt, hvort veita beri sjerleyfi yfir höfuð, og um öryggisráðstafanir fyrir innflutningi, bæði erlendis frá og líka úr sveitunum. Hví kom hv. þm. ekki fram með þessar almennu aths. í fyrra? Þær hefðu enda átt betur við við 1. umr. málsins, og þá ekki síður í fyrra, er talað var um sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár. En þá fann hann ekki ástæðu til að fræða okkur um þessi atriði. Var þó um samskonar sjerleyfi að ræða, nema færri hestöfl, 40—50 þús. Hv. þm. fann ástæðu til að taka upp setninguna um óeðlilegan straum fólks í hlutaðeigandi hjeruð. Því hefir hv. 2. þm. Árn. svarað í gær. Um hættu af innflutningi útlendinga þarf alls ekki að vera að ræða, eins og margtekið hefir verið fram, svo framarlega sem settar eru nægilegar varúðarráðstafanir, sem ráðherra er heimilt að gera. Og fjelagið hefir lýst því yfir, að það muni hlíta hverjum þeim ráðstöfunum, sem stjórnin kann að setja í sjerleyfið um þetta atriði og önnur.

Mig furðaði á því, að hv. þm., jafnskýr maður, skyldi halda því fram, að fjelagið mundi ekki leggja fram einn eyri í fyrirtækið, heldur heimta lán hjá ríkissjóði, fara síðan fram á eftirgjöf á rentum fyrst í stað og loks uppgjöf á höfuðstól. Fjelaginu dettur auðvitað ekki í hug að taka lán til fyrirtækisins úr ríkissjóði. Auðvitað verður það stofnsett og rekið aðallega með hlutafje, sem lagt verður kapp á að útvega á ný, að svo miklu leyti sem gömul loforð fást ekki greidd, þar til hægt er að hefjast handa.

Að fjelagið komi í fjárbænum til ríkissjóðs, kemur ekki til nokkurra mála. Hvernig ætti hann líka að lána,

ef, eins og spáð var hjer nýlega, ekki er líklegt, að hagur hans standi með þeim blóma á næstunni, að hann geti einu sinni lagt fram sinn hluta til verksins, hvað þá heldur meira?

Hv. 1. þm. Reykv. kom með allar þær sömu mótbárur og við 1. umr. málsins. Er hálfleiðinlegt að fást við hv. þm., því að hann heldur sjer ekki við þingsköp. Hann hjelt tvær ræður við 1. umr. og hefði getað látið það nægja, en fann enn ástæðu til að endurtaka alt það sama nú. Hann taldi enga tryggingu fyrir því, að fjelagið legði fram fje eða yfirleitt hefði nokkur peningaráð. Jeg tók fram í svari mínu þá, eins og kunnugt er, að jeg tel enga hættu í þessu efni. Jeg þekki fjelagið vel frá því síðan 1918, hefi sjeð hluthafaskrá þess þá, og voru þar skráð nöfn sumra ríkustu manna í Noregi. Þótt ekki eigi við nú að nefna nöfn, gæti jeg undir fjögur augu fært hv. þm. heim sanninn um þetta. Ef sjerleyfið fæst með aðgengilegum kjörum, munu þeir standa við sín fyrri loforð. 1918 hafði það svo miklu fje yfir að ráða, að það hefði getað lagt járnbraut þá. Og nýlega hefi jeg fengið brjef frá advokat Aall, sem styrkir þessa sannfæringu mína.

En má jeg spyrja: Hvaða þekkingu hefir háttv. þm. (JakM) á fjelaginu? Alls enga. Allar fullyrðingar hans eru fimbulfamb blátt út í loftið, skapaðar af fyrirfram ákveðinni andúð, án þess að hann geti fært minstu líkur, hvað þá heldur sannanir, fyrir sínu máli. Hann er að berjast við skýjaborgir, er hann hefir skapað sjer sjálfur. Annað veifið hrópar hann hátt, að ekkert verði úr þessu, Titan fái ekki fje. Hitt veifið útmálar hann með ógnarlegri skelfingu þá voðalegu óhamingju, er yfir landið muni dynja, eyðing sveitanna og eyðilegging þjóðernisins, ef fjelagið taki til starfa. Það er upplýst við 1. umr., hvað þurfi að flytja inn af vinnukrafti utanlands frá. Aðalverkið mundi verða unnið af verkamönnum úr Reykjavík og Hafnarfirði, og þeir þannig njóta góðs af fyrirtækinu, svo ólíklegt er, að margt fólk fari úr sveitunum vegna þessa fyrirtækis.

Jeg hjó eftir því hjá hv. þm., að hann sagði um Dynjandisjerleyfið, að þar væri á ferðinni „svindilbrask". Hann notaði einmitt það orð; jeg skrifaði það hjá mjer. — Hafi honum í fyrra verið kunnugt um þetta, bar honum skylda til að vara okkur hina við. En það gerði hann ekki. Hann átti sæti í fjhn., þar sem jeg átti einnig sæti, en jeg minnist ekki að hafa heyrt neitt í þá átt eða hann tæki sjerstöðu til málsins.

Hv. þm. hjelt því fram við 1. umr., að fjelagið vissi ekki, hvað það ætlaði sjer að láta vinna. Það er ofur líklegt um fjelagið, sem hefir varið svo miklu fje til jarðakaupa, mælinga m. m. Eftir þessa fullyrðing hans afhenti jeg honum, meðan hann var enn að tala, beiðni Titans, sem hann hafði ekki sjeð, og benti honum á 12. gr. Hv. þm. rendi augunum yfir greinina, og hann var ekki lengi að átta sig á henni og sagði þetta hafa sannfært sig um, að hann hefði á rjettu að standa, einkum orðin í enda greinarinnar: „— — og sjerhvað annað, sem hægt er að vinna". Í greininni stæðu 10—15 „eða". Þau eru að vísu mörg, en þó ekki nema 5. Þar er fyrst talið upp, hvað á að gera, nákvæm-

lega tekið fram, og er hv. þm. kunnugt, hvað það er, því að hv. þm. las það upp. Og síðan er samkvæmt venju tekið fram í lok greinarinnar „og sjerhvað annað“ — — etc. Þetta, hve hv. þm. er fljótur að skilja og ályktа, minnir mig átakanlega á lítinn atburð, er kom fyrir, þegar jeg var bæjarfógeti á Akureyri. Form. fasteignamatsnefndar, sem var einhver hinn reikningsglöggasti maður á landi hjer, kom á fund og lagði fram reikninga. Annar bæjarfulltrúi opnaði, leit yfir örskamma stund og sagði: „Þetta er vitlaust“. Auðvitað var vitleysan fólgin í höfði fulltrúans. Enginn er svo glöggur, og þá ekki heldur háttv. þm., að hann geti á svipstundu, aðeins með því að renna augunum, sagt, hvað þetta eða hitt hafi inni að halda.

Yfirleitt tek jeg undir með hæstv. atvrh., sem sagði í gær, að þær aths., sem háttv. 1. þm. Reykv. kæmi með, hefðu átt heima í fyrra, en síður nú. Jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að hann skyldi sitja hjá í umr. í fyrra, en ráðast nú á sjerleyfi samskonar með svo miklu forsi. Hann slær fram órökstuddum fullyrðingum um, að þetta sje brask og þar fram eftir götunum og særandi fyrir metnað landsins að styðja slíkt. Já, ef svo væri, mundi jeg sannarlega ekki ljá mitt fylgi. En af sannfæringu og þekkingu, sem er meiri en hv. þm., hika jeg ekki við að halda því fram, sem jeg hefi gert.

Vænti jeg þess, að frv. nái samþykki með ekki meiri breytingu en svo, að sjerleyfishafi sjái sjer fært að semja á þeim grundvelli, og þá er það trúa mín, bygð á miklum líkum, að byrjað verði á verkinu jafnvel strax í sumar.

Árni Jónsson: Jeg get búist við, að það, sem jeg hefi fram að færa, hefði þótt betur eiga heima við 1. umr. þessa máls. Jeg skal ekki neita því, að athugasemdir mínar verða nokkuð almenns eðlis og snúast ekki um einstakar greinar frv. En jeg vona samt, að hæstv. forseti láti þetta viðgangast, enda álít jeg, að maður hafi leyfi til að segja eins og honum býr í brjósti við hvaða umr. sem er.

Mál þetta er að rjettu talið eitthvert mesta og merkasta málið, sem liggur fyrir þessu þingi, og finst mjer því ekki vansalaust, ef haft er á móti, að menn láti skoðanir sínar á því í ljós. Jeg veit ekki, um hvaða mál ætti að tala, ef ekki þetta.

Því er haldið fram, að af því að þjóðnytjafyrirtæki er tengt sjerleyfinu, sje sjálfsagt að veita það, og vitnað í sjerleyfið frá í fyrra til virkjunar Dynjandi, sem veitt var án þess að um neitt slíkt væri að ræða í sambandi við það. — En þetta er aðeins önnur hliðin. Hin er þessi: af því að þjóðþrifafyrirtæki er sjerleyfinu tengt, getur verið og er sjerstök ástæða til að fara varlega. Því að ef hjer er um samskonar „humbúg“ að ræða og í fyrra, eða fyrirtækið aðeins bygt á trú og ágiskunum, þá er ábyrgðarhluti að binda slíkt þjóðþrifamál sem járnbraut er talin við afdrif þess. Fylgismenn eru bjartsýnir og telja þess ekki langt að bíða, að fyrirtækið komist á laggirnar. Aðrir draga það í efa, sjerstaklega hv. 1. þm. Reykv. Nákvæmlega sömu ummælin var að heyra hjer

um sjerleyfið í fyrra. Jeg greiddi atkvæði með því. En nú er dálítið annað uppi á teningnum. Ef hjer er um „svindilbrask" að ræða, er gersamlega óforsvaranlegt af forvígismönnum járnbrautarmálsins að tengja það við sjerleyfi Titans og hindra með því framgang þess um óákveðinn tíma. — Þegar járnbrautarmálið var hjer til umræðu í fyrra, var svo að heyra á forvígismönnum þess, að þar væri á döfinni augljóst gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð. Jeg veit ekki til, að þeir hafi breytt um skoðun, en það, að þeir koma fram með málið í öðru formi, byggist á því, að þeir búast við öðrum lyktum þess nú en í fyrra. Þá dagaði málið uppi. Jeg held, að ósýnt hafi verið, að ákveðinn meiri hluti væri á móti því þá. Og síðan hefi jeg heyrt yfirlýsingar manna, sem ekki varð með vissu sagt um, hvorumegin stæðu, um fylgi þeirra við járnbrautarmálið. Hefði ekki verið rjettara að taka upp sjálft járnbrautarmálið? Það hefði ekki þurft langra umræðna við, eftir þann undirbúning, sem það fjekk í fyrra. Að mínu áliti hefði verið heppilegra að fá það útkljáð áður en þetta frv. kom fram.

Nú er það svo, að háttv. flm. frv., sem hafa lýst yfir trú sinni á fyrirtækinu, hafa ekki fært okkur, sem erum dálítið vantrúaðir, heim sanninn.

Jeg vil minna á það, að járnbrautin er aðeins lítill þáttur í þessu risafyrirtæki upp á 40—50 milj. kr. Mjer heyrist reyndar á hv. frsm., að hann vilji draga saman seglin og telji, að byrjað verði með svo sem 14 milj., er gangi til járnbrautar og virkjunar. En hvað um það. Járnbrautin verður því aðeins lögð, að von sje til, að fyrirtækið í heild sinni komist á laggirnar. Þá er að athuga, á hverju þær vonir byggjast. Mjer til undrunar gat hv. frsm. þess, að fyrsta undirstaðan væri hlutafje það, sem Titan á nú.

Jeg sje, að hv. frsm. kveinkar sjer við, að talað sje um trygginguna, sem fólgin er í hlutafjenu. Það er ofurlítil sönnun þess, að ekki sje alt sem öruggast.

En við skulum leggja niður fyrir okkur, hver líkindi eru til þess að fá lagt fram nægilegt fje. Þá er fyrst að líta á afkomu samskonar fyrirtækja í Noregi undanfarið. Um hana er það að segja, að hún hefir verið bágborin. Iðjuver, reist eftir 1918, hafa átt erfitt uppdráttar og verið rekin með tapi. En það hefir forðað sumum fyrirtækjunum frá gjaldþroti, að gömlu fjelögin hafa oft verið hlut hafar í þessum nýju fyrirtækjum og þau hafa með gróða stríðsáranna getað staðið straum af töpunum. Jeg hefi heyrt haft eftir mjög merkum hagfræðingi, að eitt af því, sem valdi hafi hinu mikla hruni í Noregi eftir 1920, hafi verið hið gífurlega tap á slíkum atvinnurekstri. Þó er í Noregi betri aðstaða til þessa en hjer.

Í Noregi er mikið af óstarfræktum fallvötnum. Jeg kem ekki auga á nokkra ástæðu til þess, að Norðmenn fari að láta fje úr landi til þess að starfrækja samskonar fyrirtæki og þeir eiga óunnin heima.

Jeg verð að segja, að þrátt fyrir alla bjartsýni hv. flm. frv., á jeg ekki von á stofnfje frá Noregi. Og jeg verð að halda því fram, að það sje órjettmætt að stofna til járnbrautarlagningar í sambandi við þetta sjerleyfi. Það eru engar sannanir fyrir, að

hjer sje um öruggan grundvöll að ræða. Þetta verður aðeins til þess að slá járnbrautarmálinu á frest um óákveðinn tíma. En járnbrautin er svo merk úrlausn samgöngumálanna hjer á Suðurlandsundirlendinu, að jeg álít ekki sæmilegt að blanda henni inn í fyrirtæki, sem menn hafa ekki fulla trú á.

Jeg býst við, að fylgismenn Titans segi, að þetta sjeu ekki nema sleggjudómar hjá mjer. Jeg get ekki sannað mitt mál, frekar en þeir sitt. Þar kemur fullyrðing á móti fullyrðingu.

En gerum nú ráð fyrir, að alt sje gott og blessað, Titan sje ágætt fyrirtæki og peningarnir liggi í skúffunni. Eins og jeg sagði áðan, er járnbrautin ekkert aðalatriði fyrir Titan. Fjelagið leggur hana ekki til þess að græða á henni, heldur til þess að geta komið á fót stóriðju þarna austur frá. Til þess þarf að koma þangað kynstrunum öllum af efni til byggingar orkuvers.

Þegar verið var að gera áætlanir um flutning með þeirri járnbraut, sem var til umræðu á síðasta þingi og ríkissjóður átti að borga, var gert ráð fyrir, að járnbrautin mundi svara kostnaði með 8 þús. tonna flutningi. En Titan mundi þurfa mörgum sinnum meiri flutning, marga tugi þús. tonna. Af þessu er augljóst, að ef til kæmi, að mönnum yrði að trú sinni á framkvæmdum Titans, þá hefðum við þar með tryggt okkur svo öflugan viðskiftavin, að þau viðskifti gætu breytt járnbrautinni úr vafasömu fyrirtæki í hreint og beint gróðafyrirtæki handa ríkissjóði.

Afstaða mín til málsins er þá þessi: Hafi menn ekki trú á framkvæmdum Titans, þá á ekki að veita sjerleyfið. Hafi þingið hinsvegar trú á, að 40 miljónir komi, þegar kallað er á þær, á það ekki að blanda járnbrautarmálinu inn í þetta sjerleyfi, heldur krefjast þess, að ríkið leggi járnbrautina.

Sjerleyfisveitinguna að öðru leyti ætla jeg ekki að fara inn á. Það er mín skoðun, að þar komi trú á móti trú, eða öllu heldur ótrú á móti trú. Mín ótrú á fyrirtækinu kemur á móti trú fylgismanna frv. Jeg mun samt sem áður greiða frv. atkv. til 3. umr., ef ske kynni, að háttv. „trúmenn" fengju einhverjar þær vitranir, sem gætu leitt okkur heiðingjana í allan sannleika.

Jakob Möller: Það hefir verið fundið að því við mig, að jeg hafi ekki haldið mjer við þingsköpin í þessu máli. Jeg ætla að vísa þeim hnútum heim aftur til föðurhúsanna. En ekki er það að halda sjer við þau, að blanda einstökum mönnum inn í umr. Háttv. frsm. og hæstv. atvrh. álösuðu mjer fyrir að halda mjer ekki við þingsköpin, en gerðu sjálfir afstöðu mína til annara mála á undanförnum þingum að umtalsefni. Það virðist nú lítið koma þessu máli við, hvernig aðrir menn hafa litið á önnur mál á undanförnum þingum. Báðir þessir hv. þm. vísuðu skakt til afstöðu minnar til Dynjandimálsins í fyrra, sögðu, að jeg hefði engri sjerstöðu lýst í því. Það er afsakanlegt, þótt hæstv. atvrh. vissi ekki um hið rjetta, en það er síður afsakanlegt fyrir hv. form. fjhn. (KlJ), því að í þeirri nefnd lýsti jeg yfir því, að jeg ljeti málið hlutlaust. Þannig er það bókað í gerða-

bók fjhn., að málið hafi þar verið samþykt með 5:1 atkv. Jeg hafði líka þá sjerstöðu, að jeg fylgdi þeim brtt., sem kröfðust tryggingar af fjelaginu. Jeg hefi ekki skift um skoðun síðan. Jeg er á móti þessu máli, af því að mjer þykir nóg komið af slíkum leyfum sem því í fyrra.

Annars er ólíku máli að gegna um þetta mál, sem hjer liggur fyrir, og það í fyrra. Vatnsafl Dynjandisár er minna en Þjórsár. Það, sem ráðgert var að virkja vestra, er ekki helmingur á við það, sem á að virkja af Þjórsá. Hún hefir mikla aukningarmöguleika, virkjunin þar.

Svo þótti mjer æskilegt, að það kæmi sem best í ljós, hvaða líkindi væru til þess, að þeir, sem sækja um þessi leyfi, geti komið þeim í framkvæmd. Og nú er gott að geta bent á þetta sjerleyfi. Með hliðsjón af öllu þessu gat jeg látið það mál afskiftalaust, enda lítið um að ræða.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að fossavirkjunin mundi framvegis ekki hafa eins góðan byr í þinginu og nú. En jeg er ekki viss um það. Ef byggja á á því, að Dynjandi sótti um leyfi og fjekk það í fyrra, og að nú er sótt um leyfi af Titan, þá er það lítil sönnun þess. En jeg vil benda á það sama og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að jeg hefi sjeð það í norskum blöðum, að fossavirkjunarfyrirtæki þar berjist í bökkum og að virkjuð vatnsföll standi þar óhreyfð, virkjun og rafmagn tilbúið, sem enginn viti, til hvers á að nota. Þess vegna held jeg, að virkjunin hafi þar ekki sem bestan byr nú sem stendur. Sami háttv. þm. vildi lítið gera úr því, að þetta fyrirtæki myndi draga frá öðrum atvinnuvegum landsins. Hann gat þess þó, að til þess að reisa orkuverið þyrfti um 2500 manns. Þetta er mikill mannfjöldi, og jeg er hissa á því, að hv. þm. skuli gera lítið úr því að eiga að taka 2500 manns frá öðrum atvinnuvegum. Þótt nú sje hægt fyrir Árnesinga að reka landbúskap við hliðina á Flóaáveitunni og vegalagningum, þá getur þrengst um fyrir þeim, þegar búið er að taka 2500 manns frá þeim til þess að byggja orkuverið, auk þess sem mikinn mannafla þarf til þess að leggja brautina.

Svo þarf mikinn mannafla til þess að viðhalda brautinni og reka hana. Svo kemur að því, að bygt verður út, fleiri orkuver reist. Hjer er aðeins um að ræða virkjun lítils hluta fossaflsins, sem útheimtir hið minsta af mannafla, sem þó verða 2500 manns. En alt hitt verður enn mannfrekara, svo að mjer skilst, að þurfi fleiri en 2500 manns, þegar alt kemur til alls. Þannig verða upplýsingar hv. 1. þm. Árn. síst til þess að bæta útlitið fyrir landbúnaðinum um vinnuafl eða gera það glæsilegra. Málið verður enn alvarlegra en áður.

Þá vjek hv. þm. að því, sem jeg hafði sagt um einstök atriði frv. Hann vildi segja, að ákvæði 9. gr. frv. væru fullnægjandi, og hæstv. atvrh. sagði, að ekkert væri athugavert við orðalagið þar. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi skilið rjett orð hæstv. atvrh. um, að hann skuli samþ. flutningsgjöldin. nema að hjer sje nauðgun á rjettu máli. En eigi atvrh. að ráða þessu, þá verður að kveða skýrar á um þetta. Sje það orðað svo, að ráðherra eigi að ráða flutningsgjöldunum, þá er orða-

lagið orðið ótvírætt. (KIJ: Jeg hefi ekkert á móti því).

Þá kem jeg að öðru ákvæði þessarar greinar, sem jeg fann að, að engin trygging er fyrir því, að fjelagið haldi áfram að reka brautina. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að þetta ákvæði væri vítt. Jeg held, að það sje svo vítt, að ekkert geti komist undir það. Ætti að skylda fjelagið til þess að reka brautina, þá á að gera það í sambandi við þær ívilnanir, sem það fær, t. d. lægra hestorkugjald. Það má ekki minna vera en að sú ívilnun sje bundin því skilyrði, að fjelagið reki brautina. En þetta stendur til bóta og má laga það til 3. umr.

Háttv. 1. þm. Árn. vildi halda því fram, að í 5. lið 1. gr. frv. sje fjelagið skuldbundið til þess að vinna áburð; en svo er ekki. En vitanlega hefði verið hægt að taka þetta fram berum orðum.

Hv. 1. þm. Árn. kvartaði undan því, að viðhöfð hefðu verið stór orð um þjóðernisglötun og sagði, að slíkar hugleiðingar stefndu að því að gera okkur ómögulegt að virkja fossana. Það er álitamál, hvort það er tilvinnandi að virkja fossana; það fer eftir atvikum. Gerum við það smátt og smátt eftir okkar getu og hagsmunum, þá er það heillavænlegast, en láta ekki útlendinga gera það, sem aðeins vilja græða á því.

Það liggja engir íslenskir hagsmunir bak við þetta mál, heldur eingöngu útlendir. Og þótt mikilsvert sje, að fossarnir sjeu virkjaðir, þá má ekki gera það í þarfir annara en landsmanna sjálfra.

Hv. þm. (MT) vildi halda því fram, að þótt þetta kæmist í framkvæmd, þá sje þar ekki um stóra hættu fyrir landbúnaðinn að ræða. Mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. þm. kemst að þessari niðurstöðu, samkvæmt þeim tölum um mannafla, sem hann sjálfur gefur upp, að þurfi til framkvæmdar og starfrækslu þessa fyrirtækis. Í samanburði við aðrar framkvæmdir innanlands, sem ekki draga nema lítið brot af fólki frá landbúnaðinum, þá er með rjettu hægt að tala um hættu fyrir landbúnaðinn. Hv. þm. sagði, að þó að Reykjavík tvöfaldaðist, þá mundi ekki stafa hætta af því fyrir landbúnaðinn. Mjer skilst nú, að hún hafi ekki tvöfaldast á síðustu árum, og veit jeg þó ekki betur en að fólksstraumurinn til Reykjavíkur hafi verið talinn landbúnaðinum til þrengingar.

Þá er eitt atriði, sem jeg verð að minnast á, því að jeg hefi líklega gengið alveg fram hjá því í ræðu minni í gær. Hugsum okkur, að fyrirtækið sje komið í framkvæmd og svo komi það fyr eða síðar á daginn, að það borgi sig ekki að reka það og hætt verði við það. Hvar stendur Reykjavík þá, ef hún er orðin helmingi stærri en hún er nú? Við vitum, hvernig útlendingar, sem ekki eru bundnir við hag og heill þjóðarinnar, fara að, ef atvinnurekstur þeirra ber sig ekki. Það var talið nauðsynlegt að fá útlending til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði. Það var sagt, að þar væri skortur og neyð, og það var satt. Því var útlendingnum leyft að setjast þar að og stunda atvinnu. Hvernig fór? Það varð til þess, að Hafnarfjörður óx um nokkur hundruð manns, sem komu til bæjarins til þess að fá sjer atvinnu. Svo kom það á daginn, að

atvinnuvegurinn hætti að bera sig, og þá fór maðurinn. Að vísu hefir hann nú komið aftur. En af þessu geta menn sjeð, að útlendingarnir fara burtu, ef atvinnan ber sig ekki, en Íslendingarnir sitja eftir með tvær hendur tómar og soltinn maga. Það er blessunin. Þá vildi hv. þm. bera saman Kaupmannahöfn og Sjáland. En þar er ekki jafnt á komið. Kaupmannahöfn er stór borg og Sjáland frjósamt land og vel ræktað. En Kaupmannahöfn var ekki bygð á einum degi. Hún hefir ekki orðið til á fám árum, heldur árhundruðum; hún hefir vaxið smátt og smátt jafnhliða því, sem ræktun landsins hefir aukist. En hjer er um það að ræða að gera stórbæ úr Reykjavík á skömmum tíma og gera algerða byltingu í atvinnulífi þjóðarinnar. Mannaflinn til starfans hlýtur að verða tekinn frá öðrum atvinnuvegum landsins, og afleiðingin verður sú, að þeir komast í kalda kol. Háttv. þm. virtist líka átta sig á þessu, en hann hugsaði sem svo, að fólksstraumurinn kæmi ekki úr Árnessýslu. Það má vel vera. Setjum svo, að Árnesingar hlytu svo mikið gott af þessu fyrirtæki, að þeir hjeldust við landbúnaðinn þar, en jeg efa þó, að gróðinn kæmi svo fljótt, að fólkið hjeldist við landbúnaðinn þar. En látum svo vera. Þá eru það bara aðrar sveitir landsins, sem þetta kemur niður á. Fyrir mjer er Árnessýsla ekki alt. Fyrir mjer er jafnmikið í húfi, ef einhverjir hlutar Norður-, Austur- eða Vesturlands leggjast í eyði. Þá held jeg, að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að svara hv. 1. þm. Árn.

Þá kem jeg að hæstv. atvrh. Jeg skildi hann svo, sem honum hafi gramist, er jeg var að tala um öngul og beitu í sambandi við þetta mál. Jeg skil það nú vel, því að það mun hafa verið hann, sem benti á beituna, sem hentugust var til þess að bitið yrði á öngulinn. Þá kom hann með hnútukast til mín út af því, að jeg mundi sjálfsagt hafa borið öngulinn fram beitulausan, ef fjelagið hefði snúið sjer til mín. Jeg hefi nú svarað því með því, sem jeg sagði um afstöðu mína til Dynjandavirkjunarinnar í fyrra. Jeg var alls ekki flm. þess, þó á frv. stæði, að það væri borið fram af fjhn. Jeg hafði þar sjerstöðu, og það er ekki einsdæmi, að frv. komi frá nefnd án þess að allir nefndarmenn sjeu því fylgjandi. Þá vildi hæstv. ráðh. ekki kannast við það, að orðalag 9. gr. frv. væri ófullnægjandi viðvíkjandi skyldu fjelagsins til þess að starfrækja járnbrautina. Hann játaði þó að vísu, að fyrir gæti komið, að fjelagið hætti að standa straum af henni og sagði, að það færi þá aldrei ver en svo, að járnbrautin yrði ónotuð. En á eftir sagði hann, að það myndi auðvitað ekki verða látið viðgangast, heldur tæki ríkið við henni og starfrækti hana. Það var einmitt þetta, sem jeg hjelt fram. Ríkið verður þá að taka við henni fyrir það verð, sem hún hefir kostað. **(Atvrh. MG:** Hvar stendur það?). Mig minnir, að það standi einhversstaðar nærri stjórnarskránni, að eignir verði ekki teknar af mönnum án þess að fult verð komi fyrir, og jeg man ekki betur en að það kæmi hljóð úr horni hjer á dögunum, þegar hv. 4. þm. Reykv. (HjV) kom með brtt., sem hróflaði eitthvað

við þessu ákvæði. En að stjórnarskráin gildi ekki jafnt gagnvart útlendingum, sem hjer eiga eignir, kemur auðvitað ekki til mála. Til þess að járnbrautin geti fallið endurgjaldslaust eða fyrir lítið verð til ríkisins, ef fjelagið hættir að starfrækja hana, þá þarf að taka slíkt fram í samningunum. En hvar stendur það? Þá sagði hæstv. ráðh., að ef menn ætluðust til, að útlendingar kæmu hingað með fje til þess bara að eyða því, þá mundum við verða að bíða öldum saman eftir því. Já, jeg býst nú við því. En jeg vil heldur bíða öldum saman en láta útlendinga gleypa mig með húð og hári og láta þá fá rjett yfir mjer. Þá sagði hæstv. ráðh., að það kæmi ekki málinu við, þó meira vatnsafl væri í Þjórsá en það, sem í ráði er að virkja. Jeg fæ nú ekki skilið, að það komi ekki málinu við. Ef fyrirtæki þetta verður arðberandi, þá hugsa jeg, að eigendur þess muni álíta, að einmitt þetta komi málinu nokkuð mikið við. Þá munu þeir auðvitað beita áhrifum sínum til þess að fá leyfi til þess að virkja meira. En hæstv. ráðh. sagðist hafa þá trú á Alþingi Íslendinga, að það mundi neita um virkjun, ef það áliti hana til ills. Þá er þess að gæta, að þetta er lagt undir mat. Hæstv. ráðherra heldur því fram, að stóriðja sje okkur til góðs. Hann mundi því vera fús á að leyfa meira af svo góðu, því meira, því betra. En jeg verð að segja, þó það sje ef til vill hart að segja það upp í opið geðið á Alþingi, að jeg hefi enga tröllatrú á því, að Alþingi geti ekki skjátlast eða orðið skyssa á. Jeg geri nú ekki ráð fyrir, að þetta komi til, meðan þeir eiga sæti á þingi, sem nú sitja. En jeg get ekki varist þess að benda hæstv. ráðherra á það, að hjer var á síðasta þingi samþykt að veita sjerleyfi. Mjer skilst, að stjórnin muni nú hafa litið svo á, að það sjerleyfi muni ekki vera til góðs, því að hún hefir ekki enn veitt leyfið. Hún mundi hafa veitt einkaleyfið, ef hún hefði álitið það til góðs. En eftir þetta stendur stjórnin illa að vígi með að segja, að hún treysti Alþingi til þess að samþykkja ekki slík leyfi nema þau sjeu til góðs. Jeg er ekki með þessu að áfellast Alþingi, því að auðvitað hefir það álitið einkaleyfið vera til góðs, en stjórnin hefir litið öðruvísi á það mál. En þannig mun það fara með Titan, eða hvaða fjelag sem er, sem mundi sækja um leyfi til aukinnar virkjunar. Sínum augum lítur hver á silfrið, hvort það er til góðs eða ills, og vont að sjá, hvor verður í meiri hluta. Þessi vörn hæstv. ráðherra er því harla lítilsvirði. En ef þetta fyrirtæki reynist arðvænlegt, þá er enginn vafi á því, að fjelagið sækir um leyfi til þess að mega halda áfram, uns það væri búið að handsama alt vatnsafl Þjórsár, en það er tæp miljón hestafla. Sú virkjun kynni að vera leyfð og framkvæmd á svo skömmum tíma, að aðrir atvinnuvegir landsins þyldu ekki blóðtöku þá, sem það hefði í för með sjer.

Hæstv. ráðh. sagði það síðast, að hann sæi ekki ástæðu fyrir mig að vera á móti þessu fremur en virkjun Dynjanda á síðasta þingi, að öðru leyti en því, að hjer væri líka að ræða um járnbraut. Jeg hefi nú ekkert sagt um það, hvorki nú eða í fyrra, hvort jeg sje með járnbraut eða á móti.

Hæstv. ráðh. vísaði mjer til samflokksmanns míns, til þess að ræða einstök atriði þess máls við hann, og sagði, að jeg mundi helst sannfærast af honum. Jeg vil nú gera hæstv. ráðh. sömu skil og vísa honum til samflokksmanns hans, hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Hann er hlyntur járnbrautarmálinu, en á móti þessu máli af því að járnbrautin er í sambandi við það. Þetta skil jeg mjög vel, og jeg er hissa á þeim mönnum, sem eru með járnbrautarmálinu og telja það þjóðþrifafyrirtæki, að þeir skuli vera ánægðir með þetta frv., því að það er bersýnilegt, að það gerir ekki annað en tefja fyrir járnbrautinni, ef það verður samþykt. Mjer virtist hæstv. stjórn vilja eindregið flýta járnbrautarmálinu á síðasta þingi, en hjer er ekki um það að ræða að flýta framkvæmdum þess máls, því að á framkvæmdum þessa fyrirtækis, sem hjer um ræðir, verður ekki byrjað fyr en í fyrsta lagi árið 1929. En annars get jeg ekki breytt þeirri skoðun minni, að líkurnar fyrir framkvæmdum af hálfu þessa fjelags sjeu ekki miklar. Hæstv. ráðh. og hv. frsm. nefndarinnar fóru þungum orðum í minn garð fyrir fullyrðingar mínar um þetta efni. Þeir þóttust nú menn til þess að vita þetta miklu betur en jeg og fullyrtu, að sterkir menn stæðu að fjelaginu og ekkert væri að óttast. Jeg þykist nú vita, að þessir hv. þm. hafi ástæðu til að ætla, að jeg sje ekki svo mjög kunnugur hnútum fjelagsins. En í sambandi við það, að háttv. frsm. gat þess, að sumir auðugustu menn Noregs stæðu að fjelaginu, þá skal jeg geta þess, að jeg þekki einn hluthafa, sem á ¼ milj. í fjelaginu, og jeg fullyrði, að hann leggur ekki grænan eyri meira í það. Þannig gæti því verið varið um fleiri. Það má vel vera, að það sjeu auðmenn, sem standa að fjelaginu, en þá er eftir að vita, hve mikið af fjármagni fjelagsins er í höndum þeirra, því að eftir því fer skylda þeirra til að leggja fram og hvöt þeirra til að leggja fram meira fje. Það er ekki við því að búast, að menn vilji tefla 10—20 miljónum í tvísýnu til þess að bjarga fjórðung miljónar.

En það er af tilviljun, að jeg veit dálítið meira um þetta fjelag. Jeg veit, að það á jarðir á Skeiðaáveitusvæðinu fyrir austan, og það hefir legið við borð, að gert yrði fjárnám í þeim jörðum fyrir ógreiddum tillögum til áveitunnar. Jeg veit ekki, hvort fjelagið hefir greitt þau ennþá, en ef svo er, þá væri gott að fá upplýsingar um það. Þarna hefir fjelagið þá ekki getað int af hendi þær skyldur, sem kotbændur þar eystra gera, og ber slíkt ekki vitni um mikið ríkidæmi, eða að fjelagið sje svo öflugt eins og hæstv. ráðh. og hv. frsm. samgmn. vilja vera láta. Þá hefir verið sagt, að það stæðu ákaflega öflugir menn að baki þessara manna. Það er nú óvíst, að hve miklu liði þeir menn verða, sem að baki standa. Það er ekki víst, að þeir verði að eins miklu liði og Björn að baki Kára, og þótti sá styrkur þó aldrei mikill. Áður en jeg trúi á kraftaverk frá þessum mönnum, þá vil jeg sjá eitthvað af afrekum þeirra. Jeg vil fyrst sjá þá inna af hendi lögmæltar skyldur sínar hjer á landi.

Hv. frsm. spurði mig mjög fast og eindregið, hvað jeg vissi um fjelagið og hag þess. Nú vil jeg spyrja hann:

Hvað veit hann um það, að fjelagið hafi nóg fje til þess að leggja fram? Jeg vænti, að hann svari þessu skýrt og skorinort, á hverju hann byggir þær fullyrðingar sínar um það, að fjelag, sem ekki getur int af hendi lögákveðnar smáfjárgreiðslur hjer á landi, geti lagt fram tugi miljóna til þess að koma þessu fyrirtæki á stofn. Jeg vil hafa leyfi til að efast um það, og annað hefi jeg ekki gert. Jeg hefi ef til vill kveðið svo sterkt að orði, að jeg sje sannfærður um, að ekkert verði úr framkvæmdum. Jeg legg ekkert upp úr því, þó sagt sje, að hlut-hafarnir eigi nóg fje til. Jeg hefi fleiri ástæður til þess að efast. Jeg efast um það, að þetta fyrirtæki geti nokkurn tíma borið sig. Jeg efast um, að þessir menn sjeu svo vitlausir, að þeir vilji leggja fje í þetta fyrirtæki.

Jeg þykist sjá, að þeir ætlist til, að menn gangi með bundið fyrir augun og álpist svo á eftir þeim athugunarlaust. En jeg stend þar á öndverðum meið, því að jeg skoða málið frá báðum hliðum. Og af þeirri niðurstöðu, sem jeg hefi komist með því að líta á málið frá báðum hliðum, get jeg með góðri samvisku lagt til, að hv. deild felli frv. nú þegar.

Jeg held svo, að það sje ekki fleira í ræðum hv. þm., sem jeg þarf að svara. Jeg hefi bent á þá hættu, sem vofir yfir þjóðfjelaginu, ef Alþingi veitir þetta leyfi, sjeð frá því sjónarmiði, að slíkt risafyrirtæki rísi frá grunni eins og forgöngumennirnir hafa lýst því: að atvinnuvegum landsmanna stafi hætta af því, það sogi til sín vinnukraft sveitanna, svo að bændur standi ráðþrota eftir. Hinsvegar hefi jeg líka bent á, að ef ekki verður neitt úr neinu, eins og alt virðist benda á, þá sje það ekki samboðið virðingu Alþingis að samþ. þetta frv. — ekki sæmilegt að láta menn í öðrum löndum slá peninga út á nafn Alþingis.

Og enn hefi jeg bent á og fært rök fyrir, að það sje ekki til þess að greiða fyrir nauðsynlegum framkvæmdum í landinu að fá slík leyfi mönnum, sem ekkert hafa með það að gera, og ekkert geta gert. Slíkar sjerleyfisveitingar mundu vekja ótrú á landinu og verða þess valdandi, að okkur gengi erfiðlega að fá lánsfje til annara framkvæmda, er ekki verður hjá komist að hrinda eitthvað á leið þegar á næstu árum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Umr. hafa nú staðið það lengi, að jeg held, að þeim ætti nú senn að verða lokið, enda ætla jeg að verða stuttorðari en sá hv. þm., sem nú var að hætta. Jeg þarf aðeins að svara þeim fáeinum orðum, hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og hv. 1. þm. Reykv. (JakM).

Jeg skildi hv. 2. þm. N.-M. svo, að hann hefði í fyrra verið andvígur járnbrautarfrv., en nú virðist hann óánægður yfir því, að það frv. skyldi ekki borið fram nú. Stjórnin leit svo á, að ekki mundi til neins að bera frv. fram í sama formi og á síðasta þingi, það mundi ekki komast áfram í gegnum þingið, enda kom það ekki fram hjá hv. þm., að hann hefði skift um skoðun frá í fyrra og væri nú orðinn með járnbraut. Hitt er aftur á móti rjett hjá honum, að til endanlegra úrslita kom aldrei í fyrra, enda veit hann vel, að það var alment álitið þá,

að nægilegt fylgi skorti, og þess vegna beittu menn sjer ekki eins mikið fyrir því að koma málinu áfram. Þess vegna vildi stjórnin ekki höggva í sama farið aftur.

Jeg veit ekki, hvort jeg hefi skilið hv. 2. þm. N.-M. rjett, en mjer virtist hann halda því fram, að Dynjandisjerleyfið væri fallið úr gildi, af því að fjelagið vantaði fjeð. En jeg vil þá benda honum á það, að enn er von um lausn á því máli, og það áður en langt um líður.

Þá mintist hann á, að hlutafje Titans mundi ekki nóg til þess að hægt væri að byrja á því að virkja Urriðafoss, og virtist draga þetta út úr orðum hv. frsm. (KlJ). En um þetta hefir ekkert verið sagt, heldur hitt, að fengist þetta sjerleyfi með þeim kjörum, sem forgöngumennirnir telja sig geta gengið að, þá mundi ganga betur að fá nægilegt fje til virkjunar. Hitt er vitanlegt, eins og þegar hefir verið tekið fram, að það er ekki meiningin að byggja út allan fossinn í einu, heldur smátt og smátt.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að enn væru margir fossar í Noregi, sem betri mundu til virkjunar en þeir, sem um er talað hjer á landi. En þetta er ekki rjett, að dómi þeirra manna, sem þetta eiga að þekkja. Mjer hefir t. d. sagt einhver mesti fagmaður í þessu efni, Stuevold-Hansen, að fossarnir í Þjórsá væru betur fallnir til virkjunar heldur en fossar yfirleitt í Noregi vegna hins jafna vatnsmagns Þjórsár árið um kring. En það hefir afarmikla þýðingu, þegar byggja á út fossa, að krafturinn sje sem jafnastur alt árið. Margfalt meiri munur á minsta og mesta vatnsmegni í ánum í Noregi.

Það er rjett, sem sami hv. þm. (ÁJ) hjelt fram, að margir hafa tapað á fossavirkjun í Noregi, sem er heldur ekki neitt undarlegt, þegar þess er gætt, að ýms ung fjelög byrjuðu starfsemi sína einmitt á þeim árum, er dýrtíð var þar mest í landi. En annars er þetta talsvert einkennileg röksemdaleiðsla. Mundi ekki rjettast að láta útlendinga sjálfa ráða, hvort þeir vilja láta fje sitt til þessa fyrirtækis? Er ástæða til fyrir okkur að gerast fjárhaldsmenn þeirra? Vilji þeir leggja fje sitt í fossavirkjun hjer, ættum við að lofa þeim það. Þeir, sem byrja á slíku, gera það í þeim tilgangi að hafa gott af því. En það gengur upp og niður þar eins og annarsstaðar, sumir græða en aðrir tapa.

Þá sagði sami hv. þm., að hann hefði enga trú á, að fjeð til virkjunar kæmi frá Noregi. En um það hefir ekkert verið sagt. Það hefir verið talað um, að fjeð mundi aðallega koma úr öðrum löndum, t. d. frá Svíþjóð og Þýskalandi. Mjer hefir einmitt skilist, að gert væri ráð fyrir, að það mundi litlu nema, sem Norðmenn legðu sjálfir af mörkum í fyrirtækið.

Þá skildist mjer af orðum hv. 2. þm. N.-M., að hann teldi það synd, að ríkið legði ekki járnbrautina á eiginn kostnað, af því að við ættum von á svo miklum og góðum viðskiftavin, þar sem Titan er með alla sína miklu flutningaþörf. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (ÁJ) hefir tekið eftir því, að þó að virkjunin sje fyrir austan, við Urriðafoss, þá á iðjuverið að vera hjer og framleiðslan, svo að flutningar fjelagsins verða langt um minni með brautinni en hann vill vera láta, nema í byrjun.

Þá sagði hann að síðustu, að sín ótrú á fyrirtækinu væri jafngóð og trú okkar, sem höldum fram frv. En það fer vitanlega eftir því, hverju bygt er á. Jeg held, að hann viti miklu minna um þetta mál en jeg og hv. frsm. Síðan jeg fór af stað í utanför mína hefi jeg aflað mjer mikilla upplýsinga um þetta mál, en hv. 2. þm. N.-M. hefir ekki, svo jeg viti, gert hið sama, og hjá mjer hefir hann engra upplýsinga leitað. Jeg veit ekki, hvort hann hefir leitað til hv. frsm. (**KlJ**: Nei, alls ekki). Jeg verð þá að álíta, að mín trú á málinu sje betri og veigameiri en ótrú hv. 2. þm. N.-M., því að jeg byggi á traustari grundvelli en hann.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) mintist á sjerstöðu sína gagnvart Dynjanda í fyrra. En hann verður að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg vissi ekki, hverju fram fór um málið í fjárhagsnefnd. En hitt kemur mjer undarlega fyrir sjónir, að maður, sem er eins skapi farinn og heitur í ræðum eins og hv. 1. þm. Reykv., skyldi sitja kyr í stólnum, hafi hann verið eins harður á móti sjerleyfinu í fyrra eins og hann vill nú vera láta. Og sje eins mikil hætta á ferðum með því að veita leyfi til þess að virkja Urriðafoss eins og hann lætur, þá hlýtur sú sama hætta að vofa yfir vestra í sambandi við þá virkjun, sem þar var leyfð á síðasta þingi. Jeg verð því að segja, að það hafi verið illa gert af honum í fyrra að benda ekki okkur hinum, fávitringunum, á þessa afskaplegu hættu. Annars get jeg tekið undir það með honum, að þetta frv. sje alt annars eðlis en sjerleyfisfrv. í fyrra, og það af þeim ástæðum, að hjer fylgir með svo stórfeld samgöngubót, að slík hefir aldrei verið í boði. Svo að hafi verið ástæða til að samþ. sjerleyfi Dynjandi til handa í fyrra, þá er ekki minni ástæða til að verða við beiðni Titans, þegar litið er á þau fríðindi, sem fylgja.

Þá er það mannfjöldinn, sem vinna á að virkjuninni. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að 2500 manns mundi þurfa við verkið, og hafði það víst eftir hv. 1. þm. Árn. En jeg hefi það eftir góðum heimildum, að það muni aldrei þurfa nema um 600 manns, þegar verkið er komið í fullan gang, svo að 2500 er svo langt frá rjettu lagi, að undarlegt er, að nokkur skuli halda því fram í alvöru.

Jeg sje litla ástæðu til að karpa um orðalagið á 9. gr. Hún er orðuð eins og aðrar fyrirskipanir í lögum: að leyfishafi reki og framkvæmi þetta eða hitt. Hjer er því ekki um annað að ræða en venjulegan boðhátt í lögum.

Þá vildi hann halda því fram, að fjelagið gæti hætt að reka brautina. En þá hefir það líka fyrirgert rjetti sínum, og fer þá um það samkvæmt 11. gr. sjerleyfislaganna, og hana hefir hv. þm. að líkindum lesið.

Orðatiltækið að ráðherra ákveði flutningsgjald með brautinni þýðir ekki það, að ráðherra sje skyldugur til að samþykkja hvaða taxta sem er, heldur hitt, að sjerleyfishafi verður að hlíta í þessu efni því, sem ráðherra vill fallast á og samþykkir. En út frá hinu er gengið, að enginn ráðherra fari fram á það, sem kalla má að sje ósanngjarnt. Allar þessar að-

finslur háttv. þm. eru ekki á neinum rökum bygðar, og ætti því ekki að þurfa að eyða mörgum orðum um þær.

Jeg kippi mjer ekki upp við það, þó til mín sje beint, að ekki sje alt tekið upp í þetta sjerleyfisfrv., sem þörf er á. Það er með vilja orðað eins rúmt og það er, því að ætti að hafa lögin jafnítarleg og hv. 1. þm. Reykv. virðist halda fram, þyrfti ekkert leyfisbrjef. En hjer er aðeins um sömu leið að ræða sem altaf hefir verið farin í þessu efni.

Þá hjelt sami hv. þm. því fram, að engir hagsmunir manna væru bundnir við virkjun fossins, heldur væru þeir bundnir við járnbrautina eingöngu. Því er vitanlega ekki að neita, að margir hagsmunir fylgja slíkri samgöngubót, en þó mætti líka líta á hitt og að það verði að telja mikla hagsmuni fyrir hjeruðin austan fjalls að geta fengið ódýrt rafmagn. Og úr því Kaupmannahöfn þykir það svara kostnaði að leiða rafmagn frá Svíþjóð, eins og hv. 1. þm. Árn. benti á, þá má nærri geta, að bændur austan fjalls mundu taka því fegins hendi að geta lýst og hitað bæi sína.

Líka mætti benda á, að í sambandi við virkjunina gefst bændum kostur á tilbúnum áburði fyrir væga borgun, en það er eitt af skilyrðunum fyrir aukinni ræktun landsins. En fyrir mjer er aðalatriðið sú mikla samgöngubót, sem liggur í byggingu járnbrautarinnar.

Þá hjelt sami hv. þm. því fram, að afleiðingin af virkjun fossins og allra þeirra breytinga, sem fylgdi, yrði sú, að stór hluti landsins norðan og austan mundi leggjast í eyði. Eitthvað heldur hann þá, að glæsilegt verði í hjeruðunum austan fjalls, ef þangað flykkist fólk í þúsundatali úr öðrum landsfjórðungum. Menn mundu ekki fjölsækja hingað, væri ekki annað að finna en fátækt og dauða. Jeg get ekki búist við, að hann hafi þá ótrú á landsmönnum, að þeir mundu sækja þangað, sem þeir yrðu sveltir og þrælkaðir. Svo að eitthvað er þetta undarlegt hjá honum. Hann hefir mestu ótrú á virkjuninni, telur, að hún muni mikilli bölvun valda þarna austanfjalls, en gerir þó ráð fyrir, að þar rísi upp það Gósenland, sem gleypi alt fólkið úr öðrum landsfjórðungum.

Viðvíkjandi beitunni, sem hann var aftur að minnast á, þá vil jeg segja það, að jeg fyrir mitt leyti vil heldur taka beittan öngul en beran. Hann tók beran öngul í fyrra; nú stendur honum til boða beittur öngull. Og jeg get bætt við, að fyrir mjer er það hreinasta tálbeita að fá 83 km. járnbraut og önnur fyrirtæki fyrir einar 2 miljónir króna.

Þá hjelt hann því fram, að gengi þessi virkjun vel, þá yrði haldið áfram að veita sjerleyfi á sjerleyfi ofan, þangað til öll Þjórsá væru virkjuð, en af því mundi leiða þá bölvun yfir land og lýð, sem ekki væri hægt að gera sjer nú hugmynd um. Jeg verð að segja það, að hann beri ekki mikið traust til þeirra manna, er sæti eiga á Alþingi í framtíðinni, ef hann ætlar þeim að veita framhaldssjerleyfi, sem auðsætt er, að verði þjóðinni til ills eins.

Hitt þykir mjer sennilegra, að kæmi til þess að veita framhaldssjerleyfi, þá yrði það því aðeins gert, að alt hefði gengið vel þangað til; en það er

ekki til neins að ætla sjer að fyrirbyggja vitleysu eða ranglæti í framtíðinni með því að hindra, að þetta frv. nái fram að ganga.

Jeg vona fastlega, að það verði samþykt þrátt fyrir hina löngu og harðorðu ræðu hv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. hefir ekki lýst yfir því, hvort hann er vinveittur járnbraut eða ekki, og get jeg því geymt mjer að rökræða við hann um það, þangað til hann hefir lýst yfir því, að hann sje andstæður járnbraut.

Hv. þm. vjek að því, að þetta fjelag væri svo aumt, að það gæti alls ekkert gert, en í hinu orðinu útmálaði hann þær óttalegu afleiðingar, sem það hefði fyrir þjóðina að hleypa inn erlendu fjármagni. Mjer virðist dálítil mótsögn í þessu. En jeg get fullvissað hann um, að það er satt, að þektir erlendir fjármálamenn hafa lýst því yfir, að þeir mundu leggja fram fje til fyrirtækisins, ef hagfelt sjerleyfi fengist. Mjer er sjálfum kunnugt um þetta, og þess vegna er það ekki rjett, hver sem það segir, að fjelagið sje þannig, að það geti ekki haft framkvæmdir um virkjun og járnbrautarlagningu. En þær ljótu myndir, sem hv. þm. málaði á vegginn, getur hann skemt sjer við að horfa á sjálfur. **(JakM:** Útlendir fjármálamenn leggja ekki fje í fyrirtækið, nema þeir telji það óhætt). Já, ef þeir telja það óhætt. En þetta fyrirtæki er einmitt þannig vaxið, og hefi jeg þar fyrir mjer orð Hansens vatnamálastjóra í Noregi, sem þekkir allra manna best til. Á hans áliti byggi jeg meira heldur en áliti hv. 1. þm. Reykv., þótt hann segi sjálfur, að hann hafi hugsað mikið um málið.

Þórarinn Jónsson: Jeg get verið fáorður um þau atriði, sem jeg þarf að drepa á, því að fáar athugasemdir hafa verið gerðar við það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni.

Hæstv. atvrh. vjek að því út af ræðu minni, að bera saman, hve mikið þetta sjerleyfi væri betra fyrir landið heldur en hitt, sem veitt var í fyrra, og sagði, að það munaði 4½ milj. kr. Það, sem jeg tók fram um þetta, var almenns efnis, og það var ekki ástæðulaust, því að eftir því, sem um fleiri sjerleyfi er að ræða, því meiri ástæða er til þess að vera varkár í þeim efnum.

Þá var hæstv. atvrh. að tala um það, að tillag ríkissjóðs til þessa fyrirtækis væri ekki mikið á móts við það, sem við fengjum í aðra hönd. Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, að svo mikið á að gera fyrir fjelagið með þessu sjerleyfisfrv., að það væri alveg nóg, enda þótt framlag ríkissjóðs væri dregið þar frá. Það er sýnilegt, að í samningunum hafa aðiljar viljað gera sem mest hvor fyrir annan — stjórnin vill láta fjelagið fá sjerleyfið og þykist ánægð með að fá járnbrautina í staðinn, enda þótt hún verði að leggja 2 milj. króna til hennar og taka til þess lán. Sjerleyfishafar látast vilja gera alt fyrir stjórnina til þess að reyna að draga inn lán á sjerleyfinu og sýnast hafa talið henni trú um, að þeir myndu leggja fje í járnbrautina, þó ekki yrði meira aðgert. En það vita allir, sem nokkuð hugsa um málið, að járnbrautin er hjer aukaatriði. Það er virkjunin, sem er aðalatriðið.

Þá er á hitt að líta, á það, hve miklar líkur eru til þess, að fjelagið, sem er hlutafjelag, fái nægilegt fje til þessarar virkjunar. Það er að vísu

sýnilegt, að fjelaginu er mikið í mun að fá sjerleyfið, til þess að geta fengið peninga. En þá er spurningin sú: Hvaða peningamenn vilja leggja fje í fyrirtæki þetta, og hvað vilja þeir leggja mikið fram?

Samkvæmt frv. á fjelagið að greiða 5 kr. gjald af hverri nýttri hestorku eftir 10 ára tíma, eða 800 þús. kr. á ári. Það er mikið fje, sjerstaklega þegar þess er gætt, að margir peningamenn munu líta svo á, að það sje mikið efamál, hvort fyrirtækið geti borið sig með slíkum kostnaði, og bera þar fyrir sig reynsluna annarsstaðar.

Þá var það eitt atriði, sem sýndi trú hæstv. atvrh. á þessu máli, og að hún er öll bundin við járnbrautina. Hann sagði, að við fengjum með þessu 83 km. járnbraut, eiginlega fyrir ekki neitt, því að við mundum eignast hana, ef stöðvun yrði á virkjuninni. Þessi trú og skoðun hefir ekki aðeins komið fram hjá hæstv. atvrh., heldur einnig hjá hv. frsm., að ef virkjuninni yrði ekki haldið áfram, þá eignuðumst við járnbrautina fyrir sama sem ekki neitt. Þetta er nú svo ótrúlegt, að það er ekki berandi fram fyrir neinn mann. Jeg get alls ekki búist við því, að þeir, sem að fjelaginu standa, sjeu þeir aular, að þeir ætli sjer að leggja 5 milj. kr. í þennan járnbrautarspotta fyrir Íslendinga, og aðeins þeirra vegna. Nei, þeir leggja aldrei brautina, nema með því að fje fáist nægilegt til alls fyrirtækisins. Það er því eins og hver annar barnaskapur að telja frv. þetta til gildis.

Þá skal jeg snúa mjer að því, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði. Hann var að furða sig á brtt. okkar á þskj. 162, sjerstaklega brtt. við 9. gr. En þetta þurfti honum ekki að þykja neitt undarlegt, þar sem hann veit, að jeg hefi enga trú á því, að ríkissjóður reki járnbraut fyrir sinn kostnað. Eða hvernig heldur hann, að farið hefði, ef ríkissjóður hefði átt að starfrækja hjer járnbraut meðan á kolaverkfallinu stóð? Og jeg hefi ekki heldur trú á því, að hún beri sig í höndum fjelags eða einstaklinga.

Hv. þm. var mjer sammála um það, að viðsjárvert væri að veita mörg slík sjerleyfi sem þetta, og sagðist alls ekki vilja láta veita fleiri. Þetta sýnir það, að hann hefir enga trú á gildi járnbrautarinnar. Það má hann vita, að frá öðrum landshlutum geta komið samskonar sjerleyfisbeiðnir, bygðar á alveg eins rjettmætum grundvelli. Þeim vill hv. þm. engan gaum gefa; hann er aðeins að hugsa um sitt eigið hjerað, að það fái þessa samgöngubót á kostnað alls landsins.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) kom lítið að því, sem jeg hafði áður sagt, en hann gaf það í skyn, og meinti það víst til mín, að maður á sjávarbakka gæti ekki borið skyn á þetta mál. Jeg held, að hv. þm. hafi þarna orðið mismæli. Hann hefir víst meint manninn á *Eyrarbakka*. Hv. þm. er dómari og vill eflaust vera rjettdæmur, og af því leiðir, að hann verður að þekkja þann mann vel, sem hann dæmir. Hann kvað nú vera nákunnugur þessum manni á Eyrarbakka, sem svona er ástatt um, og ekki talið laust við, að hann sje „partiskur“ líka.

Þá sagði sami hv. þm. (MT), að það lýsti vantrausti á stjórninni hjá mjer að vera á móti þessu máli. Hann

þurfti nú svo sem ekki að ganga í grafgötur um það; honum er það vel kunnugt, að á síðasta þingi treysti jeg stjórninni ekki til þess að fara með járnbrautarmálið. Og þótt jeg sje stuðningsmaður hæstv. stjórnar, þeirrar, sem nú er, þá hefi jeg þó hvorki selt henni nje neinni annari stjórn sannfæringu mína. Það skal jeg þó viðurkenna, að málið lítur nú öðruvísi út en í fyrra, en samt vorkenni jeg stjórninni, að hún skuli hafa tekið það upp á arma sína.

Hv. frsm. gerði þá athugasemd við ræðu mína í gær, að jeg hefði brotið þingsköpin með því að tala alment um málið. **(KIJ:** Nei, nei!). En það vita nú allir, að hjer í deildinni er talað alment um mál við allar umr. Honum þótti það óviðeigandi hjá mjer að geta þess til, að ríkissjóður yrði að leggja fram fyrsta fjeð til járnbrautarinnar. En frv. ber það ekki með sjer, að svo geti ekki farið. Stjórninni eru engar hömlur settar um það að leggja ekki fram þessar 2 milj. króna áður en fjelagið leggur nokkuð fram.

Það hefir verið talað um, að við hv. þm. N.-Þ. (BSv) tækjum aftur brtt. okkar. Það geri jeg ekki fyrir mitt leyti, og jeg skal lýsa yfir því, að ef þær brtt. verða ekki samþ., þá greiði jeg atkv. á móti frv.

Magnús Torfason: Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) talaði mikið um það, að þetta Titans-sjerleyfi væri hreint og beint brask. Jeg verð að segja, að mjer þykir þetta koma úr hörðustu átt, því að vitanlega er það hæstv. stjórn, sem ber ábyrgð á frv., og jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg þykist ekki hafa leyfi til þess að ásaka hana um það, að hún sje með þessu að leiða okkur út í brask og fleka þar með þing og þjóð. Slíkt athæfi mundi verða hverri stjórn svo dýrt, að hún mundi ekki undir rísa.

Hv. sami þm. rjeði okkur þm. Árn. til að taka upp frv. eins og það, sem hjer var á ferðinni í fyrra. Jú, jeg þakka honum fyrir mitt leyti fyrir heilræðið, en jeg álít, að það hefði ekki verið nærgætnislegt af okkur að koma fram með slíkt frv. í blóra við hæstv. stjórn. Og það veit jeg, að járnbrautarmálið kemst aldrei fram, nema því aðeins, að ríkisstjórnin fylgi því af alefli. Annars er jeg ekki neinn forsvarsmaður Titans. Það, sem mig varðar mestu, er að fá járnbrautina austur. Og úr því að ekki tókst að fara þá leið, sem reynd var í fyrra, þá rekur nauður til að reyna þessa leið.

Þá skal jeg svara hv. 1. þm. Reykv. (JakM) nokkrum orðum. Jeg get verið stuttorður, því það var í rauninni ekki margt, sem hann hafði að athuga við mína ræðu. Hv. þm. sagði, að það væri rangt hjá mjer, að fossaiðja hefði góðan byr um þessar mundir, og sagðist ekki geta hugsað annað en að það stæði í sambandi við Dynjandavirkjunina; en það er ekki. Eins og jeg tók fram, byggi jeg þetta á því, sem jeg hefi sjeð ritað um þetta efni í skýrslum og skjölum verkfræðinga, og má af þeim sjá, að fossavirkjun hefir borgað sig mjög vel þessi árin. Til þessa liggja ýmsar ástæður, og má í því sambandi benda á, að áburðarsalan hefir aukist stórkostlega á síðustu árum. Þá furðaði hv. þm. á því, að jeg skyldi vilja hleypa svo mörgum út-

lendingum inn í landið, sem myndu taka atvinnu frá hinum innlenda verkalýð. Að því er snertir virkjun Urriðafoss hefi jeg farið eftir áætlunum um virkjun alls fossins, en nú er það upplýst, að það er aðeins brot af fossinum, sem ætlunin er að virkja fyrst um sinn, og þarf því vitanlega miklu minni vinnukraft til virkjunarinnar en bent var á. Í þessu sambandi vil jeg minna á það, að eins og nú standa sakir eru engar horfur á, að botnvörpuveiðar verði reknar að sumri til og tæplega síldarútvegur af miklu kappi, og losnar þá um fólk á þeim tíma ársins. En á vetrum er yfirleitt lítið að gera í sveitinni og ekki nema gott til þess að segja, að atvinna sje þá fáanleg. Hv. þm. (JakM) hjelt því fram, að hjer væri um að ræða stórhættu fyrir landbúnaðinn. Hvað mannfjöldann snertir vil jeg geta þess, að hæstv. atvrh. segir, að ekki muni þurfa meira við virkjunina en 600 manns, og eins og jeg sagði áður, þarf vitanlega miklu færri við starfrækslu fyrirtækjanna eftir að byggingu þeirra er lokið. Þegar á þetta alt er litið, held jeg, að fari að draga úr þeirri ógurlegu hættu, sem landbúnaðinum á að stafa af fossavirkjuninni. Þá þótti hv. þm. það óskaplegt, að Reykjavík gæti tvöfaldast á skömmum tíma. En það er nú svo, að hún hefir margfaldast á þessari öld, og það þó að engin slík stóriðja hafi verið orsök til þess. Það er því ekki ástæða til þess að draga þá ályktun af því, sem jeg sagði, að hætta sje á ferðum. Hvað það snertir, að fyrirtækið verði að hætta rekstri, þá getur slíkt vitanlega altaf komið fyrir öll fyrirtæki. Það eru í mínum augum alls engin rök hjá hv. þm., því að öll fyrirtæki geta hætt. Eftir því mætti aldrei byrja á neinu. Nei, í þeim efnum verður vitanlega að fara eftir því, hvað líklegt þykir að dómi sjerfróðra manna. — Þá mátti jeg ekki bera Reykjavík saman við Kaupmannahöfn. Út af því vil jeg segja háttv. þm. það, að í fyrstu landafræðinni minni var mjer kent, að í Kaupmannahöfn væru 130 þús. íbúar, en þeir munu nú vera yfir 800 þús. og hafa þannig hjer um bil sexfaldast á 40—50 árum, og veit jeg ekki betur en að landbúnaður Dana hafi getað þrifist vel, þótt hann hafi haft stórborg með slíkum vexti við hlið sjer.

Hv. þm. var að brýna mig með því, að jeg ætlaðist ekki til þess, að Árnessýsla legði til fólkið. Út af því vil jeg segja það, að jeg hefi nú aldrei hugsað neitt um það, hvaða fólk það yrði, sem fengi atvinnu við virkjunina. Jeg lít yfirleitt alls ekki á þetta mál frá sjónarmiði Árnessýslu sjerstaklega. Jeg lít svo á, að þar sem Reykjavík hefir dregið til sín fólkið úr sveitunum og margfaldast á svo skömmum tíma, þá ætti hún að geta þolað það, að einhver slík stóriðja kæmist á hjer í nánd, einkum þar sem hún á að gera bændunum mögulegt að komast af með minni vinnukraft. Þar kemur bæði til greina áburðurinn, sem á að framleiða, og önnur þægindi fyrir bændur. Ástæðan til fólksfækkunarinnar í sveitunum er heldur ekki eingöngu sú, að vinnukraftinn vanti. Fólk hefir flúið til kaupstaðanna að mínum dómi mest vegna skorts á jarðnæði í sveitunum. Þar eru víða allar jarðir setnar, og menn vilja heldur margir hverjir hverfa til sjávarsíðunnar en vinna hjá bændum.

Árið 1894 kom jeg til Rangárvallasýslu, og voru þá 43 búendur í Austur-Eyjafjallahreppi, og var afkoman þá yfirleitt slæm. 30 árum síðar kom jeg þangað aftur og var tala búenda þá í þessum sama hreppi 28 og afkoma bænda þá svo góð, að þetta var orðinn einhver besti hreppur sýslunnar. Búendum hafði þannig fækkað, en afkoma þeirra stórbatnað. — Annars get jeg sagt hv. 1. þm. Reykv. það, að það er alveg óþarfi fyrir hann að vera að brýna mig með því, að jeg hafi hjer sjerstaklega hagsmuni Árnessýslu fyrir augum og sjái ekki annað. Og það er alveg áreiðanlegt, að sumir mundu ekki vera eins mikið á móti þess frv., ef nokkrir ryðgaðir reknaglar Reykjavíkur hefðu ekki neitað fyrir 30 árum síðan að kaupa Skildinganes fyrir 14 þús. kr.

Jeg skal taka það fram áður en jeg lýk þessu máli, að það, sem helst hefir valdið mjer áhyggjum í þessu máli, er það, hvort Titan geti fengið nóg fje til framkvæmdanna, og það hið sama hygg jeg, að hafi vakað fyrir hæstv. atvrh., en nú þykist hann hafa talsverða vissu fyrir því, að fje fáist, með því að ríkissjóður leggi fram þessar 2 milj. Og fari svo, að fjelagið fái nóg fje, svo að úr framkvæmdum járnbrautarbyggingar geti orðið, þá er það mjer nóg; hitt liggur mjer í ljettara rúmi.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að hann bæri ekki skyn á málið. Það hefi jeg aldrei sagt við nokkurn þingmann, að hann beri ekki skyn á mál; jeg hefi jafnvel ekki borið hæstv. ráðh. slíkt á brýn, þó að þeir á stundum hafi látið eitthvað slíkt fjúka í minn garð. En hitt sagði jeg, að maður, sem býr á sjávarbakkanum, fyndi ekki eins til samgangnaleysisins eins og sá, sem býr fjær honum. — Jeg bý nú á Eyrarbakka og verð að kaupa alt, sem jeg þarf til heimilisins, frá Reykjavík, og á það fellur vitanlega mikill kostnaður. Síðast í haust varð jeg að kaupa kol hjeðan fyrir 88 kr. tonnið og flytja þau á bifreið austur fyrir 50 kr. Það ætti því ekki að þurfa að stafa af neinum vitsmunamun, þó að jeg fyndi betur til þessa en háttv. þm. V.-Húnv.

Jeg hefi annars veitt því eftirtekt, að þessi hv. þm. mun vera öllu betur upplagður til þess að halda ræðu á björtum degi en að kvöldi dags, og var mjer að detta í hug, hvort það mundi geta stafað af því, að það væri eitthvað reimt þarna fyrir norðan á Hjaltabakka og að það kunni að villa hv. þm. sýn, þegar dimt er orðið. — Jeg efast ekki neitt um það, að hv. þm. fari altaf eftir sannfæringu sinni; en mjög tel jeg hann heppinn, að hann skuli altaf geta haft þessa sífeldu óbilandi stjórnarsannfæringu.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg verð að hafa sömu aðferðina og aðrir hv. þm., sem hafa talað nokkuð um málið við þessa umr., að tala um það á víð og dreif, því að jeg tók ekki til máls við 1. umr.

Jeg verð að líta á þetta mál kannske nokkuð öðruvísi en sumir aðrir hv. þdm. hafa gert, fyrst og fremst út

frá þeirri stjórnmálastefnu, sem jeg fylgi, og auk þess af því að jeg er Reykvíkingur og álít mjer skylt að gæta hagsmuna þess bæjar.

Jeg er ekki sammála háttv. 1. þm. Reykv. um það mál, að stóriðja komi inn í landið. Jeg er því fylgjandi, að nýir atvinnuvegir kæmu inn í landið, að minsta kosti ef ekki væri farið lengra út í það en svo, að ekki þyrfti að taka útlendinga á hverjum tíma hingað í atvinnu, heldur tæki stóriðjan aðeins við fólksfjölguninni. Ef hjer kæmi fossavirkjun og stóriðja þróaðist, þá mundi ekki leiða svo litla atvinnu af því. Hinsvegar álít jeg það miklu heppilegra, ef ríkið sjálft ætti orkuverin heldur en að þau væru látin í hendur einstakra fjelaga. Hitt væri aftur spurning, hvort ekki væri hægt að selja aflið til iðju handa ýmsum fjelögum, og jafnvel gefa sjerleyfi til stóriðju. En sá, sem hefir orkuna í sínum höndum, hann hefir í rauninni öll umráð yfir fyrirtækjunum, og álít jeg, að þannig trygði ríkið sjer miklu víðtækari yfirráð og áhrif heldur en með því að láta einstök fjelög fá sjerleyfi fyrir bæði iðju- og orkuver.

Það er nauðsynlegt, bæði fyrir alt Suðurlandsundirlendið og Reykjavík, að fá betri flutninga sín á milli en verið hefir. Það kunna að vera skiftar skoðanir um það, hvort ekki sje hægt að koma því í framkvæmd með betri bílvegum, en jeg er þeirrar skoðunar, að því verði eins og sakir standa best fyrir komið með járnbrautarlagningu. Hinsvegar álít jeg líka, að hagsmuna almennings muni betur gætt með því, að ríkið leggi hana og reki hana, heldur en ef hún væri í höndunum á einstöku fjelagi.

Þá er það sá hluti málsins, sem sjerstaklega snýr að Reykjavík. Það mun öllum vera kunnugt um, að það, sem Reykjavík vanhagar mest um, er rafmagn. Rafmagnið úr Elliðaárstöðinni er svo að segja þrotið, uppselt. Það koma nær daglega til rafmagnsstöðvarinnar fyrirspurnir um það, hvort ekki sje hægt að fá meira rafmagn til iðju, og þar á meðal er frystihúsið, sem ætlast er til, að sett verði upp hjer við höfnina. Það hefir farið fram á að fá 600 hestöfl fyrir sig, en því hefir verið neitað. Það hefir ekki verið hægt að lofa meiru en 30 hestöflum; en þetta er nær ekkert af því afli, sem það þarf, svo að annaðhvort verður aldrei byrjað á því fyrirtæki eða það verður að byggja sjálft sjerstaka stöð handa sjer. Við þetta verður ekki lengi unað. Það verður að fá meira rafmagn handa bænum, og sama máli er að gegna um Hafnarfjörð. Þar eru nú tvær úreltar, gamlar rafstöðvar, sem dottið geta út sögunni, þegar minst varir. Það hefir oft verið talað um, að Hafnarfjörður og Reykjavík, og kannske austursveitirnar líka, ættu að slá sjer saman um að koma sjer upp rafveitu. Nú kann að verða sagt, að þetta mál yrði leyst án þess að ríkið eignaðist orkuver, og kæmi það þó Reykjavík að notum og sveitunum í kring, ef h/f Titan fengi sjerleyfi til virkjunar. En það er ýmislegt við það að athuga, og þá fyrst og fremst það, að rafmagnið, sem Reykjavík liggur mest á, kemur ekki fyr en eftir árið 1937, ef beðið er eftir virkjun á Urriðafossi, en það er enginn vafi á því, að Reykjavík verður að fá mikið rafmagn löngu fyrir þann tíma. Þess vegna er það víst, að Reykjavík verð-

ur að heimta það að fá keypt fossarjettindi, sem hagkvæm sjeu til að auka við rafmagn sitt, eða heimta það af ríkisstjórninni, að hún leggi í það að virkja ný vatnsföll. Þetta mál hefir verið töluvert rannsakað, og það vatnsfallið, sem hugsað hefir verið um, er Sogið. Það er viðurkent, að það er besta vatnsfallið í landinu til virkjunar, ef til vill hagkvæmasta vatnsfallið í Norðurálfunni. Það hefir sýnt sig, þegar bornir hafa verið saman þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið um Sogið, og þeir, sem gerðir hafa verið fyrir fossafjelagið Titan, að rafmagnið úr Soginu verður töluvert ódýrara, og þar að auki hefir Sogið þann kost, að það er hægt að virkja það smám saman. Sú áætlun, sem gerð hefir verið um þetta, er á þá leið, að ef tekin væru 10000—15000 hestöfl og rafmagnið leitt til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og um þær sveitir, sem á leiðinni eru, Grafning og Mosfellssveit, þá kostaði stöðin við Sogið ásamt lagningu til bæjarmarka Reykjavíkur ekki meira en 4½ milj. kr., og ef bætt yrði við bæjarkerfið í Reykjavík og Hafnarfirði því, sem þyrfti, þá yrði það, mjög hátt reiknað, samtals 5½—6 milj. kr., auk kerfis þess og stöðva, sem fyrir eru og feldar væru inn í þessa rafveitu. Það ætti ekki að vera ofvaxið Reykjavík, því að Elliðaárstöðin ásamt bæjarkerfi kostaði 4 milj. kr., og það rjeðist bærinn í að gera. Þegar á það er litið, að Hafnarfjörður og suðursveitirnar eiga hjer líka hlut að máli, þá ætti að vera hægt að ráðast í að ná í þetta rafmagn strax, ekki síst ef ríkið hlypi undir bagga. Það hlyti líka að verða svo, þó að Titan kæmi, því að það mundu verða svo miklar kröfur gerðar úr Reykjavík um að fá aukið rafmagn löngu fyr, að það yrði að leggja í að virkja Sogið hvort sem væri, enda þótt Titan tæki að sjer að útvega Reykjavík sjerstaklega ódýrt rafmagn á sínum tíma. Nú verð jeg að segja það, að enda þótt svo sje, þá kynni jeg að greiða atkvæði með því, að þetta mál færi hjeðan úr deildinni, ef trygt væri með því, að járnbrautin kæmist á. En af þeim umr., sem hjer hafa farið fram, þá sjest engin trygging fyrir því, og jeg skil ekki, að það mundi geta komið fyrir á nokkru öðru þingi en Alþingi Íslendinga, að menn fari fram á það að fá sjerleyfi fyrir jafnmikilli virkjun og hjer er farið fram á, án þess að geta sýnt nokkurn vott þess, að þeir hafi peninga til hennar. Þó að hæstv. atvrh. segi okkur, að það sje sín trú, að fyrirtækið muni komast í framkvæmd, þá tel jeg það ekki mikið að marka. En ef sannanir væru fyrir hendi um það, að peningar væru til, þá held jeg, að auðvelt væri að leggja þær sannanir fram fyrir þingnefnd að minsta kosti. Menn hafa heyrt um það undanfarið, hvernig h/f Titan væri statt, t. d. að eitt hlutabrjef þess, sem hljóðaði upp á 9000 krónur, var selt á 301 krónu, svo að það virðist ekki benda á það, að sú miljón, sem búið er að leggja í þetta verk, sje mikils virði nú. Í öðru lagi er auðsjeð, að ef þeir menn, sem sitja í stjórn Titans hjer á landi, hefðu álitið, að hlutabrjef þessa fjelags væru mikils virði, þá hefði það verið auðvelt fyrir þá að bjóða 302 kr. í þessi hlutabrjef, og græða þá lagleg-

an skilding á þeim síðar. Fyrir mínum sjónum verður þetta svo, að ef leyfið yrði veitt, sem sumir halda fram að sje skaðlaust, þá hefði það þó það í för með sjer, í fyrsta lagi, að ekki yrði hugsað um járnbrautina á meðan fjelagið gæti beðið með að framkvæma verkið, og í öðru lagi, að það mundi minka áhuga manna fyrir því að fá rafmagn og orku til þessara tveggja bæja, sem þó er mjög aðkallandi, og að ráðist yrði í að virkja Sogið, sem jeg álít miklu heppilegra.

Jeg ætla ekki að skifta mjer mikið af afgreiðslu málsins við þessa umr., en komi ekki einhver þau öryggisákvæði sem brtt. við frv. fram við 3. umr., sem færi ríkissjóði eitthvað fyrir það að láta hlutafjelagið Titan hafa rjett til þessa sjerleyfis, ef ekkert verði af framkvæmdum, þá mun jeg greiða atkvæði á móti málinu út úr deildinni.

Magnús Jónsson: Á Alþingi í fyrra var jeg meðflutningsmaður að frv. um það, að ríkið legði í það að byggja járnbraut austur að Ölfusá. Jeg var með í að flytja þetta frv., ekki af því að jeg teldi í sjálfu sjer æskilegast, að ríkið rjeðist í þetta fyrirtæki, heldur af því, að jeg sá ekki aðra leið til að fullnægja þeirri þörf á auknum samgöngum, sem bæði Reykjavík og Suðurlandsundirlendið bíða eftir, og sem jeg er fullviss um, að verður fullnægt fyr eða síðar og ekki getur dregist mjög lengi. Jeg tel heppilegra, að einstaklingar leggi fram fjeð og ráðist í slík fyrirtæki, því að jeg hefi meiri trú á, að þau beri sig, ef einstaklingar hætta fje sínu í þau, heldur en ef ríkið gerir það. Jeg myndi því helst hafa óskað, að Íslendingar sjálfir hefðu verið svo miklir menn, að íslenskt fjelag hefði verið stofnað, sem hefði ráðist í að byggja þessa járnbraut, með talsvert ríflegum styrk frá ríkissjóði, en annars hefi jeg altaf verið þeirrar skoðunar, að málið mundi ekki verða leyst á annan hátt en þann, að útlent fjelag rjeðist í þetta fyrirtæki, og get því ekki annað sagt en að mjer hafi þótt það mjög góð frjett, þegar það heyrðist, að stjórnin hefði náð aðgengilegum samningum við útlent fjelag um að ráðast í þetta fyrirtæki í sambandi við fossavirkjun austanfjalls. Og jeg vil lýsa yfir því, að jeg mun fylgja því frv., sem hæstv. stjórn hefir borið fram, enda þótt jeg geti tekið undir það með þeim háttv. samþingismanni mínum, sem síðast talaði (HjV), að jeg hefði frekar óskað eftir nokkrum smábreytingum í þá átt, sem hann talaði um.

Það er búið að tala svo mikið um þetta frv. alment, að mjer finst jeg næstum verða að biðja afsökunar á því, þegar jeg nú ætla að fylgja þingsköpum og minnast á einstök atriði, og vil jeg þá beina nokkrum fyrirspurnum til hv. nefndar. Í 5. gr. frv. er svo fyrir mælt, að sjerleyfishafi skuli undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, en í stað þess á hann að greiða ákveðið gjald, sem skiftist milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, af hverri nýttri hestorku. Jeg vil vekja athygli á því, að hjer er um tvö fyrirtæki að ræða, járnbraut og fossavirkjun. En gjaldið til ríkissjóðs er miðað aðeins við annað fyrirtækið,

fossavirkjunina. Meðan járnbraut er ein rekin, kemur ekkert gjald í ríkissjóð í stað þeirra gjalda, sem niður eru feld, og er það óviðkunnanlegt, ekki síst ef við járnbrautina eina sæti um langan tíma. Virtist mjer rjettara, að nokkurt gjald kæmi af henni í ríkissjóð og sveitarsjóð, vegna þess, að jeg fyrir mitt leyti er alveg viss um það, að járnbrautin hjeðan austur í sýslur hlýtur með tíð og tíma að verða mjög gott fyrirtæki, ef rjett er á haldið. Mætti miða það við hundraðsgjald af nettótekjum, því ef enginn ágóði verður, þá nær það auðvitað ekki lengra; þá er sjerleyfishafi með öllu undanþeginn slíku gjaldi.

Þá er í 6. gr. tekið fram um það, að verð árshestorku skuli ekki fara fram úr 55 krónum, og vil jeg spyrja, við hvað þetta er miðað, — á orkan að kosta þetta við orkuver eða við millistöðvar hjer í grend, eða er það við mæli hjer í bænum? Það sjá allir, að þetta getur munað afskaplega miklu, því að kostnaðurinn við rafmagnið er ekki eingöngu við orkuverið sjálft, heldur er leiðslan að austan afskaplega dýr, og svo er auk þess leiðslukerfið hjer í bænum. Þetta skilst mjer muni muna alt að helmingi, eftir því hvort miðað er við orkuver eða mæli hjer í bænum.

Í 8. gr. er kveðið á um, hvernig kostnaðinum skuli skift milli aðiljanna. Hefir alveg verið með rjettu bætt inn Rangárvallasýslu sem aðilja, enda þótt brautin liggi ekki um hana, því að hún kemur til með að njóta hagsmuna af fyrirtækinu. En jeg vildi spyrja, hvort einsætt þyki, að Reykjavík leggi fram allan kostnaðinn vestan afrjettar. Þar er þó um aðra aðilja að ræða, þar sem er Gullbringu- og Kjósarsýsla og annar stærsti kaupstaður landsins, Hafnarfjörður. Mjer finst það ekki vera nein fjarstæða, þótt þessir aðiljar hefðu einhverja íhlutun um kostnaðinn, sökum hagsmuna þeirra, sem þeir koma til með að hafa af járnbrautinni. Jeg er alls ekki með þessu að mæla Reykjavík undan þessari skyldu, því að jeg tel, að hún hafi hjer svo mikinn hagnað af þessu, að vel megi leggja nokkuð mikið á hana í þessu skyni, en þá fer þó best á því, að samræmis sje gætt.

Þá er eitt atriði í 9. gr., sem jeg vildi minnast á. Þar er sagt, að ef rekstrartekjurnar fari fram úr því, að sjerleyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu, þá fái ríkissjóður einnig ársvexti af sínu framlagi, þó ekki yfir 6%, og ef enn verður afgangur, skiftist hann milli þessara tveggja aðilja. En jeg tel ekki ósanngjarnt, að hinir aðiljarnir, sem leggja hjer til fje, eigi einnig arðsvon af fje sínu í fyrirtækinu. Þetta eru nú auðvitað ekki nein stór atriði, en jeg vildi þó beina þeim til nefndarinnar.

Mig langar til að minnast ofurlítið á brtt. á þskj. 162. Aðalbreytingartillagan er í því fólgin, að 2 miljóna króna framlagið frá ríkissjóði falli burt. Þeir, sem eru með þessari brtt., segja sem svo: Við höfum ekkert á móti því að fá járnbraut, ef hún kostar okkur ekki neitt. — En þetta er ekki rjett ályktun af þeim forsendum, sem fyrir eru. Ríkissjóður leggur í raun og veru ekkert fje fram til þessarar samgöngubótar, þó að hann verji tveim miljónum í járnbraut, eins og jeg skal nú sýna. Hæstv. forsrh. gat um það við 1. umr., að nokkuð af

þessu fje mundi skila sjer aftur í ríkissjóð með ýmsum hætti. En jeg ætla alveg að sleppa því og byggja þetta á öðru. Öllum er það ljóst, að fyrir ríkissjóði liggur að veita á næstunni stórfje til samgöngubóta austur yfir fjall. Verður að leggja nýjan veg austur yfir fjall, og slíkur vegur, sem fullnægjandi verður allan ársins hring, mun koma til að kosta um 3 milj. kr. En ríkissjóður getur ekki átt von á neinum tekjum af þeim vegi, því að varla er að búast við því, að hann fari að setja hjer upp stór flutningatæki, heldur mun hann láta aðra um að halda uppi samgöngunum. Hjer er því þriggja miljóna framlag, sem á ríkissjóði hvílir, ef járnbraut kemur ekki. Nú er það auðvitað, að halda verður uppi vegi austur, enda þótt járnbrautin komi, og kemur sá kostnaður á móti mismuninum á framlagi ríkissjóðs og á því fje, sem fer í nýjan veg, eða 1 milj. kr. Er ekki fjarri því, að þurfi sem svarar vöxtunum af 1 milj. kr. að halda við veginum, ef járnbrautin verður lögð. Það lætur því nærri, að þetta mætist, framlag ríkissjóðs til járnbrautarinnar og það, sem járnbrautin ljettir á ríkissjóði. En aftur á móti fær ríkissjóður tekjur af fyrirtækinu og á þar arðsvon, ef það gengur vel. Mjer finst þá vera rökrjett afleiðing af þessu, að ríkissjóður leggi ekki fram neitt fje, þó að hann leggi fram þessar 2 milj. kr. Auk þess er hagnaðurinn stórmikill fyrir Reykjavík og nágrenni og fyrir sveitirnar austanfjalls að fá samgöngubótina sem fyrst.

Seinni brtt. er smávægilegri, þótt hún sje nokkuð merkileg. Jeg veit ekki, hvers vegna menn vilja fella niður tvo síðari liði gr. Það er aftur eðlilegt, að síðari hluti fyrstu málsgr. falli niður, þegar ríkissjóður á ekki neitt í fyrirtækinu. En óskiljanlegt er, hvers vegna ekki má standa þarna heimild fyrir stjórnina að taka við fyrirtækinu við sanngjörnu verði, ef það þykir heppilegt. Auðvitað verður svo alt nánara, er að þessu lýtur, svo sem um mat á mannvirkinu og slíkt, tekið fram í sjerleyfinu. Og hvers vegna má ekki standa þarna, að umboðsmanni ráðherra eða ráðherra sjálfum sje heimill aðgangur að bókum fyrirtækisins, þótt ríkissjóður hafi ekkert fje lagt fram til þess? Ráðherra á þó að ákveða taxtana. Vegna hagsmuna alþjóðar verður hann líka að geta fylgst með gangi fyrirtækisins. Þá er hann líka fær um að dæma um það, hvort sanngjarnt sje að hækka eða lækka taxtana, ef farið er fram á slíkt. Jeg sje því enga ástæðu til þess að fella þessa tvo liði úr gr.

Jeg ætla að vona, að hæstv. forseti sýni mjer sömu mildi og öðrum þm., þótt jeg segi svo nokkur orð alment um málið.

Háttv. samþm. minn, 1. þm. Reykv. (JakM), hefir lagst allfast á móti frv. þessu, en leitað mjög óvarlega að röksemdum. Það hefir verið bent á, að rök hans mættust á miðri leið og rækjust þar á. Hann kallaði þetta að skoða málið frá öllum hliðum. Í öðru orðinu hjelt hann því fram, að ólíklegt væri, að þetta fyrirtæki kæmist nokkurntíma í framkvæmd og hjer stæði aðeins „svindilbrask“ að baki. Í hinu orðinu hafði hann það á móti því, að hætta stafaði af hinu mikla kapítali,

sem kæmi inn í landið, að það myndi gleypa yfir alt og ríða sjálfstæði voru að fullu. Jeg játa, að háttv. þm. gæti komist í kringum þennan árekstur röksemdanna með því að segjast vera á móti málinu, hvora stefnuna sem það nú tæki. En hann getur þó ekki verið á móti þessu bæði af því að fjelagið sje fjelaust og svo af því að það hafi nægilegt fje til umráða.

Háttv. þm. taldi ólíklegt, að fyrirtæki þetta kæmist í framkvæmd. En engar ástæður hefir hann þó fært fyrir því. En það er nú svo, að þetta veltur alveg á því, hvort hægt er að sannfæra menn um, að fyrirtækið sje arðvænlegt. Það liggur víða ógrynni fjár á lágum vöxtum, sem leitar að góðum og arðvænlegum fyrirtækjum. Ef eitthvert fyrirtæki kemst ekki á, þá er það af því, að ekki er hægt að sýna fram á með rökum, að það sje gott og álitlegt. Ef nú fjelag þetta er svo óálitlegt, að ekkert fje fæst í það, þá er ekkert samræmi í því að tala í sömu andránni um, að blóðugt sje að horfa á eftir öllum þessum arði í vasa útlendinga. Það er vitaskuld, að arður af slíkum fyrirtækjum sem þessum er venjulega hverfandi móts við vinnulaun og annað slíkt. Þótt fyrirtækið sje í alla staði heilbrigt, þá fer svo mikið fje í rekstrarkostnað, að það verður aðeins lítill hluti arðsins, sem rennur í vasa útlendinganna. Þá er ríkissjóði líka heimilt að taka svo mikið gjald af fjelaginu, bæði í töxtum o. fl., að arður sjerleyfishafa svari aðeins til rentu af kapítalinu.

Þá fór hann að tala um fólksekluna og sagði, að ef fyrirtækinu væri hleypt inn í landið, mundi það tæma alveg vinnukraftinn. Um þetta eru nú skiftar skoðanir. Ekki alls fyrir löngu skrifaði þektur maður í tímaritsgrein einni, að ef ekki kæmi hjer fram eitthvert nýtt fyrirtæki bráðlega, þá vissi hann ekki, hvað gera skyldi við fólkið; á hverju ári bættust við mörg hundruð manns og ekkert væri fyrir það að gera. En eftir dálítinn tíma er það þá orðið svo, að ekki má ráðast í fyrirtæki, vegna þess að ekkert fólk er til. Annars held jeg nú, að það sje ekki fullkomlega rjett, að það sjeu fyrirtækin ein, sem draga mjög til sín fólkið. Hvað var það, sem rak fólkið úr sveitunum til Ameríku laust fyrir aldamótin? Straumurinn úr sveitunum, sem kaupstöðunum og sjerstaklega togaraútgerðinni er kent um, var byrjaður löngu áður. Fólkið fór til Ameríku. En þilskipaútgerðin og síðar togararnir stöðvuðu þennan straum í kauptúnum og kaupstöðum hjer á landi. Og jeg álít, að fólkið sje betur komið sem íslenskir borgarar heldur en þótt það hefði streymt vestur. Það er sýnt, að nú er að verða yfirfult í kaupstöðunum, sjerstaklega í Reykjavík og Hafnarfirði, og er þar miklu frekar talað um atvinnuleysi en fólkseklu. En það er fólksekla í sveitunum. Hvaðan mundi nú fólkið koma, ef ráðist væri í þetta fyrirtæki? Það mundi auðvitað koma úr kaupstöðunum, þar sem atvinnuleysið er. En í sveitunum er fátt verkamanna, og bændur, sem margir eru einyrkjar, mundu ekki fara að hlaupa frá búum sínum til þess að gerast daglaunamenn við járnbrautarlagninguna. — Það er öllum ljóst, að það er ekki strjálbýlið, heldur þröngbýlið, sem menn óttast, því að það

er áhyggjuefni margra að þurfa að pressa hvern blett landsins til þess ítrasta. — Þá er það ekki heldur ósennilegt, að stórútgerðin breytist með tímanum og verði ekki eins eftirsótt og hingað til hefir verið. Það má búast við, að hún fari ekki að bera sig nema á arðsamasta tímanum, vetrarvertíðinni, og verði rekstri hennar hagað eftir því. Verður hún þá ekki eins mannfrek og nú.

Það er oft talað um þjóðernishættu í sambandi við fossavirkjun, og felst hún þá aðallega í innflutningi erlends verkafólks. En jeg er alveg óhræddur í þeim sökum, þó að flytjist hjer inn norskir fagmenn, því að þeir verða orðnir íslenskir í 2. og 3. lið. Getur því engin sjerstök hætta stafað af þeim. Hinsvegar skal jeg játa, að það er alls ekki hættulaust að hleypa hjer inn erlendu kapítali í afarstórum stíl. Jeg er ekki svo blindur, þótt jeg hafi trú á járnbrautinni, að jeg sjái það ekki. En það er nú bara svo, að sú hætta vofir þegar yfir okkur. Búskaparlag vort er nú svona. Og við komumst ekki hjá þessari hættu, nema við förum að eins og hinn ágæti maður Þórhallur biskup sagði, og reynum að vernda okkur sem eilífan forngrip. Það er hætta á Spáni vegna fisksölunnar, það er hætta í Noregi vegna kjötsins, það er hætta í Bandaríkjunum vegna ullarinnar og í Englandi vegna ísfisksins. Alstaðar þar, sem við höfum viðskifti við aðrar þjóðir, vofir þessi hætta yfir okkur. Hættan, sem stafar af kapítalinu, sem hjer kemur inn í landið, er ekki meiri en sú hætta, sem við nú erum í og sem er afleiðing af hinu nýja búskaparlagi, sem við höfum tekið upp, að vera í margvíslegu viðskiftasambandi við aðrar þjóðir. Það gefur þeim strax tækifæri til ýmislegrar íhlutunar um vor mál, og reynir þá á, hvað vjer dugum í þeim viðskiftum. Jeg álít, að við eigum að treysta á sjálfa okkur, en hafa vel opin augu fyrir öllum hættum. Þótt við leyfum virkjun Urriðafoss, þurfum við alls ekki að leyfa að virkja alla Þjórsá. Það er eins og við getum ekki gengið eitt skref nema við endilega göngum heila mílu.

Jeg verð að segja það, að þegar hv. 1. þm. Reykv. fór að sýna fram á, hvernig fyrirtækið legði sveitirnar í auðn, þá dámaði mjer ekki að því. Það er þvert á móti víst, að járnbrautin verður með rjettu kölluð stærsta umbótin, sem gerð hefir verið landbúnaðinum til eflingar. Ef það, að fyrirtæki þetta tengir stærstu landbúnaðarsvæði landsins við höfn, þannig að hægt sje að koma afurðum frá og til þessara hjeraða, og að það vinnur áburðarefni úr loftinu, sem landbúnaðurinn þarf að nota, og stuðlar þannig að eflingu nýbýlaræktunarinnar — ef það er að leggja sveitirnar í auðn, þá veit jeg ekki, hvernig haldið er á rökum. Jeg er sannfærður um, að þetta verður ekki Suðurlandsundirlendinu til niðurdreps, heldur til stærri framfara en áður hafa þekst hjer.

Jeg get frekar skilið, eins og kom fram í ræðu hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að menn óttist, að fólkið streymi annarsstaðar af landinu til kjötkatlanna í Egypto. En jeg er ekki svo mjög hræddur við það. Og þótt ætla mætti, að menn flyttu úr harðbalasveitunum til bestu hjeraðanna, er reynslan önnur. Menn eru furðanlega fastir fyrir og vilja helst vera í sínum

átthögum. Munurinn á góðum sveitum og rýrum jafnast upp með mismunandi strjálbýli og landrými, og er þetta alt eldgömul reynsla.

Hv. þm. (JakM) mintist á, að ilt væri, þegar útlendingar, sem hjer væru staðfestulausir, rækju hjer stór fyrirtæki, því að einn góðan veðurdag gætu þeir farið burt með alt saman. Og hann tók til dæmis enska útgerðarmanninn í Hafnarfirði, sem rekið hefir þar togaraútgerð, en stakk svo af með alt saman. Það er nokkuð til í þessu; en þó er dæmið, sem háttv. þm. tók, ekki alveg rjett, því að hjer stendur ekki líkt á. Jeg vil bara spyrja, hvort menn álíti það sennilegt, að nokkur hlaupi burt frá eignum, sem eru upp á tugi milj. kr. Jeg vil minna á það, að togaraeigandinn í Hafnarfirði fór burt með allar sínar eignir og skildi aðeins mjög lítið eftir. Hans dýru framleiðslutæki voru sem sje hreyfanleg. Hann gat siglt á þeim heim til sín. En fyrirtæki sem þetta, er hjer um ræðir, er alveg bundið við eignir sínar hjer, og verða því eigendurnir að selja, ef þeir eiga að geta stokkið frá því. Það væri helst, ef þeir gætu flutt með sjer nokkrar vjelar og lausamuni, en annað ekki. Gætu svo landsmenn síðan sest að hræinu, og má segja, að það yrði góður fengur. Járnbrautina gætu sjerleyfishafar auðvitað ekki heldur flutt burt nema með samþykki meðeiganda, sem er ríkissjóður, ef hann leggur fram fje til fyrirtækisins, eins og ráðgert er í frv.

Jeg get tekið undir það með samþm. mínum, hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að æskilegt væri, að frekari trygging væri fyrir því, að fjelagið byrjaði á þessu verki. Það að heimta fjárhæð að tryggingu er ágætur prófsteinn á trú mannanna sjálfra á fyrirtækinu, hvort þeir treysti sjer að koma því í framkvæmd eða ekki. En jeg býst við, að það hafi verið reynt í samningunum að fá þessa tryggingu, en ekki tekist. Jeg ætla samt ekki að vera á móti málinu vegna þessa, þótt jeg hinsvegar hefði kosið, að fjelagið hefði getað látið þessa tryggingu. En jeg verð þá að láta mjer nægja þá tryggingu, sem felst í góðum nöfnum. Sú trygging er ekki eins lítils virði og sumir láta í veðri vaka. Því að það er útilokað, að þeir menn, sem láta sjer ant um sitt góða nafn, fari að nota sjerleyfið til að braska með það og ginna fje út úr mönnum. Þetta eru þannig fyrirtæki, að það eru ekki nema einstöku menn, sem gefa sig í þau. Það eyðileggur menn með góðum nöfnum að fara inn á slíkt; þeir verða eftir það að halda sig í hópi svindlaranna.. Jeg trúi því ekki, að þeir menn, sem að þessu fyrirtæki standa, sjeu fúsir á að fara í þennan „paria"-flokk fjármálamannanna úti í löndum. Þó að jeg sje ekki fullkomlega ánægður, þá mun jeg þó sætta mig við þá tryggingu, sem hjer er fyrir hendi. Jeg mundi ekki vera með þessu samt, ef ekki væri hjer að ræða um stóra hagsmuni, sem fylgja því, að þetta fyrirtæki komist á fót. Jeg lít svo á, að það sje svo mikils virði að fá þessa samgöngubót austur, að jeg vil gera þessa tilraun. Ef illa fer og fjelagið gefst upp á þessu, þá mun jeg afsaka afstöðu mína til þessa máls með því, að það hafi verið svo miklir hagsmunir annarsvegar, að

jeg hafi álitið vert að gera þessa tilraun þeirra vegna.

Sveinn Ólafsson: Vegna sjúkleika hefi jeg ekki getað hlýtt á sókn og vörn þessa máls. En af því að jeg hefi ritað undir nál. samgmn. með fyrirvara, þá verð jeg að gera grein fyrir honum með nokkrum orðum.

Jeg skal ekki fara neitt inn á það efni, sem umr. hafa sjerstaklega snúist hjer um, heldur halda mjer við fyrirvarann. Eins og mönnum er kunnugt, stóðu hjer fyrir nokkrum árum langar og harðar deilur um það, hvernig ráðstafa skyldi vatnsrjettindum í landinu. Jeg skal ekki fara hjer út í aðalþátt þeirrar deilu, en aðeins minnast á eitt atriði, sem þar kom fram, en það var sú breytilega afstaða manna til spurningarinnar um það, hvort leyfa skyldi útlendingum að nota vatnsorkuna eða ekki. Í þeirri deilu komu fram nöfnin „opingáttarstefna" og „innilokunarstefna", eftir því hvort menn vildu neita útlendingum um notkun orkunnar eða selja þeim þau hlunnindi í hendur. Jeg skal kannast við það, að jeg var í þeim flokki manna, sem nefndir voru innilokunarmenn. Jeg hefi frá upphafi verið óvenjulega lítiltrúaður á ágæti þeirra útlendu menningarstrauma og hagræðið af því, og hikandi við að veita útlendingum slík rjettindi yfir afllindum landsins, sem hjer er ráðgert. Mjer var það mjög óljúft, er útlendu fjelagi var á síðasta þingi veitt sjerleyfi til orkuvinslu í stórum stíl. Jeg gerði þá tilraun til þess að tryggja það, að úr þeim framkvæmdum yrði ekki tómur hjegómi, en svo sem kunnugt er, voru tillögur mínar um að heimta tryggingarfje feldar. Nú stendur hjer líkt á, og þó um stærra fjelag og virkjunarleyfi að ræða. En áður en þetta mál kom til Alþingis, var ríkisstjórnin og stjórn fjelagsins búin að leggja þann samningsgrundvöll, sem annaðhvort verður að byggja á og taka að mestu leyti óbreyttan eða þá að hafna. Jeg skal nú kannast við það, að þegar um þetta útlenda fyrirtæki er að ræða, þá er á fleira að líta en einföld rjettindi útlendingunum til handa. Hjer er líka að ræða um það að fá þá samgöngubót, sem landsmenn hafa lengi þráð, en ríkið er ekki af sjálfsdáðum fært um að ráðast í fyrst um sinn. Jeg tek það fram, að hefði ekki verið þetta sjerstaka tækifæri, þessi möguleiki, þó valtur sje, til þess að fá lagða járnbraut austur um heiði, þá mundi jeg hiklaust hafa mælt á móti sjerleyfi þessu, í hvaða mynd, sem það hefði verið. Jeg hefi eftir atvikum látið mjer lynda, að meðnefndarmenn mínir í samgmn. hafa fallist á þær frekari kröfur, sem brtt. í nál. sýna. Þar eru tekin upp öryggisákvæði, sem gera það að verkum, að fjelagið getur ekki algerlega bótalaust byrjað á verkinu og látið það svo að engu verða nje heldur fengið einkaumráð vatnsmiðlunar í Þjórsá. Jeg skal taka það fram, að jeg hafði hugsað mjer viðurlögin við vanefndum framkvæmda strangari, en meðnefndarmenn mínir í samgmn. töldu, að slíkt mundi geta leitt af sjer, að samningar tækjust ekki, og fjell jeg því frá þeim, enda álít jeg, að þótt geymslufje (depositum) væri heimtað til tryggingar framkvæmdum, þá væri ekki með því girt fyrir misfellur þær og þjóðfjelagslegu hættu, sem leitt getur af því, að

útlendir menn fái yfirráð vatnsorkunnar í landinu og of mikil sjerrjettindi.

Með þessum formála get jeg lýst því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með þessu frv., en tek það jafnframt fram, að jeg tel það með öllu óforsvaranlegt að ganga að slíkum kröfum frá útlendum fjelögum um virkjunarleyfi, nema reistar sjeu skorður við ráðríki þeirra og svo standi á sem hjer, að mikilsverð hlunnindi sjeu í boði, svo sem járnbrautarlagningin að þessu sinni.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg geri ráð fyrir, að þessum löngu umr. fari nú bráðum að verða lokið. Mjer sýnast stólarnir hjerna bera því vitni, að hv. þdm. sjeu búnir að fá nóg af þessum umr. Jeg skal geta þess, að með því flestir af andmælendunum munu vera dauðir, þá mun jeg haga orðum mínum þannig, að jeg skal að minsta kosti ekki bera sakir á þá, og vænti þá, að þeir geti geymt sjer til 3. umr. að svara. Það virðist svo, sem hv. þm. sumum þyki undarlegt, að jeg skyldi minnast á það í gær, að þeir töluðu nokkuð alment um málið við þessa umræðu. En það er misskilningur hjá þessum hv. þm., að jeg væri að átelja það, að þeir töluðu alment um málið við 2. umr. Það geri jeg oft sjálfur. En jeg fann að því, að menn komi með sömu almennu ræðurnar við 2. umr. sem þeir hafa borið fram við 1. umr. Það er oft, að hv. þm. segja það sama tvisvar til þrisvar sinnum, og það verður þreytandi þegar til lengdar lætur.

Þá skal jeg snúa mjer að einstökum hv. þm. og þá byrja á hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Hann hjelt því fram, eins og reyndar fleiri, að ef þetta frv. yrði samþykt og ekkert yrði úr framkvæmdum, þá væri járnbrautarmálinu með því slegið á frest um óákveðinn tíma. En nú vil jeg spyrja hv. þm., hvort hann telji nokkrar líkur til þess, að járnbraut verði lögð hjer á kostnað ríkisins á næstu 3—4 árum. Við vitum, hvernig fjárhagsástandið er, svo það er alveg óhugsandi, að ríkissjóður geti á næstu árum lagt fram þessar 7—8 miljónir, sem þarf til þess að leggja járnbraut. Það er því óhætt að fullyrða, að ríkið mundi ekki geta ráðist í slíkt fyrirtæki, þó Alþingi samþykti það. Það hefir verið tekið fram, að það væri engin vissa fyrir því, hvernig þessi hv. deild hefði snúist í járnbrautarmálinu í fyrra, en jeg held þó, að óhætt sje að fullyrða, að meiri hluti hefði ekki fengist með því eins og það var flutt í fyrra. Þessi mótbára hv. þm. hefir því ekki við nein rök að styðjast.

Þá var eins og þessum hv. þm. kæmi það á óvart, að ekki yrði byrjað með því að virkja allan fossinn. En jeg tók það fram, að byrjað mundi vera með því að virkja svo sem ⅓ hluta hans. Jeg hjelt, að það mundi vera öllum ljóst, að það getur ekki komið til mála að byrja með því að virkja allan fossinn. Jeg held jeg geti fullyrt, að þó að Titan hefði þessar 40 miljónir handbærar, þá mundi fjelaginu ekki detta í hug að virkja allan fossinn í einu. Þetta hefi jeg altaf vitað og búist við því, að það mundi einnig vera öllum ljóst. Jeg hefi hjer í höndunum brjef, sem staðfestir þetta, og skal jeg,

með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp kafla úr því; það er frá advokat Aall:

„Vi gaa ut fra, at den industrielle utnyttelse vil komme til at foregaa skridtvis. Det vil saaledes i første række neppe bli tale om at utbygge mere end 40000 à 50000 hestekræfter overensstemmende med Sætersmoens utbygningsplan I.“

Þetta er gefinn hlutur, og á þessu byggi jeg það, sem jeg sagði. Þá sagði þessi hv. þm., að það væri undarlegt af fjelaginu að vera að seilast hingað til Íslands, þar sem staðhættir væru betri í Noregi og fallvötn óvirkjuð þar. Jeg skal nú láta mjer nægja að vísa til þess, sem hæstv. atvrh. svaraði þessu. Jeg hefi engu þar við að bæta.

Aðalatriðið hjá þessum hv. þm. var það, að ekki mætti blanda járnbrautinni saman við þetta mál. En jeg verð að segja það, að frá því fyrst kom til mála að veita sjerleyfi til virkjunar fyrir 20 árum — það var 1907 sem fyrsta málaleitunin kom —, þá var það einróma álit þeirra, sem í stjórn sátu, að ekki bæri að veita leyfi til virkjunar fyrir austan, hvort sem það nú væri í Þjórsá, Soginu eða Gullfossi, nema virkjunin væri sett í samband við járnbraut. Þetta var skoðun Hannesar Hafsteins, sem þá var ráðherra, og þetta var skoðun Björns Jónssonar, sem ráðherra varð á eftir honum, og þetta hefir verið skoðun *allra* ráðherra fram til 1917. En síðan veit jeg, að menn hafa setið í ráðherrasessi, sem hafa haft þessa skoðun, meðal annara núverandi hæstv. atvrh. Jeg hefi altaf verið þessum mönnum sammála og átt nokkurn þátt í ákvörðunum, sem teknar hafa verið um þetta mál.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ef það væri fullkomlega trygt, að sjerleyfishafi gæti byrjað á framkvæmdum virkjunar, þá *ætti* landið sjálft að leggja járnbrautina, því að þá væri kominn nauðsynlegur viðskiftavinur, sem gæti borið járnbrautina. Af hálfu Titans er það að segja, að fjelaginu er ekkert kappsmál að leggja fram 7 miljónir ókeypis til járnbrautarlagningar. Ef hv. þm. gæti komið því til leiðar, að fjelagið losnaði við að leggja járnbraut, þá get jeg fullvissað hann um, að það mundi kunna honum þakkir fyrir. En jeg hefi nú enga von um, að svo verði. Þá mun það ekki vera fleira, sem jeg hefi að svara hv. þm. N.-M., en vísa að öðru leyti til svars hæstv. atvrh.

Þá er það hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Hann talaði fyrst um það, að nauðsynlegt væri að breyta orðalagi 9. gr. frv. og vildi ekki fallast á skilning hæstv. atvrh., sem allir hljóta þó að vera sammála um. En ef hv. þm. er samt óánægður, þá getur hann komið fram með brtt. við 3. umr., og jeg get lofað því fyrirfram að vera henni samþykkur, því að jeg álít, að það sama felist í greininni sjálfri.

Jeg hafði spurt hv. 1. þm. Reykv., hvað hann þekti til fjelagsins Titans. Hv. þm. sneri nú spurningunni við og spurði mig, hvað jeg þekti til þess. Jeg hefi verið í stjórn fjelagsins síðan 1918, í 9 ár, og verið á fundum á hverju ári, nema einu sinni, með útlendum stjórnendum, svo það er auðvitað, að jeg gerþekki fjelagið og

fyrirætlanir þess. Jeg skal nú óhræddur leggja það undir dóm allra óhlutdrægra manna, hvor okkar muni þekkja fjelagið betur, jeg, sem setið hefi í stjórn þess í 9 ár og oftlega talað við hina útlendu meðstjórnendur og skifst á brjefum við þá, eða hv. 1. þm. Reykv., sem ekki þekkir hina útlendu stjórnendur í sjón, hvað þá meira. Jeg þarf ekki að rökræða þetta; jeg hygg, að það sje öllum ljóst. Að fjelaginu sje alvara með að halda áfram, sjest best á því, að það hefir altaf haft vakandi auga með öllu, er að þessum málum lýtur, sendi mann hingað upp í fyrra, þegar til tals kom á Alþingi að veita sjerleyfi til virkjunar, til að fylgja með málinu, og hefir nú sótt um sjerleyfi.

Þá vildi hv. þm. sýna, að hann þekti töluvert til fjelagsins, og gat þess, að legið hefði við, að gert hefði verið lögtak í jörð fjelagsins á Skeiðaáveitusvæðinu fyrir ógreiddum tillögum til áveitunnar. Mjer er alveg ókunnugt um þetta. Jeg hefi engar fjárreiður haft fyrir hönd Titans. Það hefir annar maður gert, mjög áreiðanlegur maður, sem jeg býst við, að hv. þm. þekki, og jeg veit ekki betur en hann hafi altaf staðið í skilum með allar greiðslur. Jeg veit, að hann hefir haldið skrá yfir, hvað hann hefir átt að borga og hve mikið, og látið sjer mjög ant um að passa þetta sem best. Jeg hefi að vísu ekki haft spurnir af þessu síðustu 2—3 árin, en býst við, að alt sje í lagi með það, því að jeg veit ekki betur en nægilegt fje sje til þess og maður þessi hefir að nokkru leyti getað tekið það undir sjálfum sjer. Annars geta ýmsar ástæður hafa legið til þess, að það hafi átt að fara að gera lögtakið. Jeg veit, að það var nýlega að því komið, að gert yrði lögtak fyrir tekjuskatti hjá stórauðugum útlendum manni, sem á jörð hjer, og kom það þá af því, að umboðsmaður hans hafði gleymt þessu. Þess vegna er þessi saga hv. þm. engin sönnun fyrir því, að fjelagið eigi ekki nægu fje yfir að ráða. Annars verð jeg að segja, að ræða hv. 1. þm. Reykv. gladdi mig að sumu leyti. Hann fór nú mýkri höndum um málið en hann hefir gert að undanförnu. Hann kvaðst einungis hafa lýst *efa* um það, að fjelagið gæti int skyldur sínar af hendi. Jeg skil það vel, að menn geti efast. Jeg ímynda mjer, að allir geti tekið undir það, að efamál geti verið, að einu fjelagi takist að útvega það mikið fje, að hægt sje að byrja á fyrirtæki. Slíkt getur altaf verið efamál. En að fullyrða það, að fjelagið geti ekkert gert, nær ekki neinni átt og er aðeins kastað fram af þeim, sem ekkert vita nje þekkja til þessa máls.

Jeg veit ekki, hvernig sá misskilningur hefir komist inn hjá hv. 1. þm. Reykv., og jafnvel mátti líka lesa það út úr orðum hv. 2. þm. N.-M., að núverandi hluthafar Titans muni leggja fram alt hlutafjeð. Jeg hefi aldrei búist við því og aldrei haldið slíku fram. Hv. 1. þm. Reykv. sagði líka, að sumir hluthafarnir hefðu lagt nú þegar fram um ¼ miljón og mundu láta þar staðar nema og leggja ekki meira af mörkum. En þetta er vitanlega ekkert annað en fullyrðing, eins og fleira hjá þessum sama hv. þm. Jeg þekki menn, sem líka hafa lagt stórupphæðir í fjelagið, bæði upphaflega, er það

var stofnað, og síðar, og jeg veit með vissu, að þeir munu halda því áfram.

Nei, stjórn Titans mun ekki leggja árar í bát, heldur leita fyrir sjer um fje, ekki aðeins hjá hluthöfum, heldur líka, eins og hæstv. atvrh. (MG) drap á í gær, leita nýrrar hlutafjársöfnunar og hefir fulla von um að geta fengið fje í Svíþjóð og víðar. Jeg get bætt því við til frekari skýringar, að mjer er kunnugt um, að fjefjelagið hefir góð sambönd við ýmsa mikla fjármálamenn í Þýskalandi, t. d. í Hamborg, og þaðan vænta menn fjárins. Jeg get um þetta efni vitnað í brjef frá Aall hæstarjettarmálafærslumanni, þar sem hann segir, að miklar líkur sjeu fyrir því, að nægilegt fje fáist til virkjunarinnar, ef ekki verði mjög breytt frá því um sjerleyfið, eins og það er fram borið í frv. þessu. Alt er í þessu efni komið undir sjerleyfiskjörunum.

Frekara þykist jeg ekki þurfa að svara hv. 1. þm. Reykv. Og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) þarf jeg litlu einu að svara. Hann sagði, að það væri ekki nema von, þó að fjelagið fengi ekki nægilegt fje til að leggja fram í fyrirtækið, því að afgjaldið væri of hátt, fyrst 3 kr. af hverri nýttri hestorku, sem hækkaði eftir 10 ár upp í 5 kr. Jeg skal játa, að mjer þykir þetta afgjald fullhátt og hefði talið það heldur tefja fyrir því, að byrjað væri á virkjuninni. En úr því þetta hefir orðið að samkomulagi milli hæstv. stjórnar og þeirra, sem við hana sömdu fyrir fjelagsins hönd, þá þeir um það. Annars hefir hæstv. atvrh. pínt þá eins og hann hefir getað, og með því sýnt, að hann hefir verið fullkomlega fær að semja um þetta fyrir landsins hönd og farið í því efni eins langt og hægt var.

Þá sagði hv. þm. V.-Húnv., að fjelagið mundi ekki byrja að leggja járnbraut fyr en það hefði nægilegt fje til virkjunar. En það hefir verið bent á, bæði af mjer og hæstv. atvrh., að það væri ekki bundið við að byggja út allan Urriðafoss í einu. Ef fjelagið byrjaði að byggja járnbraut fyrir 7 miljónir og virkja t. d. ⅓ af fossinum, sem kosta mundi um 13 miljónir, þá þyrfti það um 20 miljónir króna til þess að byrja með, en ef það hefði þessa upphæð, mundi það vafalaust leggja út í virkjun, og meina jeg þar með ekki einungis byggingar orkuvers, heldur líka iðjuvers.

Fleira var það ekki í ræðu hv. þm. V.-Húnv., er jeg sje ástæðu til að orðlengja um.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) talaði aðallega um það atriði, sem margbúið var að ítreka áður, nefnilega um tryggingu fjelagsins fyrir sjerleyfinu. Mjer skildist orð hans hníga í þá átt, að hann þyrfti frekari tryggingar af fjelagsins hálfu, ætti hann að geta greitt atkv. með frv. Jeg geri ekki ráð fyrir, að nefndin komi með brtt. í þá átt. En honum er innan handar sjálfum að bera fram slíka brtt. við 3. umr. málsins, og kemur þá í ljós, hvort nefndin getur þar átt samleið með honum. En jeg skal taka fram, að með brtt. nefndarinnar er komið svo mikið aðhald hvað fjelagið snertir, að ekki er sanngjarnt að heimta meiri tryggingu, sjerstaklega þó með tilliti til þess sjerleyfis, sem veitt var hjer

í fyrra. Það virðist engin ástæða til, að þetta fjelag verði harðara úti eða af því heimtaðar meiri tryggingar en Dynjandafjelaginu.

Þá er jeg kominn að háttv. 2. þm. Reykv. (MJ) og verð þá að byrja með því að færa honum þakkir mínar fyrir það, hvernig hann tók í málið. Hann fór inn á aðalkjarna málsins og beindi ýmsum athugasemdum til nefndarinnar, sem jeg lofa honum, að verði teknar til frekari athugunar fyrir 3. umr.

Í fljótu bragði virðist mjer jeg geta verið honum sammála um 5. gr. Það getur verið rjett að borga eitthvað dálítið af þeim ársarði, sem verða kann á rekstri brautarinnar á meðan ekki er byrjað á virkjun.

Þá spurði hann um viðvíkjandi 6. gr., við hvað væri miðað um sölu á raforku til almennings, hvort það væri gegnum orkuverið eða mæli. Mjer er náttúrlega ekki um það kunnugt, en tel hinsvegar víst, að það muni vera í gegnum mæli.

Hann taldi sanngjarnt, að Hafnarfjörður og Gullbringusýsla bæru einhvern hlut af kostnaði við brautarlagninguna, og má það vel vera. En jeg tel þó, að Reykjavík ætti fremur að borga þetta en sýslan, því hún hefir miklu meiri hagnað af brautinni.

Að sýslufjelögin, sem gott hafa af virkjuninni, greiði meira en ætlast er til í 8. gr., held jeg að varla megi vænta.

Sem sagt, þessar athugasemdir hv. 2. þm. Reykv. voru góðar, og það eina, sem hafst hefir upp úr þessum löngu umr. Þær voru allar um efni frv. og skulu athugaðar nánar af nefndinni fyrir 3. umr.

Að svo mæltu get jeg látið lokið máli mínu. Jeg held jeg hafi tekið fram það, sem svara þurfti frá sjónarmiði nefndarinnar, og mun ekki taka aftur til máls, nema jeg sje til neyddur, enda vænti jeg, að nú fari að líða að því, að gengið verði til atkvæða um frv.

Árni Jónsson: Jeg hefi ekki miklu að svara þeim hv. þdm., sem tekið hafa til máls eftir að jeg hjelt ræðu mína í gær. Þó kemst jeg ekki hjá að leiðrjetta sumt, sem til mín hefir verið beint, því að öll mótmælin gegn ræðu minni hafa verið bygð á misskilningi.

Jeg vík mjer þá fyrst að hæstv. atvrh. Hann sagði, að afstaða mín til þessa máls hefði breyst frá í fyrra, því þá hefði jeg verið móti járnbrautinni. En jeg vil segja, að það sje ekki rjett að orða það svo, að afstaða mín hafi breyst, heldur er það afstaða málsins sjálfs, sem breyst hefir síðan í fyrra.

Afstaða mín í fyrra var fyrst og fremst sprottin af ótrú á fjárhagslegri afkomu fyrirtækisins, og ríkissjóði því ekki fært að leggja fram það fje, sem brautarlagningin kostaði. Nú er kominn nýr liður inn í þetta samgöngumál, og það eru hinir miklu flutningar vegna orkuversins, er gera munu það að verkum, að fyrirtækið mundi margborga sig. (**MJ:** En ríkið getur altaf tekið brautina og starfrækt hana fyrir eiginn reikning). Það má vel vera, en varla gerist það fyr en fjelagið er búið að hafa margfaldan hagnað af því að flytja það, sem austur þarf til byggingar orkuversins.

Jeg benti á það í gær, að flutningarnir austur til orkuversins mundu nema svo tugum þúsunda tonna skiftir. Þar við bætast svo allar þarfir þessara 2000 eða 2500 manna, sem þarna vinna. Það er ekkert smáræði, sem þessir menn ásamt konum sínum og börnum þurfa í vistum og öðru sjer til framfæris. Og alt mundi þetta flutt með brautinni, sem ætla mætti, að mundi nema um ⅓ af flutningsþörf alls hjeraðsins. Svo mætti minna á eitt enn, sem ekki er óverulegur liður í þessu máli, og það eru fargjöld þessara manna með brautinni austur, auk ferða með henni fram og aftur, en þetta mundi líka skifta tugum þúsunda.

Auk alls þessa, sem nú er talið, er ekki ósennilegt, að ef þetta fyrirtæki kæmist upp, bættist við 4. undrið, sem menn flyktust langt að til að skoða, en hin eru, eins og allir vita, Hekla, Geysir og kolakraninn hans Hjalta hjerna niðri á hafnarbakkanum.

Þá vil jeg leiðrjetta þann misskilning, að jeg hafi sagt nokkuð um það, að „consession" Dynjandifjelagsins, sem sjerleyfið fjekk í fyrra, væri útrunnin. Jeg held, að þeir fjármálamenn, sem að Dynjandifjelaginu standa, sjeu fult eins vel á veg komnir með að útvega fje í sitt fyrirtæki eins og Titan. Það berast frá þeim daglega skeyti og brjef, þar sem tekið er fram, að nú sje „kapitalið" að koma. Það er áreiðanlegt, að þeir hafa líka sínar vonir, og bregðist sænska gullið, þá er að snúa sjer til Þýskalands, líklega til þessara miklu fjármálamanna í Hamborg, sem hv. frsm. var að minnast á. Og þrátt fyrir alt þetta eru þó ýmsir svo ósvífnir að nefna „svindilbrask" hjer í þingsalnum í sambandi við fjelagsskapinn! Það er engin furða, þó að sumum sje þetta viðkvæmt mál, eins og alt er í pottinn búið.

Hæstv. atvrh. hjelt, að jeg hefði blandað saman orkuveri og iðjuveri og að jeg hefði ekki gert mjer ljóst, að annað stæði hjer í Reykjavík. En hjer er enn um misskilning að ræða hjá hæstv. ráðherra; jeg vissi vel, hvað jeg var að segja. En jeg held, að honum hafi skotist yfir, og enda hv. frsm. líka, að gera sjer ljóst, hverju flutningarnir austur að orkuverinu mundu nema.

Þá hefi jeg með þessu svarað hv. frsm., því margt af því, sem hann beindi til mín, var endurtekning á orðum hæstv. atvrh.

Hv. frsm. spurði, hvort jeg teldi líkur til, að ríkið gæti lagt út í slíkt fyrirtæki sem járnbrautin væri, og hvort jeg mundi verða með því. Jeg get svarað því sama og í fyrra, að jeg er á móti járnbraut, vegna þess að flutningarnir eins og stendur eru ekki nógir. En geti hv. frsm. fært fullar líkur fyrir því, að virkjunin sje framundan og að úr henni verði, þá mundi jeg fylgja því eindregið, að ríkið rjeðist í að leggja járnbrautina.

Annars hjelt jeg, að háttv. frsm. mundi reyna að hnekkja því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni um flutningaþörfina austur, en hann sneiddi algerlega hjá því. En hvað viðvíkur ótrú minni á framkvæmdum fjelagsins, þá verð jeg að segja, að hún sje jafnrjettmæt og þeirra trú. Jeg veit, að það berast glæsilegar fregnir af fjelaginu, og jeg hefi fyrir satt, að látið sje í veðri vaka, að menn hafi góða trú á fjárafla fjelagsins nú. En

jeg veit heldur ekki, hvenær væri fremur ástæða til að gefa út glæsilegar veðurspár um framtíðarhorfur fjelagsins, ef ekki þá dagana, sem Alþingi er að ræða um sjerleyfislöggjöf fjelaginu til handa. Jeg verð því að líta svo á, að allar þessar gyllingar og upplýsingar um fjárreiður fjelagsins sjeu litaðar af þeim hagsmunavonum, sem hluthafarnir telja sig eiga hjer í vændum, takist nú að ná í þetta sjerleyfi.

Annars er það næsta undarlegt, að fylgjendur þessa máls eru allir hinir sömu, er með járnbrautarfrv. voru í fyrra. Þess vegna er jeg hissa á, að þeir skyldu ekki grípa tækifærið og bera það fram nú, þar sem þeir hafa þá tröllatrú á, að virkjunin sje rjett ókomin. Ef trú þeirra er svona sterk, — hvers vegna þá ekki að lofa ríkissjóði að hafa hagnaðinn fram yfir erlent gróðafjelag?

Fleira er það ekki, sem jeg þarf að svara þessum hv. þdm., en áður en jeg sest niður, ætla jeg þó að víkja nokkrum orðum til hv. 1. þm. Árn. (MT). Hann fyltist skáldskapargáfu og orti mjer upp orð, sem jeg hafði aldrei sagt. Hann hafði eftir mjer, að jeg hefði átt að nefna Titanfjelagið braskarafyrirtæki. En þetta sagði jeg alls ekki. Hinu beindi jeg til hans, að mig furðaði það stórum, að hann, sem er eindreginn járnbrautarmaður, skyldi nú geta fallist á, að þessari miklu samgöngubót, sem hann telur járnbrautina vera, skuli skotið á frest um óákveðinn tíma.

Hann sagðist ekki taka mig alvarlega, og get jeg vel trúað því. Við, sem þekkjum þennan hv. þm., vitum, að honum er gjarnt að gera að gamni sínu, og að hann þá stundum ræður ekki við gáska sinn. Þess vegna get jeg sætt mig við það, þó að hann taki mig ekki alvarlega, því bæði jeg og aðrir hv. þdm. vita, að hann tekur ekki forseta sameinaðs þings alvarlega.

Magnús Jónsson: Það er aðeins hálft orð út af ummælum hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Hann sagði, sem rjett er, að jeg hefði verið með að flytja járnbrautarfrumvarpið í fyrra, en spurði svo, hvers vegna jeg vildi ekki flytja það nú, þegar sjeð væri, að miklu meiri líkur væru fyrir því, að brautin bæri sig en hægt hefði verið að benda á í fyrra. Þessu hefi jeg nú raunar svarað áður að nokkru leyti, en skal þó bæta við það örfáum orðum. Jeg vil heldur, að fjelagið leggi brautina, af því að ríkinu er innan handar að taka rekstur hennar að sjer þegar það óskar þess. Það getur með því móti látið prívatfjelag ríða á vaðið og prófa fyrirtækið og reka það erfiðustu byrjunarárin. Þegar reynslan er fengin, er miklu álitlegra að taka afstöðu til þess, hvort ríkið vill inn í það fara.

Þórarinn Jónsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (MJ) hefir einn orðið til þess að andmæla brtt. okkar á þskj. 162 og sagði, að þær væru óskiljanlegar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi vegna þess, að við vildum fella niður tillag ríkissjóðs, þar sem ríkið fengi svo miklar tekjur af starfrækslunni. Þessu þarf ekki að svara, því að ef við tökum til samanburðar sjerleyfi það, sem veitt var um Dynjanda í fyrra, þá hefir það fjelag, sem það sjerleyfi fjekk, ekki samskonar hlunnindi og nú á að

veita Titanfjelaginu, en á þó að greiða meira, því að 3 kr. gjaldið fyrir hestorkuna er þar aðeins miðað við 3 ár, en hjer í þessu frv. er miðað við 10 ár.

Í öðru lagi talaði hv. 2. þm. Reykv. um úrfellingu, sem við viljum gera í 9. gr. frv., og gerði mikið úr því, hve heppilegt væri að hafa það ákvæði í lögum, að ríkið mætti, hvenær sem væri, taka við járnbrautinni með öllum hennar gögnum og gæðum, gegn því að greiða sjerleyfishafa framlag hans til hennar. Mjer finst nú satt að segja, að ef það á að standa í lögunum, að ríkið geti tekið járnbrautina hvenær sem því sýnist, þá mundi þó rjettara, að andvirði hennar yrði ákveðið með mati. Seinasta málsgr. 9. gr. í frv. er bókstaflega óþörf, enda er í brtt. tekið fram, að ráðherra skuli „samþykkja öll flutningsgjöld og hafa eftirlit með rekstri brautarinnar." Þarna er alt það fram tekið, sem felast á í seinustu málsgrein 9. gr. frv.

Jeg vil þá undirstrika það, sem hv. frsm. sagði, að það er óhugsandi, að fjelagið ráðist í þetta fyrirtæki nema það fái nægilegt fje til þess. En það er eins og ýmsir haldi, að fjelagið muni byrja á járnbrautinni og síðan kikna á öllu saman, og járnbrautin falli þá til ríkisins. En þetta er misskilningur. Fjelagið ræðst ekki í framkvæmdir nema því aðeins, að það hafi nægilegt fje til þess, enda eru engin viðurlög við því, að aldrei verði byrjað á framkvæmdum.

Hv. frsm. segir nú, að það sje óhugsandi, að ríkissjóður geti lagt járnbraut austur. Við erum þá orðnir sammála um það, þótt öðruvísi bljesi í fyrra. En jeg hefi ekki heldur trú á því, að járnbraut komi, þótt þetta frv. verði samþykt, og það er einmitt trúleysið á það fyrirtæki, sem gerir mig veilan. Þess vegna vil jeg, að fjelagið verði látið sýna, að því sje fullkomin alvara, og að það leggi og reki járnbrautina upp á eigin spýtur.

Hv. 1. þm. Árn. þarf jeg varla að svara. Hann var eitthvað ergilegur og myrkfælinn. Hann var að tala um, að jeg væri heppinn eða óheppinn ræðumaður, hvort jeg talaði að deginum eða kvöldinu. Þetta er bara hlægilegt. Sje honum eitthvað illa við Eyrbekkinginn og heldur að það sje einhver meinlætaskepna, þá vil jeg heldur bera í bætifláka fyrir hann, og hefi von um að fá upplýsingar um hann hjá hv. þm. Barð. (HK), ef á þarf að halda.

Jakob Möller: Mjer finst þetta mál svo stórvægilegt, að það sje ekki óviðeigandi að fara eins langt í athugasemdum og umr. um það eins og þingsköp frekast leyfa.

Mjer finst líka, að margt hafi komið fram í ræðum hv. stuðningsmanna frv. síðan jeg talaði seinast, sem vert sje að undirstrika.

Hv. frsm. fann að því og sagði, að óviðeigandi væri og þreytandi að hlusta á þm. endurtaka ræður sínar. Hafi einhverjir hv. þm. neyðst til þessa, þá stafar það af því, hvernig aðrir hafa hagað máli sínu, og verður þá endurtekningin aðeins árjetting þess, sem þeir hafa sagt áður. En nú er því svo farið, að bæði hv. frsm. og aðrir dáendur frv. þessa hafa fundið það átakanlega, að jeg hefi ekki endurtekið ræðu mína við 1. umr. Það hefir stórum hneykslað þá, að jeg talaði um, hvernig mundi úr rætast, ef fyrirtækið

kæmist á fót, og kölluðu þeir, að röksemdir stönguðust hjá mjer. Þeir eru býsna skilningssljóir, og þó vorkenni jeg sjerstaklega hv. 2. þm. Reykv. (MJ), sem tók þessa speki upp eftir hinum. Þetta er svo mikill barnaskapur, að hverjum þingmanni er ósæmandi. Röksemdir stangast ekki, þótt maður ræði mál frá tveim hliðum og leggi niður fyrir sjer, hvernig muni úr rætast, ef svona og svona fari. En þessi ummæli sýna það best, hvað þessir hv. þingmenn eru veilir, að þeir skuli þurfa að koma fram með slíkar endemis firrur og vitleysur í stað raka.

Mjer hefir þó tekist að koma þeim til að játa það, að ef úr framkvæmdum verður hjá Titan, þá muni það verða til þess að draga vinnuafl úr sveitunum. En þeir segja að vísu nú, að það sje gott og blessað, og hv. 1. þm. Árn. tók þeirri hugsun fegins hendi, að fólki fækkaði í sveitunum. Hv. 2. þm. Reykv. tók í líkan streng, og tók þó enn dýpra í árinni, því að hann sagði, að það væri aðallega fólksmergð, sem við þyrftum að óttast.

Í sambandi við önnur mál hefi jeg heyrt þessa og aðra hv. þdm. óttast mest flótta fólks úr sveitunum. En það er fyrirfram víst, að ef þessar framkvæmdir, sem hjer er gert ráð fyrir, komast á, þá verða þær til þess að auka stórkostlega burtstreymi frá sveitunum, og afleiðingin verður sú, að þangað fæst enginn vinnukraftur, og er þó nú þegar orðið svo lítið um hann, að sáran kvarta bændur.

Hæstv. atvrh. var með þetta sama og aðrir, að jeg hlyti að hafa trú á fyrirtækinu og framkvæmdum, úr því að jeg fór að minnast á, hvernig þær mundu ganga. Jæja, segjum það, að jeg trúi því, að úr framkvæmdum verði, en þá trúi jeg því líka, að þær verði þjóðinni ekki til góðs. Frá mínu sjónarmiði er það vitleysa að hleypa þessu inn, og ef sú vitleysa kemst á, þá verði ekki hindraðar aðrar og meiri vitleysur, sem sigla í kjölfar hennar. Jeg lít svo á, að stemma þurfi á að ósi, hindra vitleysuna í byrjun, svo að hún margfaldist ekki og uppfylli jörðina. Og það er skylda okkar, ef við álítum, að gera eigi einhverja vitleysu, að sporna við því. Hjer er nú verið að stofna til þess glapræðis, sem lagt getur landbúnaðinn í auðn og breytt þjóðinni úr landbúnaðarþjóð í verksmiðjulýð.

Hæstv. atvrh. sagði, að hjer væri ekkert að óttast; stærri og meiri væru virkjanir í öðrum löndum. En þá kemur líka annað til greina, og það er fólksmergðin í löndunum. Við verðum að gæta að því, að þótt ekki verði hjer virkjað meira en þessi 160 þús. hestöfl, þá er það, miðað við fólksfjölda, sama sem að virkjaðar væru 4 miljónir hestafla í Noregi. Og ef virkjað verður alt vatnsafl Þjórsár, eins og tilætlunin mun vera, þá samsvarar það því, að virkjaðar væru 25 miljónir hestafla í Noregi.

Nú vil jeg spyrja hæstv. atvrh.: Hafa svo stórar virkjanir verið gerðar í Noregi? Hann verður að athuga það, áður en hann kemur með svona staðhæfingar, að bera saman það, sem saman þarf að bera. Það hefði t. d. enga þýðingu í Bandaríkjunum, þótt virkjuð væru 160 þús. hestöfl, en það hefir stórkostlega þýðingu hjer, að jeg ekki tali um það, ef virkjuð verða

þessi 1 miljón hestöfl, sem Þjórsá hefir. En við því má búast, að svo verði, ef þetta fyrirtæki gengur vel.

Það breytir engu hjer um, þótt ekki eigi að virkja nema nokkurn hluta af Urriðafossi fyrst í stað.

Hv. 2. þm. Reykv. hjelt hjer mjög fræðilegan fyrirlestur um það, hvort þetta fyrirtæki gæti komist á. Og hann sagði, að ef svo færi, þá gæti ríkissjóður náð aftur öllu framlagi sínu og meira með töxtum hjá járnbrautinni. Jeg býst nú ekki við því, að járnbrautin verði látin jeta upp allan gróðann af vatnavirkjuninni, enda þyrfti þá að kveða ríkara að orði um það efni heldur en gert er hjer í frv.

Sami hv. þm. sagði, að fyrir nokkrum árum hefði einn mætur maður skrifað grein um það, hvað fólki fjölgaði ískyggilega mikið og hvað það væri alvarlegt mál. En það er ekki reynsla landbúnaðarins, að fólki fjölgi of mikið. Hitt er aftur á móti reynslan, að í hvert skifti, sem eitthvað glæðist við sjávarsíðuna, þá flykkist fólkið úr sveitunum þangað. Og hvað mun verða, ef þessi stóriðja kemur?

Háttv. þm. óttaðist það þó ekki, að útlendingar flyttust hingað. Hann virtist þá ekki gera sjer grein fyrir því, að með því móti fjölgaði fólki í landinu. Hann talaði þar aðeins um það, að íslensku þjóðerni stafaði engin hætta af slíkum innflutningi, vegna þess, að þessir útlendingar mundu fljótt verða Íslendingar. En ef við lítum nú til annara landa, þar sem sterk fjárfjelög hafa smeygt inn litla fingrinum hjá smáþjóðum — já, hver verður reynslan þá? Hafa hinir útlendu innflytjendur orðið innlendir menn? Nei, víðast hvar hefir farið svo, að þessir útlendingar hafa myndað heild fyrir sig, og sú heild hefir dregið undir sig öll yfirráð í landinu. Þetta er sú reynsla, sem heimurinn hefir að sýna.

Þá viðurkendi þó hv. þm., að erlent fjármagn væri hættulegt, en þetta væri svo sem ekkert nýtt, engin ný hætta. Hættan væri yfir okkur hvort sem væri. Eftir þessu er rökrjett að draga þá ályktun af orðum hans, að úr því hættan sje yfir okkur, þá sje ekkert athugavert við það, þótt við steypum okkur í hvaða nýja hættu sem er.

Það, sem hneykslaði hv. þm. mest í minni ræðu, var, að jeg sagði, að þetta fyrirtæki gæti orðið til þess, að Suðurlandsundirlendið kæmist í auðn. Nei, það sagði hann, að ekki gæti komið til mála; þetta yrði til þess að lyfta hag þess. En það er nú leiðinleg staðreynd, að ekki fer alt eins og ætlað er. Og hitt getur líka fyrir komið, að þó maður ætli að gera einhverjum greiða, þá verði það Bjarnargreiði — afleiðingin þveröfug við það, sem til var ætlast.

Þá sagði sami hv. þm., að ef fyrirtækið reyndist ekki arðberandi og fjelagið yrði að hætta við það, þá væri svo sem ekki hundrað í hættunni. Við fengjum þá allar verklegar framkvæmdir þess fyrir sama sem ekki neitt. En er það svo mikið keppikefli að fá t. d. járnbrautina fyrir ekki neitt, ef hún getur alls ekki borið sig? Jeg fæ ekki sjeð, að það sje neitt sjerstakt happ fyrir okkur. Og verði fyrirtækið gjaldþrota, þá hafa allir þeir, sem við það vinna og dregnir hafa

verið frá landbúnaðinum, eigi við neitt að styðjast.

Hv. þm. sagði, að það væri gott að fá prófstein á það, hvort fjelaginu væri alvara með að hefja framkvæmdir, og meinti þar með, að hann væri ekki á móti því, að fjelagið setti einhverja tryggingu fyrir því, að úr framkvæmdum yrði. Jeg skal þá hjer með lofa því að koma fram með brtt. um þetta efni við 3. umr., og hún skal verða prófsteinn á það, hvað hv. þm. er mikil alvara. Við fáum þá að sjá, hvernig hann tekur í það.

Ef útlendingar hætta að starfrækja járnbrautina hjer, myndu eignir þeirra verða seldar við opinbert uppboð, og er þá engin trygging fyrir því, að ríkið geti eignast þær fyrir lítið. Jeg veit ekki betur en að útlendingar geti yfirleitt fengið fult verð fyrir eignir sínar hjer.

Forseti (BSv): Að gefnu tilefni vil jeg taka það fram, að þessi stutta aths. varð nú alt of löng. En hinsvegar má ef til vill líta svo á, að hv. þm. (JakM) hafi haft nokkurskonar frsm.-aðstöðu í þessu máli. **(KlJ:** Nei, hann var hvorki frsm. nje flytjandi brtt. Þetta er ekkert annað en misbrúkun á þingtímanum). Það vil jeg nú ekki segja. Það er að minsta kosti ekki misbrúkun á þingtímanum að rökræða mál. En sem sagt, þessi aths. var alt of löng, og svo langar aths. verða ekki leyfðar hjer eftir.

ATKVGR.

Brtt. 138,1 tekin aftur.

— 138,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 138,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 138,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 138,5 samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 162,1 feld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, ÞórJ, BSt, BSv.

nei: JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BL, H-Stef, HK, HjV, IngB.

JakM greiddi ekki atkv.

Brtt. 138,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 162,2 tekin aftur.

9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 138,7 samþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 37. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 209, 221, 222, 227).

Frsm. (Klemens Jónsson): Það hefir verið talað svo mikið um þetta mál frá almennu sjónarmiði við 1. og 2. umr., að jeg tel ekki þörf á endurtekningum í því efni og mun ekki fara frekar út í það á þeim grund-

velli, nema sjerstakar ástæður gefist til. Jeg mun láta mjer nægja að tala um þær brtt., sem fram eru komnar.

Það er þá fyrst brtt. frá samgmn. á þskj. 227. Jeg gat þess við 2. umr., að það væri meining nefndarinnar að *leyfa alt*, öll mannvirki, miðlun, uppistöður, í stuttu máli allar framkvæmdir *nær* og *fjær*, sem nauðsynlegt yrði að telja til þess að hægt væri að virkja Urriðafoss, en ekki meira. Jeg vona, að þetta komi nægilega skýrt fram í brtt., og þannig á hún að skiljast, og leyfi mjer að leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að hún verði samþykt.

Þá skal jeg minnast á brtt. á þskj. 221, frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Þær hafa legið fyrir nefndinni og jeg sje ekki ástæðu til að bíða með að tala um þær þar til hv. flm. hefir gert grein fyrir þeim, enda er hann búinn að því áður að nokkru leyti.

Jeg skal geta þess strax í upphafi, að svo framarlega sem nefndin hefði getað gengið út frá því, að hv. 1. þm. Reykv. vildi leggja áherslu á að gera frv. sem best úr garði og samþykkja það svo á eftir, hefði sennilega tekist samvinna með nefndinni og honum. En ummæli hans benda á, að hann sje málinu ekki velviljaður og muni ekki greiða atkvæði með því, þó að brtt. hans yrðu samþyktar.

1. brtt. fer fram á, að 3. gr. frv. falli niður. Jeg tók fram við 2. umr., að þetta væri ekki hægt. Það er engin ástæða til að banna framsal hjer, fremur en við sjerleyfi Dynjandi.

Þá er brtt. við 7. gr., um að járnbrautin skuli bygð úr nýju, völdu efni. Þetta er að sjálfsögðu tilætlunin og mundi hafa verið tekið fram í sjerleyfinu. Nefndin er því sammála um, að þessa brtt. skuli samþykkja. Alveg sama máli er að gegna um 3. brtt. 1. lið, að ráðherra skuli ákveða flutningsgjöldin o. s. frv. Þetta hefir auðvitað altaf verið meiningin og öðruvísi verður þetta ákvæði í 7. gr. ekki skilið. En nefndinni fanst ekkert á móti því, að það sje svo greinilega tekið fram í lögunum, að enginn ágreiningur geti orðið um skilning þessara orða. Gagnvart 2. lið 3. brtt. hefir nefndin ekki tekið endanlega afstöðu og hefir þar óbundnar hendur. Jeg held jeg megi samt fullyrða, að meiri hluti hennar eða jafnvel öll nefndin muni samþykkja þessa brtt. Það mun vera heppilegra að ýmsu leyti að miða við matsverð. Ef miðað er við krónutölu þegar framlagið er greitt og krónan hækkar í verði síðar, getur svo vel farið, að ríkissjóður verði að borga talsvert hærri upphæð en ella. Nefndinni þykir því fult eins rjett að miða við matsverð.

Þá er 3. liður 3. brtt. Þar er svo til stofnað, að ef ráðherra er andvígur fyrirtækinu, þarf hann ekki annað en vekja einhvern ágreining milli sín og fjelagsins, til þess að járnbrautin falli endurgjaldslaust til ríkisins. Það kemur auðvitað ekki til nokkurra mála að fá *öðrum aðilja* svo mikið vald í hendur. Nei, allur ágreiningur verður að útkljást af *sjerleyfisdómi*. Það hlýtur hv. þm. (JakM) að sjá við nánari athugun. Fjelagið yrði alveg rjettlaust gagnvart ráðherra, ef hann vildi beita sjer gegn fyrirtækinu.

Þá er 4. brtt. Hún er algerlega óþörf, þar sem nefndin hefir áður sett fjelaginu svo mikið aðhald, að ekki

var ástæða til að bæta við. En samkv. brtt. falla ekki aðeins unnin mannvirki í eigu ríkisins, ef sjerleyfið fellur úr gildi, heldur allar fasteignir fjelagsins og vatnsrjettindi. Hjer er farið fram á svo mikið ranglæti, að ekki kemur til mála að samþykkja það. Jeg skal aðeins benda á, að fjelagið átti einu sinni húsið Hjeðinshöfða og ætlaði að nota það fyrir bústað handa norsku forstjórunum á sumrin. Þetta hús ætti þá líka að falla endurgjaldslaust til ríkissjóðs. Að mínu áliti er farið hjer fram á svo mikla ósanngirni, að óþarft er að eyða orðum um slíkt, enda mun þetta varla vera borið fram í alvarlegum tilgangi.

Þá er brtt. á þskj. 222, frá hv. þm. Str. (TrÞ), um að bæta við nýrri grein, þar sem sjerleyfishafi sje skyldaður til að láta af hendi vist „kvantum" af köfnunarefnisáburði. Nefndin hefir ekkert við þetta að athuga, og því síður er ástæða til að amast við þessu ákvæði, þar sem fjelagið í umsókn sinni hefir tjáð sig reiðubúið til að láta af hendi til ríkisstjórnarinnar vist magn af áburði, að því tilskildu, að ekki sje krafist svo mikils í einu, að ilt sje að sinna henni, nje varan seld í hendur kaupmönnum eða notuð sem hráefni. Þetta ber að taka fram í sjerleyfinu. En að því er verðið snertir er jeg ekki viss um, að rjett sje að miða við stórsölu frá Noregi. Jeg áliti rjettara að miða verðið við framleiðslukostnað hjer, að viðbættri einhverri álagningu, 5—10% eða svo. Jeg hygg, að það mundi ekki mæta mótspyrnu. Jeg vildi óska, ef umr. um málið verður ekki lokið í dag, að hv. flm. (TrÞ) íhugaði, hvort hann gæti ekki tekið þessa aths. mína til greina.

Loks hefir komið brtt. á þskj. 232 frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Henni var útbýtt hjer í dag, og hefir nefndin ekki getað tekið afstöðu til hennar. Um aðalbrtt., að fasteignir og mannvirki falli endurgjaldslaust til ríkissjóðs, ef sjerleyfið fellur úr gildi, er hið sama að segja og um brtt. hv. 1. þm. Reykv., að þetta er mjög ósanngjörn krafa. Um varatillöguna get jeg ekkert sagt að svo stöddu. En jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvrh. geti gefið upplýsingar um, hvort fjelagið muni ganga að þessum kostum, því að hann hefir rætt málið við stjórnendur fjelagsins og komist í ýmsum atriðum lengra en jeg hafði búist við.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Málið er stórt og merkilegt, enda hafa fá mál verið meira rædd hjer en þetta.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 209, 221, 222, 227, 232, 243, 244, 246).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 243, 244 og 246. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jakob Möller: Jeg á brtt. á þskj. 221 og tvær orðabrtt. við þær aftur á þskj. 244. Jeg get að ýmsu leyti þakkað háttv. nefnd, hvernig hún hefir tekið í till. mínar, þar sem hún hefir fallist á sumar þeirra. En á aðrar vill hún ekki fallast, og skilst mjer, að það hljóti að stafa af misskilningi hjá hv. nefnd. Hvað viðvíkur 1. brtt., um að 3. gr. falli niður, bar háttv. frsm. (KlJ) því einu við, að það væri óað-

gengilegt vegna þess, að samskonar grein hefði staðið í frv. um virkjun Dynjandisár. Það liggur í hlutarins eðli, að þótt þörf hafi verið fyrir þetta ákvæði þar, þá er ekki víst, að nein ástæða sje til þess að hafa það í þessu frv. Eftir því, sem jeg hefi skilið þetta, er heldur engin ástæða til þess að hafa ákvæði 3. gr. hjer. Það er ekki gefið út annað en að fjelag það, sem um sjerleyfið sækir, standi sjálft fyrir framkvæmdunum. Það þarf því ekki sjerstaka heimild til undanþágu frá sjerleyfislögunum, þar sem framsal á ekki að geta komið til greina nema með samþykki Alþingis. Mjer finst, þar sem á næstsíðasta þingi voru sett sjerleyfislög og það var lagt mikið kapp á það af meiri hl. þessarar deildar að fá inn þetta ákvæði, að framsal á sjerleyfi skuli borið undir þingið, þá sje það óviðkunnanlegt að vera þing eftir þing að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Það er auk þess ekki víst, að sjerleyfishafi þurfi að nota þessa heimild, því að ekki er vitað, hvort Titan ætlar sjer að framselja sjerleyfið. En ef fjelagið ætlar sjer að framselja sjerleyfið, þá eru allar líkur til þess, að leyfi til að framselja fáist, ef sjerleyfið fæst á annað borð. Hv. frsm. segir, að þessi brtt. geri sjerleyfið óaðgengilegt. Þetta er aðeins fullyrðing út í bláinn, gerð til þess að hræða háttv. þm. til þess að halda fast í þetta ákvæði. Það er alt öðru máli að gegna um Dynjandisjerleyfið. Jeg hefi tekið það fram áður, að virkjun Titans er miklu meiri heldur en Dynjanda. En í sjerleyfislöggjöfinni er gerður mikill munur á því, hvort um mikla eða litla virkjun er að ræða. Dynjandi mun ekki vera nema $^1/_{10}$ af því vatnsafli, sem til mála getur komið að virkja í Þjórsá. Það liggur því í augum uppi, að það er fjarri því, að það sje sanngjarnt, að slegið sje af kröfunum, þegar um svona stórfelda virkjun er að ræða, þótt slíkt sje gert þegar ræða er um minniháttar virkjun. Menn athugi bara muninn á þessu í sjerleyfislöggjöfinni. Mjer finst því alveg sjálfsagt að samþykkja þessa brtt. mína og fella 3. gr. niður, og halda fast við það, ef þarf að framselja sjerleyfið, þá komi til kasta Alþingis að samþykkja það á ný. Það er ekki sama, hver það er, sem á að virkja Þjórsá og reka stóriðju rjett við bæjarvegg Reykjavíkur. Það er ekki sama, hvort það er frændþjóð okkar eða geróskyldar þjóðir, t. d. Englendingar, Ameríkumenn eða jafnvel Kínverjar eða Japanar. Jeg verð að halda fast við það, að í engu verði til slakað í þessu efni.

Þá hefir nefndin fallist á II. brtt. mína, enda tekið fram, að það, sem í henni felst, hafi einnig verið tilgangur frv. En jeg hefi nú komið með viðaukatill. við hana á þskj. 244, þar sem því er bætt við, að sporvíddin skuli vera að minsta kosti 1,067 m. Það er hið sama sem Sverre Möller gerði ráð fyrir í upphafi, en síðar hefir vegamálastjóri gert ráð fyrir því, að mætti mjókka þetta. En það er varlega í það farandi að hafa sporvíddina mjóa, vegna snjóa og áfreða, og því hefi jeg tekið þetta fram.

Þá er hið sama að segja um tvær fyrstu brtt. undir tölulið III; þær valda ekki ágreiningi og nefndin felst á þær.

Enda hefir því verið haldið fram við umr., að skilja beri 9. gr. frv. svo, sem ráðherra eigi að ákveða flutningsgjöldin og hefði eftirlit með rekstri járnbrautarinnar. Í 2. brtt. er efnisbreytingin á þá leið, að í stað „framlags" í 9. gr. komi „matsverð", það er að segja, ef ríkissjóður tekur við brautinni, þá greiði hann fjelaginu matsverð hennar á þeim tíma, að frádregnum hluta ríkissjóðs, eins og jeg hefi bætt við í viðaukatill. á þskj. 244. Það liggur í hlutarins eðli, að þetta er rjett. Eins og hv. frsm. tók fram, getur gengið breyst á þeim tíma, frá því að brautin er bygð og til þess tíma, er ríkissjóður tekur við henni. Þó ber ekki eingöngu á þetta að líta, heldur líka hitt, að á sama tíma getur brautin gengið úr sjer, og er því með ákvæði till. ætlast til þess, að fram fari mat, sem tekur fult tillit til rýrnunar. Þetta er sjálfsagt, því að sjerleyfishafi á ekki rjett á því að fá fult framlag sitt, hvað gömul sem brautin er, þegar ríkissjóður tekur við henni, heldur sannvirði hennar eftir ástandi því, sem hún er í á þeim tíma, sem matið fer fram.

Þá er það 3. liður III. brtt. og síðasta brtt., sem hv. nefnd hefir ekki getað fallist á. Þessi 3. brtt. fer ekki fram á annað en það, að það sje ríkisstjórnin, en ekki sjerleyfishafinn, sem ráði yfir járnbrautinni. Annað er ekki efni hennar. Þetta segir nefndin, að sje mjög óaðgengilegt fyrir sjerleyfishafann. Við vitum ekkert, hverjir verða sjerleyfishafar, en samt er tilætlun nefndarinnar, að þeir ráði yfir þessu samgöngutæki, en ekki íslenska stjórnin. Jeg skal játa, að í brtt. er farið nokkuð langt til þess að tryggja stjórninni yfirráðin, þar sem svo er ummælt, að járnbrautin með öllu tilheyrandi verði eign ríkissjóðs, ef sjerleyfishafi vill ekki hlíta úrskurði ráðherra út af ágreiningi um rekstur brautarinnar, en þetta þýðir ekki annað en það, að völdin yfir járnbrautinni eiga að vera óskoruð í höndum stjórnarinnar. En þetta telur nefndin ekki aðgengilegt. En hv. deild verður að skera úr því, hvor þessara aðilja eigi að ráða yfir járnbrautinni.

Þá get jeg ekki annað en furðað mig mjög á því, að nokkur skuli vera á móti síðustu brtt. minni. Hún fer ekki fram á annað en það, sem bæði stjórnin og nefndin hafa vikið að, að til mála gæti komið, nefnilega að fjelagið setji tryggingu fyrir framkvæmdum. Það er nú komin fram varatillaga frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), um að meta tryggginguna í krónum, hafa hana 100 þús. kr. Eftir minni till. er ekki hægt að segja, hve há tryggingin er; það fer eftir því, hve mikils virði vatnsrjettindi og fasteignir fjelagsins hjer á landi eru. Það er spurning, hvort það verður yfir 100 þús. kr. virði, ef alt strandar, en það kemur ekki til, að fjelagið greiði nokkra tryggingu nema sú verði raunin á. Því er það mikil spurning, hvort brtt. mín er óaðgengilegri eða meiri steinn í götu fjelagsins en brtt. hv. 4. þm. Reykv., sem heimtar 100 þús. kr. peningatryggingu eða tryggingu í banka. Sú trygging hugsa jeg, að sje erfiðari fyrir fjelagið, ef það trúir því, að það geti komið þessu í framkvæmd, hafið verkið og haldið því áfram. En þá er trygging sú, sem jeg fer fram á, langhandhægust og alveg útlátalaus. En ef fjelagið hefir sömu trú og jeg, að þetta sje aðeins hálmstrá, sem reynt

er að grípa í, til þess að gera tilraun til þess að bjarga einhverju af því, sem búið er að leggja í þetta fjelag, þá skil jeg vel, að það vilji halda í þessi rjettindi, til þess að geta komið á ný síðar til þess að fá sjerleyfi. Ef svo er, þá er þessi brtt. mín óaðgengileg fyrir fjelagið. En nú er þetta frv. borið fram í trausti þess, að fjelagið geti komið fyrirtæki þessu í framkvæmd, og því get jeg ekki skilið, hvers vegna hv. frsm. telur brtt. þessa óaðgengilega. Það skyldi þá helst vera vegna þess, að vatnsrjettindin og fasteignirnar væru svo veðbundnar fyrir, að engin eign væri í þeim lengur og fjelagið gæti þess vegna ekki sett þessa tryggingu, því að ef þessar eignir eiga að vera trygging, þá verða þær að vera óveðsettar. En ef þær eru toppveðsettar, þá væri æskilegt, að það upplýstist, því að það kynni að hafa þýðingu fyrir þetta mál. Jeg sje ekki betur en að allar mínar brtt. sjeu sjálfsagðar og það sje tæplega forsvaranlegt að afgreiða frv. þetta án þeirra, ef það er þá ekki meiningin að auglýsa það fyrir alþjóð manna, bæði hjer og erlendis, að hjer sje aðeins að ræða um braskútboð á okkur. (**MJ**: Er þá forsvaranlegt að afgreiða frv. með þessum brtt.?). Hv. 2. þm. Reykv. (MJ) var eitthvað að tala um prófstein í sambandi við þetta mál við 2. umr. Hjerna er prófsteinninn. Jeg hefi ekki ástæðu til þess að segja meira um þessar brtt. mínar. Áður hefi jeg talað um málið frá almennu sjónarmiði og þarf ekki að endurtaka það.

Um brtt. frá öðrum hv. þm. þarf jeg ekki að fjölyrða. Jeg vil þó biðja hv. samgmn. að bera brtt. sínar á þskj. 246 saman við það, sem fram kom í umr. við 2. umr. Þá sagði hv. frsm., að fjelagið væri skuldbundið til þess að framleiða tilbúinn áburð. En nú ber nefndin fram brtt., sem ber það með sjer, að fjelagið ætlar sjer ekki að skuldbinda sig til þess. Hví skyldi nefndin vera að breyta orðalagi brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) þannig, að fjelagið skuli skylt að láta af hendi svo og svo mikið af köfnunarefnisáburði „þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar", ef fjelagið ætlaði sjer að vinna köfnunarefnisáburð? Jeg skil ekki í því, að fjelagið ætli sjer að leggja fyrir sig köfnunarefnisvinslu. Það gæti aldrei borgað sig, því að hjer er markaðurinn lítill og fjelagið yrði þá að keppa við framleiðendur í markaðslöndunum. Jeg veit nú að vísu ekki, hvað sjerleyfishafi ætlar sjer að gera; mjer er ekki kunnugt um neitt, en þetta viðfangsefni getur hann ekki lagt stund á, enda fer fjarri því, að hann sje skyldur til þess samkvæmt frv., þótt vitanlega mætti taka slíkt fram í sjerleyfinu. Ef samþ. yrði brtt. hv. þm. Str., þá væri líka þessi skylda ótvíræð, en með breytingu hv. nefndar fellur hún alveg niður.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg er vantrúaður á þetta frv. vegna þess, að jeg hefi ekki getað öðlast þá sannfæringu, að fjelagið Titan geti komið þessu fyrirtæki í framkvæmd. Þetta er stjfrv. og því ber hæstv. atvrh. ábyrgð á því, að hjer sje annað og meira á bak við en gylling ein. Þeir, sem honum trúa, álíta, að hann hefði ekki flutt það nema hann hefði einhverja vissu fyrir framkvæmdum. Jeg er nú ekki eins trúaður á hæstv. atvrh. eins og sumir þeirra, sem hjer hafa talað. Jeg

get trúað, að við norskt fjelag eins og Titan gæti hann teygt sig nokkuð langt, ekki síður en við önnur norsk fjelög, sem hann hefir átt skifti við. Því hefir mjer fundist rjett að heimta tryggingu fyrir því, að byrjað yrði á framkvæmdum. Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir komið fram með brtt., sem fer fram á, að trygging verði sett fyrir því, að byrjað verði á virkjuninni. En nú hefir háttv. 1. þm. Rang. (KlJ) lýst yfir því, að ekki verði byrjað á járnbrautarlagningunni fyr en fje sje fyrir hendi til virkjunarinnar. Þótt mjer finnist nú brtt. háttv. 1. þm. Reykv. eðlileg, þá er hún þó minna virði en mín brtt., því að hún leggur viðurlög við því, ef ekki verður byrjað á járnbrautinni á tilsettum tíma. Þess ber að gæta, að það er hagur fyrir fjelagið að hafa þetta sjerleyfi í höndum í 2 ár, en jafnframt er það óhagur fyrir landið. Það getur ekki sjálft ráðist í fyrirtækið á meðan, og ekki heldur veitt öðrum fjelögum leyfi til járnbrautarlagningar, þótt slíkt byðist, sem vel væri hugsanlegt. Því finst mjer eðlilegt að miða tryggginguna við það, að byrjað verði á járnbrautinni 1. maí 1929, þannig að ef ekkert verður úr því, þá verði það ekki aðeins tap fyrir ríkissjóðinn, heldur komi eitthvað í aðra hönd. Trygging sú, sem jeg fer fram á, er svipuð tryggingu háttv. 1. þm. Reykv., sem sje sú, að öll unnin mannvirki sjerleyfishafa, fasteignir og vatnsrjettindi, verði ríkiseign án nokkurs endurgjalds, ef ekkert verður úr framkvæmdum. Þetta er að vísu mikilla peninga virði fyrir þá, sem virkjað geta, en ekki mikils virði fyrir þá, sem ekki geta það.

Með það fyrir augum, að þessi brtt. mín verði feld, hefi jeg komið fram með varatill., þess efnis, að sjerleyfishafi setji ríkisstjórninni tryggingu fyrir 100 þús. kr. greiðslu, ef ekki verði byrjað á verkinu 1. maí 1929. Það er ekki rjett hjá hv. 1. þm. Reykv., að jeg heimti þetta fje út í hönd eða bankatryggingu fyrir því. Tryggingin má vera veð, sem ríkisstjórnin tekur gilt, í fasteignum eða vatnsrjettindum fjelagsins hjer. Og jeg skil, satt að segja, ekki, ef fjelagið hefir nokkra trú á því, að fyrirtækið komist í framkvæmd, að það geti ekki gengið að því, sem tekið er fram í varatill. minni.

Jeg mundi því sjá mjer fært að fylgja frv. út úr deildinni, ef önnurhvor brtt. mín á þskj. 232 yrði samþykt. Mjer finst nóg fyrir fjelagið að hafa tvö ár til að hlaupa upp á. Geti það ekki á þeim tíma lagt fram það fje, sem til þess þarf að hefja verkið, þá á það að hafa fyrirgert rjetti sínum og greiða fyrir gabbið. Alþingi á ekki að veita erlendu fjelagi sjerleyfi til starfrækslu hjer aðeins með það fyrir augum, að fjelagið geti rakað saman fje á sjerleyfissölu, en sleppi ef til vill við að byrja á þeirri stóriðju eða járnbrautarlagningu, sem ætlast var til.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi leyft mjer að bera fram eina brtt. á þskj. 243, sem er breyting á brtt. frá hv. samgmn., er samþ. var við 2. umr. Jeg gat þess þá, að þar sem fjelagið fengi tveggja ára frest til þess að byrja á járnbrautinni, þá yrði jeg að telja þessa breytingu nefndarinnar til skemdar á frv.,

en það skilst mjer þó, að háttv. nefnd vilji ekki verða þess valdandi að spilla frv., og vona jeg því, að hún geti fallist á brtt.

Eins og nefndin gekk frá þessu atriði, fellur sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, ef fjelagið byrjar ekki á lagningu járnbrautarinnar 1. maí 1929 og heldur henni áfram með hæfilegum hraða o. s. frv. En eftir minni brtt. fellur leyfið úr gildi strax, ef ekki er byrjað á verkinu á tilsettum tíma, og einnig, ef ekki er haldið áfram svo hratt, að verkinu geti orðið lokið á tilsettum tíma.

Út af brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um tryggingu af hálfu fjelagsins, þá verð jeg að segja það, að frá mínu sjónarmiði er hún alveg þýðingarlaus, verði mín brtt. samþ., því að það er meira straff á fjelaginu, að sjerleyfið falli niður en þó að því verði gert að skyldu að greiða 100 þús. kr. í skaðabætur. Annars var hann með einhverjar dylgjur og glósur í minn garð, sem jeg sje enga ástæðu til að svara nú. Það mun gefast tækifæri til þess síðar, þegar vantrauststill. hans kemur hjer til umr.

Um brtt. hv. samgmn. hefi jeg ekkert að athuga, með þeirri skýringu, sem fylgdi frá hv. frsm. (KlJ).

Þá ætla jeg að geyma mjer að tala um brtt. á þskj. 222, þangað til gerð hefir verið grein fyrir henni. Þó skal jeg geta þess, að í 10. gr. sjerleyfislaganna er gert ráð fyrir, að sjerleyfishafi, sem virkjar fossa, láti af hendi áburðarefni, ef ráðherra krefst þess. Þetta var líka tekið fram, þegar talað var um sjerleyfið, svo að fjelaginu kemur slíkt ekki á óvart.

Þá kem jeg að brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem er harðsnúnasti og rammasti andstæðingur frv. Þó þykist jeg mega skilja orð hans svo, að hann muni fylgja frv., ef brtt. hans ná samþykki. En jeg geri ráð fyrir, að ekki sje hyggilegt að kaupa fylgi hans svo dýru verði, því með þeim breytingum á frv., sem hann leggur til, er áreiðanlegt, að ekkert yrði úr framkvæmdum fjelagsins. Jeg ætla þá að ganga í gegnum brtt. hans í þeirri röð, sem þær eru fram bornar á þskj. 221 og 244.

Hv. 1. þm. Reykv. virðist mjög illa við, að sjerleyfishafa sje heimilt að framselja leyfið, og leggur því til, að 3. gr. falli niður. En mjer kemur þetta nokkuð spanskt fyrir, vegna þess að hann var í fyrra með samskonar skilyrðum. Er því næsta undarlegt, eins og jeg hefi áður tekið fram, hvað hann er nú harðorður um slíkt mál sem þetta og sjer nú ótal ljón á veginum og stórtjón fyrir land og lýð, en virtist fylgja samskonar máli í fyrra og sá enga hættu við það þá að veita slíkt leyfi. Jeg ætla ekki að fara í neinn meting um það, hvort betra sje orðalag frv. eða það, sem hann stingur upp á í II. brtt. við 7. gr. Jeg fyrir mitt leyti tel orðalag hans ekki betra, án þess þó að jeg ætli mjer í neina togstreitu þar um.

Sama er að segja um III. brtt. hans, þ. e. a. s. 1. og 2. lið hennar.

Þó vil jeg taka fram viðvíkjandi brtt. hans á þskj. 244, sem er breyting og viðbót við brtt. hans á þskj. 221, að mjer finst ekki rjett að ákveða sporvídd brautarinnar í sjerleyfislögunum, vegna þess að komið

gæti á daginn, að þessi sporvídd reyndist óhentug. Jeg vildi óska þess, að sporvíddin yrði ekki ákveðin að svo stöddu, því að reynist svo að dómi fagmanna, að þessi breidd væri óhentug, þá er slæmt að vera búinn að lögfesta hana. En fagmaður í þessu efni er hv. 1. þm. Reykv. áreiðanlega ekki. Annars virðist mjer, að þetta atriði, ásamt svo mörgu öðru, sem ekki er hægt að taka upp í lögin, eigi að standa í væntanlegu sjerleyfi.

Við það að láta orðið „matsverð" koma í staðinn fyrir „framlag" hefi jeg ekkert að athuga. En jeg hefi tekið það fram áður, að um það hafi verið talað, að setja ætti reglur í sjerleyfi um, hvað mikið skyldi draga frá fyrir fyrningu. Það mundi því síst mæta mótspyrnu sjerleyfishafa, þó að settar væru skynsamlegar reglur, er ekki gengju á móti ákvæðum frv.

Um 3. lið III. brtt. á þskj. 221 verð jeg að segja það, að jeg er alveg hissa á, að hv. flm. brtt. skuli finnast það sanngjarnt, ef fjelag tekur að sjer að leggja og reka járnbraut austur að Þjórsá, þá skuli ráðherra hafa úrskurðarvald um öll ágreiningsmál, að viðlögðum missi eignarrjettar fjelagsins endurgjaldslaust. Háttv. 1. þm. Reykv. er þó það mikill fjármálamaður, að hann hlýtur að vita og sjá það, að lítt hugsandi væri að afla þess fjár, sem þyrfti til þess að reisa á slíka stóriðju og hjer er um að ræða, ef þetta eða líkt ákvæði stæði í sjerleyfislögum. Annars höfum við fullkomin ákvæði um þetta í sjerleyfislöggjöf okkar; sú trygging er sjerleyfisdómstóll, skipaður 5 óhlutdrægum mönnum. Þess vegna skil jeg ekki, hvers vegna hann vill ekki fela þessum mönnum að dæma um ágreining þann, er upp kann að rísa; það ætti þó að vera tryggara en að láta ráðherra úrskurða, sem í þessum tilfellum hlýtur að verða annar aðilinn.

Jeg býst við, að hv. 1. þm. Reykv. svari því, að járnbrautin heyri ekki undir sjerleyfislögin, en því er þá til að svara, að um byggingu brautarinnar og rekstur verður gefið út sjerstakt sjerleyfi, og í því sjerleyfi hlýtur járnbrautin og virkjunin að verða skoðað sem ein heild. Þess vegna munu reglur sjerleyfislaganna einnig verða látnar gilda um járnbrautina.

Svo er orðalagið á þessari brtt. dálítið undarlegt. T. d. þetta: „ef sjerleyfishafi hættir að reka fyrirtækið án samþ. ráðherra". Hjer er gefið í skyn, að veita eigi ráðherra heimild til að leysa sjerleyfishafa undan rekstrarskyldu járnbrautarinnar, en það mun tæpast vera tilgangur hv. flm., en sje þessi tilgangurinn, þá er jeg því algerlega mótfallinn.

Þá kem jeg að IV. og síðustu brtt. á þskj. 221, um að sjerleyfishafi setji ekki óverulega tryggingu fyrir því, að byrjað verði á virkjun Urriðafoss fyrir 1. júlí 1934.

Jeg hefi altaf undir umr. þessa máls skilið hv. 1. þm. Reykv. svo, að hann væri mjög eindreginn á móti því, að byrjað væri á virkjun þarna eystra. En hvers vegna vill hann þá heimta af sjerleyfishafa tryggingu fyrir því, að byrjað verði á þeim framkvæmdum, sem hann hefir lýst sig mjög fjandsamlegan? Jeg held, að hjer geti ekki verið um annað að ræða en að hann hugsi sem svo, að þetta muni geta velt öllu fyrirtækinu, og það er auðvitað frá hans sjónarmiði æskilegast, en það

er ekki lokkandi fyrir okkur fylgismenn málsins. Jeg lít svo á, að annaðhvort eigi að veita leyfið án endurgjalds eða þá að synja um það. Það virðist ekkert mæla með því að gera þetta að tekjustofni fyrir ríkissjóð, öðruvísi en óbeinlínis er tekið fram í frv.

Jeg vil leiða athygli að því, að komið hefir fram í umr., bæði frá hv. frsm. og enda fleirum, að samningarnir væru strangir og jafnvel fullstrangir fyrir fjelagið eins og gengið var frá stjfrv., og þó hefir verið hert dálítið á þessu við 2. umr.

En þó eru menn hjer í þessari hv. deild, sem ganga vilja lengra og herða enn meira á ýmsum ákvæðum til þess að þrengja kosti sjerleyfishafa. En alt slíkt er vitanlega ekki til annars en að eyðileggja málið og fæla menn frá að leggja fram fje í fyrirtækið. Þetta er að vísu skiljanlegt hjá þeim mönnum, sem telja sig vera á móti málinu; en við hinir verðum að leggjast fast á móti öllum þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess að tefja fyrir málinu eða spilla því.

Þegar jeg var að semja við umboðsmenn fjelagsins í vetur, þá var það tvent, sem jeg hafði hugfast. Í fyrsta lagi vakti það fyrir mjer að ná eins góðum kjörum landsins vegna og hægt er, og í öðru lagi að gæta hófs og vera ekki of strangur, svo að ekki færi þannig, að allar framkvæmdir fjelagsins strönduðu. Það er ekki vandi að setja svo ströng skilyrði, að ekki sje hægt að ganga að þeim, en það er vandi að sigla svo milli skers og báru, að landið tapi engu, en að fyrirtækið geti þó komist á laggirnar.

Því hefir verið haldið fram af tveimur hv. þdm., að auðsætt sje, að fjelagið þurfi í upphafi að hafa nægilegt fje til fyrirtækisins. En jeg tel óþarft að einblína svo mjög á það. Mjer finst að nægilegt sje, að fjelagið hafi það fje í byrjun, sem þarf til þess að leggja járnbrautina. Jeg fyrir mitt leyti mundi óhikað láta fjelagið fá sjerleyfið, ef það sýndi svart á hvítu, að nægilegt fje væri fyrir hendi til þess að byggja járnbrautina, eða sannanir eða jafnvel sterkar líkur fyrir, að fjeð yrði til þegar á því þyrfti að halda.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) talaði um afstöðu Reykjavíkurbæjar til þessa máls og endaði með því, að hann væri mótfallinn þessari virkjun, vegna þess að Reykjavík hefði í hyggju að starfrækja Sogsfossana. Það er vitanlega gleðilegt að heyra, að Reykjavík er svo vel stödd, að hún geti tekið 5—6 miljóna lán til þess að virkja Sogsfossana. Við þurfum þá ekki að kvíða myrkrinu hjerna í Reykjavík, þar sem hv. 4. þm. Reykv. er í bæjarstjórninni og nóg fje í kassanum til framkvæmdanna.

Út af athugasemdum háttv. 2. þm. Reykv. (MJ) um 9. gr. vil jeg benda á, að það er ekki ætlast til, að fjelagið greiði neinn skatt vegna rekstrar brautarinnar. Verði ágóði af rekstri brautarinnar, fær ríkissjóður hluta af honum, í hlutfalli við framlag sitt, og auk þess getur ráðherra þá sett flutningsgjöldin niður, og er það hagur almennings.

Annars vona jeg, að umr. þessum verði bráðum lokið, svo hægt verði að ganga til atkvæða.

Magnús Torfason: Við 2. umr. lýsti jeg yfir því, að jeg mundi skirrast við að fara út í almennar hliðar þessa máls. Jeg skal nú heldur ekki, af sjerstökum ástæðum, fara langt út í það að þessu sinni, heldur láta mjer nægja að drepa aðeins á tvö eða þrjú helstu atriðin. En áður en jeg kem að því, vil jeg lýsa yfir því, að mjer hefði verið það mjög ljúft að greiða varabrtt. á þskj. 232, frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), atkvæði mitt; en bæði er það, eftir því sem mjer er kunnugt, að það mun ekki vera framkvæmanlegt, og svo hafa síðan komið fram tillögur, sem gera þessa tillögu ekki eins þarfa og þegar málið var hjer til 2. umr.

Það er eitt í þessu máli, sem jeg vildi lýsa hjer yfir, og það er það, að mjer skilst, að það játi nú allir þingmenn þessarar hv. deildar, að járnbrautin sje þó samgöngubót. Jeg sje, að hæstv. forseti (BSv) hristir höfuðið, en jeg verð að segja það, að brtt. sú, sem hann var meðflutningsmaður að, hún sannar mjer þetta, ef hana er nokkuð að marka, því að hæstv. forseti vildi þó láta okkur fá járnbrautina gefins, og skil jeg ekki, að hann hefði viljað það, ef hann hefði ekki talið einhverja samgöngubót að henni, og sama var um annan hv. þm., sem stóð þar að. Það hefir líka verið mest deilt um hinn hlutann, sjerleyfið, og að því er hann snertir, þá hefir því verið neitað, að að því væri nokkur bót. Jeg ætla nú ekki að telja alt fram, sem því mælir bót; jeg þarf ekki annað en að minna á það, að eftir því sem gengið er frá lögunum nú, þá er það hreint og beint skilyrði til fossafjelagsins Titans, að það setji hjer áburðarvinslu á stofn, og jeg veit ekki, hvort annað mundi fremur geta hjálpað landbúnaðinum og stutt að því, að landið verði betur ræktað, nje heldur hvort annað mundi fremur hjálpa til þess að fjölga sveitaheimilum hjer á landi, sem auðsjeð er, að þingið ber mjög fyrir brjósti. Það er fyrst og fremst fullkomin landrækt, sem þarf að komast á, til þess að þeirri fögru hugsjón geti orðið framgengt, og undir það ýtir ekkert betur en áburðariðjan. Á Selfossi í sumar lýsti konungur vor yfir því, að landbúnaður vor væri hundrað ár á eftir tímanum, en það er einmitt slíkt, sem gæti gert það að verkum, að hjer kæmist á vjelyrkja eins og er í öðrum löndum; með slíku er von um það, að við myndum geta stigið þetta stóra spor, sem okkur vantar, og það að ná fram til fullkominnar nútíma landræktar með vjelyrkju, aðeins það gæti orðið til þess, að landbúnaðurinn stæði eins vel að vígi eins og hinn atvinnuvegurinn, stórútgerðin hjer í Reykjavík, og einmitt það, hvernig sumir fulltrúar stórútgerðarinnar hjer hafa snúist á móti þessu máli, gefur mjer það traust, að við sjeum hjer á rjettum vegi. Jeg get nefnilega ekki hugsað mjer annað en að fyrir þeim vaki það, að landbúnaður með vjelrækt myndi draga frá þeim vinnukraft, og við vitum, að það er kaupið, sem ræður slíku algerlega, og það er fyrst þegar landbúnaðurinn stendur svo vel að vígi, að hann getur gefið sama kaup og stóriðnaðurinn, að hann getur orðið keppinautur hans. Og af þessari mótstöðu marka jeg það, að stórútgerðarmennirnir bera að minsta kosti nokkurn kvíðboga fyrir því, að svo fari. Frá öðru sjónarmiði get jeg ekki skilið þeirra mótstöðu,

og það af þeim mönnum, sem áður hafa þó verið máli þessu hlyntir.

Það hefir nú verið ráðist á þetta fyrirtæki frá sjálfstæðissjónarmiði, en þó sjerstaklega frá sjónarmiði þjóðernisins. Jeg verð að segja það, að jeg get ekki fullkomlega skilið þetta; við vitum það, að það eru ekki mörg ár síðan, eitthvað 9—10 ár, að hjer var borið fram frv. um það að kaupa fossa landsins fyrir 2 miljónir króna, og það var einmitt harðasti sjálfstæðismaðurinn, sællar minningar, sem bar það fram. Mjer dettur ekki í hug að halda, að það hafi verið borið fram til þess eins að láta okkur fá að sjá fossavötnin okkar renna óbeisluð til sjávar fyrir vextina af 2 miljónum króna á ári. Það er ómögulegt að skilja, að fyrir þeim manni hafi vakað annað en það, að það ætti að nota þá. Jeg get heldur ekki skilið, að fossanefndin, sem hjer um árið var skipuð með miklum kostnaði og mjög til hennar vandað á allan hátt, hafi líka verið skipuð alveg tilgangslaust. Nú er þetta fyrsta verulega tilraunin til þess að fara að nota fossana okkar, og þá finst mjer, að þessi aðstaða hjá sumum mönnum fari einmitt í bág við það, sem áður gerðist í þessu máli.

Jeg skal nú ekki lengja þessar umræður og heldur ekki í þessu máli taka upp þær hnútur, sem að mjer hefir verið kastað. Það eru menn hjer í deildinni, sem vilja gerast siðameistarar þingsins, og það gleður mig, að þeir þykjast standa svo fast á svellinu, því að það er vitanlegt, að þeir, sem síða aðra, verða að ganga á undan í allri háttprýði. Yfir höfuð getur það ekki annað en glatt mig, að menn gera svo háar kröfur til fulltrúa þjóðarinnar eins og þeir menn gera.

Frsm. (Klemens Jónsson): Síðan 3. umr. hófst hjer í deildinni, hafa komið fram nokkrar brtt., en það er í rauninni búið að tala fyrir þeim áður af hendi þeirra, sem bera þær fram; jeg get því vel minst þegar á þær. Vil jeg þá fyrst nefna brtt. frá hæstv. atvrh., á þskj. 243. Nefndin hafði álitið það mjög nauðsynlegt, og vissi að það var í fullkomnu samræmi við vilja þingsins, að hafa talsvert ríkt aðhald að sjerleyfishafa um það, að byrjað verði á járnbrautinni og henni haldið áfram með hæfilegum hraða. Talaði hæstv. atvrh. um þetta við nefndina, og kom hún þá fram með brtt. við 10. gr., en hæstv. atvrh. var samt sem áður ekki ánægður með þessa brtt. og lýsti yfir því, að hann mundi greiða atkvæði á móti henni, og hefir nú sjálfur komið fram með brtt., sem fer fram á það að gera ákvæðin miklu harðari í garð sjerleyfishafa heldur en nefndin ætlaðist til. Hæstv. atvrh. sagði það rjettilega, að þegar ætti að taka tillit til beggja aðilja, þá mætti ekki ganga svo langt gagnvart sjerleyfishafa, að honum væri ómögulegt að samþykkja skilyrðin, en mjer finst, að hjer sje fulllangt gengið, en úr því að þessi brtt. kemur fram frá hæstv. atvrh., sem samið hefir um málið við hluthafana og hlýtur því að vera manna kunnugastur því, hvað þeir vilja samþykkja, og þótt jeg játi, að mjer þykir hún fullhörð, þá sætti jeg mig við hana. Jeg geri þess vegna ráð fyrir því, að jeg greiði atkvæði með þessari brtt., en um samnefndar-

menn mína get jeg ekki sagt með vissu, því við höfum ekki haft tækifæri til þess að tala saman um hana.

Þá vil jeg minnast á aðra brtt., sem að vísu er ekki komin frá samgmn., en sem allir nefndarmenn hafa gengið inn á. Það er brtt. á þskj. 222, frá hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg mintist á þessa brtt. um daginn og ljet þess þá getið, að jeg hefði ekkert við það að athuga, að í brtt. er ákveðið, að *vist magn* af köfnunarefnisáburði skyldi afhent Búnaðarfjelagi Íslands, en jeg fann að því, hvernig verðið var ákveðið, en hv. flm. hefir ekki tekið til máls síðan, svo að jeg veit ekki, hvernig hann hefir tekið í þessa athugasemd mína. En hvað þá brtt. snertir, sem hjer er fram komin, vil jeg segja það, að jeg teldi það miklu rjettara að miða verðið við framleiðslukostnað hjer, að viðbættri einhverri lítilfjörlegri álagningu, og get jeg ekki skilið annað en að allir, sem vilja fá þetta áburðarefni til landbúnaðarins, hljóti að skilja, að hjer er farið fram á svo lítilfjörlega álagningu, að nokkrir þm. hafa í dag komið til mín og spurt, hvort fjelagið myndi ganga inn á hana; en eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi á fjelaginu, þá þykist jeg viss um, að fjelagið muni samþykkja hana.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það liti út eins og við ætluðum að fara að taka það aftur, sem við höfum samþykt áður, að láta köfnunarefnisáburð vera aðalframleiðsluna hjá fjelaginu. Jeg get þess, að jeg hefi ekki samið þessa brtt. á þskj. 246, heldur annar maður í samgmn., sem er manna kunnugastur öllum vatnamálum, en það er alls ekki tilgangurinn að taka neitt aftur; í henni felst aðeins það, að þegar búið er að byggja járnbrautina og virkja fossinn, þá eigi fjelagið að framleiða köfnunarefni og láta ríkisstjórninni í tje vist magn af því með því verði, sem hjer segir, og jeg skal geta þess, að ef þetta þykir ekki nógu ákveðið, þá er ekkert á móti því að koma með skriflega brtt., sem staðfestir þetta. En jeg álít hana gersamlega óþarfa, því að hjer er ekki verið að taka neitt aftur. Annars geri jeg ráð fyrir, að hv. flm. (SvÓ) muni gera nánari grein fyrir henni, en sem sagt, jeg verð að leggja með því, að þessi brtt. okkar á þskj. 246 verði samþykt.

Jeg get í rauninni látið mjer nægja þetta, því að þær athugasemdir, sem fram komu frá hv. 1. þm. Reykv., gefa mjer ekki ástæðu til frekari andsvara, og mest af því, sem hann sagði, var að mínu viti búið að hrekja, og því síður ástæða til að fara mörgum orðum um það, eftir að hæstv. atvrh. hefir tekið þessar brtt. allar saman til athugunar.

Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um framkvæmd sjerleyfisins, þá vil jeg minna á, að það hefir verið rætt við 1. og 2. umr. málsins, og sje jeg ekki, að neitt sje unnið við að fara að endurtaka þær umr. Jeg vil aðeins benda á, að þessu sjerleyfi verður með rjettu líkt saman við sjerleyfið til að virkja Dynjandisá, því að hjer er ekki farið fram á leyfi til að virkja alla Þjórsá, heldur er farið fram á að fá sjerleyfi til að virkja einn foss í henni, og aðeins að virkja hann að nokkru leyti, en sem sennilega nemur allri þeirri hestorku, sem í Dynjanda er, nefnilega 40000 hestorkum. Það sýnist sitt hvað í þessu efni; en hitt get jeg viðurkent hjá hv. þm. (JakM),

að hann virðist vera sjálfum sjer samkvæmur, þar sem hann greiddi atkvæði á móti sjerleyfinu um Dynjandi í fyrra, þegar það var hjer til umræðu.

Þá hefir hv. þm. komið með brtt. á þskj. 244, við brtt. á þskj. 221, um vídd járnbrautarinnar. Móti þessu mælti hæstv. atvrh. og gat þess, að það gæti vel hugsast, að þær upplýsingar lægju fyrir á sínum tíma, að það væri kannske rjettara að hafa hana eitthvað mjórri. Jeg get verið því sammála, að þær upplýsingar geti legið fyrir. En annars er jeg ekki mótfallinn brtt. frá mínu sjónarmiði, en samgmn. hefir ekki haft tækifæri til þess að athuga hana.

Brtt. á þskj. 244,2 er svo sjálfsögð, að óþarfi er um hana að ræða.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að með brtt. III,3 væri sjerleyfishafa gefin öll umráð yfir járnbrautinni, en jeg álít, að ef brtt. er samþ., þá sje sjerleyfishafi alveg varnarlaus fyrir, því að þá er honum meinað að nota sjerleyfisdómstól. Jeg vil, að bæði sjerleyfishafi og stjórnin ráði yfir járnbrautinni í sameiningu, en ef ágreiningur verður, þá er sjálfsagt að snúa sjer til sjerleyfisdóms.

Viðvíkjandi 4. brtt., þá get jeg sagt það, að jeg mundi hafa verið með henni, ef ekki hefði staðið þar neitt um fasteignir fjelagsins; en eins og hún er orðuð get jeg alls ekki verið með henni. Tel jeg hana og brtt. hv. 4. þm. Reykv. óþarfar, og jeg efast um, að hægt sje að veðsetja jarðirnar og vatnsrjettindin, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði. Og jeg býst við, að ef farið yrði fram á þetta, þá mundi Titanfjelagið telja það sem þá ótrú á sjer, er það hefir alls ekki til unnið, sjerstaklega þar sem þessa var ekki krafist af Dynjandafjelaginu. Jeg býst við, að fjelagið vilji alls ekki hafa þetta í lögum, en muni ganga inn á, að það sje tekið fram í sjerleyfi, eins og hæstv. atvrh. vill.

Jeg tel nú, að þetta mál sje útrætt, og jeg býst ekki við því að tala oftar og skal því láta hjer staðar numið.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið, enda hefi jeg ekki ástæðu til þess, því að hv. frsm. (KlJ) hefir gert hreint fyrir dyrum nefndarinnar, og á þann hátt, sem mjer þótti við eiga. Annars hefðu ummæli hv. 1. þm. Reykv. (JakM) getað gefið ástæðu til svara, ef ekki hefði hv. frsm. svarað þeim svo ítarlega. En jeg er hv. frsm. ekki alveg sammála um brtt. hæstv. atvrh. á þskj. 243. Mjer þykir sú tillaga vera vægari gagnvart leyfishafa heldur en þörf er á, og jeg get ekki sjeð, að sú trygging, sem ætlast er til að náist með henni, sje nokkru fyllri en trygging sú, sem gert er ráð fyrir í 10. gr. frv. Samkvæmt till. hæstv. atvrh. er enginn sjerstakur tími til tekinn, er leyfið geti fallið niður vegna dráttar á lagningu járnbrautar eða stöðvunar verksins, en í 10. gr. frv. er svo ákveðið, að sjerleyfið falli niður, ef ekki er hálfnað verk við járnbrautina fyrir árslok 1931. Það sjest heldur eigi á till. hæstv. atvrh., hve lengi verkið má stöðvast af viðráðanlegum orsökum án þess, að sjerleyfið falli niður, og þess vegna hlýtur ógilding sjerleyfis að dragast til 1934, þegar brautarlagningu á að vera lokið. En verkið getur hæglega stöðvast vegna óveðurs eða óviðráðanlegra or-

saka, segjum í viku, hálfan mánuð eða mánuð, og væri þá ranglátt að láta sjerleyfið falla úr gildi af þeim orsökum, enda mundi aldrei verða farið eftir því. Mjer finst því brtt. hæstv. atvrh. afsleppari og teygjanlegri heldur en 10. gr. frv. og ekki til neinna bóta.

Brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 244 tel jeg til mikilla bóta og felst á þær, en um aðrar till., sem fyrir liggja, er jeg samþykkur afstöðu hv. frsm.

Jakob Möller: Mjer finst brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) óþörf, ef mín brtt. er samþ. um viðurlög við því, ef ekki sje byrjað á virkjun Urriðafoss og járnbrautinni fyrir ákveðinn tíma, að þá falli sjerleyfið niður. Það getur þó að vísu verið, að ekki sje hægt að gera eignarnám hjá fjelaginu fyr en 1934. Þó finst mjer, að ef fjelagið stendur ekki við skuldbindingar sínar um framkvæmdir, þá skifti þetta ekki svo miklu máli.

Hæstv. atvrh. vildi ekki fallast á 1. brtt. mína, um að fella niður 3. gr. frv. En hann fór ekkert inn á það að mótmæla þeim rökum, sem jeg færði fram fyrir þeirri brtt. Samkvæmt sjerleyfislögum á að setja frekari takmarkanir, þegar um svona stór fyrirtæki er að ræða, heldur en t. d. um Dynjanda. Það er þó ekki rjett, að jeg hafi verið með sjerleyfi Dynjanda. Jeg vil yfirleitt, að ströng ákvæði sjeu sett fyrir slíkum sjerleyfum, og þar sem mjer þóttu ákvæðin um virkjun Dynjanda ekki nógu ströng, þá greiddi jeg líka atkv. á móti því, að það fjelag fengi framsalsrjett án samþykkis Alþingis. Jeg hefi ekki athugað, hvort þetta sjest í þingtíðindum við nafnakall. (**KlJ:** Jú). Jæja, hv. frsm. segir, að svo sje, og vona jeg, að hæstv. atvrh. taki það gilt.

Hæstv. atvrh. sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að sjerleyfi væru framseld. Sjerleyfislögin ætlast þó til þess, að til þess þurfi sjerstakt samþykki þings, þegar um stórvirkjanir er að ræða. Það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að Alþingi hafi ráð á því, í hvaða hendur sjerleyfi komast, og yfir því á þingið að hafa fult vald.

Í sambandi við þetta sagði háttv. frsm., að hjer væri ekki um að ræða virkjun í stærri stíl en virkjun Dynjanda. Svo! Hjer er þó að ræða um helmingi meiri vatnsorku í byrjun, og samkvæmt sjerleyfislögunum er gerður munur á slíkum virkjunum. En þótt ekki væri um að ræða í byrjun meira en virkjun á ⅓ af afli Urriðafoss, þá verða menn að gæta þess, að ef sjerleyfið er framselt, þá verða framseld öll rjettindi fjelagsins til vatnsafls í Þjórsá. Þá mundi viðtakandi ganga inn í allan rjett Titan-fjelagsins yfir vatnsafli í Þjórsá og þeim ám, sem í hana renna. Verður Alþingi því að gera stóran mun á framsali vatnsvirkjunarsjerleyfis í Þjórsá og Dynjanda.

Viðvíkjandi 3. brtt. minni, við tölulið III, þá verð jeg að segja, að veigalitlar mótbárur hafa komið fram gegn henni. Hæstv. atvrh. heldur, að sá ágreiningur, sem þar getur um, geti fallið undir sjerleyfisdóm. Hjer væri um svo þarfar samgöngubætur að ræða fyrir alla þjóðina, að ekki mætti fæla sjerleyfisumsækjanda frá með óbilgirni. En það vita nú allir, að járnbrautin er aukaatriði í þessu máli. Fjelagið sækir ekki um sjerleyfið til

þess að fá að leggja hana, heldur felst það á að leggja járnbraut til þess að geta fengið virkjunarsjerleyfið. Og það á lítið í hættunni að þessu leyti, því að ef virkjunin kemst á, þá verður járnbrautin minstur hluti alls rekstrarins. Hinsvegar hygg jeg, að ágreiningur út af rekstri járnbrautarinnar geti ekki fallið undir sjerleyfisdóm samkvæmt lögunum um sjerleyfi til vatnsvirkjunar, nema þá, að um það sje sett sjerstakt ákvæði í sjerleyfið.

Jeg býst ekki við því, þótt brtt. mín yrði samþykt, að gera þurfi ráð fyrir ósanngirni af stjórnarinnar hálfu í viðskiftum við sjerleyfishafa, því að mjer þykir ólíklegt, að við fáum nokkurn tíma þá stjórn, sem virðir eignarrjettinn einskis, enda mundi hún þá finna aðrar leiðir til þess að fjefletta sjerleyfishafa. En í einu atriði á að ofurselja sjerleyfishafa, þar sem svo er fyrir mælt, að ráðherra skuli ákveða öll flutningsgjöld með járnbrautinni. Ef stjórnin vill gera fjelaginu ókleift að reka brautina, þá getur hún það með því að ákveða flutningsgjöldin svo lág. Meiri „óbilgirni" þyrfti sjerleyfishafi ekki að óttast, þó að þessi breyting yrði samþykt. Og jeg skil ekki annað en að sjerleyfishafi geti gengið að því, ef honum er alvara á annað borð, enda byrjar hann aldrei á járnbrautinni, nema hann þykist hafa vissu um það, að aðalfyrirtækið borgi sig. Og mjer skilst, að háttv. frsm. sje mjer alveg sammála um þetta.

Hæstv. ráðherra (MG) var hissa á því, að jeg skyldi halda því fram, að sanngjarnt væri, að landið hefði öll ráð um járnbrautina, en sjerleyfishafi sviftur þeim. Mjer þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera svona kröfuharður fyrir landsins hönd. Samgöngurnar eru vitanlega fyrst og fremst fyrir landsmenn sjálfa, en ekki útlenda sjerleyfishafa.

Þótt hæstv. ráðh. vilji, að því er virðist, halda því fram, að það hafi verið skylda sín við samningana að gæta hagsmuna umsækjanda ekki síður en landsins (**Atvrh. MG:** Það sagði jeg ekki.), þá finst mjer skylda hans hafa verið að líta einhliða á hagsmuni landsins. Ja — eitthvað í þá átt sagði hæstv. ráðh., taka fult tillit til þeirra.

Hæstv. ráðherra spurði, hvernig það mundi verða skilið í brtt. á þskj. 221 III,3, ef sjerleyfishafi hætti að reka fyrirtækið án samþykkis ráðherra. Það er hugsanlegt, að hætt verði við fyrirtækið og ríkið taki reksturinn í sínar hendur, en ráðherra sje því mótfallinn. Jeg býst við, að hæstv. ráðh. geti játað með glöðu geði, að „júristinn" hafi komist nokkuð ofarlega í honum í þessu tilfelli. En vitanlega er hitt óhugsandi, að ríkið taki að sjer járnbraut án vilja ráðherra, því að þingræðisráðherra skulum við gera ráð fyrir hann verði og ekki á móti því, sem meiri hluti þings samþykkir.

Hæstv. ráðherra taldi það ósamkvæmni hjá mjer, að bæði nefndi jeg þetta skaðræðismál og vildi þó tryggja framkvæmdir. Jeg hefi oft lýst því yfir, að jeg geri ekki síður ráð fyrir, að ekkert verði úr þessu. Þá er augljóst, að nota ber tækifærið til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu framvegis.

Það er viðurkent, að ástæða sje til

og sanngjarnt að heimta trygging af umsækjanda. Veð í öllum eignum fyrirtækisins hjer á landi er tryggara en bein fjárupphæð, og eins hentugra fyrir umsækjanda sjálfan. Jeg skal fúslega játa, að jeg fer ekki fram á þetta veð eða tryggingu af því að mjer sje svo sjerstaklega ant um, að virkjun Urriðafoss komist í framkvæmd í höndum útlendinga, heldur þvert á móti. Jeg get þar fyrir lagt til, að gerðar sjeu ráðstafanir til þess að sjá borgið hagsmunum landsins, sem rjett er, ef málið nær fram að ganga.

Hv. 1. þm. S.-M., hv. frsm. og hv. 1. þm. Árn. hafa talað um skyldu sjerleyfishafa til að vinna tilbúinn áburð. Ekki er sú skylda til samkvæmt frv. Mjer er óskiljanlegt, hvernig þeir fara að leggja þá merking inn í 5. lið 1. gr., sem hljóðar svo með tilheyrandi formála: „Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu Titan sjerleyfi til að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni". — Þetta er ekkert annað en heimild fyrir ráðherra til að veita fjelaginu rjett til að reisa iðjuver í þessu skyni. Þar er líka fleira tekið fram: „— og annarar iðju". Þannig getur það tekið fyrir hvað sem það vill annað en saltpjetursvinslu, án þess það verði átalið. (**MT:** En sjerleyfið?). Það er hægt að setja skuldbindingar í sjerleyfið, en það er á engan hátt trygt með þessu frv. Hvaða líkur eru þá fyrir því, að sjerleyfishafi leggi þennan iðnað fyrir sig? Litlar. Það er ólíklegt, og enginn háttv. þm. hefir leitt rök að því, að það borgi sig að framleiða áburð og flytja svo langan veg á markað. Fjelög erlendis hljóta að standa mun betur að vígi í samkepninni, bæði sökum nálægðar við markað og eins hins, að þau hafa bygt ódýrari stöðvar en hjer. Stofnkostnaður hjer úti á Íslandi hlýtur altaf að verða miklu meiri vegna vegalengdarinnar.

Jeg get ekki fullyrt, að það sje óhugsandi, að finnist verkefni til þess að hagnýta raforku Þjórsár. En jeg þori nærri að fullyrða, að þessi leið er ekki fær. Bollaleggingar hv. 1. þm. Árn. um landbúnaðinn og áburðinn falla um sjálfar sig, er maður sleppir þessum möguleika. Enda er það óhætt. Til þess að uppfylla hann er engin skylda og litlar líkur. (**MT:** Atvrh. er skyldur til að taka fram í sjerleyfinu skyldur leyfishafa). Ekki úr því hv. deild hefir ekki sett í frv., að það sje skylt. Var það þó hægt, ef gert hefði verið.

Jeg tel mjer ekki skylt að svara þeirri fjarstæðu hjá hv. 1. þm. Árn., að andmælum gegn frv. sje hjer haldið uppi af forsprökkum stórútgerðarmanna. Jeg hefi ekki orðið var við neina mótstöðu af hálfu þeirra. Jeg býst ekki við, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) verði talinn til þeirra, eða hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), er borið hefir fram einna ákveðnust andmæli.

En hinsvegar vill svo til, að einn af fulltrúum stórútgerðarmanna, hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), er í nefnd þeirri, sem leggur svo eindregið til, að frv. þetta verði samþykt.

Það var því í meira lagi óheppilegt hjá hv. þm. að fara að blanda útgerðarmönnum inn í þetta.

Þá var háttv. 1. þm. Árn. á hálum brautum, er hann fór að tala um till., sem kom fram fyrir 10 árum, um að kaupa fossa landsins fyrir 2 miljónir

króna. (**JörB:** Tuttugu). Sagði hann það? Jæja; það má nú einu gilda. Þessi tillaga var borin fram af einum ákveðnasta sjálfstæðismanni á þingi þá. En jeg get fullvissað hvern sem er um það, að sá maður gerði það ekki í því skyni, að fá ætti fossana í hendur útlendingum, heldur til þess að ná þeim úr höndum útlendinga. Ekki til þess að láta fossana halda áfram að renna óbeislaða til sjávar, heldur til þess að tryggja fyrst og fremst landsmönnum sjálfum not þeirra, er til kæmi. Hjer er verið að ráðgera að tryggja útlendingum rjett og not af fossum landsins.

Háttv. frsm. vildi halda því fram, að tryggingartill. væri óþörf, ef till. hæstv. atvrh. væri samþ. Jeg er sammála hv. 1. þm. S.-M., að sú till. er síst til bóta. Það er fjarri lagi, að mínar till. sjeu óþarfar fyrir því, Þær fara fram á alt annað og ganga mun lengra. Í till. hæstv. atvrh. felst ekki annað en það, að sjerleyfið falli úr gildi 1. maí 1929, ef ekki verði byrjað á járnbrautinni þá. Þá er að sjálfsögðu óþarft að taka það fram, að öll mannvirki verði ríkiseign. Því að þau verða ekki reist nema skriður komist á málið og járnbrautin bygð fyrst.

Hjer við bætist, að ekki er upplýst, að þær tryggingarkröfur, er við hv. 4. þm. Reykv. förum fram á í till. okkar, geri það að verkum, að fjelagið sjái sjer ekki fært að leggja út í fyrirtækið. — Hv. frsm. kvaðst hafa reynt að kynna sjer, hvernig stjórn fjelagsins mundi taka í þær. Eftir fregnum að dæma, fyndist stjórninni óeðlilegt, að þessar kröfur væru gerðar nú frekar en í fyrra um Dynjandisjerleyfið. Af þessu verður ekki annað ráðið en það, að þótt þessar kröfur verði settar í frv. og það gert að lögum með þeim, muni fjelagið ganga að þeim. Jeg skil ekki annað en manni sje heimilt að álíta svo, ef hv. frsm. hefir ekki fengið aðrar upplýsingar en þessar.

Jeg sje ekki betur en að slík meðferð máls sem hjer er um að ræða bendi til þess, að alt of langt sje gengið og að því stefnt fyrst og fremst að sjá hagsmunum sjerleyfishafa borgið, en ekki lands og þjóðar.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjett hjá hv. 1. þm. Reykv., að till. hans sje viðurlög við því, að járnbrautin verði ekki bygð. Í brtt. við 10. gr. er hvergi tekið fram, að járnbrautin heyri undir þau mannvirki, er lúta að virkjun Urriðafoss. Það, sem talað er um járnbraut annarsstaðar í brtt. hv. þm., er það, að ráðherra úrskurði um rekstur hennar, ef ágreiningur verður, og eins, ef hætt er að reka hana, en ekkert stendur þar, hvað gera skuli í því tilfelli, að ekki verði byrjað á járnbrautinni. Hinsvegar taka mínar brtt. líka tillit til járnbrautarinnar. Þó að virkjunin sje miklu umfangsmeiri en járnbrautin, þá er það víst, að meiri hluti fylgismanna frv. gengur inn á málið einmitt vegna járnbrautarinnar.

Hæstv. atvrh. sagði lengra gengið með brtt. sínum en annara. Þótt jeg viðurkenni, að sjerleyfið geti fallið niður fyr en ráð er fyrir gert, eða eftir till. hæstv. ráðh. milli 1929 og '31, þá eru það engin viðurlög við því, að ekki verði byrjað áður á verkinu. Brott-

fall sjerleyfisins er ekkert tap fyrir fjelagið, af því að sjerleyfið hefir ekki kostað það neitt. Eini sporinn, sem dugir, er það, að fjelagið eigi eitthvað á hættu, ef það byrjar ekki á verkinu fyrir 1. maí 1929. Veðið fjelli þá til ríkissjóðs sem skaðabætur fyrir landið vegna biðarinnar. Það er sanngjarnt, því að landið gæti reynt að koma upp járnbraut á annan hátt á þessu biðtímabili.

Það er ekki rjett, að jeg líti á málið einhliða frá sjónarmiði Reykjavíkur. Verður þó að taka mikið tillit til Reykjavíkur, þar sem hún verður endastöð og þar býr helmingur þess mannfjölda, er kemur til með að hafa brautarinnar not. Það er því enginn landshluti, sem þetta varðar eins og Reykjavík. Jeg álít það nokkurs um vert fyrir Reykjavík, ef járnbrautin fæst með þessum kjörum, en ódýrara rafmagn, sem hún á í vændum, tel jeg lítils virði, ef ekki á að hefja virkjunina fyr en 1934 og hún stendur síðan yfir ótakmarkaðan tíma, minst 3 ár. Þá er rafmagnið komið hingað eftir 10 ár í fyrsta lagi. En Reykjavík getur ekki undir neinum kringumstæðum beðið eftir rafmagni þangað til 1937.

Um virkjun Sogsins skal jeg geta þess, að enda þótt jeg álíti, að Reykjavík gæti ráðist í hana, finst mjer eðlilegra, að ríkið og hjeruðin í kring, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Árnessýsla, yrðu með um virkjunina og ábyrgð ríkissjóðs stæði á bak við, ef ríkið ætti ekki sinn hluta í þessu fyrirtæki.

Að ekki sje sagt út í loftið, að það fyrirtæki muni renta sig, vil jeg benda á því til árjettingar, að rafmagnsveitan hjer í Reykjavík skilar 800000 kr. tekjum árlega. Og til þess að renta fyrirtækið þarf 500000 kr. að auki. Eftir varlegri áætlun, sem bygð er á norskri reynslu, kæmu þær tekjur inn, er 30000 íbúar væru á notasvæðinu. En innan skamms munu Reykjavík og Hafnarfjörður til samans hafa náð þeirri íbúatölu, og íslensk reynsla sýnir meiri tekjur af rafveitum en norsk.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði vinsamlega um brtt. mínar, en kvaðst ekki geta greitt atkvæði með þeim, því að þær væru óframkvæmanlegar. En eftir þeim upplýsingum, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) kom með, eru þær vel framkvæmanlegar. Hann kvað ekki þau veð í eignum fjelagsins, að ekki væri hægt að losa þau fyrir öðrum. Svör Titans við fyrirspurn um þetta væru á þá leið, að því þætti óviðkunnanlegt að vera að heimta tryggingu nú, þar sem það var ekki gert um samskonar fyrirtæki í fyrra. Þótt jeg afsaki ekki þá tillátssemi, var þó nokkru öðru máli að gegna þá. Þar vestra þurfti ekki að búast við, að annað fossafjelag kæmi. En hjer á Suðurlandi má búast við fleirum, og er því varhugaverðara að láta einkaleyfi af hendi hjer syðra.

Mjer finst það einkennilegt af hv. frsm. og hæstv. ráðh., að þegar komið er með einhver skilyrði til þess að tryggja betur hag þjóðarinnar, þá eru þeir altaf reiðubúnir til þess að taka málstað fjelagsins. Jeg verð að álíta það benda í þá átt, að fjelagið hafi litla möguleika til þess að koma verkinu í framkvæmd, því ef það væri visst um að koma því í framkvæmd, gæti ekki komið til mála, að það misti fje eða eignir vegna slíkra skilyrða.

En einstakt tákn í öllu þessu máli er, að maður úr stjórn Titans er látinn vera framsögumaður háttv. fjárhagsnefndar um málið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Háttv. frsm. (KlJ) sagði, að sjer þætti mín brtt. ströng í garð væntanlegra sjerleyfishafa, en hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og fleiri háttv. þm. sögðu, að hún væri of lin í þeirra garð. Það er nú svo, að það er ekki gott að samræma þetta. En jeg er alveg sammála hv. frsm., því að það, sem mín brtt. gerir að verkum, ef hún verður samþ., er það, að sjerleyfishafar fá ekki þann tveggja ára frest, sem gert er ráð fyrir í 10. gr. frv. Jeg vil ekki láta sjerleyfishafa hafa meiri frest en til 1. maí 1929 til þess að **byrja** á fyrirtækjunum.

Þegar frv. kom frá stjórninni í byrjun, var skýrt tekið fram, að byrjað skyldi á verkinu eigi síðar en 1. maí 1929, en eins og frv. er nú, er ekki hægt að átelja það, þó að ekki verði úr framkvæmdum fyr en árið 1931. Að þessu leyti er mín brtt. harðari en till. nefndarinnar. Þá segir mín brtt. ennfremur, að ef lagningu járnbrautarinnar verði ekki haldið áfram með svo miklum hraða, að henni verði lokið á fjórum árum, fellur sjerleyfið niður, og ennfremur ef verkið stöðvast alveg. Það, sem þá hefir verið unnið, yrði þá eign ríkissjóðs. Jeg vona, að allir sjái, að það er ekki einskisvert að vera laus við sjerleyfishafa þegar árið 1929, ef verkið verður ekki hafið þá. Ef til vill mætti þá gera eitthvað annað frá 1929 til 1931. Jeg get ekki sjeð, til hvers það er tekið fram í 3. málsgr. 10. gr., að ef verkið stöðvast á 1. eða 2. ári, skuli leyfið falla niður. En ef það stöðvast á 3. eða 4. ári, — hvað þá? Jeg skal viðurkenna það, að eftir því, sem verkið er lengra komið, því minni líkur eru til, að það stöðvist. Jeg vona því, að hv. deild geti fallist á mína brtt., því það var beint skilyrði af minni hálfu í samningunum við fjelagið, að byrjað yrði á verkinu 1. maí 1929. Þessu til viðbótar skal jeg taka það fram, að sjerleyfishafi verður sem fyrst að hafa það fje á reiðum höndum, eða vissu fyrir því fje, sem þarf til járnbrautarinnar.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) verð jeg auðvitað að beygja mig fyrir því, að hann hefir greitt atkv. með nafnakalli á móti 3. gr. Dynjandisjerleyfisins. En það verður að virðast mjer til vorkunnar, þó að jeg muni ekki öll nafnaköll, og svo er það ólíkt hans venjulegu framkomu að láta það viðgangast, að mál, sem hann er andvígur, sje flutt í nafni nefndar, sem hann er í, án þess að hann taki nokkru sinni til máls til þess að skýra frá, að hann sje mótfallinn, þótt flm. sje.

Þegar þessi hv. þm. talar um þetta mál, talar hann eins og hjer sje um að ræða alt vatnsaflið í Þjórsá. Þetta er vitanlega aðeins blekking, því að hv. þm. veit betur; hann veit, að það er aðeins einn foss, sem ætlunin er að virkja, og hann veit líka vel, að í Þjórsá er margfalt meira afl en þetta, og þegar hv. þm. talar þannig um þetta, getur það ekki bygst á öðru en því, að hann haldi, að þessi byrjun muni reynast svo vel, að fjelagið vilji bæta við sig og fái leyfi til þess.

Þá taldi hv. þm. ófært að láta útlendinga starfrækja járnbrautina. Sú

1. þm. Reykv., yrðu hans brtt. samþ. En um mig er það að segja, að jeg mun ekki greiða frv. atkv., þó brtt. mínar verði samþyktar. Jeg verð altaf á móti þessu máli.

Hinsvegar vildi jeg með brtt. minni sýna það, að ef á annað borð á að opna landið fyrir erlenda stóriðju, þá megi ekki minna vera en að landsmenn njóti þar góðs af, t. d. með því að bændur fái áburð til aukinnar jarðræktar með góðum kjörum.

Nú hafa nokkrir hv. þm. úr samgöngumálanefnd borið fram brtt. við mína brtt. og þar með fallist á, að nauðsynlegt sje, að bændum verði eitthvað ívilnað með áburðarkaupin. En það, sem á milli ber, er það, að jeg er harðari í kröfum. Jeg get ekki fallist á, að verðið sje miðað við framleiðslukostnað, og það af þeim ástæðum, að mjer skilst, að ekki sje auðvelt að vita um það hjá fjelaginu, hver hinn raunverulegi framleiðslukostnaður er. Jeg fer fram á, að áburðurinn afhendist í Reykjavík við verði, sem sje 25% lægra en á tilsvarandi Noregssaltpjetri í stórsölu frá verksmiðju í Noregi, en hinir treysta sjer ekki til þess að fara lengra en að segja, að verðið megi ekki fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætíð vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Með þessu móti viðurkenna þeir, að ekki megi minna vera en að bændur fái áburðinn með þessum kjörum, en mjer finst þar of skamt gengið, þegar litið er á þau rjettindi og ívilnanir, sem þessu stórgróðafjelagi eru veitt. Þess vegna held jeg fast við mína brtt., þó að jeg hinsvegar játi, að hin brtt. sje til nokkurra bóta.

Þá vil jeg með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Jeg hefi altaf verið á móti því, að erlendum gróðabrallsmönnum yrðu veitt hjer sjerstök hlunnindi. Að vísu neita jeg ekki, að þetta frv. er að sumu leyti skárra en það, sem að lögum varð í fyrra, og á jeg þar við járnbrautina, sem nú á að fylgja með, þessi „tálbeita“, sem hæstv. atvrh. nefndi svo oft í ræðu sinni. En fyrir mjer er hún samt ekki sú tálbeita, að jeg hennar vegna sjái mjer fært að fylgja frv. Jeg veit, að ríkið verður að sjá austursýslunum fyrir bættum samgöngum, þessu stærsta landbúnaðarsvæði landsins, og að sumir telja, að nú sje úr þeim vandræðum greitt, þar sem útlendingar kosti brautina að mestu leyti. En þótt aldrei nema nokkurnveginn vissa væri fyrir því, að brautin kæmi, þá álít jeg samt ekki svo mikið keppikefli að fá hingað útlent fje og erlenda menn til atvinnurekstrar, að við þá eigi að slaka frá lögum landsins, en setja þeim fremur ný og sjerstök lög að starfa undir.

Mjer finst ekki úr vegi í þessu sambandi að minna á það, að tekjur ríkissjóðs á undanförnum árum hafa oltið á 10 miljónum króna, en að stofnfje þessa fjelags, sem ætlar að hefja hjer atvinnurekstur í stórum stíl, er áætlað um 40 miljónir. Jeg veit ekki, hvað bíður okkar, þegar slíkum peningastraum er veitt inn í landið. Og jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg vil ekki verða þess valdandi að eiga á hættu að vinna þjóðinni tjón með því að veita slíku peningaflóði í höndum útlendinga yfir landið. Jeg vil ekki stíga slík spor í þarfir útlendinga, sem hingað leita í eigin hagsmuna skyni,

skoðun hv. þm. fer mjög í bága við þær háværu raddir, sem heyrst hafa um það, meðal annars á síðasta þingi, að fá útlent fjelag til þess að leggja hjer járnbraut. Jeg get bent hv. þm. á það, að í öðrum löndum eru járnbrautir víða einkafyrirtæki, og jeg sje ekki annað en að ríkisstjórninni sje trygður nógur íhlutunarrjettur með því, að hún á að ákveða flutningsgjöldin og hafa eftirlit með rekstrinum.

Hv. þm. þótti jeg ekki nógu strangur við sjerleyfishafa, en það komu fram aðrar raddir um, að jeg væri of harður, svo að það er hjer sem oftar, að það er erfitt að gera svo öllum líki. Það er algerlega rangt hjá hv. þm., að jeg hefði sagt, að jeg teldi mig vera fulltrúa bæði fyrir Titan og landsmenn. Það hefi jeg aldrei sagt, enda væri það fjarri öllum sanni. En hitt sagði jeg, að það væri ekki til neins að setja svo ströng skilyrði, að það sje fyrirfram sjeð, að ekki yrði gengið að þeim. — Það er enginn vandi að setja ströng skilyrði, en það er vandi að setja hæfilega ströng skilyrði, svo að landið fái sitt án þess að gengið sje of nærri leyfishafa.

Það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði út af minni brtt., var alt tómur misskilningur. Ef mín brtt. verður samþ., fellur sjerleyfið úr gildi þann 1. maí 1929, ef ekki verður byrjað á verkinu fyrir þann tíma. Og ef ekki er haldið áfram, svo að því verði lokið á 4 árum, er sjerleyfið einnig úr gildi, og eins ef verkið stöðvast alveg.

Hv. 4. þm. Reykv. viðurkendi, að þetta mál væri mjög mikilsvert fyrir Reykjavík, og e. t. v. ekki eins mikils virði fyrir neinn annan stað á landinu, og vænti jeg því, að hann sem fulltrúi Reykjavíkur greiði ekki atkv. á móti þessu frv. — Um virkjun Sogsins er ekki ástæða til að ræða hjer; það mál liggur ekki fyrir. Hv. þm. sagði, að þegar verið væri að herða á skilyrðum við Titan, stæðum við, jeg og hv. frsm., á móti. En þetta er misskilningur. Fyrir okkur vakir aðeins það að setja ekki svo ströng skilyrði, að væntanlegir sjerleyfishafar gangi frá. Þeir verða gagnvart fjármálamönnum að geta sýnt fram á, að líkindi sjeu til, að reksturinn geti borið sig.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi ekki tekið þátt í umr. um þetta mál til þessa, og geri heldur ekki ráð fyrir, að jeg lengi þær til muna. Jeg sá heldur ekki ástæðu að taka til máls fyr en nú, því að á síðasta þingi lýsti jeg yfirleitt afstöðu minni til slíkrar málaleitunar, þó að það væri þá í sambandi við smærra mál en nú er um að ræða. Þessum mínum málstað hefir líka verið haldið fram mjög röggsamlega af hv. 1. þm. Reykv. (JakM), og því ástæðulaust að bæta þar neinu við.

Annars vildi jeg víkja lítilsháttar að brtt. minni á þskj. 222, en um hana stendur dálítið öðruvísi á en um aðrar brtt., sem hjer eru fram komnar. Mjer skildist, að hæstv. atvrh. væri að lýsa því yfir fyrir hönd hv. 4. þm. Reykv., að hann myndi verða með frv., ef hans brtt. yrðu samþ., og sama vildi hæstv. ráðh. draga út úr orðum hv.

því að vitanlegt er, að tilgangur þeirra með slíkri stóriðju, sem hjer er um að ræða, er enginn annar en sá, að græða á viðskiftunum við okkur, en ekki hitt, að þeir ætli okkur að græða á sjer.

Um þetta vil jeg taka mjer í munn orð hins spaka manns Magnúsar Stephensens landshöfðingja, þau er hann mælti hjer á þingi, er við lá, að Landsbankinn yrði lagður niður til þess að greiða götu dönskum fjármálamönnum, er hjer voru að reyna að koma á stofn nýjum banka. Þá stóð landshöfðinginn upp og mælti þessi eftirminnilegu orð: „Quicquid id est, timeo Danaos et dona ferentes". — Hann sá, hver hætta var á ferðum, og hann skorti hvorki einurð nje rjettdæmi til þess að halda fram rjetti landsins.

Við vitum ekki, hver hætta stafar af því að veita þessu gullflóði inn í landið. En hitt vitum við af dæmum annara þjóða, sem þetta hafa gert, að varlega skyldu menn fara í því að hleypa erlendum „kapitalistum" inn í landið. Reynsla annara þjóða hefir sýnt það, að þegar slíkir menn hafa hreiðrað um sig, hætta þeir að hlýða lögum landsins og skjóta þá málum sínum til þess ríkis, sem þeir eru komnir frá. Og þegar svo er komið, vitum við, hvernig stærri ríkin fara með þau smærri, að þá verður lítið úr verndinni, sem bygt var á.

Í þessu sambandi mætti vel minna á, að það er hægra að leiða asnann inn í herbúðirnar en að reka hann út aftur. Þess vegna vil jeg ekki vera með að stíga slíkt spor, sem búast má við, að verði landi og lýð til óheilla.

Með þessu er þó ekki sagt, að jeg sje á móti allri fossavirkjun. Síður en svo. Jeg mundi fylgja því, að virkjun kæmist á, þegar svo væri um hnútana búið, að landi og þjóð stafaði engin hætta af.

Það var t. d. í ráði fyrir fáum árum, að íslenskir og danskir samvinnumenn og bændur stofnuðu til stórvirkjunar á Lagarfossi til áburðarvinslu. Þá leið hefði jeg talið heppilega, og sú leið getur verið farin enn.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Jeg hefi svo oft látið í ljós skoðun mína á þessu máli, að óþarft er að bæta fleiru við.

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að gera grein fyrir skriflegu till., sem er varatillaga við 3. lið á þskj. 221. Ef sá liður yrði feldur, þá kæmi til greina seinni hluti þessarar till., og jeg get ímyndað mjer, að þeir, sem eru með aðaltill., geti gengið að þessari till., því að hún á að vera stjórninni til styrktar í viðskiftum við sjerleyfishafa, svo að hún hafi í fullu trje við hann um að gæta rjettar landsins.

Mig langar til að vekja athygli hv. nefndar á því, út af brtt. um það, að fyrirtækið skuli gefa 5% afslátt hjer innanlands á tilbúnum áburði, að ef hún álítur, að fyrirtækið geti ekki staðið sig við að gefa meiri afslátt en þetta, þá er það alls ekki samkepnisfært við Norðmenn. Það þarf að selja áburðinn til útlanda með miklu meiri afföllum en þetta.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer þótti leitt að heyra það, að háttv. þm. Str. (TrÞ) er andsnúinn frv., því að jeg hafði gert mjer von um, að hann yrði því meðmæltur. En það er nú öðru nær.

Hann sagði, að ekkert tryggilegt eftirlit gæti orðið með áburðarframleiðslunni samkv. frv. En ef við lítum á sjerleyfislögin, þá er það sýnilegt, að 11. gr. frv. tryggir það, að ríkisstjórn getur haft fullkomið eftirlit með framleiðslunni, ef hún vill.

Út af orðum hv. þm. um afurðasölu til landsmanna, þá vil jeg geta þess, að samkvæmt sjerleyfislögunum er hægt að krefjast þess að fá ákveðið magn af framleiðslunni fyrir lægra verð en almenningur á kost á. Jeg er þó ekki á móti því, að till. í þessa átt verði samþykt, en jeg felli mig betur við till. háttv. nefndar heldur en till. hv. þm. Str. Það verður altaf álitamál, hvað mikið á að taka í lögin sjálf og hve mikið í sjerleyfið. Hjer var farin sú leið að taka sem minst í lögin, en vísa til sjerleyfisins, eins og gert er í 11. gr. Þetta hefi jeg margskýrt.

Hv. þm. Str. sagðist vera á móti því að veita erlendu fjármagni inn í landið. Jeg held, að það sje ekki rjett að vera á móti því, hvernig sem á stendur. Peningarnir eiga að vinna okkur gagn, en þótt þeir vinni útlendingum jafnframt gagn, þá er það ekki næg ástæða til þess að vera á móti því, að þeim sje veitt inn í landið. Og jeg held, að þess verði langt að bíða eftir, að samtök bænda hjerlendis og erlendis verði svo sterk, að þau geti annað þessu verki, eins og hv. þm. Str. óskaði. Og ef við ættum að bíða eftir þeim, þá yrðum við að bíða lengi eftir þessari samgöngubót.

Háttv. 1. þm. Reykv. hefir nú komið hjer fram með brtt., sem á að vera til vara. Jeg veit satt að segja ekki, hvað hann meinar með henni, eða hvort það má skilja hann svo, að hann ætli sjer að greiða atkvæði með frv., ef þessi brtt. skyldi verða samþ. Jeg fæ ekki sjeð, að brtt. sje svo merkileg, að það skifti miklu máli, hvort hún er samþ. eða ekki.

Hv. þm. sagði um daginn, að útlendingunum væri heimilt að láta járnbrautina liggja ónotaða, ef þeim sýndist svo. Þetta er ekki rjett. Í sjerleyfislögunum er ákvæði um það, að ef sjerleyfishafi hættir framkvæmdum, þá skuli setja eignir hans á uppboð, og ríkið hefir þá forkaupsrjett, þannig, að það getur gengið inn í hæsta boð, en þarf ekki að gera yfirboð.

Hv. þm. mintist á brtt. á þskj. 246 og áleit, að ekkert væri með henni unnið. En hann leit ekki á það, að álagningin má ekki fara fram úr 5% af vinslukostnaðinum og að 10 sinnum meira er lagt á tilbúinn áburð frá erlendum verksmiðjum.

Þá vil jeg minnast á sporvídd brautarinnar. Jeg hefi talað um þetta efni við vegamálastjóra, og hann hyggur, að það sje varlegra að setja ekkert ákvæði um þetta í lögin sjálf. Tvær sporvíddir gætu komið til greina, 1 meter eða sú sporvídd, sem getið er í till. háttv. 1. þm. Reykv. Metervídd er notuð á þeim brautum í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð, þar sem ekki er mikil umferð, en breiðari brautir eru í Noregi og Englandi. Vegamálastjóri sagði, að það mundi hægt að fá mikið ódýrari teina handa 1 meter braut í þeim löndum, sem nota þá sporvídd, og þess vegna vill hann ekki, að í lögunum sje ákveðin nein sporvídd. En þótt þetta komi ekki í lögin, þá er ekki þar með sagt,

að sporvíddin geti ekki orðið sú sama, sem hv. 1. þm. Reykv. vill. Það ræður mestu þar um, hvaðan bestu tilboðin geta komið um teinana.

Magnús Torfason: Jeg þóttist hafa reynt að haga svo orðum mínum í gær, að ekki þyrfti að andmæla þeim. Enda hefir það ekki verið gert neitt verulega, nema hvað eitt atriði snertir.

Jeg gat þess, að fyrir 10 árum hefði verið ætlast til þess, að varið yrði 2 miljónum króna til þess að kaupa fossa handa ríkinu. Þetta veit jeg, að er rjett, því að jeg fjallaði þar um. Hitt er líka rjett, að í frv. var gert ráð fyrir því að taka 20 milj. kr. lán til þess að kaupa og *hagnýta* fossa.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vill nú halda því fram, að sá, sem bar fram frv. þetta, hafi ekki ætlast til þess, að notað yrði útlent fje til þessarar stóriðju, og má það að vissu leyti til sanns vegar færa. Hugsunin var sú, að landið keypti alla fossa, eða hefði að minsta kosti yfir að ráða helming af atkvæðamagni um notkun þeirra, ef einhverjum öðrum væri leyft að eiga þar hlut í. Að öðru leyti veit jeg ekki, að það sje mikill munur á því að láta útlendinga veita fje hjer til fyrirtækja eða að við tökum lán erlendis með ábyrgð ríkisins. Það er í báðum tilfellum um erlent fjármagn að ræða. Og við verðum að gera okkur ljóst, að við eigum ekki nema um tvent að velja: annaðhvort að virkja aldrei fossana, eða þá að við verðum að fá fje frá útlöndum til virkjunarinnar. Og hjá því verður ekki komist, því að lífið og þjóðin heimtar aukin þægindi og kröfurnar til þess aukast dag frá degi. Við stöndum nú svo að vígi, að við eigum við lítil þægindi að búa á norðurhjara heims, og því má ekki sporna á móti því, að við fáum þau þægindi, sem náttúrugæði þessa lands geta veitt okkur.

Annars vil jeg minna á það, að því hefir altaf verið haldið fram, að það væri sjálfsagt að veita fyrsta fjelaginu, sem byrjaði á fossavirkjun, meiri hlunnindi en öðrum. Og jeg vil líka minna á þá staðreynd, að öll útlend fyrirtæki hjer hafa orðið innlend með tíð og tíma. Jeg á hjer ekki við það, að útlendingar geti ekki selt hjer náttkjóla og lífstykki, heldur á jeg við það, að öll hin stærri fyrirtæki, sem á fyrirhyggju hafa þurft að halda, hafa komist á íslenskar hendur, og nú er t. d. eitt hið stærsta að verða innlent.

Því verður ekki neitað, að útlendingar vilja hafa eitthvað upp úr þeim fyrirtækjum, sem þeir hafa lagt fje í. En hjá því verður ekki komist í jafnfjelitlu landi. Við verðum bara að tryggja okkur gegn því, að gróði þeirra verði okurgróði og fyrirtækin verði okkur sjálfum til tjóns.

Jeg mun svo með atkvæði mínu sýna, hverjar brtt. mjer eru geðfeldar.

Sveinn Ólafsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að það, sem gerði mjer það kleift að fylgja því að þessu sinni, væru vonir þær, sem við það eru tengdar um það, að eignast járnbraut austur yfir fjall, það samgöngutæki, sem þriðjungur landsmanna óskar eftir og hefir lengst þráð. En jeg tók það líka fram, að ef ekki væri um það að ræða, að við gætum fengið járnbrautina, þá mundi jeg hik-

laust hafa greitt atkvæði á móti vatnsvirkjuninni, í hverri mynd sem birst hefði.

Með þetta fyrir augum eru tillögur samgmn. gerðar, því að nefndin lítur á þetta líkt og jeg, að aðalatriðið sje að fá járnbrautina. Það er því skiljanlegt aðhald, sem kemur fram í till. nefndarinnar og lýtur nær eingöngu að framkvæmdum um járnbrautarlagninguna, en ekki virkjunina. Nú hafa einnig komið fram till. frá öðrum hv. þdm., sem veita eiga slíkt aðhald um virkjun vatnsins, bæði frá háttv. 1. þm. Reykv. og háttv. 4. þm. Reykv., en þó hygg jeg, að það aðhald, sem í þeim felst, sje ekki eins mikið og þeir ætla. Þótt svo færi, að fjelagið yrði skyldað til að setja vatnsrjettindi og fasteignir að veði fyrir því, að úr framkvæmdum verði, þá er það ekki svo ýkjamikils virði fyrir ríkið að eignast þetta. Vatnsrjettindi Titans í Þjórsá og þverám hennar munu hafa kostað fjelagið um 170 þús. kr., en auk þess mun fjelagið hafa leigt einhver vatnsrjettindi.

Ef skortur væri orkuvatna í landinu, þá gæti það verið mikils virði fyrir ríkið að fá þessi rjettindi yfir Þjórsá, en eins og nú horfir við, eru þau ríkinu nær einskis virði, þar sem það hefir ráð á orkuvötnum langt fram yfir það, sem notað verður á næstu áratugum. Það líða langir tímar áður en ríkið getur hagnýtt sjer öll vatnsrjettindi, sem það á, og hvað frekar ef um meira væri að ræða. Þetta er alment talað það, sem jeg vildi segja um virkjunarleyfið og aðhaldið, og það, sem hefir leitt mig til þess að styðja að því, að þetta leyfi yrði veitt með skildögum þeim, sem nefndin styður. Hinsvegar skal jeg segja það eins og það er, að jeg væri þá þakklátastur þessu útlenda fjelagi, ef það stæði við samningana um byggingu járnbrautarinnar og hyrfi að því loknu á brautu. Við þau leikslok gæti jeg vel unað.

Jeg hefi ekki meiri trú á þeim útlendu stóriðjufyrirtækjum en hv. þm. Str. (TrÞ), og óska síst eftir vexti þeirra.

Annars vil jeg segja það um þessa till. hv. þm., á þskj. 222, um skyldu fjelagsins til áburðarsölu 25% undir sannvirði, að við hana get jeg ekki felt mig, því að mjer finst það líkjast of mikið beiningamannsháttum að koma þannig fram fyrir útlent auðfjelag og biðja um ölmusu.

Jeg vil um þetta atriði fylgja því fordæmi, sem annarsstaðar tíðkast, t. d. í Noregi, að áburðurinn sje látinn af hendi 4—5% undir heildsöluverði, sem nálgast mundi vinslukostnað. Á því er bygð till. samgmn. á þskj. 246, og með henni ætti landbúnaðinum að vera trygð sæmilega góð kjör í áburðarkaupum. Með því finst mjer vera í hóf stilt. En jeg vil ekki láta líta svo á, að jeg sje að mæla þetta útlenda fjelag undan eðlilegum kröfum, þótt þessi kvöð sje linuð.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, var við 2. umr. samþ. sá viðauki við 10. gr. frv., sem felur í sjer mest aðhald um byggingu járnbrautarinnar. Nú er komin fram brtt. frá hæstv. atvrh. einmitt við þennan lið 10. gr., á þskj. 243. Við fyrri hluta þessarar umr. gerði jeg aths. við þessa brtt.; jeg lýsti því yfir þá, að jeg teldi hana

ekki til bóta. Jeg tel, að þótt hún verði samþ., þá geti orðið meiri dráttur á byggingu brautarinnar, án víta fyrir fjelagið, en eftir 10. gr., eins og hún er nú. Sjerleyfið fellur að vísu niður eftir till. hæstv. ráðh., ef ekki verður byrjað á verkinu í tæka tíð, eins og þegar stendur í gr., en það verður naumast úr því skorið fyr en síðast á byggingartímanum eftir till. hæstv. ráðh., hvort verkinu muni verða *lokið* í tæka tíð, og 1. júlí 1934 er auðvitað of seint að sjá þetta og viðurlögin koma þá of seint. Þess vegna vildi jeg áður en þessi og aðrar brtt. koma til atkv., leyfa mjer að bera fram skriflega brtt. við brtt. hæstv. atvrh. Jeg tel nægilega langt að bíða í óvissu um framkvæmdir fjelagsins til ársloka 1931.

Eins af tvennu vildi jeg mega vænta, annaðhvort að þessi skriflega brtt. mín verði samþ. eða að 10. gr. frv. verði látin standa óbreytt.

Jeg vil svo ekki að sinni orðlengja um þetta frekar. Jeg hygg, að málalokin verði þau sömu, hvort sem deilt er lengur eða skemur. Að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta brtt. skrifuðu.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla ekki að halda hjer langa ræðu, heldur vildi jeg aðeins beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. (MG), viðvíkjandi láni því, sem heimilað er að taka samkvæmt 8. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram alt að tveim milj. til járnbrautarlagningar og stjórninni heimilað að taka lán til þess að nokkru eða öllu leyti. Nú hefi jeg gert ráð fyrir því, að þessi heimild væri bundin því skilyrði, að víst væri, að verkið kæmist til fullra framkvæmda, svo að fjelagið fengi ekki þetta tillag úr ríkissjóði greitt fyr en verkið væri komið nokkuð áleiðis. Hjer í landi eimir enn furðumikið eftir af oftrú á járnbrautir. Mætti því fara svo, ef atvinnuleysi yrði um skeið á næstu árum, að hart yrði gengið að stjórnarvöldum að bæta úr því á þann hátt að byrja á járnbrautarlagning og verja til þess því fje, er ráð væri fyrir gert að leggja fram af hálfu ríkissjóðs, án þess fengin væri nokkur vissa um framkvæmdir Titans, og landið þannig bundið við framhald verksins á eigin spýtur. Um þessi atriði vildi jeg heyra skýr svör frá hæstv. atvrh., hvenær hann telur, að lántökuheimildin megi koma til framkvæmdar og ríkissjóður greiða fje til járnbrautarlagningar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal fyrst taka það fram út af orðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um brtt. mína, að jeg sje ekki, að mikill munur sje á till. okkar. — Eins og frv. yrði, ef mín brtt. væri samþ., þá er enginn efi á því, að sjerleyfið fellur niður 1. maí 1929, ef ekkert hefir verið byrjað á verkinu þann dag. Hinsvegar, þó að eitthvað vanti á, að verkið sje hálfnað 1931, get jeg ímyndað mjer, að ekki þyki ástæða til, að sjerleyfið falli niður fyrir þá sök, ef því yrði haldið áfram á eftir með meiri hraða. Meiri kröfur sje jeg ekki ástæðu til að gera, nema þá ef einhverjum sýndist ástæða til að stytta tímann.

Það gæti vitanlega komið til mála

að setja það sem skilyrði, að verkinu yrði lokið á 3 árum. Þetta kom líka til athugunar við samningagerðina við væntanlega sjerleyfishafa, en mjer þótti sá tími of stuttur, með því að jeg óttaðist, að þá yrði tekinn of mikill vinnukraftur frá öðrum atvinnuvegum.

Út af fyrirspurn háttv. þm. N.-Þ. (BSv) skal jeg segja það, að jeg tel, að stjórnin hafi enga heimild til að taka lán eða leggja fram þessar 2 milj. fyr en fjelagið hefir að minsta kosti 6 milj. trygðar til að leggja á móti. Þetta svar vona jeg, að hv. þm. sje ánægður með og telji fullskýrt.

Jón Guðnason: Umræðurnar um þetta mál eru nú orðnar alllangar, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem um svo stórt mál og mikilsvert er að ræða. Jeg hefi ekki fram að þessu tekið þátt í umr. um þetta mál, en vildi nú áður en gengið er til atkv. gera með nokkrum orðum grein fyrir atkv. mínu. — Jeg hefi nú nokkuð aðra aðstöðu en flestir aðrir hv. þm. að því er snertir möguleikana til að hafa sett mig inn í þetta mál. Jeg hefi ekki átt sæti á þingi fyr en nú, og því ekki eins og flestir aðrir hv. þdm. átt kost á því að kynna mjer nógu rækilega þau mál af þessu tægi, sem legið hafa fyrir þinginu áður. Jeg lít svo á, að um leið og við tökum afstöðu til þessa frv., sem hjer liggur fyrir, þá verðum við að gera okkur það ljóst, hve langt við eigum að ganga inn á þessa nýju braut. Jeg álít, að við verðum að fara gætilega í það að hleypa erlendu fjármagni inn í landið og útlendum lýð. — Með þessu vildi jeg láta mína afstöðu vera markaða í þessum málum. En jeg verð að segja það fyrir mig, að jeg sje ekki, að þetta frv. sje svo hættulegt eða að hjer sje gengið svo langt inn á nýja braut, að það geti verið neitt varhugavert fyrir okkar þjóð að veita þetta sjerleyfi.

Þetta mál hefir tvær hliðar. Annarsvegar er það járnbrautin og hinsvegar virkjun vatnsaflsins.

Í augum okkar, sem búum í afskektum hjeruðum, er járnbrautin mjög athugavert mál, enda mjög á dagskrá meðal þjóðarinnar. Jeg hygg, að mönnum sje það ljóst, að mjög mikið fje þurfi til þess að bæta úr hinum miklu samgönguvandræðum, sem einkum eru tilfinnanleg í hinum stærri hjeruðum, og að þess sje ekki að vænta, að ríkið verði þess megnugt í náinni framtíð að leggja fram alt það fje. Jeg hygg, að mönnum úti um land þyki ekki hægt að vænta betri lausnar á þessu máli en þeirrar, sem menn nú eiga kost á, fyrir þau hjeruð, sem hlut eiga að máli, nje minna framlags úr ríkissjóði.

Þá er hin hliðin á þessu máli, stóriðjan. Þó að jeg álíti, að við eigum að gæta hinnar mestu varúðar í þeim efnum, þá hygg jeg, að þjóðinni eða þjóðerni vóru geti ekki stafað nein hætta af einu til tveim fyrirtækjum eins og þessu. Við verðum að vona, að hægt verði að hrinda svo áfram ræktun landsins í sveitunum, að þar verði nóg verkefni í framtíðinni fyrir hinn vaxandi fólksfjölda. En annarsstaðar eru atvinnuvegirnir ver trygðir, nefnilega í hinum stærri bæjum, og þá einkum í Reykjavík. Þó að við gerðum ekki ráð fyrir svo sem neinum innflutningi til Reykjavíkur úr sveitunum á næstu árum, þá er það fyrirsjá-

anlegt, að fólkinu muni stórfjölga frá því, sem nú er í bænum. Þá er spurningin, — hvaða atvinna verður hjer í framtíðinni fyrir þann mannfjölda? Þetta sjá allir, að er hið mesta vandamál, því að reynslan hefir sýnt og alt útlit er á því, að útgerðin verði ekki svo trygg eða geti tekið þeim vexti, að hún geti veitt næga atvinnu þeim mannfjölda, sem hjer er að vaxa upp. Með þessum forsendum mun jeg greiða atkv. mitt með þessu frv. hjer út úr þessari hv. deild, og það því fremur, sem til þess er ætlast, að hin væntanlega framleiðsla þessa fyrirtækis, áburðarframleiðslan, komi landbúnaði vorum að miklum notum.

Hvort það sje trygt, að úr framkvæmdum verði, þó að þetta sjerleyfi verði veitt, skal jeg ekki fullyrða neitt um. Um það ganga ýmsar sögur, og höfum við einstakir þm. ekki kost á að dæma um, hvað rjett sje í þeim; en þó er eitt atriði, sem mjer finst benda í þá átt, að líklegt sje, að fje fáist til þessa, en það eru ummæli hæstv. atvrh., sem sjálfur hefir samið við væntanlega sjerleyfishafa. Þó að jeg beri ekki sjerstakt traust til hans að því er snertir stjórnmálastefnu hans, verð jeg þó að marka meira hans orð, sem hann talaði hjer úr ráðherrastóli, en lauslegar sagnir, sem um þetta ganga.

Frsm. (Klemens Jónsson): Það lítur út fyrir, að þær löngu umræður, sem orðið hafa um þetta mál, ætli nú loks að taka enda. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Dal. (JG), að það sje eðlilegt, að umr. hafi orðið langar, þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða, en jeg geri nú samt ráð fyrir, að það megi fullyrða, að þýðingarlaust sje að halda þeim áfram úr þessu. Jeg býst við, að allir sjeu ráðnir í, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði.

Jeg ætla ekki að fara út í einstök atriði, sem komið hafa fram síðan jeg talaði síðast. Aðeins vildi jeg óska þess, að málið fái nú framgang í dag og að allir, sem vilja fá prófstein fyrir því, hvort hægt sje að virkja fossana okkar, greiði atkvæði með frv. Hinir, sem komið hafa fram með brtt., ekki af umhyggju fyrir málinu, heldur setja fram harðar kröfur til að eyðileggja það, þeir greiða auðvitað atkvæði á móti því.

Þó ætla jeg með örfáum orðum að minnast á brtt. hv. þm. Str. (TrÞ). Hann álítur, að ekki sje hægt að sanna, hver framleiðslukostnaðurinn yrði. Því er hæstv. atvrh. búinn að svara.

Hv. þm. sagði, að útlendingarnir kæmu hingað í þeim tilgangi einum að græða fje. Svo er um alla, sem stofna hlutafjelag eða leggja út í eitthvert fyrirtæki. Þeir byrja ekki á því til þess að ausa út fje sínu, heldur af því að þeir vilja hafa eitthvað upp úr því. Það á líka við um þessa menn. Auðvitað koma þeir ekki með neinar gjafir.

Jeg verð að segja, að sá mæti maður, sem nú er kominn undir græna torfu og hv. þm. Str. vitnaði í, hafði engan sóma af því máli. Hann var þá ekki þingmaður, heldur kom hann fram fyrir hönd stjórnarinnar. Jeg veit, að allir viðurkenna nú, 26 árum síðar, að það var ekki þakkarvert, sem hann var þá að vinna, að reyna af öllum mætti að eyðileggja stofnun nýs banka, þegar Landsbankinn stóð gal-

tómur og gat engum rjett hjálparhönd.

Annars stappar það nærri, að hv. þm. Str. mæltist til þess að fá gjafir, þar sem hann fer fram á mjög mikinn afslátt á áburðarefni.

Jeg hefi ekki ástæðu til þess að vera að lengja umræðurnar. Það verður hver að ráða það við sjálfan sig, hvernig hann greiðir atkvæði. En jeg vil taka það fram, að það er mín spá, að það verði happaspor fyrir okkar þjóð, sem stigið verður í dag, ef þetta frv. verður samþykt.

Jeg vil benda hæstv. forseta á, að í nál. á þskj. 138 er engin brtt. Sú brtt. var tekin aftur, en liggur nú fyrir á þskj. 227.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, sjerstaklega út af síðustu ummælum hv. frsm. Úr því jeg stóð upp, ætla jeg þá um leið að víkja að einstökum atriðum, sem komið hafa fram af annara hálfu.

Hæstv. atvrh. sagði, að það mætti búast við, að lengi mætti bíða eftir virkjun fossanna, ef farið yrði eftir minni tillögu. Jeg vil benda hæstv. atvrh. á það, að jeg álít ekki aðalatriðið að virkja fossana. Aðalatriðið er að virkja þá þannig, að þeir verði okkur til gagns, en ekki til ógagns. Jeg vil því heldur bíða en ana út í þá óvissu, sem jeg tel, að hjer sje um að ræða.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að fólkið heimtaði aukin þægindi. Þetta er hárrjett, og ef jeg væri viss um, að virkjunin hefði í för með sjer aukin þægindi og betra líf, mundi jeg greiða atkvæði með henni. En þegar eins má gera ráð fyrir, að hún leggi okkar þjóð í læðing útlends auðmagns, þá hika jeg ekki við að greiða atkvæði á móti henni.

Hv. þm. sagði, að útlend fyrirtæki, sem rekin hefðu verið hjer á landi, hefðu öll orðið innlend. Þau hafa sum orðið það. En áður voru þau búin að rista breiðar lengjur úr hrygg okkar Íslendinga. Auk þess hefir það aldrei verið gert áður að hleypa inn í landið eins miklu fjármagni og þessu. Það getur farið fyrir okkur gagnvart þessum útlendingum eins og Einar þambarskelfir sagði forðum við Noregs konung um Svein Úlfsson, að þeir verði okkur ofjarlar.

Það, sem aðallega kom mjer til þess að gera þessa athugasemd, voru þau ummæli hv. frsm. og hv. 1. þm. S.-M., að jeg væri líkur beiningamanni, sem vildi fá gjafir af þessum útlendingum með brtt. minni um áburðinn. Jeg verð að segja, að jeg lít öðruvísi á það mál. Eins og nú standa sakir, er það útlenda fjelagið, sem er beiningamaðurinn. Það kemur hingað og biður okkur um stórkostleg fríðindi. Við getum enn sett því stólinn fyrir dyrnar, en ef við ekki gerum það, getur svo farið, að við verðum beiningamennirnir, — og hamingjan hjálpi okkur þá.

Hv. frsm. sagði, að Magnús Stephensen hefði engan sóma haft af aðstöðu sinni í bankamálinu forðum. Þessu vil jeg eindregið mótmæla. Jeg er viss um, að sá góði maður, Magnús Stephensen, hefir aldrei gert okkar landi eins mikið gagn og hann gerði þá. Þá var um að ræða þessa óheyrilegu ásælni útlendinga og þeir gerðu sig svo digra að heimta, að Landsbankinn yrði lagður niður. Þeir heimtuðu ekki einungis seðlaútgáfurjettinn, heldur vildu þeir taka öll okkar bankamál í sínar hend-

ur. Jeg álít, að Magnús Stephensen hafi haft af þessu máli hinn mesta sóma, og því á mynd hans að standa hjer í deildarsalnum, til þess að minna okkur á það góða fordæmi, sem hann gaf okkur þá.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af síðustu ummælum hv. þm. Str. Þetta mál hefir áður komið til tals hjer á þingi, nú fyrir fáum árum í hv. Ed., og jeg hefi skýrt frá því þá. Stjórn Landsbankans vildi ekki útvega það fje, sem þurfti. Menn stóðu uppi ráðalausir og gátu ekkert. Þess vegna var alveg nauðsynlegt að reyna að efla peningaveltuna í landinu, og það var gert með stofnun nýs banka, sem síðar varð lyftistöngin undir öllum sjávarútvegi okkar, eins og nú mun alment viðurkent.

Magnús Torfason: Út af orðum hv þm. Str. (TrÞ) ætla jeg að segja örfá orð. Í hans ræðu kom það greinilega fram, að hann ber ekkert traust til hæstv. stjórnar um að hún fari sæmilega með þetta sjerleyfi, sem hún ætlar nú að veita. **(TrÞ:** Þetta er alveg rjett). Þar greinir okkur á, mig og hv. þm. Str. Jeg hefi lýst því yfir áður, að jeg verð að varpa öllum mínum áhyggjum upp á hæstv. stjórn í þessu máli. Jeg get ekki ætlað hana svo auma, að hún fari ekki sæmilega með þetta sjerleyfi, þó að ekki væri nema sjálfrar sín vegna.

Hv. þm. mintist á, að útlendingar hefðu rist breiðar hrygglengjur í hrygg okkar Íslendinga áður en hin útlendu fyrirtæki urðu innlend. Skildist mjer hann þar eiga við einokunartímabilið. Jeg átti nú ekki við einokunartímabilið, heldur átti jeg við þessa síðustu tíma, eftir að við fengum sjálfstæði í fjármálum. Síðan hefir allur atvinnurekstur færst meir og meir yfir á okkar hendur, en útlendingar hafa ekki getað staðið okkur á sporði. Og í trausti til þeirrar þjóðar, sem þannig hefir rækt sitt hlutverk, er jeg ekkert hræddur við það útlenda fjármagn, sem hjer ræðir um.

ATKVGR.

Fram komu 2 skrifl. brtt. (verða þskj. 261 og 262). — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 227 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 221,I feld með 15:3 atkv.

— 246 samþ. með 15:5 atkv.

— 222 þar með ákveðin og verður 7. gr.

— 244,1 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, IngB, JakM, JörB, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, BSv.

nei: JAJ, JG, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, ÁJ, BL.

Brtt. 221,II samþ. með 22 shlj. atkv.

— 221,III.1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 244,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 221,III.2, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

— 221,III.3 feld með 17:8 atkv.

— 262 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, ÓTh, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BSv.

nei: BL, HK, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ.

Brtt. 221,IV feld með 17:6 atkv.
— 232 (aðaltill.) feld með 15:5 atkv.
— 232 (varatill.) feld með 14:8 atkv.
— 261 feld með 14:8 atkv.
— 243 samþ. með 16:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, MJ.

nei: ÓTh, PO, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, BSt, HjV, JakM, BSv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 264).

Á 40. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þetta mál er hingað komið eftir miklar umræður í hv. Nd. Jeg verð að segja, að jeg er í efa um, hvað langt jeg á að fara út í málið við þessa 1. umr. hjer. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi flestir fylgst með umr. um það í Nd. og að því sje ekki þörf á að fara nákvæmlega út í það núna. En ef hv. þdm. þykir jeg segja og lítið um málið, er jeg auðvitað reiðubúinn til þess að gefa upplýsingar, bæði einstökum hv. dm. og eins þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar.

Þó að jeg ætli ekki að vera langorður, þykir mjer samt hlýða að gefa yfirlit yfir sögu málsins, ekki síst þar sem jeg gat ekki verið við 1. umr. þess í Nd.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að áður en jeg fór til Kaupmannahafnar í vetur, hafði h. f. Titan sótt um leyfi til þess að virkja Urriðafoss og sent hingað skjöl þess efnis. Stjórnin sagði þeim mönnum, sem hjer eru búsettir og riðnir eru við Titan, að það mundi ekki geta komið til mála, að stjórnin flytti frv. um þetta, nema jafnframt væri ákveðið, að fjelagið legði járnbraut frá Reykjavík austur að Þjórsá. Út af þessu tilkyntu þeir stjórnarnefndarmenn, sem hjer eru búsettir, þeim hluta stjórnarinnar, sem er í Noregi, að ef þeir vildu koma málinu áfram, yrðu þeir að leita samninga við mig í Kaupmannahöfn. Þangað komu svo tveir menn, annar úr stjórninni, en hinn ráðunautur hennar, og niðurstaðan varð sú, sem frv. ber með sjer. Í fám orðum var innihaldið það, að fjelagið tæki að sjer að leggja járnbraut hjeðan til Þjórsár, sem eru hjer um bil 80 km., en jafnframt fengi það leyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá, með þeim skilyrðum þó, að ekki mátti virkja meira en 160 þúsund hestöfl. Um Urriðafoss er það að segja, að ekki eru líkur til þess, að hægt sje að virkja úr honum meira en rúml. 100 þús. hestöfl. En þessi tala er miðuð við útreikninga, sem Sætersmoen verkfræðingur hefir gert um afl fossins. Það er svo, að það borgar sig ekki að gera ráð fyrir, að virkjað verði eins og ítrast er hægt, þegar áin er í mestum vexti, og menn hafa ekki gengið út frá, að það yrði talið svara kostnaði að búast við virkjun, sem því næmi.

Gjaldið, sem greiða á, er svipað því,

sem ákveðið var á þinginu í fyrra um Dynjanda. Þó á þetta fjelag 7 árum lengur að fá að sitja við það að borga 3 krónur fyrir hvert hestafl.

Eins og jeg hefi tekið fram, tekur fjelagið að sjer að leggja járnbraut austur, en þó ekki að öllu leyti. Þau skilyrði fylgja, að ríkissjóður leggi fram þriðjung kostnaðarins, sem þó ekki færi fram úr 2 miljónum króna. Þetta þýðir það, að ríkissjóður leggur fram 2 miljónir, af því að járnbrautarlagningin mun kosta 8—9 miljónir. En þá er að því að gæta, hvað ríkissjóður fær í aðra hönd. Fyrst og fremst er það víst, að ríkissjóður losnar að miklu leyti við viðhaldskostnað vegarins austur. Viðhaldskostnaðurinn fer eftir því, hvað vegirnir eru mikið notaðir. Vegamálastjóri segir, að eftir sliti á þessum vegi í samanburði við aðra vegi, muni ekki þurfa nema þriðjung viðhaldskostnaðar framvegis, ef járnbraut kemur. Á síðustu 7 árum hefir verið varið til viðhalds honum að meðaltali 100 þús. kr. á ári, og þó að ekki væri gengið eins langt og vegamálastjóri telur rjettmætt, fengi ríkissjóður vexti af 1 milj. með því að spara þennan kostnað. Auk þess fær hann, ef Urriðafoss verður virkjaður, þó ekki væri nema 100 þús. hestöfl, 300 þús. krónur á ári, en það er meira en þarf til þess að ávaxta og endurborga lán, sem tekið yrði til járnbrautarinnar. Jeg tala ekki um, þegar 10 ár eru liðin. Þá yrðu tekjurnar ½ milj. Svo er eftir að líta á allan óbeinan hagnað fyrir landið, og þá einkum Reykjavík og Suðurlandsundirlendið, af þessari miklu samgöngubót.

Það er erfitt að fullyrða um það, en reynslan hefir sýnt, að alstaðar í heiminum hafa járnbrautir verið hinar öflugustu lyftistengur allra framfara, og það liggur í augum uppi, að þetta á ekki hvað síst við hjer, þar sem fjarlægðirnar eru svo miklar og strjálbýli.

Jeg skal játa, að í þessu máli er eitt atriði veikt. Það er sem sje ekki hægt eins og stendur að sanna, að fje verði til til framkvæmda verksins. Í þeim efnum get jeg ekki sagt meira en það, að mjer hafa verið sýnd brjef til fjelagsins Titan frá fjársterkum fjelögum um að þau væru reiðubúin til þess að leggja fram fje, svo framarlega sem sjerleyfi fáist, sem að áliti fagmanna sje þannig útbúið, að óhætt sje að leggja fje í fyrirtækið. Það var með tilliti til þessa, að til aðstoðar við samningana í Kaupmannahöfn var norskur sjerverkfræðingur, sem í mörg ár hefir verið forstjóri vatnamálanna norsku. Jeg spurði hann, hvort hann liti svo á, að óhætt væri að leggja fje í þetta, og hann sagðist með góðri samvisku geta ráðið til þess. Honum þótti að sönnu gjaldið hátt, en áleit það þó engan veginn óforsvaranlegt, með tilliti til þess, að Þjórsá hefir einn fágætan kost, sem sje þann, að tiltölulega lítill munur er á vatnsmagni hennar eftir árstíðum.

Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að segja nánar sögu þessa máls. Jeg ætla ekki að fara lengra út í það að sinni, en mun að sjálfsögðu svara fyrirspurnum frá hv. dm. Legg jeg svo til, að frv. verði vísað til samgmn.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ávalt verið þeirrar skoðunar, að mjög væri æskilegt, einkum fyrir Suðurlandsundirlendið, ef járnbraut væri lögð hjeðan austur yfir fjall, og að hún mundi

verða hin öflugasta lyftistöng undir aukinni ræktun landsins og allskonar búnaðarframförum. Jeg hefi ennfremur litið svo á, að ríkið ætti að ráðast í þetta fyrirtæki, meðfram af því, að búast má við, að tekjur verði ekki svo miklar fyrst í stað, að von sje á, að peningamenn, sem vilja ávaxta fje sitt á sem fljótastan hátt, vilji nokkuð í það leggja. Samt sem áður er jeg sannfærður um, að tap mundi ekki verða á fyrirtækinu til langframa, en óbeinn hagnaður ómetanlegur.

Mjer voru það því mikil vonbrigði, þegar ekki var hægt að afgreiða járnbrautarfrv. það, sem flutt var að tilhlutun hæstv. stjórnar á síðasta þingi, ekki síst, þar sem svo óvenjulega stóð á fyrir ríkissjóði, að það mátti teljast vel forsvaranlegt, að hann legði þegar fram mikinn hluta fjárins, þannig, að ekki hefði þurft að taka stórt og dýrt útlent lán. Málið sofnaði í nefnd í hv. Nd. Því miður var ekki nægilegur eftirrekstur á eftir því af hálfu hæstv. stjórnar. Það er vitanlegt, að slíkt mál eins og þetta, sem getur orkað tvímælis og sætt harðri mótspyrnu, verður aldrei rekið áfram nema því aðeins, að sterkur þingflokkur beiti sjer fyrir því og að stjórnin leggi blátt áfram stöðu sína í veð til þess að koma því fram, alveg eins og gert var í ritsímamálinu forðum, þegar ráðherra knúði flokk sinn til að fylgja sjer í því, þótt andstaða gegn því væri hörð víða um landið, og vafalítið hefði ritsímamálið fallið, ef um það hefði verið kosið þá. Hjeruðin, sem ekki áttu von á að fá þetta menningartæki strax, voru mörg á móti, og margt fleira varð til þess að vekja andstöðu gegn málinu. Út frá reynslunni um ritsímamálið álít jeg, að það hafi verið ákaflega óheppilegt fyrir járnbrautarmálið, að stjórnin, sem hafði mjög sterkan flokk að baki sjer og báða ráðherrana mjög fylgjandi þessu máli, skyldi láta undir höfuð leggjast í fyrra að beita sjer fyrir málið, þegar tíminn var heppilegur og talsvert fje fyrir hendi í ríkissjóði. Málið kemur svo aftur ári síðar fyrir þingið, en þá nokkuð á annan veg en menn hafa ætlað, að þetta mál yrði framkvæmt; nú er það ekki ríkissjóður sjálfur, sem eingöngu beitir sjer fyrir þessu máli, heldur þarf til þess, að járnbrautin komi, að veita sjerleyfi; járnbrautarlagningin austur í sýslur þarf nú eftir frv. að vera í samráði og samvinnu við fjelag, sem ætlar að hefja stórvægilegar framkvæmdir í landinu, ef það verður þess megnugt, og járnbrautin er alls ekki þungamiðja þeirra framkvæmda.

Jeg vil nú ekkert segja um það, hvernig jeg muni snúast við þessu máli, en jeg álít varhugavert að veita sjerleyfi og álít, að þingið eigi að fara mjög gætilega í það að veita leyfi til að nýta ein og önnur náttúrugæði landsins eða til þess að vinna eitthvert sjerstakt verk í landinu, og það er vegna þess, að sjerleyfin eru svo oft misnotuð; þau eru oft notuð til þess að koma opinberum stimpli á viss skjöl, sem svo er reynt að selja, en eru raunar venjulega aðeins verðlausir pappírar, og svo látið þar við sitja, en alt er í kaldakoli um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Meðan svo er verið að pranga út þessum verðlausu brjefum, bíður sjerleyfisveitandi (þ. e. a. s. ríkið) eftir framkvæmdum,

sem átti að gera, og eftir gagni því, sem átti að hafa af þeim, en rjettinn til að gera verkin hefir ríkið fest í höndum manna, sem það bjóst við, að myndu framkvæma þau, en svo hefir sýnt sig á eftir að hafa ekki haft neinn vilja til þess, aðeins viljað ná í ríkisstimpil og fín meðmæli til þess að geta selt verðlaus brjef.

Hjer hafa verið veitt ýms sjerleyfi, sem hafa verið „útmáluð" mjög glæsilega af formælendum þeirra, og verið álitið, að þau myndu verða einskonar lyftistöng fyrir hjeruðin, þar sem þau yrðu framkvæmd, og ríkið mundi fá miklar tekjur af þeim. Jeg man nú sjálfsagt ekki eftir öllum þeim sjerleyfum, sem íslenska ríkið hefir veitt, en skal þó telja upp nokkur þeirra. Hjer var fyrir nokkrum árum veitt sjerleyfi til að vinna járnsand og annað til að vinna salt úr sjó; svo ætluðum við að fara úr þessum atvinnufyrirtækjum yfir í peningamálin; var þá samþykt að veita sjerleyfi til þess að koma hjer upp norskum banka, sem svo var nefndur, og svo voru samþykt heimildarlög, sem veittu stjórninni leyfi til þess að koma hjer upp sjerbanka, en allar þessar framkvæmdir hafa strandað enn sem komið er, og ríkið hefir ekki haft annað upp úr því en þann vafasama heiður að hafa lagt til nafn sitt fyrir einstaka menn eða ýms fjelög til þess, að þau geti selt hlutabrjef sín, en þessi fjelög hafa eingöngu verið mynduð utan um sjerleyfi, sem íslenska ríkið hefir veitt, og það er kannske ekkert, bókstaflega ekkert, sem er eins hættulegt fyrir álit okkar út á við eins og það, þegar það frjettist, að ekki hafi tekist að koma í framkvæmd bankastofnun, sem ríkisleyfi var veitt til og ekki ætti að hafa stærri höfuðstól en 2 milj. kr. stofnfje, því að þegar það frjettist, að stofnun slíks fyrirtækis hafi mistekist, þá er það í margra peningamanna augum sönnun þess, að ekki sjeu miklir möguleikar til framkvæmda á Íslandi og að það sje mjög varhugavert að hætta fje sínu þangað, hvort sem um peningastofnanir eða atvinnufyrirtæki sje að ræða.

Frá síðasta Alþingi er ennþá eitt sjerleyfi, um vatnavirkjun á Vesturlandi ásamt ýmsu fleira, sem þar er tekið fram; þar er ákveðnu fjelagi leyft að virkja alt að 40 þús. hestöfl. Þótt nú sje liðið eitt ár síðan þetta sjerleyfi var veitt, og þó að það væri ákaflega föst trú á þessu fyrirtæki hjá þeim mönnum, sem fyrir þessu töluðu á Alþingi í fyrra, þá hefir samt ekki, að því er frjest hefir, orðið neitt úr framkvæmdum þessa fjelags, og enginn þorir að fullyrða neitt um, að úr þessum framkvæmdum verði nokkuð, og þeir eru nú miklu fleiri, sem trúa því, að þetta sje ekki annað en „svindilbrask", eins og þesskonar er kallað á Reykjavíkurmáli; það hafi aðeins verið gert til þess að ná þarna í sjerleyfi hjá íslenska ríkinu til þess að geta selt út á það verðlaus brjef. Þetta gerir menn alt varkárari í að fylgja málum, sem ganga í þá átt að veita sjerleyfi. Nú veit jeg, að því mun verða til svarað, að fossafjelagið Titan hafi þegar lagt ákaflega mikið fje í rannsóknir og vatnsrjettindi hjer á landi og að ólíklegt sje, að það muni ekki halda áfram, ef það fær viðunandi sjerleyfi, en það er líka athugandi, að

það danska fjelag, sem fjekk sjerleyfið í fyrra, hefir líka lagt stórfje í það sama, en samt er þeim altaf að fjölga dag frá degi, sem halda, að ekkert verði úr því fyrirtæki.

Þegar um það er að ræða, hvort veita eigi sjerleyfi eða ekki, þá vaknar fyrst sú spurning í huga manns, hvaða trygging sje fyrir því, að ennþá sje ekki verið að narra út úr okkur eitt sjerleyfið í viðbót til þess að fá eitthvert pappírsgagn, sem ýmsir braskarar ætla svo að nota til þess að skreyta með hlutabrjef sín. Og þá vaknar spurningin um það, hvaða tryggingu sje hægt að fá fyrir því, að það geti verið nokkurn veginn sæmandi Alþingi að láta slíkt frá sjer fara, og verð jeg þá að segja, að mjer hafa mjög brugðist vonir, hvernig stjórnin og fylgismenn málsins í Nd. tóku í tillögur þær, er ætluðu að tryggja það, að úr framkvæmdum yrði. Og sumar þessar tillögur voru þess eðlis, að ákaflega erfitt hefir verið að hafa á móti þeim með nokkrum rökum, en þær tillögur hafa verið taldar óhafandi af hæstv. stjórn og forgöngumönnum fjelagsins Titans vegna þess, að þær gætu gert það ómögulegt að taka við sjerleyfinu með þessum skilyrðum. En nú skilst það hverjum manni, að ef alt er hreint frá fjelagsins hendi, þá þarf stjórn þess ekki að vera hrædd við að setja svolitla tryggingu fyrir því, að eitthvað verði úr framkvæmdum, því að þegar þeir ráðast í framkvæmdirnar, þá kemur ekki frekar til þessarar tryggingar, og þeir skaðast þá ekkert við að gefa hana. Hinsvegar, ef það er ekkert annað en brask, gert til þess að geta komið af sjer verðlitlum hlutabrjefum, þá skilur maður náttúrlega, að 100 þús. krónur hafi sína þýðingu, því að slík trygging gæti þá gert það að verkum, að hagnaðurinn yrði enginn fyrir braskarana. Nú mætti segja, að það væri kannske ekki ástæða til að vera strangur í þessari kröfu viðvíkjandi tryggingu fyrir framkvæmdum, ef ábyrgð hæstv. stjórnar fengist, þ. e. a. s. yfirlýsing hennar og orð fyrir því, að hún hefði fulla vitneskju um það, að fje væri fyrir hendi og að það væri hægt að reiða sig á framkvæmdirnar, en hæstv. atvrh., sem með kappi beitir sjer fyrir þessu máli og samið hefir um sjerleyfið við hina erlendu stjórnendur fossafjelagsins Titans, finnur ástæðu til að vekja athygli hv. deildar á því í dag, að það sje eitt veikt í þessu máli, og það sje það, að ekki sje hægt að sanna, að fjelagið hafi fje og að úr framkvæmdum verði, en kannske þetta sje aðeins of mikil varfærni hjá hæstv. ráðh. að segja þetta, en það er þá, finst mjer, dálítið vafasöm aðferð hjá hæstv. ráðh., að byrja meðmæli sín með þessu máli á þann hátt að segja, að það sje vafasamt, að fjelagið geti fengið nægilega peninga. Hinsvegar sagði hæstv. ráðh., að hann hefði fengið að sjá brjef frá fjesterkum mönnum, sem hefðu tjáð sig reiðubúna til þess að leggja fje í fyrirtækið, svo framarlega sem sjerfræðingar teldu það óhætt. Þetta er nú ekki skilmálalaust, því að það getur altaf orðið álitamál, hvað talið verður óhætt að gera í þeim efnum. Hinsvegar skal jeg segja hæstv. ráðh. það, að eftir þeim fregnum, sem jeg hefi frá mönnum, sem kunnugir eru fjármálalífinu á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku, þá hefir það verið sagt, að það væri enginn maður í Dan-

mörku svo áhrifamikill í fjármálalífinu, að hann gæti treyst sjer til þess að fá það fje, sem fossafjelagið Titan þyrfti. Það getur vel verið, að norskir fjármálamenn sjeu það áhrifameiri eða hafi það betri sambönd en Danir, að þeir geti treyst sjer til þess, en jeg vil þó vekja athygli á þessu, til þess að við ekki í þessu máli, sem að því er járnbrautina snertir er merkilegt framfaramál, gerum okkur of glæsilegar vonir, svo að það verði til að hindra það, að hægt sje að ráðast í framkvæmdir í járnbrautarmálinu, sem okkur er nauðsynjamál, svo að við veitum ekki sjerleyfi í því máli, sem kannske yrði okkur ekkert annað en blekking.

Hvað það fjelag snertir, sem á að fá sjerleyfið, þá er ekki hægt að segja um það, að það hafi til peningana, sem þó gæfi dálítið meiri vonir fyrir okkur, ef við vissum, að fjelagið sjálft hefði fjeð fyrirliggjandi, því að ef það væri svo sterkt fjelag, að það gæti lagt fram peningana, sem til framkvæmdanna þyrfti, þá væri talsvert öðru máli að gegna. En það er nú upplýst, að þessir menn hafa enga peninga, en þeir gera ráð fyrir, að þeir geti fengið peninga hjá stórþjóðunum, og geri jeg helst ráð fyrir, að það muni vera þýskt fje, sem þar muni til koma, ef óhætt þykir að leggja fjeð fram; en þetta er engin vissa, og verður líklega ekkert gert í því fyr en sjerleyfið er fengið, en því miður erum við orðnir svo hvektir í þessum málum, að við höfum ástæðu til að vera svo bogavarir að láta sjerleyfið ekki af hendi nema með tryggingu. En það er máske of mikið sagt, að trygging sje engin; en hún er of lítil til þess að vera nokkur trygging fyrir því, að í framkvæmdir verði ráðist, eða að borinn sje upp sá skaði, sem af því hlytist, ef sjerleyfi yrði veitt og svo ekkert gert í málinu frekar. Jeg vil vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu, til þess að hann geti sýnt okkur fram á það, að líkurnar sjeu meiri fyrir því, að til framkvæmda komi, heldur en hann hefir ennþá haldið fram, og um mitt atkvæði í þessu máli fer talsvert eftir því, hversu miklar líkur hæstv. ráðh. getur fært fyrir því, að fje fáist til framkvæmdanna.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir lýst yfir því, að hann telji þetta mál merkilegt framfaramál, sem hann sje í rauninni mjög hlyntur, nefnilega járnbrautarmálið. Mjer þykir náttúrlega vænt um að heyra þetta, en jeg verð því miður að viðurkenna það, að sú ræða, sem hv. þm. hjelt, er ekki alveg í sama anda; mjer fanst andinn í ræðu hv. þm. vera sá, að hann vildi ekki mikið í sölurnar leggja fyrir málið. Skal jeg koma að því síðar, en að öðru leyti taka þau atriði úr hans ræðu, sem jeg vil svara, í þeirri röð, sem hv. þm. sagði þau.

Hv. þm. mintist á það frv., sem hjer lá fyrir þinginu í fyrra, og kvaðst vilja það helst, að ríkið væri sá, sem legði járnbrautina og hefði að öllu leyti járnbrautarfyrirtækið á hendi. Það vissi jeg áður, því að það er í samræmi við stefnu hv. þm., og ekki í rauninni í neinu ósamræmi við stefnu Íhaldsflokksins, en jeg vil benda á það, sem hv. þm. hlýtur að hafa vitað, að þetta frv. hafði ekki nægilegt fylgi til þess að komast í gegn í fyrra. Það

er að sönnu svo, að það fór aldrei fram úrslitaatkvæðagreiðsla um það, svo að hægt sje að sanna það opinberlega, en allir, sem hjer voru á þingi, vita, að þetta er rjett, og hv. 5. landsk. veit, að það var þess vegna ekki til neins að fitja upp á sömu fit, það gat fyrst komið til mála eftir nýjar kosningar. Þetta er háttv. 5. landsk. vel kunnugt um, og þykist jeg viss um, að hann muni viðurkenna það. Það er þess vegna ekki rjett af hv. þm. að ámæla stjórninni fyrir það, þótt hún ekki herti meira á frv. í fyrra heldur en hún gerði, því að hún gat ekkert unnið á við það, og þessu máli var ekkert betur borgið fyrir það. Hv. þm. sagði, að í fyrra hefði verið álitið, að ríkissjóður hefði getað lagt svo mikið fje fram, að lítið eða ekkert lán hefði þurft að taka. Þetta er bygt á misskilningi, og það hefir sýnt sig, að þó að vel væri um fje í ríkissjóði í fyrra, og sem reyndar er enn, þá er það þó ekkert svipað því, að hægt sje að leggja fram það stórfje, sem þarf til járnbrautarinnar austur að Ölfusá.

Hv. þm. kvaðst ekki að svo stöddu vilja taka afstöðu til þessa máls, og veit jeg ekki hvaða atriði það eru, sem valda því, að hann ekki vill það, en jeg skal gera mig fyllilega ánægðan með það að vona, að hv. þm. neyti atkvæðis síns til þess að þetta frv. fái athugun í nefnd.

Þá mintist hv. þm. á sjerleyfi þau, sem hjer hafa verið gefin, alllangt aftur í tímann, og sagði, að ekkert gagn hefði orðið að þeim, þau hefðu aðeins verið notuð í „svindilbrask", eins og hv. þm. komst að orði, og að það væri ilt fyrir okkur. Jeg veit nú ekki til þess, að sjerleyfisheimildir hafi verið misbrúkaðar, og jeg þekki alls ekki til, að svindlað hafi verið með þær úti um lönd, og það hafa ekki verið gefin út sjerleyfi samkvæmt neinum þessara laga, og að því er snertir sjerleyfislögin um Dynjanda frá í fyrra, þá veit jeg ekki betur en að það fyrirtæki sje í fullum undirbúningi. En það er eins og sumir hv. þm. haldi, að ef aðeins er búið að samþykkja sjerleyfislög hjer á þingi, þá hljóti það að standa svo opið fyrir að fá peningana; en það er alls ekki. Það er erfiðara en menn halda að ná fjenu, og þó að þeir, sem sjerleyfið hafa, geti sýnt fram á, að fjenu sje vel borgið, þá tekur það altaf dálítinn tíma að ná saman fjenu, og það er ekki liðið ár síðan þessi sjerleyfislög um Dynjanda komu í gildi, og mjer finst ekki ástæða til þess að halda, að ekkert verði úr fyrirtækinu, því að eftir þeim fregnum, sem jeg hefi nú fengið nýlega og frá fyrstu hendi, þá lítur vel út fyrir, að fjeð fáist.

Eitt atriði í ræðu hv. þm. get jeg viðurkent; það er, að sjerleyfin geti fest í höndum fjelaga framfarafyrirtæki, sem menn vilja og þurfa að fá sem fyrst, en geta dregist af því að sjerleyfi hafa verið gefin. En hjer getur það ekki komið til mála, vegna þess að sjerleyfið fellur úr gildi 1. maí 1929, ef ekki er byrjað á framkvæmdum fyrir þann tíma, og það eru því ekki nema 2 ár, sem ætluð eru til undirbúnings, því að fyr en 1. maí getur maður ekki ætlast til, að þetta frv. verði að fullu afgreitt, og fyr getur það ekki orðið að lögum. Eftir því sem nú lítur út, eru ekki nokkrar minstu líkur til þess, að við getum lagt fram fje til þessa fyrirtækis, og vona jeg,

að hv. 5. landsk. viðurkenni það, að með þessu sjerleyfi er málinu ekki stofnað í neina hættu af drætti, sem við annars ekki vitum, að áreiðanlega myndi verða, og ástæðan til þess, að mjer er þetta mál kappsmál meira heldur en nokkurt annað mál, sem liggur fyrir þessu þingi, er sú, að það er mín fasta og óbifanlega sannfæring, að við þurfum að fá járnbraut, það sje mesta samgöngubót, sem við getum fengið, og í öðru lagi, að við fáum aldrei betra tækifæri heldur en ef við tökum þessu tilboði, sem hjer liggur fyrir.

Hv. 5. landsk. sagði, að ef alt væri hreint hjá sjerleyfisbeiðanda, þá gerði það honum ekkert til, þó að hann setti tryggingu fyrir framkvæmdum, ef hann gæti. En þar sagði hv. þm. sjálfur ástæðuna fyrir því, að það getur skift fjelagið mjög miklu, nefnilega að það er búið að eyða til rannsókna og undirbúnings því hlutafje, sem það hafði, og þess vegna hefir það ekki fje til þess að leggja fram til tryggingar; en aftur á móti, ef það hefir sjerleyfið í höndunum, þá er það þegar búið að sýna mikil skilríki fyrir því, að því muni hepnast að fá fje, svo framarlega sem þeir peningamenn, sem jeg áður gat um, brigða ekki sín loforð. En það getur háttv. 5. landsk. sagt sjer sjálfur, að jeg get ekki frammi fyrir þinginu tekið ábyrgð á því, að þessir sterku fjármálastuðningsmenn fjelagsins geti ekki brigðað sín loforð, og það væri algerlega rangt af mjer, ef jeg gæfi yfirlýsingu um það í deildinni. En jeg veit það, og það veit líka hv. 5. landsk., að að þessu fjelagi standa svo góðir og merkir og sterkir menn, að það eru mjög miklar líkur fyrir því, að þeim gangi betur en öðrum að útvega fjeð.

Háttv. þm. hjelt, að fje þetta mundi ekki fást á Norðurlöndum. Jeg hygg þó, að nokkuð af því muni fást þar. En það eru líka fleiri lönd til, og vil jeg t. d. benda á Þýskaland. Það getur vel verið, að ef fjelagið væri nægilega fjesterkt sjálft, þá liti málið öðruvísi út. Jeg skal ekki neita því, en það verður að tjalda því, sem til er. Annars get jeg ekki sjeð annað en okkur ætti að vera sama, hvaðan fjelagið fær fjeð, ef það á annað borð fær það. Jeg vil vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, að jeg hefi sjeð það á skjölum, er fyrir mig hafa verið lögð, að loforð eru fengin frá erlendum peningafirmum um framlag til fyrirtækisins. En auðvitað get jeg ekki tekið ábyrgð á því, að fjelögin uppfylli þau loforð. Jeg get heldur ekki ábyrgst, að skjölin sjeu ekki fölsuð, en jeg álít þó þann möguleika svo fjarri, að ekki þurfi að ræða hann.

Jeg held, að það hafi ekki verið fleira í ræðu hv. þm., sem jeg þurfti að svara. En jeg vona, eftir orðum hans áðan, að hann athugi mál þetta hleypidómalaust og út frá þeirri grundvallarhugsun, að járnbrautin sje hið mesta nauðsynjamál vort.

Einar Jónsson:* Mjer er það gleðiefni, að allir virðast vera sammála um það atriði, sem mestu varðar í þessu efni, og það er, að bættar samgöngur sjeu besta og rjettasta ráðið landbúnaðinum til viðreisnar. Það er ekki oft,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

að skoðanir manna verði allar á einn veg, en svo er nú í þessu máli. En þegar þetta er nú viðurkent og hjer er um að ræða stórkostlegar samgöngubætur, þá virðist málið vera í góðu horfi. Jeg veit, að þm. eru svo sanngjarnir að sjá, hve mikil nauðsyn er á að fá þessa línu austur, þar sem sjóleiðin þangað er ófær. Það er t. d. engin sýsla jafnilla sett hvað samgöngur á sjó snertir eins og Rangárvallasýsla. Þess vegna er brýn þörf á því, að samgöngurnar þaðan og til hafnarstaðanna sjeu í góðu lagi. Um þetta ætla jeg ekki að þræta neitt núna. Spurningin er nú aðeins, hvaða leið skuli fara til þess að bæta samgöngurnar austur yfir fjall. Mjer virðist það aðallega vera tvent í frv. því, er hjer liggur fyrir, sem menn óttast. Í fyrsta lagi eru sumir hræddir við að veita sjerleyfið, en í öðru lagi eru aðrir, sem vilja ekki, að ríkið leggi fram neitt fje til járnbrautarinnar. Þá er nú þriðja atriðið eftir, og það er, að ríkið framkvæmi járnbrautarlagninguna á eigin spýtur, en ekki í fjelagi við Titan. Hjer er því eiginlega um þrjár leiðir að ræða, sem liggja að sama markinu. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því, þótt út í þetta verði lagt og sjerleyfið verði gefið, því að jeg efast ekki um, að fjelagið Titan sje svo sterkt, að það geti framkvæmt þetta. Við sitjum annars ekkert af okkur, þótt þetta verði reynt, t. d. í næstu tvö ár. Og þótt sjerleyfi til virkjunar Þjórsár verði veitt, kemur það ekki í bága við neitt, sem gert yrði á næstu árum, því að engir, hvorki einstaklingar eða landið í heild sinni, hafa not af því, að vatnið renni þannig óhindrað til sjávar. Það er því hyggilegt að reyna þá leið, sem hjer er stungið upp á. Þar sem nú gefnar eru sterkar vonir um það, að fjelagið geti framkvæmt járnbrautarlagninguna, þá ættum við að sjá til um næstu tvö ár, enda sitjum við ekki neitt af okkur við það.

Þá hefir verið vitnað til þess, að ríkið rjeðist í að leggja járnbrautina, eins og stungið var upp á á síðasta þingi. En eftir mörgu, sem fram hefir komið, hygg jeg, að sú leið sje ekki hugsanleg, enda þótt segja mætti, að ríkið væri þess megnugt. Jeg sje því ekki annað ráð betra en að þetta verði framkvæmt í sambandi við Titanfjelagið, þó að ríkið þurfi að leggja fram ofurlítið fje, enda hefir það þá meiri rjett á fyrirtækinu en annars, ef það legði ekkert fram.

Háttv. 5. landsk. (JBald) sagði, að þetta mál hefði getað komist í gegn í fyrra, en hafi strandað af því að stjórnin hefði fylgt því svo slælega. Jeg býst við, að hún svari fyrir sig, og ætla jeg því ekki að þrátta um þetta. En mjer þykir undarlegt, ef menn vilja, að ríkissjóður leggi fram 6 milj. kr. til þess að fá járnbraut austur að Ölfusá, eða 8—9 milj. kr., eins og hæstv. atvrh. upplýsti, að hún mundi kosta, ef hún ætti að ná austur að Þjórsá, í stað þess að komast af með einar 2 milj. kr. Jeg vildi heldur taka hinn síðari kostinn, ekki hvað síst þegar það hefir komið fram, að vatnsorkuskatturinn og sparnaðurinn á viðhaldi vega mun koma til með að nema meira en vextir og afborganir af þessum 2 milj. kr.

Jeg skal játa, að jeg var ekki altaf

viðstaddur við umr. þessa máls í Nd., en jeg hefi verið við, er þetta sama mál hefir komið hjer til tals fyrir löngu síðan, og þá var það ein aðalmótbáran gegn því, að af því mundi leiða innflutningur verkafólks, en það gæti aftur orðið háskalegt fyrir þjóðerni okkar. Jeg varð minna var við þetta nú. En jeg tók eftir því við umr. í Nd., að einn fróðasti maðurinn í þessum efnum gerði ráð fyrir, að ekki þyrfti meira en 5—6 hundruð verkamanna, og hann bætti því við, að búast mætti við, að þeir yrðu hjer starfandi 3—4 ár. Þá gerði hann ráð fyrir, að þetta þyrftu ekki alt að vera erlendir verkamenn, heldur mundu innlendir verkamenn eitthvað geta komist þar að. En þó svo færi, að um 5—6 hundruð erlendir verkamenn flyttust hjer inn, þá get jeg ekki sjeð, að af því stafi nein hætta fyrir þjóðina. Jeg get ekki felt mig við þá hugsun, sem virðist koma fram hjá sumum, að þessir verkamenn þurfi endilega að vera einhver óaldarlýður, bófar og ræningjar. Jeg get eins vel vænst þess, að þeir verði nytsamir og gagnlegir menn, eins og við Íslendingar erum svona upp og niður.

Jeg ætla ekki að þreyta menn með langri ræðu við þessa umr., enda get jeg lítið upplýst, sem ekki hefir áður komið fram. Jeg býst við, að hv. þm. myndi sjer skoðun á þessu máli eftir bestu getu, og munu orð mín fá þar litlu breytt. En þess vildi jeg óska fyrir hönd hjeraða þeirra, sem hjer eiga hlut að máli, að menn verði ekki svo tortryggnir og kvíðnir, að þeir hindruðu málið eins og það nú er komið, en reyndu heldur að láta það fá sem besta afgreiðslu.

Jónas Jónsson: Í tilefni af ræðu hæstv. atvrh. vildi jeg beina til hans nokkrum fyrirspurnum til frekari skýringa á málinu.

Það, sem mjer finst mestu varða, er að fá að vita, hverjar líkur sjeu fyrir því, að fjelag það, sem um sjerleyfið sækir, er verða á stór þáttur í atvinnulífi landsins, geti gert áform sitt að veruleika. Það hefir verið tekið fram af öðrum þm., að fyrri reynsla bendi nú til þess, að svo geti farið, að fjelagið taki ekki til starfa. En þar sem hæstv. ráðh. hefir haft kynni nokkur af fjelaginu, þá vil jeg spyrja hann, hve mikill höfuðstóll fjelagsins sje og hve mikið af því fje sje enn ógreitt, og einnig, ef hlutabrjef þess hafa verið skráð í kauphöllum, hvort hæstv. ráðh. viti nokkuð um verð á þeim. Þetta er undirstaða, sem byggja má á ályktanir um það, hvers vænta megi af fjelaginu. Því hefir verið haldið fram viðvíkjandi möguleikunum fyrir tryggingu frá hálfu fjelagsins, að eignir þess væru allar veðsettar og væri því ekki hægt að veita tryggingu í þeim. Er hæstv. ráðh. kunnugt um, að eignir Titans, lönd og vatnsrjettindi, sjeu veðsettar? Það væri fróðlegt að vita. Einnig væri fróðlegt að vita, hvaða eignir aðrar fjelagið á, t. d. hvort það á Skildinganes, þar sem ráðgert er, að framtíðarverksmiðjur þess eigi að standa. Næst vil jeg spyrja að því, hvaða menn, útlendir og innlendir, eru í stjórn fjelagsins. Mjer er auðvitað kunnugt um suma, t. d. um einn, sem sæti á á Alþingi, og um bónda einn í Rangárvallasýslu. En mjer er ókunnugt um, hverjir að því standa. Hæstv. ráðh. nefndi þektan norskan mann, en hvort hann er í

stjórninni, veit jeg ekki. Það hefir að minsta kosti ekki komið fram.

Þá kem jeg að atriði, sem hæstv. atvrh. ætti að geta upplýst. Jeg hefi nefnilega frjett það lauslega úr nefnd þeirri í Nd., sem mál þetta hafði til meðferðar, að hæstv. ráðh. hafi sagt þar, að hann hafi gefið fjelaginu það í skyn, er hann var að semja við það, að ólíklegt væri, að heimtuð yrði trygging af því, þar sem svo hefði ekki verið gert við fjelagið, sem sótti um virkjun Dynjandisár. Mjer þykir ósennilegt, að hæstv. ráðh. hafi sagt þetta.

Það hlýtur að vera ljóst, að það eru aðallega tvö atriði, sem koma til athugunar, þegar um það er að ræða, hvort veita skuli sjerleyfi eða ekki. Hið fyrra er sú almenna röksemd, hvort heppilegt sje að veita erlendu fjelagi rjett til þess að starfa hjer og hvort það muni ekki bera þá atvinnurekendur, sem fyrir eru, ofurliði. Og þetta er auðvitað þýðingarmesta atriðið. Hitt atriðið er um það, hvort fjelagið sje þess virði, að Alþingi eyði miklum tíma í að búa til löggjöf viðvíkjandi því. Menn ættu að vera samdóma um það, að það er til minkunar fyrir þingið að vera að því, ef engin von er til þess, að fjelagið geti framkvæmt það, sem um er að ræða. — Jeg er hræddur um, að hæstv. atvrh. hafi með atkv. sínu í fyrra gegn því, að fjelag það, sem sótti um Dynjandisá, yrði látið setja tryggingu, undirbúið það, að fjelagið stendur nú í litlu áliti hjá landsmönnum. En mjer þykir samt ólíklegt, að hann hafi gefið Titanfjelaginu í skyn, að þingið nú mundi ekki heldur setja inn strangari ákvæði. En jeg verð að segja það, að þótt þingið í fyrra hafi hlaupið á sig, þá er ekki víst, að það geri það nú aftur. Bændur eystra mundu líta svo á, ef fjelagið setur engar tryggingar, að þetta sje aðeins leikur og verði ekki til annars en að tefja fyrir málinu um nokkur missiri. En hjeruðin austan fjalls gera þá kröfu, að járnbrautarmálinu sje haldið vakandi bæði í tíma og ótíma. — Jeg álít, að ef hæstv. ráðh. hefir gefið fjelaginu undir fótinn með að setja enga tryggingu, þá hafi hann hvorki gert málinu eða fjelaginu greiða. Þar sem Reykjavík heimtar tryggingu af ekki stærra fjelagi en íshúsfjelaginu sænska, tryggingu, sem nemur tugum þúsunda, án þess að aðrar ástæður sjeu fyrir hendi en þær, að bæjarstjórnin vildi ekki láta gabba sig, þá er hjer um enn meiri nauðsyn fyrir tryggingu að ræða vegna heiðurs Alþingis og hjeraðanna austanfjalls. Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, en geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. gefi skýringar á þessu.

Þá sagðist hæstv. atvrh. hafa í höndunum gögn, sem sýndu, að erlendir fjármálamenn hugsuðu sjer að leggja fje í þetta fyrirtæki. Jeg hefi heyrt nefndan einn fjármálamann í Svíþjóð, sem væri eitthvað við fjelagið riðinn, en að öðru leyti hefi jeg ekki heyrt nein nöfn nefnd. En hvað hefir hæstv. ráðh. fyrir sjer í þessu? Hann hefir áður gefið þá skýringu, að fjármálamenn, sem hann að vísu ekki nefndi, mundu leggja fram fje í fyrirtækið, ef það reyndist álitlegt. Þetta segir auðvitað ekkert. Það er í sjálfu sjer sama svarið og háskólaráðið gaf, er það vildi lofa mönnum að taka stú-

dentspróf fyrir norðan, ef það kæmi ekki í bág við lögin. Seinna er svo sagt, að það geri það nú einmitt. Þar sem dæmið liggur nú svona nærri, vona jeg, að menn sjái, að það er lítið upp úr þessu leggjandi. Jeg vildi heyra álit hæstv. ráðh. um það, hvort það sje ekki minkun fyrir Alþingi að vera að búa til þetta sjerleyfi, ef engin trygging fæst frá fjelaginu, því að það er eins og að spila við blindan. Það er minkun fyrir Alþingi, að hvert fjelag, sem um sjerleyfi sækir, skuli ekki láta fylgja umsókninni tryggingu fyrir skaðabótum, ef ekki er staðið við allar skuldbindingar — Jeg vil heyra það frá stjórninni, hvort fjelagið geti ekki sett tryggingu í vatnsrjettindum, því að það gæfi þeim mönnum, er málið vilja styðja, betri aðstöðu til að fylgja því, ef það hefir einhvern veruleikablæ.

Hæstv. atvrh. sagði, að fjelagið hefði ekkert fje handbært til þess að leggja fram til tryggingar. Það er að vísu slæmt, en þá er að vita, hvort það á ekki veðhæfar eignir, a. m. k. vatnsrjettindin.

Hæstv. atvrh. sagði eina góða setningu, sem jeg er honum samdóma um, og það er, að góðar samgöngur sjeu undirstaða allra framfara. En jeg vil benda hæstv. ráðh. á það, að hann hefir ekki munað eftir þessu við aðra atkvgr., sem fór fram á þinginu í fyrra. Ef jeg man rjett, þá drap hann einmitt till. um byggingu strandferðaskips. Hann mun þó vita, að það eru til heilar sýslur, sem sárlitlar samgöngubætur hafa frá ríkinu, til dæmis Austur-Skaftafellssýsla, Barðastrandarsýsla og Dalasýsla, nema ef vera skyldi fáeinar skipaviðkomur með afarkostum. Jeg vildi óska, að hæstv. atvrh. myndi eftir þessari setningu, er strandferðaskipið kemur aftur undir atkv. Það er eins brýn þörfin á því að bæta samgöngurnar á smáhafnirnar eins og að byggja braut yfir Hellisheiði. Hæstv. ráðh. gæti ekkert sagt við því, þótt frv. þessu væri hjer lakar tekið en í Nd., þar sem hann og flokkur hans hefir sýnt slíkt skilningsleysi í mjög svo viðráðanlegu velferðarmáli þriggja fjórðunga. Jeg hefi altaf haft þá skoðun á lausn járnbrautarmálsins, að smáhafnirnar fengju viðurkenningu á þörfum sínum jafnhliða því, sem unnið væri að samgöngubótum á Suðurlandsundirlendinu. En hæstv. ráðh. hefir ekki haft þann skilning á málinu.

Jeg vil ítreka það, að það væri áreiðanlega betra fyrir málið, ef fjelagið og aðstandendur þess reyndu að vinna á móti þeim grun, sem margir hafa um öryggi þess, með því að ganga hjer inn á einhverja tryggingu. Það mundi sýna, að fjelagið hefði sjálft trú á mætti sínum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) vildi, að jeg gæfi upplýsingar um efnahag hlutafjelagsins Titans, hvers virði hlutabrjef þess væru, hve miklar eignir það ætti hjer og hve hátt þær væru þá veðsettar. Mjer væri nú ekki heimilt að skýra frá þessu, þó að jeg vissi, en sumt af því veit jeg ekki. Jeg skil heldur ekki í því, að það hefði nokkra þýðingu fyrir þetta mál. Aðalatriði þessa máls er það, hve miklar líkur eru til þess, að fjelagið geti út-

vegað sjer fje. Annars er það ekkert leyndarmál, hverjir eru í stjórn fjelagsins, og býst jeg við, að hv. þm. viti það. Jeg get nefnt honum einn mann, sem jeg býst við, að hann trúi, en það er flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Rang. (KlJ). Annar maður í stjórninni er Eyjólfur í Hvammi. Honum býst jeg líka við, að hv. þm. geti trúað, en það er ef til vill ekki víst, að hann trúi þriðja manninum eins vel, en það er Eggert Claessen bankastjóri. Jeg man ekki nöfnin á hinum norsku stjórnendum, en hv. þm. getur vafalaust fengið upplýsingar um það hjá hv. 1. þm. Rang. Þá spurði hv. þm., hvort jeg hefði lofað hlutafjelaginu Titan því, að það þyrfti ekki að setja neina tryggingu. Jeg get sagt honum það, að jeg hefi engu um það lofað, enda hafði jeg ekki heimild til þess. En fjelagið vissi ósköp vel um meðferð Dynjandamálsins hjer í fyrra og dró sínar ályktanir af því. Jeg hefi engu lofað fjelaginu öðru en því, að jeg mundi vera fylgjandi frumvarpinu, eins og það lá fyrir. Þá sagði háttv. þm., að það væru tvö atriði í frv. athugaverð. Það gleður mig, að það skuli ekki vera nema tvö atriði, sem hann finnur athugaverð. Annað atriðið taldi hann þessa stóru og miklu virkjun, en hitt atriðið, hvort fjelagið væri þess megnugt að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd. Jeg skal nú ekki fara neitt út í stórvirkjunina; það hefir ekki verið gefið tilefni til þess. Að því er fjelagið sjálft snertir, þá veit jeg, að það er þannig skipað, að miklar líkur eru fyrir því, að það geti útvegað sjer fje. Í því eru velmetnir og mikils megnugir menn. Hitt er vitanlegt, að fjelagið sjálft hefir ekki stórfje milli handa, enda hefir ekki verið farið dult með það, að fjelagið ætlar sjer að fá fje annarsstaðar að. Þá sagði hv. þm., að jeg hefði gert málinu ógreiða með því að lofa fjelaginu því, að það þyrfti ekki að setja tryggingu. Þetta hefi jeg nú ekki gert, eins og jeg gat um áðan. En jeg vil benda á það, að þeir menn gera málinu ekki greiða, sem eru með vafningum og vífilengjum að reyna að gera fjelagið tortryggilegt. Það má hv. þm. vita, að það spyrst, sem hjer er sagt, og ef tortryggni gagnvart fjelaginu kemur hjer fram, þá getur það haft áhrif á aðstöðu þess til þess að útvega fje erlendis.

Þá gerði hv. 1. landsk. mikið úr kostnaðinum við að samþykkja þessi lög hjer. En þá er nú lítið gert úr þessu máli, ef farið er að telja þann kostnað eftir. Jeg álít, að hjer sje um svo mikla samgöngubót að ræða, að jeg vildi glaður leggja þann kostnað í sölurnar, þótt ekki væri nema lítil von um framkvæmdir.

Þá spurði hv. þm., hvort mjer fyndist ekki minkun fyrir þingið að afgreiða þetta frv., ef ekkert yrði úr framkvæmdum. Þetta þykir mjer undarlega spurt. Hvernig getur honum dottið í hug, að mjer þyki minkun að samþykkja frumvarp, sem jeg flyt og mæli með. Viðvíkjandi skaðabótum, ef ekkert verður úr framkvæmdum, þá vil jeg geta þess, að jeg álít það rangt, að hv. Alþingi fari að hafa sjerleyfi sem skattstofn, eða selji þau eins og aflátsbrjefin í gamla daga. Alþingi á ekki að taka neina borgun fyrir sjerleyfi þau, er það veitir, aðra en þá, sem kemur frá verkinu sjálfu í framkvæmdinni.

Annars forðaðist hv. þm. að láta uppi álit sitt í þessu máli. Hann virtist vilja vera mjög „diplomatiskur", kom með fyrirspurnir og kvaðst ekkert vita um þetta mál, þótt hann hafi dag eftir dag hlustað á umræður um það í hv. Nd. Jeg veit nú ekki vel, hvernig á að leggja þetta út. Að vísu hefi jeg mína meiningu um það, en skal þó ekki slá því fram hjer, af því að jeg er ekki viss um, hvort það sje rjett.

Háttv. þm. tók undir það, sem jeg sagði, að samgöngubætur væru lyftistöng allra framfara, og vænti jeg því, að hann verði mjer sammála í þessu máli. Út af því, sem hv. þm. sagði í þessu sambandi um strandferðaskipið, þá vil jeg taka það fram, að jeg hefi aldrei neitað því, að það væri samgöngubót. En jeg hefi sagt, að við hefðum ekki ráð á því að leggja fram fje til þess í bili; aðrar samgöngubætur kölluðu frekar að. Þegar hv. þm. segir, að Austur-Skaftafellssýsla, Barðastrandarsýsla og Dalasýsla sjeu samgöngulausar, þá er slíkt ekki rjett. Á síðastliðnu ári voru veittar 8000 kr. til þess að halda uppi bátsferðum í Austur-Skaftafellssýslu einni, og auk þess hafa Barðastrandarsýsla og Dalasýsla fengið mikinn styrk og Esja oft komið við þar. Það verður að skifta samgöngubótunum sem jafnast niður á milli landshlutanna. Sá jöfnuður gerði það að verkum, að jeg gat ekki verið með strandferðaskipinu í fyrra.

Hv. þm. segir, að þessu máli hafi verið tekið betur en jeg hafi átt skilið vegna afstöðu minnar til strandferðaskipsins. Mjer þykir það undarlegt, ef um þetta mál á að fara eftir afstöðu minni til annars máls. Hv. þm. má ekki blanda mjer og málunum saman. Þess ætla jeg að biðja hann í öllum hamingjubænum að láta ekki kala sinn til mín koma niður á þessu máli, því að þá geldur saklaus fyrir sekan. Það gagn, sem jeg get gert mjer von um að hafa af járnbrautinni, er ekki nema örlítið brot samanborið við það gagn, sem landsmenn yfirleitt hafa af henni.

Magnús Kristjánsson: Jeg ætla í fáum orðum að láta í ljós skoðun mína á þessu máli, þó reyndar megi segja, að jeg hafi gert það áður. Frá því fyrsta að til tals kom möguleiki á því að byggja járnbraut hjer á landi, þá hefi jeg verið þeirri hugmynd hlyntur. Það leiðir því af sjálfu sjer, að mjer er það gleðiefni, að það er svo vel á veg komið, sem raun er á orðin. Jeg áleit, að það hefði verið æskilegast að fá málið afgreitt eins og það lá fyrir á síðasta þingi, ef það hefði þótt tiltækilegt fjárhagsins vegna, að ríkið sjálft sæi um allar framkvæmdir. En á því þóttu þá örðugleikar, svo ekki varð úr. Því er það vel farið, að aðrir eru fáanlegir til þess að bera að miklu leyti kostnað þann, sem af járnbrautarlagningunni leiðir. Jeg er ekki hræddur við þessar illu afleiðingar, sem menn halda, að virkjunin kunni að hafa í för með sjer, úrkynjun fólksins o. s. frv. Það er vantraust á þjóðinni að láta slíkt í ljós, og er ástæðulaust að vera að ræða um það. Það eru að vísu mörg atriði, sem hjer koma til greina, en með því að þetta mál hefir verið mjög ítarlega rætt í hv. Nd., get jeg gengið framhjá mörgum atriðum, sem mætti ræða í þessu

sambandi. Það hefir verið dregið í efa, að fjelagið hefði fjárhagslegt bolmagn til þess að framkvæma þetta verk. Það má vel vera. En mjer finst það dálítið undarlegt, að það eru einmitt þeir menn, sem eru máli þessu undir öllum kringumstæðum mótfallnir, sem aldrei munu greiða atkvæði með járnbraut, hvar og hvenær og af hverjum, sem hún yrði lögð; það eru einmitt þessir menn, er mesta áherslu leggja á þetta atriði. Hjer virðist mjer kenna nokkurs ósamræmis. Svo hefir og verið rætt um það, að ef sjerleyfið verður samþykt eins og hv. Nd. gekk frá því og fjelagið reynist ekki megnugt til framkvæmda, þá muni það verða til þess að tefja fyrir þessu máli í heild sinni. Mjer virðist, að sá frestur, sem fjelaginu hefir verið settur, sje svo stuttur sem hægt var að búast við, að fjelagið gerði sig ánægt með. Þó að svo fari, sem jeg vona, að ekki verði, að fjelagið geti ekki framkvæmt verkið eða gefist upp á miðri leið, þá tel jeg samt mikið unnið við það, ef málið gengur í gegnum þingið. Við höfum fengið þá reynslu af flestum framkvæmdum útlendinga hjer, að landinu hefir áskotnast töluvert verðmæti, þótt fjelögin gætu ekki framkvæmt verkið fullkomlega.

Þegar ríkið sjálft treystist ekki til þess að leggja járnbraut upp á eigin spýtur, þá er þetta fyrirkomulag hjer mjög aðgengilegt, að ríkið taki nokkurn þátt í stofnkostnaðinum og hafi alla íhlutun um starfrækslu fyrirtækisins, sem nauðsynleg er. Mjer skildist hv. 5. landsk. (JBald) leggja mikið upp úr því, að þá fyrst væri þessu sæmilega fyrir komið, ef fyrirtækið væri eingöngu stofnað af hálfu þess opinbera. Það fer um þetta eins og flest annað, að það eru efnin og máttarinn, sem verða að skera úr um það, hvað menn treysta sjer til að ráðast í. Hjer eru ekki komnar fram alvarlegar mótbárur gegn þessu máli, og því kann það að virðast óþarfi að færa fram verulegar sannanir fyrir því, að þetta fyrirtæki muni ekki einungis verða þjóðinni til óbeins gagns, heldur einnig reynast beint gróðafyrirtæki. Mjer skilst, ef það er rjett, sem vegamálastjóri hefir látið í ljós, að mikið vegaviðhald muni sparast á þessu svæði, ef þessi starfræksla kemst á, þá sje þar um verulegt atriði að ræða. Menn verða að gera sjer það ljóst, að bílflutningar eru bæði dýrir og ófullkomnir. Jeg hefi altaf, frá því að þeir komu fyrst hingað til landsins, álitið þá ill og óhentug flutningatæki. Þeir eru aðallega til skemtunar og augnabliks þæginda. Þeir geta verið sæmilegir til flutninga innanhjeraðs, en eru alveg ófærir til flutninga þungavöru langar leiðir yfir fjallveg. Það kostar nú 70—100 krónur að flytja eitt tonn af þungavöru austur í Rangárvallasýslu. Hvernig er hugsanlegt, að búskapurinn geti borið slík flutningagjöld? Ef leggja ætti sæmilegan veg um það svæði, sem járnbrautin á að liggja, þá mundi sá kostnaður verða litlu minni en kostnaðurinn við lagningu járnbrautar, eða að minsta kosti meiri en þetta ríkissjóðsframlag. Jeg tel því mikinn ávinning fyrir framtíðina, að járnbrautarmálinu sje hrundið fljótt í framkvæmd; jeg hygg, að það verði varla um miklar framkvæmdir að ræða á þessum hafnlausu svæðum fyr en hún kemst á. Það er ekki önnur leið fyrir hendi til þess að bæta úr

hafnleysinu. Fyrir nokkrum árum var á hverju þingi mikið rætt um byggingu hafnar í Þorlákshöfn. Þá var mönnum fullkomlega ljóst, hve mikil vandræði landbúnaðinum stóðu af þessu hafnleysi. Jeg áttaði mig þá fljótt á því, að það var algerlega óframkvæmanlegt að byggja höfn þarna. Það mundi hafa orðið margra miljóna fyrirtæki, og auk þess ekki trygging fyrir því, að höfnin kæmi að notum. En jafnframt sannfærðist jeg um það, að úr sömu þörf yrði bætt, ef járnbrautarmálið fengi framgang í náinni framtíð. Því er það eðlilegt, að jeg fylgi þessu máli nú eftir megni.

Um ýms atriði málsins, svo sem hvort fjelagið setji tryggingu fyrir því, að eitthvað verði úr framkvæmdum þess, þá finst mjer ekki óeðlilegt, þó að einhver slík öryggisskilyrði verði sett. Þó vil jeg, að stilt sje við hóf öllum slíkum kröfum, svo að þær verði hvorki málinu að töf nje geri fjelaginu of erfitt fyrir að byrja á framkvæmdum. Þess vegna tel jeg það skyldu þings og stjórnar að gæta allrar varúðar í þessum efnum.

Að endingu vil jeg svo lýsa því yfir, að jeg tel, eins og hv. Nd. hefir gengið frá frv., að það sjeu ekki neinir þeir höfuðgallar á því, sem orðið gætu málinu að falli.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) hefir ekkert leyfi til að draga það út úr ræðu minni, að jeg vilji ekki, að ríkissjóður leggi fram fje til járnbrautarlagningar austur yfir fjall. Jeg var því samþykkur í fyrra, og mundi enn greiða atkv. með því, væri um það eitt að ræða.

Hann segir enn, að tryggingin af hálfu fjelagsins fyrir því, að byrjað verði á framkvæmdunum 1. maí 1929, sje töluverð, en hann hefir með þessu ekkert upplýst fram yfir það, sem hann hafði upplýst áður, en það var, eins og jeg tók fram, einskis virði.

Jeg og ýmsir aðrir hafa skilið þetta lagafrv. svo, að dregist gæti úr hömlu að byggja járnbrautina, en virkjunin og aðrar framkvæmdir látnar sitja fyrir. Jeg sje t. d. ekkert á móti því eftir frv., ef ekki verður byrjað 1. maí 1929, að það megi dragast eitt ár til. Það er þetta og ýmislegt fleira, sem mjer þykir ekki nægilega skýrt orðað í frv., og er því hræddur um, að valdið geti misskilningi, þegar að því kemur að framkvæma lögin.

Annars kvaddi jeg mjer hljóðs aftur vegna orða, sem fjellu af vörum hæstv. atvrh. Hann sagðist ekki geta ábyrgst, að fjelagið næði í það mikið fje, að það sæi sjer fært að byrja á framkvæmdunum, en bætti því svo við, að nokkrar líkur mundu vera fyrir því, að yrði sjerleyfi þetta gefið og staðið við þau loforð, sem því fylgja af hálfu ríkisins, þá mundi fjelaginu takast að „slá“ út það mikið lánsfje, sem hann mundi telja, að þyrfti til þess að byrja á framkvæmdunum.

En hjer er um alt aðra leið að ræða en tíðkast hjá öðrum þjóðum, þegar svo stendur á, að sótt er um sjerleyfi til þess að reka stóriðju, hver svo sem hún er. Stórþjóðirnar veita sjerleyfi fjelögum, sem eru mynduð og hafa þegar í höndum þann höfuðstól, sem þarf til þess að byrja á framkvæmdunum og kosta reksturinn áfram. Þar er ekki veitt sjerleyfi nema peningarnir sjeu lagðir á borðið, en við förum öfugt að og veitum sjerleyfi og

önnur fríðindi, sem fylgja, mönnum, sem enga peninga hafa og geta ef til vill alls ekki aflað þeirra. M. ö. o., við gefum þeim mönnum allskonar fríðindi, sem ekkert kapital hafa til að hrinda á stað atvinnurekstri, og fram að þessu höfum við ekki sjeð einn einasta eyri koma til framkvæmda þeirra sjerleyfa, sem við höfum veitt.

Þá var hæstv. ráðherra (MG) að draga í efa, að ríkissjóður hefði risið undir þeim kostnaði, sem járnbrautarlagningin hefði í för með sjer, eins og það mál var borið fram í fyrra. Um þetta efaðist hvorugur okkar í fyrra. Í fyrra bygði jeg aðstöðu mína á skýrslu, sem fyrir lá, og sýndi fram á, að þetta væri vel framkvæmanlegt af því að ríkissjóður stóð sig vel vegna hinnar góðu afkomu atvinnuveganna undanfarin ár. Og embættisbróðir hæstv. atvrh., hæstv. fjrh. (JÞ), komst að sömu niðurstöðu. Honum fórust orð á þessa leið undir umræðunum í fyrra, þegar verið var að ræða um getu ríkissjóðs til þess að bera kostnaðinn af brautarlagningunni:

„Með þetta fyrir augum verð jeg að álíta það fjárhagslega forsvaranlegt, að veittar sjeu 2½ milj. króna sem framlag úr ríkissjóði til járnbrautarinnar".

Þá er það eitt, sem jeg hefi að athuga við það, sem komið hefir fram í ræðum sumra hv. meðhaldsmanna frv., og það er vegaviðhaldið, sem þeir ætlast til, að hverfi að mestu úr sögunni, ef járnbrautin kemur. En jeg þori ekki að gera eins mikið úr þessari ástæðu eins og t. d. hv. 4. landsk. (MK) gerði. Jeg held við þurfum að halda áfram að bæta vegina og gera aðra nýja, þó að járnbraut verði lögð austur að Þjórsá. Og jeg gæti trúað því, að við gerðum okkur ekki ánægða með það kák, sem sýnt hefir verið í viðhaldi veganna hingað til. Heldur þætti mjer líklegra, að við keptum að því að auka viðhaldið og gera veginn austur stórum betri en hann er og hefir verið. Sú hefir líka verið reynsla annara þjóða, að þó að járnbrautir hafi verið lagðar þvert og endilangt um löndin, þá hafa kröfurnar hrópað á nýja og fullkomnari vegi, og sama mundi verða hjer í landi, sem ekki hefir enn sem komið er eignast vegarspotta, er fullnægi kröfum tímans. Svo er líka það að athuga, að járnbraut austur yfir fjall eykur verslun og framleiðslu, en af því leiðir aftur, að fólkinu fjölgar í sveitunum austanfjalls, en alt þetta þýðir meiri flutning, sem eykur umferð um vegina. Þess vegna mun óþarft að reikna með því, að vegaviðhaldið sparist að einhverju leyti, eftir að járnbrautin er bygð og tekin til starfa.

Þá vildi jeg mótmæla því, sem hv. 4. landsk. virtist halda fram, að þeir, sem tortryggja fjelagið um að geta byrjað á framkvæmdum, sjeu mennirnir, sem í eðli sínu eru andvígir þessu máli og þeirri stóriðju, sem þar er um að ræða. En þetta eru algerlega rangar getsakir í garð sumra þeirra manna, er látið hafa í veðri vaka getuleysi fjelagsins. Við höfum aðeins farið fram á, að færð væru einhver örlítil rök fyrir því, að fjelagið gæti byrjað á framkvæmdunum, og við höfum mælst til, að athugað væri, áður en gengið yrði frá þessu máli, hvort hjer væri um þær blekkingar að ræða, sem

við höfum helst til oft verið gintir með, bæði fyr og síðar. Hjer er því ekki um neina óþarfa tortryggni að ræða af okkar hálfu. Sá, sem svíkur einu sinni, gerir rangt, en sá, sem svíkur tvisvar, gerir rjett, segir gamalt spakmæli.

Hæstv. ráðh. vill láta trúa sjer, er hann segir, að líklegt sje, að peningar fáist í fyrirtækið, og trúin á að byggjast á því, að hann sjálfur hefir sjeð svo mikið af skjölum og öðrum plöggum fjelagsins, sem hann tekur trúanleg. Það er vitanlega gott, að hæstv. ráðherra sje sannfærður um, að peningar fáist til virkjunarinnar. En fyr en svo er komið, getur hann látið sjer nægja að dreyma um járnbrautarlagningu austur að Þjórsá. Því að enginn þm., og allra síst hæstv. stjórn, má vera svo barnaleg að láta sjer koma til hugar, að fjelag erlendra gróðamanna fari að fleygja 6 miljónum króna í járnbrautarspotta, ef það ekki jafnframt sjer sjer fært að byrja á virkjuninni.

Þess vegna held jeg, að tryggilegra væri að búa svo um hnútana, að fjelaginu yrði gert að skyldu að leggja fram þessar 40 miljónir um leið og sjerleyfið er undirskrifað af ráðherra. Þá væri þó einhver von um, að byrjað yrði á framkvæmdum. Annars hefi jeg sjeð það í dönskum blöðum, að þar er reiknað með 65 milj. kr., sem ætlast er til, að fjelagið þurfi að hafa handbært þegar það tekur til starfa, og sje hjer um danskar krónur að ræða, þá er fjárhæðin ekki smá.

Að endingu vil jeg aðeins taka það fram, að eins og sakir standa megum við ekki sleppa niður væntanlegri framkvæmd málsins með ónýtri sjerleyfislöggjöf, sem bygð er á eintómum blekkingum erlendra gróðabrallsmanna.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður og litlu við að bæta það, sem jeg sagði áður. Jeg vil þá hefja mál mitt með því að þakka þeim báðum hv. 2. þm. Rang. (EJ) og hv. 4. landsk. (MK) fyrir þann stuðning, er þeir hafa þegar veitt frv. þessu.

Að svo mæltu vil jeg snúa mjer að hv. 5. landsk. (JBald). Hann var með sömu tortryggnina í garð þessa máls, en ekki var hún á sterkari rökum reist en áður.

Hann þykist ekki geta sjeð, að sjerleyfið falli niður, ef fjelagið hefir ekki byrjað á járnbrautinni 1. maí 1929. Það stendur þó skýrum stöfum í 11. gr. frv., að „sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningunni eigi síðar en 1. maí 1929". **(JBald:** Og hvað svo?). Ja, hvað svo, — er þetta ekki svo skýrt, að það taki af öll tvímæli í þessu efni? Þá liggur við missir sjerleyfisins. Jeg veit, að hv. þingmaður skilur þetta og að hann er ekki að spyrja um þetta í þeim tilgangi, að hann búist við að fá frekari upplýsingar, heldur mun annað liggja hjer á bak við.

Þá var hann eitthvað að tala um það, að um veitingu slíkra sjerleyfa færi öðruvísi hjá stórþjóðunum en í okkar fámenni. Jeg veit ekki, hvað hann hefir fyrir sjer í þessu, en hitt er mjer kunnugt um, að t. d. í Noregi eru gefin út mörg sjerleyfi án þess að peningar sjeu fyrir hendi til þess að byrja á framkvæmdunum. Jeg er og hræddur um, að við þyrftum lengi að

bíða eftir því, að menn fengjust til þess að leggja fje í stórfyrirtæki hjer, yrði þeim gert að skyldu að sýna það, að fje til framkvæmdanna væri lagt hjer inn í banka áður en leyfið yrði veitt.

Þá var hann að vitna í orð hæstv. fjrh., að hann hefði sagt í fyrra, að ríkissjóður gæti lagt fram þessar 2½ milj. kr. til þess að byrja á brautarlagningunni. En því var aldrei lýst yfir, að peningar þessir væru í kassa. (**JBald:** Þetta eru árásir á embættisbróður hæstv. ráðh.). Hv. þm. sleit orð hæstv. forsrh. (JÞ) úr samhengi. Hann tók það einmitt fram, að vegna fjárhags ríkissjóðs mundi óhætt að ætla honum að leggja fram 2½ milj. kr., en nefndi ekki hvenær. (**Forsrh. JÞ:** Þetta er alveg rjett eftir mjer haft).

Mjer finst, að hv. 5. landsk. vilji lítið gera fyrir þetta mál. Þó telur hann, að hjer sje bæði um stórt framfara- og nauðsynjamál að ræða, en vill þó ekkert fyrir það gera.

Þetta sjest best á því, er hann setur sig á þann háa hest að fella dóma yfir áliti vegamálastjóra um vegaviðhaldið framvegis. Hann segir með miklum þjósti, að ekkert muni sparast í vegaviðhaldi austur yfir fjall, þó að járnbraut verði lögð. Veit þá ekki hv. þm., hvað það er, sem mest slítur vegunum og gerir kostnaðinn við viðhaldið eins mikinn og nú er? Veit hann ekki, að það eru bílarnir, hlaðnir þungavöru, sem rista vegina sundur og skera bæði haust og vor? Þegar járnbraut væri komin, mundi hún annast um flutning á mestallri þungavöru, og þó að einhver umferð hjeldist um veginn, þá yrðu það mest ríðandi menn eða fólk í skemtibifreiðum.

Annars mætti spyrja hv. þm., hvað hann meini með því, að nauðsyn sje á, að járnbraut verði lögð, ef það er skoðun hans, að sama verði umferð um vegina eftir sem áður. Því ef það er í alvöru mælt hjá honum, að flutningar um vegina verði hinir sömu, þá er ekki forsvaranlegt af honum að halda því fram, að ríkið eigi að leggja brautina á sinn kostnað. Þetta um vegaviðhaldið var því illa og grálega mælt hjá honum og getur ekki verið sagt til annars en að blekkja aðra.

Annars þarf hann ekki að vera að ráðleggja stjórninni, hvernig hún eigi að fara að, ef frv. þetta verður að lögum. Ef koma ætti til minna kasta að veita sjerleyfið, þá mundi ekki standa á mjer að gefa það út, þó að fjelagið hefði ekki handbæra þá peninga, sem þarf til járnbrautarlagningarinnar.

Það er ekki rjett hjá honum, að ómögulegt sje að framkvæma virkjun Urriðafoss án járnbrautar. Það er mögulegt, en erfitt.

Þá spurði hann um, hvað mikið fje mundi þurfa til virkjunar Urriðafoss. Það hefir nú verið margtekið fram, að til þess að virkja allan fossinn mundi þurfa 40—50 milj. króna. En sennilega verður ekki öll vatnsorkan beisluð strax, heldur smátt og smátt, og þarf þá miklu minna fje í bili.

Jónas Jónsson: Jeg get ekki sagt, að jeg geti verið allskostar ánægður með svar hæstv. atvrh. við spurningum þeim, er jeg beindi til hans. Að

vísu skilst mjer, að hann ætli að gefa nefndinni einhverjar frekari upplýsingar, og getur það eflaust verið gott fyrir hana, en jeg á ekki sæti í þeirri nefnd, svo að þessar upplýsingar fara þá fyrir ofan garð og neðan hjá mjer. Nú vildi jeg mega skjóta því til hæstv. ráðh., hvort það sje meiningin, að nefndin fái eitthvað frekara að vita um fjárhag fjelagsins, hvort hann mundi þá ekki til með að láta háttv. deild verða þeirrar fræðslu aðnjótandi.

Mjer er kunnugt um, að þetta fossafjelag, sem um skeið ljet allmikið til sín taka, hefir nú ekkert látið á sjer kræla lengi, og er það skoðun margra, að fjárhagur þess muni ekki vera upp á marga fiska, og því ekki að vænta, að það muni hafa minstu getu til þess að ráðast í önnur eins stórfyrirtæki og hjer er um að ræða. Það kom líka fram undir umr. í hv. Nd., að hlutabrjef fjelagsins hefðu nýlega gengið kaupum og sölum hjer í bænum og það fyrir afarlítið verð. Þetta og ýmislegt fleira virðist því benda í þá átt, að fjelagið muni ekki vera eins vel statt og af er látið af sumum þeim, sem harðast fylgja frv. Þá óska jeg að fá að vita hjá hæstv. stjórn, hvort það sje rjett, að Titan-fjelagið sje nú að selja hlutabrjef sín í stórum stíl til útlanda, eins og þetta blað, „Nationen", segir.

Hæstv. atvrh. getur ekki tekið það illa upp, þótt hann sje spurður um ástæður og efnahag fjelagsins, vegna þess, að undir efnahag þess er það komið, hvort þetta eiga að verða pappírslög eða ekki. En á svörum hæstv. atvrh. um þetta efni hefir ekkert verið að græða. Og jeg mótmæli því, sem hann sagði, að það sje að gera fjelagið tortryggilegt, þótt leitað sje fyrst almennra frjetta um hag þess. Það er heimskra manna háttur að ráða stórmálum til lykta rannsóknarlaust. Það hefir því líklega orðið óvart hjá hæstv. atvrh., er hann sagði það, að rannsókn um efnahag fjelagsins gæti gert það tortryggilegt. (**Atvrh. MG:** Jeg sagði það aldrei). Jeg álít, að fjelaginu sje skylt í þessu máli að láta alt uppi um sinn hag við Alþingi.

Hæstv. stjórn hefir að vísu játað, að fjelagið hafi nú enga peninga, en hún afsakar það með því, að sá maður, sem er líklega ráðunautur eða starfsmaður fjelagsins, Stuevold Hansen, hafi trú á fyrirtækinu. Það, að hæstv. atvrh. spurði hann um þetta, minnir mig á sögu um ungan íslenskan kaupsýslumann, sem fór til Kaupmannahafnar til þess að kaupa vörur og spurði einn kaupmanninn, hvort hann hjeldi ekki, að þessar vörur væru góðar fyrir sig. Mjer finst hæstv. atvrh. hafa sýnt það þarna, að hann er jafngrunnfær og þessi maður var.

Jeg held, að jeg geri ekki þeim duglega manni Karli Sæmundsen rangt til, þótt jeg segi það, að hann hafi í fyrra sagt hverjum manni það hjer í þinginu, að Dynjandi hefði á hverjum tíma fullar hendur fjár. Og upp á þessa trú hans fjekst svo sjerleyfið þá. En nú vil jeg spyrja: Er það ekki minkun fyrir Alþingi að samþykkja lög, sem svo verður ekkert úr eða ekkert kemur út af? Það álít jeg.

Jeg játa það, að okkur er nauðsynlegt að fá járnbraut, og vegna hennar

líta margir svo á, að tala verði um virkjunarleiðina.

Hæstv. atvrh. var að tala um, að það væri sama sem aflátssala, ef Alþingi vildi hafa tryggingu, ef það veitti þetta sjerleyfi. Er þá hæstv. atvrh. ekki svo mikill fjármálamaður, að hann viti, að í stórum samningum eru ætíð sett stór viðurlög, ef til brigðmælgi kemur? Og veit hann ekki, að betra væri fyrir landið að fá skaðabætur fyrir brugðin heit við landið, t. d. frá Volcanic Sand og Dynjanda, heldur en aðeins að fá minkunina eina saman?

Jeg ætla að nota hjer tækifærið til að þakka hæstv. bráðabirgðaforsætisráðherra (JÞ) fyrir það, að hann hefir í einu máli gert mjer mikið að skapi, þar sem hann hefir ekki notað happdrættisheimildina, sem sett var hjer á þingi í fyrra, því að það var eitt af þessum viðsjárverðu málum.

Það gladdi mig að heyra, að hæstv. atvrh. hefir það á tilfinningunni, að þetta mál er ekki í samræmi við fyrri samgöngumálapólitík hans, eins og t. d. þá, er hann drap strandferðaskipið í fyrra. En ef hann spyrði nú fólk á Austfjörðum, Norðlendinga eða Vestfirðinga, hvort málið, strandferðaskip eða járnbraut, þeim litist betra, þá býst jeg við, að hann fengi það svar hjá flestum, að þeir teldu strandferðaskipið mikla nauðsyn. Þess vegna vona jeg, að ef járnbrautin verður samþ., þá verði hæstv. atvrh. viðsýnni í samgöngumálum framvegis heldur en hann hefir verið.

Hæstv. atvrh. sagði, að þetta mál mætti ekki gjalda þess, þótt einhver bæri kala til sín. Jeg veit ekki, hvort nokkur ber persónulegan kala til hans í þessari háttv. deild. En það er von, að hann minnist á þetta, því að það leikur sterkur grunur á því um Íhaldsmenn, að þeir láti málefnin gjalda þess, ef þau eru borin fram af öðrum en þeirra mönnum.

Jón Baldvinsson: Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hann mundi ekki veita sjerleyfi þetta, ef fje væri ekki trygt til þess að leggja járnbrautina. Þetta er mikils virði, því að það felur í sjer mikla tryggingu um framkvæmdir, ef hæstv. ráðh. slær því föstu, að hann veiti alls ekki sjerleyfið nema fjelagið geti sýnt, að það hafi peninga til þess að leggja járnbrautina. M. ö. o., stjórnin ætlar ekki að sleppa sjerleyfinu við fjelagið, nema því aðeins, að hún sje viss um og hafi tryggingu fyrir, að úr framkvæmdum verði.

Jeg stend aðeins upp til þess að slá þessu föstu og árjetta það, sem hæstv. atvrh. sagði, svo að það standi fast í Alþingistíðindunum.

Þessi yfirlýsing er mikils virði og gæti gert marga fúsari en áður til þess að samþ. frv.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk. sagði, að jeg hefði sagt, að jeg ætlaði ekki að veita sjerleyfið, nema nægir peningar væru fengnir til járnbrautarinnar. Þetta sagði jeg ekki. Jeg sagði, að jeg teldi það forsvaranlegt að veita sjerleyfið, þótt fjelagið hefði ekki fjeð handbært til þess að leggja járnbrautina. (**JBald:** Hvað þýðir það á lögfræðingamáli að hafa ekki meira fje handbært en til þess að leggja járnbrautina?). Hv. þm. (JBald) ætti heldur að fara í aðra lögfræðinga en

mig til þess að fá upplýsingar um það, því að það mun hæpið fyrir hann að leggja trúnað á það, sem jeg segi um lögskýringar á orðum sjálfs mín.

Hv. 1. landsk. (JJ) þóttu upplýsingar mínar um fjelagið lítils virði. Þótt jeg kunni að þekkja eitthvað til hags fjelagsins, þá hefði jeg ekki leyfi til að skýra frá því hjer opinberlega. En jeg veit ekki, hvernig hagur þess er nú. Hv. þm. upplýsti það og hafði það eftir norsku blaði, „Nationen", að fjelagið væri nú sem óðast að selja hlutabrjef sín erlendis. Þetta er mjer ekki kunnugt um, en mjer þykir vænt um að heyra þetta, því að það getur einmitt staðið í sambandi við þetta mál, og það sýnir ekki annað en það, að fjelagið er þegar farið að safna fje. Hinu hefi jeg aldrei haldið fram, að fjelagið væri fjársterkt eins og stendur.

Dynjandamálið er hjer ekki til umræðu, en jeg vil benda hv. 1. landsk. á, að það er ekki lítill munur á þeim kjörum, sem Dynjandi fjekk, og þeim kjörum, sem Titan eru ætluð. Þar skakkar hvorki meira nje minna en mörgum miljónum. Það er áætlað, að járnbrautin muni kosta 8—9 miljónir króna. Þar af eigum við að leggja fram 2 milj. kr., og mismunurinn á þeim upphæðum verður mismunurinn á sjerleyfi Dynjanda og Titans, og auk þess kemur svo mismunurinn á virkjunargjaldinu, sem þessum tveimur fjelögum er ætlað að greiða fyrstu 10 árin.

Hv. þm. vill gera það að tekjustofni fyrir ríkissjóð að selja sjerleyfi, og mjer finst það nokkuð svipað og með aflátsbrjefasölu. Hann álítur, að við getum látið sjerleyfi fyrir svona 100 þús. kr. En ekki þættum við betri í útlöndum heldur en hann lýsti frá sínu sjónarmiði, ef við gerðum það. (**JJ**: Það mætti þó fá brú á Hjeraðsvötnin fyrir 100 þús. kr.). Það er nú þegar búið að brúa þau á ósunum og ein brú kemur bráðum. (**GÓ**: Þær eru komnar nokkrar!). Með þessari nýju brú eru þær komnar þrjár, og sýnir það dugnað þingmanns þess kjördæmis.

Hv. 1. landsk. lýsti nú yfir því, að hann ætlaði að gera sjer þá minkun að samþ. frv. Jeg veit ekki, hvort jeg á að kaupa atkvæði hans svo dýrt að láta hann verða sjer til minkunar — hann má varla við því fremur en orðið er.

Að lokum get jeg sagt hv. bráðabirgða 1. landsk. (JJ), að þegar strandferðaskipið kemur til umr., þá mun jeg segja um það, það sem mjer þykir rjett, en nú er það ekki á dagskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, 277, 330, n. 335, 354).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Þetta er eitt af þeim fáu stórmálum, sem þingið hefir til meðferðar að þessu sinni. Það er því eðlilegt, að mörgum þyki það miklu máli skifta, hvernig ræðst um úrslit þess. — Þetta var nefndinni ljóst þegar frá upphafi,

og þess vegna vildi hún gera sjer far um að stuðla að því, að málið þyrfti ekki að tefjast mjög. En eins og nál. ber með sjer, er nokkur skoðanamunur innan nefndarinnar, þótt ekki komi fram, að hann væri verulegur um meginatriði málsins. En samt sem áður koma tveir nefndarmenn fram með brtt., sem þeir munu gera sjerstaka grein fyrir. Ennfremur koma fram brtt. á þskj. 354, sem nefndin hefir ekki haft tækifæri til að athuga enn þá, því þeim hefir ekki verið útbýtt fyr en í dag, en þær eru mjög svipaðs eðlis og brtt. á þskj. 330. Það mun hafa vakað fyrir flm. að tryggja það sem best, ef svo óheppilega skyldi fara, að fjelagið reyndist ekki megnugt að halda áfram að koma málinu í framkvæmd. Jeg verð að segja það, að jeg finn ekki ástæðu til að fara öllu lengra inn á þetta fyrir hönd nefndarinnar, því að það kemur fyrst í ljós, hvort ástæða er til að hafa langar umr. um málið, þegar sjeð er, hve mikil andmæli koma fram. En það, sem jeg kann að segja um þetta mál hjer eftir, á að skrifast á minn reikning og ekki nefndarinnar, ef eitthvert ósamræmi kynni að verða þar á milli.

Það er þá fyrst, að mjer finst það gegna furðu, hvað reynt hefir verið að vekja andúð gegn þessu máli. Jeg þykist hafa orðið þess var, að minsta kosti hjer í bænum, að nokkuð hefir verið gert til þess að gera málið tortryggilegt og óaðgengilegt í augum manna. En jeg lít svo á, að það sje ekki þarft verk, og jeg skil ekki vel hugsanagang þeirra manna, er leggja sig í framkróka til að spilla fyrir málinu.

Jeg held, að það sje nokkuð óljóst fyrir þessum mönnum, hvað hjer er um að ræða, og að þá sje að dreyma einhverja stóra drauma um einhver stórvirki, sem eigi að vinna einhverntíma langt úti í framtíðinni. Jeg skil ekki þann hugsunarhátt, að nútíminn eigi ekkert að aðhafast, en varpa öllu upp á eftirkomendurna. Nei, jeg álít einmitt, að það sje skylda að koma í framkvæmd að minsta kosti einu meiri háttar máli á hverju þingi; annars verð jeg að álíta, að það standi ekki vel í stöðu sinni. Jeg álít, að einmitt hjer sje um mál að ræða, sem muni hafa mikið menningarlegt gildi fyrir okkar land. Jeg hlýt að álíta, að þeir, sem á engan hátt vilja hlynna að þessu máli, líti svo á, að heppilegast sje fyrir þjóðina að hverfa aftur að því ástandi, sem ríkti hjer um miðja síðustu öld, gera sem minst af því, sem til framfara horfir, og halda öllu í gamla horfinu, þannig að hver reynir að hokra fyrir sig og búa að sínu, í stað þess að starfrækja atvinnuvegina eftir nútímans kröfum, þannig að afurðirnar geti orðið útflutningsvara.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að jeg hygg, að auknar og bættar samgöngur hljóti að verða aðalundirstaða þess, að atvinnuvegirnir verði reknir á þann hátt, sem æskilegast væri. Það má segja, að ýmsir landshlutar hljóti að hafa samgöngur sínar eingöngu á sjónum, enda er ekki verið að fara fram á, að til slíkra fyrirtækja sem járnbrautarlagningar verði stofnað nema hjer austur yfir fjall, að minsta kosti ekki í nánustu framtíð. En þó að samgöngur sjeu þegar mikið farnar að lagast í öðrum landshlutum, þá stendur hjer svo sjer-

staklega á, að hin góðu og blómlegu hjeruð austanfjalls hafa alveg orðið útundan um samgöngubætur. Jeg er sannfærður um, að þörf þeirra verður ekki bætt á annan hátt en þann, að járnbraut verði lögð austur, sem auðvitað sje rekin með hag notenda fyrir augum. En það álít jeg, að ekki þurfi að efast um með því fyrirkomulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Jeg skal játa, að heldur hefði jeg kosið það fyrirkomulag, sem til umræðu var á síðasta þingi, nefnilega að ríkið annaðist allan undirbúning og stæði straum af fyrirtækinu. Jeg hygg samt, að flestum komi saman um, að í það verði ekki hægt að ráðast í nánustu framtíð, og því tel jeg, að þetta ætti að vera öllum kærkomið tækifæri til þess að hrinda· málinu í framkvæmd.

Það er ekki mikil ástæða fyrir mig að vera að orðlengja þetta meira í bili. Það er best að geyma það, þangað til umr. fara að sýna meira en hingað til, að verulegur ágreiningur sje um málið. Aðeins vil jeg geta þess, að þó að svo virðist, sem illgerandi sje að leggja mót þeim brtt., sem fram eru komnar við frv., þá hugsa jeg, að jeg muni ekki greiða þeim atkvæði, af því að jeg get ekki ímyndað mjer annað en að hæstv. stjórn, eða sá hæstv. ráðh., sem sjerleyfið afgreiðir, sjái sjer fært að taka fyllilega tillit til þess vilja, sem kemur fram í frv. og brtt. Jeg hygg, að með frv. sjeu þau atriði trygð, sem brtt. fjalla um, en ef þurfa skyldi frekari árjettingar við, verður að treysta hæstv. stjórn til að ganga svo frá þeim skjölum, að fulltryggilega sje um búið.

Það hefir verið minst á eitt atriði og á það lögð allveruleg áhersla, sem sje það, að nálega sje ógerningur að veita sjerleyfi, sem hafi í för með sjer útlendan vinnukraft, vegna þeirrar þjóðernishættu, sem af því gæti stafað. Jeg verð að skoða þetta sem einskonar spaug. Jeg get ekki sjeð, að svo mikill fjöldi útlends verkalýðs þurfi að fylgja þessu fyrirtæki, að af því stafi nokkur hætta. Jeg ber meira traust til íslensku þjóðarinnar en svo, að jeg álíti, að það atriði geti orðið til að spilla henni eða komandi kynslóðum.

Að svo komnu mun jeg ekki fara lengra út í þetta mál. Vænti jeg þess, að hafi jeg einhverju gleymt af því, sem hv. meðnefndarmönnum mínum þætti ástæða til að taka fram, þá muni þeir sjá til þess, að það komi fram.

Einar Jónsson: Mín skoðun er sú, að auknar og bættar samgöngur sjeu öflugasta lyftistöngin undir öllum framförum bæði í landbúnaði og öðrum atvinnuvegum okkar. Jeg er ekki í nokkrum vafa um, að það mál, sem nú er hjer til umr., hefir afarmikla þýðingu fyrir okkar land. Það er að vísu ekki hægt að sanna, hvernig reynslan muni verða, en jeg trúi því fastlega, að með þessum hætti verði samgöngum okkar í best horf komið, enda eru nú fyrir hendi þau líklegustu kjör, sem ríkissjóður getur komist að. Jeg skal ekki fara út í þá sálma frekar en orðið er, en aðeins vil jeg geta þess, að jeg get fyllilega undirstrikað það, sem hv. frsm. (MK) er búinn að segja um það efni. Þó að ekki væri samkomulag í nefndinni,

var ágreiningur ekki meiri en svo, að tveir nefndarmenn skrifuðu undir nál. með fyrirvara. Mjer finst þeirra brtt. á þskj. 330 samrýmast svo vel brtt. hv. 1. landsk. á þskj. 354, að þær sjeu eiginlega eitt og hið sama. Beggja tillögur ganga í þá átt að leggja meiri áherslu á, að fjelagið Titan fari eftir ýmsum reglum, sem settar verði, og leggi meira á sig en áður hefir verið gert ráð fyrir. Jeg, sem er eindreginn stuðningsmaður fjelagsins, hefi ekkert á móti því. Það er trygging fyrir landið, en hinsvegar tapar fjelagið engu, að mínu áliti.

Sjálfur flyt jeg brtt. á þskj. 277. Eins og allir sjá, kemur hún ekki málinu við í heild sinni, en til þess að hún komi ekki í bága við neitt og verði á engan hátt til að tefja fyrir málinu, læt jeg hæstv. forseta vita, að jeg tek hana hjer með aftur til 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg hefi nokkrar brtt. við þetta frv. og vil nota tækifærið til þess að skýra nánar efni þeirra. En áður en jeg byrja, ætla jeg að minnast á þau atriði, sem jeg hefi áður tekið fram og gert fyrirspurnir um án þess að fá nokkurt svar.

Þegar við 1. umr. vildi jeg fá að vita, hverjar fjárhagsástæður fjelagsins Titans væru og hvaða líkindi væru til þess, að orðið gæti úr þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru. Jeg fjekk enga vitneskju í jákvæða átt. Hæstv. atvrh. var ekki kunnugt um þetta, og heldur ekki nefndinni, en jeg get ekki ímyndað mjer annað en að allir sjeu mjer sammála um, að það skifti miklu máli, hvort sá aðili, sem semja á við, sje samningshæfur eða ekki.

Önnur brtt. mín er við 3. grein og lýtur að því að slá föstu, að ekki sje samið nema við þetta eina fjelag, nema samþykki Alþingis komi til. Það er ákaflega þýðingarmikið atriði fyrir landið, að þegar það gerir samning, sje ákveðinn mótaðili. Mörgum mönnum hjer er það mikið geðfeldara, að þær framkvæmdir, sem hjer er um að ræða, sjeu gerðar af frændþjóðum okkar, en ekki einhverri fjarskyldri, ef til vill voldugri þjóð, sem gæti notað áhrif sín hjer á þann hátt, sem ekki væri hollur fyrir okkur. Jeg þarf ekki að benda á, hvernig farið hefir fyrir fátækum þjóðum, sem veitt hafa slík sjerleyfi útlendingum. England á meira að segja nú í blóðugri styrjöld við land, sem þegnar þess eiga miklar eignir í, og styrjöldin er út af þeim.

Þessi hlið málsins — sjálfstæðishliðin — er sú athugaverðasta. Mjer mundi standa stuggur af því, ef veitt yrðu og notuð mörg slík sjerleyfi. En ástæðan til þess, að þessi leyfisbeiðni hefir þó fengið þær viðtökur, sem raun er á orðin, er eingöngu þörf hjeraðanna austanfjalls til þess að fá samgöngubætur, en eins og jeg tók fram við 1. umr., er þeim enginn greiði gerður með því, að við sjeum að leika okkur við aðilja, sem eru ef til vill ekki færir til að framkvæma það, sem beiðnin fer fram á. Jeg tel það koma úr hörðustu átt, að sjálf landsstjórnin skuli engar tryggingar vilja hafa fyrir því, hvers eðlis þessi fjelagsskapur sje, og jeg verð að segja, að jeg geri mikinn mun á því, hvort Alþingi framselur sjerleyfið eða stjórnin, ef það

á annað borð á að vera framseljanlegt. Jeg segi þetta ekki af sjerstöku vantrausti til núverandi stjórnar. Það nær jafnt til allra stjórna. En svona mikilsverðan samning getur þjóðin ekki gert nema við aðilja, sem eru fullkomlega þektir. Jeg vona, að þjóðin sjái, að þetta er sjálfsögð krafa.

Þá hefi jeg skýrt frá annari brtt. minni, en um þá fyrstu er það að segja, að hún lýtur að því að tryggja, að ekki sje verið á hneykslanlegan hátt að leika sjer að sæmd þjóðarinnar og nafni landsins. Jeg lít svo á, að sómi þings og þjóðar leyfi ekki, að gengið sje lengra eftir þeirri braut, að hinum og öðrum óþektum mönnum eða fjelögum sjeu veitt sjerleyfi. Síðan er farið með þau út um öll lönd til þess að pranga með þau. Stundum hafa fengið hjer sjerleyfi menn, sem ekki hafa notið þess trausts í sínu eigin landi, að nokkur maður þar vildi eiga skifti við þá. Alþingi hefir og veitt sjerleyfi til stórkostlegs fyrirtækis manni, sem ekki stóð í skilum með opinber gjöld til síns lands. Hjer var veitt sjerleyfi til þess að vinna járnsand við Hjeraðsflóa. Hvað varð úr því? Næst var veitt sjerleyfi til saltvinslu úr sjó. Með bæði þessi sjerleyfi var braskað erlendis. Þá skal jeg nefna tvö bankasjerleyfi, sem meiri hluti stuðningsmanna hæstv. stjórnar var fylgjandi, sem sje norska bankann og bankann, er mest var talað um í fyrra. Hvað hefir hafst upp úr þessum sjerleyfum? Misjafnlega hátt settir fjármálamenn hafa braskað með þau erlendis og þau hafa orðið til eintómrar vansæmdar fyrir landið. Jeg er ekki að segja, að ekki geti komið til mála að stofna hjer hlutabanka. Alt öðru máli var að gegna, þegar t. d. Íslandsbanki var stofnaður. Þá var samið við ákveðinn aðilja.

En ef þetta mál er í eðli sínu eins og járnsandurinn eða saltvinslan, þá vona jeg, að það verði það síðasta af þeirri tegund einkaleyfa.

Nokkra bót mætti gera, ef þingið fylgdi þeirri varasemi að láta sjerleyfið ekki koma til greina, nema það hefði fengið fulla tryggingu. Að því lýtur mín fyrsta brtt. Jeg vona, að hæstv. atvrh. sjái, að hjer er farið mjög varlega að fjelaginu. En þar sem alt bendir á, að hæstv. stjórn ímyndi sjer, að Titan eigi í raun og veru ekkert annað en veðsett vatnsrjettindi, hefi jeg ekki viljað tiltaka ákveðna fjárhæð, sem fjelagið gæti svo ekki staðið við. Mjer er kunnugt um það frá Dynjandamálinu í fyrra, að það fjelag kveinkaði sjer við mjög lágri tryggingu.

Jeg vil gera ráð fyrir, að ekki sjeu allar eignir fjelagsins veðsettar, og ætlast til, að það minsta, sem Titan geti gert fyrir það, að landið hefir sýnt því þann sóma að telja það samningsbæran aðilja, sje að láta þetta af hendi.

Jeg treysti þess vegna, að hæstv. atvrh. styðji þessa till. mína. Hún er í alla staði sanngjörn og gengur aðeins í þá átt að krefja af fjelaginu það, sem því hlýtur að vera útlátalaust að láta af hendi, nema því aðeins, að það ætli sjer ekki að efna loforðið; en ef það gerir það ekki, þá er ekkert gagn gert þeim, sem þurfa að fá járnbrautina, með því að vera að veita fjelaginu sjerleyfi.

Þá er 3. liður; hann er viðbót við 9. gr., nokkuð svipaðs eðlis eins og brtt. frá hv. minni hl. samgmn., en

sem ekki hefir verið talað fyrir ennþá. Jeg mundi vel geta sætt mig við þá brtt., ef hv. deild feldi sig frekar við þá tryggingu en mína, og gæti jeg þá tekið mína brtt. aftur til 3. umr. og komið þá með síðari hluta hennar, sem er alveg sjerstaks eðlis.

Það eru tvö atriði, sem eru í þessari 3. brtt. minni. Það fyrra er, að landið leggur ekki í járnbrautina fyr en það er virkilega sjeð, að þessi aðili hafi fjármagn til að gera meira af henni. Þess vegna tók jeg það fram, að þegar brautin væri komin austur fyrir Lágaskarð og farið að halla niður af heiðinni, þá fyrst skyldi ríkissjóður leggja fram fje til járnbrautarinnar, svo að þá væri ekki til ónýtis barist, og mætti hæstv. atvrh. þá vera mjer þakklátur fyrir að hafa komið fram með þetta, jafnvel þótt landið yrði þá að taka alveg við, ef fjelagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Aftur á móti teldi jeg ekkert gagn að því, þótt fjelagið gæti lagt einhvern járnbrautarstúf hjerna inn fyrir bæinn, sem svo stæði lengi ónotaður, en ríkið hefði kannske ekki ráð á að halda verkinu áfram, en þá komið töluvert fje úr ríkissjóði í fyrirtækið.

Síðari hlutinn er töluvert mikilsverður sem varnagli. Jeg vil benda á, að það hafa komið fyrir atvik í Noregi, sem gera það að verkum, að hyggilegt er að samþykkja þennan part till. minnar. Það kom sem sje fyrir í Noregi á stríðsárunum og rjett á eftir, meðan verið var að vinna að ýmsum stórum útbyggingum, að ýms sveitarfjelög lögðu í virkjunina, þó að meiri hluti stofnfjárins væri útlent fje. En það fór svo fyrir ýmsum þessum fjelögum, að þau urðu aldrei nema „svindilbrask", nokkuð af hlutabrjefunum seldist, en alt, sem inn kom, fór til þeirra, sem stóðu fyrir fjelögunum. En þá gerðu ýmsir þegnar annara ríkja, einkum Englands og Bandaríkjanna, sem töldu sig svikna í viðskiftunum við fjelögin, kröfur til Noregs, sem staðið hefði að þessu útboði, og töldu, að ríkið bæri ábyrgð á þeim mönnum, sem hefðu selt hlutabrjefin.

Nú er miklu meiri ástæða fyrir okkur til þess að fara varlega, þar sem um ríkið er að ræða og okkur ber vandlega að athuga það, að þessi fjelagsskapur, sem verið er að binda landið í, hefir ekki þau einkenni öruggleika, að ekki sje full ástæða til, að við tökum það fram, að ríkið sje á engan hátt riðið við fjármál fjelagsins, nema að því leyti, sem það leggur þetta fje til járnbrautarinnar, þegar hún er komin hæfilega mikið áleiðis.

Þá vil jeg að síðustu víkja að því gagni, sem jeg ætlast til, að verði að þessu máli. Ef rætast draumar forgöngumanna málsins og hv. 4. landsk. (MK), sem mælt hefir fyrir því af mikilli trú í dag, ef þessir aðiljar, sem hjer eiga hlut að máli, geta komið járnbrautinni á og rekið þá starfsemi á þann hátt, að það geti orðið landinu til gagns, þá verður ekki um það deilt, að gagn hefir orðið að tilraun þessari. En það eru fjöldamargir menn, sem þykjast þess fullvissir, að ekkert muni úr þessu verða, Titan hafi enga peninga og muni ekki fá neitt fjármagn annarsstaðar frá, og þar af leiðandi höfum við ekkert annað en fyrirhöfnina af þessu frv. og kannske dálítið vafasaman heiður af því að hafa geng-

ið í þennan óþekta fjelagsskap. En þrátt fyrir þessa annmarka held jeg, að rjett sje að samþykkja þetta frv., því að sjerleyfasóttin hefir gengið yfir öll takmörk hjer og náði sínu hámarki, þegar sjerleyfið um Dynjanda var samþ. í fyrra, þar sem maður, sem ekki er ástæða til að halda, að hafi mikil fjárráð, fjekk leyfi til að gera hjer miljónafyrirtæki, og þar sem hv. Ed. tók út tryggingarskilyrði, sem hv. Nd. var búin að samþykkja, og sem gekk út á, að hann setti 50 þús. kr. tryggingu fyrir því, að sjerleyfið yrði notað, og nú hefir ekki heyrst hósti nje stuna frá Dynjanda. Það síðasta, sem spurst hefir af fjelaginu, er það, að hátt settur maður við fjelagið segir, að það standi nú á því hjá forkólfunum, hvernig forgöngumenn fjelagsins eigi að skifta með sjer „prósentunum". En ef það skyldi nú fara svo, að Titan reyndist ekki meira nje merkilegra en þessi banki, sem hjer átti að stofna, þá vona jeg, að sjerleyfatrúin verði sjer til varanlegrar minkunar, svo að augu þings og þjóðar opnist fyrir því, að þessa leið er ófært að halda. Það eru margir menn á landi hjer, sem halda, að ekki sje hægt að koma upp járnbrautinni á annan hátt en með útlendu fje; en jeg er ekki einn af þeim mönnum, því að jeg álít það ólíklegt, að málið verði þannig leyst, og miklu betra, að við leysum það sjálfir, því að þá vita menn, að hverju þeir ganga. En það hefir verið svo mikil trú á útlendum fjelögum hjer á landi, að sú oftrú hefir hreint og beint hindrað járnbrautarmálið.

Nú veit jeg ekki til, að neitt annað fjelag en Titan hafi boðist til að leysa járnbrautarmálið fyrir þjóðina, og ef svo reynist, að Titan sje nú ómáttugt til þeirra hluta, þá vonast jeg til, að sá hávaði, sem verður af hruni Titans, verði til þess, að þjóðin minnist, að búið er 5—6 sinnum að leika á hana með sviplíkum sjerleyfum, og að slíks eru ekki dæmi um aðrar þjóðir. Jeg vona, að sú erfiða reynsla lækni þjóðina af sjerleyfasýkinni.

Jeg hugsa mjer, að af þessu máli megi nokkurt gagn verða, á hvorn veginn, sem það fellur. Leiðin til framkvæmda í járnbrautarmálinu er ekki alveg lokuð, og með því að svo er nú ástatt með fjármál ríkisins, sem kunnugt er, þá sje jeg ekki, að hægt verði á næstu missirum að byrja á ríkisjárnbraut, og því ekki rjett að loka þessum möguleika, ef nokkur er. En ef þessi tilraun gengur illa, þá verður það þó vonandi til þess, að við treystum ekki oftar óþektum fjelögum.

Þá hefi jeg mælt fyrir þessum brtt. mínum, og vona jeg, að hæstv. atvrh., sem hefir borið fram þetta frv., viðurkenni, að þær miða til þess að bæta frv. Ef þær verða feldar, þá getur það ekki orðið til annars en að minka þá veiku von, sem menn hafa um, að fjelagið muni gera nokkuð, því ef það álítur það máli skifta fyrir sig að framselja leyfið án samþykkis Alþingis, og ef það er svo á vegi statt, að það geti ekki komið járnbrautinni austur yfir heiði án þess að ríkið leggi fram fje, þá er það svo á vegi statt, að ekkert er við það eigandi. En jeg sje nokkuð af undirtektum hæstv. stjórnar, hvers vænta megi í þessu efni.

Björn Kristjánsson: Við hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) höfum leyft okkur að koma fram með 2 brtt. við frv. það, sem hjer liggur fyrir, og eru þær á þskj. 330. Með fyrri brtt. viljum við tryggja það, að sjerleyfishafi geti ekki fengið fje úr ríkissjóði til járnbrautarlagningarinnar fyr en hann er búinn að sýna það í verkinu, að hann hafi fje til að leggja brautina og að hún sje forsvaranlega lögð.

Ef t. d. sjerleyfishafi byrjar á því að leggja veg undir járnbrautina, getur það verið gert í því skyni að halda sjerleyfinu, þegar erfitt reyndist að afla fjár til fyrirtækisins og freisturinn til þess að afla þess hefði reynst of stuttur. Þá viljum við ekki, að ríkissjóður leggi fram neitt fje, og þessi brtt. miðar að því að tryggja það. Við leggjum því til, að ríkissjóðshlutinn til brautarinnar verði ekki borgaður út fyr en að nokkru leyti eftir á, að 1½ milj. kr. verði útborguð, þegar brautin er fullgerð austur að Ölfusá, og afgangurinn, ½ milj. kr., þegar brautin er fullgerð austur að Þjórsá. Fyrir fjelagið sjálft, ef það fær nauðsynlegt fje til umráða, munar það engu, hvort ríkissjóður leggur fram tillag sitt jafnóðum eða eins og till. fer fram á.

Þá er hin brtt. Það er alkunnugt, að þótt fjelag sje stofnað með nægu veltufje, þá getur svo farið, að fyrirtæki það, sem það hefir tekist á hendur að reka, verði að stöðvast og fjelagið svo eftir nokkur ár fari á höfuðið. Við flm. till. sjáum ekki í frv. neina tryggingu fyrir því, að fjelagið geti rekið járnbrautina áfram, ef svo færi, nje haldið henni við. En þá viljum við tryggja það, að brautin stöðvist ekki. Okkur finst, að nauðsynlegt sje að hafa járnbrautina að veði fyrir því, að leyfishafar undir öllum kringumstæðum verði að halda járnbrautarrekstrinum áfram og að halda brautinni við, enda þótt aðalfyrirtækið færi um koll.

Ef landið hefði veðrjett í brautinni, eins og till. fer fram á, þá mundu fjelagsmenn sennilega reyna í lengstu lög að halda járnbrautinni gangandi, eins og tilskilið var í upphafi. Og jeg teldi það mikið lán fyrir ríkissjóðinn að þurfa aldrei að reka hana, jafnvel þótt hún fengist fyrir ekki neitt, því að reynslan mun sýna, að það verður að reka járnbraut að vetrarlagi með reglubundnum áætlunarferðum. En ef landið hefði þessa veðtryggingu, myndu fjelagsmenn vilja halda rekstri brautarinnar áfram, svo að ríkissjóður gæti komist hjá að verða að reka brautina fyrir eiginn reikning.

Hinsvegar teldi jeg það hvalreka fyrir Ísland, ef leyfishafinn, í staðinn fyrir að leggja járnbraut, vildi leggja fram 2—3 milj. kr. í sterkan bifreiðaveg austur að Þjórsá. Mjer þykir leitt, að málið skuli liggja fyrir í þessu formi, en ekki í því formi, að við fengjum veg austur. Það hefði verið við okkar hæfi, enda þótt við hefðum þurft að halda þessum vegi við. En eflaust mundi leyfishafi vilja taka þátt í því viðhaldi í hlutfalli við það, sem hann notar veginn móts við aðra.

Sem dæmi upp á það, hvað kostar að halda úti járnbraut, þá vil jeg geta þess, að þegar jeg átti við þetta mál 1913, þá leitaði jeg upplýsinga um hjá norsku stjórninni, hvað fyrningarkostnaðurinn *einn* væri mikill. Stjórnin svaraði og sagði, að samkvæmt reynslu í Noregi væri hann 2% af

lagningarkostnaði brautanna. Af járnbraut, sem kostar 8—9 milj., mundi hann þá vera ekki minni en 180—200 þús. kr., sem er stór upphæð.

En nú er sá galli á, að enginn getur sagt um, hvaða atvinnumálaráðherra verður í þeim sessi, þegar sjerleyfið verður veitt. Það mundi því tæplega nægja, að minni deild þingsins geti þess í nál., að hún sje því ekki mótfallin, að ráðh. semji svo, sem brtt. fara fram á. Þess vegna þurfa þær helst að verða samþyktar, ef málið á að ganga fram.

Þegar allar gamlar og góðar reglur í stjórnarfari og öðru eru nú brotnar, eins og gerst hefir á síðari tímum, þá þýða loforðin lítið. Það er af sá tími, að menn geti treyst hver öðrum. Jeg er deigur að fela hæstv. atvrh. að framkvæma þetta mál, jafnvel þótt hann lofaði því að framkvæma það eins og þingið hefði lagt fyrir. A. m. k. er jeg hræddur um, að næsta stjórn mundi ekki virða loforð fyrri stjórnar, þó það hafi altaf verið venja. Þess vegna er nauðsynlegt, að brtt. verði samþyktar.

Hvað sjálfu málinu viðvíkur, þá er það svo margþætt og umfangsmikið, að það er engin von til þess, að þingnefnd, sem starfað hefir aðeins 1 viku að því, hafi getað rannsakað það til nokkurrar hlítar. Jeg teldi því ráðlegast, að málið væri rætt á tveim þingum áður en það yrði að lögum. Því væri frestað til næsta þings, en þá borið upp hjer í Ed., svo að hún fengi tíma til að rannsaka það í samráði við sjerfræðinga, t. d. raffræðinga. Það held jeg, að yrði heppilegast fyrir alla aðilja málsins.

Jeg fjölyrði svo ekki frekar um málið, en er sannfærður um, að þetta mál verður okkur ofjarl, hvort sem aðrir leggja brautina eða við sjálfir.

Jón Baldvinsson: Stríðið, sem stendur um þetta mál, er aðallega háð milli þeirra annarsvegar, sem að vísu vilja veita þetta sjerleyfi, en vilja búa svo um hnútana, að við verðum ekki dregnir á tálar með sjerleyfi, sem ekkert væri annað en pappírsgagn, svo að allar vonir okkar yrðu að engu — og hinna hinsvegar, sem eru bjartsýnir á allar fyrirætlanir þessa fjelags.

Það er skiljanlegt, að mikið sje um þetta mál rætt. Járnbraut austur í sýslur er áhugamál margra. Það má því kannske afsaka það, að þeir, sem líta á þetta fyrirtæki sem nauðsynlegt, vilji teygja sig sem lengst með það að veita þetta sjerleyfi. En það verða þá að vera einhver skynsamleg rök fyrir því, að það sje ekki alveg fyrirfram augljóst, að við verðum dregnir á tálar. Þingið vantar margar upplýsingar gagnvart þessu fjelagi, frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja kryfja málið til mergjar. Það er ekki hægt að ímynda sjer, að þetta fjelag ætli sjer að fara að vinna eitthvert góðverk okkur til handa, heldur vilji það hafa sjálft gróða af framkvæmdum sínum. En nú er það dregið mjög í efa, að fjelagið hafi nokkur peningaráð. Og málið liggur ekki það ljóst fyrir, að nokkuð sje fyrir hendi, sem afsanni þennan efa.

En eitt atriði hefir skýrst í umr. málsins. Það sýnist ekki vera upplýst, hvernig Titan hugsar sjer að starfa hjer á landi. Það er gert ráð fyrir að virkja Þjórsá. Til þess fara

26—30 milj. kr. Svo á að leiða raforkuna til Reykjavíkur. Það kostar um 11 milj. kr. Þetta er samtals um 40 milj. kr. Svo ná áætlanirnar ekki lengra. En þá er það eftir: Til hvers á að hagnýta orkuna? Og hvað kosta þær verksmiðjur, sem til þess þarf að reisa? Þetta getur maður gert sjer skiljanlegt, ef maður hugsaði sjer, að maður nokkur hefði fyrir 30 árum hugsað sjer að reisa rafstöð við Elliðaárnar og hefði hugsað eitthvað á þessa leið: Jeg ætla að nota rafmagnið til einhvers. — Þannig er það með Titan. Fjelagið ætlar að leggja leiðslu til Skerjafjarðar, þar á „kaballinn" að liggja út í sjóinn! Það liggja engar skýrslur fyrir um það, að fjelagið ætli sjer að gera neitt meira. En til þess þyrfti auðvitað mikla peninga. Og nú er sagt, að sá maður, sem er kunnugastur þessum málum allra manna, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, hafi litið svo á, að Titan vantaði tugi miljóna til þess að geta hagnýtt sjer orkuna, vantaði 50 milj. kr. til þess að byggja verksmiðjur til hagnýtingar orkunni. Hún verður auðvitað alt of mikil til þess að nota eingöngu til heimilisþarfa eða einhvers smáiðnaðar. Væri aðeins um það að ræða, væru engin vandræði að samþ. þetta sjerleyfi, því mjög gott væri að geta selt almenningi ódýra orku. Hún er nauðsynjavara, sem altaf gengur út, alveg eins og sykur og brauð.

Það vantar allar lýsingar á því, hvað eigi að gera við alt rafmagnið; engin áætlun er til um það, hve mikið fje þurfi. Og þó fjelagið hefði ekki gert fyrirfram neina fullnaðaráætlun, þá gat það þó gert sjer einhverja hugmynd um það, að eitthvert fje mundi það þurfa að hafa undir höndum. Fjelagið vantar minst 50 milj. kr. til að koma fyrirætlunum sínum í framkvæmd, fyrir utan það, sem ræðir um í skjölum þeim, er fyrir liggja. Það sjer hver maður, sem lesið hefir þær litlu upplýsingar, sem til eru. Og þá er eftir að vita, hvort það eiga að vera norskar eða íslenskar krónur. Við megum ekki láta þetta mál svo frá okkur fara, að við vitum svona lítið um fyrirætlanir fjelagsins. Það væri sök sjer, ef Titan væri svo fjársterkt, að það hefði enga þýðingu fyrir fjelagið, hvort það legði fram 50 milj. kr. meira eða minna. En fjelagið er illa statt, reiknað eftir því verði, sem hlutabrjef þess eru í.

Það eru engar líkur til þess, að fjelagið geti útvegað þetta „kapital", 50—100 milj. kr., á Norðurlöndum. Erfiðleikar eru þar miklir og bankarnir í fjárhagsvandræðum. Fjelagið verður því að selja sjerleyfið, annaðhvort endurskapa fjelagið Titan eða þá selja sjerleyfið einhverju öðru fjelagi.

En þetta er ekki nema gamla sagan. Einhver er svo duglegur að ná sjer í sjerleyfi, kemur því síðan á pappíra og selur hverjum, sem hafa vill. Jeg man, að jeg undraðist eitt sinn, er sjerleyfi hafði verið veitt af Alþingi og forgöngumennirnir lögðu ákaflega mikinn kostnað í að búa til hlutabrjef, er þeir ætluðu að selja. En þeir sögðu, kannske hálft í hvoru í gamni, að þeir yrðu að gera hlutabrjefin sem fallegust að útliti, svo þau litu út eins og þau væru í raun og veru mjög verðmæt.

Í þessu sambandi er mjög ískyggilegt, hve lítið traust menn bera til fjelagsins, að því takist að útvega fje

til fyrirtækisins. Það er því full ástæða til að gruna, að farið verði hina leiðina, að braska með sjerleyfið, er það er fengið. Það er ekki nema reynsla liðna tímans, því miður.

Það er kannske ekki til neins að ræða um frekari tryggingar en fram eru komnar til umræðu. En mjer finst dálítið slæmt fyrir framgang þessa máls, hve dauflega er tekið í að setja tryggingar fyrir framkvæmd sjerleyfisins. Í hlutfalli við þá fjárupphæð, sem í sjerleyfið þarf að leggja, eru þær tryggingarupphæðir sáralitlar, sem farið hefir verið fram á. Hvað eru 100—200 þús. kr. í samanburði við 100 miljónir? Þessi tregða á tryggingum gefur illan grun um, að fjelagið verði ekki eins örugt, er til framkvæmda kemur, og af er látið.

Sumir fylgja þessu máli, þótt þeir ekki treysti Titan til fulls, af því að þeir telja þó líkur til, að járnbrautin fáist að minsta kosti. En það er aðeins fánýt von. Jeg get ekki hugsað mjer, ef farið væri á annað borð að endurreisa fjelagið, að það fengi einu sinni nægilegt fje til að byggja járnbrautina, eftir því sem í pottinn er búið.

Tryggingartillögur hv. 1. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) eru góðar, en heldur hefði jeg kosið, að atvrh. veitti ekki sjerleyfið fyr en fjelagið gæti lagt fram alla peningana í járnbrautina. Hví ekki að taka það fram í frv.? Hæstv. atvrh. sagðist að vísu ekki mundu veita leyfið fyr en svo væri komið, að fjelagið hefði handbært fje til þess, þótt ekki væri meira. En í seinni ræðu sinni dró hann úr og kvað erfitt fyrir fjelagið að liggja með svo mikið fje.

Nú samþykkir þingið heimild til sjerleyfisveitingarinnar. Stjórn fjelagsins Titans veit, að hún á kost á því að fá leyfið með því skilyrði að leggja fje til járnbrautarinnar. Þá fara þeir háu herrar á stúfana að útvega peningana. Takist þeim það, er þessu skilyrði fullnægt. Takist þeim það ekki, eiga þeir ekki skilið að fá sjerleyfið. Mjer finst það mjög rjettmætt og vel forsvaranlegt skilyrði, þetta, að þeir ættu að hafa til reiðu þessar 7 milj. kr., sem þarf til járnbrautarinnar austur að Þjórsá. Með því sýndu þeir, að fjelaginu væri full alvara og einhvers megnugt. Hin leiðin, að veita sjerleyfið tryggingalaust, er að sleppa öllum tökum á fjelaginu. Við getum þá ekki lengur haft hendur í hári þess. Það er nú einu sinni búið að komast yfir sjerleyfið og er síðan laust allra mála, getur gert sjer mat úr því á hvern þann hátt, er því sýnist.

Jeg mundi fúslega vilja samþykkja frv., ef jeg hefði tryggingu fyrir því, að við fengjum virkilega járnbraut. En samkvæmt reynslu undanfarinna ára þori jeg blátt áfram ekki að samþykkja það, ef ekki koma frekari tryggingar um þetta.

Jeg hefi gert eina litla brtt. við frv., á þá leið, að tekið verði fram í sjerleyfinu, að ekki megi flytja inn erlenda verkamenn nema með samþykki Alþýðusambands Íslands. Með því er trygt, að erlent vinnuafl verði ekki flutt inn að óþörfu. Annars gæti vel farið svo, að ákvæði um þetta yrðu svo rúm, að innflutningur verkalýðs yrði þjóðinni til óþurftar og skaða. En með þessu móti álít jeg enga hættu á, að veitt verði leyfi til slíks innflutn-

ings, nema óhjákvæmilegt væri, og jeg álít það sje öruggara að taka það ríkt fram í sjálfu sjerleyfinu.

Til vara hefi jeg komið með þá till., að í sjerleyfinu skuli ákveðið, að sjerleyfishafi megi ekki flytja inn verkamenn erlenda, ef hægt er að fá nægan vinnukraft innanlands. Það er sú minsta trygging, sem komið getur til mála að setja í sjerleyfið fyrir því, að verkafólk í landinu sjálfu þurfi ekki að ganga atvinnulaust á sama tíma og fluttur er inn erlendur vinnukraftur.

Það lítur svo út, sem hv. samgmn. hafi orðið mikið til sammála um þetta frv., að minsta kosti að greiða fyrir því til 3. umr.

Jeg get gengið inn á það með háttv. frsm., að þetta sje stórmál. En hitt get jeg ekki fallist á, að óþarfi sje að gagnrýna það. Það er líka svo gott til að vita, að tregða sú, er það mætir, er ekki af andúð sprottin, heldur af skynsamlegri varfærni, að gleypa ekki athugalaust járnbrautarfluguna, sem höfð er til ginningar á þessum sjerleyfisöngli. Jeg fæ ekki sjeð, að við sjeum nokkra vitund betur settir eða feti nær járnbraut austur yfir fjall, þótt þetta frv. verði samþykt, ef það er gert án trygginga. Það er ekki fyrir mjer af neinni andúð; jeg vildi feginn geta samþykt það, og mundi gera það, ef jeg þættist viss um, að nokkuð yrði úr framkvæmdum. En þegar engum líkum í þá átt er að heilsa og öll svörin greiða ekki úr spurningunum, og þegar upplýsingar af hálfu aðilja ná aðeins til helmings þeirra verkefna, er fjelagið hefir sett sjer fyrir hendur að starfa að, þá er ekki nema eðlilegt, að menn vilji, að farið sje varlega. Sem sagt vænti jeg þess, að hægt verði að fá ítarlegri upplýsingar hjá hæstv. stjórn og forgöngumönnum þessa máls, en ekki alt á huldu, eins og verið hefir hingað til. Mitt atkvæði fer alveg eftir því, hvort ítarlegar og glöggar upplýsingar koma fram um málið og skýr svör við spurningunum: Hvernig stendur á því, að fjelagið upplýsir ekki það atriði, til hvers eigi að hagnýta vatnsorkuna? Hversu miklu fje á að verja til þess? Það hlýtur fjelagið að hafa hugsað. Það getur ekki gengið blindandi að verki sem þessu. Meðan alt þetta er óvíst, er jeg hálfmyrkfælinn við frv.

Vitanlega er samningafulltrúi sjerleyfishafa svo nærgöngull sem framast er unt. Hann er norskur lögmaður og þaulvanur og slyngur samningamaður og segir fyrir hönd fjelagsins: Við göngum ekki að þessu eða hinu. En ef við viljum tryggja okkar hagsmuni, verðum við að segja: Gangið að þessu eða frá. Við eigum að berja í borðið og gera þeim tvo kosti. Þá kunna að renna á þá tvær grímur, ef þeim annars er nokkur alvara með járnbrautina og virkjunina. Raunar er ekkert aðalatriði fyrir Titan að leggja járnbraut austur, — eða svo hefir mjer skilist. Þeir gætu ef til vill virkjað Þjórsá án járnbrautar og flutt efni og vjelar austur þangað eftir vegunum. En mjer hefir skilist, að hæstv. atvrh. hafi komið því atriði inn í samningana og gert að skilyrði. Og það er, að mjer finst, sjálfsagt að vera virkilega strangur með, að því skilyrði sje fullnægt, að járnbrautin komi. Vitanlega er þeim það ekki neitt

áhugamál, nema að því leyti, sem virkjunina snertir.

Ef frv. verður samþykt eins og það er nú, höfum við enga trygging fyrir, að ekki fari sem um þau sjerleyfi önnur, er veitt hafa verið af hálfu ríkisins. En það kynni að verða til tafar járnbrautarmálinu. Það stendur svo á, að járnbrautarlagningin á að byrja ekki síðar en 1. maí 1929. Það er athugandi, að það er sennilega um sama leyti og þing lýkur störfum sínum það ár. Jeg er viss um, að ekki verður gengið hart að fjelaginu, þótt ekki verði verkið hafið þá. Það lofar öllu fögru um efndir á næsta ári. Og þannig getur það dregið okkur á asnaeyrunum um nokkur ár — og hver veit hvað? Það segist altaf eiga von á peningum, og við dokum við, af því að við erum nú einu sinni flæktir í þessu sjerleyfisneti. En slík 2—3 ára töf, þótt ekki sje lengri, getur verið háskaleg járnbrautarmálinu. — Jeg hefi rifjað upp spurningarnar þessu máli viðkomandi og beint þeim til hæstv. stjórnar, í þeirri von, að hún gefi nú skýrari svör en áður. Ef hún gerir það ekki, er trúlegt, að jeg geti ekki fylgt því, svo losaralega sem um alla hnúta er búið. Það er samskonar meðferð og á öðrum sjerleyfum, sem orðið hafa okkur til minkunar; við höfum staðið eftir eins og glópar með tvær hendur tómar. Og ekki er við að búast, að betur fari nú ef við högum okkur ekki eftir reynslunni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal byrja með að þakka háttv. samgmn. afgreiðslu og meðferð þessa máls. Hún hefir verið fljót í verkum, og eftir atvikum er jeg ánægður með gerðir hv. nefndar, þótt jeg sje nokkrum hluta hennar ósamþykkur að sumu leyti.

Út af orðum hv. frsm. (MK) hefi jeg ekkert að segja nema þakka góðan stuðning. En út af ræðu háttv. 1. landsk. (JJ) þarf jeg að gera aths. í sambandi við brtt. hans. En með því að hann er ekki við í deildinni nú sem stendur, get jeg byrjað á háttv. 5. landsk. (JBald) og svarað honum fyrst. Hann flytur brtt. og tilheyrandi varatill. Brtt. þessa sama efnis kom fram í hv. Nd., en var feld þar og hafði lítið fylgi. Jeg get því þegar af þeirri ástæðu ekki verið með þessari brtt. fyrir mitt leyti. En auk þess er hjer ekki um óhlutdrægan aðilja að ræða, þar sem er Alþýðusamband Íslands; það veldur því, að brtt. er með öllu óaðgengileg. Um varatill. er það að segja, að hún er á engan hátt aðgengileg heldur.

Jeg þykist vita, að hv. flm. sjái, þó að hann vilji kannske ekki viðurkenna það, að það er alt annað en aðgengilegt fyrir sjerleyfishafa að mega ekki flytja inn erlenda verkamenn meðan nokkur maður fæst hjer. Það má sem sje altaf segja, að hægt sje að fá menn, bara ef goldið er nógu hátt kaup. Frá mínu sjónarmiði er það langt frá því að vera eftirsóknarvert. Þótt hv. 5. landsk. vilji aðeins taka tillit til hagsmuna verkamanna og loka augunum fyrir öllu öðru, þá getum við, sem viljum taka tillit til allra stjetta, ekki gengið framhjá viðhorfi atvinnurekenda, t. d. bænda. Verður ekki sjeð nein sanngirni í því, að mjög margir verkamenn verði teknir úr þeirra þjónustu, af því að sjer-

leyfishafi neyddist til að draga að sjer verkafólk hjerlendis - fyrir ofurkaup vegna settra ákvæða. Sama máli er að gegna um hinn aðalatvinnuveginn, sjávarútveginn. Jeg veit, að háttv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að báðar till. eru gersamlega óaðgengilegar. Ef hann álítur æskilegt að fá fyrirtækið framkvæmt, eins og mjer skildist á ræðu hans, þá er heimskulegt og vitlaust að setja þau skilyrði, er fæli þann frá, er sjerleyfið á að fá.

Jeg álít, að um þetta atriði sjeu nægileg ákvæði í frv. Og auk þess fellur þetta undir önnur lög, sem samþykt voru nú á þinginu, um rjett útlendinga til atvinnu hjer á landi.

Vitanlega er engin ástæða til að setja nein sjerstök ákvæði um afstöðu þessa fyrirtækis til innflutnings útlendinga. Þar um gilda náttúrlega þau almennu lög.

Um brtt. hefi jeg þá ekki meira að segja. En út af ræðu hv. 5. landsk. að öðru leyti verð jeg að láta fáein orð falla.

Hv. 5. landsk. spurði, hvað ætti að gera við aflið. Um það stæði ekkert í sjerleyfinu. Gert væri aðeins ráð fyrir að afla orkunnar og leiða hana alla leið suður að Skerjafirði, en þar endaði spottinn, eins og hv. þm. komst, að honum víst fanst, hnyttilega að orði. Jeg veit ekki, hvort hann álítur alla þá, er að þessu máli standa, fávita eða hvað. Menn með öllum mjalla leika sjer ekki að því að leggja fram 40—50 milj. kr. til þess að veita raforku langan veg og síðan út í sjó. Það gerir enginn maður óvitlaus „upp á sport".

En svo slept sje öllu gamni, þá byggjast spurningar hv. þm. á misskilningi, þeim misskilningi, að hann heldur, að fjelagið ætli sjer að byggja út allan fossinn í einu. En það er ekki tilgangur þess, heldur er meiningin að færa sig smátt og smátt upp á skaftið, eftir því sem tilefni gefst til að notfæra orkuna.

Í Reykjavík eykst raforkuþörf til iðnaðar, þótt dýr sje, um helming árlega. En tilgangur fjelagsins er að selja slíkum iðnaðarfyrirtækjum hjer orkuna og ef til vill einnig stofna sjálft til iðnaðarfyrirtækja, til þess að skapa markað fyrir vatnsorkuna, ef vænlegt þykir. Þetta vona jeg, að hv. þm. láti sjer nægja. Þá áleit hv. þm., að það væri eitthvað braskkent við það, að fjelagið ætlaði að selja hlutabrjef í fyrirtækinu; en jeg sje ekki, að það þurfi að vera. Jeg skal athuga það nánar, þegar jeg svara háttv. 1. landsk. (JJ). Hann áleit, að tryggingar yrði að setja fyrir því, að eitthvað yrði gert, og áleit, að eignir fjelagsins væru ekki nema eins og 5 aurar í samanburði við það fjármagn, sem þyrfti til framkvæmdanna. Það fer auðvitað eftir því, hvað hægt er að meta vatnsrjettindi fjelagsins, en þau hljóta að vera mikils virði — í allri Þjórsá.

Hv. þm. sagði, að það væri óforsvaranlegt að veita leyfið fyr en fje væri fyrir hendi. En jeg held, að það væri alveg órjettmætt að veita ekki leyfið ef fjelagið hefði til umráða eða góða von um t. d. 4—5 miljónir, og það gæti sýnt fram á, að líkur væru á, að það gæti fengið mismuninn.

Þá óskaði hv. þm. ýmsra upplýsinga frá mjer, sem hann virtist ætla

að láta sína afstöðu til málsins byggjast á. Jeg skil nú ekki í því, að hv. þm. haldi, að jeg hafi legið á upplýsingum alt þingið. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi fylgst með gangi málsins í hv. Nd. og viti, hvaða upplýsingar jeg hefi gefið þar. Jeg veit því, að í raun og veru ætlast hann ekki til nýrra upplýsinga frá mjer nú. Þá talaði hann um, að það mundi hafa verið slunginn samningamaður, sem við mig hefði samið. Hjer er hv. þm. að tala um hluti, sem hann veit ekkert um, en því neita jeg ekki, að samningamennirnir hafi verið vel til síns starfs fallnir, en ef í þessum orðum hv. þm. á að liggja einhver aðdróttun til mín, um að samningarnir hafi af minni hálfu tekist illa, þá vil jeg benda á, að í hv. Nd. komu fram raddir um það, að jeg hefði verið of harður í samningunum í garð fjelagsins. Jeg sje ekki, hvað gott við getum haft af því að vera að setja skilyrði, sem við vitum fyrirfram, að ekki yrði gengið að. Það yrði til þess, að altaf yrði að vera að slaka til, og gæti þá dregist lengi, að nokkuð yrði gert í þessum efnum.

Háttv. 5. landsk. tók það rjettilega fram, að það er hægt að koma vjelum og þess háttar austur án járnbrautar og það er enginn vafi á því, að fjelagið telur það stóran óhag fyrir sig að þurfa að leggja brautina.

Og þó að það sje rjett, að jeg hafi fengið fjelagið til þess að ganga að því að leggja járnbraut, þá er það engin bót fyrir minn málstað, að jeg hefði sett svo ströng skilyrði, að ekki væri hægt að ganga að þeim. Hv. þm. hjelt því ennfremur fram, að engin trygging væri sett fyrir því, að verkinu yrði lokið á tilsettum tíma, og að fjelagið mundi fá frest. En hann hlýtur að hafa tekið eftir því, að ef verkinu er ekki lokið á rjettum tíma, þá missir fjelagið rjett sinn, samkvæmt ákvæðum frv. Og hvað það snertir, að sjerleyfishafar muni fá frest, þá hefir háttv. þm. enga ástæðu til að halda slíku fram nú. Það fer alt eftir því, hvort það á þeim tíma verður álitið hyggilegt eða ekki. Um það getum við að svo stöddu engu spáð. Hv. þm. mintist á eldri sjerleyfi og hjelt því fram, að við hefðum verið „margsviknir“ á þeim. En jeg man ekki til, að gerð hafi verið nokkur sjerleyfislög, þar sem hluthafar hafi verið skyldaðir til að taka sjerleyfi, og annars er ekki hægt að tala um svik, þótt ekkert verði úr.

Þá kem jeg að hv. 1. landsk. (JJ), og skal jeg taka hans brtt. eftir röð. Fyrsta brtt. hans er um það, að fjelagið eigi að setja að veði allar eignir sínar hjer á landi, til tryggingar því, að það fullnægi skilyrðum 10. gr. — Um þessar tryggingar, sem verið er að tala um bæði hjer og í hv. Nd., vil jeg segja það, að jeg get ekki sjeð, hvaða sanngirniskröfu við eigum á slíku. Það er ekki nema eðlilegt, að slíkt skilyrði sje sett, þegar maður getur búist við því að verða fyrir einhverjum skaða. En svo er ekki hjer. Jeg vil í þessu sambandi undirstrika það, sem hv. 1. þm. G.-K. (BK) sagði í fyrra um Dynjandaleyfið. Hann segir þar svo: „Jeg ætla aðeins að minnast á, í hvaða tilfellum verður að teljast nauðsynlegt að heimta veð. Það er aðeins þegar svo stendur á, að búast má

við, að landið tapi, ef fyrirtækið kemst ekki á fót — —". Þetta er alveg rjett hugsun, — því að fyrir hvað eigum við að fá borgun? Biðum við nokkurn skaða? Ekki höfum við fje til þess að leggja járnbraut eins og stendur, hvort sem er. Það má kannske telja það skaða, að við höfum látið prenta þskj. í þessu máli og haft umr. um það. Það er helsti kostnaðurinn. Nei, það á ekki að veita sjerleyfi nema ástæður þyki til, og þá tryggingarlaust. Þegar þessir menn þurfa að útvega fje til fyrirtækisins, verða þeir að geta sýnt skilmálana, og fer þá eftir því, hve aðgengilegir þeir eru, hvort menn fást til að leggja fram nokkurt fje. Sá, sem skrifar sig fyrir hlut í fyrirtækinu, getur ekki vitað, hve mikið aðrir vilja leggja fram, og komi svo á daginn, að svo lítið fje fáist, mega þeir, sem fyrstir lofuðu fje, búast við, að það, sem þeir lögðu fram, verði tekið til greiðslu á tryggingarfjenu. Afleiðingin gæti því orðið sú, að enginn þyrði að byrja. Jeg verð því að leggjast á móti fyrstu brtt. frá hv. 1. landsk., enda kom svipuð till. fram í hv. Nd. og var feld þar.

Því hefir verið haldið fram, að vatnsrjettindi fjelagsins væru lítils virði. Það getur nú verið álitamál. Fjelagið er búið að eyða miklu í rannsóknir og mælingar, og skýrslurnar um þessar rannsóknir eru mikils virði, auk þess sem vatnsaflið sjálft hlýtur að vera mikils virði. Ef við viljum semja á þeim grundvelli, að eitthvað eigi að verða úr framkvæmdum, þá megum við ekki setja fleyga í málið, sem sjáanlega geta orðið til spillis.

2. brtt. hv. þm. er um það, að ekki megi framselja sjerleyfið nema með samþykki Alþingis. Í frv. stjórnarinnar er ætlast til, að til stjórnarinnar sje að sækja um þetta. Munurinn á því, hvort Alþingi eða stjórnin framkvæmir þetta, sýnist mjer aðallega vera sá, að það gæti valdið allmiklum drætti, alt að ári, ef Alþingi á að gera það, og það gæti haft mikið að segja fyrir járnbrautarlagninguna. Úr því að við erum hjer að setja skilyrði fyrir Titan og sömu skilyrði eiga að gilda um aðra, þá sje jeg ekki ástæðu til að setja strangari ákvæði en svo, að heimta samþykki stjórnarinnar til þessa.

Um 3. brtt. hv. þm. vil jeg segja það, að jeg gæti vel gengið inn á fyrri setninguna í henni. En það, sem í henni felst, er fulteins vel framsett hjá hv. 1. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Eyf., og sje jeg því ekki, að hún komi til álita, enda lýsti hv. þm. því yfir, að hann væri fús til að taka hana aftur og koma með brtt. við síðari umr. málsins.

Síðari hluti till. er um það, að ríkissjóður taki ekki á neinn hátt ábyrgð á skuldbindingum sjerleyfishafa. Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. getur ímyndað sjer, að slíkt geti komið til mála. (**JJ**: Jeg kom með dæmi frá Noregi). Það hefir aldrei komið fyrir, að norska ríkið hafi þurft að bera ábyrgð á skuldbindingum einkafjelaga. (**JJ**: Það hafa verið gerðar slíkar kröfur). Já, — en hvað varð um þær kröfur? Þær urðu auðvitað að engu. Mjer finst það óviðeigandi að vera að tala um skuldbindingar, sem auðvitað eru okkur óviðkomandi, og svo getur það orðið til þess að vekja tortryggni þeirra manna, sem fjelagið þarf að fá peninga hjá. Jeg get ekki

sjeð, að annað sje unnið við að samþ. svona till., því að það sjer hver einasti maður, sem eitthvað þekkir til fjármála, að það getur ekki átt sjer neinn stað, að við verðum á nokkurn hátt bundnir af skuldbindingum fjelagsins vegna frv. eins og það er. Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara hv. 1. landsk. Hann var að tala um eignir fjelagsins og var með fyrirspurn til mín um þær. Jeg hefi enga heimild til þess að telja hjer upp eignir þess eða gefa neina efnahagsskýrslu. En á það dreg jeg enga dul, að jeg veit, að fjelagið getur ekki lagt mikið fje fram sjálft, og það ætlar að útvega sjer fje hjá öðrum. (**JJ**: Eða framselja leyfið). Já, getur komið til mála, en aðallega mun tilætlunin vera að selja hlutabrjef í fyrirtækinu.

Hv. þm. spurði ennfremur, hvort h/f Titan væri samningshæft, og átti víst að skilja það svo, hvort við gerðum okkur ekki minkun með því að semja við það. (**JJ**: Jeg svara síðar). Jeg get ekki betur sjeð en að fjelagið sje í þeim skilningi fullkomlega samningshæft, því að það er kunnugt, að það eru bæði heiðarlegir og duglegir menn, sem að því standa. Hvað það snertir, að þetta sje ekki ríkt fjelag, þá á það þó vatnsrjettindin í allri Þjórsá, og þau hljóta að vera mikils virði, sjerstaklega þegar á það er litið, hve miklu hefir verið kostað til rannsókna á vatnsaflinu. Hv. þm. viðurkendi, að ástæðan til að veita leyfið væri járnbrautin. Þetta er alveg rjett. Þá mintist hv. þm. á sjerleyfi, sem þingið hefði áður gefið. Jeg veit ekki til, að gefið hafi verið út mikið af ónotuðum sjerleyfum, en það hafa verið gefin út sjerleyfis**lög**. Hv. þm. fór mjög hörðum orðum um Dynjandasjerleyfið í fyrra og sagði, að það hefði verið alveg óforsvaranlegt. Jeg verð að segja, að mjer komu á óvart þessi ummæli hv. þm., því að í umr. í fyrra um það mál opnaði hann ekki sinn munn til andmæla. (**JJ**: Jeg greiddi atkv. á móti). Það er jeg hræddur um, að sje ekki rjett hjá hv. þm., að minsta kosti er þá ekki rjett bókað í Alþt., því að þar stendur, að frv. hafi verið samþ. með 10 shlj. atkv., svo að jeg get ekki sjeð, að hv. þm. skýri rjett frá.

Það kemur einkennilega fyrir að koma nú fram með þetta. Ef hv. þm. hefir litið svo á í fyrra, að leyfið væri óforsvaranlegt, þá var það skylda hans sem þm. að koma fram með andmæli. Nú er hægt að sýna fram á, að þetta sjerleyfi er mun betra fyrir landið en Dynjandaleyfið. Munurinn er a. m. k. um 5 milj. kr. Það er járnbrautarverðið, að frádregnum þeim 2 milj., sem ríkið á að leggja fram, og svo munurinn á árgjaldinu fyrir hestorku rafmagns. Nú er gaman að sjá, hve samkvæmur hann er sjálfum sjer. Í fyrra hreyfði hann engum andmælum, en nú er hann fullur getsaka í máli, sem hægt er að sýna fram á, að er a. m. k. 5 milj. kr. hagstæðara fyrir landið.

Hv. þm. upplýsti, að í Noregi hefðu verið gefin sjerleyfi, sem hefðu lent í „svindilbraski“, eins og hann orðaði það. Það má vera, að þetta sje rjett, en jeg hefi þó ekki heyrt þess getið, að norska ríkið hefði mist álit við það eða hlotið neina vansæmd af því.

Annars mátti skilja það á ræðu hv. þm., að hann væri ráðinn í því að samþ. frv., því að hann sagði, að það

væri gott að fá þetta sjerleyfi, ef eitthvað yrði gert, og sömuleiðis ef ekkert yrði úr framkvæmdum, því að þá mundi þingið ekki veita fleiri sjerleyfi í bráð. Af þessu skilst mjer, að það sje alveg sjálfsagt fyrir háttv. þm. að greiða atkv. með frv.

Jeg er ekki sömu skoðunar og hv. 1. þm. G.-K. (BK) um þetta mál, án þess jeg vilji þó gera lítið úr hans skoðun. Jeg viðurkenni, að þetta er óreynt mál. En jeg sting upp á því til samkomulags við hann og hv. meðflm. hans, hvort þeir vilja ekki falla frá brtt. sínum, gegn því loforði, að þær verði teknar orðrjett upp í sjerleyfið. Hv. flm. brtt. (BK) vjek að þessu, en mjer skildist hann vera tregur til þess af því að ekki yrði vitað fyrirfram, hvaða stjórn gæfi sjerleyfið út. Jeg sje ekki, að það skifti neinu máli. Sú stjórn, sem gefur sjerleyfið út, verður að kynna sjer umr. um málið og alt, sem fram hefir farið því viðvíkjandi, og þá einnig þetta atriði. Jeg vildi því frekar mælast til, að háttv. flm. vildu ganga inn á þessa miðlunarleið, þar sem ekki verður sjeð, að hún geti á nokkurn hátt orðið hættuleg þeirra málstað. Viðvíkjandi fyrri brtt. var svo um talað milli mín og sjerleyfisbeiðanda, að það yrði að vera sjerleyfisatriði, hvenær þessar 2 milj. skyldu greiddar. Jeg er viss um, að þeir geta ekkert haft á móti þessum ákvæðum. Síðari brtt. tel jeg einnig rjettmæta og er fús til að lýsa yfir því, að hún skuli tekin upp í sjerleyfið á sínum tíma.

Björn Kristjánsson: Jeg get lýst því yfir, að jeg sætti mig við þessa skýlausu yfirlýsingu hæstv. atvrh. (MG) og vil eiga það á hættu, að sú stjórn, sem gefur út þetta sjerleyfi, virði þessi orð hans og taki þau ákvæði, sem hjer er um að ræða, upp í samninga-na.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Það er í raun og veru ástæðulítið fyrir mig að taka til máls, því að í þeim umr., sem hjer hafa farið fram síðan fundur var settur að nýju, hefir raunar ekki neitt komið fram, sem haft geti úrslitaáhrif á málið. Jeg held það sje að mestu leyti af óþarfa varfærni, sem menn hafa haldið því hjer fram, að ýmsar frekari öryggisráðstafanir þyrfti að setja en í því frv. eru, sem nú liggur fyrir. Jeg er mjög ánægður yfir því, að hv. meðnefndarmenn mínir, sem rituðu undir nál. með fyrirvara, vilja nú sættast á málið, því að hjer er einmitt farin sú leið, sem jeg hjelt fram í nefndinni, að væri sú hyggilegasta. Jeg álít engan ávinning í því að stofna til þess með lítilfjörlegum brtt., að málið þurfi að hrekjast á milli deilda.

Jeg veit varla, hvort ástæða er til þess að taka til meðferðar lið fyrir lið brtt. þeirra hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk., þótt jeg hinsvegar efist ekki um, að þeir muni ekki telja eftir sjer að leiðrjetta og svara, ef órjett kynni að verða með eitthvað farið.

Hv. 1. landsk. lagði mesta áherslu á sjálfstæðishlið málsins, eins og rjett var. Jeg er honum alveg sammála í því efni. En jeg sje ekki, að hjer sje á nokkurn hátt verið að stofna sjálfstæði landsins í voða. Hjer er aðeins um samning að ræða. Og þó að gerður sje samningur við mann eða fjelag, getur það ekki haft neina hættu í för

með sjer, nema eitthvert varhugavert ákvæði sje sett í samninginn. En í þessu tilfelli er ekki um neitt slíkt að ræða. — Þá sagði hv. þm., að ekki væri um neina tryggingu að ræða frá fjelagsins hálfu. Jeg lít svo á, að ef við getum fengið þessar miljónir, sem fjelagið á að leggja fram, þá megi í raun og veru skoða þær sem fundna peninga. Því tel jeg sjálfsagt að gera þessa tilraun, engu að síður þótt einhver efi kynni að leika á því, að fjelagið gæti leyst verkið af hendi. Jeg óska einskis framar en að þetta áhugamál mitt nái fram að ganga sem fyrst, því að bið í þessu efni álít jeg okkur aðeins til tjóns. Um framlengingu sjerleyfisins þarf jeg í raun og veru ekkert að segja, því hæstv. atvrh. hefir gert ítarlega grein fyrir því atriði. Jeg fæ ekki sjeð, að í því geti legið nein veruleg hætta, því að jeg teldi beinlínis æskilegt, ef þetta fjelag reyndist ekki megnugt þess að framkvæma verkið, að annað fjelag sterkara gengi inn í samningana, því að vitanlega yrði það að sæta sömu kjörum og þetta fjelag.

Þá er enn eitt atriði, sem of mikið hefir verið gert úr, sem sje það, að í því liggi einhver sjerstök vansæmd að veita sjerleyfi, sem svo eru ekki notuð. Jeg neita þessu algerlega. Ef til eru í þessu landi einhver skilyrði til þess, að hægt sje að framleiða verðmæti úr skauti náttúrunnar, en við ekki megnugir þess að nota þá möguleika, þá tel jeg alveg sjálfsagt að sæta hverju færi, sem býðst, að tilraun sje gerð í því efni. Jeg sje ekki, að það geti verið vansæmandi á nokkurn hátt, þó veitt hafi verið t. d. leyfi til saltvinslu eða til þess að virkja Dynjanda. Jeg hefi ekki orðið þess var, að landið hafi beðið neitt tjón eða neina smán af þeim sjerleyfum. Ef óskir um fleiri sjerleyfi kæmu fram, teldi jeg sjálfsagt að taka þær til alvarlegrar íhugunar. Aðalhersluna verður að leggja á það, að samningar í hverju einstöku tilfelli tryggi sem best rjett ríkisins. Það hefir verið gert hingað til, og jeg geri mjer von um, að það verði gert framvegis. Reynsla okkar af útlendum fjelögum hjer sannar, að það eru jafnan þau, sem undir verða í viðskiftunum. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að öll fyrirtæki, sem hjer hafa verið stofnuð og rekin með útlendu fjármagni, hafi orðið eign innlendra manna, og þannig hefir mikið fje komið inn í landið. Jeg er viss um, að svo fer enn í þessu tilfelli.

Jeg skil ekki, hvernig menn geta farið að halda því fram, að það sje svo afarhættulegt að veita þetta leyfi, af því ekki sje víst, að fjelagið hafi bolmagn til þess að láta verða úr framkvæmdum. Hjer er þó aðeins um tveggja ára tímabil að ræða, og allir eru sammála um, að ríkið muni ekki geta sjálft byrjað á neinum framkvæmdum á þeim tíma, svo að ekki verður sjeð, að neinu sje spilt. Um fossavirkjunina er það líka ákveðið, að fjelagið verði að vera byrjað á framkvæmdum ekki síðar en 1934, að viðlögðum rjettindamissi, svo að jeg sje ekki ástæðu til að óttast neitt í þessu falli.

Háttv. 5. landsk. sagði, að hann yrði fyrir sitt leyti að krefjast þess, að hægt væri að færa fram skynsamleg rök fyrir því, að fjelagið gæti fram-

kvæmt verkið. Jeg held nú, að þetta hafi verið sagt í gamni, því að til þess hægt væri að færa fram slík rök, þyrfti fjelagið að vera búið að safna öllu hlutafjenu.

Jeg gæti nú raunar sparað mjer að fara lengra út í þetta með því að bera upp þá spurningu fyrir þessum háttvirtu herrum, sem hafa svo margt við frv. að athuga, hvað þeir eiginlega *vilji* í málinu. Þeir eru ekki ennþá búnir að láta það fullkomlega uppi. Mjer finst framkoma þeirra hálfgerður leikaraskapur, því að það er ekki hægt að vera nema annaðhvort með málinu eða móti því. Mjer þætti gott, ef þeim þóknaðist að gera dálítið ljósari grein fyrir afstöðu sinni. Mjer virtist nálega öll ræða hv. 5. landsk. gefa í skyn, að hann áliti, að allur vinningur við framkvæmd málsins væri fjelagsins megin, og hvað þröng skilyrði, sem sett væru, mundi fjelagið sjá sinn hag í að ganga að þeim öllum. En þetta er mesti misskilningur, því að hagsmunavonin er langtum meiri á okkar hlið, aðeins ef úr framkvæmdum gæti orðið. (**JBald:** Já, aðeins ef —). Já, hvað meinar eiginlega þessi hv. þm. Álítur hann, að aldrei eigi að ráðast í neitt, nema fyrirfram sje sannað, að engar vonir um það geti brugðist? Ætli það yrði ekki lítið úr sjósókn manna, ef aldrei væri farið á flot nema þorskurinn sæist vaða ofansjávar? Það er svo afarmargt, sem í verður að ráðast án þess nokkuð sje hægt að fullyrða fyrirfram um árangurinn. Það er vogunin, sem vinnur, og hún getur líka tapað. En hjer er ekki um það að ræða, að neitt tjón geti af þessu hlotist fyrir landið.

Hv. þm. virtist fetta fingur út í, að jeg sagði, að mjer virtist koma fram í þessu máli óskiljanleg andúð. En þessi ummæli áttu ekki við þennan hv. þm. einan, því allmargir þm. í hv. Nd. hafa lagst þunglega móti málinu, og auk þess hafa verið haldnir nokkrir fundir hjer í bænum, þar sem alt hefir verið gert til þess að gera málið tortryggilegt. Hinir mætu mentamenn þessa bæjar, sem betra hefði átt að mega af vænta, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að spilla fyrir málinu. Virðist mjer það vera sorglegt tákn tímanna og gefa grun um, að þeir beri ekki altaf mikið skyn á „praktiska“ hluti. En þetta rjettlætir fyllilega það, sem jeg sagði, að málinu væri sýnd óskiljanleg andúð.

Það er undarlegt, að hv. 5. landsk. virðist vera þeirrar skoðunar, að þegar tveir aðiljar semja um mál, þá geti vel átt sjer stað, að annar aðili stíli öll kjör og kosti, ekki sje annað fyrir okkur en að setja fram hvaða kröfur sem er, fjelaginu muni vera svo mikið áhugamál að fá leyfið, að það muni ganga að öllu. Mjer finst koma fram í þessu talsverður glannaskapur, því að jeg held, að í frv., sem fyrir liggur, sje farið nokkurnveginn það, sem hægt er að komast.

Jeg held jeg sjái svo ekki ástæðu til að fara öllu lengra út í þetta. Andmæli þau, sem fram komu, voru þess eðlis, að ekki var gott að festa fingur á þeim. Mjer virtist þau vera æðimikið á huldu. Hv. 5. landsk. má vita það, að jeg er ódrepandi í þessu máli, og það gæti farið svo, að jeg hefði síðasta orðið. Mjer þætti vel til fallið, að hann kæmist nú að þeirri niðurstöðu, að ekki þýddi fyrir hann að halda fleiri

ræður um þetta mál. Hann þarf ekki að gera sjer vonir um, að hans löngu ræður í þessu máli sannfæri mig, og víst ekki aðra heldur.

Jónas Jónsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer fært, þrátt fyrir rök mín, að fallast á brtt. mínar. En jeg ætla fyrst að víkja að málinu alment eins og umræður hafa fallið um það.

Það, sem altaf hefir vakið ugg hjá þeim, sem vilja hafa raunverulegt gagn af málinu, er, að hjer geti verið um pappírsfjelag að ræða, sem minkun sje fyrir þingið að semja við. Undir umr. hefir því verið skotið að mjer af manni, sem var á stúdentafjelagsfundinum, að einn þm. bæjarins hafi haldið því fram þar, að komið hefði til mála að gera fjárnám hjá þessu fjelagi út af ógreiddum opinberum gjöldum þess. Nú hugsa jeg, að hæstv. atvrh. fari að skilja, af hverju síðari brtt. mín er fram komin. (**Atvrh. MG:** Hún er alveg óþörf undir venjulegum kringumstæðum). Það er alveg rjett, að undir venjulegum kringumstæðum ætti ekki að þurfa að slá slíkan varnagla. En hjer er ekki um venjulegar kringumstæður að ræða. Það er ekki venjulegt, að land geri samninga við fjelag, sem er alveg óþekt og ef til vill raunverulega gjaldþrota, og jafnvel þó gengið sje út frá því, að Titan sje vel stætt, þá er þess að gæta, að hæstv. atvrh. ætlar, að sjerleyfið sje framseljanlegt, þannig að nýir og nýir aðiljar geta komið til greina. Frá formsins hlið er ekkert því til fyrirstöðu, að sjerleyfið geti svo að segja gengið mansali. Það getur gengið fjelaga á milli með leyfum stjórnanna.

Þessi ótti við, að Titan sje ekki fjárhagslega sjálfstætt fjelag, hlýtur að styrkjast við mótmæli hæstv. stjórnar, og það, að hæstv. atvrh. vill ekki láta standa í lögunum, að ríkissjóðshlutinn komi síðast til greina, bendir á hræðslu hæstv. stjórnar um, að það sjáist á einhvern hátt á framkomu þingsins, að menn hafi það álit á þessu fjelagi, sem lýsing hæstv. stjórnar á því óbeinlínis gefur tilefni til.

Nú ætla jeg að víkja að síðustu ræðu hæstv. atvrh. Hann segir, að það sje engin sanngirni í því að heimta tryggingu af fjelaginu, og vitnaði í því sambandi í ræðu hv. 1. þm. G.-K. (BK) í fyrra, þar sem ekki væri hægt að gera ráð fyrir, að neinn skaði leiddi af samningunum. En jeg vil benda á, að trygging að þessu tægi er algeng í viðskiftalífinu, og þar sem um jafnstórkostlegt fyrirtæki er að ræða og þetta, er alveg ósæmilegt af þeim, sem að fjelaginu standa, að geta ekki sýnt fulla tryggingu. Fjelagið vill ekki vera bundið, þó að landið sje það. Jeg vil minna hæstv. atvrh. á Dynjandamálið. Í fyrra vildi hann enga tryggingu setja í sambandi við það sjerleyfi, enda lögðu hinir útlendu „fjármálamenn" ríka áherslu á, að það væri ekki gert. En svo vildi þannig til við 3. umr. málsins í Nd., að tveir íhaldsmenn voru forfallaðir, þannig að það tókst að koma inn í frv. 50 þús. króna tryggingu. (**Atvrh. MG:** Það voru Framsóknarmenn, sem fluttu frv.). Það kemur ekki málinu við. Jeg vildi aðeins benda á, að vegna þess að tveir af stuðningsmönnum hæstv. stjórnar voru fjarverandi, tókst að koma tryggingunni inn. Þegar til Ed. kom, gekk frv. í gegn hljóðalítið. Það

fór til fjhn., þar sem, auk þriggja stuðningsmanna hæstv. stjórnar, jeg og hv. 2. þm. S.-M. (IP) áttum sæti. Við skrifuðum undir nál. með fyrirvara, af því að þá var komið í ljós, að hæstv. stjórn vildi fella niður tryggginguna, og meiri hluti nefndarinnar gaf í skyn, að hann mundi flytja brtt. seinna um vist atriði. Svo kemur sá maður, sem aðallega hafði unnið að þessu máli, Karl Sæmundssen, á nefndarfund og lýsir því þar, hversu skaðlegt sje fyrir fjelagið að þurfa að gefa tryggingu. Niðurstaðan varð sú, að þessir þrír stuðningsmenn hæstv. stjórnar báru fram brtt. um að fella hana niður. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp nokkur orð úr gerðabók fjhn. 4. maí 1926. Þar stendur: „Ákvæði 9. gr. var því næst borið upp til atkvæða, og fjelu atkvæði þannig, að 3 nefndarmenn vildu fella það úr, en tveir voru mótfallnir því“ — — og síðar: „Minni hlutinn áskildi sjer rjett til að koma fram með ágreiningsatkvæði, ef brtt. næðu fram að ganga.“ Ef tryggingin var í frv., var heiðarlega frá því gengið af þingsins hálfu og að minsta kosti settur varnagli, sem, eftir því sem alt útlit var fyrir, hefði orðið þess valdandi, að ekki hefði verið boðið fram leyfið erlendis. Mennirnir hefðu ekki haft peninga. En hæstv. stjórn, eða hæstv. atvrh. og stuðningsmenn hans vildu enga tryggingu hafa. Við hv. 2. þm. S.-M. beittum okkur eftir megni fyrir að halda tryggingunni, en vorum ofurliði bornir af stuðningsliði stjórnarinnar, eins og sjest af gerðabók fjárhagsnefndar. Hæstv. stjórn hefir því búið hjer vel í pottinn, því að nú er röksemdaleiðsla hennar á þann veg, að ekki dugi að heimta tryggingu af Titan, af því að hæstv. atvrh. hafi sagt í haust, að Dynjandafjelagið hafi enga tryggingu gefið. En það er auðsjeð, hverjir bera ábyrgð á þessu tryggingarleysi. Hæstv. atvrh. og stuðningsmenn hans eru pottur og panna í því öllu saman, svo að það er hart, að hæstv. ráðh. skuli nota sekt sína og sinna manna sem vopn á aðra.

Ástæðan til þess, að jeg bæði nú og í fyrra hefi viljað heimta tryggingu, er sú, að jeg get ekki horft upp á það, að menn, sem fjárhagsástandsins vegna geta enga tryggingu gefið, sjeu að leika sjer með sjerleyfi frá Alþingi út um öll lönd. Jeg veit, að mörgum þeirra manna austanfjalls, sem hæst hrópa á járnbraut, er mjög illa við, að engin trygging sje gefin. Einmitt þeir, sem eru kröfuharðastir um járnbraut, kunna ekki við aðferð stjórnarflokksins.

Hæstv. atvrh. vill þrátt fyrir alt halda því fram, að Titan eigi miklar eignir. Jeg vildi, að svo væri og að það vildi þá láta þær að veði. En menn eru hræddir um, að allar eignirnar sjeu þegar veðsettar, og ef svo er, ætti hæstv. atvrh. að geta skilið ástæðurnar fyrir fyrri brtt. minni. Jeg held, að það hafi verið meiri málafærslumannsbragur en ráðherrabragur á þeim hluta ræðu hæstv. atvrh., þegar hann taldi það sönnun fyrir eignum Titans, að búið væri að leggja svo mikið fje í rannsóknir á Þjórsá. Hvað heldur hæstv. ráðh., að hægt sje að hafa upp úr þeim rannsóknum? Þær hafa ef til vill fræðilegt gildi, sem er almennings eign, en þær hafa ekki neitt sölugildi.

Það er alkunna, að slík fjelög, eins og t. d. Dynjandafjelagið, leggja talsvert fje í rannsóknir og skýrslur, til þess að flagga með síðar.

Hæstv. atvrh. spurði, hvað jeg ætti við með því, að aðili væri ekki samningshæfur. Í mörgum tilfellum eru aðiljar ekki samningshæfir, t. d. er ekkert barn samningshæft. Og jeg vil álíta, að það sje ekki sæmandi fyrir ríki að semja við alla. Vegna framsalsins geta hjer komið til greina aðiljar, sem ekki er sæmandi að semja við.

Hæstv. ráðh. hefir verið með öllum sjerleyfum, sem talað hefir verið um nú á síðustu árum, nema ef til vill lotteríinu. Þó man jeg það ekki, en ef svo er, hefir hæstv. ráðh. verið með öllum þeim verstu. Það verður varla hægt að finna svo ljelegt fjelag til þess að taka við þessu sjerleyfi, að hæstv. ráðh. vilji ekki reyna það, ef dæma má eftir framkomu hans undanfarin ár, t. d. gagnvart gyðingunum, sem áttu að kaupa bankaleyfið í haust. Jeg verð að telja, að í persónu hæstv. ráðh. sje lítil mórölsk trygging gagnvart slíku framsali. Seint í ræðu sinni fer hæstv. ráðh. að berja sjer á brjóst og tala um, að hann sje ekki mikið með sjerleyfum. Fortíð hæstv. ráðh. er sannarlega á aðra bók lærð.

Hæstv. ráðh. vildi draga í efa, að það væri minkun fyrir landið að gefa út sjerleyfi eins og járnsandinn, saltvinsluna, bankana tvo, lotteríið og fleira. Núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) á hinn mesta heiður skilið fyrir það, hvernig hann tók í lotterímálið. Hann áleit það alveg ósæmilegt. Jeg hefi altaf viðurkent, að röksemdir hans gæti jeg fallist á, þar sem jeg tel það hið mesta neyðarúrræði fyrir land að leggja út í fjelagsskap við braskara, þó að einhver slíkur maður biðji um heimild fyrir sjerleyfi, til þess að leika sjer með það í eigin hagsmuna skyni. Því að öll eru leyfin ætluð til framsals í gróðabrallsskyni, og ekki síst lotteríið. En það vildi svo til, að maður sat í ráðherrasessi, sem fann þannig til fyrir sæmd landsins, að hann vildi ekkert eiga við þá útlendu „svindilbraskara", sem mjög fegnir hefðu notað sjer slíkt leyfi. Jeg vona, að sú varfærni, sem þá kom fram, verði ekki einungis hjá einum ráðherra í einu máli, heldur verði hún almenn þjóðareign.

Hæstv. atvrh. vildi halda því fram, að síðari brtt. mín væri fjarstæða ein, af því að hjer sje um fjelag að ræða, sem sje takmarkað í eðli sínu. Jeg skal játa, að frá venjulegu lagalegu sjónarmiði er það svo, en jeg vil biðja hæstv. ráðh. að athuga, að veröldin er ekki altaf þannig, að farið sje eingöngu eftir bókstafnum. T. d. get jeg bent á, hvernig Bandaríkin notuðu sjer mjög óverulegar „ökónómiskar" ástæður smáríkis við Panamaskurðinn til þess að gera sjer það ríki alveg háð. Málið virtist í fyrstu ekki þýðingarmikið, en endaði þó þannig, að Bandaríkin sneru því upp í pólitískt vald yfir þessu smáríki, svo að nú er það gersamlega háð hervaldi þeirra.

Hvernig fór í Noregi? Jeg hefi það eftir góðum heimildum, að fjármálamenn í Englandi og Ameríku, sem höfðu orðið fyrir svikum af „svindilbröskurum" í Noregi, gerðu þá kröfu

í gegnum sendiherra sína, að bæjarfjelag í Noregi bæri ábyrgð á þeirri meðferð, sem þeir höfðu orðið fyrir. Það vill svo til, að Noregur er sterkari en Ísland og harðneitaði þessari kröfu. Við erum venjulega veikir að því leyti, að þeir menn, sem eiga að koma fram fyrir okkar hönd, eru kjarklitlir, þegar þeir semja við útlenda menn. Það er ekki mikið leggjandi upp úr sjálfstæði okkar í þeim efnum. Til dæmis get jeg nefnt Spánarsamninginn og enska lánið 1921. Jeg vil því, að það standi í lögunum skýrt og skorinort, en ekki í neinu pukurssjerleyfi, að íslenska ríkið sje á engan hátt bundið slíkum fjelagsskap. Jeg tek till. mínar því alls ekki aftur, til þess að það standi skýrt, að einn maður að minsta kosti af öllum í deildinni hafi ekki verið ánægður með það, að leyft sje að framselja þetta sjerleyfi.

Jeg ætla svo að nota tækifærið til þess að gera ljóst eitt vandasamt atriði.

Ef till. mínar verða feldar, þá hefði það verið rjett aðstaða að greiða atkv. á móti frumvarpinu, en jeg mun samt ekki gera það, og til þess að skýra fyrir hv. deild, hvernig á því stendur, vil jeg segja eina smásögu.

Í vetur kom til mín einn merkur bóndi af Suðurlandsundirlendinu, maður, sem bæði er hygginn og ráðsettur og óvenjuvel mentur. Hann bar samgöngumál hjeraðsins mjög fyrir brjósti og spurði mig, hvaða ráð jeg sæi til þess að bæta úr þeim vandræðum þeirra, og spurði jafnframt, hvort þetta mál, sem hjer er til umræðu nú, myndi líklegt til að leysa samgönguvandræði þeirra. Jeg sagði honum, að þar gæti verið mögulegleiki, en þó byggist jeg ekki við, að það yrði björgunin. En þá sagði þessi maður, að við mættum ekki taka frá þeim þar eystra þá einu von, sem þeir hefðu, enda þótt hún væri veik. Og þetta er hugsun allrar alþýðu austanfjalls. Jeg segi því, að úr því að þeir menn eystra, sem skyn bera á þessa hluti, vilja bíða enn 2—3 missiri, í von um að þetta komist í framkvæmd, þá er viðurhlutamikið að taka frá þeim þessa veiku von. Ef frv. verður nú felt, þá mundu bændur eystra standa í þeirri trú, að þeir væru sviftir tækifæri í samgöngumálum sínum. Af þessari ástæðu mun jeg og jafnvel fleiri ekki ganga á móti þessu máli nú, þrátt fyrir alla þá galla, sem á því eru frá hálfu stjórnarinnar. En verði Titan sjer til skammar með þetta alt, þá er það stórt hneykslismál fyrir stjórnina, en mikil vonbrigði fyrir Sunnlendinga.

Ef það kemur upp, að stjórnin hafi leikið með þá, sem trúðu henni í þessu máli, þá fer ekki hjá því, að járnbrautarmálið verður tekið upp aftur, og það á rjettum grundvelli, þannig að Suðurlandsláglendið og Reykjavík starfi saman að því, með aðstoð ríkisvaldsins.

Jeg býst nú við, að hæstv. ráðherra hafi fengið það skýrt, hvaða skoðun jeg hefi á þessu sjerleyfisbraski, og jeg tel ekki óverulegt atriði, þó að ekki fáist upp úr þessu peningar, að þá fáist þó lífsreynsla, sem nauðsynleg er, bæði fyrir stjórnina og kjósendur.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Háttv. 1. landsk. var enn að tala um fjárhag fjelagsins og nefndi

sem dæmi, að gera hefði átt fjárnám hjá því fyrir gjöldum, sem það átti að greiða. Þetta getur komið fyrir öll fjelög, hversu vel stæð sem þau eru. Af þessu meðal annars dró hann það, að fjelagið gæti aldrei komið þessu fyrirtæki í framkvæmd, en jeg lít svo á, að það sje ekki altaf skilyrði fyrir því, að koma einhverju áfram, að vera ríkur sjálfur; aðstaðan til fjáröflunar hjá öðrum getur oft haft eins mikið að segja.

Þá nefndi hann Dynjandasjerleyfið frá í fyrra og vildi hreinsa sig af því. En háttv. þm. talaði ekki á móti því máli og greiddi ekki atkvæði á móti því, þó að feld væru burtu ákvæðin um tryggínguna. Er því undarlegt að finna að því nú og kalla það hneykslismál, en tala ekkert um það í fyrra. Annars kemur mjer það undarlega fyrir sjónir, að hann skuli orðalaust hafa samþykt málið, úr því hann telur það hneykslismál, því að satt að segja finst mjer háttv. þm. ekki vera svo latur að tala, að hann hefði ekki getað fengið sig til að segja nokkur orð áður en hneykslið var samþykt. Og mjer finst það í fylsta máta undarlegt að vilja samþykkja hneykslismál, aðeins ef borgaðar eru fyrir það nokkrar krónur, sem kallaðar eru trygging. Það minnir óneitanlega á vændiskonuna, sem býður blíðu sína á gatnamótum hverjum, sem hana vill fá, fyrir gjald.

Þá hjelt hann því fram, að með frv. því, sem hjer er til umræðu, væri stjórnin að leika sjer með menn austanfjalls; en sje svo, þá eru þeir æðimargir, sem leika sjer með þá, og má þar til nefna flokksbróður hans, háttv. 1. þm. Rang. (KlJ), sem var framsögumaður málsins í neðri deild, og fleiri flokksmenn hans. Auk þess má nefna hann sjálfan, því að hann hefir lýst því yfir, að hann hafi ekki kjark í sjer til þess að vera á móti frv., enda þótt hann telji málið hneykslismál. Hvort hægt sje að fá nokkuð skynsamlegt út úr þessari framkomu þessa háttv. þm., er annað mál. Jeg fyrir mitt leyti get það ekki, nema þá í ljósi sögunnar, sem hann sagði um manninn úr Flóanum, sem kom til hans og bað hann að taka ekki þessa veiku von frá sjer.

Þá talaði háttv. 1. landsk. um veikar og sterkar þjóðir og nefndi í því sambandi Ameríku og Kína. Út af þeim ummælum vil jeg minna hv. þm. á, að við erum þó altaf ein minsta þjóð heimsins, og erum því ofurseldir hvort sem er, ef hnefarjettinum er beitt við okkur. En ef haldnir eru við okkur gerðir samningar, þá erum við ekki ver staddir en aðrar þjóðir.

Þá spurði hann, hvort jeg teldi eign í rannsókninni á fossunum í Þjórsá. Já, það tel jeg einmitt, ef nota á fossana, því að þá er hægt að byggja á henni, annars er hún vitanlega lítils virði.

Annars eru vonir þær, sem menn gera sjer um framkvæmd þessa fyrirtækis, mjög mismunandi. Jeg t. d. hefi talsvert miklar vonir um, að það komist í framkvæmd, og háttv. 1. landsk. dálitlar, að minsta kosti svo miklar, að sá vonarneisti ræður atkvæði hans.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 264, 277, 330, n. 335, 354, 358),

Ingibjörg H. Bjarnason: Að jeg bað um orðið í gærkveldi, var í þeirri von, að þá yrði umr. lokið. Mál mitt skal ekki verða langt, en mjer þykir þó rjett að gera grein fyrir afstöðu minni til frumvarps þess, sem hjer liggur fyrir.

Jeg álít, að þetta mál sje ekkert hjegómamál og heldur ekkert flaustursmál. Málið verður að athugast frá ýmsum hliðum, og þess vegna hallast jeg á sveif með þeim mönnum, sem álíta það ekki fært að afgreiða það á þeim grundvelli, sem það er nú. Hins vegar geng jeg út frá því sem gefnu, að allir, sem eitthvað leggja til þessa máls, bæði hjer á þingi og annarsstaðar, geri sjer far um að gagnrýna það sem best frá ýmsum hliðum og láti hvorki flokksfylgi nje hreppapólitík ráða afstöðu sinni til þess.

Jeg tók eftir því við 1. umr. þessa máls, þegar hæstv. atvrh. lagði það fyrir þessa hv. deild, að þá spunnust strax miklar umr. um það, sem sýndu, að ekki hafa allir verið á eitt sáttir. Jeg man því miður fátt af því, sem sagt var, bæði með og móti, en duldist ekki, að hjer var um stórmál að ræða, sem þarf að íhuga rækilega, og jeg var þess vegna fyllilega sammála hv. 1. þm. G.-K. (BK), þegar hann sagði í gærkvöldi, að þetta mál ætti að ræðast á tveimur þingum, það myndi síst af veita.

Hinsvegar finst mjer, að umr. um málið hafi verið svo einhliða, að það er líkast því, sem engar samgöngubætur sjeu hugsanlegar hjá oss aðrar en járnbraut. Jeg skal játa það, að jeg er í tölu þeirra manna, sem álíta, að samgöngumálum okkar væri langtum betur komið, ef vegir væru bættir og bygðir nýir vegir, sem bifreiðar gætu farið um allan ársins hring. Reynsla nágrannaþjóðanna, sem höfðu bygt járnbrautir löngu áður en bifreiðar komu til sögunnar, virðist benda til þess, að bifreiðar sjeu betri, ódýrari og hagkvæmari í rekstri en járnbrautir. Þetta vita sjálfsagt allir hv. deildarmenn, og þetta er sannað af mönnum, sem hafa farið víða um lönd og geta því dæmt um þetta af nokkurri reynslu. Víðast eru járnbrautir reknar með miklum halla, og einkajárnbrautir eru að fara á höfuðið unnvörpum; þess vegna ætti síst að hrapa að því að koma hjer upp járnbraut. Frá Reykjavík að Þjórsá er talsvert löng leið, en járnbraut nægir þó ekki án frekari vegabóta, því menn verða líka að flytja afurðir sínar að og frá járnbrautarstöðinni, og jeg veit ekki, hvort allir hafa gert sjer það ljóst, að þeir bændur, sem ekki búa fast við járnbrautina, þurfa að útvega sjer flutningatæki, sem þeir geti flutt á vörur sínar. Auk þess hefir því verið haldið fram, að viðhaldskostnaður væri svo gífurlegur á slíku fyrirtæki sem þessu, að það af þeirri ástæðu einni væri mjög varhugavert að ráðast í það. Í Noregi og Sviss og víðar, þar sem líkt hagar til og hjer, verður víða að byggja yfir járnbrautarkafla vegna snjóþyngsla, og kostar það ærna fje. Jeg er ekki að segja með þessu, að kostnaður og fyrning bifreiðavega og bifreiða geti ekki verið nokkuð mikill líka, en það, sem jeg tel mest um vert, er það, að járnbrautin verður að halda uppi ferðum, hvað lítið sem hún hefir að flytja, en bifreiðarnar venjulega því aðeins, að þær hafi nægilegan flutning. Máli

mínu til stuðnings gæti jeg vísað til ýmsra skýrslna um rekstur járnbrauta, en sleppi því hjer, vegna þess, að hverjum þingmanni, sem vill afla sjer rjettra upplýsinga um málið, ætti að vera það hægðarleikur.

Landar okkar vestanhafs vöruðu okkur við því, þegar þetta mál var fyrst fyrir Alþingi, og gerðu hið sama, er járnbrautarmálið lá fyrir á síðasta þingi, að leggja í að byggja járnbraut, af því að það væri ekki samgöngutæki framtíðarinnar, en bifreiðarnar hinsvegar ryddu sjer jafnt og þjett til rúms alstaðar, og jeg get þess vegna tekið undir það, sem hv. 1. þm. G.-K. sagði, að heppilegra myndi reynast að veita h/f Titan sjerleyfi til fossavirkjunar gegn því skilyrði, að það beitti sjer fyrir að byggja bílveg austur, og að horfið væri frá járnbrautarlagningunni, og gæti jeg betur sætt mig við framlag úr ríkissjóði til fjelagsins, væri sú leið tekin. Tel jeg vafalaust, að jeg myndi þá hafa samþykt sjerleyfisfrumvarp þetta, þótt jeg sje annars ekkert ginkeypt fyrir þeim, því jeg tel, að komið sje nóg af svo góðu.

Á árunum frá 1913—'26 hafa að minsta kosti 9 sjerleyfi verið veitt, og vil jeg nú telja upp þau sjerleyfi, sem jeg í fljótu bragði gat tínt saman:

Lög nr. 57, 10. nóv. 1913, um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó. Lög nr. 70, 3. nóv. 1915, um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic sand). Lög nr. 25, 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks. Lög nr. 47, 20. júní 1923, um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík. Lög nr. 51, 27. júní 1925, um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi. Lög nr. 48, 15. júní 1926, um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl. Lög nr. 52, 15. júní 1926, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík. Lög nr. 49, 15. júní 1926, um stofnun happdrættis fyrir Ísland. Lög nr. 51, 15. júní 1926, um sölu á síld o. fl.

Það kann vel að vera, að þau sjeu fleiri, en jeg rakst ekki á önnur á umræddu tímabili í fljótri yfirferð.

Undir umr. í þessari hv. deild hefi jeg reynt að leggja hlustirnar rækilega við, til þess að komast að því, hvort þetta sjerleyfi, sem hjer er um að ræða, væri betur í pottinn búið heldur en sum hin sjerleyfin, sem Alþingi hefir afgreitt á undanförnum árum, og mjer til mikillar raunar hefi jeg komist að raun um, að svo er ekki. Þar sem það hefir svo greinilega komið fram undir umr. í þessu máli, að fjelag það, sem sjerleyfið er bundið við, sje ef til vill fjárvana, og alt stendur og fellur þó með því, hvernig fjársöfnunin gengur, þá finst mjer, að ekki horfi neitt vænlega við um framgang málsins og að sjerleyfi það, sem hjer er talað um, gæti orðið til tafar öllum þeim samgöngubótum, sem um gæti verið að ræða á þessu svæði. Þess vegna finst mjer, að menn ættu að hafa allan hug á því að tryggja sem best framkvæmdir þær, sem sjerleyfið er bundið við.

Við höfum því miður fremur sorglega reynslu á sjerleyfasviðinu, þótt ekki sje rakið lengra en aftur til 1913—'26. Mjer vitanlega hafa nú aðeins tvö af þessum sjerleyfum verið notuð. Það er sjerleyfi háskóla Íslands til þess að gefa út almanak og sjerleyfið um útvarp á Íslandi. Kann að vera, að jeg viti ekki allskostar rjett í þessu, en jeg hefi ekki komið auga á, að framkvæmdir hafi orðið á fleiri sjerleyfum.

Jeg ætla ekki að fara að ræða neitt um þessi tvenn sjerleyfislög, sem hjer hafa verið notuð. Það mætti auðvitað ýmislegt um þau segja, en það liggur ekki hjer fyrir. En kosturinn við þessi sjerleyfi er þó sá, að þau snerta okkur Íslendinga mest inn á við; aftur horfa hin sjerleyfin nokkuð öðruvísi við, þar sem í sambandi við flest þeirra er að ræða um mikil fjárframlög, sem gert er ráð fyrir að afla með erlendu hlutafje, ef eitthvað á að verða úr framkvæmdum. En hvar á þá að taka alt það fje? Reynslan virðist benda til þess, að útlent fje hafi ekki verið auðfengið, því að annars hefðu væntanlega einhverjar framkvæmdir orðið í þeim málum, sem sjerleyfin hafa fjallað um. Það sannast svo oft, að framboðin hlunnindi eru ekki eins mikils metin og vænta mætti. Jeg get ekki sjeð annað en að hin ýmsu sjerleyfi, sem jeg hefi gert hjer að umtalsefni, hafi hvorki orðið til þess að afla landi voru eða þjóð frægðar eða fjár, nema síður sje. Jeg drap á það áðan, að mjer hafi fundist það koma í ljós hjá hæstv. atvrh. og öðrum, sem um málið hafa rætt, að ekki væri neitt handbært fje til hjá Titan, svo teljandi sje. Mjer finst þess vegna, að fullsnemt sje að veita þetta sjerleyfi nú þegar. Það væri síst vanþörf á að tryggja betur, að fjelagið sje megnugt að fullnægja þeim skuldbindingum, sem sjerleyfið leggur því á herðar.

Jeg tel brtt. þær, sem eru á þskj. 330 og 354, vera til mikilla bóta í þá átt að tryggja landsmönnum það, að hjer verði ekki um tóm loforð eða hillingar að ræða.

Það mun vera venja erlendra ríkja, sem ant er um álit sitt og efnalegt sjálfstæði, að veita þá fyrst sjerleyfi, svipuð því, sem hjer um ræðir, þegar fje það, sem þarf til framkvæmda sjerleyfisins, er trygt. Finst þá ekki fleirum en mjer, að *fullsnemt* sje að veita fjelagi þessu sjerleyfið, þar sem það er sannanlegt, að það ræður ekki enn yfir fje til framkvæmda í málinu? Þess vegna sje jeg ekki, að fjelaginu sje nein tortrygni sýnd, þó að reynt sje að tryggja framlög þess á móts við framlag ríkissjóðs. Jeg mun því, þegar brtt. þessar koma til atkvgr., greiða þeim atkv. mitt. Mjer nægir ekki fyrir mitt leyti, að efni brtt. verði tekið upp í sjerleyfissamninginn, og jeg skoða það ekki sem neinn vansa af hálfu stjórnarinnar fyrir landsins hönd eða sem neina tortryggni í garð þeirra manna, sem um sjerleyfið sækja, þó að reynt sje að tryggja, að ending verði á samningunum. Þótt jeg treysti núverandi stjórn til þess að sjá um, að vel verði gengið frá samningum öllum og haft vakandi auga með því, að þeim sje fullnægt, þá er engin trygging fyrir því, að sú stjórn, sem væntanlega tekur við af þessari, láti sjer eins ant um

það. Þess vegna, þrátt fyrir öll þau gæði, sem af frv. geta leitt, ef það verður samþ., og þrátt fyrir hina miklu von, sem þeir menn kunna að ala í brjósti, er búa á svæði því, er ráðgert er, að járnbrautin liggi um, ætla jeg ekki að vera eins brjóstgóð og hv. 1. landsk., sem ekki vildi, þrátt fyrir öll þau rök, er hann var búinn að tefla fram móti frv., drepa þann „vonarneista", er lifði í brjósti íbúa hjeraðanna, er járnbrautarinnar eiga að njóta. Nei, jeg stíg sporið til fulls. Jeg er á móti járnbrautinni, vegna þess að jeg tel, að önnur samgöngutæki muni hjer betur henta. Hvort jeg greiði atkv. móti frv. strax eða við 3. umr., skiftir engu máli. Það kann að vera, að eitthvað það verði upplýst í málinu enn, áður en það fer út úr þinginu, sem gæti breytt aðstöðu minni. En eins og nú er, tel jeg litla von um það. Jeg álít sjerleyfin yfir höfuð, eins og jeg sagði áðan, vera afarviðsjárverð og að athuga verði þetta sjerstaka leyfi miklu betur frá öllum hliðum áður en það er afgreitt. Af öllum þessum ástæðum mun jeg því ekki geta verið stuðningsmaður þessa máls.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Með meðferð þessa máls hefir Alþingi sýnt, að hjer er um samgöngumál að ræða. Því var vísað til samgmn. í báðum deildum, og hafa umr., sem eðlilegt er, aðallega snúist um þá hlið málsins, um samgöngubæturnar fyrir þann hluta landsins, sem hjer um ræðir.

Samgöngumál þetta hefir legið fyrir þinginu oft áður og í ýmsum myndum, og síðast í fyrra fluttu tveir hv. þm. í Nd. frv. um það, að leggja járnbraut frá Reykjavík austur að Ölfusá á kostnað ríkissjóðs. En það er nú svo um svo stórvaxið fyrirtæki, eftir mælikvarða okkar Íslendinga, að þótt bæði jeg og margir aðrir sjeu sannfærðir um, að það sje arðvænlegt og forsvaranlegt að leggja út í það á kostnað ríkissjóðs, þá verður því ekki neitað, að slíkt verður aldrei sannað nema með reynslunni einni. Og þannig ber að líta á málstað þeirra manna, sem ekki vilja, að ríkissjóður taki á sig þá áhættu að ráðast í slík fyrirtæki. Því er það rjett hjá háttv. 1. landsk., að oss ber að stíga það spor, að gera tilraun til þess að leysa úr málinu á þann hátt, að ríkissjóður taki á sig minni áhættu en ef hann færi að leggja járnbrautina upp á eigin spýtur algerlega. Það er þungamiðjan í þessu samgöngumáli að fá gerða tilraun til þess að leysa það með takmörkuðu fjárframlagi úr ríkissjóði, í samræmi við krafta hans og getu. En veikasta atriði málsins er auðvitað það, að ekki er fyrirfram hægt að fullyrða, að takist að fá þá úrlausn, sem frv. felur í sjer. En jeg tel þó vonirnar svo miklar, að frá því sjónarmiði sje sjálfsagt að gera þessa tilraun. Þó verður því ekki neitað, að menn verða að gera sjer það ljóst, að svo geti farið, að ekki verði úr framkvæmdum. Því hefir verið lýst yfir af hæstv. atvrh., og jeg býst við, að allir sjái það, að möguleikarnir eru fyrir hendi.

Það var mikið talað um það af þeim öllum, 1., 2. og 5. landsk. (JJ, IHB, JBald), að það væri okkur til minkunar, ef ekkert yrði úr framkvæmdum. En jeg er á annari skoðun. Jeg

get ekki sjeð, að við verðum okkur frekar til minkunar, þó að við búum til svona lög og ekkert yrði úr framkvæmdum heldur en ef tveir menn leituðu eftir gagnkvæmum viðskiftum á heilbrigðum grundvelli, þannig að það væri þeim báðum til hagsmuna, og svo skyldu óviðráðanlegar kringumstæður verða þess valdandi, að viðskiftin gætu ekki tekist og þeir færu á mis við þann hagnað, sem þeir höfðu gert sjer vonir um. Mjer finst það, satt að segja, engin minkun vera.

Þá var talað um sjerleyfi þau, sem hjer hefðu verið gefin, og sagt, að þau væru nú orðin 9 að tölu síðan 1913. Slík upptalning er nú ekki óyggjandi, þar sem blandað er saman alveg óskyldum málum. Þar að auki er í upptalningu þessari slept aðallöggjöfinni á þessu sviði, nefnilega sjerleyfislögunum, sem sett voru fyrir tveim árum. Vatnalöggjöf vorri er þannig hagað, að vatnsaflið verður ekki notað, nema sjerleyfi sje gefið. Menn verða að gera sjer þetta ljóst, að á þessum sviðum geta ekki orðið neinar framkvæmdir, ef ekki eru veitt sjerleyfi til þeirra. Það er því ekki meira, þó að verið sje með fyrirrætlanir um framkvæmdir á þessum sviðum, sem ekkert verður úr, en á öllum öðrum sviðum. Lífið er nú einu sinni þannig á sviði framkvæmdanna, að fult er þar af fyrirrætlunum, sem sumar rætast og sumar ekki. Hjer stendur því svo á, að ekki er hægt að gera neinar fyrirrætlanir nema sjerleyfi sje gefið. Við verðum að taka afleiðingunum af þeirri lagasetningu, sem við höfum sett á þessum sviðum, og venja okkur við þá hugsun, að við verðum í máli þessu að gera tilraun til þess að fá hagnýtt vatnsafl vort einmitt með því að veita sjerleyfi. Svona er nú um hnútana búið.

Hv. 2. landsk. vísaði til þess, að það væri ekki víða, sem sjerleyfi væru veitt, nema fullkomin trygging væri fyrir hendi. En það eru fá ríki, sem sett hafa þá löggjöf hjá sjer, að sjerleyfi þurfi. Í flestum löndum er notkun vatnsorkunnar eins frjáls og notkun annarar orku. En við höfum gert mismun á þessu. — Þá tjáði hv. 2. landsk. sig vera á móti járnbraut. Er auðvitað ekkert um það að segja. Jeg vil þó benda hv. þm. á það, að áður en mál þetta var fram borið, hefir að tilhlutun þings og stjórnar farið fram ítarleg samanburðarrannsókn á því, hvort tiltækilegra væri að leggja bílveg, sem samsvaraði fullkomlega kröfum tímans, eða járnbraut. Hafa aðallega norskir sjerfræðingar fjallað um járnbrautarmálið, en bæði norskir og íslenskir um vegamálið. Niðurstaða þeirrar rannsóknar lá fyrir í fyrra, þó ekki í þskj., því miður, og kemur því ekki í Alþt., heldur í prentaðri skýrslu, sem útbýtt var meðal þm. Án þess að jeg ætli að gera mig að dómara yfir þessum fagmönnum, þá var þó niðurstaðan sú, að flutningur yrði miklu ódýrari milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins með járnbraut, og sjerstaklega eru yfirburðir járnbrautarinnar í því fólgnir, að eftir því, sem flutningurinn yxi, því lægri yrði flutningskostnaðurinn á hverri þungaeiningu. Hinsvegar getur bílvegurinn ekki fylgst með í þessari lækkun. Þannig er niðurstaðan í höfuðatriðunum. Hjer við

bætist svo, að samkvæmt reynslunni er líklegra, að flutningurinn geti haldist óhindraður alt árið, ef um járnbraut er að ræða, en sama er ekki hægt að segja um bílveginn. Þessi niðurstaða er gerð í sambandi við reynslu nágrannaþjóðanna, einkum Norðmanna. — Jeg verð að segja, að það þarf meira en fullyrðingu frá hv. 2. landsk. um, að reynslan sýni, að bílvegur sje hentugri en járnbraut, til þess að hnekkja niðurstöðu sjerfræðinganna.

Hv. 2. landsk. gat einnig um það, að járnbrautirnar væru reknar með halla og að margar einkajárnbrautir hefðu farið um og væru enn að fara um. Hvað fyrra atriðið snertir er það nú upp og ofan, eftir því, hve mikið er lagt í sölurnar til þess að hafa góðar samgöngur eða hvort menn reyna beinlínis að reka járnbrautirnar hallalaust með því að hafa flutningsgjöldin nægilega há. Líkt má segja um strandferðirnar hjá okkur. Þær eru reknar með halla, af því að við viljum hafa flutningsgjöldin sem lægst, til þess að þær komi að sem almennustum notum. — Um einkabrautirnar er það að segja, að þær fara stundum á höfuðið, en ekki unnvörpum, eins og hv. þm. (IHB) sagði. En mjer er nú spurn: Hvar er vegur, sem ber sig sem sjálfstætt fyrirtæki? Hann er enginn til. Allir vegir í nágrannalöndunum eru lagðir fyrir það opinbera fje, sem menn greiða í sköttum og skyldum, og er haldið við með því, en gefa engar tekjur í aðra hönd. Það hefir verið reynt að ná inn viðhaldskostnaðinum að einhverju leyti með bifreiðaskatti, en enginn hefir reynt að fá vexti af því fje, sem lagt er til veganna. Það sker ekki úr, þó að járnbrautin gefi ekki af sjer það mikið fje, að hægt sje að borga rentur af stofnfje, viðhalds- og rekstrarkostnað, því að slíkar kröfur eru ekki gerðar til veganna. Í rannsóknarskýrslunni er farið nákvæmlega út í það að telja hin raunverulegu útgjöld fyrirtækjanna og bera saman, og eru í báðum tilfellum taldir vextir af fje því, sem lagt hefir verið í samgöngufyrirtæki þessi, og viðhalds- og rekstrarkostnaður. Jeg skal ennfremur minna á það, að í upplýsingum sjerfræðinganna er gerð grein fyrir því, að hvergi á Norðurlöndum hefir verið reynt að komast af með bílveg eingöngu milli svo fjarlægra staða sem hjer um ræðir, þ. e. milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, þar sem flutningaþörfin er eins mikil. Í slíkum tilfellum er alstaðar á Norðurlöndum talið sjálfsagt að leggja járnbraut, eða er þegar búið að því. Hjer við bætist svo, að sá kostnaður, sem ríkinu er ætlað að leggja til járnbrautarinnar samkvæmt frv., er lægri upphæð en sú, sem það yrði að leggja fram, ef gera ætti veg yfir sömu vegalengd, veg, sem að öllu leyti svaraði kröfum þessara tíma. Það er því ekki áhorfsmál að gera þessa tilraun, sem frv. fer fram á, svo fremi menn vilja þola þá bið á málinu, sem það kostar að vita, hvort hún leiðir til árangurs. Sú bið verður þó ekki lengri en það, að ef ekki verður byrjað á verkinu 1. maí 1929, eða eftir 2 ár hjer frá, þá stöndum við frjálsir aftur að því að gera nýja tilraun í málinu. Þó að jeg sje meðal þeirra manna, sem eru í óþolin-

móðara lagi eftir þessari samgöngubót, þá tel jeg þó sjálfsagt að kasta þessari bið til þess að fá tilraunina gerða. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett hjá hv. 2. landsk., að biðin verði til tafar öðrum samgöngubótum. Málið er ekki svo undirbúið til þess að ríkið geti framkvæmt það, að hægt verði að byrja á því fyr, þó að þessari tilraun verði hafnað.

Jeg ætla þá að fara fáeinum orðum um brtt. hv. 1. landsk. (JJ). Hann gaf mjer kærkomið tilefni til þess með ummælum þeim, sem hann kom með viðvíkjandi afstöðu minni til lotterísjerleyfisins, sem samþykt var á síðasta þingi. Hann skildi rjett ástæðurnar, sem voru til þess, að jeg hefi ekki notað þessa heimild. Jeg álít það nefnilega ekki vansalaust hinni íslensku þjóð, ef það yrði notað og sú starfsemi upp tekin, sem þar er gert ráð fyrir. Mjer er ant um, að þjóðin standi lýtalaus gagnvart útlendingum vegna framkvæmda í fjármálum, sem og í öðrum málum. Af sömu ástæðum get jeg ekki fallist á 1. brtt. hv. 1. landsk. Hún er ekki sómasamleg. Jeg ætla þó ekki að væna hv. þm. þess, að hann vilji gera okkur vansæmd, heldur hefir hann bara ekki athugað afleiðingar till. nægilega vel. Það er að vísu svo eftir orðalagi till., að vatnsrjettindi Titans og fasteignir eiga að vera sem trygging fyrir því, að sjerleyfishafi fullnægi ákvæðum 11. gr. En eins og þegar hefir verið bent á, felur 11. gr. í sjer takmörkun á því, hvenær hefjast skuli handa, ef sjerleyfið á ekki að missast. Í raun og veru er það svo fyrir okkur, sem álítum framkvæmd þessa einnig hagsmunamál fyrir Ísland, að ástæða er til þess að skyggnast um eftir tryggingum fyrir því, hvort fjelagið treystir sjer að gera það, sem unt er, til þess að útvega nægilegt fje til framkvæmda. Við vitum, að fjelagið hefir ekki peninga og þarf því að útvega þá. Er auðvitað ætlast til, að það geri það sjálft, en ekki við, og yfirleitt liggi ekki á liði sínu í því að koma fyrirtækinu í framkvæmd. Fjelagið á hjer nú, eins og menn vita, miklar eignir, sem eru arðlausar, ef það reynir ekki að notfæra sjer þær, og í þessu, að eignirnar liggja nú arðlausar, sýnist mjer vera nægileg trygging fyrir því, að fjelagið muni ekki láta neitt ógert, sem gæti leitt til framkvæmda á málinu. Innan stutts tíma, eða innan 1. maí 1929, fáum við enn frekari tryggingu fyrir því, að fjelagið geri það, sem það getur, til þess að útvega fjeð til fossavirkjunarinnar, en sú trygging er járnbrautin. En í brtt. hv. 1. landsk. er ekki fólgin nein trygging, heldur viðurlög. Ef fjelaginu tekst ekki að útvega fje til þess að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, þá fer það á mis við þann hagnað, sem það býst við að hafa af því, og við förum á mis við okkar hagnað af fyrirtækinu. Þá fer best á því, að hvor standi eftir með sínar eignir. En að gera vantandi getu fjelagsins til þess að útvega fje í fyrirtækið sjer að fjeþúfu á þann hátt, að láta það afsala landinu öllum sínum eignum hjer, ef það tekst ekki, — það er aðferð „svindilbraskarans", sem vill tryggja sjálfan sig í viðskiftunum, þó að hinn, sem hann skiftir við, gangi slyppur og snauður frá borði. Jeg vil ekki hugsa þá hugsun, að till. hv. 1. landsk. verði samþykt og framkvæmd þannig, að ef fjelagið gæti ekki skaff-

að peninga í fyrirtækið, þá yrði það að afhenda ríkinu allar eignir sínar hjer. Þá yrðu þar á eftir menn á ferðinni úti í löndum, sem gætu sagt það með sanni, að íslenska ríkið hefði fjeflett sig. Annað mál er það, að ganga sem best frá því, að sjerleyfissamningurinn verði uppfyltur, því að þegar framkvæmdirnar eru komnar í gang, þá er mikið tjón að því fyrir landið og einstaklinga, ef svo verður hætt í miðju kafi. En þótt ekki verði unt að útvega fjeð, þá leiðir ekki af því annað tjón en það, að það bíður í eitt ár, að ráðist verði í þessa samgöngubót; en eins og nú standa sakir, hygg jeg, að ekki sje hægt að meta þá bið sem peningatjón. Það er mjög óaðgengilegt að setja þau viðurlög, sem felast í brtt. hv. 1. landsk. Þau eru orðuð í formi, sem ekki þekkist nema í spilamensku af versta tægi, þar sem annar leggur fram aleigu sína, en hinn hættir engu. Þetta finst mjer okkur ekki sæmandi. Ef við vildum ganga inn á þá braut að selja sjerleyfin, þá gætum við heimtað peninga. Jeg álít það hvorki heppilega braut nje virðulega, en þó nær sanni en þetta. Jeg álít, að við verðum að sætta okkur við vonbrigðin, ef sjerleyfishafinn getur ekki útvegað fjeð, en hann mun áreiðanlega gera það, sem hann getur, til þess. En við verðum að tryggja okkur á alla kanta gegn tjóni, sem leiða kynni af því, að byrjað yrði á framkvæmdum, en svo hætt í miðju kafi. En það er gert í frv. og að því miða brtt. hv. 1. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Þær miða að því að tryggja það, sem tryggja ber, enda hefir hæstv. atvrh. lofað að taka þær breytingar upp.

Þá álít jeg heldur ekki rjett að samþykkja 2. brtt. hv. 1. landsk. Það er ekkert atriði í þessu máli, hvort fjelagið heitir Titan, sem fær sjerleyfið, eða ber eitthvert annað nafn. Jeg vil jafnvel segja, að úr því að Titan hefir fyrir rás viðburðanna orðið fyrir því að komast í erfiðar kringumstæður, þá er það ekki síður æskilegt frá okkar sjónarmiði, að fjelag með öðru nafni tæki þessa starfrækslu upp. Því er ekki rjett að gera fjelaginu erfiðara fyrir með að framselja sjerleyfið, ef til þess kæmi. Um 3. brtt. þarf jeg ekki að bæta neinu við það, sem jeg hefi áður um hana sagt.

Jón Baldvinsson: Síðasta ræða hæstv. forsrh. er í raun og veru langalvarlegasta ræðan, sem um þetta mál hefir verið flutt núna. Gegnum alla ræðuna kom ljóslega fram sterk vantrú á því, að þetta fyrirtæki kæmist nokkurntíma til framkvæmda. En hann taldi þetta nauðsynlegan hlykk á leiðinni til þess að fá járnbraut. Hið sama kom fram í ræðu hv. 1. landsk. (JJ); hann taldi þetta nauðsynlegan hlykk á leiðinni til þess að fá járnbraut. Jeg get nú verið hæstv. forsrh. sammála um það, að nauðsynlegt sje fyrir okkur að fá járnbraut austur. Jeg hygg, að ekki verði vel bætt úr samgönguvandræðunum við Suðurlandsundirlendið á annan hátt. En þetta mál tel jeg slæman hlykk á járnbrautarmálinu, og jeg vil ekki fylgja hæstv. forsrh. út í þá ófæru. Hæstv. forsrh. mintist oft á það, að það væri ekkert víst, að nokkuð yrði úr framkvæmdum. Jeg skil það nú, að hann muni hafa talað svo af ásettu ráði, svo það sæist eftir nokkur ár, þegar það er

komið í ljós, að ekkert hefir orðið úr framkvæmdum, að það hefði ekki verið hann, sem hafði nokkra trú á því. Þetta er gert til þess að slá varnagla fyrir framtíðina. Það er áreiðanlegt, að engin ræða, sem haldin hefir verið í þessu máli, hefir gert eins mikið til þess að kippa burtu vonarneistanum um, að nokkuð yrði úr framkvæmdum hjá fjelaginu, eins og þessi ræða hæstv. forsrh. Þetta er líka vel skiljanlegt, því að hæstv. forsrh. er sjerfræðingur á þessu sviði og veit, hve gífurlegir erfiðleikar eru á því fyrir fjelagið að fá fje til að framkvæma þetta. Hæstv. forsrh. gekk alveg framhjá öðrum framkvæmdum í þessu máli en járnbrautinni. Hann talaði eingöngu um það sem samgöngumál. En hann veit þó vel, að þetta er ekki aðalatriðið í frv. Aðalatriðið í frv. er virkjun Þjórsár og hagnýting þeirrar orku, sem virkjuð er. Hann veit það vel, að til þessara framkvæmda þarf marga tugi miljóna króna, en járnbrautin er aukaatriði, sem troðið var upp á fjelagið hálft í hvoru nauðugt, eftir því sem hæstv. atvrh. segir. Jeg mun nú síðar víkja að því, hversu nauðugt fjelaginu muni hafa verið það að hafa járnbrautina með. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að vísa í sjerleyfislögin, þegar ræða er um þetta sjerleyfi. Þetta frv. er hjer um bil alt undanþágur frá sjerleyfislögunum. Það er stærð virkjunarinnar, sem gerði það að verkum, að þetta kom til kasta Alþingis. Það er ekki hægt að neita því, að þessi ræða hæstv. forsrh. var hörð ádeila á málið í heild sinni, og jeg hygg, að hún hafi sannfært marga um það, að lítið mundi verða úr framkvæmdum af fjelagsins hálfu. En hversu margir vilja fylgja þeim samherjunum, hæstv. forsrh. og hv. 1. landsk., í þessari krókaleið þeirra, það á eftir að sýna sig.

Hæstv. atvrh. mælti á móti þeirri till. minni, að Alþýðusamband Íslands skyldi verða að veita leyfi til þess að flytja inn verkafólk. Kvað hann það mundu verða nokkuð hlutdrægan aðilja. En mjer virðist, að sá aðili hljóti að vera bærastur að dæma um það, hvort þörf sje á því að flytja inn verkafólk. Það veit best, hvað atvinnunni og atvinnuleysinu líður og hvort auðvelt er að útvega fólk eða ekki. Þá vildi hann ekki heldur fallast á varatill., vegna þess, að hann taldi, að það gæti stundum verið hægt að útvega verkafólk, en það gæti orðið dýrt. En mjer finst, að við eigum fyrst að sjá fyrir okkar eigin verkafólki, áður en við förum að flytja inn erlent verkafólk.

Þá játaði hæstv. atvrh., að hann hefði fengið Titan til þess að taka járnbrautina upp í frv., og var á honum að skilja, að fjelagið hefði verið mjög ófúst á það. Það kann að vera, að fjelagið hafi látið svo. En það sjer hver einasti maður, að fjelaginu hefir ekki verið gerður annar greiði meiri en að járnbrautarmálið hefir verið sett í samband við fossavirkjunina. Með því móti hefir það fengið Alþingi, ríkisstjórnina og íslenska ríkið í samfjelag við sig. Þessum tveimur málum verður áreiðanlega blandað saman, þegar umboðsmenn fjelagsins fara að ferðast út um lönd til þess að útvega fje. Þá munu þeir flagga með því, að íslenska ríkið og Titan sjeu í fjelagi um þetta fyrirtæki. Það sjá allir, að þeir munu geta fært sjer þetta

þannig í nyt. Að fjelagið hefir þóst vera tregt til þess að ganga inn á þetta, hafa bara verið látalæti og brellur; það hefir auðvitað orðið himinlifandi yfir því að fá þessa beitu, sem kemur því að gagni bæði inn á við og út á við. Hæstv. forsrh. og hv. 1. landsk. eru báðir með þessu máli vegna járnbrautarinnar, og erlendir fjesýslumenn munu verða fúsari á það að leggja fje í þetta fyrirtæki, þegar þeir heyra, að ríkið leggi tvær miljónir á borðið. Það hefði verið rjett af hæstv. atvrh. að greina þessi tvö mál vel í sundur, koma fram með tvö frv. Þá hefði verið öðru máli að gegna; þá hefði ekki verið hægt að blanda þessu svona saman, eins og nú er. Ef þetta frv. verður að lögum, þá kemur það til með að heita: Lög um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss. Þannig er þessum tveim málum meira að segja blandað saman í fyrirsögn laganna. Þegar farið er að safna fjenu til fyrirtækisins, þá nægir að benda á fyrirsögn laganna til þess að sýna, að fjelagið og ríkið eru í fjelagi um framkvæmdirnar. Því hefir fjelaginu áreiðanlega verið það kært, að hæstv. atvrh. setti járnbrautina inn í frv. Betri beitu gat það ekki fengið, og jeg held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að hæla sjer af því, að hann hafi fengið Titan nauðugt viljugt til þess að taka járnbrautina upp í frv.

Þá vildi hæstv. atvrh. ekki viðurkenna, að fjelagið vissi ekki, hvað það ætlaði að gera við kraft þann, sem það virkjaði. En það hefir þó ekki verið bent á neitt, sem fjelagið ætli að gera. Það hefir verið sagt, að það ætli að virkja smátt og smátt. En þess er að gæta, að ef fjelagið ætlar ekki að virkja stórt, þá verður rafmagnið svo dýrt, að ókleift verður að nota það. Hugsum okkur, að ekki verði virkjaður nema lítill hluti Urriðafoss. Þá segja raffræðingar, að þessi fyrsta virkjun hljóti að verða ákaflega dýr, nema virkjaðar verði um 100 þúsundir hestafla, vegna þess að það verði við þessa fyrstu virkjun að byggja ýmsar undirstöðubyggingar undir framhaldsvirkjun síðar.

Nú hefir Titan gert ráð fyrir því að selja hestorkuna á 50 kr. Hún mundi koma til að kosta í lögnum í húsum um 125 kr. Þetta má kallast lágt verð. En hvernig á virkjunarfyrirtæki fjelagsins að geta lifað á rafmagnsnotkun Reykjavíkur? Reykjavík notar í mesta lagi 10—12 þús. hestöfl, þó notað sje bæði til hita og eldunar. En þetta gerir 5—6 hundruð þús. kr. á ári. En það sjá allir, að þetta eru ekki miklir vextir af þeim tugum miljóna, sem fjelagið ætlar að leggja í virkjunina. Þetta er með öllu órannsakað mál. En það dettur engum í hug að fara að virkja Þjórsá fyrir 40—50 miljónir, fyr en hann veit, hvort hann getur selt eða hagnýtt sjer orkuna. En hitt er öllum ljóst, að þó Reykjavík, Hafnarfjörður, kauptúnin suður með sjó og nærsveitirnar taki það, sem þær þurfa til notkunar, þá er slíkt ekki nema dropi í hafinu eða kræki-ber í helvíti af svona virkjun. Nei — fjelagið hefir ekki undirbúið neitt og enginn getur vitað um, hvað það ætlar að gera. Hæstv. atvrh. hefir ekki get-

að fært neinar líkur fyrir því, að fjelagið hafi gert nokkrar áætlanir um eða ráðstafanir til þess að hagnýta sjer orkuna. En meðan svo er, er þess ekki að vænta, að menn sjeu trúaðir á þetta fyrirtæki.

Hæstv. ráðherra talaði um tryggingar og spurði um í því sambandi, hvað jeg mundi meta vatnsrjettindin í Þjórsá. Jeg hafði einhverntíma komist svo að orði, að þau væru ekki 5 aura virði. Og það er satt, þau eru ekki 5 aura virði á meðan Þjórsá rennur eins og hún hefir gert frá því að land bygðist. Og svo verður, meðan ekki er hægt að notfæra sjer þann kraft á neinn hátt til þeirra framkvæmda, er borga sig. En hinu neita jeg ekki, að vatnsrjettindin geti orðið mikils virði, þegar virkjun er komin á og hún rekin með skynsamlegu viti; þá fyrst eru vatnsrjettindin orðin verðmæti, sem hægt er að reikna með, en fyr ekki.

Annars tók jeg það sem spaug hjá hæstvirtum ráðherra, þegar hann skaut því fram, að ef fjelagið hefði 4—5 miljónir, þá gæti það lagt járnbraut austur á fjall. Þetta mundi fjelagið aldrei leggja út í, ef það sæi fyrir, að það yrði að leggja árar í bát svo að segja um leið og það byrjaði. Það mundi nota þessar fáu miljónir til einhvers annars, svo að þetta skraf hæstv. ráðherra um járnbrautarspotta austur á heiði getur ekki hafa verið annað en spaug hjá honum.

Menn hafa viljað fá tryggingu fyrir því, að landið yrði ekki narrað í þessum viðskiftum, en það hafa svæsnustu fylgjendur þessa máls ekki mátt heyra nefnt á nafn, og hæstv. stjórn hefir lagst mjög ákveðið móti öllum tillögum, er heimta tryggingar af fjelagsins hálfu til þess að koma í veg fyrir, að hjer yrði um gabb að ræða. Hann spurði eitthvað á þá leið, hvort fyrir mjer vekti, að sett yrðu ströng skilyrði til þess að byrja með, en svo yrði slakað á þeim á eftir, þegar byrjað væri á framkvæmdunum. Um þetta hefi jeg ekkert sagt, en vitanlega mundi þetta geta farið eftir því, hvernig menn líta á framkvæmdirnar. Annars var ekki beinlínis um þetta að ræða, heldur hitt, að við verðum ekki gabbaðir, að við fáum eitthvað fyrir þau fríðindi, sem útlendingar slægjast eftir og mundu ekki sækja eins fast að fá, ef þeir teldu sjer það ekki nokkurs virði. En þó er eitt, sem er allra varhugaverðast í þessu máli, og það er það, að fjelaginu er ekki gert að skyldu að gera neitt. Það fær sjerleyfi, sem hljóðar upp á ýmislegt, sem það ætlar að gera, en því eru engar skuldbindingar settar um, að það verði að gera eitthvað. Það vantar í þetta frv. skilyrði, sem sett eru í öll hliðstæð sjerleyfislög í Noregi. Þar er sjerleyfishöfum gert að skyldu t. d. að leggja í sjóði, og fleiri kvaðir, sem á þeim liggja. **(Atvrh. MG:** Þetta stendur alt í sjerleyfislöggjöf okkar, og eftir henni er þetta frv. sniðið). Jú, veit jeg það, að við höfum sjerstaka sjerleyfislöggjöf, en jeg sje ekki, að hún hafi verið notuð til fyrirmyndar við þetta frv. Hjer er um að ræða sjerleyfislöggjöf stílaða á sjerstakt fjelag, og þess vegna var full þörf að taka þar fram í upphafi alt, sem getur orðið til þess að tryggja okkur það, að hjer sje ekki um eintómt „svindilbrask" að ræða. Hæstv. ráðherra verð-

ur að gera betri grein fyrir væntanlegri starfsemi fjelagsins og færa sterkari líkur en hann hefir gert fyrir því, að alt þetta, sem fjelagið ætlar sjer að færast í fang þarna austur frá, sje ekki annað en „humbug“ frá upphafi til enda.

Hv. 4. landsk. (MK) er svo eindreginn járnbrautarmaður, að hann þykist ekki fara neinar krókaleiðir í því máli, þó að hann fylgi þessu frv. með allri þeirri festu, sem honum er lagin. Hann þykist fara þá einu færu og beinustu leið, sem sje um að ræða, og svo sannfærður er hann um, að ekki skeiki frá rjettu horfi um framkvæmd þessa máls, að hann er þegar sestur upp í járnbrautina og ekur með ógnarhraða um Gósenlendurnar austanfjalls. Og svo ákafur er hann, að hann vill ekki leyfa lítilsháttar breytingar á frv., sem miða þó aðeins til þess að færa það til betra máls, og ástæðan er sú, að hann vill ekki hrekja frv. milli deilda. Jeg sje ekki, að það sje frambærileg ástæða, að vilja ekki endursenda höfuðdeild þingsins frv. með þeim breytingum, sem þessi deild teldi, að væru því til mikilla bóta, enda sýndi það sig við afgreiðslu málsins í hv. Nd., að fylgi þess stendur ekki það höllum fæti þar, að nokkur hætta sje á, að það nái ekki fram að ganga, þó að því yrði vísað þangað aftur.

En mjer finst ekki, að hjer sje um neinar lítilsverðar brtt. að ræða, eins og t. d. þá, að tryggja innlendum mönnum vinnu við lagningu brautarinnar, að jeg ekki nefni hin tryggingarákvæðin fyrir því, að eitthvað verði úr framkvæmdum fjelagsins. Geti hv. þdm. fallist á rjettmæti einhverrar þessarar brtt., þá hljóta þeir að greiða atkv. með þeim. Hitt er engin ástæða, að vera á móti rjettmætum breytingum aðeins af því, að einn háttv. þm. hefir komist svo ógætilega að orði, að frv. mætti ekki hrekjast á milli deilda.

Þá þótti mjer hálfljelegur „morall“ hjá sama hv. þm., er hann var að hlakka yfir því, að erlend fjelög hefðu jafnan orðið undir í viðskiftum sínum við Íslendinga, og við svo hirt leifarnar, þegar þá rak upp á sker og neyddust til að hætta. Mjer finst slæmt að lokka erlenda menn hingað til þess að leggja fje í innlend fyrirtæki með það fyrir augum, að þeir tapi. Þetta finst mjer undarlegur „morall“ og ekki sæmandi fyrir nokkurn fulltrúa þjóðarinnar að bera slíkt fram á Alþingi, eða samþykkja frv. eins og þetta í þeim eina tilgangi, að fjelagið, eftir að það hefir byrjað á framkvæmdunum, fari á hausinn, en við hirðum það, sem þeir skilja eftir, og sláum eign okkar á það.

Hv. 4. landsk. spurði, hvað við eiginlega vildum, sem legðumst móti frv. Jeg hefi nú þegar tekið fram, hvað fyrir mjer vakir: að jeg vil, að um þetta verði sem tryggilegast búið af okkar hálfu og sjerleyfið ekki veitt nema fjelagið leggi fram álitlega upphæð sem tryggingu fyrir því, að byrjað verði á framkvæmdunum. Með þessu viljum við tryggja það betur en hann, að eitthvað verði úr því, að járnbrautin komi. Hann sagði það ekkert annað en leikaraskap hjá okkur að vera að heimta tryggingu af fjelaginu. Hann má kalla það hvaða nafni sem hann vill. En hitt ætti honum að vera vorkunnarlaust að skilja, að það er ekki viðeigandi og lítt sæmandi hinu

háa Alþingi að veita sjerleyfi ár eftir ár til þess eins. að erlendir gróðabrallsmenn geti flaggað með nafn landsins og slegið út á það peninga. Og það er áreiðanlega ekki til þess að koma góðu orði á landið, pappírar þeir sumir, sem nú ganga kaupum og sölum milli erlendra gróðabrallsmanna og hljóða upp á ýmiskonar rjettindi, sem þeir hafa sölsað hjer undir sig.

Hv. 4. landsk. vildi halda því fram, að eftir frv. væri um meiri hagnaðarvon að ræða hjá okkur en hjá fjelaginu. En þar er jeg á gagnstæðri skoðun, því að jeg held, að allur vinningurinn sje hjá fjelaginu, og með því að fá sjerleyfið, eins og það er útbúið, mundi hluthöfunum takast að selja eitthvað af nýjum hlutabrjefum. Þó að jeg hafi enga trú á því, að forgöngumennirnir geti útvegað það mikið fje út á sjerleyfið og nafn Íslands, að þeir geti lagt járnbrautina og byrjað á virkjun, þá þykir mjer þó sennilegt, að þeim mundi takast að skrapa saman þessari einu miljón í fjórum auðugustu löndunum, sem þeir telja sig hafa þegar eytt í undirbúning þessa máls, og láti sjer nægja það. Að þessu leyti getur það verið vinningur fyrir fjelagið að fá sjerleyfið, en skaði og skömm fyrir okkur að veita það.

Hv. 4. landsk. sagði ennfremur um okkur, sem öðruvísi lítum á málið en hann, að við vildum ekki ráðast í neitt, nema vissa væri fyrirfram, að eitthvað yrði úr framkvæmdunum, og sagði, að líkja mætti því við það, ef enginn færi á sjó nema hann hefði fulla vissu fyrir því að koma aftur hlaðinn að landi. (**MK**: Það var nú ekki svona illa orðað hjá mjer). Það getur verið, að það hafi ekki alveg verið svona orðað, en þetta var meiningin. (**GÓ**: Hann sagði, að menn vildu ekki róa nema þegar vissa væri um, að þorskurinn kæmi á móti þeim). Nú, jæja, en jeg held þá dæminu áfram, og það, sem jeg vildi þá segja, er það, að það er ekki siður þeirra, sem á sjó sækja til fiskjar, að róa með beran spottann. Allir vilja hafa beitu á önglinum. Fossafjelagið Titan hefir líka róið á sjó, en það hagar sjer dálítið öðruvísi en gömlu sjómennirnir. Að vísu hefir fjelagið beittan öngul, og kannske ekki að undra, þó að menn bíti á þann krók; en Titan hefir líka beran spotta, og það undarlega skeður, að menn bíta í spottann, eins og þorskurinn gleypir beittan öngulinn, og virðast festast þar engu síður en á önglinum. En jeg er hræddur um, að við höfum lítil upp úr öllu saman eftir að hafa ginið við beitunni og bitið í spottann. (**Atvrh. MG**: Þetta er mjög skáldlegt!). Jeg held við ættum að fresta þessu að sinni og láta bíða að veita þetta sjerleyfi, ef ekki er hægt að fá fjelagið til þess að setja tryggingu fyrir því, að byrjað verði á framkvæmdunum — jeg held það væri ráðlegra að bíða og sjá til, hvort fjelagið vildi ekki — (**Atvrh. MG**: Setja beitu á spottann!) gefa upp áður en leyfið er veitt, hvað það ætli sjer að gera við alla þá orku, sem það hygst að fá við virkjunina. Þetta hefir hæstv. atvrh. ekkert viljað upplýsa um. Og þó að hann segi, að fjelagið muni virkja smátt og smátt, þá er þó gert ráð fyrir, að virkjuð verði um 160 þús. hestöfl. En hvað gera eigi við alla

þessa orku, það er hinn óttalegi leyndardómur, sem hæstv. ráðh. hefir ekki tekist að gefa neinar upplýsingar um.

En járnbrautin er sú beitan, sem betri þykir og sem flestir gína við. Þó duldist engum, að hæstv. forsrh. (JÞ), sem hvorki skortir vit nje þekkingu til þess að setja sig inn í þetta mál, talaði svo, sem hann bygði ekki mikið á fjelaginu og væri vantrúaður á framkvæmdir þess.

Við 3. umr. þessa máls, ef hún þá verður nokkur, býst jeg við að koma með brtt. til þess að tryggja betur, að þetta verði okkur ekki til annarar eins vansæmdar og *járnsandurinn*, *norski bankinn* og eins og búist er við, að fari um Dynjandafjelagið. En það kalla jeg vansæmd, hvernig við höfum verið gintir til að gefa út sjerleyfislög um hitt og þetta, sem framkvæma á, en svo verður ekkert af því gert, og hlutabrjefin ganga kaupum og sölum, sem nafn landsins er bundið við. Við verðum að athuga það, að þegar löggjafarþing einhverrar þjóðar samþ. eitthvað í þessa átt, þá búast menn ekki við, að þar geti verið um „svindilbrask" að ræða. Enginn ærlegur drengur ætlar neinu löggjafarþingi slíkan loddaraskap. Ef t. d. komið væri til Englands, Ameríku og Þýskalands og mönnum boðið upp á að leggja fje í fyrirtæki, sem þeir vissu, að Alþingi hefði gefið samþykki til, að komið yrði á fót, þá mundi mönnum þeim ekki koma annað til hugar en að eitthvað það stæði á bak við samþykt Alþingis, sem óhætt væri að treysta, og því væri ekki um annað að gera en ganga beint að verki. En þegar það kemur á daginn, að altaf er verið að bjóða nýja og nýja pappíra ár frá ári, sem hljóða upp á væntanlegar framkvæmdir hjer á landi, sem Alþingi hefir veitt sjerleyfi til, en ekkert er gert, þá gæti farið svo, að sagt yrði: Nú, það er sjerleyfi frá Íslandi, við erum nú farnir að kannast við þau og vitum, að þau eru ekki mikils virði!

Útlendingar líta alt öðruvísi á þetta en við. Hugsum okkur t. d., hvaða þýðingu það mundi hafa, ef enska parlamentið veitti sjerleyfi til einhverra framkvæmda. Peningarnir mundu streyma inn og á örskammri stund fást meira en um var beðið og þyrfti til framkvæmdanna. Með samþ. parlamentsins myndi þykja kominn sá stimpill á sjerleyfið, að enginn mundi efast um, að um eitthvað merkilegt sje að ræða, og láta sjer ekki koma til hugar, að neinir prettir sjeu á bak við. Og í þennan stimpil eru allar smáþjóðir að reyna að ná, þó að misjafnlega gangi. Þess vegna ættum við að fara varlega og ekki leika okkur svo með nafn landsins og sjálfstæði eins og gert hefir verið og enn á að gera með því að fleygja fríðindum í fánýtt fossafjelag án nokkurrar tryggingar af hálfu fjelagsins.

Hv. 4. landsk. hefir líkt þessu við róðra og fiskiveiðar. Mig langar að lokum að minna hann á sögu í því sambandi, sem á rætur sínar langt aftur í forneskju. Það er sagan um Ása-Þór, þegar hann reri til fiskjar eitt sinn, en hugði að veiða Miðgarðsorm. Þór hafði vað heldur sterkan, og eigi var öngullinn minni eða óramlegri; þar ljet hann koma á uxahöfuð mikið og kastaði fyrir borð, og fór öngullinn til grunns. En Miðgarðsorm-

ur gein yfir uxahöfðinu og öngullinn vá í góminn orminum, svo að hann festist.

Fossafjelagið Titan beitir sinn öngul líka uxahöfði. Það er járnbrautin, sem það ætlar okkur að gína yfir, svo að öngullinn festist í góminum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hafði, satt best að segja, ekki ætlað mjer að tala í þessu máli. En umr. í gærkveldi ýttu mjer á stað, því jeg gerði ráð fyrir, þó jeg kveddi mjer hljóðs og færi að tala um málið, að það yrði varla óskiljanlegra en hitt og annað, sem sagt var hjer í gærkveldi.

Mjer finst, að öll afgreiðsla málsins hjer í þessari hv. deild hafi ekki verið eftir mínum smekk. Nál. hv. samgmn. lítilfjörlegt, um svo stórt mál, sem hún telur hjer vera um að ræða — nál. er ıúmlega hálf blaðsíða. Og mjer finst, að lesa megi út úr því á milli línanna, að það sje svona í þægðarskyni við hæstv. stjórn að lofa frv. að fara til 3. umr., en eins líklegt, að nefndin verði þá á móti því.

Enda virðist eftir öllum sólarmerkjum að dæma, að mál þetta sje svo aumlega undirbúið, að furðu sætir, að komið skuli vera með það til þingsins. Það er upplýst, að fjelagið, sem ætlar að gera öll þessi undur austanfjalls, hefir engan eyri handa á milli.

Hæstv. atvrh. sagði nú líka, að það gerði ekkert til, þó að fjelagið ætti engan eyri í handraðanum — það væri sama, hvort samið væri við fjelag, sem ekkert ætti, eða annað, sem teljast mætti efnað — og rök hæstv. ráðh. voru þau, að fjelagið ætlaði að fá fjeð annarsstaðar frá. Þetta kann vel að vera, en jeg hefði nú samt talið það betra og tryggilegra að semja við efnað fjelag, sem nyti trausts og viðurkenningar erlendra fjármálamanna.

Mjer finst, að þessi sjerleyfi sjeu orðin faraldur hjer á hinu háa Alþingi. Flest af þeim, sem veitt hafa verið, hafa aldrei borið neinn árangur, og má kannske með sanni segja, að þau sjeu best vegna þess, að þau hafa aldrei komið til framkvæmda.

En það er nú í fyrsta sinn, að hæstv. stjórn ber fram frv. um að veita sjerleyfi. Heldur hún því fram, að það sje mikið framfaramál að fá hjer járnbraut, en þar er jeg á öðru máli og margir aðrir góðir menn.

Ríkisstjórnin hefir ekki lagt eins mikla rækt við nein hjeruð eins og sýslurnar hjer fyrir austan fjall, en öll þau fyrirtæki, sem þar hafa verið gerð, hafa síður en svo gert hag sýslnanna betri en áður, og sama mun verða um járnbrautina, ef hún kemur.

Þá taldi hæstv. atvrh., að járnbrautir væru bestu samgönguleiðir og mikið ódýrari en bílvegir. Ja, jeg skil nú ekki, að við þurfum ekki að hafa bílveg austur í sýslur þrátt fyrir það, þótt járnbraut komi, svo þetta er fölsk ástæða hjá hæstv. atvrh.

Hæstv. atvrh. sagði, að ekki mætti miða við það, þótt járnbrautir bæru sig illa erlendis, því að þar væru svo lágir flutningstaxtar. Þetta er nú ekki annað en sönnun þess, að járnbrautir borgi sig illa, og ver en bifreiðir, því að auðvitað eru farmgjöld með járnbrautum alstaðar sett svo há sem fært þykir og sanngjarnt.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. samgmn. Þar hafa 2 hv. nefndarmenn komið fram með 2 brtt. á þskj. 330, er þeir telja til bóta, en háttv. frsm.

nefndarinnar segist þó vera á móti þeim. Upp úr þessu tók hæstv. atvrh. í sama strenginn og háttv. frsm., að hann taldi till. til bóta, en vildi þó ekki hafa þessi ákvæði í lögum, heldur í sjerleyfinu. Þetta hefir nú ekki verið reglan hjá Alþingi um lagasetning, en með sama rjetti gæti hæstv. atvrh. haldið því fram, að í lagasetning Alþingis þyrfti ekki að vera annað eða meira en fyrirsagnir laganna og ef til vill lítilfjörlegur rammi um, hvað í þeim ætti að standa, svo gæti stjórnin sjeð um alt annað með reglugerðum!

Jeg held, að það væri rjettast fyrir þá, sem fylgja þessari skoðun, að snúa frv. við og heimila stjórninni að veita öll þau sjerleyfi, sem beðið er um! En það væri fremur eftir mínu skapi að bíða með að veita fleiri sjerleyfi þangað til menn sjá, hvort nokkuð kemst í framkvæmd af þeim fyrirtækjum, sem sjerleyfi hafa verið veitt um. Og þótt það verði máske ekki talin hneisa að veita nú enn sjerleyfi svona út í bláinn, þá verður það áreiðanlega ekki til þess að auka virðingu þingsins.

Þá var það eitt í ræðu hæstv. forsrh., sem jeg get ekki sætt mig við, að það sje óviðeigandi, að fjelaginu sje gert að greiða eitthvað, ef það byrjar ekki á framkvæmdum innan ákveðins tíma. Jeg hygg, að það sje venjulega svo, að ef veitt eru hlunnindi, þá setji viðkomandi einhverja tryggingu í staðinn. Og jeg tel það mikið vafamál, hvort fjelagið er betur sett með því að byrja á framkvæmdum, leggi einhvern hluta af járnbrautinni, og svo verði alt tekið af því, ef það verður að hætta vegna fjárskorts.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leiðrjetta þann misskilning, er kom fram í ræðu hv. 5. landsk. (J-Bald), þar sem hann talaði um, að ekki sje búist við því, að neitt verði úr framkvæmdum hjá fjelaginu, en gerði jafnframt að umtalsefni brtt., sem beint gera ráð fyrir því, að úr framkvæmdum verði. Þannig haga menn ekki orðum sínum á löggjafarþingum, því að þetta er að komast í mótsögn við sjálfan sig.

Háttv. þm. gerði ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær gæti tekið handa sjer 6—12 þús. hestafla orku af því rafmagni, sem framleitt verður í Þjórsá. Þetta verður að álítast góð byrjun um það, hvernig það muni borga sig að virkja Urriðafoss.

Jeg hefi heyrt þeirri spurningu hreyft, hvort það mundi borga sig fyrir Reykvíkinga að fá hestaflið fyrir 55 kr. gjald á ári. En þótt salan á orkunni kæmist ekki nema upp í helming af því, er hv. 5. landsk. nefndi, þá mundi sá viðauki raforkunnar hjer lækka rafmagnsverðið um meira en helming á móts við það, sem bæjarbúar verða nú að borga. Og mjer finst alls ekki rjett að gera lítið úr þessu atriði.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það var aðallega hv. 5. landsk., sem hjelt því fram, að það væri ekki hægt að gera Titan-fjelaginu meiri greiða en að leggja á það 9 milj. kr. framlag. En þá heldur hann, að fjelagið hafi meira fje heldur en hann hefir látið í veðri vaka, að það mundi hafa.

Það er að snúa málinu alveg við, að segja, að það sje hagnaður að hafa

þetta sjerleyfi með þeirri skyldu að verða að leggja járnbraut.

Hv. þm. talaði um það, að verðið á rafmagninu væri sett óhæfilega hátt. Það stendur þó skýrum orðum í 6. gr. frv., að það megi aldrei fara fram úr 55 kr. fyrir hestorkuna á ári. Og er jeg spurði hv. þm., hvað árshestorkan kostaði hjer í Reykjavík til ljósa, þá varð hann að svara því, að hún mundi kosta um 600 krónur. Þetta er nú svo sem enginn mismunur eftir hans kokkabók!

En hjer ber fleira að gæta. Það er auðsætt, að Reykjavík vantar nú þegar tilfinnanlega raforku. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að hv. 5. landsk. sje á móti frv. vegna þess, að hann unni Reykjavík þess ekki að fá ódýrt rafmagn, heldur óttist hann mest „konkurrance“ við þá rafstöð, sem er eign bæjarins.

Hv. þm. sagði, að það væri ekkert ákveðið um það í frv., hvað gera ætti við orkuna í Urriðafossi. Hefir hann þá ekki lesið 1. gr. 5. lið? Þar stendur: „Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni“. Nei; það, sem hann er að finna að, er, að ekki er fyrirfram búið að útvega kaupendur að allri orkunni. Þetta sýnir ekki mikið viðskiftavit hjá hv. þm. og fer alveg í bág við hans eigin framkomu, því að varla mun hann, þá er hann stofnaði brauðgerðarhúsið hjer á árunum, hafa haft fasta kaupendur að öllum þeim bollum, vínarbrauðum og snúðum, er brauðgerðarhúsið gat framleitt.

Það er enginn efi á því, að nóg þörf verður fyrir orkuna. Það getur vel komið til mála, að járnbrautarvagnarnir verði knúðir með raforku, því að hún getur orðið ódýrari en kol. Þar að auki þarf sjerleyfishafi mikla orku til þeirra iðjuvera, sem hann hefir hugsað sjer að setja á fót. Og hafi hann þá nokkurn kraft afgangs, er hann þarf ekki að nota sjálfur, er enginn efi á því, að nóg þörf er fyrir hann hjer í Reykjavík og grend, að minsta kosti þegar stundir líða.

Hv. þm. sagði, að fjelagið hefði ekkert að gera við svona mikinn kraft, en jafnframt sagði hann þó, að þetta mundi verða stórgróðafyrirtæki. Þarna komst hann enn einu sinni í mótsögn við sjálfan sig. Svo áleit sami hv. þm., að hjer geti hin almennu sjerleyfislög ekki komið til greina. Þar sýnir hann enn, að hann hefir ekki lesið frv., því að í 12. gr. þess stendur:

„Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum“.

Mjer skildist á hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að hann hefði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að það væri eins gott að semja við fátæk fjelög sem rík. Þetta er misskilningur. Hitt sagði jeg, að ef góðir menn stæðu að fjelögum, þótt fátæk væru, þá gætu þau hrint af stað stórum fyrirtækjum.

Jeg vil líka skýra honum frá því, að ef járnbrautin kemur, þá verður viðhald veganna austur yfir fjall svo miklu minna en ella, að sá sparnaður mun fyllilega svara vöxtum af annari þeirra tveggja milj. króna, sem við eigum að leggja fram til járnbrautarinnar.

Það er satt, að álitamál getur verið, hvað á að standa í lögunum sjálfum og hvað í sjerleyfi, en það er greiði við málið að láta það ekki hrekjast mikið milli deilda, að koma ekki með hinar og aðrar breytingar við frv., breytingar, sem alveg eins vel má setja í sjerleyfið.

Hv. þm. A.-Húnv. fanst málið illa rætt og undirbúið, því að enn væri engin vissa fengin um það, hvort hjer væru betri samgöngutæki bifreiðir eða járnbrautir. Það hefir nú þegar verið eytt um hundrað þúsund kr. úr ríkissjóði til þess að rannsaka þetta, og þær rannsóknir hafa leitt í ljós, að járnbrautir muni verða betri. Þá nefndi hann einnig viðhaldskostnað beggja. Það er nú sýnt og sannað, að viðhald vega er ekki minna en viðhald járnbrautar þegar í upphafi meðan vegir eru nýir, en þegar þeir fara að ganga úr sjer, verður viðhald þeirra langtum meira. Það mundi ekki fást neitt gjald af bifreiðunum, sem fara um veginn, en ef um járnbraut væri að ræða, þá fengist borgun af hverjum manni og hverju kg., sem með henni yrði flutt. En út af sjerleyfunum skal jeg geta þess, að það hafa verið veitt fleiri sjerleyfi en þau, sem hv. 2. landsk. (IHB) nefndi. Skal jeg þar minna á eldri sjerleyfi, og þá fyrst og fremst sjerleyfi Íslandsbanka og Stóra norræna ritsímafjelagsins. Þó að veitt hefðu verið mörg sjerleyfi, en engin þeirra hefðu orðið að liði nema þessi tvö, sem jeg nú nefndi, þá hefði ekki verið unnið til einskis. Jeg veit, að þessu máli svipar ekki alllítið til ritsímamálsins hjer áður, og er ekki nema eðlilegt, að svo stórt mál sem þetta valdi töluverðri sundrung. Hjer er um það að ræða, hvort heldur eigi að nota bifreiðir eða járnbraut, eins og áður var um það deilt, hvort nota ætti loftskeytatæki eða ritsíma. Þá voru margir, sem hölluðust að loftskeytatækjum, af því að þau voru yngri uppfynding en ritsími, eins og nú margir hallast að bifreiðum, af því að þær eru yngri en járnbrautir. Menn hafa lagst á móti þessu sjerleyfi vegna fátæktar fjelagsins og sagt, að það mundi aldrei verða neitt úr framkvæmdum og það tefja fyrir virkjun fossanna. En menn hafa einnig verið á móti því, ef svo kynni að fara, að fjelagið yrði þess megnugt, að það gæti ráðist í þessar framkvæmdir, vegna þess að þá myndi það vaxa okkur yfir höfuð. Þessu síðara var einnig haldið fram um Stóra norræna ritsímafjelagið. Jeg hefi margsinnis tekið það fram, að sjerleyfið fjelli niður, ef peningar til framkvæmda fengjust ekki, en jeg hefi líka bent á það, að fjelagið getur ekki aflað sjer alls þess fjár, sem þarf, nema það hafi sjerleyfið í höndunum. Er þetta mjög skiljanlegt, því að erlendir peningamenn eru ekki ginkeyptir fyrir því að leggja fje sitt í fyrirtæki, nema þeir viti með fullri vissu, að hverju er að ganga.

Að sjerleyfið muni spilla fyrir járnbrautarmálinu, ætti ekki að vera nema gott frá sjónarmiði hv. 2. landsk.

(IHB), sem er á móti járnbraut. En jeg tel það algerlega óvíst, að ríkið sæi sjer fært á næstu 2 árum að leggja út í það af eigin rammleik að leggja 83 km. langa járnbraut. En hjer með þessu frv. eru líkur fyrir því, að við getum fengið þessa járnbraut gegn aðeins 2 milj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Er það sannfæring mín, að við fáum aldrei betri skilmála en þessa.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg stend hjer upp til þess að bera af mjer — að vísu ekki sakir, en því sem næst.

Hæstv. forsrh. (JÞ) benti mjer á það, að jeg blandaði saman tveimur óskyldum lögum, sjerleyfislögunum og vatnalögunum frá 1923. Jeg skal játa, að það mun rjett hjá hæstv. ráðh. En það er ekki von á því, að leikmenn í þessum efnum, eins og jeg er, sjeu búnir að kynna sjer mismuninn á þessum tveim lögum. En það var þó aðeins eitt af þeim sjerleyfum, er jeg taldi, er snertir vatnalögin, sem sje sjerleyfið til Dynjanda, lög nr. 48, 15. júní 1926. Af þeim nýju lögum, sem jeg taldi upp, hefi jeg því syndgað á móti einu þeirra, með því að telja, að sjerleyfið til Dynjanda heyrði ekki undir vatnalögin. Og þessa yfirsjón mína kannast jeg við. Sjerleyfislögin eru ekki eldri en frá 1925. Hæstv. ráðh. kvaðst skoða þetta mál sem samgöngumál. Jeg tók það skýrt fram í ræðu minni í dag, að jeg væri þess fullviss, að hver sá, sem ljeti sig mál þetta skifta, reyndi að tala um það af skilningi og sanngirni. Jeg ætlast ekki til, að hæstv. ráðh. verði mjer samferða í þeirri skoðun minni, að bifreiðir sjeu, eins og hjer hagar til, betri samgöngutæki en járnbraut. En þá vænti jeg þess á móti, að hann ætlist ekki til þess af mjer, að jeg samþykki þá skoðun hans, að járnbrautir sjeu betri. Þegar járnbrautarmálið var á ferðinni hjer í fyrra, þá var jeg því frekar hlynt. En að veita þetta sjerleyfi nú, tel jeg óráð, vegna þess að allar líkur eru til þess, að það verði samgöngunum til engra bóta.

Hæstv. ráðh. taldi frv. þetta spor í rjetta átt. Jeg er gagnstæðrar skoðunar; en um það þýðir ekki að deila, því að þar kemur aðeins fullyrðing í móti fullyrðing.

Þá fann hæstv. ráðh. okkur 1., 2. og 5. landsk. það til foráttu, að við hefðum lagt áherslu á það, að það væri landinu til minkunar að veita slíkt sjerleyfi sem þetta. Jeg hefi aldrei sagt það, en hinsvegar álít jeg, að landið fái aldrei af því neinn sóma og lítið fje.

Hæstv. ráðh. taldi það sannanlegt, að járnbrautin mundi geta borið sig. Jeg hygg, að honum muni verða allerfitt að sanna það, einkum áður en hann veit, hvort járnbrautin kemur til framkvæmda og áður en hann veit, hversu mikinn flutning hún muni fá og hversu mikill rekstrarkostnaður hennar muni verða. Enda þótt kostnaðaráætlun sje til, þá hafa slíkar áætlanir alloft reynst lítt ábyggilegar, og er því að minni hyggju of snemt fyrir hæstv. ráðh., enda þótt hann sje bæði verkfræðingur og forsrh., að trúa á fyrirtækið.

Því var beint að mjer, að það þyrfti meira en fullyrðingu 2. landsk. til þess að sanna það, að járnbrautir væru að leggjast niður erlendis. En ef hæstv.

ráðh. les erlend blöð, þá mun hann sannfærast um, að mikil brögð eru að þessu.

Það átti að vera hægt að láta járnbrautina bera sig með því að hafa flutningsgjöldin nógu há. Það er svo sem auðvitað. En það er vafasamt, hvort það verður til hagnaðar fyrir fólkið, sem býr á þessu svæði. Þá er betra að hafa gamla lestaganginn eða taka upp aðra ódýrari aðferð til flutninga.

Hæstv. ráðh. tók útgerð skipa til samanburðar við járnbrautina og sagði, að gjöldin yrðu að miðast við það, hvernig útgerðin bæri sig. En hvað er unnið með samgöngubótum, ef þær verða til þess að íþyngja þeim, sem eiga við þær að búa? Að framlag ríkissjóðs til járnbrautarinnar er ekki nema 2 milj. kr., í stað 3 milj., ef um bílveg væri að ræða, þá munar það ekki nema 1 milj. kr., og er það ekki mikill munur, þegar farið er að hugsa í miljónum á annað borð. Á jeg, þegar jeg tala um bílveg austur, ekki við vegakák eins og það, sem við höfum orðið að búa við hingað til, heldur verulega endingargóða og vel gerða vegi. Segi jeg þetta ekki til þess að lasta þá, sem að vegagerðum standa hjer á landi, en reynslan hefir sýnt það, að það er því nær ómögulegt að fara um veginn austur nema í þurkum. Vegagerðir hjer verða dýrar og endingarlitlar, vegna þess að fje því, sem árlega er varið til vegabóta, er dreift of víða, í stað þess að taka fyrir færri vegi í einu og gera þá þeim mun betri til frambúðar. Með því móti mundu vegirnir með tímanum verða góðir bílvegir.

Þar sem dreginn hefir verið í efa tilgangur minn með mótstöðu gegn þessu máli, þá skal jeg enn þá einu sinni taka það fram, að jeg er þeirrar skoðunar, að þessi bið, sem af sjerleyfinu leiðir, geti orðið til tafar öðrum samgöngubótum. Þessa skoðun hefi jeg haft áður, og jeg hefi hana enn. Jeg býst við því, að Titan reyni sem lengst að halda í sjerleyfið og nota sjer það. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hjer sje um neitt góðgerðafjelag að ræða. Jeg tók það fram í upphafi fyrri ræðu minnar, að jeg myndi ekki koma fram með neitt nýtt í máli þessu, en líta á það, eins og eðlilegast er, frá almennu sjónarmiði.

Þá vildi jeg svara hæstv. atvrh. nokkrum orðum. Hann beindi því til mín, að jeg hefði sjerstaklega viljað halda fram bifreiðunum sem samgöngutækjum, en talið járnbrautirnar lakari. Þetta er rjett. En jeg hefi svarað þessu í svari mínu til hæstv. forsrh., og ætla jeg að láta það nægja. 100 þús. kr. árlega til viðhalds vegunum hjer á landi er ekki mikil upphæð, og er ekki von, að hægt sje að fá góða vegi fyrir það. En hv. 1. þm. G.-K. (BK) hefir sýnt það með rökum, að viðhaldskostnaður járnbrauta er einnig mjög mikill, og benti hann í því efni sjerstaklega á fyrningarkostnaðinn. Tek jeg þá sönnun hans mjer til inntekta.

Þá benti hæstv. atvrh. mjer á mörg sjerleyfi eldri en þau, sem jeg hafði talið upp. En jeg get bent hæstv. ráðh. á það, að jeg taldi aðeins frá 1913—1926. Hæstv. ráðh. taldi upp sjerleyfið til Stóra norræna ritsímafjelagsins og til Íslandsbanka. Jeg geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. mundu vera samþykkir sjerleyfi til Stóra norræna ritsímafjelagsins nú, ef eins stæði á

og þegar fjelaginu var veitt leyfið. Að járnbrautarmálinu sviþi til ritsímamálsins, fæ jeg ekki sjeð, nema að því leyti sem hæstv. ráðh. benti á, að þá voru uppi tvær skoðanir á málinu, önnur, sem vildi loftskeyti, en hin, sem vildi ritsíma. Og hið síðara var tekið. En jeg er ekki sannfærð um, að árin 1927—1929 verði sama reyndin um járnbrautina eins og verið hefir um ritsímann síðan 1905. Í sambandi við það, að hæstv. ráðh. sagði, að óttinn við útlenda verkamenn, er mundu koma til landsins á vegum Stóra norræna, hefði verið notaður sem grýla á menn og sagt, að það mundi gera okkur að þrælum, þá skal jeg geta þess, að jeg er ekki hjartveik fyrir því, þó að jeg hinsvegar trúi ekki á óskeikulleik manna til þess að velja og hafna í þessum efnum.

Því, að ekki sje hægt að útvega fjeð fyr en sjerleyfið er fyrir hendi, verð jeg að trúa, þar eð vanir stjórnmálamenn halda því fram. En skynsemi mín mælir í móti þessu. Jeg tel þá fyrst rjett að veita sjerleyfið, er tryggging er fengin fyrir því, að skilyrðin til framkvæmda á sjerleyfinu sjeu fyrir hendi.

Að járnbrautin, eins og ráð er gert fyrir í frv., verði oss ódýrust, um það skal jeg ekkert segja, en það væri vitanlega gott. Jeg er ekki viss um, að jeg lifi að fá að sjá það, en jeg gleðst vitanlega yfir þeim horfum.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta mál að svo stöddu, en vil aðeins taka það fram aftur, sem jeg sagði, er jeg tók fyrst til máls, að jeg stóð upp aðallega til þess að gera grein fyrir skoðun minni á járnbrautarmálinu og hvers vegna jeg hefi álitið og álít sjerleyfið ekki eftirsóknarvert fyrir oss.

Jónas Jónsson: Jeg þarf að segja nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. (JÞ) fann till. mínum til foráttu. Hann hjelt því fram gegn fyrstu till. minni, að hjer væri um engin útlát að ræða frá landsins hálfu, og því þyrfti ekki að heimta neina tryggingu. En það er þó hlutafjelagið Titan, sem sækir á, og allir vita, að það gerir það ekki okkar vegna, heldur vill það nota vatnsrjettindi sín. Þessi till. um járnbrautarlagningu er frá hæstv. atvrh., en ekki frá fjelaginu. Því verður ekki neitað, að fjelagið fær hjer margvísleg hlunnindi og ívilnanir. Jeg býst við, að mörg hlutafjelög vildu þiggja þau skattakjör, sem Titan eru ætluð, en slík hlunnindi hafa ekki verið látin í tje neinu gróðafjelagi, nema ef nefna mætti Íslandsbanka. Landið lætur hjer af hendi mikla möguleika, sem óneitanlega eru mikils virði, hvort sem fjelagið getur komið nokkru í framkvæmd eða ekki. En ef ekkert verður úr virkjun og fjelagið er braskfjelag, þá vita allir, hvað reynt verður að hafa upp úr leiknum. Það verður reynt að hækka hlutabrjefin í verði og því óspart haldið á lofti, að íslenska ríkið sje í þessum fjelagsskap. Þetta er einmitt það hættulega við að láta sjerleyfi í hendur óþektra manna og getur hæglega orðið landinu til minkunar og skaða. Það er alveg talað út í hött, að ríkið sje að reyna að fjefletta fjelagið, þótt það heimti tryggingu. Ef hjer á í hlut braskfjelag, sem fær mikil hlunnindi og kem-

ur með þessa siðferðilegu ábyrgð landsins á pappírum frá atvrh., þá mætti miklu fremur segja, að hætta væri á, að það fjefletti landið. Það er alveg óskiljanlegt, að fjelag, sem ætlar að ráðast í fyrirtæki, sem kostar tugi miljóna, geti ekki lagt fram neitt veð. Ef fjelaginu er alvara, þá býr hver að sínu. En ef hjer er verið að leika með landið, sje jeg ekki eftir fjelaginu að setja einhverja tryggingu. Jeg skal þá með fáum orðum rifja upp, hvað felst í till. minum. Fyrsti liður fer aðeins fram á það, að fjelagið sýni, hvort því er full alvara í þessu máli. Ef það vill enga tryggingu setja, er því engin alvara.

Annar liður fer fram á þá sjálfsögðu ráðstöfun, að samþykki Alþingis verði að koma til framsals á sjerleyfi. Það verður að vera ákveðinn aðili, sem samið er við. Svo var það, þegar Íslandsbanki var stofnaður, og sömuleiðis þegar samið var um símalagninguna. Þriðji liður stendur í fullu gildi, þar sem hv. 1. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Eyf. hafa tekið sínar brtt. aftur. Síðari liður þeirrar tillögu er nauðsynlegur, því ef sjerleyfið lenti í höndum braskara, væri síður hægt að misbrúka afstöðu landsins, ef greinilega væri tekið fram, að það væri ekki þátttakandi í öðru en þessu eina atriði, járnbrautinni. Tillögur mínar fara allar í þá átt að reyna að leiða í ljós, hvort fjelaginu er í raun og veru alvara og hvort til nokkurs er að semja við það. Þó að því sje haldið fram, að reyna verði þessa leið vegna járnbrautarmálsins, er sú tilraun vitanlega tilgangslaus, ef fyrirfram er víst, að fjelagið geri ekki neitt. Tryggingartill. mínar eru miðaðar við það, að fjelagið eigi ekki annað en vatnsrjettindin. Mjer hefði verið skapi nær að heimta peningatryggingu. En þegar jeg heyri, að fjelagið á enga peninga, vil jeg bjóða því að setja tryggingu, sem það getur staðið við.

Jeg óska, að þessar till. minar komi til atkvæða nú. Þær eru áminning til stjórnarinnar um það, að reynt sje að ganga úr skugga um, hvort hjer sje verið að semja við áreiðanlegan aðilja. Mótstaðan gegn till. minum stafar af ugg um fjárhag fjelagsins og lítilli von um framkvæmdir af þess hálfu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. 1. landsk. sagði, að það væri Titan, sem sækti hjer á. Það getur nú orkað tvímælis. Stjórninni mun hafa fundist svo mikil fríðindi landinu til handa felast í þessu samkomulagi, að hún gæti borið frv. fram sem stjfrv. Það mundi hún ekki hafa gert, ef eingöngu hefði verið að ræða um hagsmuni fjelagsins.

Það kennir allmikils misskilnings hjá hv. þm. (JJ) á eðli sjerleyfa, þegar hann heldur því fram, að fjelagið fái með sjálfu sjerleyfinu fjárhagsleg hlunnindi. Sjerleyfisþiggjandi fær aðeins skilyrðisbundin loforð um fjárhagsleg hlunnindi í framtíðinni, sem aldrei verða látin af hendi, ef settum skilyrðum er ekki fullnægt. Jeg álít það mjög varhugavert fyrir álit landsins út á við að setja upp svona fjárkröfur sem skilyrði fyrir því, að fjelagið láti verða úr framkvæmdum. Það þarf ekki að vera af neinum ugg um framkvæmdir fjelagsins, þó að jeg ræði till. á þeim grundvelli, sem

hún stendur á, sem sje þeim, ef fjelagið getur ekki notað sjerleyfið. Mjer finst það mjög óviðkunnanleg leið til fjáröflunar fyrir landið að draga sjer fjármuni án þess að nokkuð komi í staðinn. Hjer er um engin útlát að ræða frá landsins hálfu. — Hv. þm. gerði ráð fyrir, að Titan mundi geta notað sjerleyfið til að koma hlutabrjefum sínum í hærra verð. Jeg hefi enga trú á því. Jeg er sannfærður um, að hvert eyris framlag, sem fjelagið fær, verður bundið þeim skilyrðum, að úr framkvæmdum verði. Eftir þessari till. hv. þm. er alls ekki víst, að fjelagið fái að halda eignum sínum. Þó að full alvara sje um að framkvæma verk á ákveðnum tíma, geta margar óviðráðanlegar orsakir orðið þess valdandi, að það sje ómögulegt. Jeg hefi ekkert um það sagt, hvort hlutafjelagið Titan ætti peninga. Jeg sagði, að mjer væri ekki kunnugt um aðrar eignir þess en þær, sem hjer eru.

Jeg ætla ekki að svara háttv. 2. landsk. miklu. Okkur kemur ekki saman um, hvort æskilegra sje að fá járnbraut eða nota bíla. Hv. þm. fór ekki rjett með orð mín í því sambandi. Jeg sagði, að það þyrfti meira en fullyrðingu hv. þm. til þess að hnekkja þeirri niðurstöðu, sem sjerfræðingar hafa komist að í þessu efni. Jeg átti við, að þeirri niðurstöðu yrði ekki hnekt með öðru en nýrri rannsókn, sem leiddi annað í ljós. Annars gerði háttv. þm. góða grein fyrir því, hve erfitt væri að halda uppi góðum samgöngum með vegabótum einum saman. Þetta stafar af landsháttum. Það er tiltölulega ódýrt að gera vegi fyrir litla umferð. En efni veganna er ekki nógu haldgott, þar sem umferð er mikil, og kemur það betur og betur í ljós, eftir því sem umferðin vex.

Björn Kristjánsson: Það voru hinar margítrekuðu tilvitnanir beggja ráðherranna til sjerfræðinganna, sem gáfu mjer tilefni til að standa upp. Sjerstaklega var það þó vegna tilvitnana í skýrslu þá, sem hr. Geir Zoëga vegamálastjóri gaf út í fyrra að tilhlutun stjórnarinnar. Í skýrslu þeirri er hann að bera saman rekstrarkostnað járnbrauta og bifreiða og kemst að þeirri niðurstöðu með útreikningum sínum, að ódýrara verði að reka járnbraut og að flytja með henni en með bifreiðum.

Eigi verður á skýrslu þessari sjeð, á hvaða verðlagi hann byggir bifreiðaflutningskostnaðinn, því aðeins eru sýndar útkomutölurnar eða heildarútkomutölur, án þess að sjeð verði, á hvaða verðlagi þær byggjast. Þegar skýrsla þessi kom út, sem átti þá að styðja þá stefnu að láta ríkissjóðinn leggja járnbrautina, hafði hún þau áhrif á mig, að jeg mundi óðara hafa látið hana í brjefakörfuna, ef jeg hefði ekki gert ráð fyrir, að málið kæmi fram aftur á næsta þingi. Þótti mjer þetta leitt, þar sem mjög mætur maður að öðru leyti á í hlut.

Í skýrslu þessari gerir vegamálastjóri ráð fyrir, að nýr bifreiðavegur frá Reykjavík að Ölfusá mundi kosta 3½ miljón kr., en mjer verður á að efa, að hann þurfi að verða svona dýr, enda vantreysti jeg, að skýrsla þessi og áætlanir sjeu á nægum rökum bygðar. Í skýrslunni á bls. 12 áætlar verkfræðingurinn, að flutningsgjaldið með járnbrautinni verði 12 aur. fyrir hvern mannkílómeter, eða að Ölfusárbrú, sem er 67 km. vegalengd, kr.

8,04 fyrir manninn, og vöruflutningsgjaldið áætlar hann pr. tonn (1000 kg.) 50 aura á tonnkílómeter, eða 33 kr. og 50 aura pr. tonn.

Ólíklegt er, að flutningskostnaðurinn með járnbraut verði settur lægri.

Samkvæmt því verður flutningskostnaðurinn með járnbrautinni hærri en hann er nú með bifreiðum. Vöruflutningsbifreið fyrir 1 tonn má nú um hávetur fá leigða hjá góðu fjelagi fyrir 60 kr. fram og aftur, ekki að Ölfusá, heldur að *Þjórsá*. En flutningsgjaldið fyrir manninn að Þjórsá er nú 8 kr. Samt segir verkfræðingurinn í skýrslu sinni, á bls. 18, þetta: „Flutningsgjöldin fyrir vörur með járnbrautinni eru að vísu áætluð svo lág (20 kr. fyrir 1000 kg. milli Reykjavíkur og Ölfusár, sem nú kostar minst 60 kr.), að þau ein útiloka algerlega alla flutninga með bifreiðum".

Á þessum stað telur verkfræðingurinn vöruflutningsgjaldið með járnbraut 20 kr. tonnið að Ölfusá, en 33 kr. og 50 aura á bls. 12. Og bifreiðaflutninginn telur hann minst 60 kr. tonnið sömu vegalengd, eða rjettum helmingi hærra en það er nú um hávetur. Og ekkert tillit tekur hann til þess, hversu mikið lægra flutningsgjaldið með bifreiðum mundi verða, ef búið væri að leggja veg fyrir 3½ milj. kr. austur að Ölfusá. Og þá tekur hann heldur ekki með í reikninginn, hvað kostar sendanda eða móttakanda, t. d. í Reykjavík, að eiga að sækja eða afhenda vöruna inn á „Skell" í Reykjavík, að járnbrautinni. Samt gengur verkfræðingurinn ekki alveg framhjá þessu í skýrslu sinni, þar sem hann segir á bls. 15:

„Hinsvegar hefir það einmitt víða verið meinið við vöruflutninga með járnbrautum í samkepni við bifreiðar, að vegna umhleðslu varnings og af ýmsum öðrum flutningsástæðum, þá verða vörurnar oft ótrúlega lengi á leiðinni til móttakanda, nema greitt sje mjög tilfinnanlegt aukagjald, en bifreiðarnar geta annast flutningana alla leið, beint milli aðilja. Þessir kostir bifreiðanna hafa valdið því, að þær keppa mjög við járnbrautirnar, jafnvel þótt flutningsgjald með þeim sje nokkru hærra".

En ekki dettur verkfræðingnum samt í hug að taka þetta með í reikninginn.

Þegar nú t. d. Biskupstungnamenn eða Hreppamenn þurfa að hafa bíla eftir sem áður til þess að flytja vörur sínar að eða frá járnbrautinni, — ætli flestir mundu ekki fremur kjósa að láta bílinn fara með flutninginn alla leiðina heim til þess manns í Reykjavík, sem þeir skifta við, heldur en að láta járnbrautina flytja vörurnar hluta af leiðinni fyrir hærra verð en hann getur sjálfur flutt þær fyrir, og svo að kosta upp á sjerstaklega að flytja vörurnar að eða frá járnbrautarstöðinni til viðtakanda, eða frá sendanda? Jeg held það. Í skýrslunni tæftir verkfræðingurinn á ráðum til að láta járnbrautina bera sig, og segir svo á bls. 18:

„Jafnframt verður og til frekari tryggingar að banna reglubundnar bifreiðaferðir til almennra vöru- og fólksflutninga á þeirri leið" (milli Reykjavíkur og Ölfusár).

Með „monopol" átti meðal annars að fá járnbrautina til að bera sig.

Þá bendir verkfræðingurinn á fleiri ráð til að tryggja járnbrautinni tekjur. Á bls. 17 stendur þetta:

„Frá Reykjavík mætti sennilega vænta svo mikils áhuga fyrir samgöngubót þessari, að fyrirtækinu yrði lagður einhver styrkur, beinn eða óbeinn, auk að sjálfsögðu ókeypis lands á „Skelli“ undir járnbrautarstöðina“.

Og enn segir verkfræðingurinn:

„Í Danmörku eru lög um sjerstakan verðhækkunarskatt á fasteignum í hjeruðum, sem járnbrautir eru lagðar um, og rennur skatturinn til rekstrar brautinni. Er sjálfsagt að rannsaka, hvort rjett þætti að setja hjer svipuð lög“.

Þetta eru nú ráðin, sem verkfræðingurinn bendir á til þess að fá járnbrautina til að bera sig.

En hvernig mundi svo reynslan verða, er hið útlenda fjelag færi að reka brautina með stórtapi árlega?

Við erum ekki svo háir í loftinu, að við stæðumst það, að fjelag með um 100 milj. kr. höfuðstól eða meira færi að bera upp kveinstafi sína út af tapinu. Mundi það ekki verða fyrsta úrræðið að hjálpa því með því að banna alla bifreiðaflutninga austur, eða að hætta að veita fje til viðhalds veginum austur, svo að hann yrði ófær til bifreiðaflutninga?

Og mundu þá ekki skattaálögurnar koma næst? Tíminn mun leiða það í ljós, ef nokkuð verður af fyrirtækinu.

Þá kemur ályktunin um arðinn af járnbrautinni; hana er að finna á bls. 16 í skýrslu verkfræðingsins, sem hljóðar svo:

„Reynist áætlanir Möllers nálægt sanni, sem vænta má, því þær hefir einmitt verið reynt að gera mjög varlegar, þá á járnbrautin að vera fær um að svara 5% vöxtum af stofnkostnaði eftir aðeins 10 ár, og jafnvel nokkrum rekstrarafgangi upp í vexti þegar á fyrstu árum“.

Eigi verður annað sjeð en að verkfræðingurinn geri þessa áætlun að sinni áætlun.

Hvað það atriði snertir, að járnbraut geti borið sig hjer á landi, vil jeg benda á skýrslu, sem út kom hjer í blaði í fyrravor um rekstur járnbrautanna í Noregi. Jeg man einu sinni ekki, hvað blaðið hjet, sem skýrslan var í, en jeg hirti það og hagnýtti mjer skýrsluna, af því að jeg sá, að þar var óhlutdrægt sagt frá. Þar er sagt, að arðurinn af öllum ríkisbrautunum norsku hafi verið að meðaltali 1¼% á árunum 1878—1922, en 1923—'24 aðeins $^{8}/_{10}$%. Eru þó margar brautirnar gamlar og alt efni til í þær í landinu sjálfu, og mikill ferðamannastraumur, enda fjellu 47% af tekjunum á fólksflutning, en 53% á vöruflutning.

Saga Jaðarsbrautarinnar í 25 ár, frá 1878—1903, var á þessa leið: Jaðar er sjávarmegin 7 mílna löng lágströnd, stærsta undirlendi Noregs, milli Stavanger og Egersund. Svæði þetta er svo frjósamt, að talið er, að rækta mætti þar nóg korn handa öllum Noregi.

Á Jaðri sjálfum eru 9 hjeruð eða sveitir, og auk þess 3 nágrannahjeruð, sem nota sömu braut. Fólksfjöldinn er þar nú um 37½ þús., og er því þjettbýlt. Landbúnaður var þar mikill áður en brautin var lögð, og mörg mjólkurbú, ýmiskonar verksmiðjur,

þar á meðal stórar tóvinnuverksmiðjur. Braut þessi var bygð á árunum 1874—1878. Fólksfjöldi hjeraðsins var þá 29 þús. Endastöð brautarinnar að vestan var Stavanger, með 20288 íbúum, og að austan sjávarþorpið Egersund, með 2419 íbúum. Á leiðinni er sjávarþorpið Sundnes með 1507 íbúum. Um 55 þús. manns náðu því beinlínis til brautarinnar, auk útlendinga. Jaðar liggur fyrir opnu hafi, svo ferðamenn, sem fara sjóveg í kringum strendurnar, fara venjulega á land í Egersund eða Flekkefjord og fara með brautinni til Stavanger, eða gagnstætt, til þess að forðast stórsjóinn, því að á öðrum stöðum má fara innan skers. Hvergi eru því betri skilyrði fyrir járnbraut á Norðurlöndum. — Verkfræðingarnir fullyrtu líka, að járnbrautin myndi gefa þegar í upphafi 3½% vexti af stofnfjenu. En hver var svo reynslan? Það sýnir „Jæderbanens drift og virksomhed 1878—1903". Brautin var fullgerð 1. mars 1878 og var öll 76 km. Kostnaðurinn var 4400000 + 770000 = 5170000 kr. Keyrslutækin í upphafi voru 4 eimreiðar, 26 farþegavagnar, 40 flutningavagnar og 5 aukavagnar. Tvær lestir ganga daglega milli endastöðvanna. Þrátt fyrir áætlun verkfræðinganna var tekjuhallinn fyrstu þrjú árin þessi: 15000, 10000 og 9000 kr., í staðinn fyrir áætlaðar tekjur 61140 kr. Og þrátt fyrir 25 ára rekstur hafa tekjurnar ekki náð því, sem þær voru áætlaðar fyrsta árið, þrátt fyrir þessi sjerstaklega góðu skilyrði. Og eigi var það fyr en árið 1898—'99, að tekjuafgangurinn náði 1%, eða eftir 20 ár, sem varið var þó til brautarinnar sjálfrar. Og arður brautarinnar er ekki kominn lengra en það, segir í skýrslunni, að 200 þús. kr. hafa sparast af rekstrarkostnaðinum, *„en til greiðslu eða vaxta af stofnkostnaðinum hefir eigi verið ráð á einum eyri"*. Af skýrslu minni yfir hag járnbrauta í Noregi 1913 má sjá í A-deild þingtíðindanna, að þessi braut hefir ekki verið farin að gefa neinn arð, er 32 ár voru liðin frá því að brautin var opnuð.

Svona er þá þessi saga. En nú vita allir, að slík skilyrði sem á Jaðri höfum við ekki. Við eigum yfir fjall að sækja, sem oft er svo mikill snjór á, að mannhæðar háar vörður fara í kaf. Auk þess höfum við verri veðráttu, oft blota og áfreða, sem eru mjög vondir fyrir járnbraut. Við megum því ekki búast við hálfum tekjum af okkar járnbraut á móti Jaðarsbrautinni. Og lagningar- og rekstrarkostnaður verður óhjákvæmilega meiri, og hann lendir á okkur beint eða óbeint, þó að við í orði kveðnu látum aðra byggja brautina í upphafi fyrir sinn reikning að meira leytinu. Jeg held því, að það væri eins rjett, að við bygðum brautina sjálfir, ef við viljum endilega bruðla út fje til þess, og vera svo óháðir útlendingum. Jeg myndi kalla það hreinasta hvalreka fyrir okkur, ef Titan byðist til að leggja fram 2—3 milj. kr. í góðan bílveg austur yfir fjall, því að það er sú eina samgöngubót, sem jeg tel eiga við á þessu fátæka og strjálbygða landi. Slíkt er viðráðanlegt fyrir okkur, en annað ekki.

Mjög hefir því verið haldið á lofti, að ef vegur væri lagður austur, þá kostaði viðhald hans 100 þús. kr. á ári, en þeir sömu menn hafa alls ekki

bent á, hvað fyrningarkostnaðurinn er á járnbrautum. Þegar jeg átti við þetta mál 1913, spurðist jeg fyrir hjá norsku stjórninni, hvað fyrningarkostnaðurinn væri áætlaður þar á járnbrautum, og fjekk það svar, að í Noregi væri hann samkvæmt reynslu áætlaður 2% af stofnverðinu, og þá af braut, sem kostar 8—9 milj. kr., 160—180 þús. kr. á ári. Og eflaust yrði hann meiri hjer, þar sem veðráttan er skakviðrasamari og að alt timbur og járn þarf að flytja að.

Allir óvilhallir menn munu nú sjá, að þessi gróðaáætlun verkfræðinganna getur tæplega náð nokkurri átt.

Það er því ekki hægt fyrir nokkurt þing að trúa kunnáttumönnunum í blindni; þm. verða líka að nota sín eigin augu og dómgreind, ef vel á að fara. Og sem dæmi upp á það, að þetta er víðar nauðsynlegt en hjer, þá varaði einn Bandaríkjaforsetinn (Roosevelt) þingið þar við því að treysta eingöngu kunnáttumönnunum. Þeir geta líka orðið blindir, þegar þeim er of mikið áhugamál að koma einhverju í framkvæmd, og það ef til vill án þess að vita af því.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi í raun og veru litlu að svara, því að það yrði of langt mál og leiðinlegt, ef jeg færi að eltast við allar þær fjarstæður, sem haldið hefir verið fram til þess að varna framgangi þessa máls.

Skal jeg þá fyrst víkja að ræðu hv. 1. þm. G.-K. (BK). Hann vitnaði í skýrslu um tekjur Jaðarsbrautarinnar. Jeg skal fúslega játa, að í slíkum skýrslum getur oft verið töluverður fróðleikur, ef þær eru ábyggilegar, en svo er ekki altaf. Jeg man t. d. eftir því, að háttv. 1. þm. G.-K. og hæstv. fjrh. deildu um sama mál og komust að gagnstæðri niðurstöðu hvor um sig. Annar var sjerfræðingur á þessu sviði, en hinn vitsmunamaður, sem margt hafði athugað. Þegar svona stendur á, veit jeg ekki, hverjum á að trúa. Skýrsla sú, sem háttv. þm. vitnaði í, getur á engan hátt hnekt því, sem jeg hefi haldið fram í þessu máli.

Mjer þykir undarlegt, ef hægt er að fá bílferð austur að Þjórsá fyrir 8 kr. á mann. Jeg hefi reynt það sjálfur, að það hefir verið ómögulegt. En ef svo stæði á, að 6—8 menn þyrftu að fá ferð þangað austur, þá gæti ef til vill komið til mála, að þeir gætu fengið bíl fyrir 60—80 krónur. En þegar svo er ástatt, að hrúga þurfi 6—8 manns í litla og ljelega bíla, þá er slíkt alls ekki siðuðu fólki bjóðandi. Það geta beinlínis hlotist slys af því að hrúga svo miklu í bifreiðarnar, sem þar getur mögulega rúmast. Nei, þessi flutningstæki eru alls ekki fullnægjandi. En eitt er það atriði, sem hv. þm. (BK) mintist á, hve mikill kostur það er að fá vörurnar fluttar frá þeim stað, þar sem þær eru látnar úti, og alla leið heim. En svo hagar óvíða til, að það sje hægt, því að bílvegirnir liggja ekki heim að hverjum bæ. Þetta atriði er því svipað, hvort heldur er um járnbraut eða bílvegi að ræða.

Hv. þm. óskaði þess, að hægt yrði að snúa málinu á þá braut, að fá Titan til þess að leggja akveg austur, í staðinn fyrir járnbraut. Þetta álít jeg, að hafi ekki verið af alvöru talað, og þarf því ekki að fjölyrða um það.

Jeg má nú til að fara fljótt yfir

sögu, þótt margir hafi bent til mín smáskeytum. Jeg ætla þá að minnast á þær mótbárur, sem hv. 2. landsk. (IHB) kom fram með viðvíkjandi þessu máli. Jeg vil segja það, að mig furðar talsvert á því, að þessi hv. þm. skyldi viðhafa stór orð um það, að þetta mál væri hjegómamál. Jeg tel þetta ofmælt og eins hitt, að það sje flaustursmál.

Aðalsannanir þessa hv. þm. fyrir ágæti bílflutninganna og bílveganna, en til hnekkis járnbrautunum, voru þær, að bílarnir væru ódýrari í rekstri og viðhaldi. Jeg veit ekki, á hverju hv. þm. byggir þetta. En jeg hefi rannsakað þetta og ekki getað komist að annari niðurstöðu en þeirri, að þegar athugað er alt það fje, sem lagt er í bílakaup og viðhald þeirra, svo og viðhald veganna, þá sje það svo geysilegt, að það slagi hátt upp í járnbrautarverð, þótt ekki sjeu teknir aðrir bílar en þeir, sem fara um þetta járnbrautarsvæði. Svo ber á það að líta, hversu mikinn vinnukraft þarf til allra þessara bíla, þar sem heil stjett manna hefir myndast, er skiftir hundruðum manna og þessa atvinnu stundar. Og þetta er kjarni ungu kynslóðarinnar, því að til þessa starfa veljast efnilegir menn. Þegar þetta alt er athugað, þá held jeg, að bílar sjeu þau allra dýrustu flutningatæki, sem til eru hjer á landi. Jeg skal ekki neita því, að það er ánægjulegt að ferðast með bíl á góðum vegum. En nú er svo ástatt, að allur almenningur getur ekki veitt sjer þá ánægju. Því skal ekki neitað, að bílar geti talist viðeigandi flutningatæki í kaupstöðum og nágrenni þeirra, en alls ekki sem frambúðarfarartæki á löngum leiðum, og allra síst yfir fjallvegi að vetrarlagi. Það kom fram sama óskin hjá þessum háttv. þm. og hjá hv. 1. þm. G.-K., um það, að Titan legði fram fje í bílveg austur. Jeg hefi enga von um slíkt, eins og jeg tók fram áðan. Svo komst hv. þm. (IHB) að þeirri niðurstöðu, að væri sjerleyfi veitt og árangur yrði af því, mundi leiða af því tjón og töf fyrir störf þingsins. Jeg lít nú svo á, að þetta sje frekar tilfinningamál fyrir þessum hv. þm., og sumir líta svo á, að vel geti farið á því, að tilfinningarnar í sumum tilfellum beri skynsemina ofurliði. En það fer aldrei vel á því í stjórnmálum.

Þá ætla jeg að víkja að háttv. 5. landsk. (JBald), því að hann gerði tilraun til þess að snúa í villu því, sem jeg hjelt fram, en tókst það ekki.

Honum fanst jeg hafa farið lítilsvirðingarorðum um till. hans, sem hjer liggja fyrir. Það hefi jeg alls ekki gert. En það er rjett, sem hann sagði, að jeg hefði haldið því fram, að stefna mín væri, að við ættum að forðast óviðeigandi till., sem ekkert gera annað en spilla málinu, og þess vegna lagðist jeg á móti till. hv. þm. Jeg hafði gert grein fyrir því áður, að æskilegt væri, að deildin gerði enga breytingu á frv., til þess að stofna því ekki í hættu með því að láta það fara aftur til Nd. Skoðun mín hefir ekkert breyst á þessu máli. Því betur sem jeg athuga það, því betur sannfærist jeg um ágæti þess.

Þá sagði þessi hv. þm., að sjer virtist það bera vott um heldur ljelegt siðferðisástand að lýsa því, hver niðurstaðan hefði orðið af rekstri þeirra útlendu fyrirtækja, sem hjer hefðu starfað, og hver hefðu orðið afdrif þeirra. Jeg skil ekki, hvað þm. meinti með

þessu, því ekki gaf jeg neitt tilefni til slíkra ályktana. Hann sagði, að jeg hlakkaði yfir óförum þessara fyrirtækja, en þessi ummæli hljóta að vera sprottin af einhverri meinloku í hans eigin höfði. Jeg sagði, að það útlent fje, er hjer yrði lagt fram til atvinnurekstrar eða samgöngubóta, hlyti að auka þjóðarauðinn, ef vel væri um alt búið, og verða þjóðinni að miklum notum. Því hefi jeg altaf haldið fram, og það verður erfitt að fá mig til að víkja frá þeirri skoðun.

Þessi hv. þm. lýsti yfir því, að hann mundi greiða atkvæði með þessu máli, ef hann hefði vissu fyrir því, að fjelagið gæti lagt fram 4—5 milj. kr. Jeg skil ekki, að það gæti fullnægt hans kröfum, þótt það sje rjett, að 4—5 milj. kr. í viðbót við landssjóðstillagið nægðu nokkurnveginn fyrir brautinni. En fyrir honum virðist ekki járnbrautin aðalatriði, heldur virkjunin. En jeg legg áherslu á það, og hefi von um það, að ef þetta fyrirtæki kemst fram, þá fari að rofa fyrir því, að hægt sje að nota þá orku, sem landið hefir að geyma, en sem vegna fátæktar og úrræðaleysis okkar hefir legið ónotuð. Þess vegna hjelt jeg, að þessi hv. þm. væri svo víðsýnn, að hann vildi ekki leggja stein í götu þessa máls, ef hann álítur, að fossavirkjun væri eitt stærsta framfaraskilyrðið fyrir okkar þjóð. Annars kom fram mótsögn hjá hv. þm., er hann hjelt því fram, að það væri ávinningur fyrir fjelagið að fá sjerleyfið, jafnhliða því, sem hann sló því föstu, að fjelagið gæti ekki hagnýtt sjer orkuna. Ef þetta er ekki mótsögn, þá veit jeg ekki, hvað á að nefna því nafni. Það er allerfitt að greiða úr þessari hugsanaflækju hv. þm. Mig furðar á því, að jafnskýr maður og hv. þm. skuli bera fram röksemdir, þar sem kennir beinna mótsagna. Svo endaði hv. þm. mál sitt með því að segja, að allar áætlanir vantaði um starfstilhögun fjelagsins og um það, hvernig það ætlaði að hagnýta sjer orkuna. Hann sagði, að fyrst hefði fjelagið þurft að byggja fullkomna grind, þannig að alt væri fyrirfram ákveðið. En mjer finst hv. þm. vera kominn inn í einhverja grind sjálfur; að hann bindi sig um of við úreltar fræðikenningar, sem hann hefir tekið að erfðum frá þeim mönnum, sem í upphafi vega hafa lagt grundvöllinn að þeirri stefnu, sem hann fylgir. Þótt kenningarnar kunni að hafa verið viðeigandi í fyrstu, verður nú samt að sveigja til á ýmsar hliðar, ef alt á ekki að verða aðeins hringhlaup á of þröngu svæði.

Svo sagði hv. þm. í niðurlagi ræðu sinnar, að þetta mál gæti ekki annað en orðið þinginu til vansæmdar. Jeg álít, að það yrði þinginu frekar til vansæmdar, ef málið yrði felt aðeins fyrir tilhneigingu sumra hv. þdm. til þess að hártoga alt út í ystu æsar, án þess að þeir hugsi sjer nokkurn árangur af því. Jeg býst nú við, að jeg megi til að hverfa frá þessum hv. þm. í bráð, en mjer leikur grunur á því, að hann þurfi að opna hjarta sitt enn á ný, og þá vonast jeg til að fá að gera aths.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) þarf jeg litlu að svara. Hann var hógvær sem hans er vani. Honum þótti verst, hvað nál. samgmn. hefði verið stutt og ekki nógu ítarlegt. En sje svo, þá bæta umr.

það upp. Svo höfum við fengið skýrslu, sem setja hefði mátt í nál., ef hún hefði þá verið komin fram.

Ef aðeins er um það að gera að eyða pappír, þá hefði mátt semja fyrirferðarmikið nál. En þetta má víst skoða sem ástæðulaust gaspur, því að ekki hefir mjer fundist öll nál. allshn. vera sjerlega fyrirferðarmikil eða innihaldsrík. Samt hefi jeg aldrei haft orð á því. Þetta er jeg þá sanngjarnari en þessi hv. þm. Þá hjelt hv. þm., að jeg hefði komist í mótsögn við sjálfan mig, er jeg lýsti till. til bóta, en vildi þó ekki, að hún yrði samþykt. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði, að þeir, sem fyrir þeim hefðu talað, hefðu álitið þær til bóta, svo að þetta er engin mótsögn.

Jeg ætla ekki að eltast við smámuni, en vil að endingu taka það sem skýrast fram, að fyrir mjer vakir það, að jeg álít það ekki áhorfsmál, að nauðsynlegt sje að gera þessa tilraun, því að við höfum alt að vinna, en engu að tapa, því að fjelaginu er gefinn 2 ára frestur til þess að útvega sjer fje. Fyrirtækinu á að vera lokið innan 6 ára og á 7. ári á virkjunin að byrja. Jeg sje ekki annað, ef þetta alt gengur fram, en að hjer sje um stóran sparnað að ræða, mikil útgjöld spöruð fyrir ríkissjóðinn. Í frv. er sett trygging fyrir því, að fjelagið starfræki járnbrautina, og stjórnin getur haft það eftirlit með fyrirtækinu, að það komi að sömu notum eins og þótt það væri rekið á kostnað ríkisins.

Menn geta ekki sjeð það fyr en eftir vissan árafjölda, hvort járnbrautin ber sig. En þá er það í lófa lagið fyrir ríkið að taka að sjer reksturinn, ef álitið verður, að það sje því hagkvæmt. Það þýðir ekki neitt að vera í marga daga með vafninga um málið. Andstæðingar þess geta vonandi ekki felt það, því þeir verða varla nógu margir til þess.

Jeg vil að endingu ráðleggja hv. 5. landsk. (JBald) að gera nú ekki fleiri tilraunir til þess að fella málið, því jeg held, að hann sje *svo* vel innrættur maður, að hann mundi iðra þess, þó síðar verði.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það voru aðeins örfá orð. Hæstv. forsrh. (JÞ) beindi ýmsum skeytum til mín í síðustu ræðu sinni, en jeg ætla ekki að svara öðru en því, að hann taldi, að jeg með ummælum mínum um færðina á veginum austur hefði sannað það, að jarðvegurinn hjer væri svo vaxinn, að ógerningur væri að gera hjer bílvegi. Þetta á að vera, að jeg hygg, til þess að afsanna þá skoðun mína, að bílvegir væru ákjósanlegri en járnbraut, ef nægilegt fje væri fyrir hendi. Þar sem hæstv. ráðh. er verkfræðingur, en jeg aðeins leikmaður í þessu efni, þá treysti jeg mjer vitanlega ekki til að sanna hið gagnstæða. Annars hefir hv. 1. þm. G.-K. (BK) svarað svo vel hæstv. forsrh., bæði fyrir sig og auk þess ýmsu, er snerti ræðu mína, að jeg hefi þar litlu við að bæta.

Hv. 4. landsk. (MK) sagði, að jeg hefði verið óþarflega stórorð, og kvað mig hafa kallað mál þetta hjegómamál. En það er ranghermi hjá hv. þm. Jeg sagði, að það væri *ekkert* flausturmál, heldur *ekkert* hjegómamál og að það ætti ekki að hrapa að slíku máli. Jeg hefi ekki átt í neinum hnippingum við hv. þm. (MK), svo að hann þurfti ekki af þeim ástæðum að rang-

færa orð mín. Hv. þm. sagði, að sannanir mínar fyrir ágæti bílvega hefðu engar verið, en að ræða mín hefði aðeins verið til þess að hnekkja járnbrautunum. Hann hefir fullyrt, að járnbraut væri hið eina nauðsynlega, en hann hefir þó ekki getað sannfært mig um það. Hv. þm. talaði um, að það væri ekki nema fullyrðing mín, að bílar væru ódýrari í rekstri til lengdar en járnbrautir. Jeg get vísað þessum orðum hans heim, enda er best, að reynslan tali í þessu efni. Það eru menn færari bæði honum og mjer í þessu efni, sem hafa haldið því sama fram og jeg um þetta atriði. Þá talaði hv. þm. um hinn mikla vinnukraft, sem í það færi að halda uppi bílferðum í samanburði við járnbrautir. En jeg verð að halda því fram, að járnbrautir þurfi engu minni vinnukraft, enda veit jeg, að hv. þm. veit það vel, því að hann hefir verið erlendis og sjeð það sjálfur, að járnbrautirnar fara ekki mannlausar. — Þá talaði hv. þm. um það, að það gæti farið vel á því hjá betri helming mannkynsins — og átti hann þar víst við kvenfólkið —, að sum mál yrðu því tilfinningamál. Jeg vil aðeins vitna til hv. þingdeildarmanna, sem jeg hefi verið lengur með en hv. 4. landsk., hvort jeg hafi að jafnaði látið tilfinningarnar, en ekki skynsemina tala í málum þeim, sem jeg hefi lagt nokkuð til, síðan jeg kom í þessa hv. deild. — Þetta ætti að vera nóg bending til hv. þm. um það, að það taka ekki allir það fyrir góða og gilda vöru, að farið sje rangt með orð þeirra.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. (JÞ) gerði enga tilraun til þess að sýna fram á, til hvers nota ætti rafmagnið, sem fengist úr Þjórsá. Jeg slæ þessu föstu hjer, aðeins til þess að sýna það, að sá maður hjer, sem besta aðstöðu hefir allra hv. dm. til þess að geta gefið upplýsingar í þessu efni, fer á snið við þetta atriði. Hann slær því bara upp í gaman og segir, að það væri t. d. góð byrjun, ef þeir gætu selt Reykjavíkurbæ svo sem 10—12 þús. hestöfl. Ef virkja á fyrir 20 milj. kr., en ekki verður hægt að selja meira en 10—12 þús. hestöfl, hvar stendur fjelagið þá? Það væri sýnilega vonlaust fyrirtæki, og best fyrir þá, sem að því standa, að snúa sjer að einhverju öðru starfi. Hæstv. atvrh. (MG) segir, að þeir ætli að vinna að því að koma upp iðnaðarfyrirtækjum, er noti orkuna, og hann vísar í því sambandi til frv. En í þessu efni liggur engin rannsókn og engin áætlun fyrir, sem þó mætti ætla, að væri nauðsynleg um slíkt stórfyrirtæki sem þetta. Það ræðst enginn í alvöru út í fyrirtæki upp á 20—30 milj., nema hann hafi hugsað það fyrirfram, hvað hann ætli að vinna. **(Atvrh. MG:** Á að byggja verksmiðjurnar 10 árum áður?). Þetta er bara vitleysa hjá hæstv. atvrh. **(Atvrh. MG:** Veit háttv. þm., hvað er að hugsa?). Af hverju er þinginu ekki gefin skýring á þessu? Jeg álít, að þingið eigi fylstu heimtingu á því að fá að vita þetta. Jeg er alveg hissa á því, að hæstv. forsrh. skuli ekki vilja segja neitt um þetta. Þetta sýnir ljóslega, að alt þetta virkjunarhjal er í lausu lofti hjá fjelaginu. Hæstv. atvrh. mintist á rafmagnsverðið hjer í Reykjavík og sagði, að það væri 600 kr. árshestaflið. Þetta er ekki rjett. Kilowattið er selt á 600

kr. yfir árið, en það er sama sem að árshestaflið kosti 400 kr. En á sumrin er þetta miklu lægra. Ef hæstv. ráðh. heldur, að jeg sje hræddur við samkepnina við bæjarstöðina, þá misskilur hann mig. Bæjarstöðin hefir ekkert að óttast, því hún hefir það í hendi sjer að ákveða verðið á því rafmagni, er hún framleiðir. Hæstv. ráðh. kom með það til samanburðar, hvort jeg hefði trygt Alþýðubrauðgerðinni markað áður en hún var stofnuð. Þetta er á engan hátt sambærilegt, því þetta er gömul og reynd atvinnugrein. Það væri sambærilegt, ef um það væri að ræða, að útvega ætti Reykjavík rafmagn, sem hún þyrfti á að halda, en hjer þarf að stofna nýja atvinnuvegi til þess að nota orkuna og reisa miklar verksmiðjur.

Hv. 4. landsk. (MK) sagði, að það hefði verið mótsögn í þeim ummælum mínum, að fjelaginu væri vinningur í því að fá sjerleyfið, þó að jeg hefði enga trú á því, að af fyrirtækinu yrði. En þetta getur vel farið saman, því að það, að fjelagið fær þann ríkisstimpil, sem sjerleyfið er, það getur orðið til þess að gera hlutabrjef fjelagsins verðmeiri en ella og gefið hluthöfum gróða, þótt ekkert verði úr framkvæmdum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. (JBald) gerir of mikið úr okkur báðum, er hann staðhæfir, að það sje vonlaust, að fossafjelagið Titan geti haft nokkuð upp úr raforku þeirri, er það kann að framleiða, vegna þess að jeg hefi ekki getað gefið honum skýrslu hjer um það, hvernig fjelagið hefir hugsað sjer að nota orkuna. Jeg get ekki annað en verið ánægður með hin loflegu ummæli í minn garð, sem felast í þessari fullyrðingu hv. þm.

Það eru nú 7 ár síðan jeg kynti mjer þetta mál, til hverrar iðju hægt væri að nota sem best raforku frá svo stórri stöð sem hjer er um að ræða. Gerði jeg grein fyrir niðurstöðu minni í því efni í ritgerð, sem finna má í nefndaráliti meiri hluta fossanefndarinnar. En það er svo um þessa efnavinslu, að erfitt er að halda um hana fyrirlestur, er auðskilinn sje mönnum, sem ekki hafa þekkingu í efnafræði og þar að lútandi greinum. Jeg held því, að það sje alger óþarfi fyrir hv. þm. að vera svo vonlaus fyrir hönd Titans, þó að jeg sjái mjer ekki fært að halda slíkan fyrirlestur hjer í þingdeildinni.

Það er rjett, sem hæstv. atvrh. tók fram um rafmagnsverðið í Reykjavík, að það samsvarar 600 kr. á ári á hestafl. Það kostar 65 aura kwst. til ljósa, og það er algengast að reikna 1500 ljósstundir yfir árið, en það verða 975 kr. árskw. til ljósa, er samsvarar 600 kr. fyrir hestaflið yfir árið.

ATKVGR.

Brtt. 354,1 feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, EÁ, GÓ, JBald.

nei: JKr, MK, BK, EJ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

2. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 354,2 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, IHB, IP, JBald, JJ.

nei: JKr, MK, BK, EJ, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins,

3. gr. samþ. með 10:2 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 277 tekin aftur til 3. umr.
— 330,1—2 teknar aftur af flm., en teknar upp af þm. A.-Húnv. (GÓ).
— 330,1 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, GÓ, IHB, IP, JBald, JJ, H-Steins.
nei: MK, EJ, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr.
EÁ greiddi ekki atkv.
Brtt. 354,3 tekin aftur.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 330,2 samþ. með 8:4 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 358 (aðaltill.) feld með 10:1 atkv.
— 358 (varatill.) feld með 9:3 atkv.
12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 369, 277, 393).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 393. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Einar Jónsson: Jeg stend upp aðeins vegna þess, að við 2. umr. var jeg með brtt., sem jeg tók aftur til 3. umr. Nú leyfi jeg mjer að óska, að þessi till. komi til atkvgr. að þessari umr. lokinni.

Jeg ætla ekki að rekja efni till., vegna þess að segja má, að hún komi ekki aðalefni þessa máls við og sje ef til vill álitin hreppapólitík, þá er jeg þó sökum kjósenda minna og eigin skoðana á þessu atriði skyldugur að bera hana fram og óska, að hún komi hjer með til atkv. hv. deildar.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins varpa þeirri spurningu fram, hvort hæstv. atvrh. eða einhvern forgöngumanna þessa máls hafi dreymt nokkuð síðan síðast var á það minst um væntanlegar **verksmiðjur, eða** rá[illegible] nokkuð í þessar 60 milj. kr., sem á vantar til þess að fyrirtækið komist til fulls á laggirnar. Fái jeg ekkert svar, þá er það af því, að þeir góðu herrar vita ekkert frekar en síðast.

Jónas Jónsson: Við 2. umr. tók jeg aftur brtt., sem snertir þetta mál, en nú hefi jeg flutt hana aftur lítið eitt breytta, í samræmi við það, sem frv. var breytt við 2. umr.

Till. gengur í þá átt að tryggja, að nafn landsins verði ekki meir en þörf krefur bendlað við fjárreiður fjelagsins. Í Noregi hefir það komið fyrir, að slík fjelög hafa leitað sjer fjármagns erlendis. Síðan hefir ekki orðið neitt úr neinu, alt reynst „humbug", útlendingar tapað stórfje, og þá hefir það kastað óorði á landið og jafnvel komið fram kröfur um, að landið yrði gagnvart erlendum hluthöfum, sem urðu fyrir fjárbiti, að bera ábyrgð á þessum fyrirtækjum. Svo kynni og að fara hjer. Jeg játa, að till. útilokar ekki hættuna. En þar sem hæstvirt

landsstjórn hefir ekki komið með neinar sannanir fyrir því, að fjelagið hafi aðstöðu til að gera þær framkvæmdir, sem það hefir beðið um leyfi til að gera, þá getur maður ekki varist þeirri hugsun, að um það fari alveg eins og þessi norsku hlutabrjefasölufyrirtæki. Það er ólíklegt, að nokkur hv. þdm. óski, að nafn landsins verði meir en þarf bundið við fyrirtækið, ef fjelagið reynist ekki megnugt annars en að versla með sín gömlu hlutabrjef. — Gagnið af þessari viðbót í frv. er það, að þar er skýrt tekið fram, að landið sje á engan hátt við fyrirtækið riðið, nema að því leyti, sem það leggur fram sinn skerf til járnbrautarlagningarinnar.

Ef meiningin er að framkvæma ekki neitt, hvorki járnbraut nje virkjun, heldur aðeins græða á hlutabrjefabraski, þá er það fjelaginu hið mesta hnossgæti að flagga með nafni landsins út á við. Það segir ekki svo lítið að hafa heilt konungsríki á bandi með sjer. Það er síst til að vekja tortryggni ókunnugra.

Ef illa tækist og Titan reyndist ótrygt eða gæti framselt rjett sinn öðru fjelagi — það taldi hæstv. forsrh. jafnvel æskilegast — og menn hafa ekki fulla trú á fjárreiðum Titans, þá er þetta skilyrði alveg nauðsynlegt.

Annars ætla jeg að nota tækifærið nú, er málið fer út úr deildinni, til að minnast á, að þeir, sem hafa litla trú á, að þetta leysi járnbrautarmálið, en eru því hinsvegar fylgjandi, fara hjer krók, sem engum öðrum er um að kenna en hæstv. forsrh. og áhrifum hans og afskiftum af þessu máli. Það er alkunnugt, að hann öðrum fremur beitti sjer fyrir því fyrir mörgum árum, að málið var rannsakað, og skrifaði um það, en á móti var aðallega einn maður, sem nú á sæti í þessari hv. deild. Ráðherrann beitti sjer af alefli fyrir því að hrinda því áfram. En svo var um þetta sem önnur stórmál, að erfitt var að afla því fyrsta fylgis.

Jeg hefi áður sagt það á fundi í Árnessýslu, og segi það enn hjer í Reykjavík, að það merkilega hefir orðið, að meðan þessi maður beitti sjer af mestri atorku fyrir þessu velferðarmáli Árnessýslu og Reykjavíkur, gat hann ekki komist á þing, hvorki í Árnessýslu nje Reykjavík. Það lítur svo út, sem trúin á járnbraut hafi ekki verið svo mikil, að menn hafi viljað eindreginn járnbrautarmann á þing. Svo liðu mörg ár, stríðið kom og málið lá í þagnargildi. Síðan var það vakið upp aftur, en hæstv. ráðh. (JÞ) skifti sjer lítt af því, og þá fór honum að ganga betur að fá fólk til að trúa á sig, um leið og hann varð athafnaminni í járnbrautarmálinu og ljet forystuna ganga sjer úr greipum. Þá komst hann loks á þing. Í sjálfu sjer hefir lítil forysta verið í þessu máli á undanförnum árum. Það er rjett, að austanfjalls er áhugi manna fyrir því vaxandi, en í Reykjavík ekki mikill. (**BK**: Áhuginn er þverrandi austanfjalls líka). Jeg er ekki sammála hv. 1. þm. G.-K. (BK) um þverrandi áhuga fyrir austan, en verið getur, að jeg gangi inn á, að hann sje minkandi hjer í Reykjavík. Nú er það í raun og veru lýðum ljóst, að eðlilegast væri í alla staði, að þetta verk yrði framkvæmt í sameiningu af landinu sjálfu, Reykjavík og Suðurláglendinu,

og jeg geri ráð fyrir því, að þjóðin í heild sinni muni líta svo á, auðvitað ekki allir, en margir og allir þeir, sem líta á það sem þjóðþrifamál og hafa nokkra trú á gildi þess, að það verði að styðja af fleirum en þeim, sem hafa beint gagn af því.

Jeg játa, að með öllu því, sem jeg veit um Titan og önnur slík fjelög, þá sje frv. eins og þetta tilraun, gerð upp á líf og dauða, gerð af því að forgöngumennirnir hafa nú hörfað af þeim eðlilega grundvelli, sem þetta mál ætti rjettilega að reisast á. Nú er svo komið, að menn austanfjalls eru farnir að sjá, að hæstv. landsstjórn er athafnalaus og áhugalítil um málið sem sjálfsbjargarmál landsmanna sjálfra, og vilja því freista, hversu gangi að fara þessa leiðina, þótt krókur sje. Vandinn í málinu hvílir á hæstv. forsrh. vegna fortíðar hans. Jeg get mint á ummæli fyrv. forsrh. Frakka, Herriots. Hann sagði, að það væri góður prófsteinn á menn í stjórnmálum, hvort þeir framkvæmdu í meiri hluta það, sem þeir hefðu haldið fram í minni hluta. Nú sýnir reynslan, að sá maður, sem beitti sjer mjög fyrir þessu máli í minni hluta, hefir ekki gert neitt til að ýta því áfram eftir að hann komst í meiri hluta. Þegar jeg spurði í fyrra, hvað stjórnin ætlaði fyrir sjer í þessu samgöngumáli, var áhuginn ekki meiri en það, að hæstv. ráðh. var um sama leyti í hv. Nd. að skapa embætti handa Alexander Jóhannessyni, embætti, er lagt hafði verið niður árið áður. Í fyrra veigraði stjórnin sjer við að bera járnbrautarmálið fram sem stjfrv., en hún mun þó hafa átt þátt í því, að tveir þm. báru það fram. Málinu var þó svo slælega fylgt eftir, að það dagaði uppi í hv. Nd. Þarna var þó gott tækifæri fyrir hæstv. forsrh. að beita sjer fyrir því máli í meiri hluta, sem hann hafði mikið talað um í minni hluta. Jeg spurði hæstv. ráðh. í haust á Selfossfundinum, hvort vænta mætti stjfrv. um járnbraut á þessu þingi, og neitaði hann því. En um sama leyti mun hæstv. atvrh. (MG) hafa komist í samband við Titan, svo að frv. verður víst að skrifast á hans reikning. En nú eru litlar líkur til, að nokkuð verði úr framkvæmdum af hálfu Titans. Því er þetta aðeins lykkja á leiðinni og málinu að líkindum til tafar. En ef sunnlendingar og Reykvíkingar vilja leysa málið eftir þetta strand, verður ekki komist hjá að taka það upp á þeim grundvelli, að þjóðin bjargi sjer sjálf í þessu sem öðru. Framgangur þessa máls á hlutafjelagsgrundvelli fer eftir því, hvort fjármagn heimsins leitar fremur í þá átt, sem vatnsaflið er, heldur en til annara orkulinda, svo sem olíu og kola, hvort vatnsaflið hjer verður álitið ódýrara en aðrar afllindir. En eftir almennum líkum að dæma, verður langt þangað til fjármagnið leitar hingað af þeim ástæðum. Jeg skal minna á, að fyrir nokkrum missirum stóðu kyr tvö fyrirtæki í Noregi, svipuð því, sem hjer er talað um, bæði við Harðangursfjörðinn. Þar er góð innsigling og aðdjúpt, svo að stuttar bryggjur nægja. Inst við þennan fjörð hefir verið bygð aflstöð, og er hún nokkru stærri en sú, sem ráðgerð er hjer við Urriðafoss. Á er leidd í pípum ofan háa fjallshlíð niður að aflstöðinni. Síðan er orkan

leidd inn fyrir fjarðarbotninn, og hefir risið þar upp bær með 8000 íbúum. En fyrirtækið bar sig ekki, þó að ágæt skilyrði væru fyrir hendi. Fjelagið fór á höfuðið og vinnan var stöðvuð. Þorpið alt fór — ekki á hreppinn, heldur á landið um nokkur missiri. Að vísu tókst að fá fjármagn, norskt og erlent, til þess að reisa fyrirtækið við, eftir að stofnendur höfðu gengið nálega slyppir og snauðir frá eign sinni, en þetta sýnir samt, við hve afskaplega mikla örðugleika fossavirkjun hefir að etja, þó að betri sje aðstaða en hjer. Önnur aflstöð var reist utar við fjörðinn, sem framleiðir 60—70 þús. hestöfl, en það borgaði sig ekki að reka þar iðju, og þetta fjelag fór líka á höfuðið. En af því að þessi stöð var ekki í nema 60 km. fjarlægð frá Bergen, var það ráð tekið að leiða orkuna þangað til ýmiskonar hagnýtingar. Í upphafi átti að framleiða þarna áburð, en það fór nú svona.

Þetta varpar nokkru ljósi yfir virkjunarmálin og gerir efasamt, að nokkuð geti orðið úr slíkum framkvæmdum hjer. Aðstaðan í Noregi er óneitanlega betri. Landið liggur nær stórlöndum Evrópu en Ísland, og á þessum stöðum, sem jeg nefndi, er ólíkt hægara að ná tökum á vatnsaflinu heldur en við Urriðafoss, þar sem fyrst og fremst verður að gera dýrar stíflur til þess að beisla kraftinn og síðan leiða orkuna óraveg til sjávar, gera þar hafnarmannvirki, auk verksmiðjuhúsa, flytja að hráefni og síðan framleiðsluvöruna á erlendan markað. En ástæðan til þess, að þingið verður að lúta svo lágt að gera þessa tilraun, er sú, að þeir, sem trúa á járnbraut, hefjast ekki handa til að hrinda því máli í framkvæmd fyr en úr verður skorið um það, hvort hægt er að nota fossafjelög til þess. Sá maður, sem hefði átt, að því er virðist, að hafa forgöngu í að hrinda málinu fram á eðlilegum grundvelli, virðist hafa gleymt þeirri skyldu sinni, þegar hann fór að hafa ytri aðstöðu til þess.

Halldór Steinsson: Jeg finn ástæðu til að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, þar sem jeg hefi í því nokkra sjerstöðu og skoðun mín er talsvert ólík skoðunum annara hv. deildarmanna, eftir því sem hún hefir komið fram í ræðum þeirra, bæði meðhaldsmanna frumvarpsins og mótstöðumanna þess.

Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að jeg hafi jafnopin augu og aðrir fyrir því, að bættar samgöngur á sjó og landi sjeu ein helsta lyftistöng til velgengni og velmegunar. Þeirri skoðun hefi jeg haldið fram frá því fyrst jeg kom á þing, bæði í ræðum og með atkvæði mínu. Það væri því fjarri skapi mínu að vilja leggjast á móti samgöngubót milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. En þótt jeg sje hlyntur samgöngubótum yfirleitt, hefi jeg verið á móti járnbrautarlagningu á ríkiskostnað, og það eingöngu af fjárhagsástæðum. Jeg hefi ekki getað sjeð, að ríkissjóði væri kleift að snara út þeirri fúlgu, sem til þarf í byrjun, en þar við bætist, að telja má víst, að brautin beri sig ekki, og þyrfti þá ríkissjóður að taka á sig, auk stofnkostnaðarins, árlegan tekjuhalla, sem ósjeð er, hve mikill gæti orðið. Jeg hefi orðið þess var í útlendum ritum, að víða í nágrannalöndunum eru vegir farnir að

keppa við járnbrautirnar, og margir eru þeirrar skoðunar, að bifreiðar verði ódýrustu og heppilegustu fartækin, þar sem líkt hagar til og hjer á landi. Hv. 1. þm. G.-K. (BK) hefir rjettilega bent á, að mjög hæpið sje að byggja á þeim áætlunum, sem fyrir liggja um járnbrautarlagningu og samanburð á kostnaði við flutning með járnbrautum og bifreiðum. Yfir höfuð er ekki hægt að ætlast til, að nein vissi fáist af áætlunum; reynslan verður jafnan að skera úr. En þessi áætlun, sem hjer er um að ræða, er að mínu áliti svo hæpin, að á henni verður ekkert verulegt bygt í þessu máli.

Þegar litið er á það, að frv., sem hjer liggur fyrir, gerir ráð fyrir aðeins tveggja miljóna framlagi úr ríkissjóði til járnbrautarinnar, en hitt skuli kostað af útlendu fje, þá verð jeg að álíta þetta svo aðgengilegt boð, að jeg hefði greitt með því atkvæði, ef ekki hefði fylgt sá böggull, að fjelagið fengi jafnframt sjerleyfi til fossavirkjunar hjer á landi. Það má hver sem vill kalla það hjegómlega hræðslu að vera mótfallinn útlendri fossavirkjun. Mjer er sama, hvað sagt er í því efni. En jeg hefi altaf verið á móti slíkri virkjun, og er enn, aðallega af tveimur ástæðum. Fyrri ástæðan verður ef til vill kölluð þjóðernismetnaður. En mig tekur svo sárt til þess þjóðernis, sem við höfum varðveitt um 1000 ára bil, að jeg vil sporna á móti öllu, sem orðið gæti til að veikja það. Því hefir verið haldið fram, að innflutningur á nokkur hundruð útlendingum væri hættulaus í þessu efni. Kann að vera, að svo sje, en fyrir því er engin vissa, og jeg hefi tilhneigingu til að ætla hið gagnstæða. Þegar búið er að taka úr stíflurnar og veita einum smálæk útlendinga inn yfir landið, geta fleiri lækir komið á eftir, og vel gæti svo farið, að úr yrði straumhörð á, sem sópaði burt með sjer fyr en varði okkar góða og gamla þjóðerni. Það er ekki svo að skilja, að jeg álíti, að tungunni sje bein hætta búin, en með útlendum mönnum berast útlendir siðir, mjer liggur við að segja ósiðir, og auk þess útlendir kvillar, sem við höfum hingað til verið lausir við og ættum að geta verið lausir við í framtíðinni. Jeg er að þessu leyti hreinn íhaldsmaður. Jeg vil halda sem fastast í íslenskt þjóðerni og sporna við öllu, sem orðið gæti til að veikja það. Hin ástæðan, sem veldur því, að jeg er á móti fossavirkjun, er sú, að jeg óttast, að hún yrði til þess að veikja aðalatvinnuvegi okkar, landbúnað og sjávarútveg. Það er engum vafa bundið, að hjer er meira en nóg verkefni á þessum sviðum fyrir íbúa landsins, þar sem svo er ástatt, að enn eru stórar spildur af landi ónotaðar, og tugir þúsunda af útlendingum lifa á sjónum umhverfis landið, þrátt fyrir miklu verri aðstöðu til að ná í aflann. Meðan svona er ástatt, er ástæðulaust að leita gulls annarsstaðar. Þó að stundum sje við örðugleika að etja og afurðasala bregðist ár og ár, sannar það engan veginn, að á venjulegum tímum sje ekki nóg að starfa við þessa atvinnuvegi. Þegar okkar góðu og gömlu atvinnuvegir eru upp unnir, þá fyrst er kominn tími til að tala um virkjun fossa og um að reisa iðjuver. En þegar svo langt er komið, verður þjóðin væntanlega orð-

in svo fjölmenn og máttug, að hún getur sjálf hafist handa í þessu efni og þarf ekki að veita útlendum mönnum sjerleyfi til þess.

Af þessum ástæðum, sem jeg hefi talið, sje jeg mjer ekki fært að greiða atkv. með frv. því, sem hjer liggur fyrir. Þeir kostir, sem felast í þeirri samgöngubót, sem hjer er til stofnað, vega í mínum augum ekki á móti þeim ókostum, sem fylgja því að fá útlendingum í hendur sjerleyfi til fossavirkjunar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf að segja fáein orð út af brtt. frá hv. 2. þm. Rang. (EJ) og hv. 1. landsk. (JJ). Um brtt. hv. 2. þm. Rang. hefi jeg það að segja, að jeg mun láta afskiftalaust, hvort hún verður samþykt, þar sem frv. þarf hvort sem er til Nd. aftur. Jeg sje ekki, að brtt. skifti miklu máli. Jeg geng út frá, að skaðabætur verði metnar með tilliti til þeirrar verðhækkunar á þessum stöðum, sem af mannvirkjunum leiðir. En sem sagt, jeg skifti mjer ekki af, hvort tillagan verður samþykt.

Brtt. hv. 1. landsk. fer í svipaða átt og brtt., sem hann flutti við 2. umr., en tók þá aftur þann hluta, sem hjer kemur fram. Jeg get svarað líku nú og þá, að ekki kemur til mála, að ríkissjóður gerist ábyrgur fyrir neinni skuldbindingu sjerleyfishafa. Ef jeg gef út sjerleyfið, er jeg fús á að taka þetta upp, en jeg tel ekki rjett að samþ. till. eins og hv. flm. orðar hana. Mjer finst felast í þessari till., að fjelagið kunni að geta gert einhverjar skuldbindingar viðvíkjandi þessum 2 miljónum. Í till. stendur: „— ríkissjóður er á engan hátt, beint eða óbeint, ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa, nema að því er snertir ofannefndar 2 milj. kr. í járnbrautarlagninguna“ — o. s. frv. Það getur ekki verið meining hv. þm., að sjerleyfishafi geti skuldbundið okkur á nokkurn hátt, heldur hefir hann víst orðað tillöguna svona af athugaleysi. En jeg get ekki mælt með því, að hún sje samþykt svona orðuð. Að öðru leyti hefi jeg ekki mikið um ræðu hans að segja. Mjer fanst hann þó segja nokkuð hlutdrægt frá meðferð járnbrautarmálsins á þinginu í fyrra. Hann veit vel, að ástæðan til þess, að það komst ekki í gegn, var sú, að þingmenn þorðu ekki eða vildu ekki leggja út í að láta ríkissjóð leggja járnbrautina á eiginn kostnað. Hann talaði mikið um, að ekkert mundi verða úr þessum framkvæmdum, en áleit þó, að þetta væri krókur, sem nauðsynlegt væri að fara. Jeg get ekki gengið inn á, að sennilegra sje, að ekkert verði úr framkvæmdum. En að þetta verði til að tefja fyrir járnbrautinni, er alveg rangt. Jeg hefi sýnt fram á, að engar líkur eru til þess, að ríkissjóður geti lagt fram fje til byggingar járnbrautar fyrir þann tíma, sem Titan eða sjerleyfishafa er ætlað að byrja.

Háttv. þm. Snæf. (HSteins) sagði líka nokkur orð. Hans afstaða er hrein. Hann er bæði á móti virkjun og járnbraut. Á móti járnbrautinni er hann sökum þess, að hann telur bifreiðarnar vera framtíðarsamgöngutæki okkar. Um þetta hefir mikið verið rætt, og skal því ekki farið út í það hjer. En undarlegt þykir mjer það, ef

bifreiðar eiga að koma í staðinn fyrir járnbrautir, að þá skuli hjer í álfu árlega vera bygðar járnbrautir svo þúsundum kílómetra skiftir.

Þá skildist mjer hann vera á móti virkjuninni meðal annars af því, að hann óttaðist þjóðernishættu af innflutningi verkafólks. Gerði hann og ráð fyrir, að vinnukrafturinn myndi mestur verða erlendur. Þetta er ekki rjett; það er hægt að nota mikinn innlendan vinnukraft, svo ekki þyrfti að fá nema tiltölulega fátt erlendra manna.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í tilefni af ummælum hv. þm. Snæf. (HSteins) vil jeg taka það fram, að mjer finst of mikið gert úr innflutningi á erlendum vinnukrafti, ef fyrirtæki þetta kemst í framkvæmd. Jeg held, að menn athugi ekki eins og skyldi, að fjölgun landsmanna er árlega á ellefta hundrað, og fjölgun verkfærra manna því árlega 300—400.

Þó að alt gengi nú að óskum sjerleyfishafa, má ekki búast við, að þetta komist alt í framkvæmd á skemri tíma en svo sem 10 árum; verður því ekki þörf á meiri vinnukrafti við framkvæmdir þessar en sem svarar hluta af hinni árlegu fólksfjölgun. Það væri vitanlega æskilegt, að landbúnaðurinn gæti tekið við þessari fólksfjölgun, en hann er ekki svo rekinn, að hann geti tekið við henni ennþá. Jeg held því, að heppilegt væri, að eitthvert það fyrirtæki risi upp, sem um tíma gæti tekið á móti einhverju af þessari fólksfjölgun, svo að fólkið þyrptist ekki alt til Vestmannaeyja, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eins og verið hefir nú undanfarið.

Annars er jeg ekkert hræddur við þjóðernishættu, þó að dálítið flytjist inn af erlendum verkamönnum, meðan verið er að koma fyrirtækinu í framkvæmd, sem jeg tel óvíst, að myndi þurfa.

Jónas Kristjánsson: Jeg get ekki stilt mig um að segja hjer nokkur orð, enda þótt hæstv. forsrh. hafi tekið sumt af því fram, sem jeg vildi tala um.

Það renna vitanlega allir hálfblint í sjóinn með það, hvernig þessi járnbraut myndi bera sig í framtíðinni. En það er þýðing járnbrautarinnar fyrir ræktun landsins, sem knýr mig til þess að greiða máli þessu atkvæði mitt nú.

Þegar maður lítur yfir hið víðlenda og grösuga Suðurlandsundirlendi og athugar jafnframt samgöngur þær, sem hjerað þetta á nú við að búa, verður það fljótlega ljóst fyrir manni, að gæði þess verða aldrei íbúunum þar að fullu eða verulegu gagni, nema samgöngurnar verði bættar frá því, sem nú er. Eins og nú er ástatt, kostar að flytja tonnið hjeðan austur að Stórólfshvoli ca. 80 kr.; slíkar samgöngur geta aldrei hjálpað ræktun hjeraðsins; verður því allmikið að bæta úr þeim, ef hinar miklu áveitur, sem búið er að gera austanfjalls, eiga að geta borið sig og komið að fullum notum.

Eins og hæstv. forsrh. tók fram, fjölgar landsbúum árlega, og það ekki svo lítið, og að sjálfsögðu er æskilegast, að sem flestir þessir menn setjist að í landinu sjálfu, en til þess að þeim

geti öllum liðið vel, þarf eitthvað fyrir þá að gera. Finst mjer þá liggja beinast við að gera þessu fólki mögulegt að stofna nýbýli, og er þá Suðurlandsundirlendið best til þess fallið að stofna þar nýbýli, fyrir flestra hluta sakir, en til þess þarf járnbraut að gera flutninga ódýrari en þeir nú eru hjeðan og austur yfir fjall.

Það er nú komið svo, að útflutningsvörur okkar eru í mjög lágu verði, og ekki útlit fyrir, að þær hækki í náinni framtíð. Væri því óneitanlega æskilegt að fá nýjar framleiðsluvörur á markaðinn, t. d. tilbúinn áburð. Myndi hann áreiðanlega verða ódýrari, ef hann væri framleiddur hjer, heldur en fá hann frá útlöndum. Og ódýr áburður myndi verða hin mesta lyftistöng fyrir landbúnaðinn og landið í heild sinni. Jeg greiði því frv. þessu atkvæði í þeirri trú og von, að það megi verða íslenskum landbúnaði til umbóta og þrifa, meðal annars með því, að hann notfæri sjer þá þekkingu, sem vísindin færa okkur í hendur, og á þann hátt orðið samkepnisfærari í baráttunni fyrir tilverunni.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi fylgt þessu máli með atkvæði mínu hjer í deildinni, þó að jeg hafi ekki sjerstaklega gert grein fyrir því. En jeg vildi nú með nokkrum orðum skýra, hvers vegna jeg hefi aðhylst það, þrátt fyrir hin ýmsu mótmæli, sem risið hafa gegn því.

Það er vitanlega ekkert hægara, þegar verið er að ræða um svona stórfeldar framkvæmdir, en að gera þær tortryggilegar og draga í efa, að úr þeim geti orðið.

Mjer hefir verið það ljóst frá upphafi, að ýmsir örðugleikar myndu verða á því að koma þessu öllu í framkvæmd. En jeg get tekið undir það með háttv. 6. landsk. (JKr), að samgöngubætur við Suðurlandsundirlendið, til þess að bjarga ræktuninni austanfjalls, sjeu svo mikið atriði, að ekki megi láta þessa von um framkvæmdir í þessa átt ónotaða. Á það hefir líka verið bent af hæstv. atvrh., að tíminn, sem þingið er bundið við þetta sjerleyfi, sje svo mjög takmarkaður, að með honum sje járnbrautarmálinu ekki skotið á lengri frest en gera þarf af öðrum ástæðum.

Mjer finst ekki þurfa að nefna þetta sjerleyfi í sambandi við t. d. sjerleyfið um saltvinslu úr sjó og sjerleyfið um járnvinslu úr sandi, því að þar fór þingið ekki eftir öðru en lausum hugmyndum, en hjer liggur fyrir ítarleg rannsókn. Sama má segja um Dynjandisársjerleyfið, sem veitt var á síðasta þingi; þar lágu fyrir allábyggilegar rannsóknir, enda þótt ekkert verði úr því, að það sjerleyfi verði notað, en það er nú ósannað enn.

Aðalástæðan fyrir því, að jeg fylgi þessu máli, er vonin um samgöngubótina við hjeruðin austanfjalls. Hitt atriðið, sjerleyfið til fossavirkjunar, fælir mig ekki, því að jeg er þess fullviss, að fossarnir verða aldrei beislaðir nema með erlendu fjármagni og sjerþekkingu. Með þessu er jeg því alls ekki, eins og sumir háttv. þm. virðast gera, að opna mjer leið til þess að geta sagt, ef ekkert verður úr framkvæmdum í þessu efni, að jeg hafi ekki fylgt málinu nema að hálfu leyti.

Í frv. þessu er skýrt tekið fram, hve mikið tillag ríkissjóðs skuli vera til þessa fyrirtækis. Sömuleiðis er það

ákveðið, hversu miklar framkvæmdir skuli gerðar, áður en tillag ríkissjóðs fellur til útborgunar. Virðist því alltryggilega um þessa hluti búið.

Þá liggur fyrir brtt. á þskj. 393, þar sem háttv. 1. landsk. vill tryggja það, að ríkissjóður sje á engan hátt ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa. Brtt. þessari gæti jeg fylgt, ef síðari hluti þennar væri feldur burtu. (**JJ**: Jeg tek síðari hluta tillögunnar aftur). Úr því svo er, þá fylgi jeg tillögunni, því að jeg tel þetta ákvæði vera til bóta.

Með þessum forsendum mun jeg fylgja máli þessu út úr deildinni.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Það vill nú svo til, að þó jeg sje frsm. þessa máls, þá finn jeg ekkert tilefni til að taka nú til máls, því að ekkert það hefir komið fram, sem andmæla þarf, og jeg finn enga ástæðu til að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt. Jeg vona aðeins, að menn hafi þann skilning á málinu og þá trú á framtíðarmöguleikum þessa lands, að þeir viðurkenni, að óverjandi sje að fella það nú. Annars má segja það alt í einni setningu, sem segja þarf um málið nú, að hjer sje alt að vinna, en engu að tapa.

ATKVGR.

Forseti (HSteins): Jeg vil geta þess, að síðari hluti brtt. á þskj. 393, frá hv. 1. landsk. (JJ), eða þessi hluti hennar: „nema að því er snertir ofannefndar 2 miljónir í járnbrautarlagninguna, með þeim skilyrðum, sem þar að lúta í lögum þessum“ er tekinn aftur.

Brtt. 277 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, MK, HSteins.

nei: EÁ, GÓ, JBald, JJ. BK.

IHB greiddi ekki atkv.

Brtt. 393 (út að orðunum „nema að því“) samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK, BK, EÁ, EJ, GÓ, HSteins.

IHB greiddi ekki atkv.

Brtt. 393 (orðin „nema að því“ til enda) tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JJ, JKr, MK, EÁ, EJ.

nei: IHB, JBald, BK, GÓ, HSteins.

Frv. endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 399).

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 399, n. 418).

Frsm. (Klemens Jónsson): Mál þetta er nú aftur komið til þessarar deildar frá háttv. Ed., sem hefir gert á því nokkrar breytingar, fjórar að tölu. Jeg ætla nú stuttlega að gera grein fyrir þessum brtt., er samþ. voru í Ed.

1. brtt. er við 9. gr. c-lið. Þar er lagt til, að Rangárvallasýsla greiði á sama hátt og Árnessýsla land undir stöðvar og bætur fyrir landnám, jarðrækt og átroðning frá stöð við Ölfusá

að Þjórsá, en þó ekki nema að hálfu leyti. En áður átti hún að gera það að öllu leyti. Þetta er nú lítið atriði og snertir ekki málið í heild sinni, heldur ræðir hún um það eitt, í hvaða hlutfalli Árnes- og Rangárvallasýslur eigi að bera þennan kostnað. Hjer er um svo mikið lítilræði að gera, að engu munar, hvorki til nje frá. Þarf jeg því ekki að fjölyrða frekar um þessa breytingu.

2. brtt. er við 9. gr. d-lið og er um það, að fje það, sem landssjóður á að leggja fram til járnbrautarlagningar, greiðist eftir á, 1½ milj. kr., er járnbrautin er fullgerð með stöðvarhúsum frá Reykjavík að Ölfusá, og ½ milj. kr., þegar brautin er fullgerð að Þjórsá. Þetta er talsverð breyting frá því, sem upphaflega var í frv., og sjerleyfishafa mikið í óhag. Eftir því, sem frv. var samþ. hjer í deildinni, var svo ákveðið, að fje þetta skyldi greitt eftir á, eftir því sem verkinu miðaði áfram. Samkvæmt því hefði fjelagið getað krafist hlutfallslegrar greiðslu á framlagi ríkissjóðs, er brautin var komin upp að Kolviðarhóli, eða jafnvel fyr. En nú fær það ekkert greitt, fyr en járnbrautin er fulllögð alla leið austur að Ölfusá.

Önnur brtt. kom fram í Ed. um það, að kostnaðurinn yrði greiddur, þegar brautin væri komin austur fyrir Lágaskarð, og hefði það verið mun aðgengilegra fyrir fjelagið. En með þessari breytingu, sem samþykt hefir verið, er hnept mjög að kostum fjelagsins. Er þá eftir þessu ákvæði trygging fengin fyrir því, að ekkert fje verður greitt úr ríkissjóði til járnbrautarinnar fyr en hún er komin austur að Ölfusá. En af því að jeg er sannfærður um, að sjerleyfishafa tekst að fullgera verkið, er jeg ekkert hræddur við, þó að þetta ákvæði, sem samþ. var í Ed., standi í lögunum.

3. brtt. er við sömu gr. Er það nýr liður, e, og er um það, að sjerleyfishafi annist allan annan kostnað við járnbrautina og að ríkissjóður sje á engan hátt ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa. Þetta ákvæði er alveg sjálfsagt, og hefði ekki þurft að taka það fram í lögunum, að ríkissjóður ætti ekkert annað að gera en að leggja fram þessar 2 milj. kr. En það skaðar auðvitað ekki að hafa þetta ákvæði í lögunum, því að það er heldur til bóta. Það tekur af allan efa, sem menn kunna að hafa haft um það, að ríkissjóður stæði í ábyrgð fyrir meiru en þessum 2 milj. kr.

Þá kem jeg að 4. og síðustu brtt. Við 11. gr. hefir verið bætt nýrri málsgrein, sem segir, að járnbrautin með stöðvarhúsum, vögnum og öllum öðrum áhöldum skuli standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni við. Þetta er verulega herðandi ákvæði. Er jeg sá þessa brtt. fyrst, þá var jeg þess mjög uggandi, að hún gæti valdið því, að sjerleyfishafi sæi sjer ekki fært að framkvæma verkið, ef þetta ákvæði stæði í lögunum. En er jeg athugaði þetta nánar, þá komst jeg að þeirri niðurstöðu, að ákvæði þetta mundi þó varla gera það að verkum, að sjerleyfishafi sæi sjer ekki fært að halda áfram með verkið. Mjer getur þó ekki dulist, að þetta er mjög svo herðandi ákvæði frá þingsins hálfu.

Jeg verð að segja það, að tvær af þessum brtt., brtt. við 9. gr. d og þessi, veita miklu meira aðhald en var í

frv. eins og það fór frá háttv. Nd. Þeir háttv. þm., sem þá gátu ekki greitt frv. atkv., ættu því að geta það nú, eftir að þessi ákvæði eru komin inn.

Mjer dylst ekki, er jeg ber saman frv. þetta við frv. það til sjerleyfis, er samþykt var á síðasta þingi, að nú eru kostirnir talsvert harðari. Það hefði þó mátt búast við því, að fjelagið Titan, sem búið var að offra svo miklu fje til undirbúnings þessa máls, hefði fengið ofurlítið vægari kjör. En það er nú síður en svo.

Jeg vona nú samt, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það nú er og komi til framkvæmda sem allra fyrst.

Jakob Möller: Í upphafi umr. um þetta mál spurðist jeg fyrir um það, hvort líkur væru til þess, að nokkuð yrði úr framkvæmdum þeim, sem hjer eru ráðgerðar. Jeg spurði sjerstaklega um það, hvað fjelagið ætlaði að leggja fyrir sig eða til hvers það ætlaði að nota rafmagnið, ef það fengi leyfi til þess að virkja. Jeg vjefengdi, að um það væri til nokkur ákveðin fyrirætlun. Jeg fjekk þá ekki greinilegri svör hjá hæstv. atvrh. og háttv. frsm. en það, að þeir vísuðu aðeins til sjerleyfisumsóknarinnar, því að þar væri talið upp alt, er hægt væri að nota rafmagnið til. Þar er sagt, að rafmagnið muni að einhverju leyti verða notað til að vinna áburð. Að öðru leyti eru þar litlar upplýsingar um málið.

Jeg vil vekja athygli á því, að því að borið er saman þetta frv. og umsókn fjelags þess, er sótti um sjerleyfi í fyrra, að þar er mikill munur á. Því að þar var þó að minsta kosti gefið upp eitt verkefni, sem líkur voru til, að fjelagið gæti lagt fyrir sig með einhverjum árangri. En hjer er ekki bent á eitt einasta. Svo er nú komið, eftir að málið hefir farið frá þessari deild og til Ed., að frekari upplýsingar um það hafa komið utan að. Nú tel jeg upplýst, að það eitt sje víst, að áburðarframleiðsla geti ekki komið til mála. (**KlJ:** Þetta er algerlega rangt). Jeg tel það upplýst, og það er rjett. (**KlJ:** Það er rangt). Háttv. 1. þm. Rang. hefir enga ástæðu eða átyllu til þess að segja, að það sje rangt, sem jeg hefi lýst yfir fyrir mína hönd, að jeg telji fyllilega upplýst. Skal jeg segja hv. þm., á hverju jeg byggi það. Jeg hefi átt tal við helsta sjerfræðinginn í þessum efnum hjer á landi, og hann segir, að þetta geti ekki komið til mála. Annars er það alveg dæmalaust, að ekki skuli hafa verið borið við að leita upplýsinga hjá sjerfræðingum hjer á landi um þetta mál. En ef það hefði verið gert, býst jeg við, að bæði stjórnin og nefndin, sem fjallaði um þetta mál, hefðu fengið nákvæmlega sömu upplýsingar og jeg hefi komið með. En að fjelagið, sem hjer á hlut að máli, hafi ekki enn afráðið neitt, hvað gera skuli, má marka af því, að það er ekki fært fram áætlun um stofnkostnaðinn að öðru leyti en því, sem að virkjuninni lýtur. Það hefir verið gefið upp, að stofnkostnaðurinn væri 40 milj. kr., en það er líka upplýst, að þessar 40 milj. kr. eru aðeins til virkjunar á fossinum, en aftur á móti er ekkert áætlað um það, hve mikið fje þurfi til þess að koma upp fyrirtæki til hagnýtingar raforkunnar. Ef þetta

er ekki sönnun þess, að fyrirætlanir fjelagsins liggi í lausu lofti, þá veit jeg ekki, hvaða sannanir menn vilja fá. Jeg tel, að fullkomlega sje nú staðfest tilgáta mín við upphaf umr. um þetta mál, sem sje, að fyrirætlanir Titans liggi alveg í lausu lofti. Það er engin áætlun til um það, til hvers nota eigi aflið, ekkert annað verkefni fyrir hendi en virkjunin. Það er í sjálfu sjer skiljanlegt, að í öðrum löndum þyki slík virkjun sem þessi álitlegt fyrirtæki og boðlegt að bjóðast til þess að leggja fram fje til slíks, þar sem önnur fyrirtæki eru til, sem geta notað orkuna, þegar rafstöðin er komin upp. En hjer er öðru máli að gegna. Hjer eru engin slík fyrirtæki til, sem geti notað rafmagnið nema að örlitlu leyti.

En af því leiðir, að þeir menn, sem leitað er til um fjárframlög til fyrirtækisins, spyrjast fyrir um það, hvaða líkur sjeu til þess, að stöðin geti borið sig, og til hvers eigi að nota orkuna. Jeg get ekki sjeð, að forgöngumenn þessa fyrirtækis geti bent á neitt, og þá verður ekkert úr framkvæmdum. Jeg veit nú, að mörgum mun ekki þykja það neitt agalegt, þó ekkert verði úr framkvæmdum í þessu máli, en það hefir þó þær afleiðingar í för með sjer, að framkvæmdir okkar stöðvast þann tíma, sem verið er að braska með þetta fyrirtæki. Jeg skal ekki neita því, að frv. er nokkru aðgengilegra eftir meðferð þá, sem það hefir fengið í hv. Ed., en eftir sem áður er þó sá höfuðgalli á því, að hjer er ekki um neitt „reelt" tilboð að ræða, sem þingið geti forsvarað að samþykkja. Mjer þykir ekki líklegt, að fjármálamenn úti um heim fari að kasta fje í fyrirtæki norður á Íslandi, þegar þeir eiga kost á því að leggja fje í samskonar fyrirtæki nær sjer og þar sem líkurnar eru miklu meiri fyrir því, að þau beri sig. Það er talið líklegt, að helst sje hægt að nota orkuna til aluminiumframleiðslu í stórum stíl. En það eru ekki líkur fyrir því, að slík framleiðsla hafi skilyrði til að vera frekar arðberandi hjer en annarsstaðar, og er því ekki líklegt, að peningamenn úti um heim fari að kasta fje í fyrirtækið.

Annars gleður það mig, að nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að brtt. þær, er komu fram við frv. í Ed., væru til bóta. Því að ein brtt., sem samþykt var í Ed., var mjög svipuð brtt., sem jeg flutti hjer við 3. umr., en þá var nefndin og hæstv. atvrh. alveg á móti henni og sögðu, að af henni leiddi, að ekkert mundi verða úr framkvæmdum. **(Atvrh. MG:** Hvaða brtt. var það?). Það var viðbótartill. við 11. gr. Jeg get ímyndað mjer, að við nánari athugun hefði hæstv. stjórn komist að þeirri niðurstöðu, að fleiri af mínum brtt. væru til bóta. Því hefði verið æskilegt að fá tíma til að endurnýja þær. Annars eru mínar till. í þessu máli hinar sömu og áður, að jeg legg til, að frv. þetta verði felt. Er það í fyrsta lagi vegna þess, að jeg tel ófullnægjandi grein gerða fyrir því, að líkur sjeu til þess, að nokkuð verði úr framkvæmdum, og í öðru lagi, ef eitthvað verður úr framkvæmdum, þá sjeu þær þjóðinni stórhættulegar, og svo í þriðja lagi, að þó ekkert verði úr framkvæmdum og frv. því að því leyti meinlítið, þá tefur það um óákveðinn tíma aðrar líkar framkvæmdir, svo

sem virkjun Sogsins og járnbrautarlagningu austur. Þá vil jeg einnig leiða athygli að því, að þó það sje skoðað þjóðþrifafyrirtæki fyrir landsins hönd að virkja vatnsföll, þá er hjer byrjað á dýrasta og óhentugasta vatnsfallinu, og því hlýtur landið að tapa á því, að þetta vatnsfall skuli virkjað. Það er fullyrt, að hestorkan hjer muni kosta um 50 kr., og mun það láta nærri kolaverðinu, en ef Sogið væri virkjað, þá mundi hestorkan kosta miklu minna. Hjer er því blátt áfram um sóun á fje þjóðarinnar að ræða með því að kaupa þetta dýra rekstrarafl, þegar kostur er á öðru ódýrara. Jeg er þakklátur þeim hv. þm., sem bera fram till. þess efnis að ná tökum á Soginu. Þar er stefnt í rjetta átt; það er ódýrt vatnsfall og er rjett að taka framkvæmdirnar í hendur landsmanna sjálfra. Þessar framkvæmdir eru svo mikils varðandi fyrir þjóðfjelagið, að jeg álít, að þær megi ekki vera í höndum útlendinga, sem ekki hafa sömu hagsmuna að gæta sem þjóðfjelagið.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg sje, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) ætlar nú að hefja nákvæmlega sömu umræður og halda áfram sama leik um mál þetta og áður. Að vísu talaði hann nú miklu hóflegar en við mátti búast. Hann kom með sömu spurningu og áður, hverjar líkur væru fyrir framkvæmdum. Því hefir verið svarað áður. Sú vinna, sem búið er að leggja í þetta verk, gefur sterkustu líkur fyrir því, að því verði haldið áfram. Hv. þm. kvaðst telja það víst, að áburðarefni yrðu ekki unnin, en eftir frv. er það skilyrði fyrir sjerleyfinu. Jeg hefi nýlega fengið brjef frá einum af forgöngumönnum fjelagsins, og hann telur það sjálfsagt, að áburðarefni verði unnið. Það er alveg víst, að fjelagið hlýtur að vinna áburðarefni, og hefir enda boðist til þess í beiðni sinni um sjerleyfi. Þá talaði hann um það, að ekki hefði verið talað við hjerlenda sjerfræðinga um þetta efni. Þetta er rjett, en mjer er ekki kunnugt um, að neinir slíkir sjerfræðingar sjeu hjer til. En norskur alþektur sjerfræðingur í þessari grein hefir verið hjer uppi og haft mikil afskifti af þessu máli, og sannast að segja, þá treysti jeg honum betur en þeim íslensku verkfræðingum, sem hjer kynnu að vera. Þeir eru flestir nýbakaðir kandídatar og geta því tæplega haft mikla sjerþekkingu í þessum efnum eða verulega reynslu, samanborið við gamlan og reyndan verkfræðing. Þá sagði hv. þm., að hjer svifi alt í lausu lofti um fyrirrætlanir fjelagsins. Það er nú ósköp trúlegt, að menn, sem búnir eru að leggja nær tveim milj. króna í fyrirtækið, byggi allar sínar áætlanir um það í lausu lofti! En það er þá verst fyrir þá sjálfa. Hv. þm. er óþarft að hafa áhyggjur út af þeim. Þá er það heldur ekki rjett hjá hv. þm., að það sje ólíklegt, að fjármálamenn úti um heim muni leggja fje í fyrirtæki sem þetta. Þeir hafa þegar lagt alt að tveim miljónum, — og því þá ekki að halda áfram, ef haganlegt leyfi fæst? Ef þeim þykir sjerleyfið aðgengilegt, þá munu þeir geta útvegað nægilegt fje. Þá gat hv. þm. þess að endingu, að ef ekkert yrði úr framkvæmdum, sem hann vonaði, þá mundu allar aðrar

framkvæmdir í þessu máli stöðvast þann tíma, sem sjerleyfið gilti. Þessu hefir oft verið haldið fram áður, en jafnframt hefir verið bent á það, hve miklar líkur sjeu til þess, að við sjálfir mundum aðhafast nokkuð í járnbrautarmálinu á næstu árum. Allir, sem þekkja fjárhagsástæður ríkissjóðs, vita, að það getur ekki komið til mála að leggja fram 8—9 miljónir til járnbrautar á næstu árum. Þá taldi hann og, að þetta mál gæti haft tálmandi áhrif á virkjun Sogsins. Hjer er nú komin fram tillaga um að taka Sogið; jeg hefi ekki amast við henni og mun fylgja henni. Allar ástæður, sem hv. þm. kom fram með nú, hafa komið fram áður og er búið að svara áður. Jeg mun því ekki hirða um að orðlengja þetta meira, og býst við að geta lokið hlutverki mínu sem frsm. nefndarinnar með þessari litlu ræðu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það kom ekkert nýtt fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Það voru alt fullyrðingar, sem hann hafði slegið fram áður. En af því að það gæti litið svo út, að hann hefði sannfært mig og aðra, ef honum væri ekki svarað, þá vil jeg segja nokkur orð. Þá vil jeg fyrst benda á það, að hann virðist vera hættur að halda því fram, að stórhætta stafi af þessu fyrirtæki, ef það kæmist í framkvæmd. Jeg hafði bent honum á, að það væri undarlegt að halda því fram í öðru orðinu, að fyrirtækið væri stórhættulegt, ef það kæmist í framkvæmd, en segja í hinu orðinu, að engar líkur væru á framkvæmdum. Þetta hefir hann nú fundið, og ræða hans snerist því mest um það nú að sýna fram á það, að ekkert gæti orðið úr framkvæmdum, vegna þess hvað málið væri illa undirbúið og vanhugsað. Jeg hefi sýnt fram á það áður, að þetta er ekki á rökum bygt. Háttv. þm. spyr, hvað fjelagið ætli að gera með orkuna. Frv. takmarkar það ekki; fjelagið má gera við hana hvað sem það vill; aðeins er það skyldað til áburðarframleiðslu að nokkru leyti. Þá er margbúið að taka það fram, að fjelagið ætlar að virkja smátt og smátt. Þá er vitanlegt, að fjelagið getur selt mikið af orkunni hjer og í sveitunum í kring. Hestaflið hjer í Reykjavík kostar 600 kr. á ári. En hjer fer hestorkan ekki fram úr 55 kr. eystra og mun verða um 100 kr. hingað komin. Hún er þá 6 sinnum ódýrari en hægt er að fá hana hjer í Reykjavík. En auk þess er það vitanlegt, að þessi orka er þrotin hjer og ekki hægt að fá rafmagn þegar ljósatíminn er lengstur. Það er enginn efi á því, að mikill markaður mundi verða hjer. Rafmagnsstjórinn segir, að notkun rafmagns til iðnaðar hafi vaxið um helming á ári hverju síðustu ár. Því, sem hv. þm. sagði um líkurnar fyrir áburðarvinslu, hefir hv. 1. þm. Rang. (KlJ) svarað. Það þarf ekki annað en benda á, að fjelagið er skylt til þess samkv. frv. Þá sagði hv. þm., að engra upplýsinga hefði verið leitað hjá innlendum sjerfræðingum. Jeg vil nú meina, að hæstv. forsrh. (JÞ) beri nokkurt skyn á þetta mál, að minsta kosti vil jeg leggja þekkingu hans á móti þekkingu hv. 1. þm. Reykv. (JakM). En annars mun hv. þm. sjálfsagt hafa átt við rafmagnsstjórann í Reykjavík. Jeg tel víst, að

hans aðstoðar verði leitað við samningu sjerleyfisins; jeg sje ekki, að til hans þurfi að leita fyr. Hv. þm. má ekki ímynda sjer, að hinir útlendu menn, sem að þessu fjelagi standa, hafi ekki látið sína eigin sjerfræðinga rannsaka lífsmöguleika fjelagsins. Ef fjelagið er eins dauðadæmt og hv. þm. vill vera láta, — hvernig getur honum þá dottið í hug, að erlendir sjerfræðingar álíti möguleika til þess að fá fje í fyrirtækið? Hvaða peningamenn erlendis mundu þá vilja fást við það? Þessi aðferð hv. þm., að ætla sjer að gera sig að fjárhaldsmanni fjelagsins, er alveg mislukkuð. Peningamennirnir úti um heim munu sjá um sig; þeir þurfa ekki á hans ráðum að halda. Þeir munu ráðfæra sig við sína sjerfræðinga og taka meira tillit til þeirra en okkar sjerfræðinga. Jeg skil vel, að hv. þm. gengur á þetta lag til þess að reyna að afla sínum málstað fylgis og gera fjelagið tortryggilegt. Hann er nú hættur að tala um hættuna fyrir þjóðerni, tungu og fjárhagslegt sjálfstæði. Jeg skal ekki segja, hvort þessi aðferðin gefst betur, en jeg veit það, að hv. þm. notar þetta eingöngu vegna þess, að hann heldur, að hann komist lengra með þessu en með hjali sínu um þjóðernishættuna. Þá sagði hann, að frv. mundi valda drætti á járnbrautarmálinu. Þetta hefir verið marghrakið. Það þarf ekki annað en minna á það, að fjelagið á að hafa byrjað á járnbrautinni fyrir 1. maí 1929, og það er ekki hægt að telja nokkrum manni trú um, að byrjað verði að leggja járnbraut á ríkisins kostnað fyrir þann tíma. Það er því sýnt, að þetta er staðleysa ein. Hv. þm. þótti frv. hafa tekið breytingum til bóta í hv. Ed. En er hann fór að tala um, að brtt. við 11. gr., sem samþ. var í hv. Ed., hafi verið samhljóða brtt., sem hann bar hjer fram við 2. eða 3. umr., þá er það ekki rjett. Hans tillaga gekk miklu lengra. Annars er þessi brtt. hv. 1. þm. Reykv. — sem var feld fyrir honum hjer á dögunum — brot á stjórnarskránni. Að taka af mönnum eignir endurgjaldslaust, þó að ekki sje staðið við samninga, er alt annað en að greiða skaðabætur.

Með tilliti til ummæla háttv. frsm. (KlJ), þá verð jeg að álíta það, að ekki sje mikill munur á ákvæði 4. málsgr. 11. gr. frv. og því, sem er að finna í sjerleyfislögunum.

Þá var það ný ástæða hjá hv. 1. þm. Reykv. gegn frv., að þetta mál eins og það er á veg komið mundi verða til þess að tefja fyrir virkjun Sogsfossanna. Um það mál hefi jeg ekkert heyrt annað en það, sem kom fram í ræðu hjá hv. 4. þm. Reykv. hjer á dögunum, að Reykjavík mundi geta fengið lán til þessara framkvæmda. Jeg veit ekki, að staðið hafi til að byrja á virkjun Sogsfossanna, enda mun lítið sem ekkert hafa verið unnið að undirbúningi þess máls.

Annars finst mjer óþarft að ræða þetta mál öllu lengur. Það er kunnugt, að ⅔ hv. þdm. fylgja frv. fram, en ⅓ á móti, svo að langar ræður úr þessu hafa engin áhrif á úrslit málsins, enda vona jeg, að frv. verði að lögum þegar á þessum degi.

Hjeðinn Valdimarsson: Það eru aðeins örfá orð til hæstv. atvrh. Hann ljet svo sem hann vissi ekki, að unnið hefði verið að því í bæjarstjórn Reykjavíkur, að Sogsfossarnir yrðu

virkjaðir áður en kannske langt um líður. Hann fylgist ekki mikið með málum Reykjavíkurbæjar, þegar hann veit ekki, að mikill hluti Reykvíkinga er því fylgjandi, að Sogið sje virkjað og þaðan leitt rafmagn hingað til bæjarins.

Í öðru lagi mætti minna á, að í bæjarstjórn Reykjavíkur er nefnd starfandi, sem vinnur að undirbúningi þessa máls. Og í þriðja lagi mætti nefna það, sem hæstv. atvrh. ætti þó að vita, að stjórnin hefir lagt fje til rannsóknar þessu máli, meðal annars með því að kosta stöðugar mælingar á vatnsmagni Sogsins, sem vitanlega eru gerðar í sambandi við væntanlega virkjun.

Jafnframt vil jeg minnast lítils háttar á þetta atriði, sem hæstv. atvrh. verður einna skrafdrjúgast um og heldur mest á lofti, en það er þetta ódýra rafmagn, sem verður á boðstólum, þegar farið verður að virkja Urriðafoss. Þessu hefir hann verið að hampa frá því fyrst að hann tók að sjer að koma þessu máli fram; en ekki kæmi mjer á óvart, að eitthvað yrði minna úr þessu en ráð er fyrir gert.

En hugsum okkur, að alt fari vel og virkjun Urriðafoss komist á, þá verður það þó ekki fyr en 1933, að Reykjavíkurbær getur orðið aðnjótandi þessa ódýra rafmagns. En það er áreiðanlegt, að fyrir þann tíma þarf að fá rafmagn hingað til bæjarins, ef framkvæmdirnar verða það hraðstígar og líkar því, sem þær hafa verið fram að þessu.

Þá sagði hæstv. atvrh., að báðir þessir möguleikar, að leggja fram fje til járnbrautarlagningar og veita sjerleyfi til þess, tefðu ekki fyrir þessari samgöngubót. En jeg vil þó benda á, að með því að binda þetta í tvö ár verður þó ekki hægt á þeim tíma að veita öðrum leyfi til framkvæmdanna. Svo að verði ekkert úr framkvæmdum fjelagsins, er tafið fyrir járnbrautinni þessi tvö ár, sem sjerleyfið gildir.

Jakob Möller: Jeg get fallist á, að langar umr. um málið úr þessu hafa enga þýðingu, enda er það ekki mikið, sem jeg hefi við að bæta.

Hæstv. atvrh. vildi draga það út úr orðum mínum áðan, að jeg mundi fallinn frá annari aðalástæðunni, er jeg færði fram gegn frv., er það var hjer á ferðinni í fyrra skiftið. Þetta er nú víst ekki meining hæstv. ráðherra, heldur smávegis útúrsnúningur á orðum mínum. Enda er jeg alveg sömu skoðunar og áður um það, að verði úr þessum framkvæmdum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá geti það orðið stórhættulegt fyrir þjóðerni okkar og sjálfstæði. Hitt er annað mál, að síðan frv. fór hjeðan úr deildinni, hafa fengist þær upplýsingar, sem hafa sannfært mig betur um það, að litlar eða engar líkur sjeu til þess, að úr þessum framkvæmdum verði. Og meðal annars af því, að eigi að virkja jafnmikið og ætlast er til, þá þurfi ekki aðeins þessar 40 miljónir kr., sem altaf er verið að tala um, heldur megi gera ráð fyrir, að til virkjunarinnar og annara nauðsynlegra framkvæmda í sambandi við hana þurfi að minsta kosti 80 miljónir, eða jafnvel 100 miljónir.

Hv. frsm. sagði, að Urriðafoss ætti ekki að virkja allan í einu, heldur smám saman, en það þýðir vitanlega ekki annað en það, að þá þarf minna fje, en fyrirtækið verður ekkert glæsilegra fyrir það.

Hv. frsm. vissi ekki, að sjerfræðingur væri hjer til, sem fá mætti upplýsingar hjá í þessu efni. Því undarlegra þykir mjer þetta, þegar þess er gætt, að til þessa sjerfræðings leitaði einmitt fjhn. í fyrra, þegar hún hafði til meðferðar frv. um sjerleyfi til Dynjandafjelagsins.

Mjer þykir undarlegt, að bæði hv. frsm. og hæstv. atvrh. skuli halda fast við það, sem þeir hjeldu fyrst fram, að samkvæmt frv. sje fjelaginu skylt að leggja fyrir sig áburðarvinslu. En þetta er ekki rjett. Frv. felur ekkert annað í sjer en að veita fjelaginu sjerleyfi til framkvæmda þeirra, sem taldar eru upp í 1. gr. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa enn einu sinni upp úr 1. gr. þetta margumþráttaða atriði.

Greinin hefst með því, að „atvinnumálaráðherra sje heimilt", meðal annars sem upp er talið, að veita hlutafjelaginu sjerleyfi til „að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni".

Hvernig getur nú hæstv. atvrh. fengið það út úr orðalagi 1. gr., að fjelaginu sje skylt að leggja fyrir sig áburðarvinslu? Það getur reist iðjuver, en það liggur engin skylda á því að leggja fyrir sig áburðarvinslu.

Svo er það 7. gr., og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upphaf hennar líka. Hún byrjar svo: „Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje" áburð þann, sem til er tekinn. Þarna er skyldan miðuð við það, að áburðarvinslan sje komin á, en ekkert um það sagt, að hún skuli verða sett á stofn. Annars ber það ekki vott um, að hæstv. atvrh. og hv. frsm. finnist málstaður sinn góður, þegar þeir vísvitandi rangfæra orðalag frv., sem allir hv. þdm. hafa fyrir framan sig.

Hjer kom fram við 2. eða 3. umr. till. frá hv. þm. Str. (TrÞ), sem fór fram á, að sjerleyfishafa væri beinlínis gert það að skyldu að leggja fyrir sig áburðarvinslu. En hæstv. stjórn og hv. frsm. lögðust með miklum þunga á móti henni, enda var hún feld.

Það mun heldur ekki þurfa að gera ráð fyrir, að fjelagið ráðist í áburðarvinslu, og það af þeirri einföldu ástæðu, að það getur ekki orðið samkepnisfært á markaðinum með þá vöru sína. Eftir þeim upplýsingum, sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri hefir gefið, þá er hestorkan til köfnunarefnisvinslu reiknuð á 13 kr. í Noregi, en hjer er gert ráð fyrir, að hestorkan muni aldrei kosta undir 50 kr. Og hvernig gæti þá komið til mála, að þetta fjelag kepti um áburðarvinslu við stóriðjufjelög í Noregi, sem hafa ráð á margfalt ódýrari orku?

Þá vjek hæstv. atvrh. að því, að embættisbróðir hans, hæstv. forsrh., bæri fult skynbragð á þessa hluti. Jú, jeg efast ekki um það, en hann hefir ekki fengist til að láta uppi álit sitt um þetta atriði. Um það hefir hann vendilega þagað. Hann var hjer viðstaddur við 1. umr. og ljet sig engu skifta, er deilt var um þetta atriði. Og hann tók þátt í umr. málsins í hv. Ed., en mintist ekki einu einasta orði á það, að fjelagið mundi leggja fyrir sig áburðarvinslu. Þögn hæstv. forsrh. um þetta þýðingarmikla atriði virðist ótvírætt benda á það, að hann hafi enga trú á, að fjelagið leggi fyrir sig þessa iðju.

Hæstv. atvrh. gaf í skyn, að Titan hefði eins góðum sjerfræðingum á að skipa og Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra, og hæstv. forsrh. þá víst líka, og að þessir sjerfræðingar sæju fyrirfram, hvort slíkt fyrirtæki sem þetta væri dauðadæmt eða ekki, og hvað Titan snertir, þá hefði þessum norsku sjerfræðingum reiknast svo til, að vonir væru um allgóðar tekjur af starfrækslunni. Jeg byggi nú ekki svo ýkjamikið á slíkum staðhæfingum sem þessum. Það er vitanlegt, að í Noregi hefir tekist að útvega fje til þess að reisa orkuver fyrir, sem aldrei varð notað, og þó höfðu sjerfræðingarnir reiknað út, að fyrirtækið mundi bera sig. Þeir, sem lögðu fram fjeð, gerðu svo kröfu til ríkissjóðsins um að fá sitt fje endurgreitt, þegar sjeð var, að ekkert varð úr framkvæmdunum. Þeir kunnu því illa að vera gabbaðir og töldu sjálfsagt, að ríkið bæri ábyrgð á framferði þegna sinna.

Slík dæmi sem þetta ættu að vera okkur til varúðar, því vafalaust gæti það verið okkur hættulegt, að hafa stuðlað að því með löggjöf að fá hingað erlent fje í mislukkað fyrirtæki, og því fremur er þetta hættulegra, ef ríkið gerist óbeinlínis hluthafi í fyrirtækinu, með því að leggja í það 2 milj. kr.

Það er alls ekki mín meining, eins og hæstv. atvrh. virtist gera ráð fyrir, að gerast fjárhaldsmaður þessa fjelags. Mjer stendur alveg á sama, hvernig það sóar fje sínu, hafi það eitthvað handa milli. Jeg hefi með því, sem jeg hefi sagt hjer, viljað gera fulla grein fyrir afstöðu minni til málsins á hinu háa Alþingi.

Hæstv. atvrh. og hv. frsm. reyndu báðir að mótmæla því, að járnbrautarlagningin og aðrar framkvæmdir í sambandi við hana gætu tafist um óákveðinn tíma, ef frv. þetta yrði að lögum. Og hv. frsm. árjettaði þessa skoðun sína með því, að allir, sem eitthvað væru kunnugir fjárhag ríkissjóðs, mundu vita, að í járnbraut yrði ekki lagt á næstu árum. En jeg bjóst ekki við slíkum barnaskap, sem lýsir sjer í því að halda, að framkvæmd slíks fyrirtækis sem járnbraut er miðist við augnablikshag ríkissjóðs. Járnbrautin verður vitanlega lögð undir eins og þingið skipar svo fyrir. En hún verður ekki bygð fyrir árstekjur ríkissjóðs, heldur með lánsfje. Þess vegna væri eðlilegt, að byrjað væri á henni í slæmu árferði og bæta með því úr atvinnuleysi fjölda manna. Ef menn hafa yfir höfuð trú á, að járnbrautin sje sú samgöngubót, sem sumir fylgismenn hennar halda fram, þá eiga þeir að berjast fyrir því, að hún komi sem fyrst og að ríkið leggi hana.

Hæstv. atvrh. sagði, að það væri svo stuttur tími þangað til sjeð væri fyrir, hvort fjelagið byrjaði á járnbraut eða ekki.

Það er nú svo.

Á þinginu í fyrra var frv. um byggingu járnbrautar lagt hjer fram í fullri alvöru og með það fyrir augum að byrja á framkvæmdunum; og mjer er nær að halda, að hefði frv. verið fast og einarðlega fylgt, þá hefði þessu máli verið borgið.

Þess vegna verð jeg að líta svo á, að þetta frv., sem hjer er á ferðinni, hafi þegar orðið til þess að tefja málið, ef menn á annað borð vilja ráðast í að leggja járnbraut. En um það skal jeg ekkert fullyrða, hvort þingið hafi

þá afstöðu nú til málsins, að það vilji ráðast í slíkar framkvæmdir. Um það hefir ekkert verið upplýst, enda forðast á allar lundir, að þingið láti uppi álit sitt í því efni.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg er enn sömu skoðunar og þegar frv. var hjer á ferðinni áður, um það, að landi og þjóð geti stafað hætta af, ef slík stórfyrirtæki komast á fót í landinu og verða rekin áfram fyrir erlent fje. Sú skoðun mín er óbreytt, að jeg tel þetta stórhættulegt, sem vafalaust mundi leiða til tortímingar fyrir sjálfstæði landsins og þjóðerni. En út í það tel jeg óþarft að fara frekar nú og vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, enda engin ástæða til frá minni hendi að vekja þær umr. á ný. Stuðningsmenn frv. hafa á engan hátt gert tilraun til þess að vjefengja eða draga úr þeim líkum, sem jeg hefi fært fram fyrir hættu þeirri, sem þjóðinni stafar af slíkum stórfyrirtækjum. Enda geta þeir það ekki. Það eru til mýmörg dæmi úti um allan heim, sem sýna, hvaða áhrif það getur haft, þegar stór fjelög með nógu fjármagni ná tökum á fyrirtækjum í litlu landi og hjá fámennri þjóð.

Hæstv. atvrh. vill ekki ganga inn á, að sú breyting, sem var gerð á 11. gr. frv. í hv. Ed., fari í líka átt og brtt. frá mjer, sem feld var hjer við 2. umr. Jeg finn ekki, að þar sje mikill munur á. Í minni brtt. stendur: „ef sjerleyfishafi hættir að reka fyrirtækið án samþykkis ráðherra, skal járnbrautin með öllu tilheyrandi verða eign ríkissjóðs endurgjaldslaust".

En 4. málsliður 11. gr. frv. eins og það kemur frá hv. Ed. hljóðar svo: „Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni við ..."

Hvað þýðir að hafa veð í þessu tilfelli? Vitanlega ekkert annað en það, að ef sjerleyfishafi stendur ekki við skuldbindingar sínar, þá hlýtur járnbrautin með því, sem henni fylgir, að falla til ríkissjóðs. Annars vildi jeg mælast til að fá upplýsingar um það nú þegar, hvort þetta ákvæði geti þýtt eitthvað annað. Jeg fæ að minsta kosti ekki betur sjeð en að eftir orðanna hljóðan falli járnbrautin og það, sem henni fylgir, til ríkisins endurgjaldslaust, ef fjelagið eða sjerleyfishafi stendur ekki við skuldbindingar sínar. Endurgjaldslaust, eða ef koma ætti fult endurgjald, til hvers er þá að hafa veð? Nei, það væri tilgangslaust. Þá er það rangt hjá hæstv. atvrh. að halda því fram, að till. mín sje brot á stjórnarskránni, og það undrar mig mjög, að hæstv. ráðh. skuli segja slíkt. Till. mín fer ekki fram á annað en að gerður sje samningur við sjerleyfishafa, og haldi hann ekki gefin loforð, þá sje honum skylt að greiða sekt. Þessi sekt er járnbrautin með öllu, sem henni tilheyrir. Hæstv. atvrh. kemst enga leið með að halda því fram, að till. mín sje brot á stjórnarskránni. Ákvæði 11. gr. frv. er ekki brot á stjórnarskránni, og ekki getur það falið í sjer annað en það, sem till. mín á þskj. 221 ræðir um.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla ekki að vera margorður. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV)

sagði, að hjer væri áhugi mikill fyrir virkjun Sogsins og að það mál væri komið langt áleiðis. Ekki færir hann þó önnur rök fyrir máli sínu en þau, að margir bæjarbúar sjeu meðmæltir virkjun Sogsins, að nefnd í bæjarstjórn hafi haft málið til meðferðar og stjórnin látið rannsaka vatnsmagn Sogsins. Þetta er þó dálítið annað en að virkja Sogið, og er jeg mjög hissa á, að hv. 4. þm. Reykv. skuli halda því fram, að aðeins vanti herslumuninn til þess að koma þessu í framkvæmd. Þá sagði háttv. 4. þm. Reykv. um daginn, þegar þetta mál var til umr., að eftir væri að útvega fje til virkjunarinnar, og það getur tekið töluverðan tíma að fá það. En Reykjavíkurbæ gæti vantað rafmagn áður en þetta kæmist í framkvæmd.

Þá segir hann, að annað fjelag gæti komið og sótt um sjerleyfið næsta ár. Jeg veit ekki um það, en verið gæti, að næsta þing vissi þá, hvort nokkuð verður úr þessu, og gæti þá ef til vill samið við það fjelag.

Þá segir hv. 1. þm. Reykv., að jeg hafi misskilið sig út af þeirri hættu, sem hann talar um. Þessu þarf jeg ekki að svara; jeg hefi alls ekki misskilið hann, en hann er altaf jafndauðhræddur, þótt hann hinsvegar vilji halda því fram, að ekkert verði úr framkvæmdum þessa máls.

Ekki er þó gott fyrir hann að samrýma það, að halda þessu tvennu fram. Þá segir hann einnig, að ekki muni aðeins þurfa 40 miljónir króna, heldur 100 miljónir. Þetta getur vel verið, ef alt væri framkvæmt í einu, en það hefir aldrei verið tilætlunin, því að þetta er ekki sú aðferð, sem fjelagið ætlar að hafa, heldur ætlar það að vinna smátt og smátt og selja orku meðal annars einstökum mönnum.

Hv. 1. þm. Reykv. heldur einnig, að því er hann segir, að engin iðjuver verði reist og engin saltpjetursvinsla verði. Heldur hann, að fjelagið leggi 40 milj. kr. í orkustöð án þess að nota kraftinn? Hann hlýtur þá að halda, að í fjelaginu sjeu brjálaðir menn. Jeg get ekki verið hv. þm. sammála um, að að fjelaginu standi þeir fáráðlingar, að þeir kasti út 40 milj. kr. til þess að leiða orkuna til Reykjavíkur, en noti hana svo ekki. Þá segir hv. þm., að hæstv. forsrh. vilji sem minst um þetta mál tala. Hann á ekki sæti í þessari deild og hefir þar að auki ekki borið fram þetta mál. En hann hefir talað í hv. Ed. og rak þar aftur staðhæfingar hv. 5. landsk. (JBald), sem eru þær sömu og hv. 1. þm. Reykv. kemur með. Nú skulum við segja, að svo færi, sem hv. þm. vill vera láta, að fjelagið notaði ekki kraftinn, en bygði aðeins orkuver. Er það þá svo slæmt fyrir okkur? Í sjerleyfinu eru ákvæði um, hvernig þá fer, og járnbrautina verður þó altaf búið að leggja áður. Það er alveg hættulaust, jafnvel þótt fylgt sje hugsanagangi hv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. er hræddur um, að fjelagið fái frest með að byrja á járnbrautarlagningu 1. maí 1929. Þetta sýnir, að hann er ekki alveg trúlaus á fyrirtækið. Og eflaust álítur hann þingið varkárara en svo, að það gefi frest frá þessum tilsetta tíma nema því aðeins, að miklar líkur sjeu fyrir því, að járnbrautin verði lögð.

Hann heldur því fram, að ef járnbrautin með öllu, sem henni er til-

heyrandi, væri sett að veði, þá gæti fjelagið mist hana endurgjaldslaust. Jeg býst við, að ef hann setti hús sitt að veði, gerði hann sjer það ekki að góðu að láta taka það endurgjaldslaust. Enda tel jeg slíkt brot á stjórnarskránni.

Jakob Möller: Jeg býst við, að ef jeg seldi hæstv. atvrh. hús mitt að veði fyrir því, að jeg gerði eitthvað, en ekkert yrði úr framkvæmdum, að hann þættist hafa heimild til að taka það endurgjaldslaust, og þýddi ekkert fyrir mig að fara í stjórnarskrána mjer til hjálpar. Um þetta þarf heldur ekki að deila; þetta vita allir.

Hæstv. ráðh. komst svo óþægilega í mótsögn við sjálfan sig í síðustu ræðu sinni, að mig stórfurðaði á því. Hann viðurkendi sem sje, að ekkert væri rannsakað, hve mikið þurfi til þess að starfrækja fyrirtækið. Hann viðurkennir það, sem jeg altaf hefi haldið fram, að það sje órannsakað, hvað hægt sje fyrir fjelagið að gera og hvað borgi sig að gera. Jeg vona, að hann mótmæli ekki, að hann hafi sagt þetta. Ef þetta hefði verið rannsakað, þá hefði þetta alt verið sýnt með tölum.

Allir voru undrandi, að jeg skyldi láta mjer koma til hugar, að hæstv. ráðh. og hv. frsm. bæru fram mál, sem þeir hefðu ekki þrautrannsakað. En svo kemur þessi játning frá hæstv. atvrh., sem allir heyrðu, sem sje að kostnaðurinn megi vel vera 100 milj. — það sje órannsakað! Svo segir hann, að jeg haldi, að í fjelaginu sjeu þeir fáráðlingar, að þeir ætli að veita straumnum frá orkuverunum til Reykjavíkur án þess að vita til hvers. Nú viðurkennir hann, að svo sje. Þeir ætla að selja strauminn hverjum, sem hafa vill, en ætla sjer ekkert sjerstakt annað með orkuna. Svo að í fjelaginu eru slíkir fáráðlingar, að þeir vita ekki einu sinni, hverjir geta keypt orkuna. Þetta sýnir, að alt er bygt í lausu lofti og staðfestir aðeins mál mitt. Þeir bjóða út virkjun og fá fje til þess frá öðrum löndum án þess þó að ætla sjer nokkuð sjerstakt fyrir með orkuna. Vel má vera, að þeir geti eitthvað fengið upp úr krafsinu. — Það var nýlega haldinn fundur um þetta mál hjer í bænum. Málið átti þar einn formælanda, og hann sagðist leggja mjög mikla áherslu á, að fjelagið færi á hausinn!

Hið sama finst mjer koma fram hjá hæstv. atvrh. Enn get jeg ekki verið hæstv. atvrh. sammála um ábyrgðina. Hann veit, hvernig þetta hefir verið í Noregi, og þó að þeir, sem kröfðust fjár frá norska ríkinu, fengju ekkert aftur, er óvíst, hvernig mundi fara hjer. Að vísu ná þessar kröfur engri átt. En þess ber að gæta, að þegar þeir, sem kröfurnar gera, hafa voldug ríki að bakhjarli, þá er ekki gott fyrir smáþjóð eins og okkur að standa á móti, þegar kröfurnar eru bornar fram af stjórnum hlutaðeigandi ríkja, jafnvel þótt ranglátar kröfur sjeu. Það ræður ekki altaf sanngirni eða rjettlæti. Þá sagði hæstv. atvrh., að ekki mætti ætla þinginu það að framlengja frestinn 1. maí 1929. Það eru sömu líkur til þess og að sjerleyfið verði veitt nú. En líkurnar eru sáralitlar til þess, að úr þessu verði, þó að það sje vilji $^2/_3$ þm. Sama máli verður að

gegna 1929, þó að fresturinn verði veittur af ⅔ hlutum þings.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg nenni ekki að karpa við hv. 1. þm. Reykv., hvort hægt sje að taka veð endurgjaldslaust; hann veit vel, að það er ekki hægt. Þá segir hann, að jeg hafi gefið þá merku yfirlýsingu, að ekki væri rannsakað ennþá, hvað gera ætti við kraftinn. Jeg veit ekki, hvort mönnum finst það mótsögn, er jeg sagði, að tilætlunin væri að selja eins mikinn kraft til einstakra manna og hægt væri, en óákveðið væri, hve mikið af orkunni ætti að nota til iðnrekstrar. Ef hv. þm. þyrði aldrei að setja á stofn fyrirtæki, t. d. verslun, án þess að ganga fyrst til tilvonandi kaupenda og spyrjast fyrir um, hve mikið þeir vildu kaupa, þá hefi jeg litla trú á, að mikið yrði úr framkvæmdum. Hjer er ekki um annað að ræða en að virkja ekki meira en fjelagið heldur, að það hafi not fyrir. Það getur vel verið, að framleidd verði áburðarefni, þótt ekki fáist meira en 13 kr. fyrir hestorkuna; það er líka alveg nóg gjald, þar sem þeir hafa þá orku umfram, sjer að kostnaðarlausu.

Hv. þm. talar um kröfur, er gætu komið frá öðrum löndum á hendur okkur, og að við munum verða að beygja okkur fyrir valdi þeirra þjóða, þótt kröfurnar sjeu alls ekki rjettmætar. Það verð jeg að segja, að ef lagalegur rjettur getur ekki hjálpað okkur í þessu efni, en farið væri á móti okkur með valdi, þá getum við ekki staðið á móti neinni þjóð. Og þá hefði verið heimska af okkur að fá fullveldi, ef við treystumst ekki til að verja okkur með okkar góða málstað. **(JakM:** Það fer eftir því, hvaða fangstað þeir fá). Eftir því, hvaða fangstað þeir fá, segir hv. þm., eftir að hann hefir viðurkent, að slíkar kröfur væru algerlega ranglátar.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er ekki í fyrsta sinn, sem hæstv. atvrh. rangfærir orð mín. Það hefir víst enginn nema hann heyrt mig segja, að það vantaði aðeins herslumuninn til þess, að Sogið yrði virkjað. Jeg sagði, að ekki væri hægt að bíða eftir Titan með þörf bæjarins. Bærinn verður annaðhvort að láta virkja vatnsfall eða nota hitann úr hverunum á Reykjanesi. Það er ekki nema um þetta tvent að gera, þótt órannsakað sje enn um möguleika hveraorkunnar. — Líklega væri betra að virkja vatnsfall, og þá er sjálfsagt að taka það vatnsfall, sem næst er og ódýrast til virkjunar, sem sje Sogið. Hæstv. atvrh. endaði með að skýra frá því, að þetta hefði verið undir rannsókn, og gat þess, að fje vantaði, og er þá komið undir vilja stjórnarinnar, ef til hennar kasta kemur.

En ef ekki er hægt að virkja Sogið, — hvað er þá að segja um Titan, sem sannanlegt er, að hefir ekkert fje? Jafnvel talsmenn þess fjelags viðurkenna, að það hafi ekki fje. Nú hefir það komið fram hjá hæstv. atvrh., að fjelagið ætli sjer að selja alla þá orku, sem það getur, en aðeins nota afganginn sjálft, og á það þá aðallega að vera orkusala, en ekki stóriðja eins og upprunalega var látið í veðri vaka.

Og þó að Titan hefði nóga orku til sölu, þá eru þeir annmarkar á, að í fyrsta lagi kemur það svo seint, í

öðru lagi er hægt að virkja Sogið í smáum stíl fyrst og bæta svo við sig, og í þriðja lagi yrði rafmagnið miklu dýrara hjá Titan.

Hæstv. forsrh. (JÞ) mun og hafa haft augun opin fyrir því, að nauðsynlegt væri fyrir bæinn að geta gripið til Sogsins, því að þegar hann var í bæjarstjórn Reykjavíkur, gekst hann fyrir því, að bærinn eignaðist vatnsrjettindi þar.

Hv. frsm. fjhn. gat þess snemma í umr. um þetta mál, að hann gerði sjer von um, að byrjað yrði á járnbrautarlagningu nú í sumar, og vil jeg nú beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann hafi enn sömu vonir um þetta.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg get alls ekki viðurkent, að jeg hafi á neinn hátt rangfært orð hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann viðurkendi, að rannsóknum á virkjun Sogsins væri skamt á veg komið, og viðurkendi ennfremur, að þörfin fyrir rafmagn hjer í bæ væri mikil. Hv. þm. er því með því að leggjast á móti þessu máli að vinna á móti hagsmunum síns bæjarfjelags og kjördæmis.

Viðvíkjandi útvegun fjár til virkjunar Sogsins, þá veit jeg ekki til, að unnið hafi verið neitt að því, en það hefir mikið verið unnið að fjársöfnun til að virkja Urriðafoss.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg hafði ekki ætlað að taka til máls í þetta sinn, en hv. 4. þm. Reykv. (HjV) beindi þeirri spurningu til mín, hvort jeg væri enn jafnbjartsýnn og áður og vongóður um það, að byrjað yrði á lagningu járnbrautarinnar í sumar. Já, jeg er fullkomlega jafnbjartsýnn og áður í því efni, svo framarlega sem frv. fær þá afgreiðslu, að væntanlegir sjerleyfishafar sjái sjer fært að taka við sjerleyfinu. Ef svo verður, sem jeg vænti, þótt það sje orðið miklu harðara í þeirra garð en upphaflega var til ætlast, þá hefi jeg fylstu von um, að byrjað verði á verkinu sem fyrst, og jafnvel eitthvað nú í sumar. Meira hefi jeg aldrei sagt.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vildi halda því fram, að í frv. felist engin skylda til að framleiða áburðarefni. En um það þýðir ekki að þrátta; jeg lít svo á fyrir mitt leyti, að hjer sje um skýlausa skyldu að ræða, og hæstv. atvrh. lítur einnig svo á. Vitanlega getur þetta, ef til vill, orðið ágreiningsatriði, en nú er það venja um lögskýringar, ef eitthvað er óljóst, að athuga meðal annars umr. á þingi um málið, og þá sjerstaklega, hvað stjórnin og frsm. nefnda hafa sagt eða hvaða skilning þeir hafa lagt í hin umdeildu ákvæði, og um þetta höfum við, bæði hæstv. atvrh. (MG) og jeg, tekið svo skýrt fram okkar skoðun, að ekki er um að villast.

Hv. þm. hjelt því fram, að ef brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) væri samþ., væri hjer um skýlausa skyldu að ræða. En nefndin sá ekki ástæðu til að skuldbinda fjelagið til að láta af hendi 1 þús. tonn fyrsta árið og 2 þús. annað árið o. s. frv., heldur bæri að skylda það til að láta þegar í stað alt, sem með þyrfti, og hún sá ekki ástæðu til að miða við 25% undir heildsöluverði í Noregi, heldur við framleiðslukostnað hjer á staðnum, að viðbættri lítilfjörlegri álagningu.

Hjeðinn Valdimarsson: Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að jeg væri að vinna á móti hagsmunum míns kjördæmis með því að leggjast á móti þessu frv., með því að jafnerfitt væri að útvega fje til að virkja Sogsfossana. En nú vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh., hvort hann álíti það jafnerfitt að útvega 5—6 miljónir og ef til vill alt að 100 milj., eins og láta mun nærri, að þurfi til að virkja Urriðafoss og koma upp tilheyrandi orku- og iðjuverum.

Virkjun Sogsins tæki 2—3 ár, og á henni mætti byrja strax, þegar fje væri fengið, en Titan á ekki að byrja fyr en 1931 og virkjunin getur tekið ótakmarkaðan tíma.

Reykjavíkurbær þarf að fá rafmagn sem fyrst og sem ódýrast, og það liggur alveg beint við að taka það úr Soginu.

Jeg vil þakka hv. frsm. fyrir svör hans, en jeg skal geta þess um leið, að það voru í raun og veru engin svör við því, sem jeg spurði um. Það segir sig sjálft, að fjelagið byrjar á verkinu, ef það tekur við sjerleyfinu, en það, sem jeg spurði um, var það, hvort það mundi yfirleitt taka við sjerleyfinu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki deila við háttv. 4. þm. Reykv. (HjV) um það, hvort hann er að vinna á móti hagsmunum síns kjördæmis eða ekki. Jeg býst við, að hann telji sig vera að vinna fyrir það, að minsta kosti vil jeg ekki gera honum neinar getsakir í því efni. Hitt er jeg viss um, að honum missýnist í þessu máli.

Út af fyrirspurn hv. þm. um það, hvort jafnerfitt sje að útvega 5—6 miljónir og 100 miljónir að láni, vil jeg segja það, að það fer alt eftir því, hverjir leita lánsins. Það getur verið erfiðara fyrir suma að útvega 5 miljónir en fyrir aðra að útvega 100.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, BL, HStef, HK, JAJ, JG, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MJ.

nei: ÓTh, ÁJ, BSt, HjV, JakM, BSv.

Sjö þm. (MT, PO, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, IngB, JÓl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

49. Landsbanki Íslands.

Á 1. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um Landsbanka Íslands (stjfrv., A. 20).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það má segja um þetta frv., að það sje gamall gestur hjer í þinginu, þó að vísu ekki í þeirri mynd sem það nú hefir. Frv. er að mestu leyti eins og samnefnt frv., sem afgreitt var frá hv. Nd. undir þinglokin í fyrra. Af því að málið fjekk svo rækilega meðferð þá í þeirri deild, þótti rjettara að leggja það nú fyrir þessa deild. Jeg ætla ekki að gefa tilefni til þess, að miklar umræður þurfi að verða við

þessa 1. umr., aðeins í örfáum orðum lýsa aðaldráttum frv. Frv. fer fram á að gera seðlabanka úr nokkrum hluta af Landsbankanum. Þessum seðlabanka skal leggja 4 milj. kr. í stofnfje, eða 2 milj. kr. í viðbót við það, sem þegar er ákveðið, að ríkið leggi Landsbankanum. — Þetta er í sem fæstum orðum sú úrlausn á seðlabanka, sem frv. fer fram á. Skal jeg svo ekki fleira segja við þessa umr. án tilefnis, en leyfi mjer að leggja til, að frv. sje vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 20, n. 362, 363 og 364).

Jón Baldvinsson: Það hefir verið dregið í efa, að sum ákvæði í frv. því, sem hjer er til umr., geti staðist, vegna þess að þau fari í bága við stjórnarskrána. Hefir talsvert verið um þetta rætt bæði utan þings og innan, og nú í dag er í einu af blöðum bæjarins grein eftir einn af málflutningsmönnunum við hæstarjett, um það, að ábyrgðarákvæðið í 15. gr. frv. gangi í bága við stjórnarskrána. — Önnur ákvæði frv., sem talið er, að fari í bága við stjórnarskrána, eru 2. málsgr. 68. gr. og jafnvel ákvæðið í 47. gr. Ef svo er, að þetta sje rjett, þá verður að vísa frv. frá samkv. 27. gr. þingskapanna. Af því að það leikur vafi á um þessi atriði, þá teldi jeg sjálfsagt, að hæstv. forseti (HSteins) felli úrskurð um þetta.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins benda á það, að ákvæði samhljóða þeim, sem hv. 5. landsk. (JBald) nefndi, hafa legið fyrir háttv. Nd., og þótti þar ekki ástæða til að vísa þeim frá af þeim sökum.

Jón Baldvinsson: Það sannar í sjálfu sjer ekkert, þó að samhljóða ákvæði hafi legið fyrir áður, úr því að úrskurður forseta hefir ekki gengið um það. 27. gr. þingskapanna á að sjálfsögðu við það, að frv., er fela í sjer ákvæði, sem koma í bága við stjórnarskrána, skuli vísað frá.

Forseti (HSteins): Jeg finn ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að vísa frv. frá, en mun taka aths. hv. 5. landsk. til athugunar.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Eins og sjest á nál. meiri hl., þá hefir nefndin gert allmargar breytingar við frv. þetta. Er nefndin öll sammála um margar þeirra, einkum aftur að 4. kafla. Úr því fara að skiftast leiðir.

Jeg hugsa mjer ekki að hafa neinn formála fyrir tillögum meiri hl. yfirleitt, enda er engin ástæða til þess, þar sem nál. meiri hl. er það ítarlegt, að hv. þm. eiga að sjá, hvað fyrir meiri hl. vakir í meginatriðum. Það er að tryggja bankann sem best fjárhagslega og eftirlit hans, og að reyna, eftir því sem unt er, að forða honum frá því að verða fyrir of hvössum flokks-

pólitískum áhrifum og klíkuskap, þó örðugt muni reynast að forða honum frá því með öllu, eins og nú er komið. Skal jeg svo ekki tefja tímann með lengri formála, en snúa mjer beint að brtt. meiri hl. á þskj. 362.

1. brtt. er við 5. gr. frv., um stofnfje bankans. Þessi till. var ein af þeim örðugustu, sem nefndin átti við, vegna þess að það vantaði allan grundvöll undir það, hve mikið stofnfje seðlabankans ætti að vera. Jeg stakk upp á 7 milj. kr., en annar upp á 6 milj., en niðurstaða nefndarinnar varð 5 milj., með tilliti til brjefs, sem bankastjórnin skrifaði nefndinni. Niðurstaðan varð því sú, að nefndin sætti sig við þetta, með það fyrir augum, að á síðara stigi málsins yrði upphæðinni ef til vill breytt, ef nefnd sú, sem milliþinganefndin gerir ráð fyrir, að skipuð verði til þess að meta hag bankans, legði það til. Upphæð þessi er því aðeins áætlunarupphæð, sem breyta má, ef það kemur í ljós, að bankinn þarf á meira fje að halda.

Þá er 2. brtt., við 7. gr. frv. Eftir orðunum er þetta aðeins formbreyting, aðeins til þess að samræma þessi lög við erlend bankalög. Eftir þessu fær sá maður, sem kemur í bankann með 15 kr. í seðlum, en þar er ekki til minna en 10 kr. gullmynt, 10 kr. í gulli, en 5 kr. í skiftimynt.

Þá er það 3. brtt. a, við 8. gr. frv. Hún hefir langtum meiri þýðingu. Þar er lagt til, að í stað ⅓ af seðlamagni bankans komi 40%. Þarf um þessa till. ekki annað en að vísa til nál. meiri hl. um ástæður nefndarinnar fyrir till. Er það mjög áríðandi fyrir bankann um álit hans út á við, sem er svo einangraður frá umheiminum, að hafa sæmilegan gullforða til þess að geta leyst til sín seðlana og aukið með því traust á landinu og sjálfum sjer erlendis. Það hefir verið tekinn upp í nál. listi yfir gullforða nokkurra Evrópu-seðlabanka eins og hann var fyrir ófriðinn. Af þessum lista sjest það, að gullforðinn hefir verið hæstur 50%, en lægstur 33%, en þá 33% í málmi að fullu eða gulli. Að þessari till. stendur öll nefndin.

Þá er það b-liður sömu brtt., við sömu gr. frv., um að síðasta málsgr. falli niður; m. ö. o., það á eftir frvgr. að leyfa að gefa út seðla fram yfir það, sem búist er við, að verði, ef tímabil kemur, er nauðsynlegt er að hafa mikinn gjaldmiðil. Þessi regla er aðeins á Spáni og stafar af því, hversu ljelegur fjárhagurinn er þar. Önnur lönd, sem samið hafa lög um gullforða sinn, hafa ekki tekið hana upp, t. d. þýski ríkisbankinn. Hygg jeg, að ákvæði þetta heldur skaði en bæti álit bankans út á við. Það er öðru máli að gegna um Spán en Ísland í þessum efnum, þar eð Spánn er stórt land með marga banka, og þarf því ekki annað en að fara í næsta banka til að fá gull, ef með þarf, og getur fengið það samdægurs. Og þegar hann hefir dregið inn seðlana, getur hann skilað gullinu á einum degi, eða gefið það út. Þetta getur komið að liði þar, en ekki hjer hjá okkur, sem erum í 300 mílna fjarlægð frá öðrum bönkum, auk þess sem það kostar ½—¾% að fá gull hingað frá útlöndum. Nefndin leggur því til, að þessi síðasta málsgr. 8. gr. frv. verði feld niður, því fremur sem nefndin leggur það til, að gullforðinn yfirleitt hækki.

Í 4. brtt. a, við 12. gr., er það lagt

til, að fyrri málsgr. frvgr. falli burtu. Er nefndin sammála um þessa brtt. Telur nefndin, að rjett sje að fylgja þeirri reglu, sem gilt hefir undanfarið, að ef upphefja þyrfti innlausn seðla fyrir gull, þá gæfi ríkisstjórnin út bráðabirgðalög og bæri þannig í hvert skifti ábyrgð á þeirri ráðstöfun gagnvart þinginu. En af þessari brtt. leiðir, að það verður í næstu málsgr. á eftir að falla í burtu orðið „Landsbankanefndin", en „ráðherra" að koma í staðinn og orðið „þá".

Þá kem jeg að brtt. við 14. gr. Eins og menn vita, eru tvennskonar ávísanir notaðar í viðskiftum hjer, tjekkar og ávísanir. Tjekkar hafa afsagnarrjett og má innheimta þá eins og víxla. Tjekkar hafa engan greiðslufrest, en verða að borgast við sýningu. Almennar ávísanir hafa hinsvegar engan víxilrjett. Því er lagt til, að orðinu tjekkar sje smeygt inn á eftir víxlar, svo það sjáist, að hjer er um tvennskonar ávísanir að ræða. Þá er ennfremur lagt til, að orðið „ávísanir" í síðari málsgrein 2. liðs falli burtu. Það er auðvitað, að ávísanir getur seðlabankinn ekki keypt nema þær hafi víxilrjett, en það hafa þær t. d. í Noregi, hjá Noregsbanka. Þá er ennfremur lagt til, að aftan við þessa liði komi heimild til þess, að þær ávísanir, sem seðlabankinn kaupir, fái víxilrjett. Þá getur bankinn keypt þessar ávísanir, annars ekki. Þetta er hagræði bæði bankanum og viðskiftamönnum bankans. Það getur hæglega komið fyrir, að menn gleymi tjekkbókum sínum heima, og standa menn þá uppi peningalausir, þótt þeir eigi nóg fje inni í bankanum. Bankinn getur ekki tekið ávísunina gilda nema hún hafi víxilrjett. Þá kemur e-liður, að aftan við þennan lið komi nýr 3. liður, svo hljóðandi: „Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði". Þetta er tilfærsla úr 4. lið, en þar er talað um að veita lán gegn veði. Í fljótu bragði kann það að virðast sama, hvort lán er veitt út á fasteign til eins árs eða víxill keyptur með fasteignarveði. En í reyndinni er þetta ekki sama. Þegar fasteignalán eru veitt, virða menn ekki gjalddaga, en víxilgjalddagana virða menn betur. Þetta er mín reynsla í þessu efni. Þá er næsta breyting, að 3. liður verði 4. liður, og leiðir það af sjálfu sjer. Þá kemur g-liður. Það er seinni partur af 4. lið í frv. Þar er hert á því, að þessi reikningslán má ekki veita nema gegn handveði eða fasteignarveði. Seðlabankinn þarf að vera sem tryggastur, en það er vitanlegt, að þegar svona tryggilega er um hnútana búið, þá verður þessi deild að hafa lægri vexti en sparisjóðurinn; annars mundi enginn taka lán hjá seðlabankanum. Því mundi bankinn verða að hafa tvennskonar vexti.

Þá kemur h-liðurinn, að lána út á verslunarvörur, sem ekki er hætta á, að skemmist á stuttum tíma, o. s. frv. Það er venja í öllum seðlabankalögum að heimila þetta. Þá er að síðustu lagt til, að 6. liðurinn falli burt, og virðist það sjálfsagt. Þessar brtt. hefir öll nefndin verið sammála um, og bið jeg hv. nefndarmenn að segja til, ef jeg skýri ekki rjett frá.

Þá kem jeg að 15. gr. Við leggjum til, að síðari málsgrein þeirrar greinar

falli burt. Það leiðir af því, sem Alþingi hefir þegar gert ákvæði um ábyrgðir fyrir Landsbankann, að málsgrein þessi falli niður. Þá er brtt. við 19. gr. Það er aðeins orðabreyting, að fyrir „formanni bankaráðsins“ komi: „bankaráðinu“. Þessu ættu menn að geta verið samþykkir, hvernig sem menn að öðru leyti líta á bankaráðið og nefndina. Þá er brtt. við 21. gr. Það er bara orðabreyting, sem leiðir af því, að meiri hl. nefndarinnar leggur til, að 15 manna landsbankanefndin falli burt. Þá er brtt. við 22. gr., að aftan við greinina bætist ný málsgrein: Ráðherra úrskurðar reikninga bankans. Í frv. er þessari 15 manna nefnd falið að úrskurða reikningana, en af því að hjer er lagt til, að hún falli burt, þá verður þetta ákvæði að koma í staðinn. Þá er brtt. við 23. gr. Það er aðeins rýmkun. Engin ástæða virðist vera til þess að skylda bankann til að greiða kostnað við seðlagerð og bankabyggingar á 5 árum. Því er hjer lagt til, að hann megi skifta kostnaðinum af því á 10 ár. Allir nefndarmenn voru sammála um þetta. Þá er brtt. við 24. gr. Hjer er lagt til, að varasjóður megi verða fjórar miljónir, í staðinn fyrir þrjár miljónir, til frekara öryggis. Allir nefndarmenn voru sammála um þetta. Þá er brtt. við 26. gr. Eftir þeirri grein á seðlabankinn að eiga fjárhæð, sem nemi ⅓ af varasjóði bankans, í: 1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum, 2. víxlum, er greiðast erlendis, eða 3. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans. Meiri hlutanum virtist ekki ástæða til þess að blanda víxlum með stuttum eða löngum gjalddaga inn í þessa tryggingu. Varasjóður bankans hreyfist aðeins einu sinni á ári, og ætti því að nægja að nota verðbrjef eða innieign erlendis til þessa tryggingarfyrirkomulags. Þá er brtt. við 28. gr. Þar er alveg sama tilfellið og með seðlabankann. Þar er ætlast til, að orðið „tjekkar“ komi á eftir víxlum.

Þá er 29. gr. Svo er að sjá, sem ráð sje gert fyrir því í frv., að bankinn geti í raun og veru fyrst í stað sneitt hjá því að hafa verðbrjef. Jeg held, að þetta stafi af vangá. Bankinn mun nú þegar eiga fúlgu í verðbrjefum. Samkvæmt reikningi bankans 31. des. 1925 átti bankinn í verðbrjefum sem svarar 12% af sparisjóðsfje sínu, og mun hafa aukið þá verðbrjefaeign sína 1926 að miklum mun. Það ætti því að vera óhætt að skylda bankann þegar í byrjun til þess að eiga 15% í verðbrjefum, og er ætlast til, að hann auki þá verðbrjefaeign sína smám saman upp í 30%.

Þá er jeg kominn að 33. gr. En þar kemur höfuðbreytingin, sem klýfur nefndina. Meiri hlutinn leggur til, að landsbankanefndin falli niður. Eins og sjest af 34. gr. frv., á þessi nefnd að vera skipuð 15 mönnum, kosnum af sameinuðu Alþingi. Hún á að vera æðsti „instans“ í málefnum bankans, kjósa bankaráðið og gera margt fleira, sem upp er talið í 41. gr. frv. Nú er það vitanlegt, að þegar flokkarnir í þinginu kjósa þessa nefnd, þá reyna þeir að setja í hana þá menn, sem þeir treysta sjer best til að ráða við. Meiri hluti nefndarinnar fær nú ekki sjeð, hvað unnið er við þetta fyrirkomulag. Hann fær ekki betur sjeð en að það sama þing, sem velur nefndina, geti eins valið bankaráðið án milligöngu

slíkrar nefndar. Jeg fæ ekki sjeð gróðann af þessu fyrirkomulagi. Það verndar ekki, að inn í bankaráðið komi menn, sem standa fyrir utan hita og þunga stjórnmálanna, heldur þvert á móti. Jeg hirði ekki að tala mikið um þetta. Meiri hl. nefndarinnar skoðar þetta alt of mikið bákn. Auk þess á nefnd þessi að starfa kauplaust, en það er nú reynsla hjer á landi, að menn leggja miklu minni rækt við þau störf, sem þeir vinna kauplaust. Meiri hluti nefndarinnar hefir því lagt til að fella 34. gr. burt.

Þá kem jeg að 35. gr. Þeirri grein er breytt allmikið í ýmsum atriðum. Það er þá fyrst að telja, að ríkisstjórnin velur bankaráðsformann til 5 ára í senn. Hina bankaráðsmennina 4, sem skulu vera utanþingsmenn, eiga Ed. og Nd. að kjósa, sína 2 hvor, með hlutfallskosningu. Að þeir eru hafðir utan þings, er gert til að reyna að skapa ró og frið um bankann og til öryggis um það, að þeir sjeu sem minst snortnir af hinum pólitíska eldi í landinu. Flokkapólitík er hjer harðari en víða annarsstaðar, og er því nauðsynlegt að vernda bankann gegn henni. Með þessu móti verða bankaráðsmennirnir kosnir á sama hátt og gæslustjórarnir voru kosnir á sinni tíð. Þeir voru kosnir sinn af hvorri deild. Jeg þarf ekki að lýsa hjer reglunum um það, hvernig fer, þegar menn forfallast. Hjer er ennfremur ætlast til þess, að þetta bankaráð sje starfandi bankaráð og komi í bankann daglega og hafi eftirlit með öllu, er þar fer fram. Það eitt getur gert þá hæfa til að sjá um verk sitt og koma að verulegu gagni. Þá er brtt. um það að fella 36. gr. niður, og leiðir það af sjálfu sjer samkv. því, sem áður hefir verið lagt til. Þá er komið að 42. gr. Þar eru margar og miklar breytingar gerðar, og er næstum því hægara fyrir hv. þm. að lesa þær en skýra frá, hvað í þeim felst. Þær segja greinilega sjálfar frá því, hvað með þeim er meint. Í a-liðnum er talað um það, að bankaráðsmenn skuli hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir að öllum jafnaði 2 í senn á víxl annanhvern dag ásamt formanninum. Svo er ákveðið, að bankaráðið skuli halda fundarbók, og í hana skal ritað hið helsta, sem gerist á fundum þess. Ef bankaráðsmaður er fjarverandi um stund, ber hann meðábyrgð á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatriði um það í fundarbókina, þegar hann kemur aftur. Loks er ætlast til þess, að þessi fundarbók sje lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti, sem það kemur saman, svo þingið geti líka haft eftirlit með bankanum. Þetta ætti að veita þá tryggingu, sem unt er að fá, enda er þetta í samræmi við bankalöggjöf í Noregi. B-liðurinn við 42. gr. er orðabreyting, og í c-liðnum er lagt til, að nokkur orð í síðustu málsgr. 42. gr. falli burt.

Í athugasemdum aftan við nál. hefir verið skýrt, hvers vegna það er. Það er af því, að viðskiftin grípa svo hver inn í önnur og ekki verður sundurgreint milli hinna einstöku atvinnugreina með neinni áreiðanlegri vissu, og því ógerningur að leggja svo mikla og árangurslausa kvöð á bankann.

Þá kem jeg að 43. gr. Jeg verð að fara fljótt yfir, því að annars verður þetta svo langt, en geri ráð fyrir, að síðar muni ýmislegt skýrast, sem jeg kann að hafa of mikla fljótaskrift á. — Við liðinn **a.** verður sú breyting, að orðin „landsbankanefndinni eða" falla burt. Það er eðlileg afleiðing af þeim breytingum á yfirstjórn bankans, sem við leggjum til. — Við lið **e** er bætt við verkefni, sem bankaráðinu beri að annast, sem sje ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja. Það starf heyrði áður landsbankanefndinni til.

Um brtt. við k-lið verð jeg að fara frekari orðum en gert er í aths. við nál.

Eins og kunnugt er, fór fram rannsókn á Landsbankanum árið 1909 að tilhlutun Sveins Björnssonar núverandi sendiherra, Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra, Magnúsar Arnbjarnarsonar lögfræðings, og þáverandi ráðherra. Get jeg þessa af því, að til skamms tíma hefir öðrum verið kent um þessa rannsókn, eða eignaður heiðurinn af.

Þegar rannsóknin fór fram, hafði bankinn starfað í 24 ár. Niðurstaða þeirrar rannsóknar leiddi í ljós, að alls reyndist tapið kr. 244595,43. Tap þetta var smámsaman strikað út á árunum 1910—1917. Þá mátti telja, að alt tapið af þessum gömlu lánum væri fram komið. — Eins og sjest af skýrslu bankastjóranna til Alþingis 1911, á þskj. 974, þá voru lánin sjaldnast útstrikuð nema við opinbert gjaldþrot, eða eftir að árangurslaust fjárnám hafði fram farið. Og þá voru engin lög til um nauðasamninga. Þau komu fyrst í gildi 1924.

Sjálfur fór jeg úr bankanum 1. okt. 1918.

Þá koma útstrikanirnar næstu 4 ár og verða þær þessar:

1918	.....	ekkert
1919	.....	ekkert
1920	.....	kr. 159,68
1921	.....	ekkert

Og loks komu 4 árin 1922—1925. Þá voru þær upphæðir strikaðar út, sem hjer segir:

1922	.....	kr. 1399673,31
1923	.....	— 692825,61
1924	.....	— 832786,38
1925	.....	— 2589436,68

Samtals kr. 5514721,98

Nú veit nefndin ekkert um ástæðurnar fyrir því, að svona mikið fje hefir tapast, nje um það, hvað eftir kann að vera óútstrikað, þó hún geri ráð fyrir, að fullar ástæður hafi verið til þess. Nefndin hefir sem sagt ekki getað fengið neinar upplýsingar um það, hvers vegna svo mikil upphæð hefir tapast á svo stuttum tíma. Meiri hl. fjhn. treystist ekki til að segja neitt um það, en þykir hinsvegar rjett að setja þó nokkrar skorður við því, að lán sjeu útstrikuð án þess að verulegar ástæður sjeu fyrir hendi, eða tekin verði upp lík útstrikunaraðferð og fylgt var á árunum 1910—1918, með þeirri rýmkun, sem brtt. bendir til, að eftirgjöf á lánum skuldunauta skuli bundin við gjaldþrot eða árangurslaust fjárnám. En opinber nauðasamningur getur líka komið til greina, síðan þau lög voru sett. Telur meiri hl. tryggara að setja slík ákvæði í lög, því að nú er verið að gera bankann að seðlabanka, sem á að vera tryggur og ríkissjóður á að standa í allmikilli ábyrgð fyrir. Því hefir þetta verið lagt

til í brtt. við k-lið. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf á skuld, það á bankaráðið að gera ásamt bankastjórunum. En það hefir bankastjórnin hingað til gert ein, af því að ríkið hafði ekki sjeð henni fyrir daglegri yfirstjórn.

Mjer þótti rjett að gefa þetta yfirlit, til þess að sýna, hvernig tímarnir hafa breyst. — Þá koma enn viðbótarliðir við 43. gr. Aftan við lið m komi nýr liður, svo hljóðandi: „Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir". Það átti 15 manna landsbankanefndin að gera, en kemur nú undir verksvið bankaráðsins.

Ennfremur nýir liðir um, að bankaráðið skuli skera úr ágreiningi milli bankastjóra og kjósa 2 endurskoðendur. Kem jeg síðar að ákvæðinu um ágreiningsatkvæðisrjett bankaráðs í sambandi við næstu grein.

Vegna þessara innskota breytir síðasti liður um staftákn og verður q Síðasta málsgr. þessarar sömu gr. má falla burtu. Það leiðir af sjálfu sjer. Í greininni stendur, að bankaráðið geti hvenær sem er falið einum eða tveimur úr bankaráðinu að rannsaka ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar. Þessa þarf ekki með, þegar bankaráðið er daglega starfandi í bankanum.

Þá kemur að 44. gr., sem verður 39. gr., um bankastjórnina sjálfa. Með breytingum okkar er ætlast til, að aðalbankastjóri hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum. Það hefir ekki verið í lögum áður, en er nauðsynlegt, til þess að sjeð sje fyrir, að að minsta kosti einn bankastjóranna sje vel hæfur og hafi verulega reynslu í þessum efnum. En að öðru leyti er ekki eftir till. meiri hl. ætlast til þess, að aðalbankastjóri hafi meira vald en hinir, heldur hafi hann stjórnartauma daglegrar starfsemi í höndum sjer, kalli saman fundi og vaki yfir, að öll störf gangi greiðlega o. s. frv. En að öðru leyti hafi hann ekki vald fram yfir hina. Einhver verður sá að vera, er gangist fyrir.

Þá er ætlast til, að bankastjórarnir haldi fundarbók, þar sem skrifast skulu allar ályktanir gerðar á fundum, og skrifi þeir allir undir fundarbókina í hvert skifti, enda er það venja erlendis, en ekki eins og hv. 5. landsk. (JBald) stingur upp á, að aðeins tveir skrifi undir, heldur allir, því að allir bera þeir ábyrgðina. Svo hefir aldrei verið sjeð fyrir því, að minni hl., sem oft getur haft rjettara fyrir sjer en meiri hl., geti gert ágreining sinn gildandi. Nú á hann að hafa rjett til að skrifa ágreiningsatkvæði sitt í gerðabækurnar. Það má ætla, að hann hafi töluvert til síns máls, ef hann fer að ómaka sig til að færa ágreininginn inn í fundarbók, enda sje gert að skyldu að áfrýja slíkum ágreiningi til bankaráðs til úrslita. Lík regla gildir og í Noregsbankalögum, og hún er bygð á reynslunni. Eins ef bankastjóri er fjarverandi, þá ber hann fulla ábyrgð á því, sem gerist í fjarveru hans, ef hann ekki gerir athugasemd við það, sem hann er ósamþykkur, í gerðabókunum.

46. gr. verður 41. gr. Breytingin, sem gerð er á henni, er aðeins leiðrjetting á ósamræmi við 44. gr. — Við brtt. nr. 27 skal jeg gera þá athugasemd, að þar hefir slæðst inn prentvilla, á að vera: 47.—59. gr. verða 42.—54. gr.

Þá er 60. gr. Eins og hún er nú

breytt samkv. till. okkar, er hún að byrjun til lík og í frv., að kosning bankaráðsmanna (í stað landsbankanefndar) skuli fara fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Að loknu Alþingi skipi hæstirjettur 5 manna nefnd til þess að meta hag bankans. Síðan er tekið fram, hvað sjerstaklega skuli meta. Þetta er gert vegna þess, að ætla má, að altaf sitji flokkspólitísk stjórn að völdum, og því rjettara, að nefndin sje valin af hæstarjetti, sem hinni hlutlausustu stofnun í landinu. Jeg tel það mundu afla mests trausts alþjóðar, ef úttektin færi fram á þennan hátt og nefndarmenn væru valdir af þessum aðilja. Það er mest trygging fyrir því, að valið tækist vel, ef hæstirjettur velur. Jeg ætla ekki að segja fleira um þetta. En jeg skoða svo, sem úttektin mundi mælast vel fyrir, ef mat færi fram á þennan hátt, bæði hvað trygging og óhlutdrægni snertir.

61. gr. Það liggur í brtt. við 29. gr., um veðbrjefaeign, að síðasta málsgr. falli niður.

Í 62. gr. er óljóst orðað um uppsögn núverandi bankastjóra. Þykir rjett að láta gilda þar um sömu ákvæði og þá er þeir voru settir í stöðuna. Breytingin er aðeins ljósara orðalag.

Loks er lagt til, að lögin gangi í gildi 1. jan. 1928. Ef úttektarnefndin verður skipuð samkvæmt 60. gr., þá ætti hún að vera búin að starfa, þegar bankaráðið tekur við. Þá veit bankaráðið frá upphafi, við hverju það tekur.

Jeg hefi þá ekki meira um brtt. að segja. Verð jeg að biðja afsökunar, hve fljótt jeg hefi farið yfir efni. En það er sjálfsagt, ef háttv. þingmenn æskja frekari upplýsinga, þá skal jeg skýra það, sem jeg get, betur en gert er í nál. og jeg hefi nú rakið munnlega.

Um brtt. hv. minni hl. beggja (JJ og JBald) mun jeg ekki tala, fyr en þeir hafa skýrt, hvað fyrir þeim hafi vakað.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Þótt nefndin væri sammála um ýmsar till., sem hv. frsm. meiri hl. (BK) hefir skýrt frá, fór samt svo, að jeg gat ekki orðið samferða öðrum meðnefndarmönnum mínum, af því að þeir vildu ekki fallast á till., sem jeg áleit nauðsynlegar. Það er nú svo í nefndum, að þegar þær klofna á annað borð, hrekkur oft samkomulagið upp af í fleiri atriðum en þeim, er ágreiningi valda. Jeg beini því til hv. meiri hl., að afstaða mín nú við afgreiðslu málsins mun verða nokkuð önnur en við atkvæðagreiðslu í nefndinni meðan von var samkomulags. Jeg skoða svo, að sú atkvæðagreiðsla hafi ekki þýðingu, eftir að svo er komið, að leiðir skiftast. Þennan varnagla slæ jeg nú þegar.

Það, sem jeg gerði ágreining út af í nefndinni, var endurkaupaskylda Landsbankans á viðskiftavíxlum Íslandsbanka, úttekt bankans og svo stjórnarfyrirkomulagið. Jeg vil þó ekki segja, að jeg sje í öllum atriðum samþykkur frv. stjórnarinnar um stjórnarfyrirkomulag bankans. Jeg hefi tilhneiging til að gera breytingar á till. stjórnarinnar um það, en hefi áskilið mjer rjett til þess að láta það bíða þangað til við 3. umr. málsins og útsjeð er um brtt. háttv. meiri hl. — Brtt. mínar eru ekki margar, eitthvað 12 aðaltillögur og nokkrar smærri undirtill., sem við þær eru bundnar.

Eins og hv. frsm. meiri hl. vil jeg rekja till., þótt á þær flestar sje minst í nál. mínu á þskj. 363.

Jeg hafði hálft í hvoru hugsað mjer að hafa formála fyrir ræðu minni um meðferð þessa máls. En jeg get eins látið það verða eftirmála, ef ske kynni, að hæstv. stjórn birtist þá hjer í deildinni. Jeg tek því till. fyrir strax.

Einstaka till. er hin sama og hjá hv. meiri hl., svo sem fyrsta brtt. við 12. gr. Nefndin var algerlega sammála um þá brtt., að fella niður það ákvæði að heimila að undanþiggja seðlabankann frá gullinnlausn seðla.

Það á að vera komið undir áliti, hvenær ástandið er svo sjerstakt, að rjett sje að leyfa undanþágu frá gullinnlausn seðla. Það, sem tilgreint er í 12. gr. sem ástæður fyrir slíkri undanþágu, er ófriðarástand eða afleiðingar þess, eða alveg óvenjuleg peningakreppa. Þó að slíkt geti verið sjálfsagt í ófriði, þá er að minsta kosti hitt atriðið svo lagað, að jafnan verður álitamál, hvenær um sje að ræða alveg óvenjulega peningakreppu. Því á ekki heima í almennum bankalögum að veita heimild til þess að falla frá innlausnarskyldu, heldur á að láta ríkisstjórninа bera ábyrgðina á því, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, ef á þarf að halda og ekki næst til Alþingis, sem vitanlega er þar sá rjetti aðili, sem á að dæma um þörfina og hefir vald til að fyrirskipa það, er því líst. Jeg geri varla ráð fyrir, að þetta valdi ágreiningi í þessari háttv. deild. Þó skal jeg geta þess, að í fyrra bar jeg fram í Nd. brtt. við 12. gr. landsbankafrv., samhljóða þessari, en hún var feld með miklum atkvæðamun. Jeg heyrði engar ástæður fyrir því, en býst hinsvegar við, að það hafi aðeins verið einskonar fastheldni við frv. eins og það kom frá hendi hæstv. stjórnar. Mjer þykir því vænt um, að það lítur út fyrir, að þessi brtt. hafi nú nokkurt fylgi og virðist ætla að ganga greiðlega gegnum þessa háttv. deild.

2. brtt. mín stendur í sambandi við till., sem kemur við 68. gr. frv. Og þegar jeg kem að þeirri grein, mun jeg bera fram ástæður fyrir því, að jeg við 14. gr. 2. bæti við a-lið, sem segir, að bankanum skuli heimilt að endurkaupa góða viðskiftavíxla af öðrum bönkum. Annar nýr liður b við 14. gr. hljóðar um það, að bankinn veiti lán gegn ábyrgð bæjar-, sýsluеða sveitarfjelaga. Sama eðlis er og sú breyting, er jeg vil gera á 28. gr., að bæta inn í verkefni sparisjóðsdeildar bankans, að heimilt sje að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga. Jeg má segja, að þetta standi í lögunum um stofnun Íslandsbanka. Að vísu má segja, að þetta standi óbeinlínis í 6. lið 14. gr. og 5. lið 28. gr. þessa frv., en mjer finst þó rjettara að taka þetta fram skýrum stöfum í frv., og get því ekki öðru trúað en að hv. deild telji sjálfsagt, að þessar brtt. mínar verði samþ.

Jeg varð þess að vísu var, að því var andæft í nefndinni að skjóta þessu ákvæði inn í 14. gr. um verkefni seðlabankans. En jeg sje ekki annað en að það sje fullforsvaranlegt af seðlabanka að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga. Seðlabankinn veitir lán gegn góðum tryggingum, og slíkar ábyrgðir sem þessar

eru að jafnaði taldar góðar. Hjer getur líka verið um lengri lán að ræða, en mundi alls ekki koma til mála, að bankinn þyrfti að tapa á þeim. Það getur líka staðið svo á, að bæjar- og sýslufjelög þurfi beinlínis á rekstrarfje að halda, sem hagkvæmast verður að útvega sem víxillán til skamms tíma. Jeg þekki þetta frá Reykjavíkurbæ; hann þarf oft á rekstrarfje að halda, sem hann útvegar sjer með víxlum, er hann endurgreiðir, þegar svo mikið er innborgað af útsvörunum, að hann getur það. Þetta getur því verið nauðsynlegt í mörgum tilfellum, enda tel jeg sjálfsagt, að hv. þdm. fallist á þá brtt. mína að skjóta þessu ákvæði inn í 14. gr. frv., þar sem ákveðið er verkefni seðlabankans. (**BK**: Jeg held þess þurfi ekki). Það er meinloka hjá hv. frsm. meiri hl. (BK), ef hann heldur, að bæjar- og sýslufjelög þurfi ekki á slíkum lánum að halda.

Þá koma næst brtt. nokkrar að tölu, sem í raun og veru eru allar sama efnis. Það eru brtt. 4—8 ásamt allmörgum stafliðum, er lúta allar að því að breyta þeim ákvæðum frv., sem skipa svo fyrir, að einn af þremur bankastjórunum skuli vera aðalbankastjóri Landsbankans. En mínar brtt. miða að því, að það fyrirkomulag, sem nú er um stjórn bankans, skuli haldast óbreytt, að allir bankastjórarnir þrír skuli jafnrjettháir.

Í áliti því, sem milliþinganefndin skilaði um bankamálið 1925, er minst á þetta, að einn bankastjórinn sje aðalbankastjóri, og stjórnin tók það ákvæði upp í frv. það um Landsbankann, sem hún lagði fyrir þingið þá. Og hún tók það aftur upp í frv. það, sem hún lagði fyrir þingið í fyrra, og enn er því haldið, þessu ákvæði um aðalbankastjórann. Mjer finst, að þó að sá siður kunni að tíðkast erlendis að hafa aðalbankastjóra í þjóðbönkunum þar, þá bendi alt til þess, að við eigum ekki að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er hjer hjá okkur. Það hefir ekkert það komið fram í stjórn Landsbankans síðan bankastjórarnir urðu þrír, sem rjettlæti þessa breytingu. Þótt jeg sje ekki íhaldsmaður, þá vil jeg þó halda í það, sem vel hefir reynst, og ekki breyta um, nema jeg sje sannfærður um, að breytingin miði til bóta. Jeg veit ekki um annað, sem borið hefir verið fram fyrir þessari nýbreytni um aðalbankastjóra, nema það, sem einn úr bankanefndinni sagði, að þetta fyrirkomulag væri verið að taka upp erlendis, en það verð jeg að telja haldlítil og ljettvæg rök.

Með einum aðalbankastjóra og tveimur lægra settum mundi skapast það ástand, að einn maður rjeði langmestu, því að undirbankastjórarnir mundu skoða sig hafa minni ábyrgð og skjóta sjer hjá að taka ákvarðanir. Þeir mundu fara til aðalbankastjórans og spyrja hann, hvað honum sýndist um þetta eða hitt. Þessir tveir menn mundu víkja frá sjer vandamestu ráðstöfununum og skapa með því einræði þessa eina manns yfir bankanum, ef þetta ákvæði helst í stjfrv.

Jeg held, ef menn athuga skapeinkenni okkar Íslendinga, að þá mundu færri fallast á að hafa í lögunum ákvæði um þennan aðalbankastjóra. Þeir, sem í bankann kæmu í þeim erindum að biðja um lán, mundu ekki sætta sig við neitun undirbankastjóranna, heldur fara beint til aðalbanka-

stjórans og spyrja hann. Því að jeg skoða yfirbankastjórann ekki sem skurðgoð, sem er lokað innan fjögurra veggja, þar sem enginn kemst til hans. Menn mundu ekki gera sig ánægða með, að aðalbankastjórinn væri aðeins „toppfígúra", sem ekki yrði komist í námunda við. Skapgerð Íslendinga er sú, að menn mundu ekki ánægðir fyr en þeir hefðu fengið svar aðalbankastjórans viðvíkjandi erindum sínum. Jeg þekki dálítið, hvernig hagar til störfum á opinberum skrifstofum, eins og t. d. á borgarstjóraskrifstofunni hjer í Reykjavík. Þangað koma margir á hverjum degi að leita ýmsra ráða og upplýsinga. Og þó að skrifstofumennirnir leysi úr öllu eftir bestu getu, eru menn samt ekki ánægðir fyr en þeir hafa fundið sjálfan borgarstjóra og heyrt, hvað hann hefir að segja.

Jón Krabbe skrifstofustjóri hefir sagt mjer, að Íslendingar væru alveg einstakir menn í þessu efni. Sjómaður t. d. ljeti sjer ekki nægja, þó að hann hefði fengið full svör við því, sem hann hefði spurt um, heldur heimtaði hann líka að fá að sjá lögin, sem að þessu lytu. Sagði Jón Krabbe, að engir aðrir en Íslendingar mundu vera svo framir að heimta að fá að sjá sjálf lagaákvæðin, til að ganga úr skugga um, hvort úrlausn og svör hefðu nú við lög að styðjast.

Jeg hefi með þessu viljað færa líkur og rök að því, að okkur sje óheppilegt að taka upp fyrirkomulagið um einn aðalbankastjóra. Samvinna á milli Landsbankastjóranna hefir verið góð og engin líkindi til, að hún batni, þó að einn sje yfirbankastjóri og hinir tveir undir hann gefnir. Að þessu lúta brtt. 4—8 með tilheyrandi stafliðum. Þá lúta og þessar brtt. mínar dálítið að bankaráðinu. Í stjfrv. er gert ráð fyrir, að formaður bankaráðsins stýri fundum bankastjórnarinnar. En jeg skoða hann sem eftirlitsmann, sem eigi ekki að blanda sjer inn í daglega störf bankans. Jeg vil ekki, að hann geti lagt á vogarskálina og að lóð hans ráði úrslitum í einstökum lánveitingum. Þess vegna legg jeg til, að öllu þessu verði kipt burt úr frv., því að jeg vil ekki, að hann hafi afskifti af lánveitingum eða daglegri afgreiðslu í bankanum.

Í 37. gr. frv. er svo að orði kveðið, að bankaráðið geti vikið bankastjórunum frá fyrirvaralaust. Jeg veit ekki, hvort mjer hefir tekist að orða það, sem jeg vildi, nógu greinilega. En jeg vil ekki láta víkja bankastjórunum frá nema um afbrot sje að ræða og að þeim sje skriflega tilkynt frá ástæðum fyrir frávikningunni. En eftir frv. virðist vera hægt að víkja þeim frá án nokkurra saka.

Þá legg jeg til, að laun bankastjóranna sjeu 12 þús. kr., og jafnt fyrir þá alla.

Í stjfrv. er svo fyrir mælt, að bankastjórnin haldi fund á hverjum degi. Mjer finst óþarft að pína þá til fundarhalda á hverjum degi, nema mál liggi fyrir til úrlausnar. Að þessu miðar 7. brtt., við 44. gr., og í samræmi við það, sem áður er sagt, á formaður bankaráðsins hvorki að stýra þeim fundum nje hafa atkvæðisrjett á þeim.

Mjer skildist á hv. frsm. meiri hl., að hann teldi vafasama brtt. mína um undirskrift fundarbókar. Hjer er þó ekki um mikla breytingu að ræða frá

stjfrv., enda held jeg, að sama felist í 4. málsgr. frv. Þar stendur, að „undirskrift formanns bankaráðsins og aðalbankastjóra, eða þess bankastjóra, sem kemur í hans stað, undir fundargerðirnar er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum". En hjá mjer er það orðað svo: „Undirskrift eins bankastjóra og formanns bankaráðsins undir fundargerðina er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum". Jeg verð því að líta svo á, að sje þetta óheppilega orðað hjá mjer, þá sje sama til að dreifa í frumvarpi hæstv. stjórnar.

Með 8. brtt., við 46. gr., er ekki öðru vikið við en sem leiðir af því, sem á undan er komið, að aðalbankastjórinn hverfi úr sögunni og að allir bankastjórarnir verði jafnir að völdum.

Þá kem jeg að 9. brtt. minni, sem er um það að bæta nýrri grein inn í frv. samhljóða gr., sem bætt var inn í það í fyrra í háttv. Nd. og sem hljóðar um það, að opinberum stofnunum og opinberum sjóðum, er handbært fje hafa á sjóðvöxtum, skuli skylt að geyma það í Landsbankanum og útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Þó er ekki ætlast til, að ákvæði þetta nái til Söfnunarsjóðsins, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum, og heldur ekki til sparisjóða, sem búa við lögin frá 1915.

Þetta atriði, sem jeg álít mikils virði fyrir bankann, er jeg fullviss, að hljóti að ná fram að ganga. Jeg tel sjálfsagt, að ríkisvaldið hlutist til um þetta og veiti bankanum allan þann styrk, sem hægt er, í þessu efni, því bankanum er það mikill vinningur að geta náð í þetta fje. Jeg geri ekki mikið úr þeirri ástæðu, að það sje gott fyrir ríkissjóð að hafa sparisjóðsviðskifti í öðrum banka. Þessa grein verð jeg því að telja afarmikils virði, og tel ótrúlegt, að þingið hafi skift svo skoðun síðan í fyrra, að það láti ekki þetta ákvæði komast inn í lögin.

Þá kem jeg að 10. brtt. minni, og er hún eitt af því, sem klauf nefndina. Hv. meiri hl. vill láta hæstarjett skipa 5 manna nefnd, til þess að meta skuldir og eignir bankans. Það er eins og hjer sje um að ræða mat á eign, sem eigi að selja eða breyta um yfirráð yfir. En svo er þó ekki. Stjórn og þing er hjer einn og sami aðili og hafa jafnt yfir bankanum að segja eftir sem áður, þó að metinn sje hagur hans. Í staðinn fyrir, að ráðherra sjái um, að úttekt fari fram á bankanum í hendur bankaráðsins, leggur meiri hl. til, að hæstirjettur skipi matsnefndina. En jeg held, að þessi úttekt þurfi ekki að fara svo hátíðlega fram, og vil því gera það sem allra óbreyttast og legg því til, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða skuli framkvæma mat þetta. Hann stendur líka allra manna best að vígi; hann hefir ekki aðeins kynt sjer hag bankans sjálfs og útibúa hans, heldur veit hann og um hag Íslandsbanka, en alt þetta er þeim nauðsynlegt að vita, sem úttektina á að framkvæma. Annars skil jeg ekki í þeim mönnum, sem fyrir nokkrum árum voru svo viðkvæmir fyrir því, að skipuð yrði rannsóknarnefnd á Íslandsbanka, að þeir hinir sömu vilji nú skipa rannsóknarnefnd á Landsbankann. En þó stendur alt öðruvísi á nú en þá, er Íslandsbanki var seðlabanki, en kominn út í

þá ófæru og búinn að verða fyrir miljónatapi, en bjargaðist í bili fyrir hjálp þings og ríkis. Og þó þótti hin mesta goðgá að skipa rannsókn á Íslandsbanka. En því minni ástæða er að skipa rannsókn á sjálfan þjóðbankann. Þá hefir og mín till. þann kost, sem ætti að vega dálítið í augum þeirra manna, sem þykjast berjast fyrir viðreisn fjárhagsins í landinu, sem sje að hún eykur ekki kostnað um einn einasta eyri. Bankaeftirlitsmaðurinn er sæmilega launaður af landinu, og jeg ætlast til, að einn þáttur í starfi hans á yfirstandandi ári sje að framkvæma þessa athugun, ef mín till. nær fram að ganga.

11. brtt. mín er ekki annað en fullkomnun á þeim brtt., sem jeg hefi gert viðvíkjandi aðalbankastjóranum, að fella niður klausu, þar sem nefndur er aðalbankastjóri.

Þá er síðasta brtt. mín og sú stærsta, sem varð að nokkru leyti því valdandi, að jeg klofnaði frá nefndinni. Jeg vil fella greinina niður, því að hún er um tvö óskyld efni. Sú endurkaupaskylda, sem fyrri málsgrein ræðir um, helst nokkuð lengi. Mjer skilst, að hún geti jafnvel haldist um 20 ár eftir að seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka er útrunninn, nefnilega fram yfir 1950, ef greinin verður samþykt óbreytt. Sú skylda, sem hvílir á Landsbankanum, liggur svo langt úti í framtíðinni, að jeg álít ófórsvaranlegt að skipa þessu með lögum, heldur verði það að vera á valdi bankastjórnar og bankaráðs, hvernig verður að farið í þessu máli gagnvart Íslandsbanka.

Mjer skilst, að endurkaupaskylda gagnvart Íslandsbanka hafi upphaflega verið bundin því, að hann samþ. að draga inn seðlana eftir lögunum frá 1921 og '22, þótt leyfistími hans væri ekki á enda fyr en 1933. En það sjá allir, að Íslandsbanki gat ekki annað gert. Því að það er ómögulegt að hugsa sjer, að hann drægi inn allar þessar 8 milj. á einu og sama ári. En hann hefir ekki dregið inn neina seðla; jafnóðum og hann hefir afskrifað þá hjá sjer, hefir hann fengið lán hjá Landsbankanum. Og seðlaskuldin við Landsbankann er meiri en það, sem Íslandsbanki hefir dregið inn. Þess vegna á sá banki ekki neina kröfu á, að við í okkar löggjöf um Landsbankann leggjum þær skyldur á herðar honum, að hann kaupi víxla af Íslandsbanka, sem er hugsað að kaupa með betri kjörum en seðlabankinn annars býður öðrum viðskiftamönnum.

Af þessu, er jeg nú hefi sagt, leiðir það, að jeg vil fella niður þessa fyrri málsgrein 62. gr. En til þess að gera Landsbankanum möguleg þessi viðskifti, að endurkaupa víxla af öðrum bönkum, þá vil jeg bæta því inn í 14. gr. seðlabankalaganna, að bankanum sje heimilt að endurkaupa góða viðskiftavíxla af öðrum bönkum. Verið getur, að seinna verði hjer fleiri bankar en Íslandsbanki, og þá getur Landsbankinn keypt af þeim víxla, ef hann álítur þau viðskifti nógu trygg. Jeg álít þetta nægilegt til þess að tryggja Íslandsbanka að fá endurkeypta þá víxla, sem hann á rjett á og forsvaranlegt er að kaupa á hverjum tíma. Auk þess er þetta lagt í hendur framkvæmdarstjórnar bankans, sem ætíð

getur betur dæmt um þetta en þingið í eitt skifti fyrir öll.

Þá er síðari málsliður 68. greinar. Það er nú sá steinn, sem margir hafa steytt sig á og telja þar ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Í 47. gr. frv. er bankastjórum Landsbankans bönnuð þingseta. Samkvæmt stjórnarskránni er ekki hægt að meina neinum manni, sem hefir kjörgengi og er kosningabær, að bjóða sig fram til þings, nema dómurum einum. Þeir verða þá að leggja niður starf sitt. En hjer á að bæta við með almennum lögum bankastjórum Landsbankans. — Það gæti kannske hugsast, að þetta mætti frekar til sanns vegar færa, sökum þess að það væri vilji núverandi bankastjóra. En nú er jeg ekki alveg viss um, að þetta sje fullkomlega vilji þeirra, þótt nærri liggi að draga þá ályktun út frá því, að þeir fyrirskipa svo um sína útibússtjóra. Jeg hefi meira að segja nýlega heyrt, að þeir telji vel mögulegt, að t. d. einn bankastjóranna sitji á þingi, þótt þeir leyfi ekki útibússtjórum það. Fyrst og fremst þurfa þeir að fara frá sínum útibúum, kannske þegar mest er að gera, en bankastjóri hjer gæti ætíð haft nokkurt eftirlit, þar sem hann er hvort sem er á staðnum. — En þetta má kannske deila um, hvort setja mætti í lög eða ekki, ef það væri vilji allra manna, sem að þessu standa. Slíku er hjer ekki til að dreifa. Það fellur sennilega úrskurður um það síðar, hvort þetta geti staðist vegna stjórnarskrárinnar. En hvernig sem sá úrskurður fellur, þá veit jeg, að það er fjöldi af mönnum, bæði lögfræðingum og leikmönnum, sem álíta þetta stjórnarskrárbrot, og þá mundi ekki vera hægt að koma ábyrgð fram gagnvart þeim mönnum, sem risu á móti þessu ákvæði, og ekki einu sinni hægt að svifta þá starfi við bankann. Þetta gæti þó verið dálítið öðruvísi, ef það væri sem skilyrði handa þeim nýju bankastjórum, sem á hverjum tíma koma að bankanum. Þá væri það sett í upphafi, svo sem var gert við útibússtjórana. Mjer er sagt, að þeim þingmanni, sem var útibússtjóri á Ísafirði fyrir Landsbankann, hafi verið sett það skilyrði að fara frá, ef hann byði sig fram til þings. Þetta er skiljanlegt af því, að mikill tími tapast frá útibúinu við langa fjarveru. Útibússtjórinn veit, að hverju er að ganga þegar í upphafi. En þegar slík lagaákvæði eru sett að mönnunum fornspurðum og móti vilja þeirra, þá getur það vart staðist.

Það getur verið, að ekki þurfi að koma með brtt. um þetta, af því að hæstv. forseti vísi því frá, sökum þess að það komi í bága við stjórnarskrána. — Sama gildir í raun og veru um 15. grein frv., 2. málsgrein: Ríkisstjórninni er heimilt eftir till. bankaráðs að ábyrgjast erlend lán fyrir seðlabankann. — Þetta telja margir koma í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar, og meiri hl. hefir gert till. um að fella niður. Af því að jeg vissi um þá brtt., kom jeg ekki með brtt. um það atriði.

Jeg hefi þá lýst mínum brtt. svo sem hægt er í stuttu máli; hygg, að mjer hafi ekki láðst að taka fram neitt, sem verulegu máli skiftir viðvíkjandi stærstu brtt.

En jeg hafði hugsað mjer að víkja örfáum orðum til hæstv. stjórnar, en

frestaði því, þar sem hæstv. forsrh. var þá ekki viðstaddur. — Þetta mál hefir verið nokkuð lengi í nefnd, líklega hátt á 3ja mánuð. Og er það dálítið eðlilegt. Undirbúningur hæstv. stjórnar var sá, að varla var við því að búast, að það yrði skemur. Það virðist svo, sem hæstv. stjórn hafi tekið þeim tökum á bankafrv. í heild, að hún ætlaðist ekki til að afgreiða það. Í upphafi þings í fyrra var bankanefndin frá 1925 búin að skila áliti sínu. En það var komið langt fram á þing, þegar hæstv. stjórn kom því loks á framfæri. Svo seint var málið tilbúið, að engin von var, að það gengi gegnum þessa hv. deild. Jeg býst nú við, að þótt hæstv. stjórn teldi sig fylgja frv. eins og það var þá, þá hafi hún ekki haft nægilegan dugnað til þess að koma því áleiðis.

Maður skyldi nú ætla, að hæstv. stjórn hefði hugsað sjer að koma málinu fram á þessu þingi og láta það ekki vefjast fyrir lengur; það er nú búið að vefjast fyrir þinginu síðan 1922. En hæstv. stjórn hefir einmitt með ákvæðum, sem hún kom inn í frv., gert það að verkum, að litlar líkur eru til, að það gangi fram nú. Hún fleygar frv., og a. m. k. tveir af þeim fleygum ganga svo nærri stjórnarskránni, að líkur eru til, að málinu verði vísað frá. Og þessir fleygar hafa gert það að verkum, að nefndin hefir verið ákaflega hikandi um málið. Þessar breytingar stjórnarinnar frá í fyrra eru þess eðlis, að þær hafa tafið mjög fyrir nefndinni. Með brtt. við 15. og 68. gr. hafa komið ný atriði í málið svo veigamikil, að nokkrar líkur eru til, að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi. — Jeg segi þetta af því, að mjer skildist, að hæstv. stjórn væri í fyrra mjög umhugað um þetta mál. Mjer skildist við kosningarnar síðastl. sumar, að hæstv. stjórn mundi beita sjer fyrir að fá málið afgreitt. En jeg sje annað. Hún hefir bæði í fyrra og nú gert alt, sem hún hefir getað, til þess að skapa glundroða og ágreining. Jeg lýsi allri ábyrgð á hendur hæstv. stjórnar fyrir það, hvað málið er illa undirbúið, og fyrir það, hve miklar líkur eru til, að það verði að dragast eitt árið enn.

Jeg skal ekki víkja að brtt. háttv. meiri hl. að neinu verulegu leyti; mun sýna með atkv. mínu, hvernig jeg snýst við þeim till.

Jeg á eftir að minnast ofurlítið á stjórnarfyrirkomulag bankans, sem jeg vík að í nál. Því vill hv. meiri hl. breyta; hafa 5 bankaráðsmenn í staðinn fyrir 15 manna nefnd. Þetta á að vera til þess að gera stjórnina einfaldari. Ástæðan til þess, að bankanefndin stakk upp á að hafa þessa umfangsmiklu nefnd, var sú, að hún vildi veita bankanum með því öflugan stuðning frá þinginu, sem sýndi það, að yfirleitt ætti bankinn þingið að bakhjarli. Við þurfum ekki annað en að skoða fyrirkomulag Íslandsbanka. Hvers vegna fjekk Íslandsbanki bankaráð, sem þingið kaus, og forsætisráðherra sem formann? Það var ekki annað en trygging þess, að Íslandsbanki ætti fyrirsvarsmenn í þinginu og hjá stjórninni. **(Rödd af þingbekkjum:** Og eftirlit!). Nei, fyrirsvarsmenn, svo að hann fengi hlunnindi og rjettindi, eins og líka þetta fyrirkomulag hefir veitt Íslandsbanka. Það hefir veitt honum mörg hlunnindi til skaða fyrir Landsbankann.

Þetta fyrirkomulag er þess vegna talið vera dálítil trygging fyrir bankann, að það sje ekki útilokað, að þingmenn eigi þar sæti. Það gæti verið Landsbankanum stuðningur eins og Íslandsbanka, að hann hefði þingkjörna bankaráðsmenn.

Jeg geri ekkert úr þeirri ástæðu háttv. meiri hl., að það verði eitthvað „ópólitískir" menn, þótt þeir sjeu utan þings. Vitanlega er stór hópur manna utan þings, sem eru jafnmiklir flokksmenn og sjálfir þingmenn. Þetta hlýtur nú hv. meiri hl. að vita, og það með, að trygging er engin í þessu fólgin. En með því að taka menn úr þinginu kann það þó heldur að vera trygt, að sæmilegir hæfileikamenn sjeu; það er ekki eins vel trygt utan þings. Mjer virðist því þetta fyrirkomulag frv. hafa frekar kosti og vera til stuðnings fyrir bankann.

Nú hefi jeg sjerstakt fyrirkomulag í huga, sem jeg þó hefi ekki gert till. um — og geri kannske ekki —, en það er að veita bankanum stuðning með því, að yfirstjórn bankaráðsins væri kosin frá hinum öflugu stofnunum í landinu, sem jeg hefi bent á í nál. Jeg álít, að á þann hátt fengi bankinn ekki lakari stuðning en með því, að yfirstjórnin væri svo mannmörg, sem frv. gerir ráð fyrir.

Jeg mun því greiða atkv. móti þessum till. meiri hl. viðvíkjandi stjórnarfyrirkomulaginu.

Það var eitt eða tvent, sem jeg hafði skrifað aths. við og jeg var ekki samþykkur af því, sem hv. frsm. meiri hl. taldi alla nefndina sammála um; hygg jeg það hafa verið viðvíkjandi 29. gr. Jeg má segja, að jeg hafi þar óbundið atkvæði. Jeg býst við, að við verðum kannske búnir að ræða um eitthvað af þessum till. aftur áður en atkvgr. fer fram, og má vera, að jeg geti þá gefið frekari upplýsingar.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var framhaldið 2. umr. um frv.

Forseti (HSteins): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir vakið máls á því, að ýmsir hjeldu því fram, að hann sjálfur hallaðist að þeirri skoðun, að ákvæði 15., 68. og jafnvel 47. gr. þessa frv. færu í bág við stjórnarskrána, og hefir beiðst úrskurðar forseta um það, hvort beri að vísa frv. frá af þessum ástæðum.

Nú er það svo, að þótt tvö eða þrjú ákvæði frv. kynnu að fara í bág við gildandi stjórnarskrá, þá gæti ekki komið til mála fyrir þá sök að vísa frv. frá í heild sinni. Þar sem hinsvegar liggja fyrir brtt., bæði frá meiri og minni hl. fjhn., um að fella þau ákvæði burtu, sem hjer ræðir um, sem sje ákvæði 15. og 68. gr. frv., þá er það ótímabært að fella úrskurð um þessi ákvæði, fyr en atkvgr. um þessar brtt. hefir farið fram.

Úrskurður minn í þetta sinn verður því sá, að málinu skuli haldið áfram á venjulegan þinglegan hátt.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Vegna þess, að jeg er eini maðurinn í þessari hv. deild, er átti sæti í milliþinganefnd þeirri, er skipuð var í bankamálinu, og frv. hæstv. stjórnar byggist í öllum aðalatriðum á frv. nefndarinnar, þá verður framsaga mín

aðallega um þær breytingar, sem milliþinganefndin vildi gera á bankalögunum, en sem hv. meiri hl. fjhn. vill nú fella niður.

Verð jeg þó fyrst að víkja að gangi málsins á fyrri þingum, og svo síðan að því, hvernig hinar ýmsu brtt. samrýmast þeirri skoðun, sem þingið hefir slegið fastri í þessu máli. Brtt. háttv. meiri hl. og háttv. 5. landsk. (JBald) er jeg ósamþykkur, en mun síðar víkja að þeim.

Það, sem fyrst gerðist í máli þessu, er það kom til Alþingis, var það, að seint á þinginu 1924 var lagt fram frv. um það, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni. Menn höfðu búist við, að þetta mætti ekki neinni mótspyrnu, enda var frv. það, er þá lá fyrir, samið af stjórn Landsbankans að tilhlutun stjórnarinnar. Aðaleinkenni frv. þessa voru þau, að gerð var breyting á skipun æðstu stjórnar bankans; skyldi honum ekki stjórnað beinlínis af bankastjórum, eins og hingað til, heldur skipað bankaráð, og fyrir þess milligöngu átti landsstjórnin á hverjum tíma að hafa vald yfir bankanum. Þetta þótti sumum höfuðgalli og óttuðust, að ef hjer yrðu sterkar pólitískar sveiflur, þá gæti hver meiri hl. í þinginu skift um bankaráð og gert algerða stefnubreytingu á rekstri bankans.

Auk þess var í frv. gert ráð fyrir, að landið mundi ekki hafa efni á því að leggja fram þær miljónir, sem seðlabankinn þurfti til kjölfestu, og þess vegna stakk Landsbankastjórnin upp á því, að leitað yrði til einstakra manna um það, að þeir legðu fram helming þess fjár, er þurfti; bankinn þannig gerður að hlutabanka og ákvæði sett um arðskiftingu eftir fyrirmynd Noregsbanka.

Tvent var það, sem aðallega vakti mótþróa gegn frv. Í fyrsta lagi það, að landið tæki einstaka menn sem meðeigendur í bankanum, því að menn óttuðust, að það gæti leitt til þess, að bankinn kæmist í hendur einstakra gróðamanna og yrði ekki þjóðbanki lengur. Þriðja atriðið hafði ekki mikla þýðingu þá, en hefir fengið mikla þýðingu síðan, og það er endurkaupaskylda Landsbankans á viðskiftavíxlum Íslandsbanka. Landsbankastjórnin benti á tvær leiðir í þessu efni. Önnur var sú, að höfð yrði sama aðferð við Íslandsbanka eins og höfð var í Svíþjóð, þegar sænski ríkisbankinn tók við seðlaútgáfunni þar í landi. Hjer hafði Íslandsbanki seðlaútgáfuna og átti ekki að skila henni af sjer fyr en 1933. Bankinn skyldi svo njóta þessara hlunninda hjá Landsbankanum, að fá endurkeypta góða viðskiftavíxla, þann tíma, sem hann átti eftir að hafa seðlaútgáfurjettinn. Upphæðin átti að fara smáminkandi og falla niður, þegar sá tími væri útrunninn, sem Íslandsbanki átti að hafa seðlaútgáfuna. Hin leiðin var sú, að þessi fríðindi, endurkaupaskyldan, skyldi falla niður, en Landsbankinn skyldi í þess stað kaupa gull af Íslandsbanka, sem notað yrði til tryggingar seðlum Landsbankans. Það er því auðsætt, að þetta átti að vera borgun fyrir að fá seðlaútgáfuna fram til 1933, sem Íslandsbanki ekki þurfti að láta af hendi.

Jeg hefi reynt að rekja þetta mál ítarlega hjer, vegna þess, að síðar kom fram sú krafa, að Íslandsbanki ætti að hafa þennan rjett miklu lengur, eftir að hann hefði tapað seðlaút-

gáfunni. Um þetta komu fram tvær till., önnur á þá leið, að Íslandsbanki skyldi njóta þessara endurkaupahlunninda í 10 ár áður en hann hættir að vera seðlabanki, og var sú till. samþ. í hv. Nd. í fyrra, og hin till. var um 20 ára endurkaupaskyldu, og er það svo í stjfrv. nú. Þetta er algerlega óskylt því, sem kom fram í byrjun. Þá átti þetta að vera borgun fyrir hlunnindi, sem Íslandsbanki ljet af hendi áður en honum bar skylda til, en nú eru þetta aðeins hlunnindi fyrir Íslandsbanka Landsbankanum í óhag, sem eiga að standa óhögguð í 10—20 ár eftir að Íslandsbanki er skilinn að skiftum við landið sem seðlabanki. Á þessu þingi (1924) kom fram till. um það, frá núverandi hv. frsm. meiri hl. (BK), að Landsbankinn fengi ekki seðlaútgáfuna, heldur sjerstakur seðlabanki, sem stofna skyldi, sem ljeti svo bankana fá seðlalán, eins og tíðkast erlendis. Málinu lauk svo á þessu þingi, að núv. hæstv. forsrh. stöðvaði frv. og óskaði eftir að fá umhugsunarfrest. Nú leið ár og hæstv. stjórn hafðist lítt að. Hún ljet enda undir höfuð leggjast að leita til sjerfræðinga, nema eins, og má þó geta þess, að stjórnarfulltrúi vor í Kaupmannahöfn, Jón Krabbe, gerði þá eina merkilega till. í málinu, sem síðan hefir hlotið almenna viðurkenningu. Hæstv. stjórn gerði svo nokkrar breytingar á frv., sem sumar voru til bóta, en aðrar til spillis, frá mínu sjónarmiði, og lagði það síðan fyrir þingið 1924. Meginatriðið var það, að stjórnin gekk inn á þá uppástungu bankastjórnarinnar að gera bankann að hlutafjelagi og bjó svo um, að hlutirnir hlutu að lenda í fárra manna höndum, vegna þess, hve þeir áttu að vera stórir. Hlunnindin við það að eiga hluti áttu að verða svo mikil, að sagt var og reiknað út, að þeir gætu jafnvel borgað sig á 5—6 árum. Um leið mundi bankinn hafa orðið sjerstök persóna að lögum, því að það var tekið fram í frv., að bankinn væri ekki nema að nokkru leyti háður hlutafjelagalögum. Og af því leiddi, vegna þess að bankinn hefði orðið sjerstök persóna að lögum, að hann hefði verið undanþeginn aðhaldi þingsins í hálfa öld; það hefði allan þann tíma ekki getað hlutast hið minsta til um skipulag hans. Þetta hefði verið mjög óhentugt og óeðlilegt, að taka þjóðbanka undan starfandi eftirliti þjóðarinnar. Hagir manna breytast á skemmri tíma en hálfri öld, og hagur bankans hlaut að fara mikið eftir því, en við þetta hefði orðið að sitja eftir frv. stjórnarinnar.

Eitt atriði kom fram, sem orðið hefir að deiluatriði síðan, og það var ákvæðið um það, að landssjóður bæri ekki ábyrgð á bankanum. Hefði þá ekki staðið á bak við bankann annað en eignir hans, og mundi það vafalaust hafa orðið til þess að rýra mjög álit og traust hans út á við, enda kom sú skoðun fram við umr. um málið.

Jeg hygg, að jeg geri ekki hæstv. fjrh. (JÞ) rangt til, þó að jeg segi, að hann muni óska þess, að aðstreymi yrði heldur minna að sparisjóðsdeild Landsbankans en verið hefir. Það er hinsvegar vitanlegt, að á erfiðum árum eins og nú leita landsmenn með sparifje sitt þangað, sem tryggast er, og það er vafalaust, að sú almenna skoðun, að landið beri ábyrgð á Landsbankanum, hefir aflað honum bæði trausts og sparifjár. Jeg býst við því,

að það hafi verið sumpart með tilliti til Íslandsbanka, og ef til vill annara nýrra banka, að hæstv. fjrh. lagði ekki litla áherslu á það, að ríkið stæði ekki á bak við Landsbankann.

Nú hefir þetta mál verið tekið til nýrrar athugunar og við meðferð fjhn. þessarar hv. deildar hafa komið fram nýjar skýringar, sem hafa orðið athugunarefni fyrir landsmenn.

Frá mínu sjónarmiði er það siðferðileg skylda ríkisins að styðja Landsbankann, og sje jeg því ekkert á móti því, að ákvæði um þetta sje sett inn í sjálf stofnlög bankans. — Eitt atriði í stjfrv. var þó til bóta, að endurkaupaskyldan var feld niður. Stjórnin hafði snúið sjer til stjórnar Íslandsbanka og spurt hana, hvort hún óskaði þessara hlunninda, og hafði hún fengið það svar, að Íslandsbanki vildi ekki verða af seðlaútgáfurjettinum fyrir þau fríðindi, sem Landsbankinn hjer hafði boðið. Þá var það sett í frv., að Landsbankinn skyldi kaupa gullforða Íslandsbanka, jafnóðum og hann losnaði.

Svo fór, að helmingur deildarinnar sætti sig ekki við meðferð stjórnarinnar á málinu; var það stöðvað í annað sinn og kosin til rannsóknar 5 manna millibinganefnd í þinglok 1925. Hún starfaði um sumarið og fram á vetur. Nefndin gaf út ítarlegt álit og gerði þær till. í málinu, sem lagðar voru til grundvallar fyrir frv. því, sem hjer er til umr., og get jeg ekki sem einn nefndarmanna komist hjá því að skýra nokkru nánar frá því, hvað fyrir nefndinni vakti með þeim breytingum, sem hún kom fram með. Það, sem nefndin gerði, var meðal annars það, að einstakir nefndarmenn fundu að máli helstu fjármálamenn á Norðurlöndum og fengu hjá þeim skriflegt álit um og till. til breytinga á frv. því, sem Landsbankastjórnin hafði undirbúið, og frv. hv. 1. þm. G.-K. Niðurstaðan varð, að sú leið, sem hv. 1. þm. G.-K. hafði bent á, var ekki talin heppileg hjer, þó að hinsvegar sje sú raun á, að alstaðar í stóru löndunum er þjóðbankinn banki bankanna. Jeg býst við, að þar sem þessir fjármálamenn fengu rækilegar þýðingar af frv. báðum og greinargerðum fyrir þeim, þá verði að telja till. þeirra mikilsvert „innlegg“ í málinu, einkum að því er snertir spurninguna um það, hvort við ættum að stofna nýjan banka eða fela okkar gamla banka, Landsbankanum, seðlaútgáfuna. Nú hefir hv. 1. þm. G.-K. unnið að málinu á þeim grundvelli, og hefir hann ef til vill ekki sannfærst, en þó sætt sig við þessa leið, sem fjármálamenn Norðurlanda hafa talið heppilegasta fyrir okkur og sem meiri hl. millibinganefndarinnar hallaðist að. Meiri hl. var í öllum aðalatriðunum sammála. Einn nefndarmaður, hv. 2. þm. Reykv. (MJ), hjelt þó fram nokkuð sjerstakri skoðun um ábyrgðina á bankanum. Hann hjelt fram sömu skoðun og formaður Íhaldsflokksins, núverandi hæstv. fjrh., að landið bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans. Þessi eini maður tók sína sjerstöðu fram í nál. Annars varð þetta atriði ekki mikið deiluatriði í nefndinni, vegna þess að meiri hl. kom saman um að taka það fram, að bankinn væri eign þjóðarinnar og því rekinn á ábyrgð landsmanna. — Þessa ábyrgð

landsins hugsaði meiri hl. milliþinganefndarinnar sjer að láta koma þannig fram, að ríkissjóður legði bankanum til alt stofnfje hans, og skyldi það skýrt tekið fram, að ef bankinn tapaði svo miklu fje, að til varasjóðs og stofnfjár þyrfti að taka, þá hjeldi landið þessum sjóðum í fullu gildi.

Um þetta er fordæmi til hjá Finnlendingum; þar er þjóðfjelagið skylt til að halda tryggum sjóðum Þjóðbankans. Þess vegna vita allir, sem við bankann skifta, að þeir geta verið öruggir um innstæður sínar, hvað sem fyrir kemur.

Hvað snertir ábyrgðina má segja, að það væri tæplega forsvaranlegt nema með landsábyrgð að leggja fje opinberra sjóða í bankann, og nefndinni fanst því rjettast, að stofnfjeð alt kæmi frá landinu sjálfu. — Skipulag það, sem meiri hl. valdi, var því á þá leið, að fjármálalega væri bankinn algerlega í ábyrgð ríkissjóðs.

Næsta meginbreyting nefndarinnar var sú, að ganga nokkur skref til móts við þá menn, sem óskuðu sjerstakrar seðlastofnunar, með því að hafa bankann í 3 aðgreindum deildum, seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild. — En þó að bankinn eigi eftir áliti nefndarinnar að vera í aðgreindum deildum, eiga þær allar að vísu að vera undir sameiginlegri yfirstjórn, en hugmyndin er að reyna að gera eðlilega verkaskiftingu milli deildanna. Þetta fyrirkomulag er þrautreynt hjá Englandsbanka. Honum er skift í tvær deildir. Önnur hefir eingöngu seðla til meðferðar, en hin skiftir við bankana og fær seðla hjá seðladeildinni. Að vísu er ekki hægt að líkja fullkomlega eftir þeim hjá okkur, en þó er hjer sú fyrirmynd, sem vel hefir gefist í Englandi.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar hefir gert eina tillögu viðvíkjandi gullforðanum, sem stjórnin hefir ekki getað fallist á. Þetta hefir nokkra þýðingu, þó að það skifti ekki miklu máli. Þeirri reglu var fylgt alla 19. öldina og fram að stríði, að þjóðbankar ríkjanna voru skyldaðir til að innleysa seðla sína í sleginni gullmynt, en eftir stríðið, eftir að aðstaða bankanna var orðin svo breytt, að gullmynt var ekki lengur í umferð, þótti þægilegra að nota gullið aðeins sem verðmæli gagnvart erlendu fje. Þó er að vísu til nokkuð af sleginni gullmynt fyrir þá, sem óska þess, en annars er innlausnarskylda ekki framkvæmd öðruvísi en svo, að þeir, sem þurfa að fá mikla upphæð, fá gullstengur fyrir seðla. Þessi aðferð var ekki notuð í innanlandsviðskiftum, heldur eingöngu á milli ríkja. Þetta hefir það til síns ágætis, að ef um slíka skyldu væri að ræða hjer, mundi yfirleitt ekki vera gull í umferð, en ef af einhverjum ástæðum grunur fjelli á, að seðlar bankans væru að falla í verði, mundu kaupsýslumenn koma með seðla, fá sjer gullstykki og senda til útlanda. Þannig kemur í ljós, hvort lággengi er að koma á seðlana, svo að að því leyti er þetta trygging. Aftur á móti sparast myntsláttukostnaður á þennan hátt og sjeð er við því, að slitin eða gölluð mynt sje í umferð. Englendingar og Finnar hafa, eftir að þeir komu á hjá sjer innlausnarskyldu, hallast að gullstöngum, en ekki sleginni gullmynt. En stjórnin vill hafa gamla lagið, og það er ráðgert í þessu frv. Þetta er að

vísu ekkert sjerstaklega mikilsvert atriði, en jeg vildi aðeins láta þess getið, hvað fyrir milliþinganefndinni vakti í samræmi við hinn nýja aldaranda, því að það eru allar líkur til þess, að sá tími komi ekki aftur, að gull verði í umferð eins og það var í Englandi fram að stríði.

Þá lagði meiri hluti milliþinganefndarinnar til, að ný ákvæði verði gerð um yfirstjórn bankans. Þar sem meiri hluti fjhn. hefir mjög veist að þeirri till., og sömuleiðis hv. 5. landsk., get jeg ekki komist hjá að skýra, hvað fyrir nefndinni vakti um þessi atriði. Þeir tveir nefndarmenn, sem mest höfðu kynt sjer fyrirkomulag Finnlandsbanka, Svíþjóðar og Noregs, Ásgeir Ásgeirsson alþm. og Sveinn Björnsson sendiherra, hneigðust helst að formi Svía, sem sje því, að bankinn standi beinlínis undir sterku aðhaldi þingsins. Þessu er ítarlega lýst í nál. milliþinganefndarinnar, en jeg ætla að leyfa mjer að fara um það fáeinum orðum.

Sænski ríkisbankinn er talinn elsti þjóðbankinn í Evrópu. Hann hefir frá byrjun verið beinlínis þjóðareign. Af hans löngu sögu er ekki hægt að sjá annað en að mjög vel geti farið á þessu og því, að bankanum sje stjórnað að nokkru leyti af stjórninni og að nokkru leyti af þinginu. Eftir því sem vald þingsins hefir vaxið í Svíþjóð, hefir og vald þess yfir bankanum vaxið. Bankanum er beinlínis stjórnað af þingnefnd. Fyrirkomulagið er þannig, að tvær deildir þingsins tilnefna eina stóra nefnd, — 24 menn úr hvorri deild —, og þetta er bankanefnd þingsins eða sá partur þess, sem fyrst og fremst stjórnar þjóðbankanum og hefir yfirumsjón með bankamálum landsins. Þessi nefnd er í aðalatriðunum sambærileg við aðalfund í fjelagi. Eins og aðalfundur í hverju fjelagi kýs stjórnina, þannig kýs þessi stóra, sænska bankanefnd bankaráðið, þannig að sumir nefndarmenn eru framkvæmdarstjórn bankans, en sumir bankaráðsmenn, sem hafa eftirlit með honum, það er að segja eftirlitsmenn. Það er því ekki hægt að segja annað en að ríkisbanka Svíþjóðar sje stjórnað af sænska þinginu, og það hefir gefist ágætlega. Meira að segja er komin á sú venja, að stjórn og þing skifta ekki svo mjög um menn þá, sem eru í framkvæmdarstjórninni, heldur helst það við, að það, sem ein stjórn hefir gert, lætur önnur stjórn standa óhaggað. Þetta kemur meðfram af því, að þingið hefir tekið hlutlaust á þessu máli og engir einstakir flokkar hafa lagt bankann sjerstaklega undir sig. Þegar þeir menn, sem vilja tortryggja þetta skipulag hjer, vitna í það, að eigi sje hægt að búast við, að svo muni einnig fara hjá okkur, skal jeg játa það, að ýmsir þeir atburðir hafa gerst í okkar bankasögu fyr og síðar, sem gera það að verkum, að ágreiningur gæti orðið, ef eftirlit með bankanum ætti að vera undir okkar þingi og stjórn. En mikið er undir þeim venjum komið, sem myndast, þegar bankinn tekur til starfa, um það, hvort það tekst að skapa slíkt fyrirkomulag, að sneitt verði fram hjá ýmsum annmörkum, sem við höfum átt við að búa.

Milliþinganefndin hefir lagt til ýmislegt, sem hæstv. stjórn hefir ekki

virt að maklegleikum. Hún hefir lagt reynslu Svía til grundvallar og lagt til, að kosnar verði tvær bankanefndir, 15 manna nefnd og svo bankaráð, sem valið sje af þeirri nefnd. Hjer hafði jeg nokkra sjerstöðu. Jeg vildi ganga feti lengra en samnefndarmenn mínir og búa svo um, að siglt væri fram hjá því skeri, að skiftandi meiri hluti stjórnar og þings gæti eftir nýjar kosningar notið sín eins og flóð eða fjara í sjónum. Og sú leið, sem jeg benti þar á, stendur opin, ef ekki þykir gefast vel, að hver þingmeirihluti ráði bankanum.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar hefir lagt til, að kosnir verði 15 menn til 6 ára, 5 í einu, þannig að skiftin verða smátt og smátt. Þessir menn þurfa ekki að vera búsettir í Reykjavík og eiga að koma saman einu sinni á ári og hafa á hendi nokkur þau störf, sem aðalfundur hefir, vera sem sje æðsta stjórn þjóðbankans. Hinsvegar á starf þeirra að vera á þann veg, að það sje framar öllu öðru heiðurs- og trúnaðarstarf, og því skal það vera ólaunað að öllu leyti nema ferðakostnaði. Jeg get ekki neitað, að mjer finst margt mæla með því, að þessir menn væru búsettir annaðhvort í Reykjavík eða þá svo nærri, að þeir gætu komið á fundi kostnaðarlaust, því að æskilegt væri, að þeir gætu komið saman oftar en einu sinni á ári, og auk þess mundi sparast ferðakostnaður. En þó að nefndin sje endurnýjuð þrisvar sinnum á hverjum 6 árum, er hún þó endurskin af meiri hluta þingsins. Þetta vildi jeg forðast, til þess að ná því, sem jeg held, að sje ekki hægt að ná á annan hátt.

Jeg lagði því til í nefndinni, að fyrst og fremst væru kosnir 12 menn af þinginu. Síðan væru kosnir 6 menn af hinum ýmsu atvinnufjelögum landsins, Búnaðarfjelaginu, Fiskifjelaginu, Kaupmannaráðinu, Sambandinu, Verkamannasambandinu og Fjelagi útgerðarmanna. Á þennan hátt hefðu atvinnuvegirnir á sínu valdi þriðjung af starfsafli nefndarinnar, og þess vegna mundi ekki geta myndast pólitískur meiri hluti, heldur yrði að vera samkomulag nefndarmanna þingflokkanna annars vegar og atvinnuveganna hins vegar um það, hvernig bankaráðið skuli skipað, því að jeg geri ráð fyrir, að stjórnin tilnefndi engan mann í bankaráðið, heldur nefndin alla. Jeg treysti því, að á þennan hátt væri unt að fá það logn í kringum bankann, og þó þann kunnugleika, sem æskilegt væri. Þrír nefndarmanna hölluðust nú að því að fylgja alveg sænska fordæminu og vilja láta þingið tilnefna alla nefndina, en hún velji svo 4 af 5 bankaráðsmönnum, en stjórnin 1. Því verður ekki neitað, að þannig verður altaf pólitískur meiri hluti í stjórn bankans. Það er ósennilegt annað en að stjórnarflokkurinn fengi tvo af hinum þingkosnu mönnum, en hinir flokkarnir tvo. Stjórnarflokkurinn mundi ráða formanninum, svo að líka yrði pólitískur meiri hluti í stjórn bankans. Þegar nú minni hluti yrði meiri hluti, er ekki ósennilegt, ef ekki er hlutlaust byrjað, að sá flokkur skifti um formann í bankaráðinu. Þessu hefir meiri hluti fjhn. ekki breytt, en jeg verð að segja, að jeg er enn sömu skoðunar og jeg var um það, að sú leið, sem fyrir mjer vakti, hefði verið nær því að tryggja hlutleysi í stjórn bankans en sú leið, sem nú á að fara.

Eina breytingu gerði milliþinganefndin enn, sem mætti mótstöðu hjá meiri hluta fjhn. og hv. 5. landsk., sem sje það, að hafa aðalbankastjóra með meira valdi en hinir bankastjórarnir hafa. Þetta er líka lánað frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, en í Danmörku eru allir bankastjórarnir jafnir að völdum. Það vildi svo til, þegar við vorum að fjalla um þetta í nefndinni, að 2 þjóðbankastjórar í Danmörku höfðu lent í ritdeilum um fjárhagsmál. Þetta var álitið illa viðeigandi, og leiddi auðvitað af því, að enginn húsbóndi var á heimilinu. Jeg hafði sjerstöðu um þetta atriði. Jeg fjelst á, að það væri til bóta að hafa aðalbankastjóra, eins og formann í ráðuneyti, þar sem einn maður er fundarstjóri og vel það, en mjer fanst óhugsandi, að þessi breyting kæmi til framkvæmda þannig, að gert yrði upp á milli þeirra, sem nú starfa í Landsbankanum. Mín tillaga er sú, að ákvæði um aðalbankastjóra komi ekki til greina fyr en tveir af Landsbankastjórunum hafa látið af stjórn, og yrði þá sá þriðji aðalbankastjóri í þeirri stjórn, sem við tæki. Þannig gæti myndast „tradition" um, hvernig ætti að skifta þessum störfum.

Ennfremur hugsar milliþinganefndin sjer, að bankaráðið skuli hafa önnur vinnubrögð en gerast í því eina bankaráði, sem hjer er, bankaráði Íslandsbanka. Þetta er enn fordæmi Svía. Nefndin gerir ráð fyrir, að formaður bankaráðsins hafi meiri völd en hinir bankaráðsmennirnir, komi daglega í bankann, fylgist með öllu þar og geti jafnvel skorið úr, þegar bankastjórarnir sjálfir kæmu sjer ekki saman. Þannig væru tveir yfirmenn í þjóðbankanum, yfirbankastjóri og yfirbankaráðsmaður. Þeir hefðu meiri laun, meiri vinnu og meiri ábyrgð en hinir. Mjer virðist sumt mæla með þessu og sumt móti. En hvað sem því líður, hefir þetta skipulag stuðning í ágætri reynslu Svía, Finna og Norðmanna.

Í Noregi er nú yfirbankastjóri, sem heitir N. Rygg, er nýtur ákaflega mikils trausts hjá mörgum mönnum í Noregi, því að hann er djarfur maður og úrskurðarmikill í málum og ber ægishjálm yfir alla bankastjóra þar í landi. Það var tilætlunin að reyna að skapa nokkuð svipaða aðstöðu hjer, en hv. 5. landsk. lagðist á móti því, en jeg ætla að geyma mjer til síðara tækifæris að svara ástæðum hans.

Ennfremur gerði milliþinganefndin ráð fyrir því, að þetta nýja bankaráð væri ekkert tildursbankaráð, eins og verið hefir við Íslandsbanka og er enn þann dag í dag. Þetta hefir nokkuð verið dregið í efa, sjerstaklega af hv. 1. þm. G.-K., sem er að vísu samþykkur þeirri hugsun milliþinganefndarinnar, að bankaráðið eigi að starfa töluvert, en vill aðeins láta það hafa meira starf. Jeg verð að játa, að jeg hefi töluverða samúð með þessum tillögum hv. frsm. meiri hl., þó að okkur greini nokkuð á um formið; jeg játa sem sje, að það sje full ástæða til, að lögð sje áhersla á í framtíðinni, að bankaráðið, sem hjer starfar, veiti honum nokkurt aðhald og fylgist vel með í málunum. Jeg vil, til þess að sanna það, að fyrir okkur hafi vakað nokkuð í þessa átt, benda á það, að í Íslandsbanka var fyrst ætlast til þess, að 3 af 7 bankaráðsmönnum væru búsettir utanlands. Af Íslendingunum voru stund-

um allir nema einn búsettir úti á landi og komu hingað aldrei nema um þingtímann, þegar þeir undirskrifuðu bankareikninginn. Þessi tegund bankaráðs hefir hjer á landi komið miklu óorði á bankaráðsnafnið, vegna þess að þessi bankaráð hafa aðeins verið bitlingar handa einstökum mönnum.

Við gerðum ráð fyrir, að formaður bankaráðsins mætti daglega á fundum í bankanum og að bankaráðið hjeldi fundi á hálfsmánaðar fresti, og svo kæmi það auk þess saman eftir þörfum. Það er þess vegna bitamunur, en ekki fjár, á tillögum milliþinganefndar og hv. 1. þm. G.-K. En jeg verð að játa, að jeg gæti hugsað mjer, að með einum eða öðrum hætti væri hert meira á vinnuskyldu bankaráðsins heldur en með frv. því, sem hjer liggur fyrir. En áður en jeg skil við þetta mál nú, get jeg ekki komist hjá því að leggja eina röksemd inn fyrir landsbankanefndinni stóru, 15 mönnum, eða hvað þeir ættu að vera, vegna þess að meiri hl. fjhn. hefir lagt mikla áherslu á að fella hana niður, og leiða þá nokkur rök að því, hvern kost jeg sje við það, að hún sje til.

Fyrsta röksemdin er það, að þegar kosning bankaráðs er lögð á vald hennar, þá muni það draga úr bitlingastríði þingsins. Undir mjög mörgum kringumstæðum myndu þarna verða margir utanþingsmenn, og þá valdir til þess menn, sem á einn eða annan hátt hefðu áhuga fyrir fjármálum og hefðu sýnt það í verki. Jeg tel það líka mikinn kost fyrir Landsbankann að hafa þennan stuðning, og jeg segi það líka, og það er einnig tekið fram í frv., að það er alveg sama, hvort það eru þingmenn eða ekki, en við hugsuðum samt í milliþinganefndinni, að það yrðu máske engu síður utanþingsmenn, og álitum það engin spjöll. Hinsvegar álít jeg það spjöll á trausti þingsins, ef það er beinlínis tekið fram, eins og hv. meiri hl. gerir, að það skyldu aðeins vera utanþingsmenn, enda verður þingið þó altaf aðalhúsbóndi bankans, en í viðbót við það tel jeg, að þá muni skapast meira logn utan um bankaráðið, og þar við bætist það, sem jeg legg mikla áherslu á, að jeg tel bankanum þetta til styrktar, og vil jeg því nefna þetta, þar sem jeg veit, að sjerstaklega muni háttv. frsm. meiri hl., með sinni löngu þingreynslu, kunna að meta það og muna, að það hefir þrásinnis komið fyrir, að Landsbankann hafi vantað stuðning, bæði hjá þingi og þjóð. Hann hefir verið eins og „þöll, sús stendur þorpi á", sem kaldur og fjandsamlegur vindur næðir um.

Vil jeg þá fyrst nefna það, þegar meiri hluti þings var um aldamótin haldinn af þeirri fáránlegu villu að vilja leggja banka þjóðarinnar niður og selja peningamál landsins í hendur útlendu gróðafjelagi. Þessu var að vísu afstýrt, en það er sennilegt, að það verði aldrei fullþakkað þeim manni, sem þá hafði ráðið mestu á Íslandi um 20 ára skeið, Magnúsi Stephensen landshöfðingja, sem á þessu úrslitaaugnabliki greip inn í og bjargaði Landsbankanum og hindraði framkvæmdir þeirra skammsýnu manna, sem vildu vinna svo mikið fyrir þau hlunnindi að fá nokkuð af nýju fjármagni inn í landið, að drepa banka þjóðarinnar og leggja fjármálin í hendur ábyrgðarlausra útlendinga.

Jeg vil halda því fram, að ef 15

merkir menn úr Reykjavík og nágrenni hennar hefðu staðið í skjaldborg utan um bankann, þá hefði enginn maður vogað sjer þá fásinnu, sem helmingur þingsins um aldamótin ráðgerði, og það kom aðeins til af því, að bankinn stóð, skipulagslega sjeð, höllum fæti, átti fáa formælendur og það hafði ekki skapast utan um hann það skjól af stuðningsmönnum, sem hjer er ætlast til, að myndist, og mjer finst, að það sje nokkuð öðruvísi en ætti að vera, að hv. frsm. meiri hl., sem er gamall bankastjóri Landsbankans, og sem sjálfur, á meðan hann var þar bankastjóri, varð að kenna á þessu skjólleysi, skuli leggja á móti því, að Landsbankinn fái þessa aðstöðu gagnvart þingi og stjórn, sem jeg tel, að hann hafi altaf vantað. Jeg tel, að þetta dæmi frá aldamótunum eigi að vega nokkuð þungt á metunum, og jeg vil líka minna hv. þm. á það, að jeg held, að alla hans bankastjóratíð hafi hann átt í þrálátri baráttu bæði sem bankastjóri og þingmaður fyrir hag bankans, og jeg hygg, að hv. þm. (B-K) muni ekki neita því, að Landsbankinn hafi altaf verið olnbogabarnið, og gagnið, sem Íslandsbanki hafði af sínu ljelega bankaráði sem bakhjarli, var það, að í því voru altaf nokkrir þingmenn, sem töldu það skyldu sína að standa með bankanum; og þó að bankaráðið gerði honum ekki það gagn, sem gott bankaráð hefði átt að gera, þá gerði það honum samt mikið gagn í kappleiknum við Landsbankann.

Nú geri jeg ráð fyrir því, að fyrst og fremst verði hjer Landsbanki Íslands, svo Íslandsbanki og síðan komi hjer nýir bankar, eins og hjer er viðbúnaður með, en þá verða menn að hafa það hugfast, að það á aldrei að geta orðið nein barátta á milli þjóðbankans og hinna bankanna. Hann á að vera hafinn upp yfir það, því að það á að geta orðið svo um hann, eins og svo fagurlega hefir verið sagt um Eimskipafjelag Íslands, að hann á að verða fjöregg þjóðarinnar, og það er von mín, að hann vinni svo traust hennar, að það geti aldrei framar borið á neinu líku því, sem nærri lá, að gerðist hjer í byrjun 20. aldarinnar, þegar átti að drepa Landsbankann með samþykki þingsins.

Það hefir verið sagt af manni, sem vel er kunnugur hjer í bænum, að það sje aldrei svo aumur þjónn hjá Íslandsbanka, að hver og einn þessara starfsmanna hafi ekki staðið örugglega á verði fyrir hag bankans, þar sem hann gat komið því við. Ef þetta er rjett skoðun, eins og jeg held, þá sýnir hún ekki annað en það, hve fljótt menn fara að elska þá stofnun, sem þeir vinna fyrir, og þá held jeg, að það verði líka skiljanlegt, hvers vegna við, sem vildum gera Landsbankann að fjöreggi þjóðarinnar, vildum með stórri landsbankanefnd skapa um hann öflugan skjólgarð, ekki með fjemútum, heldur með kunnugleika og þekkingu á starfsemi hans. Hinsvegar á sjálft bankaráðið að vera þjóðinni trygging fyrir því, að vel sje farið með valdið yfir bankanum, og á þann hátt tryggjum við, að sje sæmilega sjeð bæði fyrir starfsmöguleikum bankans og eins fyrir því, að nauðsynlegt aðhald sje að honum, sem þjóðin á heimtingu á, að haft sje að þessari mikilsverðu fjármálastofnun.

Ef þurfa þætti frekari sönnun en

jeg hefi hjer komið fram með fyrir því, að það geti verið full þörf á slíkum skjólgarði utan um bankann, þá þarf ekki að nefna annað en það, að eftir að þetta álit okkar í fjhn. er komið út, þá hefir maður nokkur hjer í bænum, sem eitthvað hefir verið riðinn við að reyna að nota þá heimild, sem síðasta Alþingi veitti til þess að stofna hjer nýjan banka, skrifað allítarlega grein til þess að hnekkja þeirri skoðun Ólafs prófessors Lárussonar, sem nefndin studdist við, að Landsbankinn hlyti í framkvæmdinni að skoðast sem rekinn á alþjóðarábyrgð, og það er enginn vafi á því, að þetta innlegg til þess að sanna það, að Landsbankinn eigi ekki að lögum og rjetti að skoðast sem rekinn á almenningsábyrgð, stendur í sambandi við tilraun, sem hefir verið gerð hjer í bænum til þess að stofna nýjan banka. Jeg álít sjálfsagt, að það sje rjett, en það sýnir einmitt, hve mikil nauðsyn er samt til þess, þegar hjer fara að skapast nýir bankar með sjerhagsmunum, að þá sje svo um búið af þjóðbankans hálfu, að áhugamál og hagir þessara minni banka geti ekki gripið inn í starfsemi hans.

Nú hefir þessi þekti vísindamaður, Ólafur prófessor Lárusson, komið með nokkuð þunga röksemd fyrir því, að bankinn, ef litið er á skyldu þjóðfjelagsins við sjálft sig, hlýtur að skoðast sem rekinn á þjóðarábyrgð. Af þessu leiðir það, að bankinn hlýtur að njóta meira trausts hjá almenningi, og þá býst jeg við, að tilvonandi nýr banki hafi erfiðari aðstöðu til að koma fram hagsmunum sínum.

Nú má ekki skilja orð mín svo, að jeg álíti, að aðrir bankar eigi ekki að hafa fullkomin lífsskilyrði og vaxtarmöguleika í landinu, en jeg álít, að það eigi í eitt skifti fyrir öll að vera ákveðið, að sjerhagsmunir annara banka eigi ekki að ráða, og þjóðin eigi að hlúa svo að sínum banka eins og sæmd hennar býður henni, en að öðrum bönkum sje leyft að starfa á sæmilegum grundvelli, eins og þeir hafa afl og magn til, en að þeim megi aldrei líðast það að fara að nálgast þjóðbankann, þannig að sjerhagsmunir annara banka skyggi á hann.

Jeg get verið mjög stuttorður um þær brtt., sem jeg hefi sjálfur flutt hjer, því að jeg mun víkja að þeim í sambandi við það, þegar jeg svara öðrum hv. deildarmönnum. En jeg vil samt minnast á 2. brtt. Þar er prentvilla; brtt. er ekki við 30. gr., heldur við 29. gr. Hún lýtur að því, að helmingur verðbrjefaeignar bankans skuli vera í jarðræktarbrjefum. Það er sem sje álitið, að það eigi að vera ákaflega trygt fyrir bankann og líka nokkur stuðningur fyrir jarðræktina í landinu, en þar sem skeð getur, að jeg taki hana aftur til 3. umr., þá sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um hana að þessu sinni.

Fyrstu brtt. mína, við 15. gr., er víst öll nefndin sammála um, að fella síðari málsgreinina niður, svo að jeg skal ekki víkja frekar að þeirri brtt. að sinni.

Við 35. gr. hefi jeg gert þá brtt., að formaður bankaráðsins sje ekki skipaður til 5 ára í senn, heldur aðeins til tveggja. Jeg lít nefnilega svo á, að á meðan verið er að fá reynslu í þessu efni, sje gott fyrir hvaða stjórn sem er, að hún viti, að það standi ekki lengur það umboð, sem þessi maður

hefir; jeg álít sem sje, að ef það sje haft til langs tíma, þá geti auðveldlega farið svo, ef harðsnúin flokksstjórn sæti að völdum, að hún hugsaði sjer að komast yfir eitt kjörtímabil með stjórn bankans, og jeg vildi þess vegna helst, að engin landsstjórn tilnefndi oddamanninn, heldur atvinnuvegirnir, og þá er það líka skiljanlegt, hvers vegna jeg legg áherslu á það, að á meðan verið er að safna reynslu, að það geti verið logn um bankann og að þessi maður verði ekki skipaður til langs tíma.

Fjórða brtt. mín lýtur að því að upphefja vald landsstjórnarinnar til að víkja bankastjórum frá, en það lýtur líka að því, að jeg vildi ekki, að landsstjórnin, heldur bankaráðið, færi með valdið yfir bankanum.

Um 5. brtt. mína get jeg verið stuttorður. Hún lýtur að því, að allir opinberir sjóðir, nema þeir, sem hafa öðruvísi ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám, skuli geyma handbært fje sitt hjá þjóðbankanum. Þetta tel jeg vera alveg sjálfsagt, enda var þetta samþykt á Alþingi fyrir nokkrum árum, og Landsbankinn nýtur nú þeirra hlunninda, og þrátt fyrir það þótt hæstv. stjórn tæki þetta ákvæði ekki upp í frv. í fyrra, þá setti hv. Nd. það inn, svo að jeg tel hæstv. stjórn ásökunarverða fyrir að hafa verið að reyna til að fella það úr frv.

Sjötta brtt. mín lýtur að því, að jeg álít það eðlilegt, að Landsbankinn, með þeim stóra sparisjóði, sem hann hefir, fari sem fyrst að safna að sjer þeim verðbrjefum, sem hann á að hafa til tryggingar, og jeg sje ekki ástæðu til annars en að það gerist mjög fljótt.

Sjöunda brtt. lýtur að því, sem jeg hefi áður sagt, að mjer geðjast ekki að því, að verið sje að gera upp á milli bankastjóranna, með því að taka einn þeirra fram yfir hina. Jeg álít, að það geti haft óþægileg áhrif á sambúðina í bankanum, og vil þess vegna ekki, að aðalbankastjóra skuli ráða, fyr en tvö sæti hafa losnað í bankastjórninni.

Að síðustu legg jeg það til, að fyrri hluti 68. greinar, um endurkaupaskyldu bankans af Íslandsbanka, falli alveg niður. Jeg er búinn að skýra frá því, hvernig þetta ákvæði komst inn, bæði í frv. 1924 og svo hvernig það fjell úr fyrsta frv. núverandi landsstjórnar. Þegar við sátum í milliþinganefndinni, munu hafa komið tilmæli til núverandi landsstjórnar frá bankastjórn Íslandsbanka, um að bankinn legði mikla áherslu á að fá þessi sjerrjettindi, og það varð til þess, að meiri hluti meiri hlutans í nefndinni lagði til, að Íslandsbanki skyldi fá þessi hlunnindi sjer til viðreisnar. Jeg var eindregið á móti þessu í nefndinni, af því að mjer finst það ekki rjett að fara að gefa Íslandsbanka seðlaútgáfurjettinn í nýrri mynd, eftir að hann er búinn að tapa honum. En jeg skal játa, að það er fyrst eftir rannsókn okkar í fjhn. um það, hvernig þetta ákvæði komst inn í frv., að jeg er orðinn algerlega mótfallinn þessu ákvæði. Mjer finst nefnilega, hvort sem tekin er sú till., sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) kom með í fyrra í Nd., um að þessi skylda ætti að vara í 20 ár, eða hvort það á að vera 10 ár, eins og stjórnin vill, þá er þetta mjög óheppilegt, því að það er brot á móti því, sem

ætlast er til í lögunum, að Landsbankinn geti orðið húsbóndinn á fjármálaheimili Íslendinga. Endurkaupaskyldan mundi leiða til þess, þó að ekki eigi að kaupa nema góða víxla af Íslandsbanka, þá yrði samt reglan sú, að þjóðbankinn mundi kaupa víxla fyrir alla þessa upphæð. Á þennan hátt mundi Íslandsbanki hafa einskonar seðlaútgáfu í 10—20 ár eftir að sjerrjettindi hans eru fallin. Þetta verð jeg að telja órjett, en hallast að því, eins og auðvitað leiðir af eðli málsins, að Landsbankinn kaupi af Íslandsbanka og öðrum viðskiftavíxla, ef þeir eru góðir og gildir. En það á ekki að skylda hann til þess að kaupa alla víxla og halda þannig við sjúkri seðlaútgáfu, sem verið hefir böl landsins um langt skeið. Stjórnin hefir lagt þetta til, af því að hún hefir álitið nauðsynlegt, að Íslandsbanki fengi notið einhverra hlunninda. En það skiftir þó mestu máli hjer, að seðlaútgáfunni sje skipað eins og best hentar fyrir landið. Jeg er frekar hlyntur því, að landið hjálpaði beinlínis Íslandsbanka fremur en að veita honum seðlaútgáfu í næstu 25 ár.

Jeg hefi nú, eftir því sem jeg hefi getað, gert grein fyrir því, hver rök liggja til þeirra nýjunga, sem milliþinganefndin hefir lagt til viðvíkjandi Landsbankanum. Jeg held líka, að jeg hafi fært gild rök fyrir því, að litlar líkur sjeu til þess, að Alþingi bæti sig á því að breyta þeim skipulagsgrundvelli.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get yfirleitt ekki annað en verið ánægður með undirtektir háttv. fjhn. í þessu máli, þar sem bæði meiri hl. og minni hl. hennar hafa fallist á að vinna að frv. á þeim grundvelli, sem það er á frá hendi stjórnarinnar. Sjerstaklega vil jeg þakka háttv. meiri hl., þar sem jeg get yfirleitt fallist á brtt. hans, þó að í þeim sjeu auðvitað einstök smáatriði, er rjett væri að athuga til 3. umr., þegar búið er að prenta frv. upp í heild með þessum breytingum. Þá gæti komið í ljós, að ýms formsatriði þyrfti að laga. — En sjerstaklega vil jeg þó þakka háttv. form. nefndarinnar (BK) fyrir það, að þrátt fyrir það, að hann telur í sjálfu sjer aðra skipun heppilegri á þessu máli, þá hefir hann samt fallist á að leggja fram þekking sína og krafta til þess að frv. þetta mætti verða sem best úr garði gert á þeim grundvelli, sem það nú er á.

Jeg tel þýðingarlaust að fara út í almennar umr. um málið og sögu þess, en mun heldur minnast á einstakar af þeim brtt., sem fram hafa komið. Jeg ætla þá fyrst að koma að einstökum brtt. meiri hl., en um þær, sem jeg minnist ekki á, gildir það, að jeg tel þær nægilega skýrðar með nál. og ummælum hv. frsm. meiri hl. og get fallist á þær.

1. brtt. meiri hl. fer fram á það, að stofnfje bankans verði 5 milj., í stað 4 milj., eins og það er í frv. Það er engum vafa undirorpið, að frá sjónarmiði stofnunarinnar er þetta til bóta. En það, að stjórnin stakk ekki upp á nema 4 milj., kemur til af því, að jeg taldi, eftir öllum upplýsingum, að þá upphæð gæti ríkissjóður lagt bankanum án þess að til lántöku kæmi. Það er innskotsfje samkvæmt lögum og upphæð í viðbót, sem er litlu hærri en sá hluti af enska láninu frá 1921, er

bankinn skuldar ríkissjóði ennþá. Það er ekki að efa, að stjórnin þarf heimildir til lántöku, sem gera henni mögulegt að greiða bankanum þessar 5 milj. að fullu, ef brtt. verður samþ. Og í trausti þess, að þingið veiti þær, mun jeg greiða till. atkv. mitt.

Að vöxtunum til er það stærsta brtt. meiri hl., sem nemur burt hina 15 manna Landsbankanefnd og öll þau ákvæði, er þar að lúta. Jeg get ekki talið annað en að þetta sje til bóta. Stjórnin tók þessi ákvæði upp samkv. uppástungu milliþinganefndarinnar, en jeg hefi þó enga trú á, að þörf sje á slíkum millilið milli okkar fámenna þings og bankaráðsins. Jeg held líka, að þó að við höldum Landsbankanefndinni, þá muni ekki að neinu leyti nást frekara en með uppástungu meiri hl. sá tilgangur að halda stjórn stofnunarinnar utan við flokkadeilur, en það er einmitt helsta ástæðan, sem haldið er fram um nauðsyn þessarar nefndar. Og jeg held því fram, að viðeigandi ákvæði um bankaráðið og framkvæmdarstjórnina gætu betur stuðlað að því að halda bankanum utan við deilur og dægurþras en þessi milliliður milli þings og bankaráðs. Jeg held, að meiri hl. hafi einmitt stigið talsvert spor í þá átt að halda stofnuninni utan við flokkadeilur, með því að stinga upp á því, að bankaráðsmenn þeir, er þingið kýs, sjeu utanþingsmenn.

Jeg skal taka það fram, að mjer þykir fyrir mitt leyti meiri hl. hafa hærri þóknunina til bankaráðsmanna en nauðsynlegt er, því að jeg sje ekki, að sá munur sje á störfum bankaráðsins eftir till. meiri hl. og eftir því, sem frv. gerir ráð fyrir, að það geti rjettlætt þennan launamun. Jeg mun þó greiða atkv. með 18. brtt. meiri hl. óbreyttri, en það þarf að athugast við 3. umr., hvort nauðsynlegt hafi verið, vegna breytinga á störfum bankaráðsins, að hækka svo mikið þóknun þeirra, sem í því sitja. Við verðum að gæta að því, að í samanburði við okkar naumt skömtuðu embættislaun eru 3000 kr. og 5000 kr. þóknun fyrir störf, sem aðeins eru aukastörf, nokkuð háar upphæðir.

Að því er snertir síðustu brtt. meiri hl., sem er um það, hvenær lög þessi eigi að öðlast gildi, þá sýnist kannske ástæða til þess að athuga hana betur frá formshliðinni. Í stjfrv. er ekkert ákvæði um það, hvenær lögin gangi í gildi, en ætlast er til, að það verði eftir hinum venjulegu reglum. En hjer er ákveðið, að þau skuli öðlast gildi 1. jan. 1928, en þó er bæði í frv. sjálfu og brtt. ákvæði, sem ætlast er til, að komi til framkvæmda samkvæmt lögunum fyrir þann tíma. Jeg er ekki viss um, að það sje formlega rjett, t. d. gagnvart hæstarjetti, sem eftir einni till. meiri hl. á að kveðja til 5 menn, sem eiga að taka út bankann þegar á þessu ári, að hafa það ákvæði í lögunum, að þau eigi ekki að öðlast gildi fyr en 1. jan. 1928. En að öðru leyti segja lögin og brtt. til um það, hvenær þau eiga að koma til framkvæmda. Jeg vil skjóta þessu fram til athugunar fyrir hv. meiri hl. til 3. umr.

Þar sem háttv. frsm. meiri hl. hefir ekki lýst afstöðu hans gagnvart brtt. minni hl., ætla jeg að vera fáorður um þær. En jeg vil þó, út af ummælum háttv. 5. landsk. (JBald) um ein-

stök ákvæði frv. og afstöðu þeirra til stjórnarskrárinnar, segja hjer fáein orð.

Það hefir orðið samkomulag hjá nefndinni og yfirlýst af mjer fyr, að jeg væri því samþykkur, að síðari málsgr. 15. gr. falli burt, af því að búið er að skipa þessu atriði með sjerstökum lögum. Þarf því ekki um það ákvæði að deila. En hitt ákvæðið, sem háttv. 5. landsk. sagði, að rækist á stjórnarskrána, var ákvæðið í síðari málsgr. 68. gr., þar sem farið er fram á, að ákvæði 1. málsgr. 47. gr. um bankastjóra Landsbankans nái einnig til stjórnskipaðra bankastjóra Íslandsbanka. Háttv. 5. landsk. hefir talað svo, sem þetta ákvæði bannaði bankastjórunum ekki annað en þingsetu, en það er miklu víðtækara. Þar segir svo: „Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn nje hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja". Jeg skal fyrst víkja að afstöðu þessa ákvæðis til stjórnarskrárinnar. Að því er snertir bankastjóra Landsbankans, þá var þetta ákvæði borið fram af milliþinganefndinni, en í henni átti sæti ekki ómerkari lögfræðingur en Sveinn Björnsson sendiherra, og gekk það í gegnum 3. umr. í Nd. í fyrra án þess að nokkru orði væri að því vikið, að það kæmi í bága við stjórnarskrána. Jeg hygg, að það sje rjett að því er snertir bankastjóra Landsbankans, að ekki muni gert ráð fyrir, að þær stöður sjeu embætti í þeim skilningi, sem stjórnarskráin notar það orð. Sú grein stjórnarskrárinnar, sem vitnað er í gagnvart þessu, er 44. gr., síðari málsgr. Þar segir: „Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja".

Þessi embætti, sem gr. á við, eru auðvitað þau sömu, er 16. gr. fjallar um, en þar segir: „Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til", en ekki bankastjóraembættin, hvorki eins og þau eru nú nje eftir uppástungu frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að bankastjórar Landsbankans sjeu ekki einu sinni skipaðir af ráðuneyti eða konungi, heldur á bankaráðið að ráða þá með samningi, og getur því, eins og hver annar, er ræður til sín starfsmenn, sett þau skilyrði fyrir ráðningunni, er því sýnist. Ákvæði frv., er milliþinganefndin stakk upp á, fer fram á, að löggjafarvaldið ákveði það sem undantekningarlausa reglu, að bankastjórar Landsbankans eigi ekki að vera alþingismenn. Þetta er einn þátturinn í þeirri viðleitni að greina valdið yfir banka- og peningamálum ríkisins frá hinu pólitíska valdi, og er það auðvitað öldungis rjett. Um hina stjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka er enn minni vafi. Það er augljóst, að þeir eru ekki embættismenn eða í þjónustu ríkisins og vinna ekki einu sinni við stofnun, sem er ríkiseign. Þá vantar að öllu leyti það fyrsta og sjálfsagða einkenni, sem þarf til þess að vera embættismaður. Í lögunum frá 1921 um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka o. fl. er þetta ákvæði um bankastjórana: „Á meðan

Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þrem bankastjórum hans". Annað og meira segja lögin sjálf ekki um þetta. En nánara er aftur um það í endurskoðaðri reglugerð Íslandsbanka frá 6. júní 1923. Þar stendur svo um framkvæmdarstjórnina í 25. gr.: „Störf bankans annast framkvæmdarstjórn þriggja manna. Skipar ríkisstjórn Íslands tvo bankastjórana, en fulltrúaráðið einn. Gerir ríkisstjórnin samninga við hina fyrnefndu, en fulltrúaráðið við hinn síðastnefnda", o. s. frv. Það er auðsjeð, að hjer er ekki um embætti að ræða, en starf ríkisstjórnarinnar er að ráða menn til þessa starfa samkvæmt samningi. Það er svo um hina núverandi bankastjóra, að þeir eru skipaðir af fyrverandi stjórn, en engir samningar hafa verið við þá gerðir, og hefir verið frestað til þessa að gera það. Jeg tel ríkisstjórninni heimilt, er hún gerir þessa samninga, að áskilja það, að bankastjórarnir sitji ekki á þingi, ef henni sýnist svo.

En þar sem stjórnin hefir nú vald til að ákveða þetta, þá er það ljóst, að löggjafarvaldið hefir ekki síður rjett til að setja ákvæði um það, ef því sýnist svo. Landsstjórnin hefir það í sinni hendi að setja inn í samninginn uppsagnarfrest og önnur ákvæði, sem nauðsynleg eru til þess að ná þeim tilgangi, er fyrir löggjafarvaldinu vakti, er það fól henni að skipa þessa tvo bankastjóra.

Jeg skal, úr því að jeg er að ræða þetta atriði, taka fram, hvaða ástæður stjórnin hafði til þess að stinga upp á því í frv., að sömu reglur skyldu gilda um stjórnskipaða bankastjóra Íslandsbanka og um bankastjóra Landsbankans. Þær voru aðallega tvær. Hin fyrri, að þetta er í samræmi við almenna viðleitni í þá átt að gera aðgreiningu milli valdsins, sem fer með banka- og peningamálin, og hins pólitíska valds, eða að gera bankana sem óháðasta flokkum og flokksstjórnum. Og hin síðari, sem þó ekki er síðri, er þörfin, nauðsynin á því, að það geti skapast ró um peningastofnun, sem er jafnþýðingarmikil atvinnulífi landsins og Íslandsbanki er. Jeg vil taka það fram, að það kom í ljós á síðastliðnu ári, á þann hátt, að það er ekki neinum vafa undirorpið, að Íslandsbanka og viðskiftavinum hans er full þörf á því, að meiri ró verði um bankann eftirleiðis. Og aðalástæða stjórnarinnar til þess að gera þessa uppástungu er sú, að fría hana sjálfa undan þeirri ábyrgð að hafa ekki bent á nauðsyn þess að gera það, sem fram á er farið í till.

Áður en jeg skilst við ummæli hv. 5. landsk., þá verð jeg að segja það, að honum fórst klaufalega, þegar hann var að lýsa því, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi; en hans vonda samviska út af fyrirætlunum hans lagði honum þau orð í munn, að ábyrgðin á því lenti á stjórninni. Stjórnin ætlar sjer nú ekki að hindra framgang þessa frv., heldur þvert á móti. Ef aðrir koma í veg fyrir það, að frv. þetta nái fram að ganga, þá bera þeir ábyrgð á þeim verknaði, ef um ábyrgð er að ræða. Ábyrgðin hlýtur að lenda á þeim, sem verkið fremur, en ekki hinum, sem

gerir sitt besta til að hindra það. Að öðru leyti skal jeg láta bíða að tala um brtt. hv. 5. landsk.

Þá þarf jeg ekki mikið að segja viðvíkjandi brtt. hv. 1. landsk. (JJ), á þskj. 364. Um 5. brtt. hans, um að setja nýja grein í frv. þess efnis, að allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir skuli geyma fje sitt í Landsbankanum, er það að segja, að þær ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar þetta ákvæði var sett inn í Landsbankalögin frá 1918, eru burtu fallnar, ef þetta frv. verður að lögum. Að því er snertir ríkisfje, þá sje jeg ekki, að það sje mögulegt að framkvæma það ákvæði eins og hv. 1. landsk. orðar það. Er það bæði vegna þess, að ekki eru til útibú frá Landsbankanum á öllum þeim stöðum, þar sem þarf að geyma ríkissjóðsfje, svo og vegna þess, að þetta frv. gerir ráð fyrir mjög takmörkuðum rjetti ríkissjóðs að öðru leyti til viðskifta við þennan banka. Í 20. gr. er svo um mælt, að seðlabankinn megi ekki veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki stærri upphæð en svo, að nemi ¼ af stofnfje bankans, og allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu vera goldnar fyrir lok hvers reikningsárs. Þessi ákvæði eru sett að yfirlögðu ráði, til þess að koma í veg fyrir það, að stjórnir, sem eru í fjárkröggum, geti misnotað bankann. Að öðru leyti vil jeg geta þess, að ef bankanum er í stofnlögum hans einum veittur rjettur til þess að ávaxta opinbert fje, þá hefir bankastjórnin það ein á sínu valdi að ákveða vexti af slíku opinberu fje. En það verður til þess, að þegar bankanum kemur illa að taka á móti slíku fje, þá fær ríkissjóðurinn enga vexti af innstæðum sínum á meðan.

Þá leggur hv. 1. landsk. til, að fyrri málsgrein 68. gr. falli niður. Það held jeg, að sje ekki rjett. Greinin er hjer ekki orðuð eins og stjórnin lagði frv. fyrir síðasta þing, heldur með þeim breytingum, sem á henni voru gerðar í hv. Nd. í fyrra. Það getur verið álitamál, hvort endurkaupaskyldan nær ekki yfir of langt tímabil með of lítilli lækkun á hverju ári. Það verður og að gæta þess, að hún sje ekki svo víðtæk, að hún dragi úr höndum seðlabankastjórnarinnar valdið yfir því, hve mikið er af seðlum í umferð á hverjum tíma. Jeg gæti fallist á að athuga, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar breytingar á þessari grein eins og hún er núna, en jeg get ekki fallist á að fella hana burtu. Það þýðir ekki að vera að vísa í það, hver tilætlunin hafi verið með því að innleiða þetta ákvæði 1921. Það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri reynslu, sem við höfum fengið síðan, en hún er sú, að það hefir ekki verið hægt að framkvæma eins hratt og upphaflega var meiningin að færa viðskiftin úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann. Það hefir ekki verið hægt að láta Íslandsbanka draga inn eina miljón á ári í seðlum og taka sömu upphæð frá sínum viðskiftamönnum. Það þarf því að liðka til vegna viðskiftamanna bankans, svo bankinn geti veitt þeim stuðning meðan seðlainnlausnin fer fram. Þetta er ástæðan fyrir 1. málsgrein 68. greinar.

Þá vil jeg að lokum minnast á brtt. þá, sem jeg flyt á þskj. 398. Það hafa komið fram bæði nú og áður mismunandi skoðanir á því, hvort ríkissjóður

bæri ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans. Jeg fer ekki út í þær deilur nú, en vil minna á það, að það hefir ávalt þótt nauðsynlegt, að ríkisstjórnin með sjerstöku ábyrgðarskjali tæki á sig ábyrgð gagnvart útlendum lánveitendum bankans, ef ríkissjóður ætti að vera ábyrgur fyrir skuldinni. Af þeirra hálfu hefir verið litið svo á, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum Landsbankans án sjerstakrar ábyrgðarskuldbindingar. En þegar ný lög eru sett um þetta, þá er rjett að taka af öll tvímæli. Í frv. þeim, sem lögð hafa verið fyrir þingið á hverju ári síðan 1924, hefir verið gengið frá þessu á mismunandi hátt. Eftir frv., sem borin voru fram á þingunum 1924 og 1925, var það tvímælalaust, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á skuldum bankans nema sjerstaklega væri um samið. Meiri hluti milliþinganefndarinnar í bankamálum fór fram á það, að ríkissjóður ábyrgðist allar skuldir bankans, þannig að ef bankinn yrði fyrir töpum og stofnfje hans skertist, þá átti ríkissjóður að leggja til í skarðið jafnmikið og skerðingunni nam. En stjórnin vildi ekki fallast á þetta og nam hjer að lútandi ákvæði burt úr frv. Það var ekki í frv. í fyrra og er ekki í því nú. Jeg hefi litið svo á, að það sje nægilega skýrt í frv. eins og það er nú, að ábyrgð ríkissjóðs sje takmörkuð við stofnfje það, sem hann leggur bankanum til. En nú er kominn upp ágreiningur um það meðal lögfræðinga, hvernig skilja beri frv. að því er þetta atriði snertir. Það er sjálfsagt að taka fyrir þann ágreining, og er það gert með þessari brtt. minni, er kveður svo á, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkv. 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum. Það er rjett að gera þetta öldungis tvímælalaust. Það er hægt að færa fram margar ástæður fyrir því, hvers vegna ekki er fært að láta stofnun eins og Landsbankann starfa að öllu leyti á ábyrgð ríkissjóðs. Það er of mikil áhætta fyrir ríkissjóðinn, ef illa tekst til. Það hefir verið deilt hjer um, hvort ákvæði 15. gr. frv. færi ekki í bága við stjórnarskrána. Þá er ekki að efa, að það mundi enn frekar fara í bága við stjórnarskrána að láta ríkissjóðinn samkvæmt lögum eða lögskýringu bera ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, án sjerstaks gernings eða lagaheimildar. En þetta eru þó engar höfuðástæður, heldur hitt, að Landsbankinn rekur sparisjóðsstarfsemi. Ef slík undantekning er gerð við þennan sparisjóð, að þeir, sem leggja fje á vöxtu í hann, hafi ríkissjóðsábyrgð fyrir fje sínu, þá er þar með gert ómögulegt, að önnur bankastarfsemi, sem byggir á innlánsfje, geti þrifist. Á örðugum og erfiðum tímum tollir þetta innlánsfje ekki annarsstaðar en þar, sem menn vita af ríkissjóðsábyrgðinni á bak við. En slíkt er ómetanlegt tjón fyrir þá landshluta, sem ekki hafa Landsbankann hjá sjer eða útibú hans. Með þessu ákvæði væru kyrktir sparisjóðir víðsvegar um land, sem eru orðnir máttug lyftistöng allra framfara, hver í sínu hjeraði. Því síður er ástæða til þess að snúa þessa snöru um háls sparisjóðanna, þar sem þeim hefir flestum verið svo

vel stjórnað, að þeim hefir tekist betur en bönkunum að komast klakklaust gegnum verðsveiflur og örðugleika síðasta áratugs. Með þessu er ekki útilokað, að löggjafarvaldið geti, ef illa fer, sýnt þeim mönnum, sem geyma fje sitt í Landsbankanum, alla þá sanngirni, sem löggjafarvaldinu þykir rjettmæt. En það er mikilsvert, að löggjafarvaldið standi óbundið um þetta, og annað er ekki forsvaranlegt vegna ríkissjóðsins. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa brtt. mína, en skal aðeins bæta því við, að fyrir utan þá heimild, sem ríkisstjórninni var veitt á þessu þingi til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann, þá eru í öðrum lögum nokkur ákvæði um ábyrgðir. Í lögum um veðdeild Landsbankans eru ýms ákvæði, er leggja ábyrgð á ríkissjóð eftir tilteknum reglum á veðdeildarbrjefum 4. flokks og flokkanna þar á eftir. Þannig löguð og hliðstæð ákvæði getur löggjafarvaldið altaf sett, þó brtt. mín verði samþykt.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg ætla ekki að tala um brtt. 2. minni hl. (JJ). Brtt. fyrri minni hl. (JBald) eru á þskj. 363, og er þá fyrst að telja, að við 12. gr. er brtt. samhljóða brtt. meiri hl., svo að vitanlega er jeg þar sammála. Þá er b-liður brtt., að orðið „þá" í 1. línu síðari málsgr. falli niður, sem er líka í sambandi við brtt. meiri hl.

Þá er við 14. gr. 2 stórir liðir, sem hv. þm. (JBald) óskar eftir, að settir sjeu inn í frv.; a: „Að endurkaupa góða viðskiftavíxla af öðrum bönkum". En þetta þarf ekki, þar sem bankinn hefir heimild til þess samkv. frv. að kaupa af öðrum bönkum. En þetta kemur víst til af því, að hann vill fella niður 68. grein og bæta úr því með því að setja þetta inn í 14. grein. En ef 68. grein fellur burt, hefir bankinn leyfi til að kaupa hvaða víxla, sem vera skal. Ákvæðið er því alóþarft.

Þá er undir b-lið að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, venjuleg lán. Yfir höfuð er öll ábyrgð á lánum útilokuð frá seðlabankakaflanum. En hinsvegar geta bæjar- og sveitarfjelög fengið eins árs víxil, gegn veði, og sömuleiðis sýslufjelög. En jeg þekki það vel til sem gamall bankastjóri, að bæjar- og sveitarfjelög þurfa að taka lán til lengri tíma. Slíkt getur ekki staðist um seðlabanka; enda er bankinn tvískiftur, og geta þá sveitarfjelög og sýslufjelög fengið lán hjá sparisjóðsdeildinni. Það verður kannske með dálítið hærri vöxtum, en þar verða þau þó að fá lán sín.

Þá eru við 28. gr. tveir nýir liðir. Þarna er komið í sparisjóðsdeildina, og því gæti tillaga hans um að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga átt vel við. En nú stendur í frv., þegar búið er að telja upp, hvað sparisjóðurinn má versla með, að hann annist að öðru leyti venjulega sparisjóðsstarfsemi. Þetta er einmitt venjuleg sparisjóðsstarfsemi, að lána sveitar- og bæjarfjelögum. Því er óþarft að taka þetta upp. Þó hefir meiri hl. ekkert á móti till.

Þá kem jeg að 37. gr., að 1. og 2. málsgr. skal orða svo, sem segir í brtt. Hv. 5. landsk. vill láta alla bankastjóra hafa jafnt vald og jöfn laun. Jafnt vald eiga þeir að hafa

samkv. brtt. meiri hl. við 44. gr.; er í þeirri brtt. gert ráð fyrir, að minni hl. skuli áfrýja til bankaráðs um ágreiningsatriði, ef hann vill aðeins skrifa ágreiningsatriðið í gerðabókina, og gildir þetta um alla bankastjórana jafnt. Fyrir því verða þeir jafnir að völdum; það er alveg skýlaust. En þar sem talað er um í brtt., að aðalbankastjóri skuli hafa að minsta kosti viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, þá eru slíkir menn fágætir og alls ekki líklegt að geta fengið þá fyrir 12 þús. kr. laun. Því má búast við, að þá menn yrði að taka úr arðvænlegri stöðum. Þess vegna held jeg sje rjettara að halda sjer að stjfrv. eins og það var. Þetta starf er fyrir reynda kunnáttumenn, svo sem kemur fram í umsögn bankastjóra við Noregsbanka og fylgir minnihl.-áliti, á bls. 60. Hann er að tala um að koma rekstri bankans á sem tryggasta braut og setur skýrt fram þessa kröfu um bankastjórana:

„Verður þá um leið sú krafa enn ákveðnari, að í stjórn bankans verði aðeins valdir menn vel kunnandi, samviskusamir og óháðir — ekki talsmenn fyrir ákveðna flokka eða stefnur, heldur þeir bestu menn, sem landið á völ á".

Jeg viðurkenni að vísu, að þessi krafa er rjettmæt; en þá verð jeg að segja, að það er mjög vafasamt, að hægt sje að fá slíka menn fyrir 12 þús. króna laun. Jeg álít rjett, að bæði stjórn og þing hafi álit þessa bankastjóra í huga, hvenær sem þarf að skipa bankastjóra, hvort heldur við Landsbankann eða Íslandsbanka.

Jeg geri ráð fyrir, að brtt. við 42. gr. sje meinlaus, og vil ekki mæla á móti henni sjerstaklega, enda er hún nokkuð í samræmi við meirihl.-till.

Næst er brtt. við 43. gr. um að setja bankastjórunum erindisbrjef. Hann vill hafa það eitt í staðinn fyrir það, sem er í frv. sjálfu. Þetta á þá að gilda sem ákvæði um verkaskiftingu. Hann vill sleppa eiginlegu ákvæði um verkaskiftingu. En það hefir staðið í bankalögunum frá því a. m. k. 1919, að stjórnin hefir heimild til að skifta störfum milli bankastjóranna. Mjer þykir sjálfsagt að hafa í lögum, að bankaráðið skifti verkum milli bankastjóranna, þegar ástæða þykir. Þess vegna get jeg ekki fyrir hönd meiri hl. fallist á þessa till.

Næst er við 44. gr., að 1. málsgrein orðist svo: „Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerða bankans og ákvörðun bankaráðs". Jeg sje nú ekki betur en að þetta starfsvið felist í brtt. meiri hl. og sje því ekki ástæða til að breyta þessu að neinu leyti.

Svo er b-liður, að 3. málsgrein skuli orða svo: „Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum, en hefir ekki atkvæðisrjett. Stjórna bankastjórar fundum til skiftis. Afl atkvæða ræður úrslitum".

Fyrri partur þessarar greinar er óþarfur, vegna þess að í brtt. meiri hl. er það einmitt sagt, hvenær bankastjórnin eigi að halda fundi. Þeir eiga að halda fundi, þegar henni þykir ástæða til, en annars ekki. En meiri hl. mun vera á móti þessu, að formað-

ur bankaráðsins taki nokkurn þátt í fundum bankastjóranna, nema þeir æski þess sjálfir; því að samkv. till. meiri hl. er ætlast til þess, að bankastjórnin sje alfrjáls og óháð af bankaráðinu, þegar um veitingu lána er að ræða og þesskonar. Því mun meiri hl. leggja á móti þessari till.

Að þeir stjórni bankanum til skiftis, er ekki ástæða til, því að jeg geri ráð fyrir, að störf aðalbankastjóra sje helst að kalla saman fundi og halda reglu í bankastjórninni. Annað verður ekki hans valdsvið eftir till. meiri hl.

Þessi till. virðist því alveg óþörf; það, sem þýðingu hefir, felst í till. meiri hl.

Svo er 2. málsliður 3. málsgreinar: „Undirskrift eins bankastjóra og formanns bankaráðsins undir fundargerðina er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum".

Eins og jeg skýrði frá í ræðu minni um daginn, þá er sú regla annarsstaðar, að allir bankastjórar skrifi undir fundargerðabókina, til þess að þeir sjeu fullkomlega ábyrgir fyrir því, sem gert er. Jeg get sagt það frá minni bankastjóratíð, að við skrifuðum allir undir, þegar fundir voru haldnir. Það er bein venja í bönkum, bæði um fundarbækur og dagbækur, að allir bankastjórarnir skrifi undir.

Þá er aðeins orðabreyting við 46. grein. Jeg hygg hún geri engan mun; enda er svo um allar þessar till., að undantekinni brtt. við síðustu málsgr. 44. gr., að þær eru eftir meirihl.-till. Það er mismunur á orðalagi um sama efni.

Niðurstaða mín er því sú, að þessar till. sjeu þýðingarlausar að því leyti, að þær bæta ekki frv. að neinu leyti.

Næst er, að eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa með höndum".

Þetta er það sama og hv. 5. landsk. áður bar fram, að allir sjóðir sjeu háðir því að leggja fje sitt í Landsbankann. — Jeg ætla ekki að fara að ræða um þetta, því hæstv. forsrh. hefir skýrt það vel og rækilega í dag, hvílíkt feikna óhagræði það mundi gera sparisjóðum úti um land, ef þetta yrði samþ.

Þá er 60. gr. Hv. 5. landsk. vill láta úttekt á bankanum fara þannig fram, að ráðherra láti eftirlitsmann bankans framkvæma hana. Annaðhvort hlýtur að liggja til grundvallar fyrir þessari till. of mikið þekkingarleysi á því, hvað starf þetta er mikið, eða þá skortur á ábyrgðartilfinningu. Háttv. 5. landsk. veit þó, að mat á auðvirðilegasta húskofa er ekki tekið gilt, nema að minsta kosti tveir menn meti. Og oft er matinu ekki treyst, en áfrýjað til yfirmats. En þetta mat, sem hjer á að fara fram, er fullnaðarmat, sem ekki verður áfrýjað. Því verður þessi nefnd að vera skipuð að minsta kosti 5 mönnum. Það er ekki einungis til þess að fá tryggingu fyrir rjettu mati, að skipa hana svo mörgum mönnum, heldur er það vegna þess, að matið er svo umfangsmikið og stórt á bankanum og útibúum hans, að færri en 5 menn mundu ekki geta annað verkinu á þeim tíma, sem nefndinni er ætlaður. Þetta verk útheimtir svo mikinn

kunnugleika, að það er óhugsandi að finna hann nægan hjá einum einstökum manni. Það þurfa fleiri menn að leggja sinn kunnugleika saman. Jeg hefi sjálfur reynt, hvað útheimtist til þessara hluta.

Þegar nefndin til að meta Íslandsbanka var valin 1921, þótti ekki nægja færri en 5 menn. Verulegir kunnáttumenn í þessari grein eru fáir. Til þess útheimtist svo margt. Menn verða að læra af reynslunni. Til dæmis geta fátækir menn verið bestu viðskiftamennirnir.

Jeg hefi orðið var við, að einstökum þingmönnum er mjög illa við, að mat fari fram, og þykir mjer það leitt, af því að jeg veit, að ekki síst í frumbýlingslandi eins og okkar veltur svo mikið á, að þjóðin hafi fullkomið eftirlit með þeim stofnunum, sem fara með fje landsins. Þegar jeg var bankastjóri og verið var að ónotast við bankann, eins og gerist, þá óskaði jeg þess í þingræðu, að Landsbankinn væri reglubundið rannsakaður fimta hvert ár. Jeg vissi, að ef rannsókn væri látin fara fram, gætu allir verið ánægðir. Það var því ekki einungis bankans vegna, heldur engu síður mín vegna. Gamall málsháttur segir: „Það gerir hvern góðan, að geyma vel sitt“. Jeg held, að hann eigi hvergi betur við en hjer. Allar opinberar stofnanir verða að standa undir stöðugu, ströngu en rjettsýnu eftirliti. Ef þingið vantar þrek til þess að tryggja það, erum við ekki færir um að stjórna okkur sjálfir.

Hv. annar minni hluti nefndarinnar (JBald) hefir gert brtt. við 62. grein um að síðasti málsliður fyrri málsgreinar falli niður. Já, hv. 5. landsk. er illa við nafnið aðalbankastjóri. En ef þessi tillaga yrði samþ., yrði að breyta á mörgum stöðum í frv. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á þessa tillögu.

Loks kemur brtt. við 68. grein, um að greinin falli niður. Bæði háttv. 5. landsk. og hv. 1. landsk. vilja afnema skyldu bankans til þess að „diskontera“ fyrir Íslandsbanka. Háttv. 5. landsk. vill fella niður alla greinina, en hv. 1. landsk. skiftir sínum till. í tvent. Í 4 ár hefir líkt ákvæði staðið í frv. og enginn amast við því. Í fyrra var því breytt dálítið til hagræðis fyrir Íslandsbanka. Íslandsbanki á að fá þessar sárabætur sjer til styrktar fyrstu árin eftir að hann er búinn að missa seðlaútgáfuna. Nú er hagur bankans lakari en þá, og ætti því að vera meiri ástæða til að láta þau hlunnindi standa. Þessi hlunnindi eru ekki einungis veitt bankanum sjálfum, heldur miklu fremur viðskiftamönnum hans. Í áliti sænska bankastjórans, sem jeg tel mikilsverðasta álitið frá útlöndum, segir svo á bls. 51: „Landsbankinn fær einkarjettinn til seðlaútgáfu og tekur við honum smátt og smátt. Sami banki tekur sömuleiðis smámsaman við þeim útlendu viðskiftum og þeim verslunarvíxla-viðskiftum, sem Íslandsbanki nú hefir. Í staðinn lætur Landsbankinn Íslandsbanka eftir sparisjóðsviðskifti sín, og fær hann (Íslb.) væntanlega einnig að reka veðdeild — —“. Af þessu sjest, að bankastjórinn telur ekki annað holt fyrir Ísland en að Íslandsbanki fái smámsaman sparisjóðsfje Landsbankans um leið og hann dregur inn og afhendir Landsbankanum seðla

sína. Bankastjórinn sjer rjettilega, að það mundi trufla minst atvinnulíf í landinu, að báðir bankarnir gætu haldið jafnvægi sínu. Hv. þm. vita, að fallið hefir snúist alveg við. Sparisjóðsfje Íslandsbanka hefir streymt til Landsbankans um leið og Íslandsbanki hefir innleyst seðla sína. Það á illa við að fara að leggja til nú, að bankinn missi þessi hlunnindi í 68. gr. Í nefndinni var talað um þetta á þeim grundvelli að stytta tímann úr 20 árum í 10 ár. Jeg sagði hv. 5. landsk., að mjer þætti það sanngjarnt og fjellist á það. Vona jeg, að mjer sje óhætt að segja það sama fyrir hönd meiri hlutans. Ef brtt. kæmi um þetta frá hv. 5 landsk., býst jeg við, að meiri hlutinn fjellist á hana.

Þá er jeg búinn að svara brtt. hv. 5. landsk. Jeg veit ekki, hvort jeg á að vera að lengja umr. með því að tala um það, sem hann sagði, aukreitis. Það er tæplega ástæða til þess, því að flest af því, sem hann sagði, er margbúið að segja áður. T. d. ásakaði hann Íhaldsmenn fyrir að hafa ekki á sínum tíma samþ. rannsókn á Íslandsbanka árið 1923. Þá hafði nýlega farið fram rannsókn, nefnilega 1922, og þess vegna var engin ástæða til nýrrar rannsóknar. Skal jeg því ekki eyða tíma í að tala um það.

Eins og kunnugt er, vilja bæði hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk. halda Landsbankanefndinni og hv. 1. landsk. hefir fært fram sjerstakar ástæður fyrir því, en meiri hluti nefndarinnar er á móti, eins og sjest á nál. Hv. 5. landsk. talaði um, að bankaráð Íslandsbanka væri sett sem fyrirsvarsmenn bankans, það er að segja nokkurskonar meðmæli fyrir bankann. Þetta er rjett. Í því felast nokkurskonar meðmæli; þar eru hátt standandi menn, eins og t. d. forsætisráðherrann. En hjer eru líka fyrirsvarsmenn, það er að segja bankaráð, sem ættu að vera eins góðir fyrirsvarsmenn og þessir Íslandsbankaráðsmenn. En bestu meðmælin og það, sem vekur mest traust hjá almenningi, er góð stjórn og rjettsýn stjórn.

Loks fann hv. þm. (JBald) að því, að mennirnir ættu að vera utanþingsmenn. Okkur þótti tryggilegra að hafa ekki menn, sem daglega eiga í pólitískum erjum, ýmist á þingi eða utan þings, í þessu stór-pólitíska landi.

Þó að jeg sje nú búinn að svara hv. 5. landsk., hugsa jeg, að hann sje ekki ánægður með það og þurfi enn að berja í borðið, en jeg vil unna honum þess.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. landsk. á þskj. 364. Fyrsta brtt. er samhljóða fyrstu tillögu hv. 5. landsk. og meiri hlutans, svo að um hana er enginn ágreiningur.

Önnur brtt. er við 29. grein. Sú tillaga hefir áður mætt eindregnum mótmælum, einnig frá nefndinni. Það er alveg óhugsandi að skylda nokkurn banka til þess að kaupa verðbrjef hærra verði en gangverði.

Þriðju brtt. sjer meiri hlutinn enga bót í, en álítur einmitt hollast, að einn kunnugur maður sje í bankaráðinu fram yfir kjörtímabil hinna. Einmitt aðalmaðurinn þarf að vera lengst, til þess að skapa festu.

Í 4. brtt. leggur hv. 1. landsk. til, að vald hæstv. stjórnar til að víkja bankastjóra frá skuli upphafið. En slíkt vald verður stjórnin að hafa, meðan ríkið sjálft á bankann. Það er

engin leið að losa bankann undan ríkisvaldinu, meðan hann er eign ríkisins. Bankinn mundi tapa í áliti, og ef farið yrði að svifta ráðherra valdi sem þessu, þá er annað vald, sem líka þarf að afnema, nefnilega banna seðlaútgáfuna.

5. brtt. er í samræmi við brtt. hv. 5. landsk. um, að opinberar stofnanir og sjóðir skuli geyma fje sitt í Landsbankanum. Jeg ætla að láta hjá líða að tala um þessa brtt., þar sem hæstv. forsrh. hefir fyllilega svarað henni í dag, og jeg treysti mjer ekki til þess að gera það betur. En tillaga þessi hefir komið fram áður í hv. Nd. og verið feld þar. En sem sagt voru rök hæstv. forsrh. svo skýr og ljós, að jeg hefi þar engu við að bæta.

6. brtt. er í algerðu samræmi við brtt. meiri hlutans, og er því í sjálfu sjer óþörf.

7. brtt. er við 62. gr., um að aðalbankastjóra skuli ráða, er tvö sæti hafi losnað í bankastjórninni. Jeg skil ekki, hvaða þýðingu þetta hefir. Mjer finst þessi tillaga bæði meinlaus og gagnslaus. Þegar bankastjórarnir hafa jafnt vald, er ekkert keppikefli að fresta valinu svo lengi. Mjer stendur alveg á sama, hvort þessi tillaga er feld eða samþykt.

8. brtt. er við 68. gr. og er fyrri hluti hennar samhljóða tillögu hv. 5. landsk., sem jeg hefi svarað. En um seinustu málsgreinina er það að segja, að mjer finst mjög óeðlilegt að lofa bankastjórum Íslandsbanka að sitja á þingi, en ekki Landsbankastjórum. Það er ósamræmi, sem jeg get ekki felt mig við. En jeg hefi ekki haft tækifæri til að bera þetta upp við meðnefndarmenn mína.

Hvort jeg á að leggja út í að svara öllu, sem jeg hefi skrifað upp eftir hv. 1. landsk. (JJ), er jeg ekki fullráðinn í. Hv. þm. sagði, að jeg væri farinn að sætta mig við þessa leið vegna erlendu álitanna. Nei, það er ekki vegna þeirra, heldur vegna hins, eins og jeg tek fram í nál., að engin leið er að koma fram frv. um sjerstakan banka.

Háttv. þm. talaði ákveðið um, að líkur væru til, að gull yrði ekki framvegis í umferð. Jeg get ekki tekið undir það, því að mjer er fullkunnugt um, af hvaða ástæðu gull hefir verið í umferð undanfarið í stóru löndunum. Það er viðurkendur sannleikur meðal fjármálamanna, að því dýrari sem gjaldeyrir eins lands sje, því sparsamari verði þjóðin. Það er því venjan, að þar sem gullmynt er í umferð, verður þjóðin sparsöm. Þess vegna er í öllum bönkum t. d. í Þýskalandi og Englandi boðið fram í gulli, er útborgun fer fram; sem sje er altaf spurt, hvort fólkið vilji heldur gull eða seðla. En jeg verð að segja í sambandi við þetta, að jeg álít, að þó að við hefðum gull í umferð, þá mundi það ekki gera Íslendinga sparsamari þjóð. Til þess verður vöruskiftaverslun og lánsverslun einnig að hverfa. Þegar þessi atriði eru komin í lag, má fyrst vænta þess, að þjóðin verði sparsöm.

Það má vel vera, að þetta geti komið að liði í Svíaríki, því að Svíar eru róleg þjóð og líta ekki á þessa hluti með pólitískum augum. En það, sem „passar“ fyrir land með 6 milj. íbúa, getur orðið til skaða fyrir jafnfámenna þjóð sem okkur. Jeg vil því ráða hv. deildarmönnum til að halda sig að brtt. meiri hlutans og fella þetta niður.

Þá veit jeg ekki, hvað hv. 1. landsk. hefir meint með því að vera að benda á, að fram hafi komið um aldamótin 1900 frv. um að leggja Landsbankann niður. Ef háttv. þm. eignar mjer þetta frv., þá er það misskilningur, því að jeg býst við, að hann eigi við frv., sem fram kom á þinginu 1899, en það var ári áður en jeg kom á þing.

Þá talaði hann um, að nefnd þessi væri nauðsynleg til þess að vera skjólgarður fyrir bankann. Í þá átt held jeg, að nefnd þessi gerði ekki meira gagn fyrir bankann en þó að hengd væru á veggi hans stór auglýsingaspjöld. Það er aldrei nema rjett, að bankinn þarf að hafa skjól, en það má ekki vera ofið úr pólitískum vef, heldur eins og í Svíaríki, myndað úr rólegum og stiltum fjármálamönnum. Hann benti á, að jeg mundi minnast þess, að bankinn þyrfti skjól, því að svo stormasamt hefði verið kringum mig, meðan jeg hafði stjórn hans á hendi. Þetta er rjett. En jeg minnist þess ekki, að bankann sjálfan vantaði skjól; um hann ljeku engir stormar í þá tíð. Heldur var það jeg sjálfur, sem þurfti skjóls með. Um mig bljesu stormarnir.

Meðal annars benti hann á grein Lárusar Jóhannessonar í Morgunblaðinu nýlega, sem sönnun þess, að bankinn þyrfti skjól fyrir árásum manna. Jeg hefi lesið grein þessa og sje ekki annað en hún sje hlutlaus rannsókn á málinu. Og jeg fyrir mitt leyti felli mig við þá niðurstöðu, sem hann kemst að. Get jeg því felt mig við brtt. hæstv. forsrh. um að takmarka það, hve langt ríkissjóður ber ábyrgð á Landsbankanum. Enda fanst mjer hæstv. ráðherra færa svo skýr rök fram fyrir till. sinni, að þeim verði ekki í móti mælt. Felli jeg mig betur við þetta álit Lárusar Jóhannessonar en álit prófessors Ólafs Lárussonar, sem nefndin leitaði til. Jeg hefi nú borið till. hæstv. ráðherra undir meðnefndarmenn mína í meiri hlutanum, og vilja þeir fallast á hana.

Hefi jeg svo ekki meira að segja að þessu sinni og vænti þess, að þar sem jeg er orðinn maður gamall og lúinn, þá verði jeg ekki látinn standa lengur en þörf gerist í þessum þreytandi umræðum.

Magnús Kristjánsson: Háttv. fjhn. hefir haft frv. þetta til athugunar í tvo mánuði, svo maður verður að ganga út frá, að það sje sæmilega vel *athugað*, enda er það mikið að vöxtum, sem nefndin hefir látið frá sjer fara, þó að aftur geti verið skiftar skoðanir um verðmæti þess. Jeg fyrir mitt leyti tel sumt af því miður þarft.

Þá vil jeg snúa mjer að áliti háttv. meiri hl., en út í allar brtt. ætla jeg mjer ekki að fara, heldur drepa á stærstu atriðin.

Aðaltillögurnar tel jeg ekki til bóta, og vil jeg heldur greiða frv. atkv. eins og það var lagt fyrir deildina af hæstv. stjórn, heldur en samþykkja þær.

Af brtt. háttv. meiri hl. eru aðeins örfáar, sem jeg tel ekki til hins lakara. Má þar til nefna 2. brtt., við 7. gr., 4. brtt., við 12. gr., og báða liði brtt. við 13. gr.

Þá eru 11. og 12. brtt., við 24. gr., sem jeg fyrir mitt leyti gæti aðhylst. Ennfremur 22. brtt., við 42. gr. b-lið. En þá eru upp taldar þær brtt., sem jeg gæti aðhylst.

Skal jeg svo lauslega drepa á stærstu

atriðin. Jeg álít, að það geti verið mjög varhugavert að afnema hina 15 manna bankanefnd. Úr því að þetta fyrirkomulag hefir gefist vel í Svíþjóð, þá er mjög sennilegt, að það geti einnig gefist vel hjer. Og jeg verð að segja, að jeg undraðist þau rök, sem háttv. frsm. meiri hl. (BK) bar fram gegn þessu fyrirkomulagi. Hann hjelt því fram, að það væri ekkert að marka, þó að þetta fyrirkomulag hefði gefist vel í Svíþjóð, því að Svíar væru svo róleg þjóð, að þeir athuguðu hlutina með mikilli gætni, án allra pólitískra áhrifa. Það væri munur en ólukkans pólitíkin, sem hjer væri í öllum sköpuðum hlutum. En mig minnir nú, að í Svíþjóð gangi á ýmsu með stjórnir og flokkaskiftingu eins og hjer. Stundum er þar íhaldsstjórn, stundum jafnaðarmanna o. s. frv. Þessi rök eru því ljettvæg, eins og margt annað, sem komið hefir frá háttv. frsm. meiri hl.

Þegar maður athugar starfssvið þessa 5 manna bankaráðs, sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir, þá dylst það ekki, að það er miklu lakara en bankaráð það, sem frv. gerir ráð fyrir. Jeg sje ekki annað en með því sje verið að taka upp gamla fyrirkomulagið með gæslustjóra, sem eigi daglega að grípa inn í störf bankastjórnarinnar. En það tel jeg skaðlegt, því að jeg tel bankastjórnina eina eiga að ráða daglegum störfum bankans.

Þá er næsta atriði í nál. háttv. meiri hl., sem jeg vil athuga, það, að í bankaráðinu megi ekki sitja þingmenn. Þetta held jeg, að sje á litlum rökum bygt. Jeg álít aftur á móti margt mæla með því, að þingmenn eigi sæti þar, nema það sje álit háttv. frsm. meiri hlutans, að þeir sjeu yfirleitt mestu gallagripir þjóðfjelagsins. En jeg vil ekki, að meiri grunur falli á þá í því efni en aðra menn.

Um yfirbankastjórann hefi jeg talað áður og tekið það fram, að jeg sje ekki annað en að það hafi gefist ágætlega að hafa bankastjórana alla jafnrjettháa, og sje því engin ástæða til að breyta því.

Þá kem jeg að því atriði, sem jeg tel stærst í þessu máli, og það er sú till. háttv. meiri hluta, að hæstirjettur skuli skipa nokkurskonar rannsóknarnefnd á bankann, til þess að rannsaka hag hans, áður en þetta nýja skipulag kemst á. Mjer er ráðgáta, hvernig á þessum till. stendur. Mjer finst engin önnur leið rjettari og eðlilegri en að framfylgja þeirri venjulegu skoðun, sem bankaeftirlitsmaðurinn hefir á hendi. Aðra skoðun tel jeg ónauðsynlega, því að það er ekki eins og hjer fari fram kaup og sala. Hjer er Landsbankinn sá aðili, sem um er að ræða. Gefur það því ekki tilefni til sjerstakrar rannsóknar. Enda er árangur slíkra rannsókna oftast lítill, og má í því sambandi minna á árangurinn af störfum nefndar þeirrar, sem rannsakaði hag Íslandsbanka 1921. Að rannsókn þeirri störfuðu margir ágætir menn um langan tíma, en þó virðist alt benda til, að ekki sje gott að ákveða um hag banka, því að það er nú komið í ljós, að þeir hafa ekki getað haft rjetta hugmynd um töp bankans. Slíkar rannsóknir eru því ekki mikils virði, en hafa talsverðan kostnað í för með sjer. Auk þess væri mjög óviðeigandi að setja slíka rannsóknarnefnd á Landsbankann nú, þegar hinn rjetti aðili er til, sem samkvæmt lögum á

að framkvæma þá rannsókn, sem þarf. Og að fara að blanda hæstarjetti inn í þetta nær engri átt, því að af því gæti síðar meir leitt ýms óþægindi, t. d. ef ágreiningur kæmi upp milli þessara manna. Það drægi úr því öryggi, sem hæstirjettur á að veita borgurunum. Jeg treysti því á, að þetta komist aldrei gegnum þingið, og að neðri deild felli það þá, ef efri deild glæpist á að samþykkja það.

Jeg hefi nú nefnt stærstu atriðin í brtt. háttv. meiri hl. og verð að telja þau flest meira til skemda en bóta, og ekki síst brtt. við 42. gr., sem jeg tel, að ekki eigi heima í slíkum lögum sem þessum. Sumt af þeim ákvæðum kynni fremur að geta komið til greina sem reglugerðarákvæði.

Jeg þarf ekki að fara ítarlegar inn á brtt. meiri hlutans í bráð. Jeg býst við því, að þegar jeg svara ræðu hæstv. forsrh., þá gefist mjer tækifæri til þess að minnast á meginatriðin í áliti meiri hl., sem hæstv. forsrh. virtist vilja gera að sínu áliti.

Um brtt. hv. 1. landsk. (JJ) og hv. 5. landsk. (JBald) þarf jeg ekki sjerlega mikið að tala. Jeg skal víkja örlítið að brtt. hv. 5. landsk. Jeg verð að segja, að hans brtt. eru mjer næst skapi. Þær grípa á meginatriðunum og eru einlæg viðleitni til þess að breyta frv. til bóta þar, sem þörfin á því er mest. Brtt. háttv. 1. landsk. eru eðlilegar frá hans sjónarmiði. Þær ganga flestar út á það að færa frv. í það horf, sem milliþinganefndin í bankamálum lagði til. Hv. 5. landsk. hefir tekið það skýrt fram, að hann sje mótfallinn því, að einn bankastjórinn skuli vera aðalbankastjóri. Jeg er honum sammála um það og styð því brtt. hans um þetta efni. Þá er jeg einnig mótfallinn því, að bankaráðsmennirnir sjeu að vasast í daglegum störfum bankans, eins og meiri hlutinn vill vera láta. Það tel jeg síst til bóta og álít það ekki viðeigandi að færa starfrækslu í bankanum í sama farið og hún var í þegar bankastörf voru hjer á bernskuskeiði og menn viðvaningar í öllu því, sem að bankamálum laut. Ennfremur vill hv. 5. landsk. láta bankaeftirlitsmanninn framkvæma það mat á hag bankans, sem nauðsynlegt kynni að þykja, þegar hin fyrirhugaða breyting kemur til framkvæmda, og er jeg honum sammála um það.

Þá kem jeg að stærsta atriðinu í þessum brtt., en það er, að endurkaupaskyldan falli niður. Það er stórt atriði og verður að hugsa það vandlega áður en tekin er föst afstaða til þess. Jeg læt það ekki uppi á þessu stigi málsins, hvernig jeg muni snúast við þeirri brtt. Jeg viðurkenni, að það er dálítil ástæða til þess að tryggja Íslandsbanka nokkurn rjett í þessu falli, en þá verður líka að koma til greina undirstöðuatriðið, sem gerði það að verkum, að gengið var inn á þesskonar ívilnanir. Það þótti líklegt, að bankinn afsalaði sjer seðlaútgáfurjettinum. En það vottar ekki fyrir því, að hann sje fús til þess, heldur þvert á móti. Ef Íslandsbanki verður látinn halda seðlaútgáfurjettinum tímabilið út, þá minkar ástæðan til þess að tryggja hann í þessu falli. Því getur þetta verið álitamál nú, en jeg segi ekkert um það að svo stöddu, hvernig jeg greiði atkvæði um þetta atriði. Annars skal jeg geta þess, að ef meginið af brtt. meiri hlutans verða sam-

þyktar, þá mun jeg neyðast til þess að ganga á móti frv.

Jeg hefi lítið minst á brtt. hv. 1. landsk. Þær eru að sumu leyti líkar brtt. hv. 5. landsk. og mörg atriði sameiginleg. Báðum finst t. d. ástæðulaust að breyta því ástandi, sem nú er, að láta Landsbankann hafa forrjettindi til þess að ávaxta opinbert fje. Jeg mun víkja lítillega að því í sambandi við ræðu hæstv. forsrh. Jeg skal svo ekki tala meira um þessar brtt. í heild. Hv. flm. þeirra hafa skýrt þær, hver frá sínu sjónarmiði, og má því ætla, að hv. þingdeildarmenn hafi getað myndað sjer skoðun á þeim. Um brtt. meiri hlutans vil jeg aðeins segja það, að örfáar þeirra eru til bóta, margar þeirra eru meinlausar og gagnslausar, nokkrar frekar til hins lakara, en þær veigamestu málinu í heild til stórspillis. Þarf jeg svo ekki að orðlengja meira um það.

Hæstv. forsrh. lýsti því hjer í dag, að hann væri mjög ánægður með brtt. meiri hl., og varð jeg ekki var við það, að hann hefði nokkuð við þær að athuga. Þetta voru mjer vonbrigði. Jeg bjóst við því, að hann mundi halda fast við frv. eins og það var lagt fram, og þá hefði jeg getað fylgt honum. Þó að nokkrar brtt. meiri hl. sjeu mjer ekki svo fjarri skapi, þá eru miklu fleiri þeirra svo meingallaðar, eins og jeg hefi áður sagt, að jeg tel frv. stofnað í hina mestu hættu með þeim. Jeg get ekki ljeð frv. fylgi mitt, ef veigamestu brtt. eru samþyktar, og sú er spá mín, að þó að þær kunni að ná fram að ganga hjer í deildinni, þá strandar málið á þeim í Nd. Þetta aðalatriði ræðu hæstv. forsrh. var mjer því vonbrigði. Hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að hann teldi það til bóta, að bankaráðsmennirnir væru utanþingsmenn. Bæði hann og hv. frsm. meiri hl. hafa farið um það mörgum hjartnæmum orðum, að það bæri að vernda bankann fyrir þeim pólitíska eldi, sem geisaði í landinu. Nánar tiltekið er meining þeirra sú, að verja bankann fyrir okkur þingmönnum. Við erum svo miklir skaðræðisgripir, að við megum ekki nærri honum koma. En jeg verð nú að álíta, að þessi ummæli sjeu ekki sem best viðeigandi. Mjer skilst, að okkur beri öllum í sameiningu og hverjum fyrir sig að reyna að halda uppi heiðri þingsins og gera sem minst til þess að rýra álit þess. En hjá þessum hv. þm. kom fram mikið vantraust á þinginu sem heild, og þá ekki síður hverjum einstökum þm. Jeg kann því illa og vænti þess, að þessir háu herrar sjái sig um hönd og dragi eitthvað úr þessum aðdróttunum sínum.

Þá lagði hæstv. forsrh. áherslu á það, að viðskifti ríkissjóðs við bankann yrðu að vera afartakmörkuð; það mætti skoða það hættulegt, ef ríkissjóður þyrfti að leita stuðnings bankans um lán nema um stuttan tíma. Það má vel vera, að þetta sje álit fjármálamanna úti um heim og best sje að gera sem minst að þessu, en það var annað atriði í ræðu hæstv. forsrh., í sambandi við þetta, sem mjer fanst athugavert. Hann gerði ráð fyrir því, að ríkið mundi þurfa í framtíðinni að skifta við prívatbanka, fleiri eða færri. Einn er nú fyrir, og fleiri kunna að vera í vændum. Jeg vil nú óska þess, að fjárhagur ríkissjóðs

verði aldrei þannig, að til þess þurfi að koma, að hann verði að leita á náðir Íslandsbanka eða þeirra privatbanka, sem stofnaðir kunna að verða. Það hefir nú verið svo um Íslandsbanka, að hann hefir ekki getað staðið hjálparlaust. Það hefir hvað eftir annað orðið að taka í taumana til þess að koma honum á rjettan kjöl. Þess vegna geri jeg ekki mikið úr því, að ríkissjóður geti vænst mikillar hjálpar af banka þeim, sem fyrir er, og þá ekki fremur bönkum þeim, sem stofnaðir kunna að verða, sem jeg vona, að verði ekki í bráðina. Ef Landsbankinn nýtur fulls skilnings og trausts sem aðalpeningastofnun landsins, þá á hann að geta fullnægt viðskiftaþörf landsmanna og ríkisins, að svo miklu leyti sem með þarf. Það er því engin þörf á því að opna allar gáttir fyrir útlendum peninga- eða fjárbrallsmönnum. Það er hið eina sjálfsagða og rjetta fyrirkomulag á bankamálum vorum að styðja Landsbankann eftir megni.

Áður en jeg skilst við þetta mál, vil jeg víkja lítið eitt að einu atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem hann lagði mikla áherslu á. Hann sagði, að það mætti skoðast sem alvarleg hætta, ef það yrði ofan á, að Landsbankinn fengi í framtíðinni að halda þeim hlunnindum að geyma og ávaxta fje opinberra sjóða og stofnana. Það var og tekið fram af hv. frsm. meiri hl., að það, sem hæstv. forsrh. hefði sagt um þetta, hefði verið svo vel sagt, að ekki væri hægt að bæta þar um. En rök þau, sem hæstv. forsrh. færði fram um skaðsemi þessa fyrirkomulags, voru ekki fullnægjandi fyrir mig. Þetta fyrirkomulag hefir nú staðið síðan 1919, og jeg hefi ekki orðið var við, að það skapi hættuleg straumhvörf í atvinnulífi þjóðarinnar eða viðskiftalífi. Þetta eru tilbúnar ástæður, sem hafa við engin rök að styðjast. Jeg gat ómögulega sannfærst af ræðu hæstv. forsrh. um þetta efni.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni. Mjer þykir ekki ugglaust, að einhverjir kunni að taka til máls ennþá og andmæla mjer og öðrum, og gefst mjer þá tækifæri til andsvara, ef jeg tel þess þörf.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Hæstv. forsrh. (JÞ) sagði í dag, að hann gæti fallist á brtt. meiri hlutans. Það er þá svo, að flokkur hans hefir ákveðið fyrirfram, að frv. skuli vera svona, og þá er þýðingarlaust að vera að færa rök fyrir till. Hæstv. ráðh. fann það skyldu sína að ræða þau atriði, sem jeg gerði að umtalsefni, og sjerstaklega þau ákvæði, er koma í bága við stjórnarskrána. Hann reyndi að færa það til sem afsökun, að sum þessi ákvæði hefðu gengið gegnum Nd. í fyrra. En þetta er engin afsökun, því að það hefir aðeins skotist framhjá deildinni að athuga þetta. Hæstv. ráðherra sagði, að gagnvart ákvæðum 15. gr. þá væri það svo, að því væri nú skipað með sjerstökum lögum og þyrfti ekki að ræðast frekar. En þetta er ekki rjett, því að frv., sem afgreitt var nýlega frá þinginu um ábyrgðarheimild fyrir láni handa Landsbankanum, er takmarkað við þetta eina lán og þau lán, sem búið er að ábyrgjast. Þetta segir því ekkert um framtíðina, en í þessu frv. er farið fram á almenna heimild til þess að ábyrgjast erlend lán fyrir Landsbank-

ann. Hæstv. ráðh. játar sjálfur, að þessi till. ætti að falla í burtu, en hún er enn í frv., og er sjálfsagt að ræða þessa frvgr., meðan ekki er búið að fella hana burtu eða vísa henni frá.

Hæstv. ráðh. segir, að ákvæði 68. og 47. gr. geti fullkomlega staðist vegna ákvæða stjórnarskrárinnar. Þetta er ekkert annað en staðhæfing út í bláinn. Það sjest af ákvæðum 30. gr. stjórnarskrárinnar, að það eru ekki aðrir, sem ekki eru kjörgengir, heldur en dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Þetta tekur af allan vafa um það, að ekki er með einföldum lögum hægt að taka kjörgengi af bankastjórunum. Sú vörn hæstv. ráðherra fyrir þessu, að bankastjórarnir sjeu ekki embættismenn í þeim skilningi, sem 44. gr. stjórnarskrárinnar getur um, er ekki svaraverð.

Þótt hæstv. ráðh. beri það fyrir sig, að ágætur lögfræðingur, Sveinn Björnsson, hafi verið með að semja frv., þá má hann ekki gleyma því, að í frv. eru önnur og fleiri ákvæði en í fyrra. Það hefir verið bætt inn í ákvæðum um bankastjóra Íslandsbanka. En bankanefndarfrv. er samið samkvæmt tillögum bankastjórnar Landsbankans, og má því skoða þetta sem tillögur frá þeim mönnum sjálfum, er undir þessu eiga að búa, og að þetta sje þeirra vilji; og lítur það dálítið öðruvísi út. En það er óhæfa að setja þetta ákvæði, er þeir menn eiga í hlut, sem ráðnir eru áður en þetta ákvæði gengur í gildi og ekkert hafa um þetta sagt. Enda setja bankastjórar Íslandsbanka sig mjög á móti því og telja það stjórnarskrárbrot, ef samþykt yrði.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um þær ástæður, sem liggja til þess, að bankastjórar mættu ekki vera mikið inni í pólitík. En hæstv. ráðherra getur þó ekki neitað því, að það er með þessu verið að svifta mennina rjetti, sem þeim er trygður í stjórnarskránni.

Jeg skildi ekki, hvað hæstv. ráðh. meinti, er hann sagði, að á síðastliðnu ári hefðu gerst þeir hlutir, sem gerðu það að verkum, að Íslandsbanka væri þörf á meiri ró. Jeg vil fá skýringu á þessu, hvort það er af því, að einn bankastjóranna bauð sig fram til þings tvisvar. (**Forsrh. JÞ:** Þrisvar). Ef hæstv. ráðh. meinar það, þá er það varhugavert að ætla að binda andstæðinga sína með lögum, að þeir megi ekki taka þátt í stjórnmálum. Ef flokkarnir tækju upp á þessu, byrjuðu þeir, eins og nú er komið á daginn, á bankastjórunum, næst tækju þeir endurskoðendur og eftirlitsmenn bankanna, svo endurskoðendur landsreikninganna, og svo koll af kolli. Á þennan hátt væri á mussolinskan hátt hægt að múlbinda alla pólitíska andstæðinga. Hvernig sem á þetta er litið, er hjer um stjórnarskrárbrot að ræða. Enda líta fjölmargir lögfræðingar svo á. Og jeg vil benda á úrskurð hæstv. forseta. Hann lýsir yfir því, að úrskurður sinn sje kveðinn upp með tilliti til þess, að fram sjeu komnar brtt. um að fella niður þau ákvæði, sem koma í bága við stjórnarskrána. En verði brtt. feldar, ætti hæstv. forseti að úrskurða aftur um þessi ákvæði.

Áður en jeg skilst við hæstv. ráðh., vil jeg minna á brtt. hans, sem er þess eðlis, að jeg þekki hann og flokks-

bræður hans illa, ef þeir hefðu ekki látið sitt daglega málgagn hrópa landráð og þess háttar, ef annaðhvort jeg eða hv. 1. landsk. hefðum borið þessa till. fram. Hv. frsm. meiri hl. felst á þessa till. En hvað felst í henni? Hún fer fram á, að sú yfirlýsing komist inn í lögin, að ríkið beri ekki ábyrgð á Landsbankanum, fram yfir fje það, sem fram er lagt. Það kom fram í öðru máli svipuð till. og þessi með svipaða yfirlýsingu. Það var í Titan. Till. var um, að þingið bæri enga ábyrgð á skuldbindingum fjelagsins. Af hverju spratt sú till. fram? Af því að þm. litu svo á, að það væri svo „dirty business", sem það fjelag ræki, að best færi á því fyrir þinginu að þvo sig hreint af nokkru samneyti við það fjelag. En þessi till. hæstv. ráðh. felur það í sjer, að ríkið vilji þvo Landsbankann af sjer á sama hátt og Titan. En hvernig halda menn, að það verki út á við, ef alt í einu kemur fram till. um, að ríkið beri ekki ábyrgð á Landsbankanum? Og þótt lögfræðingar deili um ýms atriði þessu viðvíkjandi og þó finna megi ýms ummæli úr eldri Alþt. hinu til stuðnings, þá líta allflestir svo á, að ríkið beri a. m. k. móralska ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans.

Og verði niður feld hin lagalega skuldbinding ríkisins á Landsbankanum, þá er sú móralska ábyrgð í raun inni líka farin. Mjer skilst nú, að stofnfjeð, sem ríkið leggur fram, fari til þess að tryggja seðlaútgáfu bankans, 4—5 milj. En eigi bankinn ekki neinn varasjóð, þá getur það orðið slæmt fyrir hann, að því verði slegið föstu í lögum, að ríkið beri ekki ábyrgð á bankanum. Þá fara menn ekki að taka sparisjóð hans fram yfir aðra sparisjóði. Enda lýsti hæstv. ráðh. (JÞ) því sem tilgangi brtt. sinnar að koma í veg fyrir það, að bankinn ætti svo öflugan bakhjarl sem ríkið, því að það gæti verið skaðlegt, vegna þess að slíkur banki gæti hæglega sópað til sín öllu sparisjóðsfje úr öðrum bönkum. Jeg er hræddur um, að hæstv. ráðherra hafi ekki athugað það, að með till. þessari er hann í raun og veru að gera meira en að svifta Landsbankann sparisjóðsfje, — því hvert fer það sparifje, sem t. d. nú yrði tekið út úr Landsbankanum? Jeg sje því ekki annað, hvernig sem jeg velti till. fyrir mjer, en að hún sje til skaða, bæði fyrir bankann og landið. Jeg vil skora á hæstv. ráðh. að taka hana aftur.

Maður gæti hugsað sjer, að ábyrgð ríkisins væri takmörkuð á Landsbankanum, en þó svo öflug, að allir vissu það, að ríkið stæði á bak við bankann. Ríkisstjórnirnar hafa gengið í ábyrgðir fyrir bankann með þeirri skýringu, að landið ætti bankann. Þessi skýring er rjett, enda þótt rjettara sje, að þingið samþykki ábyrgðirnar í hvert skifti.

Þá vil jeg víkja að hv. frsm. meiri hl. fjhn. Hann hefir talað um till. mínar, og skilst mjer, að hann sje þeim andvígur vel flestum. Fyrstu andmælin voru gegn brtt. nr. 2 á þskj. 363. Hv. þm. áleit óþarft, að í frv. stæði, að seðlabankinn hafi rjett til að kaupa viðskiftavíxla. Mjer þótti rjett að hafa þessa upptalningu, þar sem þetta eru sjerstök viðskifti. En hv. frsm. lítur svo á, að þetta ákvæði sje óþarft, þar sem það var ekki siður í hans bankastjóratíð að endurkaupa víxla. **(BK:**

Bankinn má kaupa víxla yfirleitt). En því má þá ekki taka það fram? Og þessi víxlakaup eru dálítið annars eðlis en kaup á algengum víxlum — eða hví er í 68. gr. frv. talað um endurkeypta víxla sjerstaklega? Það er af því, að ætlast er til, að betri kjör fáist á þeim víxlum, sem Landsbankinn á að endurkaupa af Íslandsbanka. Það er ekki óþarft að taka þetta fram, sjerstaklega ef 68. gr. frv. yrði feld niður.

Þá talaði háttv. frsm. á móti brtt., sem fer fram á það, að inn í 14. gr. komi ákvæði um, að veita megi lán gegn ábyrgð bæjar- og sýslufjelaga. Það er ekki útilokað, að þau geti fengið lán gegn einhverju veði, en jeg meinti, að ábyrgð bæjar- og sveitarfjelaga yrði talin jafngóð og veð, svo að þessi bæjar- og sveitarfjelög gætu fengið lán án þess að setja frekara veð en ábyrgð sína.

Jeg veit til þess, að kaupstaðir, t. d. Reykjavík, hafa tekið rekstrarvíxla hjá bönkunum, sem eru borgaðir upp á tilsettum tíma, en eru teknir af því að bæinn þraut rekstrarfje milli gjalddaga á opinberu fje til bæjarins. Af því að ekkert er á það minst í frv., að ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga sje tekin gild fyrir lánum í seðlabankanum, þá þarf að taka það fram í 14. gr. Menn, sem þekkja til um störf bæjar- og sveitarfjelaga, eins og t. d. háttv. þm. Vestm. (JJós) og háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), ættu að geta skilið, að það er mikið óhagræði fyrir þau að vera svift þeim rjetti að geta fengið stutt lán hjá seðlabankanum. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að bankinn hefði venjuleg sparisjóðsstörf. En hvers vegna eiga ekki svo mikilvægar stofnanir í landinu sem bæjar- og sveitarfjelögin eru að njóta sömu kjara í þessum efnum og algengir kaupmenn? Því að sennilega verða vextir lægri hjá seðlabankanum. Hv. frsm. meiri hl. játaði það líka. Með því að fella till. mína gera háttv. þm. aðeins bæjar- og sveitarfjelögum erfiðara fyrir um viðskifti við bankann, eftir þeim skýringum hv. frsm. meiri hl., að þeir geti ekki fengið lán nema að leggja fram veð. (**BK:** Veð eða nöfn). Jeg álít þó, að það sje ekkert betra eða öruggara en ábyrgð bæjar- og sýslufjelaga. Sú ábyrgð verður að teljast nægileg, ef bankinn á annað borð hefir peninga til þess að veita lán. Annars eru auðvitað flest lán bæjar- og sýslufjelaga löng lán, en hitt kemur þó fyrir. Löngu lánin heyra undir sparisjóðsdeild bankans, og þar er hægt að taka lán, og jeg held líka, að þar nægi fullkomlega ábyrgð bæjar-, sveitar- og sýslufjelaga, eins og ákveðið er í lögum Íslandsbanka.

Háttv. frsm. meiri hl. hafði á móti till. minni um niðurfelling aðalbankastjórans og vísaði hann til till. meiri hlutans, þar sem ætlast er til, að bankastjórarnir hafi jöfn völd. Þeir eiga að geta gert ágreining, ef þeim ber á milli, segir hv. frsm. meiri hl., en það sýnir, að þeir eru jafnir að völdum. Jeg get þó ekki betur sjeð en að í till. meiri hl. sje gengið út frá því, að einn bankastjóranna sje aðalbankastjóri. (**BK:** Það er aðeins nafnbót). En hvað þýðir það? Það þýðir það, að hann á að vera æðri og meiri valdamaður en hinir. En ef þetta er ekki annað en nafnbót, þá er það bara ekki annað en hjegómi að vera að klína á hann því nafni, sem ekki er

ætlað að meina neitt. Jeg hefi viljað fyrirbyggja, að það skapaðist í bankanum vald eins manns og að tveir bankastjórarnir gætu skotið sjer hjá störfum og ábyrgð og lagt það á herðar aðalbankastjórans. En háttv. frsm. meiri hl. verður að athuga það, að mínar brtt. eru við frv. stjórnarinnar, en ekki við brtt. hans. (**BK:** Jeg skildi það). Jeg miða þær við frv., og felli alstaðar burt ákvæðin um aðalbankastjórann, eða tek þau og orða um. Jeg játa, að í brtt. meiri hl. er ýmislegt, sem jeg get felt mig við, t. d. um störf bankastjóranna. Jeg álít líka rjett, að formaður bankaráðsins hafi engin afskifti af daglegum störfum bankans og skapi sjer þannig ekkert vald. En það er freistandi fyrir ráðríkan mann að blanda sjer inn í dagleg störf bankans, en þá verður aftur lítið úr eftirlitinu. Jeg vildi draga úr þessu ákvæði. Með brtt. mínum á þskj. 363, 4—8 hygg jeg, að öll ákvæði, er snerta aðalbankastjórann í frv., sjeu niður feld. En sumar brtt. mínar eru aðeins orðabreytingar í samræmi við aðalbreytinguna um að fella niður aðalbankastjórann.

Háttv. frsm. meiri hl. fann að þeirri brtt. minni, er snertir c-lið 43. gr., sem er um það, að ákvæðið um verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna falli niður. Þetta leiðir af því, sem á undan er gengið, enda geri jeg ekki þann greinarmun á störfum bankastjóranna, sem háttv. frsm. meiri hl. vill vera láta. Jeg man nú ekki, hvort meiri hl. hefir gert brtt. við þetta. En sú breyting mín, sem hjer er gerð, leiðir til þess, að bankastjórarnir sjeu allir jafnir að völdum. En ef liðurinn stendur óbreyttur og meiri hlutinn breytir honum ekki, þá skilst mjer, að ekki verði hjá því komist að líta svo á, að aðalbankastjórinn hafi meiri völd en hinir.

Háttv. frsm. meiri hl. ætti að athuga c-lið 43. gr., hvort ekki þurfi að breyta honum, ef þeim tilgangi á að ná, sem hann vill ná með brtt. sínum. Jeg álít nægilegt að orða liðinn þannig: „að setja bankastjórunum erindisbrjef". Með því móti er svo hægt að taka fram í erindisbrjefunum og í reglugerð, hvernig störfum er skift.

Háttv. frsm. meiri hl. mintist á 7. brtt. mína, sem er um það, að form. bankaráðsins taki þátt í fundum bankastjóranna. En hann ætti að athuga, hvernig það er í frv. Þar er honum líka ætluð afskiftasemi og starf í bankanum; hann á að greiða atkv., er bankastjórunum kemur ekki saman, og ræður atkv. hans úrslitum. (**BK:** Þetta fellur burt). Já, jeg veit það, að meiri hl. hefir komið fram með till. um að fella þetta burt. En þannig er það í frv., og jeg miða aðeins við það. Jeg vildi draga úr valdi form. og láta hann ekki hafa atkvæðisrjett, þó að hann sæti á fundum bankastjóranna. En þetta er ekkert ágreiningsatriði, því að við lítum báðir svo á, að bankaráðið eigi ekki að blanda sjer inn í daglega starfsemi bankans.

Háttv. frsm. meiri hl. vísaði til orða hæstv. forsrh., þar sem hann talaði á móti 9. brtt. minni, um sparisjóðsfje í Landsbankanum. Jeg hefi nú fært rök fyrir því, að landið er ekkert ver sett með að fá lán hjá öðrum bönkum, þó að opinberar stofnanir eða sjóðir geymi handbært fje sitt í Landsbankanum. Jeg held, að ef hjer væru fleiri bankar, þá mundu þeir

yfirleitt ekki neita ríkisstjórninni um lán vegna þessa, ef hún fer fram á það. Aðrir bankar hafa enga heimtingu á því að hafa opinbera sjóði. Það á að hlynna að landsins eigin banka og hann á að fá flest eða öll þau forrjettindi, sem ríkið getur veitt hon.m. Ríkið á að efla hann eins og hægt er, til þess að hann verði færari um að leysa af hendi hin þýðingarmiklu verkefni sín, að vera seðlabanki, halda uppi gjaldeyri landsins og veita atvinnuvegunum nægan stuðning til þess að þeir geti gengið sæmilega. Það er nú líka svo, að Landsbankinn er sú peningastofnun, sem mest stendur á. Íslandsbanki hefir verið lengi að draga inn seðla sína, og allur hiti og þungi dagsins hefir því hvílt á Landsbankanum síðan 1920, sem sagt áður en hann hafði þá ábyrgð, sem þá hafði Íslandsbanki, að halda gjaldeyri landsins uppi. En það gerði Landsbankinn 1920, er Íslandsbanki brást, og hann var því fyllilega vaxinn. En sú hefði orðið afleiðingin, að alt hefði farið í kaldakol, ef hann hefði ekki verið betur staddur en Íslandsbanki.

Háttv. frsm. meiri hl. var mjög hógvær í ummælum sínum um brtt. mínar, enda hafði jeg ekki gefið neitt tilefni til ýfingar. En jeg get þó ekki neitað því, að mjer fanst það óþarfa ýfingar hjá honum, er kom að 60. gr. frv., eða að 10. brtt. minni. Hann kallaði það of mikið þekkingarleysi eða ábyrgðarleysi, að jeg vildi láta eftirlitsmann banka og sparisjóða framkvæma úttekt bankans. En hvernig víkur nú þessu við? Hver ætti hjer að vera kunnugastur og fljótastur að átta sig á þessu, ef ekki eftirlitsmaðurinn? Sá maður, er verið hefir að athuga og meta Landsbankann eða báða bankana og útibú þeirra nú undanfarið? Þar að auki er það honum mikill styrkur, að hann er nýbúinn að athuga Íslandsbanka. Sömu viðskiftamenn koma oft fyrir í báðum bönkunum. Enginn maður er því betur fallinn til þess en eftirlitsmaðurinn að framkvæma þessa rannsókn fljótt og ábyggilega. Það er því ekki þekkingarleysi að vilja leita þekkingarinnar þar, sem hún á að vera, hjá þeim manni, sem búinn er að athuga þetta: Það skiftir auðvitað ekki miklu, hvort bankaeftirlitsmaðurinn framkvæmir þetta sem einn þátt af starfi sínu eða hvort þessi úttekt kemur til að kosta um 10—20 þús. kr. En þegar verið er að fárast yfir 50 og 100 kr. brtt. við fjárlögin, þá væri þó ekki úr vegi hjá þeim sömu mönnum, að líta á sparnaðarhliðina. Jeg fyrir mitt leyti legg ekki mikið upp úr því, en mjer finst, að þessir svokölluðu „sparnaðarmenn" ættu að gera það.

Háttv. frsm. meiri hl. sagði, að mat á húsi væri ekki gilt nema tveir menn framkvæmdu það. Það er auðvitað rjett, því að þetta mun vera hið venjulega. En hjer stendur sjerstaklega á. Við höfum völ á manni, sem verið hefir að athuga Landsbankann. (**BK:** Jeg sagði meira en þetta). Jeg skal koma að því síðar. En þetta mat er ekki í öðru fólgið en að ákveða, hve mikið stofnfje bankinn þarf. (**BK:** Og hversu mikils virði hann er). Háttv. frsm. meiri hl. sagði, að það yrðu minst 3—5 menn að framkvæma matið, því að það starf útheimti meiri kunnugleika en nokkur einn maður hefði. En þekkingin ætti þó að vera fyrir hendi hjá þeim manni, sem hefir athugað bankann. (**BK:** Enginn einn

maður getur framkvæmt matið). Hví játar háttv. þm. (BK) þá ekki líka, að það sje þýðingarlaust að hafa einn mann til eftirlits við banka og sparisjóði? Mig minnir þó, að hann hafi sjálfur verið með í að samþykkja það. En ef einn maður getur verið eftirlitsmaður, þá getur hann ekki síður gert þetta.

Þá skal jeg víkja ofurlítið að brtt. meiri hl. við 60. gr. Þessi úttekt á bankanum á að fara mjög hátíðlega fram, því að það er ekki seilst skemra en alla leið upp í hæstarjett, og á hann að skipa menn í nefndina. Eftir orðalagi 28. brtt. meiri hl. á nefndin að rannsaka allan hag bankans, meta útistandandi skuldir, fasteignir og aðrar eignir hans. Hefði þessi till. eða till. sú, sem er á þskj. 398, komið úr annari átt en frá meiri hl., þá hefði það áreiðanlega verið kallað ofsókn á hendur bankanum. Jeg vissi ekki, hvert menn ætluðu að komast á þinginu 1923, er farið var fram á að fá að athuga tryggingar þær, sem Íslandsbanki hefði fyrir enska láninu. Þá var það kallað ofsókn og fjandskapur gegn bankanum. Og jeg man ekki betur en að háttv. frsm. meiri hl. tæki þá líka undir og syngi með. (**BK:** Þá hafði mat nýfarið fram). Jeg skal nú víkja að því síðar. En jeg hefi hjer fyrir mjer ummæli háttv. þm. Þar segir hann um till. og ræðu frsm. (EÁ), á bls. 356, með leyfi hæstv. forseta: „Þá kvartaði háttv. frsm. (EÁ) um, að þessi rannsókn væri skoðuð ofsókn. Það er mjög eðlilegt, því að hún er ekkert annað, eins og sýnt hefir verið fram á af öðrum". Þá kallaði háttv. þm. það ofsókn. (**BK:** Af því að mat var nýafstaðið). En háttv. þm. veit þó, að þá voru slíkir breytingatímar. Þar að auki hafði ríkið lánað bankanum stórfje, meginhlutann af enska láninu, svo að það var ekki nema eðlilegt, að sú krafa kæmi fram, að þingið fengi að athuga tryggingar bankans og hag. Þó var þetta kallað ofsókn. Þetta þurfti ekki, sögðu menn, af því að rannsókn hafði farið fram. Þeir, sem framkvæmdu þessa rannsókn, komust að raun um, að bankinn ætti meira en hlutafje sitt og að brjef hans væru yfir 100 kr. virði, minnir mig. (**BK:** Það er ekki rjett. Þau voru metin á 91 kr.). Já, það er rjett, en bankastjórnin vildi telja þau meira virði. En á hvað eru brjefin metin nú? Þau standa víst í 40 kr. eða svo. Þó að þau sjeu „nóteruð" svo í kauphöllinni í Danmörku, þá fer það venjulega nokkuð nærri lagi, en er kannske of hátt. Eftir fá ár komu í ljós hjá Íslandsbanka töp mikil, og það lítur ekki út fyrir, að rannsóknarnefndin hafi svo vel rækt þetta starf, að eigi megi út á það setja. Miklar breytingar urðu á bankanum á örstuttum tíma og hann stendur nú enn erfiðar en í fyrra og þarf bæði beinan og óbeinan stuðning frá ríkinu. Mjer hefir verið sagt, að þó að rannsókn hafi verið nokkuð ítarleg í hinum smærri atriðum, þá hafi þó margt stórt sloppið fram hjá athugunum þeirra. Nefndin taldi suma viðskiftamenn bankans vel sterka, sem nú eru horfnir og bankinn hefir stórtapað á. Hún hefir því ekki athugað nógu rækilega, og kannske hefði hún athugað betur, ef hún hefði haft kunnugleika eftirlitsmannsins við-

víkjandi viðskiftamönnunum og viðskiftum þeirra við hinn bankann. Ef nefndarmennirnir hefðu verið kunnugir viðskiftum Landsbankans, þá hefði málið verið á alt annan veg. — Jeg álít till. meiri hl. varhugaverða, af því að í henni felst, eða að minsta kosti má leggja hana svo út, að það kemur fram gagnvart Landsbankanum, sem hann ekki á skilið og hefði verið talið ofsókn gagnvart Íslandsbanka. Jeg tel þetta líka alveg óþarfa. Tilefni úttektarinnar er aðeins það, að þingið og bankaráðið vill fá að vita, hve mikið stofnfje ríkið á að leggja bankanum. Og það er trygt með till. minni, þar sem eftirlitsmanninum við banka og sparisjóði er falið þetta. Annars væri starf hans alveg óþarft og ekki til neins gagns.

Hv. frsm. meiri hl. talaði að lokum um 12. brtt. mína, um það, að feld yrði niður 68. gr. frv. um endurkaupaskylduna og það, sem margir líta á sem brot á stjórnarskránni — bannið gegn því, að hinir stjórnskipuðu bankastjórar Íslandsbanka eigi sæti á þingi. Um endurkaupaskylduna leit hv. frsm. svo á, að ákvæðið væri sett til hagræðis fyrir Íslandsbanka, en í því felst að rjettum hugsanareglum, að það sje til óhagræðis Landsbankanum. Enda er þetta kvöð á Landsbankanum um langan tíma. Jeg álít, að bankaráð og bankastjórn eigi að hafa óbundnar hendur um það, á hvern hátt þau vilja styðja Íslandsbanka, en að rangt sje að leggja þeim lagaskyldu á herðar í því efni. Það er ekki svo, að Íslandsbanki eigi neinn rjett að lögum til þessara endurkaupa Landsbankans á víxlum hans, enda mun það frá upphafi hafa verið tilætlunin, að Íslandsbanki útvegaði sjer sjálfur fjármagn til viðskifta sinna á móti seðlum þeim, sem hann dregur inn, en væri ekki algerlega upp á Landsbankann kominn í þeim efnum. Endurkaupaskyldan er svo mikil skuldbinding fyrir Landsbankann, þar sem hann verður að kaupa víxlana gegn lægri forvöxtum en aðra víxla, og skyldan auk þess á að hvíla á honum í 20—30 ár, að jeg álít, að þingið geti með engu móti forsvarað það að leggja þessa kvöð á Landsbankann.

Jeg skal ekki fjölyrða um síðari hluta 68. gr. frv., um að hinir þjóðskipuðu bankastjórar Íslandsbanka megi ekki eiga sæti á Alþingi. Jeg mintist á þetta atriði í upphafi ræðu minnar, er jeg svaraði hæstv. forsrh. Mjer finst það vera ljóst, þar sem ákvæði þetta gengur svo nærri stjórnarskránni — og verði till. mín um að fella ákvæðið niður feld — að þá hljóti úrskurður hæstv. forseta að falla á þá lund, að 2. málsgr. 15. gr. og síðari málsgr. 68. gr. og jafnvel 1. málsgr. 47. gr. skuli falla burt. En vegna þess að úrskurður hæstv. forseta er ekki fallinn til fullnustu, þá get jeg beðið, en jeg geri ráð fyrir því, að við 3. umr. verði málið tekið fyrir á ný, og það þá úrskurðað af hæstv. forseta.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi undirskrifað nál. á þskj. 362 með fyrirvara. Mjer þykir því hlýða við 2. umr. þessa máls að gera nokkra grein fyrir helstu atriðunum í afstöðu minni til þess, að því er fyrirvara minn snertir.

Áður en jeg vík að því, vildi jeg leyfa mjer að gera nokkrar athuga-

semdir við ræðu hv. 4. landsk. (MK), sem veittist að flestöllum brtt. meiri hl. nefndarinnar á nefndu þskj.

Hann kvað svo á um brtt. meiri hl., er snerta störf bankaráðsins, að hann teldi þar stigið spor aftur á bak frá því, sem nú er. Mjer skildist svo, sem hv. þm. (MK) aðhyltist í þessu efni frvgr., sem meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að breytt yrði. Í þeirri grein er það ákveðið, að formaður bankaráðsins skuli hafa á hendi daglegt eftirlit í bankanum. Brtt. sú, er meiri hl. nefndarinnar færir fram, er þannig, að ætlast er til, að formaður bankaráðsins *ásamt* öðrum bankaráðsmanninum framkvæmi þetta daglega eftirlit. Ef það er rjett skilið hjá mjer, að hv. þm. (MK) aðhyllist frvgr., þá er það ekki rjett út frá hans sjónarmiði, að með till. meiri hl. nefndarinnar, sem fer fram á það, að breytt verði afskiftum bankaráðsins af bankanum í áttina við það eins og var meðan gæslustjórarnir störfuðu, sje spor aftur á bak. Bankaráð er bankanum holt, enda hefir stjórn Landsbankans oft farið fram á það, að slíkt bankaráð yrði skipað, þó ekki nákvæmlega eins og bankaráð Íslandsbanka. Mjer heyrðist á ræðum þeirra hv. þm., sem töluðu hjer síðast, að þeim kæmi öllum saman um það, að bankaráð Íslandsbanka væri ekki nema nafnið tómt og að slíkt fyrirkomulag væri ekki æskilegt fyrir Landsbankann. Það liggja nú ekki fyrir aðrar till. um þetta en frá meiri hl. nefndarinnar og svo ákvæðið í frv., svo að hv. 5. landsk. verður að halla sjer að öðruhvoru, till. meiri hl. eða ákvæði frv. Jeg álít, að það fari í rjettari átt, að bankaráðið starfi á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. og í frv., en ekki eins og bankaráð Íslandsbanka starfar. Hv. 4. landsk. sagði, að hann sæi sjer ekki fært að fylgja frv., ef till. meiri hl. um þetta atriði yrði samþ. Það er ljóst, um svo mikið mál og þetta er og svo margar brtt., sem fram hafa komið við frv., að þeir hv. þm., sem vilja binda enda á það að koma seðlaútgáfunni vel fyrir og fá Landsbankanum útgáfuna í hendur, að þeir verði að sætta sig við ýms ákvæði, enda þótt þau gangi að einhverju leyti í aðra átt en þeir hefðu frekast á kosið. Jeg hefi altaf frá því fyrsta, að mál þetta kom hjer inn á þingið verið því fylgjandi eins og það er í höfuðdráttunum í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Jeg álít það nauðsynlegt, að þetta þing geti bundið enda á málið. Það fór eins og jeg og fleiri hjeldu fram á þinginu 1925, þegar talað var um það að skipa milliþinganefnd til þess að gera endanlegar till. um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, að vitanlega mundu till. þeirrar nefndar ekki verða svo einróma, að ekki yrði um þær deilt eftir á. Nú er það líklegt, í hvaða mynd, sem frv. þetta verður samþ. á þessu þingi eða öðru þingi, að reynslan mundi sýna það, að breyta þyrfti lögunum á síðari þingum. Það er því ekki loku fyrir það skotið, að breyta mætti einstaka atriði fyrirkomulagsins, ef reynslan sýndi, að það væri ekki heppilegt.

Jeg hefi gert athugasemd við nál., vegna þess að jeg er því ekki fyllilega sammála í öllum atriðum. Og hið sama get jeg sagt um einstaka frvgr., sem ekki hefir verið breytt eða brtt. eru við á öðrum þskj.

Þau atriði, sem jeg er ekki sammála meiri hl. nefndarinnar um, er

þá fyrst að telja ákvæðið um bankastjórnina. Meiri hl. hefir að vísu fallist á fyrirkomulag bankastjórnarinnar eins og það er í frv. og milliþinganefndin hefir lagt til að það yrði, — þar á meðal, að einn bankastjóranna skuli vera aðalbankastjóri. Þó hefir hv. frsm. meiri hl. tekið það fram í framsögu, að ekki sje til þess ætlast, að bankastjórarnir hafi misjöfn völd, enda þótt einn þeirra sje nefndur aðalbankastjóri. Jeg get tekið undir það með hv. frsm., að jeg lít svo á, að rjettast sje, að bankastjórarnir væru jafnir að völdum, en jeg tel það ekki koma nógu greinilega fram í frv., þar sem talað er um, að aðalbankastjóri hafi „æðstu stjórn" bankans á hendi. Er af þessum orðum ekki hægt að ályktа annað en að sá maður verði að hafa meiri völd en hinir bankastjórarnir. Hallast jeg frekar að hinu fyrirkomulaginu, sem er líkast því, sem brtt. hv. 5. landsk. fer fram á, að allir bankastjórarnir sjeu jafnir að völdum og beri því jafna ábyrgð á stjórn bankans. Hv. frsm. meiri hl. hefir tekið það fram, að hann liti svo á, að það ætti þannig að vera í framkvæmdinni, en frvgr. bendir ótvírætt í hina áttina.

Það hefir verið mikið talað um úttektina á bankanum, og meiri hl. hefir komið fram með brtt. við 60. gr. frv. Nú hefir hv. 5. landsk. einnig komið fram með brtt. við þá gr. En þó að jeg sje að sumu leyti samþykkur þeirri till., þá verð jeg þó að fallast á þær ástæður, er hv. frsm. meiri hl. flutti fyrir till. meiri hl., að úttektin er svo umfangsmikið starf, að það er ofætlun einum manni að framkvæma það. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin láti fara fram úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje nægilega greinilega orðað í 60. gr. frv., þó að jeg hinsvegar kannist við, að það sje of mikið starf einum manni. En frvgr. útilokar það engan veginn, að stjórnin skipi til þess svo marga menn, sem með þarf. Það er auðvitað, að þessi úttekt, sem á að sýna hinn sanna hag bankans eins greinilega og unt er, er í því fólgin meðal annars að meta kröfur hans á skuldunauta hans, en slíkt álit verður altaf háð því ástandi, sem ríkir á þeim tíma, er matið fer fram. Það, sem í dag er rjett metið eftir atvikum, getur með breyttu árferði og breyttri afkomu manna haft annan svip síðar, án þess að sagt verði með sanni, að matið hafi verið rangt. Jeg álít því, að ekki sje hægt að tala um slíka úttekt sem þessa sem fullnaðarmat, því það er á hverjum tíma mjög erfitt að gera.

Þá hefir talsvert verið rætt um endurkaupaskyldu Landsbankans á víxlum Íslandsbanka samkvæmt 68. gr. frv. Eftir þau orð, sem fjellu í nefndinni, þá bjóst jeg við því, að koma myndi fram brtt. við þessa grein frv. frá öðrumhvorum hinna nefndarmannanna. Jeg skal taka það fram, sem hv. frsm. meiri hl. þegar hefir lýst yfir, að meiri hl. var fús til þess að ganga inn á þá breytingu á gr. að stytta tímann, sem endurkaupaskyldan á að vera gildandi á.

Jeg hefi nú gert nokkra grein fyrir því, að hverju leyti og af hvaða ástæðum jeg hefi ekki getað fylgt öllum brtt. meiri hl., og skal jeg því ekki fara nánar út í það. En jeg mun síðar við

umr. og við atkvgr. sína, hverjum till. jeg treysti mjer til að ljá fylgi mitt.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg legg mikla áherslu á það, að mál þetta verði sem fyrst afgreitt út úr þessari hv. deild, því jeg held, að hv. Alþingi ætti að geta lagt síðustu hönd á frv. nú, og þar með bundið enda á það, hvernig haga á fyrirkomulagi seðlaútgáfunnar.

Einar Árnason: Jeg verð að segja það, að mig furðaði ekki lítið á upphafi ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann fann ástæðu til þess að þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðsluna á þessu frv. Hv. nefnd hefir haft málið til meðferðar í 68 daga, og loksins þegar það kemur, flytur hún við það 82 brtt. Þar af eru 56 frá meiri hl. Nú væri sök sjer, ef allar þessar brtt. væru aðeins orðabreytingar eða lítilfjörlegar efnisbreytingar. En svo er ekki. Mjer virtist því, þegar hæstv. forsrh. lýsti ánægju sinni yfir brtt. nefndarinnar, að það nálgaðist það, að hann hefði snúist ekki alllítið frá því, er hann lagði frv. fyrir þessa hv. deild. Og hæstv. ráðh. flytur nú sjálfur eina brtt. við frv. í viðbót við brtt. háttv. nefndar, en þessi brtt. er ekki neitt smávægileg, því að hún er þess efnis, að Alþingi segi af höndum sjer allri þeirri ábyrgð á Landsbankanum, sem hingað til hefir verið talið, að á ríkinu hvíldi.

Nú hefir hv. meiri hl. fjhn. ef til vill í launaskyni fyrir það, hve vel hæstv. forsrh. hefir tekið í brtt. hans, einnig snúist í því, hvort ríkissjóður beri ábyrgð á bankanum eða ekki. Meiri hl. fjhn. hefir sem sje fallist á brtt. hæstv. forsrh. og með því algerlega gengið frá þeirri skoðun, sem hann heldur fram í nefndaráliti sínu, sem skrifað er fyrir fáum dögum.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala hjer langt mál, en vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til helstu brtt. meiri hlutans. Flestar brtt., einkum þær fyrstu, eru ekki mikilsverðar, og mun jeg geta fylgt sumum þeirra, en þó ekki öllum. Jeg vil minnast dálítið á 18. brtt. Hv. 4. landsk. (MK) hefir minst á hana, og jeg lít svipuðum augum á hana og hann. Hv. frsm. meiri hl. (BK) tók það fram, að ákvæðið um það, að bankaráðsmennirnir skuli vera utanþingsmenn, sje sett til þess að skapa ró um bankann og vernda hann fyrir hinum pólitíska eldi. Jeg neita því ekki, að það muni geta vel verið, að bankaráðið geti orðið pólitískt, en jeg hugsa hinsvegar, að þó að þingmönnum sje meinað að sitja í bankaráðinu, þá sje ekki með því fyrir það girt, að það verði pólitískt. En annars hygg jeg, að fleira þurfi að forðast og fleira sje skaðlegt fyrir bankann en það, þótt yfirstjórnendur hans taki þátt í stjórnmálum. Það þyrfti ekki síður að girða fyrir það, að bankaráðsmennirnir sjeu fjármálaspekúlantar; menn, sem þyrftu að vera bankanum skuldskeyttir að meira eða minna leyti. Jeg lít svo á, að það sje ekki síður ástæða til þess að útiloka slíka menn frá bankaráðinu. Bankaráðsmennirnir þurfa að vera fjárhagslega sjálfstæðir menn.

Þá er það 22. brtt. Í henni er nákvæmlega tekið fram starfsvið bankaráðsmannanna. Þar er tekið fram, að formaður bankaráðsins framkvæmi eftirlitið daglega. Nú getur vel farið svo,

að hann sje forfallaður, og er þá ekki neitt talað um, hver taki við af honum. Þá er svo um mælt í þessari brtt., að til þess að gild verði ályktun bankaráðs, skuli ekki færri en 3 bankaráðsmenn taka þátt í atkvæðagreiðslu. Hjer er ekki tryggilega um hnútana búið; minni hluti bankaráðsins getur þá auðveldlega ráðið með þessu móti. Þá á bankaráðið að skýra Alþingi frá hag bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hafi verið stjórnað. En það sjest hvergi, hvernig þetta á að ganga fyrir sig, hvor bankaráðið á að leggja hjer fram opinbera skýrslu í lestrarsal þingsins, eða á hvern hátt þetta verður framkvæmt.

Þá er 23. brtt. Þar er bankaráðinu meðal annars fenginn rjettur til þess að kjósa 2 endurskoðendur. Í frv. er gert ráð fyrir því, að Landsbankanefndin kjósi þessa menn, og þar er ennfremur gert ráð fyrir því, að hlutfallskosning verði viðhöfð. En í þessari brtt. er það ekki ákveðið, að hlutfallskosning skuli viðhöfð. Eins og jeg hefi áður tekið fram, er það ekki útilokað, að bankaráðið geti verið pólitískt, og getur því meiri hluti þess ráðið báðum endurskoðendunum með þessu móti. Þessi brtt. stafar af því, að meiri hl. fjhn. leggur til, að bankanefndin skuli lögð niður, en um leið og það er gert, þá eru bankaráðinu fengin meiri völd í hendur. En mjer finst það standa of nærri daglegum störfum bankans til þess að það eitt út af fyrir sig ráði endurskoðendurna.

Þá hefir hjer undir umræðunum orðið nokkur ágreiningur út af aðalbankastjóranum. Jeg verð að líta á eins og hv. þm. Vestm. (JJós), að eftir orðalagi frv. eigi hann að hafa meiri völd en hinir bankastjórarnir, en mjer skildist hv. frsm. meiri hl. halda því fram, að þeir ættu að vera jafnir að völdum. En þó hann haldi fram þessum skilningi, þá virðist orðalag greinarinnar benda í gagnstæða átt. Hann á að kalla saman fundi bankastjórnarinnar og stjórna þeim. En þetta mætti leysa á þann veg, að bankastjórarnir skiftust á um að gera þetta sitt árið hver. Þar með væri horfinn ágreiningurinn út af aðalbankastjóranafninu.

Þá er það 28. brtt. Þar er gert ráð fyrir því, að hæstirjettur skipi 5 manna nefnd til þess að meta hag bankans. Eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir því í frv., að ráðherra útnefni mennina til þess að gera þessa úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. En hv. 5. landsk. hefir komið með brtt. um það, að úttektin verði framkvæmd af bankaeftirlitsmanninum. Hjer er um 3 leiðir að velja, og jeg fyrir mitt leyti hallast helst að brtt. hv. 5. landsk. Þegar rætt var um það á þinginu 1923 að skipa rannsóknarnefnd á Íslandsbanka, þá varð lausnin á því máli sú, að þingið ákvað að setja lög um sjerstakan bankaeftirlitsmann, sem skyldi vera trúnaðarmaður þings og stjórnar gagnvart bönkum og sparisjóðum og opinberum sjóðum. Það mætti því ætla, að þegar á reynir, þá sneri þingið sjer til þessa bankaeftirlitsmanns. Mjer virðist þingið hæða sjálft sig, ef það gengur fram hjá honum, þar sem það hefir áður talið þetta einu rjettu lausnina til þess að komast að fjárhagsástæðum bankanna. Tveir menn úr meiri hl. fjhn. voru auk þess með því á sínum tíma að samþykkja lögin um bankaeftirlitsmanninn. Mjer skild-

Landsbanki Íslands.

ist það líka á hv. þm. Vestm., að það væri að ófyrirsynju farið fram á að stofna þessa opinberu nefnd. Hann taldi að sönnu, að vel gæti verið, að þetta væri of mikið starf fyrir bankaeftirlitsmanninn. Það kann að vera, en þá fyndist mjer eðlilegast, að ráðherra skipi 1 eða 2 menn til þess að framkvæma úttektina með honum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Jeg vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni gagnvart helstu brtt. meiri hlutans. Jeg mun greiða fyrir málinu út úr deildinni. Jeg tel sjálfsagt, að mál þetta sje afgreitt hjeðan sem næst þeim grundvelli, sem milliþinganefndin í bankamálum lagði til og hv. Nd. fjelst að miklu leyti á í fyrra.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 20, n. 362, 363 og 364, 398).

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg tók það fram í fyrstu ræðu minni, að jeg mundi fara nokkrum orðum um brtt. háttv. meiri hl. næsta sinn, er jeg talaði. Síðan hefir að nokkru leyti verið andmælt orðum mínum, sem voru sjerstaklega útskýring á því, hvað vakti fyrir milliþinganefndinni með till. hennar. Jeg mun að þessu sinni sennilega láta það sitja á hakanum að svara þeim andmælum, af því að jeg tel eigi, að rökum mínum hafi verið hnekt.

Það, sem einkennir bankamálið, eru fyrst og fremst ýmsar till. hv. meiri hl., og ekki síst brtt. sú, er hæstv. forsrh. bar fram í gær. Þessar brtt. eru mjög þýðingarmiklar og geta orðið ákaflega afleiðingaríkar, fyrst og fremst fyrir bankann, og e. t. v. geta þær haft áhrif til hins lakara á meðferð málsins hjer. Þessi 4 ár, sem málið hefir verið fyrir Alþingi, hefir gætt tveggja gagnólíkra strauma. Annarsvegar hefir verið tilhneigingin til þess að ráða málinu til lykta með almenna hagsmuni og heilbrigða skynsemi fyrir augum. Hinsvegar eru ýmsar sjerkreddur og tillit til sjerstakra hagsmuna. Hin eina brtt. hæstv. forsrh. og margar brtt. hv. meiri hl. eru einmitt mótaðar af þessu. En það gleðilega við meðferð málsins er, að á hverju ári hefir verið kveðið niður meira eða minna af þessum draugum. Ef svo kynni nú að fara, að málið fengi ekki framgang á þessu þingi, væri það eflaust af því, að mönnum þætti enn of mikið í frv. af þessari þungavöru, til þess að tilvinnandi væri að hraða framgangi þess. Jeg skal ekki segja, að svona fari, en mjer virðist hæstv. stjórn og hv. meiri hl. spila heldur ógætilega, ef þau óska, að málið gangi fram.

Fyrsta sendingin, sem hæstv. ráðh. vakti upp, voru stóru hlutirnir í hinum endurfædda Landsbanka. Hæstv. ráðh., sem þá var þm. Reykv., ætlaði að sjá þannig fyrir, að hinir fáu stóreignamenn hjer ættu helminginn af stofnfje bankans í upphafi, og þarf ekki að efa, að þeir hefðu þá fyr eða síðar náð honum öllum undir sig. Jeg vjek í gær að hættunni, sem vofði yfir bankanum um aldamótin. Hv. frsm. meiri hl. mótmælti ekki, að þá hefðu menn verið svo skammsýnir að vilja leggja bankann niður, en gat þess, að hann hefði þá ekki setið á

þingi og ekki verið við málið riðinn. Jeg hefi aldrei haldið því fram, en hitt hlýtur hann að vita, að ef lesnar eru blaðagreinar frá þessum tíma, þá sjest, að hann stóð allnærri þeim mönnum, er stunduðu þessa óþjóðlegu iðju. Þegar menn voru fyrir fám árum svo óþjóðlegir að vilja afhenda erlendum peningamönnum bankamál landsins um heila öld, var ekki að kynja, þótt ýmsir hefðu beyg af stóru hlutunum. En nú er sú firra alveg kveðin niður.

Næsta firran var hin sjerstaka seðlastofnun, sem háttv. 1. þm. G.-K. fann upp á og hefir barist fyrir langri baráttu, sem nú hefir loks endað í algerri uppgjöf. Ef föst sannfæring hefir legið þarna að baki, verð jeg að telja það undarlegt, að nú tekur þessi háttv. þm. að sjer framsögu fyrir meiri hluta nefndarinnar, sem felst á það frv., sem sjálfur hann hefir talið örgustu fjarstæðu. Það er líka undarleg hæðni örlaganna, að nú er ausið yfir hv. frsm. lofinu frá hæstv. forsrh., sem frá upphafi hefir verið honum andstæður í þessu. En nú talar enginn um seðlastofnunina lengur. Hún er dæmd af hinum útlendu sjerfræðingum, sem málið hafa athugað, og af þjóðinni sjálfri. Við kosningar síðastl. sumar var hún gerð að aðalmáli af einum frambjóðanda, gömlum þingmanni, en dómur þjóðarinnar á málinu var sá, sem menn þekkja.

Þriðja grýlan er endurkaupaskyldan á víxlum Íslandsbanka. Hún er að vísu ekki alveg dauð enn, en þó er margt, sem bendir á, að sá draugur muni nú niður kveðinn. Fyrst er það, að hæstv. forsrh. lagði til, að endurkaupaskyldan skyldi standa um 20 ár, en hefir nú fallið frá, að hún þurfi að vera nema styttri tíma, og stuðningsmenn hans í hv. deild hafa einnig fallist á þetta. Þá hefir hæstv. ráðh., sem hefir mjög svo einlægan vilja á að gera þetta fyrir Íslandsbanka, játað, að þetta gripi mjög inn í seðlaútgáfurjettinn. Það er viðurhlutamikið að binda þannig hendur seðlabankans, sem áreiðanlega kemur til með að eiga nógu örðuga daga hvort sem er í baráttunni við hvikult gengi og fleiri örðugleika, þótt Íslandsbanki nái ekki tangarhaldi á honum að lögum. Þetta er nú einn versti agnúinn á frv., því að nái þetta fram að ganga, er þar með gerður samningur við einkafyrirtæki, sem ekki er hægt að breyta, enda þótt næsta þing kynni að sjá, að hann væri stórhættulegur.

Af hálfu hæstv. landsstjórnar er enn haldið fast við það að ráðast á Landsbankann og rjettindi hans til að geyma opinbert fje. Ekki hefir þó verið komið með neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að þennan rjett eigi að taka af bankanum. Það er helst sagt, að það sje óheppilegt fyrir landið, sem aldrei geti fengið stórlán hjá Landsbankanum, að leggja ekki víðar inn fje sitt. En hvaða banki á að veita ríkissjóði lánin? Auk Landsbankans getur ekki verið um aðra að ræða en Íslandsbanka, því að allar tilraunir til að koma hjer upp braskarabanka hafa strandað. Síðast í vetur, þegar þrír Gyðingar voru keyptir hingað af gjaldþrota kaupsýslumönnum, varð niðurstaðan sú, að þeim leist illa á að stofna hjer banka og fóru við svo búið. En vesalings fjárvana kaupsýslumennirnir, sem þarna ætluðu að ná í lánsfje til að fljóta á næstu árin, sátu eftir

með sárt ennið og fengu aðeins að borga brúsann. Jeg fæ ekki skilið, að Íslandsbanki, sem dregið hefir inn lán jafnvel frá bestu viðskiftavinum sínum, hafi nokkurt færi á því að lána landinu fje. — Það er í raun rjettri beinlínis ábyrgðarhluti að gefa mönnum þannig undir fótinn um að geyma annara fje á ótryggum stöðum. Enda eru þess sorgleg dæmi, að yfirvöld hafa misskilið þetta frelsi þannig, að þau hafa notað opinbera sjóði til að kaupa hlutabrjef, t. d. í Íslandsbanka, sem nú eru fallin niður í 30% eða minna af nafnverði, og verða ef til vill bráðlega algerlega einskis virði. Þetta fje á auðvitað að geyma á tryggum stað, annaðhvort í Landsbankanum eða Söfnunarsjóði. Sú óafsakanlega misnotkun, sem átt hefir sjer stað, er nægileg til að rjettlæta það, að þessi leiðbeining sje gefin. — Auk þess er það ákaflega eðlilegt, að landið vilji styrkja sinn eiginn banka með því að geyma fje sitt hjá honum. Samt vill hv. meiri hl. og hæstv. forsrh. fella niður þessa skyldu, bankanum sýnilega í óhag, enda þótt hv. Nd. setti hana inn í frv. í fyrra. Jeg veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er að þessu til að egna hv. Nd. á móti sjer, því að það er vitanlegt, að hún setur þetta ákvæði inn aftur núna.

Þá hafa bæði hæstv. ráðh. og hv. meiri hl. lagt á móti því, að trygging bankans yrði að hálfu í jarðræktarbrjefum. Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta mörgum orðum. Nú er ástandið þannig, að fje bankanna beggja er að mestu bundið í öðru en jarðrækt. Einnig þess vegna hafa bankarnir orðið fyrir miklum töpum á hinum ótryggari atvinnuvegum, eins og hv. frsm. meiri hl. tók rjettilega fram. Þó að ekkert af fjármagni bankanna sje þannig bundið í ræktun landsins, þá þykir hv. meiri hluta það of mikil hlunnindi, að helmingurinn af tryggingum bankans sje í jarðræktarbrjefum. En einmitt þessi breyting gæti orðið til þess að skapa töluverðan innlendan markað fyrir brjefin. Eftir skamma stund mundu 5 milj. króna hafa fengist fyrir brjefin á innlendum markaði. Bankarnir geta ekki varið fje sínu á tryggari hátt, og það er skylda landsins að hlynna að þessu.

Þá eru bæði hv. meiri hl. og hæstv. ráðh. sammála um að brjóta á móti reynslu annara þjóða um það, að Alþingi eigi að hafa tök á bankanum. Þeir vilja fyrst og fremst eyðileggja landsbankanefndina, þennan ódýra skjólgarð um bankann. Jeg tel það lítil rök í þessu máli, þótt háttv. frsm. meiri hl. segi, að Landsbankinn hafi aldrei kent kulda frá ríkisvaldinu, heldur aðeins hann, bankastjórinn, sjálfur. Jeg mun ekki að sinni fara út í, að hve miklu leyti hann kann þá að hafa unnið til þess kulda.

Það fanst einmitt í öllu, að Landsbankinn átti erfitt í samkepninni við Íslandsbanka. Hann fjekk fríðindi og hlunnindi á hlunnindi ofan. Í hans bankaráði sátu ráðherrar og þm., sem reyndust honum hjálparhella.

Jeg skal aðeins nefna lítið dæmi frá þinginu 1912. Þá varð mikil deila um það — fyrir forgöngu þessa háttv. þm. (BK) —, hvort Landsbankinn skyldi taka steinolíuverslunina í sínar hendur og heyja baráttu gegn hinum alræmda dansk-amerísku steinolíuhring. En hvernig fór? Meiri hl.

þingsins treysti ekki Landsbankanum í þessu efni og vildi því ekki styðja bankastjóra hans í jafnsjálfsögðu starfi og hjer var um að ræða.

Af öllum þeim draugum, sem vaktir hafa verið upp til þess að spilla trausti Landsbankans, er þó sá einna illkynjaðastur, sem hæstv. fjrh. sendi hjer inn í deildina í gær. Á jeg þar við brtt. hans á þskj. 398, þar sem gerð er tilraun til að smeygja því inn í lögin, að ríkissjóður beri enga ábyrgð á skuldbindingum bankans, hvorki um sparisjóðsfje manna nje annað fje í veltu bankans. Verði þetta samþykt, svífur sparisjóður Landsbankans, um 20 miljónir króna, í lausu lofti. Bankinn er fátækur og sjóðir hans litlir. Mundi því strax koma í ljós, eftir að það er vitað, að engin ríkissjóðsábyrgð er fyrir sparisjóðsfjenu, að menn rifu út innstæður sínar og flyttu þær eitthvað annað. Og lenti þá Landsbankinn í sömu vandræðunum og Íslandsbanki, sem sagt er um, að komist hafi á kaldan klaka, þegar hann misti af sparisjóðsfjenu. Bankinn kennir um pólitísku braski, að svo er komið, þ. e. a. s., að umr. þær, sem orðið hafa um bankann bæði innan þings og utan, hafi orðið þess valdandi, að menn tóku út sparisjóðsfje sitt. En þetta er ekki af öðru en því, að menn bera ekkert traust til bankans. Menn hafa um langan tíma ekki haft neina tiltrú til hans og þess vegna rifið út innstæðufje sitt. Og nú er svo komið, að bankanum er ekki viðbjargandi á annan hátt en að taka nýtt miljónalán í Ameríku með ábyrgð ríkissjóðs, sem þýðir vitanlega ekki annað en það, að Íslandsbanki er að koma á landið.

Það er því næsta óskynsamlegt af hæstv. fjrh. að vera að gera tilraun um að flæma sparisjóðsfje manna úr Landsbankanum, en sú verður afleiðingin, ef brtt. hans verður samþykt. Hann getur ekkert um það sagt, hvert farið verður með þetta innstæðufje. En svo mikið er þó víst, að menn fara ekki með það til Íslandsbanka; hann hefir ekki þá tiltrú eftir alt, sem á undan er gengið. Að þetta fje fari í íslenska sjóði, er tæplega að búast við. Og þá er síst fjarri sanni að álykta, að menn muni flytja það úr landi og koma því þar fyrir, sem þeir verða að álíta, að sje tryggilegast. En afleiðingin af þessu gæti orðið sú, að krónan lækkaði og að ný fjárkreppa og dýrtíð skylli yfir landsmenn.

Jeg þykist vita, að fyrir hæstv. fjrh. hafi ekki vakað það, að skaða Landsbankann með þessu. Heldur hafi hann hlaupið eftir einhverri flugu, sem stungið hefir verið að honum, eða þá að hann hafi ginið við grein, sem nýlega stóð í aðalstuðningsblaði hans og rituð var af ungum lögfræðingi og samherja hæstv. ráðh. En þessi málafærslumaður hefir, eins og kunnugt er, staðið í allnánu sambandi við Gyðinga þá, er hjer voru á ferð í vetur í þeim erindum að braska við að koma á fót nýjum banka hjer í Reykjavík. Ef sá banki kemst upp, er mögulegt að hugsa sjer, að eitthvað af sparisjóðsfje því, sem Landsbankinn missir af, lendi hjá þessum nýja banka. Þó er það ekki víst og fer eftir trausti því, er almenningur ber til þess banka.

Jeg geri ráð fyrir, að það sje ekki af illum vilja gagnvart Landsbankanum, heldur af vanhyggju, að hæstv.

fjrh. fremur þetta glapræði, sem jeg tel mest allra hinna mörgu synda hans næst gengishækkunarráðstöfunum hans.

Og því fremur finst mjer þetta hastarlegt af hæstv. fjrh., þegar þess er gætt, að hann var búinn með gengisbraski sínu að koma fjármálum atvinnuveganna í það öngþveiti, eins og sjest á skýrslu þeirri um afkomu „Kveldúlfs", sem birt var í öðru aðalblaði Íhaldsflokksins í vetur — Íslandsbanki á heljarþröminni, svo að hann verður að fá hjálp þingsins ár frá ári, og kreppan komin yfir ríkissjóðinn, svo að hann verður nauðugur viljugur að draga saman seglin og skjóta á frest um óákveðinn tíma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. — Þegar svona er komið, sem eingöngu verður að skrifast á syndalista hæstv. fjrh., þá á það að vera eina meðalið til bjargar að eyðileggja Landsbankann. Hann er eina fjármálastofnunin af þeim, sem ráðherrann hefir eitthvað yfir að segja, sem hæstv. ráðh. hefir enn ekki tekist að vinna svo á, að hann kæmist í sama fjárhagsöngþveitið og Íslandsbanki. En nú er röðin komin að Landsbankanum. Nú á að eyðileggja hann með brtt. hæstv. fjrh. á þskj. 398. Því þó að hún væri steindrepin strax, eins og jeg vona, að hv. deild geri, þá hlýtur hún að stórskaða bankann. Það er hægt að síma og verður símað út um landið og víðar, hvernig hæstv. fjrh. hins íslenska ríkis lítur á þetta mál. Þetta álit ráðherrans er komið fram í opinberu þskj. á hinu háa Alþingi, og hann getur aldrei svarið sig frá því. Erlendir lánardrottnar Landsbankans verða eflaust ekki mjög ginkeyptir fyrir þessu áliti fjármálaráðherrans íslenska, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans.

Það hafa altaf síðan 1899, þegar ganga átti milli bols og höfuðs á þjóðbanka okkar, fundist einhverjir menn, sem ekki hefir skort vilja til þess að eyðileggja hann. En það hefir altaf verið hægt að koma í veg fyrir það. En þetta glapræði, sem brtt. hæstv. fjrh. fer fram á, er áreiðanlega eitthvað það versta, sem fram hefir komið til skaða og álitsspillis Landsbankanum. Öll sú viðleitni hans um að leysa bankamálið á skakkan hátt hefir tafið fyrir því í 4 ár. Og nú hefir hæstv. ráðherra með bandalagi við háttv. 1. þm. G.-K. tekist að ganga svo frá frv., ef brtt. hans verður samþ., að eftir það er ekki hugsanlegt, að þjóðin verði ánægð með lausn þess. Hinsvegar er ósamræmi hjá hæstv. forsrh., eftir því sem sagt er, að hann hafi gefið þá skipun hv. formanni fjvn. þessarar hv. deildar að tefja störf nefndarinnar, svo að tími ynnist til að koma þessu máli fram, og hann gæti þá fengið aðstöðu til að útbýta bitlingum handa einhverjum gæðingum Íhaldsflokksins við þessa stofnun.

Þá ætla jeg nú að víkja frá þessari viðleitni hæstv. forsrh. um að tefja fyrir málinu og þinginu yfirleitt, og snúa mjer heldur að hinum heilbrigða þjóðarvilja, sem unnið hefir að því ár frá ári að kveða niður þá drauga, sem vaktir hafa verið upp til þess að eyðileggja Landsbankann. Þess vegna vona jeg, að hvenær sem þetta mál verður samþ., þá verði það gert með hag þjóðarinnar fyrir augum, en ekki vegna fjandskapar gegn einu og stærstu bankastofnun þjóðarinnar.

Þá kem jeg að einu atriði í ræðu

hv. frsm. meiri hl. í sambandi við þá rannsókn, sem meiri hl. nefndarinnar ætlast til, að sett verði á bankann. Og er það þá aðallega tvent í því sambandi, er jeg mun gera að umtalsefni og drepa lítilsháttar á. Er það þá fyrst þetta 20 ára dæmi, sem hv. 1. þm. G.-K. tók til þess að sanna skoðun sína, að mjer skildist, um skaðsemi bankarannsóknarnefnda, sem reyndist þó (1909) ekki nógu sterk að hans dómi til þess að eyðileggja bankann. Hann vildi sanna nauðsyn þess, að hæstirjettur skipaði þessa rannsóknarnefnd, með því, að hjer hefði áður verið bankarannsóknarnefnd, sem hefði mislukkast, af því að hún var svo til orðin eins og hann lýsti.

Hann talaði um 4 menn í sambandi við þessa rannsókn og ætlaðist víst til, að á þeim skylli skömmin. (**BK:** Og heiðurinn líka). Nú, jæja, við skulum segja það. Hann nefndi 4 menn, sem við þessa rannsókn voru riðnir. (**BK:** Jeg nefndi þrjá menn). Já, þrjá venjulega menn og einn ráðherra, en það eru til samans 4 menn. Hann nefndi þrjá lögfræðinga, sem þá voru í bænum, þá Svein Björnsson, sem nú er sendiherra í Kaupmannahöfn, Magnús Sigurðsson, bankastjóra við Landsbankann, Magnús Arnbjarnarson og heilsubilaðan ráðherra. Að því er snertir þennan heilsubilaða ráðherra, þá ætla jeg að biðja háttv. þdm. að athuga sjerstaklega með gaumgæfni, hvað það hefir að þýða. (**BK:** Jeg sagði ekki „heilsubilaðan", heldur talaði jeg um ráðherra, sem mist hefði heilsuna). Nú, jæja, við skulum þá fylgja því, enda skiftir það litlu, hvort ráðherrann sje talinn heilsubilaður eða hefir mist heilsuna.

Jeg ætla þá, þeirra manna vegna, sem nú heyra mál mitt, en ekki hinna vegna, sem sátu á þingi 1909, að víkja lítilsháttar að aðdraganda þeim, er bankarannsóknin 1909 átti. Eftir því sem Kristján Jónsson segir frá þessu máli undir umr. um skipun nýrrar bankarannsóknarnefndar á þinginu 1911, þá hafi Björn Jónsson, þáverandi ráðherra, sagt sjer (veturinn 1909), að hann ætlaði að láta framkvæma rannsókn á Landsbankanum. Segist Kristján Jónsson þá strax hafa varað ráðherra við að gera þetta og bent honum á, hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir bankann. En ráðherra skeytti því engu og skipaði rannsóknarnefnd á bankann, er Kristján Jónsson taldi þá þegar miður vel skipaða. Líður svo fram til 22. nóv. 1909, að tveir menn koma eftir skipun ráðherrans inn í Landsbankann og reka út úr honum bankastjórann sjálfan, Tryggva Gunnarsson, ásamt báðum gæslustjórum hans og setja inn Björn Kristjánsson, núverandi hv. 1. þm. G.-K. Þetta er sá mikli brottrekstur úr bankanum, sem mest var talað um á sínum tíma.

Björn Jónsson, sem var foringi þess flokks, sem hv. 1. þm. G.-K. taldist til, skipaði ekki aðeins fyrir um bankarannsóknina, heldur ljet hann reka Tryggva Gunnarsson út úr bankanum og setja hv. 1. þm. G.-K. inn. Þess vegna er sanngjarnt að heimta það af þessum hv. þm. (BK), að hann segi ekki neitt það um þennan fallna flokksforingja sinn, er kasti rýrð á minningu hans.

Nú er rjett að geta þess, að hver einasti maður, sem hlutlaust hefir kynt sjer málið, kemst að þeirri niðurstöðu, að þessi rannsókn á bankann hafi verið hið mesta glapræði, sem nokkru sinni hefir verið framið, og brottrekstur Tryggva Gunnarssonar pólitísk ofsókn, sem aldrei mundi hægt að rjettlæta, enda varð þessi ráðstöfun banamein þess langstærsta stjórnarmeirihluta, sem verið hefir í landinu.

En nú rifjar hv. 1. þm. G.-K. upp þessa sögu og segir hana á þann hátt, að engum blandast hugur um, að hann sje að reyna að draga athyglina frá sjer með því að niðra ýmsum mönnum, sem handgengnir voru foringja flokksins, þessum heilsubilaða ráðherra, sem þrotinn var að kröftum og ekki sjálfs sín ráðandi, að sögn hv. þm. (BK).

Annars ætla jeg ekki að eltast við alt í frásögn hv. þm., en vil þó minnast tveggja manna, sem hann nefndi og mjer er kunnugt um, að hann hefir fyrir rangri sök.

Er þá fyrst að nefna Svein Björnsson, son ráðherrans, sem hjer er ómaklega ráðist á. Var Tryggvi Gunnarsson guðfaðir Sveins og þeir vinir alla tíð, bæði undan og eftir að Tryggvi var rekinn úr bankanum. Enda var Sveinn á móti þeirri ráðstöfun og taldi hana frá upphafi mjög hættulega og skaðlega fyrir föður sinn. Sveinn er mjög varfærinn maður, enda bendir alt til, að hann hafi ráðlagt föður sínum heilt og varað hann mjög við að gera þetta glapræði, sem vondir menn hvöttu hann til að gera og stóðu á bak við hann með slæmum áhrifum. Um annan manninn, Magnús Sigurðsson, núverandi bankastjóra, er mjer líka kunnugt um, að hann var einnig mótfallinn og átti engan þátt í því, sem gerðist 22. nóv. 1909, enda hafði hann látið það ótvírætt í ljós, að þessi ráðstöfun gæti orðið til þess að skaða bankann. Við þriðja manninn hefi jeg ekki talað, en heyrt hefi jeg, að hann hafi líka verið á móti brottrekstrinum 22. nóv.

Nú vil jeg benda á, að fyr og síðar hafa böndin borist að hv. 1. þm. G.-K., að hann hafi verið pottur og panna í öllu þessu Landsbankafargani 1909. Það sje hann, sem staðið hafi á bak við nafna sinn, Björn ráðherra Jónsson, og það sje hann, sem með vondum áhrifum hafi ýtt þessum heilsubilaða foringja flokksins út í það glapræði, sem ráðstafanirnar 22. nóv. 1909 voru taldar að vera. Dylgjur hv. þm. um þessa þrjá lögfræðinga eru nú bornar fram til þess að draga fjöður yfir alt baktjaldamakk hv. þm. í þessu máli. Þess vegna er rangt að kasta skugga á minningu Björns Jónssonar í sambandi við þetta bankamál af manni, sem alþjóð veit og telur, að bera eigi alla ábyrgð af þeim mistökum og ófarnaði ráðherrans. Það mætti líka geta þess, að þessi sami maður, sem á lúalegan hátt reynir að ófrægja nafn látins vinar síns, hann er einmitt sá, sem græddi virðingu og metorð við þá breytingu, sem varð á Landsbankanum 22. nóv. 1909, en það er hv. frsm. meiri hl. (BK). Hann hafði mikið sóst eftir völdum áður, og þegar Íslandsbanki var stofnaður, gerði hann sjer glæsilegar vonir um bankastjórastöðu þar, en þær vonir brugðust. En þegar hann er kominn í

þann stærsta meiri hluta, sem verið hefir í landinu, vaknar valdalöngunin aftur, enda kemur það á daginn, að honum hefir tekist að koma svo ár sinni fyrir borð, að það er hann, sem Björn Jónsson hefir á boðstólum í bankastjórastöðuna, þegar búið er að reka Tryggva Gunnarsson út. Og áreiðanlega hefði þetta aldrei komið fyrir, ef hv. þm. (BK) hefði ekki staðið þar að baki nafna sínum.

Annars vil jeg geta um lítið atriði í sambandi við þessa frávikningu. Þegar búið var að reka Tryggva Gunnarsson út úr bankanum, gátu trúnaðarmenn stjórnarinnar ekki lokið starfi sínu, af því að sá maður var þar ekki staddur, er taka átti við bankastjórastarfinu. Gengu þeir þá út úr bankanum og vestur Austurstræti. Úti fyrir Hótel Ísland hittu þeir hv. 1. þm. G.-K., sem virtist vera á austurleið. En hann fór sjer hægt, var feiminn og uppburðarlítill. Þó fylgdist hann með mönnunum til baka, var settur inn í bankastjórastöðuna, tók við yfirráðum þar og hafði þá stöðu á hendi í 9 ár.

Nú vil jeg spyrja hv. frsm. meiri hl., hvernig honum geti dottið í hug, að nokkur, sem til þessa máls þekkir, muni leggja trúnað á þau orð hans, að hann hafi ekkert um þetta vitað fyr en hann var slæddur upp á vesturtakmörkum Austurstrætis, leiddur austur í Landsbanka og settur þar inn sem húsbóndi.

En það er meira en almennar líkur, sem sanna hlutdeild hv. þm. í bankafarganinu 1909.

Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð úr ræðu, sem Kristján Jónsson háyfirdómari flutti á þinginu 1911 og prentuð er í Alþt. þess árs í 360. dálki B-deildar. Þar farast háyfirdómaranum orð á þessa leið:

„Jeg ætla hjer að segja frá dálitlu atviki, sem bar við þ. 15. okt. (þ. e. 1909). Þann dag kom til mín mikilsmetinn maður og vinur ráðherra. Hann varpaði mæðilega öndinni og segir, að þetta bankaþóf ætli að taka ljótan enda, því að ráðherra muni ætla að setja alla bankastjórnina af, líka gæslustjórana. Jeg svaraði aðeins, að jeg tryði því ekki. Nafn mannsins get jeg nefnt fyrir væntanlegri rannsóknarnefnd".

Þetta er fyrsti framburður Kristjáns Jónssonar háyfirdómara. Hann nefnir að vísu ekki manninn, en það er vitanlegt, að það hefir verið Björn Kristjánsson, sem hann hefir átt við og sem hann segir, að hafi sagt sjer frá þessu máli, áður en frávikningin átti sjer stað. Síðar, á þinginu 1911, var skipuð rannsóknarnefnd í þetta mál, og var Lárus H. Bjarnason, nú hæstarjettardómari, mjög framarlega í þessari rannsókn, og hann víkur svo að þessu aftur, hver þessi maður hafi verið, sem vitað hafi um frávikningunna fyrirfram, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr ræðu, sem hann flutti í Ed. 22. febr. 1911; það er í B-deild þingtíðindanna, 399.—400. dálki og hljóðar svo:

„Og víkur þá máli að afsetningunni 22. nóvember 1909, sem líklega hefir verið ráðin 15. okt. 1909. Að hún hafi verið ráðin þann dag, má marka af því, að háyfirdómari Kristján Jónsson hefir borið fyrir nefndinni, að þann dag hafi Björn Kristjánsson komið heim til sín og hafði B. K. gefið honum í skyn, að ráðherra

mundi vera búinn að afráða að setja gæslustjórana af, og bætt við, að sjer þætti leiðinlegt að missa þá. Björn Kristjánsson mundi að vísu ekkert eftir þessu samtali, er hann var kallaður fyrir nefndina, jafnvel ekki er háyfirdómari minti hann á það, að hann hefði komið heim til sín í rökkrinu, og lýsti ítarlega öllu, sem þeim hafði farið á milli".

Þetta kom sem sagt fram fyrir nefndinni og er viðbót við þær sannanir, sem jeg er áður búinn að færa fram, og hygg jeg, að það verði mjög erfitt fyrir hv. 1. þm. G.-K. að ósanna það, að hann hafi að minsta kosti vitað um það aðalafbrot, sem fremja átti í þessu máli, og viljað benda á það. (**BK:** Það er dálítið annað að vita um afbrot eða vera orsök í því). Hv. þm. segir, að það sje dálítið annað að vita um afbrot eða vera orsök í því, en því er nú miður fyrir hann, að það má heita sannað, að hann var einmitt potturinn og pannan í þessu.

Nú er það svo, að Kristján Jónsson háyfirdómari bar þetta tvisvar fram í rannsóknarnefndinni og tilgreindi bæði stund og stað. En hins vegar hefir maður sá, sem þetta var borið á, ekki neitað því, eins og hann hefði getað, ef þetta hefði ekki verið rjett, og jeg vil sjerstaklega benda á það, að þar sem Kristján Jónsson hefir verið dómstjóri hæstarjettar, og þar sem hv. þm. álítur, að þá hæstu visku og rannsókn í bankamálum megi fá með því að blanda hæstarjetti inn í þau, þá verður hv. þm. að játa, að Kristján Jónsson háyfirdómari er það hæsta vitni, sem hægt er að leiða fram. En vitnisburður dómstjórans er hjer mjög á móti bankastjóranum.

Háttv. þm. hefir nú gengið hjer í gildru. Nú játar þessi hv. þm., að hann hafi talað þessi orð við Kristján Jónsson, en segir, að það sje annað að hafa vitað um brottrekstrinn eða hafa ráðið til verksins. Innskot hv. þm. er hjer sönnunin. Á þingi 1927 man hann eftir að hafa vitað 15. okt. um brottrekstrinn, sem framkvæmdur var 22. nóv. En eins og jeg hefi sannað með orðum L. H. Bjarnasonar prófessors, þá segist Björn Kristjánsson fyrir rannsóknarnefnd Ed. 1911 ekki muna eftir þessum ráðagerðum. Í stuttu máli: Hv. 1. þm. G.-K. játar árið 1927, að hann muni eftir atviki frá 1909, sem hann fyrir rjetti 1911 fullyrðir, að hann muni ekki eftir. Hann er hjer orðinn tvísaga. Og eftir öllum málavöxtum er hjer komin fram þungvæg sönnun um sekt hans í brottrekstri Tr. Gunnarssonar, sem hann hjer hefir viljað koma yfir á aðra og saklausa menn. En er nú nokkuð líklegra, þar sem Kristján Jónsson segir, að hv. þm. hafi verið aldavinur ráðherrans, og þessi góði vinur ráðherrans er einmitt skipaður bankastjóri? Liggur þá ekki nærri að halda, að hv. 1. þm. G.-K. hafi verið aðalpotturinn og pannan í þessu atferli, enda uppsker hann mest af því?

En mjer dettur í hug, þegar jeg lít á þessa tilefnislausu málsvörn hv. 1. þm. G.-K. í þessu máli hjer í deildinni, að minna á eitt dæmi úr fornsögunum, sem allir þekkja, þegar Njálssynir og Kári höfðu, að tilhlutun Marðar Valgarðssonar, vegið Höskuld Hvítanesgoða. Vígið var hið mesta óhappaverk. Þá settu Njálssynir upp, að Mörður veitti Höskuldi líka sár, svo að hann væri í sök með þeim. En þegar hann

tekur að sjer að verja málið og nefnir votta að benjum, þá lætur hann hjá líða að geta um eitt sárið, einmitt það sárið, sem hann sjálfur hafði veitt, og það gerði hann til þess að ónýta málið. Jeg held, að hv. 1. þm. G.-K. hafi farið hjer að eins og þessi vitri en ekki vandaði maður, Mörður Valgarðsson; hann hefir ekki nefnt votta að þeirri ben, sem hann sjálfur hefir vakið.

Jeg tel þess vegna, að jeg hafi jafnvel gert meira en skylda mín var til þess að upplýsa þetta gamla mál, en jeg get ekki varist þeirri skoðun, að þó að hv. 1. þm. G.-K. hefði ekki verið með í þessu atferli, þá hefði það samt verið skylda hans að vera ekki að draga þetta óhapp síns látna vinar, Björns Jónssonar ráðherra, inn í umræðurnar að ástæðulausu, og ef hv. þm. (BK) kennir nokkurs sársauka af því, sem jeg hefi sagt hjer, þá verður hann að viðurkenna, að úr því að vinur hans, Björn Jónsson, treysti honum í vandasömum efnum, þá átti hann það ekki skilið, að hv. þm. (BK) væri að ástæðulausu að halda á lofti höfuðósigri Björns Jónssonar.

Þetta dæmi, sem hv. þm. (BK) tók til að sanna skaðsemi bankarannsókna, hefi jeg nú rakið eins og það var og skýrt frá, hvert álit þjóðin hefir á því, og verð jeg að segja það, að þessi bankarannsókn reyndist að vera tilefnislaus, aðeins sprottin af fjandskaparástæðum við Landsbankann. Það er þess vegna óeðlilegt, að hv. þm. (BK), sem vill koma á rannsókn á Landsbankanum, skuli vera að draga þetta inn í umr., því að ekkert mælir frekar á móti því en þessi sögulega frásögn hv. þm. En úr því hv. þm. hefir kosið að draga þennan gamla atburð inn í umræðurnar að tilefnislausu, er ekki hægt að komast hjá því að minnast á eitt atvik, sem kom fyrir kvöldið 22. nóv. 1909 í hvelfingu Landsbankans. Fjendur Tr. Gunnarssonar vonuðu, að sjóðþurð mundi reynast í bankanum, ef talið væri snöggleg. Sú sjóðþurð átti að rjettlæta afsetninguna. Um kvöldið seint var búið að telja. Þeir stóðu báðir í hinu daufa lampaljósi sinn hvorumegin í hvelfingunni, hinn mikli maður, sem verið var að reka, og hinn litli maður, sem var að taka við. Þegar sannreynt var, að engan eyri vantaði í sjóðinn, dró Tr. Gunnarsson stóra lyklakippu úr vasa sínum, kastaði henni fyrirlitlega að fótum eftirmanns síns og sagði: „Njóttu eins og þú hefir aflað!“

Tr. Gunnarsson vissi, hvernig eftirmaður hans hafði aflað lyklavaldanna í Landsbankanum og hann varð sannspár um, hversu fara myndi. Eftir 9 ár hröklaðist hinn lævísi eftirmaður úr bankanum, með lítilli virðingu og gaf sjer sjálfum þann vitnisburð, að hann væri öreigi. Annars voru þessir tveir bankastjórar merkilegar andstæður. Annar var mesti og athafnaríkasti framfaramaður sinnar samtíðar. Hann bygði brýr og vegi. Hann var frömuður vöruvöndunar og verslunarsamtaka almennings. Hann var faðir þilskipaútgerðarinnar og íshúsanna. Hann prýddi land sitt og bæ á margan hátt. Hinn var rótgrónasti afturhaldsmaður sinnar tíðar, fjandmaður pöntunarfjelaga, kaupfjelaga, Sambandsins, símans, járnbrautarinnar og þjóðbankans. Það var vel við eigandi, að slíkur maður hefir nú undir æfilokin afhjúpað sig gagnvart fortíð

sinni eins og hv. þm. hefir gert í þessu máli.

Nú vil jeg víkja að rannsókninni eins og hv. þm. hugsar sjer hana, og vil jeg þá geta þess, að það kom bersýnilega fram í ræðu hv. þm. fullkomin óvild til bankans. Hv. þm. var að hlakka yfir því, að það hefði þurft að afskrifa mikið af töpum í bankanum nú á síðari tímum, en það hefði ekki þurft að gera í hans tíð, sem mun vera rjett, en gat þess ekki, að það var öðruvísi umhorfs í atvinnumálum landsins á árunum 1909—1918 heldur en síðan, og í öðru lagi vita menn það af mörgu, sem hefir komið fram hjá hv. þm., að hann bar altaf kala til Landsbankans, nema þegar hann var þar bankastjóri. Hann var fullkominn óvinur Landsbankans á þeim árum, sem verið var að koma Íslandsbanka á stofn, og hv. þm. veit það svo vel, að honum þýðir ekki að reyna að bera á móti því. Hv. þm. var einn af þeim mönnum, sem frekast gengu fram í því að koma Íslandsbanka á fót, og það eru til greinir í blöðum frá þeim tíma, sumar undir hans nafni, en sumar nafnlausar, en sem allir vita, að hv. þm. hefir skrifað, sem gengu í þá átt að styðja dráp Landsbankans. Þegar hv. þm. er að brjótast til valda í bankanum, þá verður sú mikla stjórnarbylting, sem jeg hefi nú sagt frá. Þá verður hv. þm. mótsnúinn Íslandsbanka um stund, meðan hann er bankastjóri Landsbankans, en þótt hann hafi síðan hann fór burtu úr bankanum haft laun þaðan, þá er það vitanlegt, að hv. þm. hefir verið mótgangsmaður bankans í orði og verki, og þarf ekki annað en minna á, að í þeim umtalaða pjesa, sem hv. þm. ritaði á móti kaupfjelögunum, gat hann ekki dulið óvild sína til bankans.

Grundvöllurinn að rannsóknarkröfu hv. þm. sýnist vera óvild við bankann, en hjá hæstv. ráðh. (JÞ) til að ganga inn á þessa fjarstæðu hjá hv. þm., þó að hann sje á móti henni, aðeins það, sem kallað er of mikil löngun í ráðherrasætin. Þess vegna eltir stjórnin þetta reikula stuðningsatkvæði sitt út í öfgar og vitleysu.

Ástæður til þessarar nýju rannsóknar á Landsbankanum virðast vera veikar, þegar á það er litið, að með bankalögunum gerist ekki annað en það, að landið afhendir sjálfu sjer banka, sem það altaf hefir átt og látið reka, og að bankinn tekur nú við seðlaútgáfurjetti, sem um stund hefir verið í höndum útlends banka fyrir tilverknað óþjóðlegra manna. Það dettur engum í hug, að þetta hafi í sjálfu sjer önnur áhrif en þau, að það geti oltið á nokkru um þær fjárhæðir, sem landið leggur til bankans, eftir því, hvernig hagur hans er. Ef bankinn, sem jeg þó ekki geri ráð fyrir, skuldar eina miljón króna fram yfir eignir, þá er það ekki annað en það, að landið verður að greiða þetta, og er þetta því ekki annað en áætlun, sem á að gera fyrir þingið, til þess að það geti betur ákveðið, hve mikið það þarf að leggja í stofnsjóð bankans á næstu árum. En hinsvegar, ef nokkuð er að marka þær röksemdir, sem þessir menn komu með árið 1923 gegn því að Íslandsbanki væri rannsakaður, þegar búið var að lána honum 6—7 milj. króna, sem menn vissu ekkert um, hvaða tryggingar væru fyrir, og slík rannsókn mátti með engu móti fram fara, vegna þess að það myndi

spilla svo stórkostlega trausti manna á bankanum, bæði utan lands og innan, en nú er ekkert á móti því, að þessi rannsókn fari fram á Landsbankanum, þá er annaðhvort, að það hefir verið alveg ósatt, sem þessir menn sögðu 1923, og Íslandsbanki hefði þá verið skaðlaus af þeirri rannsókn, eða þá að Íhaldsmenn eru nú vísvitandi að baka Landsbankanum stórtjón.

Á þessu þingi, árið 1923, þegar við Framsóknarmenn bárum fram kröfu um það að rannsaka hag Íslandsbanka, sem landið átti ekki, en hafði lánað stórfje og átti því kröfu til að fá nákvæmt yfirlit um hag hans, þá er komið fram með frv., sem átti að leysa þrautina um eftirlitið, nefnilega frv. um bankaeftirlitsmanninn. Þetta frv. mun núverandi bankastjóri við Íslandsbanka, Sigurður Eggerz, hafa samið upphaflega, en hann fjekk það í hendur nefnd í Nd., sem núverandi forsrh. var frsm. fyrir, og lýsti hann þá blessun sinni yfir því, að þarna kæmi lækningin, sem ætti að nota, þegar á lægi að vita, hvernig hagur einhvers banka stæði. Stallbróðir hans, núverandi atvrh., studdi mál hans og allur þeirra flokkur, og frv. kom svo til Ed. og hún afgreiddi það eftir að tveir þm. voru farnir heim, þeir Sigurður heitinn Jónsson og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Frv. var þá samþ. með öllum atkvæðum gegn tveimur, hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og mínu. Þess vegna hefir að minsta kosti helmingur stuðningsmanna stjórnarinnar í þessari deild samþ. bankaeftirlitsmanninn, að viðhöfðu nafnakalli, á þinginu 1923. Þetta embætti hefir þá verið stofnað til þess að vera lækning í þessu efni, en nú, þegar þessi maður er búinn að skoða báða bankana og orðinn þeim þaulkunnugur, þá vill hv. frsm. meiri hl. ekki vera með því, að hann sje notaður, þar sem það þó einmitt stendur opið fyrir stjórninni að nota þennan mann. Nei, hv. frsm. meiri hl. vill ekki, að þessi embættismaður, sem hann hefir verið með til að skapa, til þess að hindra sjálfsagt bankaeftirlit, sje notaður. (**BK:** Hv. þm. skilur ekki, hvað það er að rannsaka hag banka). Jeg get vel verið samþykkur hv. þm. um það, að jeg skilji ekki hneykslisrannsókn eins og þá, sem fram fór árið 1909, og að hv. frsm. meiri hl. hafi meira vit á þeim en jeg, en jeg aftur á móti meira vit á heilbrigðum rannsóknum. (**BK:** Ekki heilbrigðum rannsóknum; það er ofsagt). Jeg hefi þess vegna mjög mikla ánægju af því að heyra, eftir þær mörgu rannsóknir, sem bankaeftirlitsmaðurinn hefir framkvæmt, hvaða rök Íhaldsmenn geta haft fyrir því að stofna þessa sjerstöku rannsóknarnefnd, og jeg verð að segja það, að það er nokkuð beisk pilla, sem hæstv. ráðh. hefir orðið að gleypa fyrir að fá að halda vinfengi hv. 1. þm. G.-K., því svo djúpt lýtur hæstv. ráðh. í duftið, til þess að geta haldið vinfengi þessa manns í þær 3—4 vikur, sem þingið á eftir að sitja, svo mikið lætur hæstv. ráðh. lítillækka sig, til að fá að heita bráðabirgðaráðherra.

Jeg fæ nú ekki betur sjeð heldur en ef þessi samtök hæstv. fjrh. og hv. 1. þm. G.-K. á móti Landsbankanum ná fram að ganga, og ef þeir fara fram á, að áhugamál þeirra, rannsóknin, kom-

ist í framkvæmd og þeim tekst að svifta bankann þeirri tryggingu, sem almenningur trúir, að sje fyrir innlögum í hann, þá mundu þeir að öllum líkindum geta komið hag hans þannig fyrir, að Landsbankinn yrði ekki mjög vel fær til þess á næstu missirum að vera það fjöregg landsins í fjármálum, sem allir ætlast til, að hann sje. Og ef jeg mætti vitna aftur til Njálu, þá sýnist mjer, að þar sje fordæmi um það samband, sem er á milli þessara manna. Þegar Hrappur hafði lent í ósátt við Hákon jarl og gert mikið á hluta hans, leitaði Hrappur sem kunnugt er á fund Þráins, er hann var að leggja frá landi; kemur Hrappur til hans og biður hann fyrir fje að bjarga sjer undan reiði jarls, og lofar Þráinn því og felur hann í skipinu. Jarl kemur þar svo og spyr um Hrapp. en Þráinn segir þessum vini sínum ósatt, og þeir sleppa undan. En þegar þeir eru farnir, segir Hákon jarl þau viturlegu orð, að hann viti, að Hrappur hafi verið í skipinu og ekki sje því um að kenna vitsmunaleysi sínu, heldur sje það að kenna sambandi þeirra, sem þá muni báða draga til dauða. Nú vil jeg ekki spá því, að þetta samband þessara tveggja hv. þm. (JÞ og BK) muni draga þá til líkamlegs dauða, heldur muni það eiga góðan þátt í því að draga þá báða til pólitísks dauða.

* Nú verð jeg þá að víkja að sjálfum framkvæmdunum á þessari rannsókn, till. hv. meiri hl. um, að hæstirjettur skuli útnefna mennina. Jeg hefi aldrei haldið, að þessi till. væri komin frá hv. 1. þm. G.-K., og tel jeg það honum til hróss, heldur muni hún vera komin frá öðrum manni í nefndinni, þeim reynsluminsta og að öllum líkindum þeim fávísasta í nefndinni um það, sem lýtur að slíkum efnum. Jeg get nefnilega sagt það, að í brtt. þeim frá hv. 1. þm. G.-K., er nefndin hafði til afnota, var gert ráð fyrir, að þingið sjálft tilnefndi þessa menn, og ef rannsókn átti að fara fram, þá var það vitaskuld þingið, sem átti að tilnefna þá, en það mun vera hv. 6. landsk. (JKr), sem hefir fundið upp þessa flugu, og svo fengið sjer reyndari og minna grannvitran mann, hv. 1. þm. G.-K., og aðra flokksbræður sína til þess að vera henni fylgjandi. Það er þá fyrst að segja um þessa till. að forminu til, að þar sem hjer er að ræða um stórkostlega íhlutun um fjárhagsmál landsins, þá er hlutleysi hæstarjettar í hæsta máta raskað með þessu. Það þarf svo sem engum blöðum um það að fletta, hvort það hefði þótt hæfa, að landsyfirrjettur hefði nokkuð verið riðinn við þá rannsókn, sem framkvæmd var á Landsbankanum árið 1909, hvort það hefði ekki þótt alveg óhugsandi, að landsyfirrjettur, sem þó var ekki hæstirjettur landsins, blandaði sjer inn í mál, sem um langt skeið var eitthvert hið viðkvæmasta mál í landinu. Nú er sú tilraun, sem hjer er verið að gera, sama eðlis eins og þegar Loki forðum kom mistilteininum í hönd hinum blinda guði Ásanna, og ljet hann skjóta honum að Baldri. Nú á að blanda hæstarjetti, sem á að vera blindur vegna rjettlætis, eins og rjettvísin er sýnd blind á öllum táknmyndum, inn í viðkvæmasta deilumálið hjer á landi og láta hann skjóta þessari eiturör inn í hjartarætur þessarar þjóðarstofnunar. Ef þessi rannsókn hefði fyrst og fremst

ekki verið alveg tilefnislaus, hefði ekkert verið við henni að segja, en fyrir utan það er þessi aðferð óhafandi. En það háskalegasta við þetta er ef til vill það, að hjer á að gera hæstarjett, sem á að vera hafinn yfir allar daglegar erjur þjóðlífsins, að framkvæmdarvaldi í heitasta deilumáli þjóðarinnar, og auk þess vill hv. 1. þm. G.-K. nota hæstarjett hjer eins og hann notaði ráðherrann, vin sinn, farinn að heilsu, árið 1909.

Jeg mótmæli því, að hæstarjetti sje blandað hjer inn í, því að það kann að vera nóg, þó að ekki sje farið að bæta við þá erfiðleika, sem hæstirjettur hefir við að stríða.

Jeg býst við því, að það lokki hv. frsm. til að gleypa þessa flugu um hæstarjett, að hann telur sig hafa unnið sigra þar, t. d. þegar hann fjekk aðeins dæmd dauð og ómerk þau orð, sem hann hafði haft um samvinnufjelögin, en slapp við þungar sektir út af þeim. En úr því farið er að tala um óskeikulleik hæstarjettar, þá er rjett að benda á, að fyrir hafa komið atvik, sem sýna, að hann er eins og önnur mannanna börn og getur sjeð sig um hönd. Á síðustu missirum hafa þar verið kveðnir upp tveir dómar, sem allir vita, að benda til þess, að mismunandi ályktanir sjeu dregnar út af sömu staðreyndum. Til þess að gera hv. 1. þm. G.-K. þetta ljóst, skal jeg benda á, að jeg tek þetta ekki upp hjá sjálfum mjer, heldur er það skjalfest. Fyrra málið er það, að hæstirjettur sýknar hv. 1. þm. G.-K. af skaðabótakröfu fyrir margsamantvinnaðar árásir á 50 stofnanir hjer á landi og tilraunir um að tvístra algerlega samvinnufjelagsskapnum og fá fjelögin uppleyst. (**BK:** Eftir þessu er jeg mikill maður í augum hv. þm.). Já, mikill í afglöpum. (**Forseti** hringir).

Það sannaðist í málinu, að hv. þm. hafði gert margítrekaðar tilraunir um það, bæði leynt og ljóst, með undirróðri og í prentuðu máli, að fá S. Í. S. leyst upp, eða banna það með lögum, og hann bar það á stofnendur þess, t. d. annan eins mann og Hallgrím heit. Kristinsson, að þeim hefðu gengið til illar hvatir og að þeir verðskulduðu ekki tiltrú.

Hæstirjettur viðurkendi, að þetta o. m. fl. væru niðrandi ummæli, bæði um S. Í. S. og trúnaðarmenn þess, en það væri þó ekki sannað, að aðili hefði orðið fyrir neinu tjóni þess vegna — náttúrlega af því, að enginn hafði tekið orð hv. þm. trúanleg. Hæstirjettur vildi því ekki líta á tilverknaðinn, þar sem hann hafði ekki hepnast að tilætlun upphafsmanns.

Svo liðu nokkrir mánuðir. Þá kom fyrir annað mál, sem einn af eigendum Morgunblaðsins, Garðar Gíslason stórkaupmaður, hafði höfðað á hendur Tryggva Þórhallssyni fyrir greinir, sem birst höfðu í Tímanum frá ýmsum, um hrossaverslun hans. Voru það aðeins „kritiskar" greinir og um það meðal annars, að þessi kaupmaður hefði ekki gefið nógu hátt verð fyrir hrossin. Þetta taldi hann, að hefði spilt fyrir hrossaverslun sinni og dregið úr tiltrú sinni. En við rannsókn reyndist það svo, að hann hafði engu tapað á þessu. Var því hjer nákvæmlega eins ástatt eins og um hið fyrra mál, sem jeg nefndi, og þó miklu minni sakir, því að það hafði aldrei

verið um það talað að leggja verslun Garðars Gíslasonar niður, og ekki var hann heldur vændur um það, að hann hefði stofnað hana af illum hvötum.

Hæstirjettur komst að þeirri niðurstöðu, að greinirnar hefðu ekki skaðað hann, heldur mundi hann hafa grætt á þeim, ef þær hefðu orðið til þess, að hann hefði fengið færri hross en ella, því að tap varð á hrossaversluninni það árið. En samt ályktaði rjetturinn þveröfugt við það, sem hann hafði gert í fyrra skiftið, og segir nú, að tilraunin til þess að skaða verslunina sje nóg til þess að dæmdar sjeu skaðabætur fyrir. Þó var hæstirjettur ekki eins ósamkvæmur sjálfum sjer og undirrjetturinn, sem dæmdi eins í máli S. Í. S. og hæstirjettur, en hafði fimmfalda sektarupphæðina til Garðars Gíslasonar móts við hæstarjett.

Jeg verð að láta hv. 1. þm. G.-K. vita það, að þessir tveir dómar eru svo, að hvorki leikir menn nje lærðir geta skilið, að neitt samræmi sje í þeim. Jeg held meira að segja, að það hafi komið fram í Morgunblaðinu viðurkenning á því, að hæstirjettur hafi sjeð sig um hönd eins og mannanna börn. (**Forseti** hringir). Já, það er nú ekki nýtt, að það er eins og komið sje við hjartað í hæstv. forseta, ef Morgunblaðið er nefnt, og sannast hjer það, sem mælt er, að ekki má nefna snöru í hengds manns húsi. En þó vil jeg nota tækifærið til þess að lýsa yfir því, að um flest annað, sem ber á góma, er hæstv. forseti mjög frjálslyndur. (**Forseti:** Eldhúsdagur er nýafstaðinn hjer í deildinni, og er ekki nú. Þess vegna vil jeg biðja hv. ræðumann að halda sjer við efnið).

Jeg varð að drepa á þetta, úr því hæstirjettur var dreginn inn í umr., en það er virðingarvert, að hæstv. forseti vill ekki láta minnast einu orði á Morgunblaðið hjer í deildinni. Tel jeg það að vissu leyti virðingarvert af hæstv. forseta að vilja ekki láta nefna neitt hjer í deildinni, sem er verulega ljótt.

Jeg hygg, að hv. frsm. geri hæstarjetti engan greiða með því að vilja draga hann inn í framkvæmdir á málefnum ríkisins. Því er nú einu sinni þannig háttað, að hæstirjettur stendur undir öðrum hæstarjetti — hæstarjetti almenningsálitsins, og við verðum að reyna að forðast það eins og heitan eldinn, að nokkur skuggi falli á hæstarjett í augum almennings. En í báðum þessum málum, sem jeg nefndi, gengur dómur hæstarjettar almennings í móti dómum hins „juridiska" hæstarjettar, og er síst þörf að fjölga slíkum málum.

Jeg hefi nú sannað, að hvernig sem á er litið, þá er það tilgangslaust að vera að fyrirskipa rannsóknarnefnd, og slík rannsókn sýnist óþörf af hálfu þeirra manna, sem nú vilja koma henni á, því að í hitteðfyrra bjuggu Íhaldsmenn til sjerstakt rannsóknarmannsembætti í þessu skyni í trássi við okkur Framsóknarmenn. En úr því þetta embætti er nú stofnað, þá viljum við nú gefa meiri hlutanum kost á því, að embættið fái að njóta sín. En hæstarjetti má ekki, sjálfs hans vegna, blanda inn í þetta mál, því að það yrði til þess, að mikið yrði deilt um óskeikulleik hans. Sjerstaklega vona jeg, að hv. frsm., sem nú er farinn að iðrast synda sinna frá 1909

og hefir játað, að þeir atburðir, sem þá gerðust, hafi verið blettur á þeim, er að þeim stóðu, fari nú ekki að stíga ofan í víxlspor fyrri ára, um það leyti sem hann er að setja sitt „pólitíska" skip í naust.

Hefi jeg þá lokið að tala um hina almennu hlið málsins og kem þá að svörum hv. meiri hluta og mótmælum hans gegn till. mínum og athugasemdum við brtt. meiri hl. Vil jeg þá fyrst minnast á 1. og 3. brtt. Jeg get fallist á, að það sje gott að styrkja bankann með því að afla honum meira stofnfjár en frv. sjálft gerir ráð fyrir, en ekki að gulltryggingin sje hækkuð úr ⅓ upp í 40%. Nú nýskeð hefi jeg talað við einn af hagfræðingum okkar, sem líka er bankastjóri, og hann kom með skýr mótrök gegn þessu og sagði, að það væri í raun og veru tilgangslaust að hækka gulltrygginguna. Ef menn vildu binda meira fje en frv. fer fram á, þá mundi síst veita af 5 milj. króna, en það sje stórt fjárhagsspursmál, hvort eigi að binda meira fje í gulli heldur en nauðsynlegt er. Og frá sjónarmiði okkar, sem álítum, að landið beri siðferðilega ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans, er ekki ástæða til þess að hafa gulltrygginguna mjög háa, þegar önnur og meiri trygging er á bak við. Það er einn af höfuðgöllunum á frv. og brtt. hæstv. fjrh., að hann vill svifta bankann ábyrgð landsins, og þá um leið þeirri tiltrú, sem hann nýtur, eins og Ólafur prófessor Lárusson heldur rjettilega fram. Vegna þessarar vantandi ábyrgðar verður að binda meira fje í gulli og varasjóði. Ef það verður ákveðið, að landið beri ekki ábyrgð á bankanum og skuldbindingum hans, þá er það ekki til annars en spilla trausti hans út á við, en þjóðin mun eftir sem áður telja, að hún beri að minsta kosti siðferðilega ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Hjer er því ekki nema um þetta tvent að ræða, hvort við eigum að skapa tortryggni gegn bankanum eða láta heilbrigða skynsemi ráða: að tryggja bankann, en láta hann þó ekki hafa meiri gulltryggingu heldur en Íslandsbanki hafði og reyndist nóg á eðlilegum tímum.

Jeg hleyp þá yfir margar þýðingarlitlar brtt. hjá hv. meiri hl. og kem að 15. brtt., um það, að í stað þess að skylda bankann til að eiga ⅓ af sparisjóðsfje sínu í tryggum verðbrjefum, skuli koma 15% fyrst í stað, sem svo skuli aukin svo fljótt, sem tiltækilegt er, upp í 30%. Það mun hafa vakað fyrir hv. meiri hl., að Landsbankanum yrði um megn að fá fljótlega trygg verðbrjef fyrir ⅓ af sparisjóðsfjenu. Reynslan er nú sú, að sparisjóðsfje beggja bankanna stendur að miklu leyti í áhættufyrirtækjum, og á mörgum þeirra hafa orðið veruleg töp. Jeg tel því sjálfsagt, að bankinn kaupi sem fyrst sem mest af verðbrjefum til tryggingar sparisjóðnum, og jeg ætlast til, að helmingur þeirra brjefa verði jarðræktarbrjef, og yrði það þá sá stuðningur, er bændum yrði veittur.

Jeg er þá kominn aftur að hinum veigameiri brtt. hv. meiri hl., en af því að jeg vil ekki þreyta hv. þdm. meira að sinni, og jeg á enn eftir mína 3. ræðu, þá ætla jeg að geyma mjer þangað til að svara hæstv. forsrh. og að gagnrýna hinar aðrar brtt. háttv. meiri hl. fjhn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. 4. landsk. (MK) gerði landsbankanefndina sjerstaklega að umtalsefni. Hann vísaði í fordæmi frá Svíþjóð og sagði, að þar væru 48 þingmenn í bankanefnd. Jeg verð nú að segja það, að mjer finst það dæmi ekki vel valið til þess að sýna það, að okkar Alþingi eigi ekki að hafa þessi störf með höndum. Mjer finst einmitt, að vegna þess, að okkar þingsamkoma er svo fámenn, þá sje síður ástæða til þess að hafa þennan 15 manna millilið milli hennar og bankaráðsins.

Hv. þm. (MK) talaði einnig um það, að sú skoðun kæmi fram í frv., að aðgreina bæri hið pólitíska vald og peningavaldið í landinu og vildi líta svo á, að það væri vantraust á þinginu. — En þetta er ekki rjett, og má benda á dæmi úr okkar eigin stjórnarskipun. Þar er reynt að aðgreina dómarastörf og þingstörf með því að banna dómurum hæstarjettar að sitja á þingi. Það þykir holt fyrir þjóðfjelagið, að slík verkaskifting eigi sjer stað. Svipaður hugsunarháttur liggur til grundvallar fyrir þeirri stefnu að draga bankana út úr deilumálum á þingi, þar sem flokksböndin skifta mönnum í flokka í málum, jafnvel þar sem ekki er um rjettmætan og eðlilegan skoðanamun að ræða.

Þá hefir bæði þessi og aðrir hv. þm. gert að umtalsefni brtt. hv. meiri hl. við 60. gr., um skipun nefndar, sem á að framkvæma úttekt á Landsbankanum. Mjer er það alveg óskiljanlegt, hve mikið hv. andmælendur gera úr þessari till. Í stjfrv. er gert ráð fyrir, að stjórnin láti fram fara úttekt á þankanum í hendur bankaráðsins. Þetta er í raun og veru það sama og brtt. hv. meiri hl. fer fram á. Efnisbreyting á frv. er hún aðeins að því leyti, að hún gerir ráð fyrir, að hæstirjettur skipi mennina í nefndina, en stjfrv. ætlast til þess, að stjórnin geri það. Jeg geri ráð fyrir, að flestir mundu verða því fegnir að vera lausir við að skipa mennina. Jeg get sagt það fyrir mig, að mjer líkar það stórum betur. Því að það gæti vel farið svo, ef það væri pólitísk stjórn, sem skipaði þá, að það yrði notað gegn henni, ef niðurstaðan yrði önnur en einhverjir kynnu að óska.

Hv. 1. landsk. (JJ) bar till. saman við till. þá, sem borin var fram í hv. Nd. 1923 um skipun nefndar til þess að rannsaka hag Íslandsbanka. En þetta er ekki sambærilegt. Aftur á móti er til annað dæmi, hliðstætt þeirri úttekt, sem hjer á að fara fram, og það er sú úttekt á Íslandsbanka, sem ákveðin var með 5. gr. laga 31. maí 1921, um seðlaútgáfu og hlutafjárauka Íslandsbanka. Þá stóð svipað á eins og hjer. Þá var ætlast til þess, að Íslandsbanka yrði lagt til nýtt fje, eins og hjer er gert ráð fyrir, að ríkið leggi Landsbankanum til nýtt fje. Og það þótti þá sjálfsagt að fá fulla vitneskju um hag stofnunar, sem átti að leggja almannafje í, og datt engum í hug, að það gæti valdið tortrygni á bankanum. Alveg sama tilefni er nú til þess að láta rannsókn fara fram á hag Landsbankans, og sú rannsókn getur ekki valdið neinni tortrygni. Það var fimm manna nefnd, sem samkv. þessum lögum átti að framkvæma úttekt Íslandsbanka, og af því að um hlutafjelag var að ræða, var ákveðið, að skipun nefndarinnar væri þannig

hagað, að ríkisvaldið tilnefndi 2 menn, Íslandsbanki 2 og hæstirjettur oddamann. Þegar um er að ræða stofnun, sem ríkið á eitt, er vitanlega ekki hægt að fara þessa sömu leið um nefndarskipunina, en mjer finst ekki óeðlilegt, að höfð sje sama aðferð nú um nefndina alla og þá var um skipun oddamanns, þ. e. a. s., að hæstirjettur tilnefni mennina. Mjer þykir ekki nema eðlilegt, og það hefir öllum þótt, sem um málið hafa fjallað, að þetta sje framkvæmt á einhvern annan hátt en að fela bankaeftirlitsmanninum það, enda er verkefni þessarar nefndar dálítið annars eðlis en starf hans. Verkefni hennar er að meta eignir bankans til þess að vita, hve mikið ríkissjóður þarf að leggja fram til þess að stofnfjeð verði 5 milj. Af því niðurstaða þessa mats sker úr, hve mikið ríkissjóður verður að leggja fram, er sjálfsagt að tryggja sem best, að matið verði rjett og ekki óhagstæðara ríkissjóði en vera þarf. — Jeg læt þetta nægja til svars við aðfinslum, sem fram hafa komið við brtt. meiri hlutans og sem að efni til hafa líka beinst á móti ákvæðum frv. um þessa úttekt á bankanum, þó að andmælendur hafi kannske ekki gert sjer það ljóst.

Þá skal jeg næst víkja að því, sem hv. 4. landsk. (MK) og hv. 1. landsk. (JJ) hafa sagt um brtt.

Hv. 1. landsk. ber fram brtt. þess efnis að setja nýja grein í frv. á eftir 51. gr., þar sem ákveðið sje, að Landsbankinn skuli hafa einkarjett til að ávaxta fje opinberra sjóða og ríkisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Mjer þykir undarlegt, að þessi till. skuli koma fram frá hv. 1. landsk., og ekki síður, hvernig hún er fram borin. Mjer þykir undarlegt, að hún skuli koma fram frá honum nú, þar sem milliþinganefndin í bankamálum tók ekki slíka till. upp, og hafði þó tilefni til þess, þar sem um svipuð ákvæði var fjallað. Enn undarlegra þykir mjer, hvernig hún er borin fram. Það stendur nefnilega í 51. grein ákvæði um sama efni. Hún mælir svo fyrir, að „fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum". Eftir till. hv. 1. landsk. á þessi grein að standa, en svo á í næstu grein að koma ákvæði um, að slíkt fje *skuli* geyma í bankanum. Þetta ber vott um allmikla hroðvirkni hjá hv. þm., sem ekki er öldungis óvenjuleg. Þetta ákvæði, sem hv. þm. stingur upp á, ætti að koma í stað 51. greinar, en ekki á eftir henni, úr því að honum hefir snúist hugur síðan hann starfaði í milliþinganefndinni og vill koma því inn. En hún hafði gildar ástæður til að taka þetta ákvæði ekki upp, og þær ástæður eru enn ríkari eins og frv. er nú úr garði gert. Eftir frv. skiftist bankinn í aðskildar deildir, seðla- og sparisjóðsdeild. Háttv. þm. stingur upp á að setja þetta ákvæði í kafla, sem fjallar um bankastarfsemina alment. Nú er gert ráð fyrir í frv., að á sínum tíma verði sparisjóðsdeildin greind frá seðlaútgáfunni. Fyr en það er gert höfum við ekki skipað seðlaútgáfu okkar á sama grundvelli og aðrar Norðurlandaþjóðir. Það hefir verið töluvert rætt um nauðsyn þess að losa seðlabankann við sparisjóðsfje, og þó að stjórninni hafi ekki þótt kleift að skipa málunum á þann veg þegar í stað, hefir hún viljað byggja frv. svo, að þetta gæti komist á þegar það þætti tímabært. En hvað á þá að

verða um þetta fje, sem samkv. þessari brtt. á að standa í bankanum? Eftir orðanna hljóðan og aðstöðu greinarinnar ætti það að standa í seðlabankanum, því að þetta ákvæði getur ekki átt við sparisjóðsdeildina nema meðan hún stendur undir sömu stjórn og seðlabankinn. En ef bankamálum okkar þokar í sömu átt hjer og annarsstaðar, þá yrði svona ákvæði alveg óþolandi fyrir þessa sjóði, því að seðlabanki verður að nálgast það meir og meir að greiða mjög lága, og stundum enga, vexti af innlánsfje. Jeg held, að þetta ákvæði geti ómögulega átt við í frv., að minsta kosti ekki á þessum stað. Ef bankanum væru veitt þessi forrjettindi, yrðu þau a. m. k. að vera bundin við sparisjóðsdeild hans. Þá fengi þó fjeð að vera kyrt, þegar bankinn skiftist í seðlabanka og sparisjóð. En það er eitt, sem verður að gæta að við setningu þessarar löggjafar, sem sje það, að svo sje frá henni gengið, að hún verði til eflingar og stuðnings annari heilbrigðri sparisjóðsstarfsemi í landinu. Það er ranglátt að banna með lögum, að sjóðir, sem gefnir hafa verið til almenningsþarfa og sjerstaklega eru tengdir við aðra landshluta en Reykjavík eða þá staði, sem Landsbankinn hefir á útibú sín, megi ekki starfa í þeim hjeruðum, sem þeim upphaflega var ætlað. Jeg álít það eitt þýðingarmesta atriðið í framþróun peningamálanna, að þessir sparisjóðir geti fengið að þroskast sem mest, og við verðum að forðast að láta hinar stærri peningastofnanir hjer í Reykjavík sjúga utan af landinu það fje, sem eftir eðlilegum lögum á að starfa annarsstaðar en hjer. En mjer finst þessi till. hv. 1. landsk. stefna að þessu, að draga frá öðrum hjeruðum fjármagn, sem þeim ber með rjettu að halda. Þá finst mjer og till. þessi bera vott um það, að hv. 1. landsk. sje ekki búinn að átta sig á, hver eðlisbreyting er gerð á Landsbankanum um leið og hann er gerður að seðlabanka. Það er skakt að líta svo á, að þar á eftir sje honum gagnlegt að draga að sjer sem mest af innlánsfje landsmanna. Ef innlánsfje heldur áfram að safnast hjá seðlabankanum, leiðir af því, að hann verður að taka að sjer áhættu gagnvart fyrirtækjum, sem heppilegra er, að einkabankar taki að sjer. Það er ilt, að seðlabanki þurfi að lána mikið fje til áhættusamra fyrirtækja, þó að ekki sje hægt að koma í veg fyrir það með lögum. Öll starfsemi, sem miðar að því að draga peninga frá öðrum peningastofnunum til Landsbankans, gerir honum erfiðara að starfa á rjettum grundvelli sem seðlabanki.

Þá skal jeg minnast örlítið á það, sem hv. 5. landsk. (JBald) sagði viðvíkjandi ákvæðinu um þingsetu bankastjóra. Hann fjell frá, sem rjett var, að halda því fram, að þessir bankastjórar, og sjerstaklega bankastjórar Íslandsbanka, yrðu að hafa rjett til þingsetu samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar um embættismenn.

Nú vildi hann byggja á þeim almennu ákvæðum, að ekki megi meina þeim mönnum þingsetu, sem uppfylli kjörgengisskilyrðin. En þetta er skilið á annan veg, t. d. af stjórn Landsbankans. Hún hefir talið sjer heimilt að meina útibússtjórum sínum þingsetu, og það er alveg rjett á litið hjá henni. Það er ekki um annað að ræða en samning, sem kveður svo á, að vilji

útibússtjórinn fara á þing, verði hann að láta af stöðu sinni og annar að taka við. Að taka þetta ákvæði í lög þýðir ekki annað en það, að ríkisstjórninni er með lögum uppálagt að hafa slík ákvæði í samningunum við þessa menn, þegar þeir eru ráðnir eða skipaðir til starfsins. Hverjum einstaklingi er frjálst að setja slík skilyrði, þegar hann ræður menn til einhvers starfs, — og hve miklu fremur ætti þá ekki sjálfu löggjafarvaldinu að vera heimilt að gera slík ákvæði?

Þá er jeg kominn að því, sem háttv. 5. landsk. kallaði versta drauginn, brtt. við 1. gr. frv., sem kveður skýrt á um það, hve víðtæk ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessa stofnun skuli vera. Hann talaði um þetta sem nýmæli, sem ekki hefði fyr komið fram. Jeg vil benda á það aftur, sem jeg hefi áður tekið fram, að samkv. frv., sem lágu fyrir þingunum 1924 og 1925, bar ríkissjóður ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans fram yfir stofnfje sitt. Hið fyrra var samið af núverandi stjórn Landsbankans, svo að hún á fyrstu uppástunguna um þetta. — Ástæðan til þess, að jeg hefi borið fram þessa till. nú, er ekki sú, að jeg álíti, að samkvæmt frv. óbreyttu beri ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum bankans fram yfir stofnfje. Andmælendur mínir hafa heldur ekki í rauninni haldið því fram. Hv. 1. landsk. notaði þau orð, að ríkið bæri siðferðilega ábyrgð á því, að innleggjendur töpuðu ekki fje sínu. Það er alt annað, og þá ábyrgð getur hann borið eins fyrir því, þó að þetta sje samþ. En einn af prófessorunum við lagadeild háskólans hefir látið í ljós þá skoðun, að ríkissjóður bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum allra þeirra fyrirtækja, sem hann er einn eigandi að.

Gagnvart þessari lögskýringu, sem jeg álít ekki rjetta, finst mjer sjálfsagt að ákveða beinlínis, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera takmörkuð við hans framlag. Mjer finst hafa farið illa fyrir hv. andmælendum þessarar till. að því leyti, að þetta mál er búið að vera til afgreiðslu hjer áður á þinginu og þeim orðið það á þá að halda fram alveg gagnstæðri skoðun. Það var upplýst, að ríkisstjórnin hefir talið sjer heimilt að taka ábyrgð á erlendum lánum fyrir Landsbankann með sjerstöku ábyrgðarskjali í hvert skifti. Því var þá haldið fast fram af hv. 1. og hv. 5. landsk., að þessi skoðun stjórnarinnar væri röng. Hún hefði ekki heimild til að ábyrgjast slík lán. Það sjá nú allir, að ef ríkissjóður er ábyrgur hvort sem er fyrir skuldbindingum Landsbankans samkvæmt skoðun Ólafs prófessors Lárussonar, þá er það fjarstæða, sem ekki er orðum að eyðandi, að ríkisstjórninni sje óheimilt að láta það í ljós við lánveitendur með sjerstöku ábyrgðarskjali. Þessir hv. þm. hjeldu því fram þá, að til þess þyrfti sjerstaka lagaheimild í hvert skifti. Af hendi fjhn. Nd. var frv. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann borið fram í því formi, sem andmælendur mínir hafa á þessu máli, að ríkisstjórninni væri heimilt að ábyrgjast slík lán með ábyrgðarskjali. Vegna þeirra andmæla, sem fram komu út af þessu, bar jeg fram brtt. við upphaflega frv., sem fór fram á, að slík ábyrgð skyldi ekki veitt

nema eftir sjerstakri lagaheimild í hvert sinn. Þetta var samþykt, eins og kunnugt er. Fyrst sú regla var tekin, að hafa skyldi tæmandi heimildir í þessu efni, þá er engri stjórn leyfilegt þar á eftir að ábyrgjast slík lán, nema með sjerstakri lagaheimild. Mín brtt. segir bara það, sem þegar er búið að samþykkja hjer, að til þess ríkið ábyrgist svona lán verði að koma sjerstök lagaheimild til.

Í því, sem hv. 1. landsk. sagði um málið, var eitt atriði, sem honum hafði verið bent á af stjórn Landsbankans, sem rjett er að taka til athugunar.

Það má segja, að trygging sú, sem bankinn á að fá samkvæmt frv., skiftist öðruvísi en trygging sú, sem honum hefir verið lögð til hingað til. Og þó að ríkissjóður sje ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum bankans, þá hefir hann lagt honum fje samkvæmt lögum frá 1885. Það fje, ásamt innskotsfje því, sem bankanum hefir verið lagt samkvæmt lögum frá 1913, er til tryggingar fyrir innlánsfje því og sparifje, sem menn hafa lagt inn í bankann. Ríkissjóður getur ekki gert kröfu um endurgreiðslur á þessu fje, fyr en öðrum skuldbindingum bankans hefir verið fullnægt. Það er vitanlega sjálfsagt, þegar þessi nýja skipun verður gerð, að taka ekki frá sparisjóðsdeildinni þá tryggingu, sem hún nú hefir að lögum. Jeg vil lýsa því yfir, að verði brtt. mín við 1. gr. samþykt, þá mun jeg bera fram við 3. umr. brtt. í þá átt, að seðlabankinn beri ábyrgð á sparisjóðsfjenu með sömu upphæðum, sem ríkið til þessa hefir lagt bankanum óskiftum, en nú eiga að koma í hlut seðlabankans. Slíkt ákvæði á heima í síðasta kafla frv., þar sem eru ákvæði til bráðabirgða. Þetta vænti jeg að nægi til þess að kveða niður þann ugg, sem vakinn hefir verið upp gagnvart sparisjóðsfjenu. Hitt eru öfgar hjá háttv. 1. landsk., að það hafi verið hættulegt fyrir Landsbankann, að till. þessi kom fram. Hún hefir komið fram áður í ýmsri mynd og ekki skaðað bankann.

Þá get jeg ekki látið því ósvarað, sem háttv. 1. landsk. bar á mig, að jeg hefði gefið nefndum hjer í deildinni skipun um að draga störf sín sem mest, og mun hann þar aðallega hafa átt við fjvn. Þetta verð jeg að lýsa með öllu tilhæfulaust. Jeg hefi ekki á einn eða annan hátt reynt að tefja fyrir störfum nefnda í þinginu, hvorki fyrir störfum fjvn. þessarar deildar eða annara nefnda. Jeg get alls ekki látið mjer detta í hug, við hvað háttv. þm. hefir átt með þessu; hann hefir þó venjulegast einhverja átyllu fyrir sleggjudómum sínum, en hjer verður hún ekki fundin. Það eina, sem jeg gat látið mjer detta í hug, að hann hefði fyrir átyllu, var það, að einu sinni var haldinn fundur í deildinni frá kl. 4—7 síðdegis, en það er sá tími, sem fjvn. er vön að starfa á. Spurði jeg því forseta um þetta, en hann kvaðst hafa gert þessa ákvörðun sjálfur, aðeins borið þetta undir fjvn. og hún ekkert haft á móti því fyrir sitt leyti. Það var ekki einu sinni svo, að þetta mál væri til umræðu þá, heldur mál, sem fór út úr deildinni með atkvæði okkar beggja, hv. 1. landsk. og mínu. Jeg verð því að vísa þessum aðdróttunum algerlega á bug.

Þá leyfði hann sjer að hafa þau orð um andstæðinga sína í þessu máli, að þeir „töluðu um það af gnægð sinn-

ar fávisku". Mjer finst satt að segja ekki sitja á þessum háttv. þm. að vera að tala um fávisku annara í þessu máli, því að hvergi hefir fáviska í því komið berlegar í ljós en hjá honum sjálfum. Þrátt fyrir alla þá miklu borgun, sem hann hefir fengið úr ríkissjóði til þess að kynna sjer það, var hann ekki betur að sjer en svo, að hann var að leita fordæmis í Njálu um það, hvernig hann ætti að greiða atkvæði í því. Jeg verð því að segja, að þeir, sem ekki eru vitrari en það, að vera að leita upplýsinga í Njálu í þessu Landsbankamáli, ættu síst að vera að tala um fávisku hjá öðrum.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil fyrst minnast á ræðu hv. þm. Vestm. (JJós). Í raun og veru gaf hún mjer ekki tilefni til andsvara, því að hún var, eins og við mátti búast, sanngjörn og öfgalaus að því er snerti mín ummæli.

Það kom berlega í ljós í ræðu þessa hv. þm., að fyrirvari hans við nefndarálit meiri hlutans stafar af allverulegum skoðanamun við samstarfsmenn hans.

Hv. þm. fann aðallega að því hjá mjer, að jeg hefði talið brtt. háttv. meiri hl. ganga í öfuga átt. Að þessu leyti held jeg, að hann hafi ekki skilið orð mín nákvæmlega rjett. Jeg átti þar einkum við það, ef horfið yrði að hinu gamla fyrirkomulagi með gæslustjórana, því að það tel jeg óheppilegt.

Ennfremur kom það hreint í ljós hjá honum, að hann er ekki fylgjandi aðalbreytingum meiri hlutans. Hann sagði, eins og satt er, að maður yrði oft að ljá málum fylgi sitt, þó að maður væri kannske ekki allskostar ánægður með þau að öllu leyti. Þá get jeg ekki annað en lýst ánægju minni yfir yfirlýsingu þeirri, sem hv. þm. gaf um aðalbankastjórann; virtist hann hafa líka skoðun á því atriði og jeg. Jafnframt heyrðist mjer ekki betur en hv. frsm. meiri hl. (BK) telja það líka meiningarlaust. Jeg sje því ekki betur en að hjer sje verið að leika einskonar skrípaleik, þegar allir eru sammála um, að þetta sje algerlega ófært ákvæði, að hafa einn bankastjórann mestan að völdum. (**BK:** Hann á ekki að vera mestur að völdum, heldur að lærdómi). Það stendur hvergi, en eftir orðanna hljóðan verður ekki annað sjeð en hann eigi að hafa mest vald.

Þá kom það og í ljós hjá hv. þm. Vestm., að hann er líka á móti rannsóknarnefndinni eins og hv. meiri hl. gerir ráð fyrir henni. Hugleiðingar hans um, að bankaeftirlitsmaðurinn væri ekki fullfær um slíkt starf, verð jeg að telja með öllu ástæðulausar, því ekki er annað en setja inn í frv. ákvæði um að láta honum í tje aðstoð, þegar þess gerist þörf.

Hæstv. forsrh. fanst hann geta fallist á ýmislegt af því, sem jeg hjelt fram; þess vegna finn jeg ekki ástæðu til að halda áfram umræðum um þau atriði. Sjerstaklega mintist hann á, að öðruvísi væri ástatt hjer en í Svíþjóð, þar sem þingið væri miklu fjölmennara þar en hjer. Og því væri ekki ástæða til að hafa bankanefndina fjölmennari en þetta. Annars finst mjer undarlegt, að jeg skuli þurfa að standa hjer og verja ákvæði í stjórnarfrv. En það verður svo að vera, því að ekki er hægt annað að sjá en að hæstv. forsrh. hafi skift um skoðun, síðan

hann lagði frumvarpið fram. Hann getur þá ekki lagt mjer til ámælis, þó að jeg hafi glæpst á að aðhyllast einstaka atriði úr frv. hans.

Þá vildi hæstv. ráðherra halda því fram, að nauðsynlegt væri að útiloka bankann frá pólitískum áhrifum, og tók til dæmis, að það væri eins nauðsynlegt eins og að aðgreina dómsvald og framkvæmdarvald í landinu. En mjer finst sú aðgreining ekki svo afarskýr, því jeg veit ekki betur en margir embættismenn í landinu hafi hvorttveggja, dómsvald og framkvæmdarvald með höndum, og sem betur fer hefir þetta ekki oft komið að sök. Annars hefir verið rætt svo mikið um þessa rannsóknarnefnd, sem kemur fram í áliti meiri hlutans, að jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hana. Og jeg álít hana þá fjarstæðu, sem ekki geti komið til greina.

Að fara að blanda hæstarjetti inn í þetta, tel jeg geta leitt af sjer mörg vankvæði, sem ilt verði úr að bæta. Auk þess tel jeg, að verið sje að óvirða þingið með því að leita til hæstarjettar um þetta.

Ennfremur lýsti hæstv. ráðherra því yfir, að það hefði ekki svo mikla þýðingu að banna bankastjórum þingsetu með lögum, af því að það væri á valdi stjórnarinnar að ráða því, ef nauðsyn bæri til. En þetta er að mínu áliti ekki rjett, og ef hann t. d. bannar hinum stjórnskipuðu bankastjórum Íslandsbanka þingsetu, þá telja margir, að það komi í bág við stjórnarskrána. Og jeg álít t. d., að húsbóndi geti varla bannað hjúi sínu að gefa sig við stjórnmálum, og sömuleiðis álít jeg, að ráðherra, sem er húsbóndi bankastjóranna, hafi ekki vald til þess að banna þeim slíkt. Jeg held því, að sú tilhlökkun hæstv. forsrh., að hann geti bannað bankastjórunum þingsetu, geti brugðist, því að hann hafi það ekki á valdi sínu.

Eitt mikilvægasta atriðið, sem liggur fyrir, er brtt. hæstv. ráðherra um það, að skýlaus yfirlýsing komi fram í lögunum um það, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á fjárreiðum bankans og skuldbindingum. Jeg viðurkenni, að um þetta eru ekki til skýlaus ákvæði, en það hefði samt verið rjettara af hæstv. forsrh. að láta þetta liggja á milli hluta, úr því að hann viðurkendi, að ríkið bæri þó siðferðilega ábyrgð á þeim. Mjer finst því munurinn lítill, en gæti þó orðið til þess að rýra traust bankans, einkum út á við.

Hæstv. forsrh. gat þess, að sjer þætti undarlegt, að þeir menn, sem voru mótfallnir hinni miklu lántöku vegna bankans, sem hjer hefir verið til meðferðar, skyldu ekki geta fallist á þessa brtt. Það virðist svo, sem hann telji sjálfsagt, að þeir hinir sömu styðji sig nú til þess að koma fram þessari óheillaráðstöfun. Jeg vil ekki taka við neinum aðfinslum að þessu leyti, því að jeg var ekki móti lántökunni. Þess vegna eiga þessar aðfinslur ekki við hvað mig snertir. Jeg verð að álíta, að ríkið beri siðferðilega ábyrgð á skuldbindingum bankans, og að þess vegna sje till. á þskj. 398 bæði óþörf og skaðleg.

Það hefir eitt mikilvægt atriði komið fram við umr., og er það vel farið, að sýnt hefir verið fram á, að ef þessi till. nær fram að ganga, þá væri sparisjóðsdeild bankans þannig stödd, að

hún ætti enga tryggingu fyrir sparisjóðsfje sínu. Þetta mælir á móti till. hæstv. forsrh. En nú vill hann gera tilraun til þess að bæta úr þessu með því að koma inn í frv. ákvæði um, að trygging sú, sem endanlega yrði sett fyrir seðladeildina, ætti líka að gilda fyrir sparisjóðsdeildina. Þetta er náttúrlega lítilsháttar tilraun til þess að bæta úr þessu, en afleiðingin verður sú, að hækka verður þá tryggingu, sem seðladeildinni var ætluð.

Vegna þess að ennþá hafa ekki komið fram neinar árásir á ræðu mína frá í gær, þá hefi jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni. En ef svo færi, að fram kæmu alvarleg andmæli gegn skoðun minni, þá geymi jeg mjer rjett til að fá að taka til máls aftur.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að gera 2 stuttar aths. við ræðu hv. 1. landsk. (JJ), þá hina fyrri til þess að staðfesta ummæli hæstv. forsrh. (JÞ), að það er enginn flugufótur til fyrir því, að ráðherrann hafi haft áhrif á fjárveitinganefndarmenn í þá átt, að þeir dragi störf sín í nefndinni. En hinsvegar gerir hin þrotlausa mælgi hv. 1. landsk. það að verkum, að halda verður fundi hjer í deildinni allan daginn, svo að ekki vinst tími til nefndarfunda fyrir fjvn. þessarar deildar. En þetta lengir stórum þingtímann, til sárra leiðinda fyrir alla þingmenn, nema kannske háttv. þm. sjálfan.

Þá gat hv. 1. landsk. um tvo hæstarjettardóma, sem honum fanst ekki vera í samræmi hvor við annan. En þetta stafar af því, að hv. þm. skilur ekki, að í fyrra málinu, sem hann nefndi, var um að ræða almenna gagnrýni á opinberri stofnun, en í hinu málinu var atvinnurógur gegn einstökum manni. Þessi tvö mál eru því ekki sambærileg. Þetta hefir og flestöllum mönnum í landinu skilist, svo að hv. 1. landsk. stendur einn uppi með sína skoðun.

Jeg vil gera þá aths. út af þeirri fjarstæðu hv. 4. landsk. (MK), er hann sagði, að enginn húsbóndi mætti banna hjúi sínu þingsetu, að hún nær vitanlega engri átt. Heldur hv. þm., að t. d. Halldóri á Hvanneyri væri skylt að þola það, að fjósamaður hans væri allan veturinn fjarri störfum sínum á þingi suður í Reykjavík?

Jónas Kristjánsson: Jeg er í fjhn. og hafði því tillögurjett um þetta mál. Jeg ætla því að leyfa mjer að gera aths. við 5. brtt. hv. 1. landsk. (JJ). Sú tillaga er svo hljóðandi:

„Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og opinbert fje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði".

Þessi tillgr. er afaróheppileg fyrir sveitir landsins. Það er kunnugt, að sparisjóðum úti um land er flestum svo vel stjórnað, að þeir hafa engu tapað og fje þeirra er geymt á öruggum stað. Þar að auki hafa þessir spari-

sjóðir safnað allmiklum varasjóði, svo að þeir eru hin mesta stoð fyrir þau hjeruð, sem hlut eiga að máli. Það er því óhappaverk, ef á að sundurliða þessar stofnanir og rýra þær meira en gert er með sparisjóðslögunum, að því leyti, sem þeir eru skyldir til að geyma nokkuð af fje sínu í Landsbankanum. Jeg vil þeim banka vel á allan hátt, en það má ekki efla hann á kostnað annara þjóðþrifastofnana.

Mjer kom þessi brtt. einkennilega fyrir sjónir, þar sem hv. 1. landsk. (JJ) þykist vilja styðja sveitirnar eftir megni. Mjer er kunnugt um sparisjóðina, sem eru á Sauðárkróki og Blönduósi, að þeir eru mikil stoð og stytta fyrir kaupfjelögin þar. Jeg held, að hv. 1. landsk. hafi því ekki gert sjer grein fyrir því, hvað hann er að gera með þessari brtt. Hv. 1. landsk. hreyfði ekki þessari brtt. á fundum nefndarinnar. Mig langaði til, en sá það ekki fært fyrir bankann, að koma með þá uppástungu, að sparisjóðunum væru útveguð reikningslán, til þess að auka starfsfje þeirra, svo að starf þeirra gæti orðið að sem mestum notum fyrir ræktun landsins, landbúnaðinn og viðskifti öll. Jeg get ekki fylgt þessari brtt.; af því að mjer finst hún ganga í þveröfuga átt við það, sem ætti að vera. Mjer finst hv. 1. landsk. ekki sýna þau heilindi með þessari till., sem hann þykist vilja sýna sveitum landsins.

Þá vil jeg minnast á þá brtt., sem fjallar um, að bankaráðið verði kosið utan þings og að matsnefnd bankans verði útnefnd af hæstarjetti. Hv. 1. landsk. gaf í skyn, að jeg ætti eitthvað í þeim, og er það rjett.

Jeg skal þá geta þess, að jeg stakk upp á því, að bankaráðið væri kosið utan þings af því, að jeg óttast, að hv. 1. landsk. komist í þessa nefnd. Mjer hrýs hugur við að hugsa um, hvílíkar afleiðingar það gæti haft fyrir land og þjóð. Viðkynning mín við hann á þessu þingi er sú, að mjer ógnar það, ef maður, sem ekki hefir meiri rjettlætistilfinningu, maður, sem fórnar öllu á altari flokkspólitísks fylgis og pólitískra eiginhagsmuna, þótt það sje landi og þjóð til mesta háska, væri kosinn í þessa nefnd. Það eru ekki fá dæmi, sem mætti færa þessu til sönnunar. (**JJ**: Ölvaða embættismenn). Hv. þm. er sjálfur stöðugt ölvaður af hatri, illgirni og ofsóknarástríðu, og það rennur aldrei af honum. Og ef hann ætlar sjer að nota bankann eins og bindindismálið, til pólitískra hagsmuna fyrir sig, þá sjá allir, hvaða afleiðingar það gæti haft. Fyrir þær verður ekki sjeð. Það er öllum kunnugt, að hann hefir notað Samband íslenskra samvinnufjelaga og samvinnuskólann sem pólitíska lyftistöng fyrir sjálfan sig. Þetta viðurkenna jafnvel sumir flokksbræður hans. Það er ekki til þrifa, heldur til stórskaða fyrir samvinnufjelagsskapinn, hvernig hv. þm. hefir misnotað þetta þjóðþrifafyrirtæki, sem Samband ísl. samvinnufjelaga og samvinnufjelagsskapurinn er í sjálfu sjer. Það er nú svo komið, að samvinnuskólinn virðist til þess eins stofnaður og starfræktur að ala upp pólitíska „agitatora“ og slefbera fyrir háttv. 1. landsk. Það er vitanlegt, að háttv. 1. landsk. hefir marga slefbera í hverri sveit landsins. Einn þeirra hefir viðurkent fyrir mjer, að hv. 1. landsk. hafi aukið og rangfært sögu frá sjer,

til þess að geta notað hana sem vopn á pólitískan andstæðing. Hvernig færi, ef þessi hv. þm. kæmist í bankaráðið? Gæfi hann yfirlýsingu um, að hann tæki ekki við kosningu, þá stæði mjer á sama um þessa brtt. Það vakti aðeins fyrir mjer að hindra, að hv. þm. kæmist í nefndina, svo að ef hann gæfi yfirlýsingu um það, að hann vildi ekki fara í hana, þá væri jeg ánægður.

Það eru fleiri læknar en jeg, sem álíta, að þessi maður sje ekki andlega heilbrigður. Einkennin koma sjerstaklega fram sem ofsóknarástríða og í því að sá hatri og rógi út um sveitir þessa lands. (**Forseti** hringir). Jeg verð að skoða þessa hringingu sem samþykki. Jeg var aðeins að skýra, hvers vegna meiri hluti nefndarinnar hefði hagað till. eins og hann gerði. Það er nú komið svo, að það er að rætast, sem segir í Völuspá, „að bræður munu berjast og að bönum verða", því að þessi maður hefir sáð út eiturfræi haturs og sundrungar. Það hefir jafnvel gengið svo langt, að menn hafa orðið að flýja ættaróðul sín fyrir þessar sakir. Fyrir háttv. 1. landsk. virðist vaka hið latneska máltæki: Divide et impera (deildu og drottnaðu). Hv. 1. landsk. hefir oft orðið tíðrætt um drauga og hefir áður sagt hjer í deildinni, að frumvörp sín væru draugar, sem ásæktu stjórnina og íhaldsflokkinn og myndu ráða niðurlögum hans. Hann segist sjálfur vera draugavaldur. En það fór nú oftast svo, að uppvakningarnir rjeðust að draugavaldi, þegar þeir náðu ekki í eða rjeðu ekki við þá, sem þeir voru sendir til höfuðs, og drógu þann, sem vakti þá upp, niður í dysina til sín. Og nú eru þessir draugar hv. 1. landsk. að draga hann sjálfan niður í dys hins blinda haturs og ofsóknarástríðu, þar sem aldrei sjer sól rjettlætis og sannleika. Mjer sýnist hann vera kominn hálfur niður í þá gröf. Fólk setur geðveikiköst hans í samband við strauma og spyr, hvernig standi á tungli, þegar köstin koma að honum. Hvernig er nú hægt að trúa þessum manni fyrir fjármunalegri velferð þjóðarinnar og láta hann sitja í bankanefndinni? Flokksmönnum hans ætti að vera trúandi til að hindra það. Annars vorkenni jeg flokksmönnum hans það að hafa hann fyrir foringja, eins og jeg aumkva sjálfan hann. Hv. 1. landsk. hefir tvö andlit. Með öðru horfir hann til jafnaðarmanna; hitt veit að bændum, og eru þau andlit allólík.

Ingvar Pálmason: Það eru aðeins örfáar brtt., sem jeg finn ástæðu til að minnast á sjerstaklega. Um hinar aðrar brtt. mun jeg láta nægja að sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr. Jeg vil þá fyrst víkja fáeinum orðum að brtt. hæstv. fjrh. Hann hefir fært sem aðalástæðu fyrir henni, að ef þessi ákvörðun væri ekki tekin, þá væri Landsbankanum gefinn einkarjettur yfir sparisjóðsfje landsmanna yfirleitt, þar sem hann einn allra banka og sparisjóða hefði ríkistryggingu fyrir sparisjóðsfje sínu; afleiðingin af því mundi verða sú, að sparifjeð mundi streyma frá öðrum stofnunum til Landsbankans. Við þm. utan af landi höfum verið brýndir með því, að við skyldum alvarlega athuga, hverjar afleiðingarnar mundu verða fyrir sparisjóðina úti um landið. Við þessu er það fyrst að segja, að spari-

fjáreigendur hafa hingað til litið svo á, að ríkið bæri ábyrgð á Landsbankanum, og þessi skoðun hefir ríkt í meðvitund fólksins, hvort sem hún er rjett eða röng, og virðist það ekki hafa valdið því, að menn legðu fje sitt fremur inn í Landsbankann eða útibú hans en hina smærri sparisjóði. Það, sem ræður mestu um það, hvar menn leggja sparifje sitt inn, hvort heldur í sparisjóð einhvers kauptúns úti á landi eða í Landsbankann í Reykjavík, er ekki einungis baktrygging þeirrar peningastofnunar, sem fjeð er látið inn í, heldur aðallega stjórn fyrirtækisins. Sje stjórn sparisjóðsins góð, þá láta menn hvern eyri þangað, því að þar geta þeir fylgst betur með þeirri stofnun, sem þeir láta aura sína í. Jeg sje því ekki, að vegna hinna smáu sparisjóða úti um land sje nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn í bankalögin. En þar sem till. gengur í þá átt að rýra traust Landsbankans í augum þeirra manna, sem átt hafa þar innstæður í þeirri trú, að ríkisábyrgð stæði á bak við, þá hlýtur þetta ákvæði að verða bankanum skaðlegt á þann veg, að miklar líkur eru til, að sparifjeð mundi of ört dragast frá honum og til annara banka, enda er engin fjarstæða að álykta, að til þess sjeu „refirnir skornir". Jeg held líka, að till. sje óþörf, þar sem hæstv. ráðherra hefir viðurkent, að ríkið beri „móralska" ábyrgð á skuldbindingum bankans. Og jeg býst líka við, að meiri hluti nefndarinnar hafi slíkt hið sama á meðvitundinni. Einnig er það víst, að meiri hluti þjóðarinnar lítur þannig á málið.

Hjer liggja fyrir ýmsar smábrtt. frá meiri hl. fjhn., sem ekki hafa verið gerðar að umtalsefni. Eru þær flestar lítilfjörlegar, en ganga allar í þá átt að rýra traust bankans og bankastjórnar. Þetta meðal annars sýnir, í hve mikla lúsaleit hefir verið farið til þess að gera Landsbankann tortryggilegan. Sem dæmi þess, hve lítilfjörlegar sumar brtt. háttv. meiri hl. geta verið, vil jeg aðeins nefna 24. brtt. b-lið, við 3. og 4. mgr. 44. gr. frv., sem er um það, að framkvæmdarstjórar bankans skuli rita allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra, í fundarbók. En hvaða meining er í því að skipa svo fyrir með lögum, að bankastjórarnir skuli halda bók um allar láns*synjanir* sínar, þó að einhver komi t. d. með 50 kr. víxil og fái hann ekki keyptan af einhverjum ástæðum? Hvaða vit er í þessu? (**BK:** Það hefir verið gert í mörg ár í bankanum). Þó að það hafi verið gert í mörg ár, þá er það jafnóþarft að fyrirskipa það í lögunum engu að síður. Ef nokkurt vit væri í þessu, þá ætti líka að tilfæra í fundarbókinni ástæðurnar fyrir synjunum. Þetta er svo smásmugulegt atriði, að jeg sje enga ástæðu til þess að lögskipa það. Það hefir orðið mikill ágreiningur út af 5. brtt. á þskj. 364, um það, að allir opinberir sjóðir skuli geymdir í Landsbankanum eða útibúum hans. Og gegn þessu hafa menn fært þá ástæðu, að með þessu væri spilt fyrir sparisjóðum úti um land; sjerstaklega gerði hv. 6. landsk. (J-Kr) mikið úr þessari ástæðu. Jeg veit ekki betur en að ákvæði um þetta sje í lögum og hafi verið það alllengi, og síðan það varð að lögum hefi jeg ekki vitað til þess, að það hafi orðið sparisjóðum úti um land til hnekkis, auk þess sem jeg veit, að sparisjóðir úti

um landið sækjast ekki eftir að taka á móti fje embættismanna til geymslu yfir stuttan tíma, sem þeir setja þar á hlaupareikning. Jeg held, að þeir sparisjóðir, sem lifað hafa undir þessum lögum síðan þau gengu í gildi, og því hafa ekki haft leyfi til að taka á móti þessu fje opinberra stofnana og sjóða, hafi þrifist vel engu að síður. Er þetta hið sama og kom fram í röksemdunum fyrir brtt. hæstv. fjrh. Það er aðeins grýla á okkur þingmenn utan af landi. Jeg held því, að ekki sje rjett að greiða atkv. með þessari brtt., eða 9. brtt. á þskj. 363, sem er samhljóða henni. Ákvæðið, eins og það hefir verið í lögum síðan 1919, er Landsbankanum til styrktar, en sparisjóðirnir hafa komist og komast af án þessa fjár. Það voru aðallega þessar brtt., sem komu mjer til þess að standa upp. — Eftir ræðu hv. 6. landsk. skil jeg ekki í því, að meiri hl. fjhn. og meiri hl. hv. þdm. geti fallist á brtt. um það að fella úr frv. ákvæðið um Landsbankanefndina og setja í frv., að þm. megi ekki eiga sæti í bankaráðinu. Þetta ákvæði er, að því er háttv. 6. landsk. hefir lýst yfir, sett vegna eins ákveðins manns. Og dettur mjer ekki í hug, að af þeirri ástæðu fáist nokkur deildarmanna til að fylgja till. En hvað sem segja má um deilurnar milli þessara tveggja manna, þá verður ekki annað sagt en að pólitíski hitinn sje orðinn nokkuð mikill, þegar vegna eins einstaks manns er verið að setja í lagafrv. ákvæði, er hlýtur að verða til þess að vekja vantraust á þingmönnum í heild. Jeg tel því ómögulegt eftir þessa röksemdafærslu hv. 6. landsk. að greiða brtt. atkv.

Umr. eru orðnar svo langar um þetta mál, að jeg tel ekki rjett að lengja þær um skör fram. Jeg hefi hjer tekið fram það, sem mjer þótti sjerstaklega vert að minnast á áður en til atkvæða væri gengið. Jeg tel brtt. hv. meiri hl. yfirleitt til hins lakara og sumar til stórskemda á frv.; sjerstaklega er jeg mjög hikandi að greiða nokkurri þeirra atkvæði, þótt meinlausar kunni að sýnast, eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. 6. landsk. um eina brtt., því að það má búast við, að svipaðar hvatir liggi á bak við fleiri þeirra.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Það hefði verið æskilegt, að hv. frsm. meiri hl. (BK) hefði ekki geymt svo lengi ræðu sína, svo að hægt hefði verið að vita athugasemdir hans við brtt. minni hl. (**BK:** Jeg hefi ekki aðrar aths. við þær en þær, sem jeg hefi þegar nefnt). Hv. frsm. (BK) segist ekki hafa aðrar aths. við brtt. minni hl. að gera en þær, sem hann hefir þegar borið fram. Mjer þótti vænt um að heyra þetta, því að þá standa rök mín fyrir brtt. mínum ennþá óhögguð.

Hv. meiri hl. er sammála mjer um aðalbankastjórann, því að hann hefir lýst yfir því, að hann skoði þetta aðeins sem nafnbót, en að hann eigi að vera jafn hinum bankastjórunum að völdum. En þegar hv. meiri hl. hefir játað þetta, þá hefir hann þar með játað, að ákvæðið sje svo lítils virði, að rjett sje að fella það niður.

Háttv. frsm. meiri hl. (BK) er svo reyndur maður, að hann hlýtur að vita, að þó að það sje prentað í

bankalögum, að einn bankastjóranna skuli hafa víðtæka þekkingu á bankamálum, þá er það svo loftkent ákvæði, að erfitt er að vita, hvort því verður fylgt eftir meiningu hv. frsm. Enda geri jeg ráð fyrir því, að hann ætlist líka til, að hinir bankastjórarnir eigi að hafa sem víðtækasta þekkingu á þessum málum. Það er máske af því að hv. frsm. hefir verið í orðunefndinni, að hann vill nú hengja þennan titil á einn af bankastjórunum, að kalla hann aðalbankastjóra, enda þótt hann eigi ekki að völdum að vera fremri hinum bankastjórunum. Þessi munur, sem gerður er á bankastjórunum, getur orðið þess valdandi, að það skapist einveldi um stjórn bankans og að hinir bankastjórarnir dragi sig í hlje að því er störf þeirra í bankanum snertir.

Gegn brtt. um það, að opinberir sjóðir og stofnanir skuli hafa fje sitt á vöxtum í Landsbankanum, hafa komið andmæli frá hv. frsm. meiri hl., hæstv. forsrh. og hv. 6. landsk., og eru rök þeirra þau, að þetta verði til þess að draga fje frá sparisjóðum úti um land, en þeir hafa gleymt því, að þetta ákvæði er í lögum nú og hefir verið um alllangt skeið, án þess að það hafi komið sparisjóðum að sök, svo vitað sje. Þar sem þessir hv. þm., sem halda því fram, að þetta ákvæði hafi skaðað sparisjóðina, hafa ekki gert neina tilraun til þess að sanna þessa fullyrðingu sína, þá verð jeg að líta svo á, að rök mín standi ennþá óhreyfð.

Sú röksemd hæstv. forsrh., að af því að ríkissjóður hafi ekki nema takmarkað lán hjá Landsbankanum, þá verði hann að eiga aðgang að öðrum, er einskisverð.

Það er aðeins formsatriði, sem talað hefir verið um viðvíkjandi 51. gr. frv., um það, að fje ómyndugra megi setja í Landsbankann. Jeg held, að brtt. geti fyllilega staðist þess vegna. Jeg sje ekki, að það sje neitt ósamræmi í því, þó að í frv. standi, að það „megi", en í brtt. að það „skuli" setja það í bankann. Annars má altaf laga þetta til 3. umr. Aðrar aths. hafa ekki verið gerðar við brtt. mínar, nema brtt. um úttektina. Það hafa ekki verið færð fram nein veruleg rök fyrir því, að nauðsynlegt sje að setja á stað svo stórt bákn til úttektarinnar eins og hv. meiri hl. vill. Hæstv. fjrh. vill láta þetta vera sambærilegt við rannsóknina á Íslandsbanka 1922. En það er ekki hægt, af þeirri ástæðu, að tilgangur rannsóknarinnar þá var allur annar en nú. Tilefni rannsóknarinnar á Íslandsbanka var það, að ríkissjóður ætlaði þá að gerast meðeigandi í Íslandsbanka með því að kaupa hluti í bankanum, og því þurfti nákvæmt mat, að þar var um eigendaskifti að ræða, en hjer þarf þetta ekki að vera eins fullkomið, þar sem aðeins á að ákveða Landsbankanum starfsfje. Hæstv. forsrh. og hv. frsm. meiri hl. geta ekki hnekt þeirri staðreynd, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða er sá maður, sem best stendur að vígi um þessa rannsókn. Hann hefir nýlega athugað báða bankana og auk þess marga sparisjóði. Hann gæti því fljótt glöggvað sig á hag bankans. Er því undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vilja nota þennan starfsmann landsins. (Forsrh. JÞ: Jeg hefi ekki

sagt neitt um það, að jeg vilji ekki nota hann. Það getur vel verið, að hann verði skipaður í nefndina). Já, hæstv. ráðh. segir, að hann geti orðið skipaður í nefndina. En mjer er spurn: Hefir hæstv. ráðh. nokkra tryggingu fyrir því, hverjir verði skipaðir í þessa rannsóknarnefnd? Jeg geri ekki ráð fyrir, að hann sje búinn að semja við hæstarjett um það að skipa ekki hv. 1. landsk. (JJ) í hana. En ef hæstv. landsstjórn treystir sjer til þess að ráða því, hverjir skipaðir verði í nefndina, þá tel jeg það illa ráðið að hafa skipunarvaldið að forminu til í hendi hæstarjettar. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur gild rök hafi komið fram, er geri það eðlilegt að haga fyrirkomulaginu eins og hv. meiri hl. vill.

Hæstv. forsrh. sagði viðvíkjandi sparisjóðsdeild Landsbankans, er hann ræddi um brtt., er fer fram á að geyma sparifje í bankanum, að Landsbankanum væri enginn greiði með því gerður. Honum væri með því gert erfiðara fyrir að starfa sem seðlabanki. Ef hæstv. ráðh. hefir verið sömu skoðunar, þegar hann lagði þetta frv. fyrir þingið, þá hefði hann ekki átt að láta sparisjóðinn og seðlabankann vera undir sömu stjórn. Röksemdir hæstv. ráðh. sýna, að skoðun hans er á reiki um þetta mál og að hann er að bæta nýjum og nýjum fleygum inn í málið. Jeg mintist á tvo slíka fleyga um daginn, og í gær kom hann með þessa makalausu till. á þskj. 398.

Hæstv. ráðh. gerir ennþá tilraun til þess að verja það ákvæði frv., er fyrirbýður hinum þjóðkjörnu bankastjórum Íslandsbanka að sitja á þingi. En hæstv. ráðh. getur með engu móti komist í kringum þá staðreynd, að ákvæði þetta ríður í bág við stjórnarskrána. Hæstv. ráðh. vildi líkja þessu við samning þann, sem stjórn Landsbankans hefir gert við útibússtjóra sína. En þetta er ekki sambærilegt. Það er ekkert því til fyrirstöðu, er menn taka við einhverju starfi, að þeim sjeu sett skilyrði, en þetta ákvæði frv. er alt annars eðlis. Það er ekki eins og verið sje að skipa nýja menn í þessar stöður. Mennirnir eru fyrir. Og ef þeim eru sett þessi skilyrði nú, þá eru það ný skilyrði, sem komið er með aftan að þeim, og geta þeir með fullum rjetti mótmælt þeim með skírskotun til stjórnarskrárinnar. **(Forsrh. JÞ:** En útibússtjórinn á Ísafirði?). Það er alveg rjett hjá hæstv. ráðh., að hann getur sett bankastjóra Íslandsbanka af, og það getur vel verið, þegar hæstv. ráðh. í gær talaði um pólitíska óróa um Íslandsbanka, að hann hafi átt við það, að hann mundi láta bankastjórana fara frá, ef þeir gengju ekki að þessum skilyrðum. Og það, sem styður þessa skoðun mína, er það, að hæstv. ráðh. vitnaði í reglugerð Íslandsbanka frá 1923, þar sem talað er um það, að ríkisstjórnin geri samninga við hina þjóðskipuðu bankastjóra. Það liggur í hlutarins eðli, að úr því að þessir menn eru komnir í stöðurnar og skipaðir skilmálalaust, þá getur það ekki komið til mála að setja þeim skilyrði, er ganga í bága við stjórnarskrána. Síst þegar þess er gætt, að annar bankastjóranna, hr. Sigurður Eggerz, sat á þingi þegar hann var skipaður, eða rjettara sagt skipaði sig sjálfur í bankastjórastöðuna, auk þess sem hann seinna hefir boðið sig fram

til þings þrisvar sinnum. Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðherra, hvað hann hefir hugsað sjer að gera, ef frv. verður samþ. með 68. gr. óbreyttri eins og hún er í frv., — ef þá hæstv. forseti vísar henni ekki frá — og bankastjórar Íslandsbanka vilja ekki ganga að skilyrðum greinarinnar. Ætlar hann þá að vísa þeim úr bankanum? Ummæli hans í gær og í dag gefa tilefni til þess að ætla, að hann muni gera það. Hann sagði, að ef þetta yrði samþ., þá væri stjórninni þar með uppálagt að gera þetta að skilyrði.

Hæstv. ráðh. hefir ekki tekist að færa neinar líkur, og því síður sannanir, fyrir því, að umrædd ákvæði bankafrv. geti staðist vegna ákvæða stjórnarskrárinnar, enda styður úrskurður sá mitt mál, sem hæstv. forseti feldi, þegar málið var tekið til 2. umr.

Hæstv. ráðh. hefir verið að verja sína tillögu um, að ríkið bæri ekki ábyrgð á bankanum fram yfir stofnfje. Jeg held, að hæstv. ráðh. hljóti að sjá, hvílík fljótfærni það var af honum að ráðast í að flytja þessa till. Hún er í fylsta máta vanhugsuð, enda er hæstv. ráðh. sjálfur búinn að játa, að hún þurfi umbóta við. Hann hefir játað, að sparisjóðsfje sje þá svift tryggingu af varasjóði bankans, auk þess sem hún sviftir bankann þeirri ábyrgð, sem margir trúa, að hann hafi gagnvart innstæðueigendum í Landsbankanum. Ef sú tillaga verður samþ., að lagalega beri ríkissjóður enga ábyrgð á skuldbindingum bankans, er hætt við, að þingið verði ófúsara til að styðja Landsbankann, ef eitthvað ber út af, ekki síst, ef fylgismenn hæstv. ráðh. verða í meiri hluta, sem vilja gera Landsbankanum sem erfiðast fyrir. Þeir mundu þá halda sjer strangt við bókstaf laganna og hirða minna um hina siðferðilegu ábyrgð. Jeg get því ekki gefið hæstv. ráðh. betra ráð en það, sem jeg gaf honum í gær, að taka þessa till. aftur. Ef að einhverju leyti ætti að takmarka ábyrgð ríkissjóðs, á ekki að gera það á þennan hátt. Ríkissjóður á Landsbankann og verður vitanlega að sjá svo um, að hann fari ekki um koll. Og ef á að takmarka ábyrgð ríkissjóðs, verður það að gerast á alt annan hátt. Jeg get til dæmis hugsað mjer, að ríkissjóður eða Alþingi miðaði ábyrgð sína við ákveðna fjárhæð á vissu árabili, t. d. 10 ár, en jeg vildi hafa þá fjárhæð svo ríflega, að þetta þýddi það sama í framkvæmd og ótakmörkuð ábyrgð. Að þessu leyti yrði þeim fullnægt, sem vildu láta það einhversstaðar standa, að lagalega bæri ríkissjóður ekki ábyrgð á bankanum nema upp að vissri upphæð. Það þyrfti ekki að vekja vantraust, eins og jeg er hræddur um, að till. hæstv. ráðherra mundi gera. Hæstv. ráðh. hefir ekki athugað það, sem nú er búið að benda honum á, að það stendur dálítið sjerstaklega á hjer á landi. Það er sagt, að sparisjóðsfje Íslandsbanka hafi streymt í miljónum til Landsbankans, af því að sá orðrómur hefir komið upp, að Íslandsbanki væri ekki tryggur. Sparisjóðsfjáreigendur hafa orðið hræddir og sparisjóðsfje þess vegna orðið lausara fyrir en annars mundi vera. Þegar þeir þykjast vera búnir að koma því í trygga höfn í Landsbankanum,

kemur alt í einu frá þinginu sú reiðarþruma, að landið beri ekki ábyrgð á Landsbankanum, sem allflestir hafa trúað fram að þessu og treyst á. Hvað gera þeir þá? Sjer ekki hæstv. ráðh., hvílíkur voði getur af þessu stafað? Ekki er hægt að búast við, að þeir fari aftur í Íslandsbanka. Hann nýtur ekki trausts hjá almenningsálitinu. Fara þeir þá í sparisjóðina úti um land? Vissulega ekki, nema að mjög litlu leyti, því að þeir vilja ekki fara nema þangað, sem fjeð er trygt. Þá er ein leið eftir, og sú skaðlegasta, sú, sem farin var hjer á árunum, þegar íslensk króna var að falla í verði og peningarnir voru fluttir út úr landinu. Þetta eigum við á hættu, ef ríkissjóður ber ekki lengur ábyrgð á Landsbankanum. Alt þetta sýnir, að Alþingi verður að aftra því, að till. hæstv. ráðh. nái fram að ganga. Jeg hugsa, að hún sje þegar farin að gera skaða. Það er eins og hæstv. ráðh. hafi hlaupið til alt í einu, þegar búið er að dylgja um Landsbankann í Morgunblaðinu, rokið í þingið og skrifað till. Það er því ekki nema eðlilegt, að ótti grípi fólk út í frá og það hugsi sem svo, að það sje eitthvað óheilt við Landsbankann. Jeg skil því ekki annað en að hæstv. ráðh., sem er búinn að játa, að till. sje vanhugsuð, taki hana aftur. Hann getur látið það heita svo, að hann taki hana aftur til 3. umr., og þá má gera ráð fyrir, að hún sofni út af.

Þá á jeg engu ósvarað, en mjer þykir leitt, að hv. frsm. meiri hl. (BK) skuli ekki koma með sín svör fyr en síðar, en jeg treysti því, að hæstv. forseti gefi mjer þá tækifæri til að gera stutta aths.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Það hefir verið sagt svo margt, sem jeg þarf að svara, að jeg veit ekki, hvar jeg á helst að bera niður. En þar sem hv. 5. landsk. virðist vera svo óþreyjufullur, held jeg, að jeg verði að meta hann mest.

Hann harmar mjög það ástand, að ekki megi standa í bankalögunum, að seðlabankar megi lána til sveitar- og bæjarfjelaga, þrátt fyrir það, að jeg hefi skýrt honum frá, að það sje hvergi annarsstaðar gert. Við verðum að vænta þess, að bankalögin komi á erlend tungumál. Þau eru einu íslensku lögin, fyrir utan stjórnarlög, sem koma á önnur tungumál, en það yrði okkur til minkunar, ef slíkt ákvæði kemur inn í frv., því að það mundi ríða í bága við lánsreglur seðlabanka. Verstu lánin, sem jeg hefi haft með að gera, eru lán til sveitar- og bæjarfjelaga. **(JBald:** Hefir nokkuð tapast?). Ekki beinlínis tapast. En það ætti að nægja, sem búið er að segja, til þess að sýna, að þetta á ekki við.

Brtt. við 43. gr. c. sýndi jeg fram á í gær, að meiri hlutinn gæti ekki fallist á. Bankaráðið á að hafa vald til þess að skifta verkum milli bankastjóranna, eins og stjórnin nú hefir vald til þess.

Hv. þm. heldur því enn fram, þrátt fyrir það, sem jeg sagði í gær, að bankaeftirlitsmaðurinn nægði til þess að rannsaka og meta hag bankans. Þetta er fullkomið þekkingarleysi hjá hv. þm. Ef ske kynni, að hv. þm. gæti lært og vildi læra, ætla jeg að endurtaka það. Það var svona: „Mat á auðvirðilegasta húskofa er ekki tekið gilt, nema að minsta kosti 2 menn

meti. Og oft er það mat ekki tekið gilt og því áfrýjað til yfirmats. En þetta mat, sem hjer á að fara fram, er fullnaðarmat, sem ekki verður áfrýjað. Því verður þessi nefnd að vera skipuð að minsta kosti 5 mönnum. Það er ekki einungis til þess að fá tryggingu fyrir rjettu mati að skipa hana svo mörgum mönnum, heldur er það vegna þess, að matið er svo umfangsmikið á bankanum og útibúum hans". Þetta endurtek jeg við alla, sem enn halda því fram, að einn maður nægi til þess að meta bankann til verðs.

Þá er það ekki síður misskilningur, að bankaeftirlitsmaðurinn sje rannsóknarnefnd í nokkru landi. Hann lítur á hag bankans, athugar bækur hans og reiknar pósta, sem eru fyrirfram endurskoðaðir af „krítiskri" endurskoðun. En þá undirstöðu vantar hjer alveg. Embætti þetta er stofnað, en undirstöðuna vantar. En ef eitthvað ber út af og kemst í óreglu, er það ekki hann, sem rannsakar það, heldur er þá skipuð sjerstök nefnd. Þetta er satt og það ættu þeir hv. þm., sem aldrei hafa komið nærri bankamálum, en þykjast kunna alt, að reyna að skilja. Það er leiðinlegt að þurfa að hlusta á annan eins misskilning og aðra eins vanþekkingu og þetta. Svo segir hv. þm., að matið sje ofsókn. Þegar verið er að finna út, hvernig hagur bankans sje og stungið upp á, að hæstirjettur útnefni til þess menn, þá er þetta kallað ofsókn, og það af *sósialistunum* hjer í hv. deild. Af hverju vilja þeir ekki, að hæstirjettur útnefni mennina? Það er auðvitað af því, eins og hæstv. ráðh. gat um, að þeir vilja geta sagt á eftir, þegar stjórnin hefði útnefnt menn: „Þetta er ekki að marka. Flokksráðherra útnefndi mennina". Einmitt með þetta fyrir augum, til þess að *allir* geti verið vissir um hlutleysi, hefir meiri hlutinn gert þessa uppástungu, og eins og jeg gat um í fyrstu ræðu minni, verð jeg að telja það víst, að öll þjóðin meti mikils einmitt þetta atriði. Hverjum treystir þjóðin betur en sínum hæstarjetti?

Það hefir komið fram hjá hv. 4. landsk., hv. 5. landsk. og hv. 1. þm. Eyf., að ekki hefði verið mikið að marka matið á Íslandsbanka 1922. Það hefði komið í ljós síðan, að ástæður bankans hefðu ekki verið þær, sem matsmenn hjeldu. Hvort hv. þm. segja þetta móti betri vitund, skal jeg ekki um segja, en jeg vil taka það fram, að mat eins banka er að sjálfsögðu miðað við það ástand, sem bankinn er í á þeim tíma, sem matið fer fram, en hvorki á undan eða eftir, og síst er hægt að sjá fram í tímann. Þessir hv. þm. sjá það líka, en þeir vilja fá einhverja átyllu til þess, fyrst og fremst að tala og svo til að rugla.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði ekki annað en það, sem hv. 1. landsk. hefir sagt. Það er hans venja. Hann vill ómögulega láta bankaráðsmenn vera valda af utanþingsmönnum. Hann er ekki enn farinn að sjá, hvernig flestallar kosningar á Alþingi hafa mishepnast, t. d. bankaráðskosningin. Reynslan er sú, að aðeins er kosið með flokksfylgi og oft til þess að hjálpa nauðstöddum flokkum.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um daginn, að hann hefði tekið að sjer endurskoðunarstarfið í Landsbankanum einungis til þess að grenslast eftir, hvað

viss stjett fengi af peningum í landinu, í samanburði við aðrar stjettir. Svona er hugsunarhátturinn. Þjóðin er enn ekki komin svo langt að skilja það, að endurskoðun, sem dugir, er eitthvað það hollasta og nauðsynlegasta fyrir eina þjóð.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þessi maður mætti ekki vera braskari, ekki vera skuldskyldur bankanum, yrði að vera efnalega sjálfstæður o. s. frv. Já, alt þetta væri æskilegt, en undir okkar kringumstæðum er ekki hægt að taka tillit til alls. En fyrst og fremst ber að varast að velja þá menn til þessa starfa, sem daglega eiga í pólitískum erjum.

Þá talaði háttv. þm. um, að ekki væri nógu trygt að láta þriggja manna bankaráð gera ályktun. En hjer eru sömu hlutföllin og t. d. í Noregsbanka. Þar mega þeir minst vera 9. En hv. þm. gleymir, að ákvæði eru í tillögum meiri hlutans, sem skylda þá bankaráðsmenn, sem eru fjarverandi, til þess að gera athugasemd, er þeir koma heim, ef þeim líkar ekki ráðsmenskan í fjarveru þeirra. Í því felst trygging.

Þá sagði hv. þm., þrátt fyrir mína skýringu, að aðalbankastjóri hefði meiri völd. Jeg benti á í gær, að allir geta áfrýjað jafnt, ef þeir eru í minni hluta, og það gerir fullkomið jafnrjetti.

Jeg held jeg sje nú búinn að ganga frá þessum fáu atriðum, því að stuttorður verð jeg að vera um hvað eina; af nógu er að taka. Jeg veit ekki, hvort jeg á að leggja í hv. 1. landsk. (JJ); jeg held jeg verði þó að svara stuttlega nokkru í hans löngu ræðu. Fyrst talaði hann um drauga og þess háttar, sem jeg get varla verið að svara, vegna þess að hæstv. ráðh. hefir tekið það ómak af mjer. En svo var hann með ýmsar dylgjur, eins og hann er vanur, sem ekki er hægt að henda neinar reiður á. Hann sagði enda, að jeg hefði staðið mjög nærri þeim mönnum, sem vildu leggja Landsbankann niður. Hann gat ekki haldið fram, að jeg hefði þá verið á þingi, því að auðvelt er að sanna, að svo var ekki. En það er vonin um, að eitthvað loði við, eins og vant er hjá honum.

Þá gerði hann æðimikið úr því, til þess að reyfa þessi bankamál, að jeg hefði borið fram bráðabirgðafrv. 1924 um seðlaútgáfuna. Jeg bar það fram til þess að koma skriði á málið og vissi vel, að það frv. þurfti töluverðra umbóta við. Jeg skrifaði það á mjög stuttum tíma og hafði ekki nægan tíma til þess. Það hefir verið lagt fyrir útlenda menn og ljettvægt fundið. Við höfðum ekki einu sinni tíma til þess á því þingi að athuga það í nefnd; en samt var farið með það eins og frv., sem jeg væri alveg búinn að ganga frá. — Hann sagði sem dæmi um það, hve lítið fylgi það mál hefði hjá þjóðinni, að Sigurður Eggerz hefði ekki fengið fleiri atkv. við landskjörið í sumar. Látum það alt saman vera. Jeg er ánægður með það, þótt menn finni að þessu frv. Jeg játa, að það var ekki eins fullkomið eins og ef jeg hefði haft nægan tíma með það. En það varð þó til þess, að skriður komst á málið og því hefir verið haldið lifandi síðan.

Um endurkauparjettinn ætla jeg að sleppa að tala, af því að hæstv. forsrh. hefir svarað því og svarað því rækilega. Jeg hafði líka talað um það í gær og sýnt fram á, að það væri ekki rjett og sanngjarnt að kippa þessum

hlunnindum Íslandsbanka nú burt, þegar hann einmitt þarf hjálpar við.

Háttv. 1. landsk. var að tala um, að nauðsynlegt væri fyrir Landsbankann að hafa skjól. Jeg sagði, að Landsbankinn hafi altaf haft skjól meðan jeg var bankastjóri, — aðeins hefði vantað á, að jeg persónulega hefði skjól; jeg vildi ekki það skjól, sem mjer var boðið, — það var bæði lekt, götótt og fúið, það skjól. Jeg rjeð því af að draga mig til baka og fá lítil eftirlaun, í staðinn fyrir 24 þús. kr. á ári eins og bankastjórar hafa nú.

Jeg benti á það ennfremur í gær, að ekki væri alt undir komið að hafa eitthvert skjól; það yrði og að vera úr góðu efni og til virkilegs stuðnings fyrir þá stofnun, sem nyti þess skjóls.

Nú hefir þetta breyst alveg, síðan jeg fór úr bankanum; bankastjórnin hefir haft skjól, en Landsbankinn ekki. Það kemur fram í þessum umræðum um brtt. hv. meiri hl. Þær stefna að því að veita Landsbankanum skjól, en ekki bankastjórninni.

En hvað er nú þetta skjól, sem Landsbankastjórnin hefir? Það er annar aðalkommúnistinn í landinu. Það kom svo rækilega í ljós í ræðu hv. 1. landsk., þegar jeg sagði frá því í ræðu minni, hverjir hefðu verið hvatamenn að því, að bankinn var rannsakaður 1909. Jeg sagði þá, að jeg gerði þetta af því, að þetta væri síðasta þingið, sem jeg sæti, til þess að það kæmi einhverntíma fram, hvernig á því hefði staðið; því að jeg vissi, að öðrum var gefin skuld fyrir það. Og jeg sje, að það hefir ekki verið að ófyrirsynju að koma með þessa aths., því að hv. 1. landsk. sagði, að fyr eða síðar bærust böndin að mjer.

Þá veittist hann mjög mikið að mjer fyrir það, að jeg væri nú að gera Birni heitnum Jónssyni ráðherra smán, að hafa drepið á þetta atriði. En það er fjarri mjer. Það var maður, sem jeg mat mest allra, síðan jeg kom til vits og ára. En jeg vildi einmitt segja, að jeg vildi láta það koma fram, að jeg hefði ekki verið hvatamaður að rannsókninni, þó að jeg álitj þá — og álíti enn — að hana ætti að framkvæma. Það er rjett, að sú aðferð, sem notuð var, var harkaleg; hún var alt of hvöss, og það var þeim að kenna, sem stjórnina höfðu. Það voru 3 lögfræðingar, sem nefndir voru í gær, sem rjeðu mestu eða öllu um aðferðina. Og það var eðlilegt, að gamall maður, sem Björn Jónsson ráðh. var þá orðinn, og þá heilsubilaður, færi eftir sínum ráðunautum, þar sem sonur hans var líka einn meðal þeirra lögfræðinga, er gáfu honum ráð. Jeg gerði það fyrir sjerstaka vináttu við Björn Jónsson að taka stjórnina á bankanum að mjer, sem jeg þó ekki ætlaði að gera, og rjeð honum að fela hana Jóni Gunnarssyni í Hafnarfirði. En af því að það varð úr, að jeg tók starfið að mjer, þá fengu andstæðingarnir og þeir, sem mestu rjeðu um afsetninguna, tækifæri til þess að segja: Það er hann, sem hefir lagt ráðin á og verið hvatamaður að því, að bankastjóranum var vikið frá og gæslustjórum. En „plan“ þessara manna, ef svo má segja, var það, að ná bankanum undir sín yfirráð fyr eða seinna. Og sú hefir reynslan líka orðið.

Sem sönnun þess, að jeg hefði verið hvatamaður að rannsókninni, kom hann með ýms orð, sem hann hafði eftir Kristjáni Jónssyni og voru á aðra

hönd. (**JJ**: Það er í þingtíðindunum). Það er á aðra hönd fyrir því. Kristján Jónsson sagði það hjer, að jeg hafi varpað öndinni mæðilega yfir því, að setja ætti bankastjórann frá og gæslustjóra. Hvað sannar þetta nú? Ekkert annað en það, að jeg hefi verið á móti því. En það get jeg sagt, að Kristján Jónsson hugði í fyrstu, að þetta væri mjer að kenna, en hann komst skömmu síðar að raun um, að svo var ekki. Og jeg átti ekki annan tryggari og betri vin en Kristján Jónsson í mörg ár eftir það.

En til þess nú að taka af öll tvímæli um það, að jeg hafi verið sá seki, sem hv. 1. landsk. vill kalla það, — en jeg kalla það enga sekt, því að rannsóknin var nauðsynleg, þótt aðferðin væri skökk, — þá vil jeg leyfa mjer að benda á þskj. 974 í Alþt. A. 1911. Þar eru lagðar fyrir mig margar spurningar, og Björn Sigurðsson bankastjóra. 20. spurningin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Taldi bankastjórinn ráðherra Björn Jónsson á það að skipa rannsóknarnefnd á Landsbankann, og hvatti hann ráðherra til þess að víkja gæslustjórunum frá, eða latti hann þess, að gæslustjórarnir væru settir inn aftur í stöður sínar í jan. 1910?"

Svar mitt var svona:

„Jeg hafði ekki, svo jeg muni, nein afskifti af því, að bankarannsóknin var hafin. Jeg latti þess, að gæslustjórunum yrði vikið frá, sökum óeirða, sem af þeirri frávikningu mundi stafa, og er prófastur Jens Pálsson í Görðum vitni til þess, að svo gerði jeg. Jeg latti ráðherra að setja gæslustjórana inn aftur í janúar 1910, af ástæðum, sem greindar eru undir tölulið 19".

Og tölulið 19 hljóðar svo:

„Jeg áleit, að hætta gæti af því stafað, meðal annars af því, að bankastjórnin gat búist við því að þurfa skyndilega að hætta að gefa ávísanir á Landmandsbankann og aðra banka, sem Landsbankinn hafði heimild til að ávísa á fyrir milligöngu Landmandsbankans. Eins og á stóð í janúarmánuði 1910, er allmikill aðsúgur var gerður að bankanum, gat svo farið, að óviðráðanlegur ótti hefði slegið almenning, ef samtímis hefði fyrir komið, að bankinn hefði orðið að hætta að selja venjulegar ávísanir á erlenda banka".

Þetta svar mitt tók nefndin gilt. Síðan eru liðin 16 ár. Og þeir menn, sem jeg hefi sagt, að væru frumkvöðlar að rannsókninni, hafa ekki sagt eitt einasta orð á móti þessu. Jeg verð að álíta, að í öll þessi ár hafi þögn þeirra gilt sem samþykki. — [Fundi frestað].

Jeg man ekki almennilega, hvar jeg endaði áðan, því þegar jeg athuga uppteiknanir mínar, sje jeg það sama á tveim og þrem og fjórum stöðum. Þetta stafar af því, að hv. 1. landsk. hefir þann óvana að endurtaka altaf það sama hvað eftir annað. — Hann segir, að jeg hafi hlotið að vita um bankarannsóknina, meðan hún var í undirbúningi. Veit hv. þm. engan mun á því að vita um eitthvað eða standa fyrir því? En það er eðli aumingja mannsins að klína á aðra svívirðingum og illmælgi. Þess vegna endurtekur hann hvað eftir annað — jeg hefi skrifað það hjá mjer 3 eða 4 sinnum

—, að jeg hafi hlotið að vita um þetta, jeg hafi *hlotið* að vita það, **hlotið,** annars hefði jeg ekki farið að tala við Kristján Jónsson og varpað mæðinni, eins og hv. 1. landsk. lýsti svo fagurlega. Og hv. þm. ætlar að endurtaka þetta svo oft, að á endanum finnist mönnum jeg hljóta að hafa staðið fyrir þessu öllu. — En ástandið í Landsbankanum var þannig, þegar jeg kom þangað, að ekki var lögleg trygging fyrir einu einasta sjálfsskuldarábyrgðarláni, sem var eldra en eins árs. Það tók tvö ár að koma þessu í lag. Að vísu tapaðist ekkert út af þessu, en það hefði vel getað tapast stórfje fyrir þetta hirðuleysi í endurnýjun tryggginganna.

Þá segist hv. 1. landsk. nokkrum sinnum *verða* að segja hitt og annað í *„sannleikans nafni"*. Mikið er að heyra. Þó að hv. sessunautur minn (JKr) gæfi mjer sterkasta uppsölumeðal, held jeg að mjer gæti ekki orðið meira flökurt en af því að heyra þennan mann tala um sannleika. Því að allir vita, að ekki getur hann gert greinarmun á því, hvort hann segir satt eða ósatt, þegar hann á við andstæðinga sína, og komi það fyrir, að hann segi satt og rjett frá einhverju, þá er óhætt að reiða sig á, að það er af hreinni tilviljun. — Ennþá hefi jeg skrifað hjá mjer: „í sannleikans nafni". — Eru menn ekki hissa? — Svo kemur enn á ný, að jeg „hljóti" að hafa vitað þetta, og loks kemur hv. þm. með það, að jeg hafi dregið þetta mál inn í umr. að ástæðulausu. Hvers vegna er hv. þm. þá að skifta sjer af þessu? Kemur honum þetta nokkuð við? Nei, ekki vitund. Jeg sagði satt og rjett frá þessu sögulega atriði, látlaust og án áreitni til hv. þm. Svona maður eins og hv. 1. landsk., sem ekkert hefir fylgst með málinu, nema kannske lesið hrafl af Alþt., getur ekkert um þetta talað af eigin þekkingu. Hann hlýtur því að hafa „vísdóm" sinn annarsstaðar að. Og jeg veit það ósköp vel, að rógtunga þessa hv. þm. (**Forseti** hringir.) hefir sleikt þetta upp á óvirðulegum stöðum. Og tæplega verður að gera ráð fyrir, að hún fari á virðulega staði til að leita sjer næringar.

Svo er þetta mat, eða úttekt á bankanum, sem hv. 1. landsk. kallar rannsókn og leyfir sjer að líkja við ofsókn á hendur bankanum. Hvernig stóð þá á því, að hv. þm. bar í fyrra fram þáltill. á þskj. 241? Hvernig stóð á því, að hann, maður í bankaklíkunni, fór fram á rannsókn á útstrikunum Landsbankans á sumum af skuldum sínum? Mig langar til að lesa upp þessa till., ef hæstv. forseti leyfir:

„Tillaga til þál. um eftirgjöf á skuldum og ábyrgðum. Flm. Jónas Jónsson. Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að skýra deildinni frá, hvort það er með hennar leyfi og samþykki, og ef svo er ekki, þá með hvaða heimildum, að tvær lánsstofnanir, sem standa beint og óbeint undir eftirliti landsstjórnarinnar, hafa gefið upp í tveim tilteknum tilfellum mjög stórar upphæðir. Þau atriði, sem skýrslu er óskað um, eru: — 1. Hin mikla uppgjöf útibús Landsbankans á Ísafirði. — 2. Uppgjöf á skuldum, ábyrgðum og vöxtum til handa firmanu Nathan og Olsen í Reykjavík af hálfu Landsbankans og Íslandsbanka".

Svo mörg eru þau orð. Í fyrra var hv. 1. landsk. svo mikið niðri fyrir út

af uppgjöfunum 1924, að hann gat ekki stilt sig um að koma með þessa till. Síðan hefir verið strikað út miklu meira af lánum, svo að nú hefði hv. þm. í raun rjettri átt að koma með þeim mun sterkar orðaða tillögu. En það fór nú svo um þessa till. í fyrra, að hv. þm. mun hafa fengið skipanir frá æðri stöðum um að láta hana aldrei koma á dagskrá, og þá gugnaði hann auðvitað. Nú stendur þannig í bólið hjá hv. þm., að honum finst ekki einu sinni þurfa að fara fram mat á bankanum áður en hann tekur við seðlaútgáfunni. Það er samkvæmni í hegðuninni! — Þá segir hann, að „þessi frægi pjesi" (hann mun eiga við „Verslunarólagið") hafi orðið til að skaða Landsbankann mikið, — þarna afklæddist orsökin til árásarinnar, „Verslunarólagið" og sýknudómur hæstarjettar. — Jeg er þar á þveröfugri skoðun. Ef leiðbeiningar til bankans sjálfs og almennings geta ekki orðið til að bæta hag bankans, veit jeg ekki, hvað honum verður gert til heilla. Bæklingur minn var einmitt ritaður í því skyni að sýna fram á, að samábyrgðin er óbankahæf trygging, eins og reynslan hefir sýnt síðan, enda er hún hreinn kommunismi. Einu fjelagi hafa t. d. verið gefin upp 60—65% af skuldum sínum, afgangurinn mátti greiðast á 15 árum, öðru 50%, þriðja var veittur *vaxtalaus* gjaldfrestur í 10 ár á um 100 þús. kr.; fjórða fjelaginu vaxtalaus gjaldfrestur í 6 ár. Fimta fjelagið verður gjaldþrota og gefur aðeins fáar prósentur upp í skuldir sínar, o. s. frv. Samt er ekki gengið að fjelagsmönnum eða öðrum samvinnufjelögum, sem eru í samábyrgð við þetta. — Reynslan hefir orðið til að sýna, að orð mín voru í tíma töluð, og samábyrgðin er *einskis virði* fyrir bankann. Í lánum til samvinnufjelaga standa þó margar miljónir króna af fje bankans.

Eftir allan þennan skollaleik kemur það svo upp úr kafinu hjá hv. þm., að það sje ekki jeg, heldur hv. 6. landsk. (JKr), sem á hugmyndina um að láta hæstarjett útnefna menn í matsnefndina, og að jeg hafi aðeins fallist á hana. Þetta er rjett hjá hv. 1. landsk. — svona *getur* komið fyrir, að hann segi satt, — og hv. 6. landsk. gat þess um leið, aðeins til að stríða hv. þm. (JJ) og espa hann, að þetta væri gert til þess að koma í veg fyrir, að hann yrði í nefndinni. Vitanlega var þetta ekki alvarleg skoðun hans, heldur skoðun hans *alment eins og mín*, að þessi störf megi ekki verða þingbitlingar. (**JJ**: Getur hv. 6. landsk. ekki etið þetta ofan í sig sjálfur?).

Náttúrlega er það spaug hjá háttv. þm., að jeg sje svona ánægður með hæstarjett af því að hann hafi hlíft mjer við að borga ½ miljón króna í skaðabætur til Sambandsins. Það fór eins og við mátti búast, að jeg var sýknaður í því máli, nema mjer var dæmt að greiða óverulega sekt. En svo var hv. 1. landsk. laginn að skrifa, að hann fjekk sömu sekt fyrir frásögnina um þennan dóm. — Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir svarað dylgjunum um ósamræmi í hæstarjettardómum. Þarf jeg engu þar við að bæta. — Þá sagði hv. þm. (JJ), að hæstirjettur væri í ósamræmi við skoðun almennings. Þess hefi jeg aldrei orðið var. Það er þá fyrst nú, er þessi hv. þm. hefir spilt

hugsunarhætti almennings í landinu, að slíks er farið að verða vart; en starfsemi hv. þm. hefir að miklu leyti miðað að því að spilla hugsunarhætti landsmanna og minka dómgreind þeirra á rjett og rangt.

Þá sagði hv. þm., að jeg væri farinn að iðrast „synda" minna frá 1909. Jeg þarf ekki að fara frekar út í það mál nú; jeg hefi þegar fært nóg rök fyrir því, að þar hefi jeg skýrt satt og rjett frá öllu.

Þegar jeg heyrði ræðu háttv. 1. landsk., komu mjer í hug drög, sem jeg hefi gert til endurminninga um þingveru mína. Jeg var að blaða í þeim um daginn og tók þá eftir einu atriði. Þar stóð: „Jeg hefi aðeins þekt þrjá þm., af öllum þeim hóp, sem jeg hefi verið samtíða, sem altaf komu inn í þingsalinn í sínum daglegu, upp og niður hreinu „business"-fötum, sem þeir höfðu aldrei haft kjark nje vilja til að færa sig úr". Jeg geri ráð fyrir, að hv. 1. landsk. kannist við einn þeirra.

Jeg hefi e. t. v. gleymt einhverjum atriðum, en þau geta þá komið fram við 3. umr. — Loks vil jeg segja það, að þetta er hið mesta vandamál, sem fyrir þessu þingi liggur. Ef hv. þm. vilja koma því í góða höfn, verða þeir að gleyma sjálfum sjer meðan á afgreiðslu þess stendur.

Jeg get ekki verið að svara hv. 2. þm. S.-M. (IP), því að alt, sem hann sagði, var mjög meinlaust, enda er hann meinlaus maður sjálfur og maður, sem jeg met mikils. Læt jeg svo staðar numið að sinni, en vænti þess, að hæstv. forseti gefi mjer leyfi til þess að gera stutta athugasemd síðar, ef þess gerist þörf, en nú er jeg „dauður".

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Það hafa nokkrir af andstæðingum mínum talað síðan jeg tók síðast til máls; hefi jeg því töluverðu að svara, og það því fremur, sem mjer vanst ekki tími í síðustu ræðu minni að gera athugasemdir við nál. háttv. meiri hl. sem skyldi, meðal annars sökum þess, að jeg varð að leiðrjetta sögulegan misskilning hjá hv. frsm. Verð jeg því að fara lítilsháttar út í þessar athugasemdir nú.

Allar till. hv. meiri hl. ganga í þá átt að veikja eftirlit þingsins með bankanum. Hann getur ekki fallist á það fyrirkomulag, sem reynst hefir svo vel í Svíþjóð. Þetta er þeim mun undarlegra, þar sem fylgismenn hæstv. stjórnar og fulltrúar hennar í bankanefndinni, þeir Sveinn Björnsson sendiherra og Magnús Jónsson alþm., hafa báðir fallist á þetta skipulag. Er það því ekki af flokkslegum ástæðum, sem hv. meiri hl. þarf að vera á móti því.

Þá ætla jeg að snúa mjer að 18. brtt. meiri hlutans, og vil jeg ganga út frá henni eins og frsm., hv. 1. þm. G.-K. (BK), skýrði hana, að hún sje miðuð við skipulagið, en ekki við einstaka menn, eins og aðstoðarmaðurinn, hv. 6. landsk. (JKr), ljet óspart í ljós. Þessi tillaga, að bankaráðsmennirnir skuli kosnir af þinginu, en ekki vera þingmenn, miðar augljóslega í þá átt að minka vald þingsins yfir bankanum. Auk þess er það slæmt fyrir bankann að hafa ekki kunnuga menn í þinginu, til þess að standa á móti illum sendingum, er til hans verð-

ur væntanlega stefnt eins og á undanförnum árum. Þá kemur það undarlega, að formaður bankaráðsins skuli mega vera þingmaður, því að það er beinlínis sagt, þar sem svo er ákveðið, að hinir 4 bankaráðsmenn skuli vera utanþingsmenn. Það er því engu líkara en *hinn frægi* þingmaður, hv. 6. landsk. (JKr), hafi samið þetta. (**BK:** Þetta má laga til 3. umr.). Það er alveg óþarfi. Þetta mun eiga að vera svona meðan Íhaldið er í meiri hluta, því að það sýnir gegndarlausa hlutdrægni og barnalega hefnigirni. Þá kemur viskan ekki síst í ljós, þegar farið er að lýsa því, hvernig bankaráðsmenn þessir eigi að starfa. Þeir eiga að halda einar þrjár fundarbækur, með mikilli skriffinsku. Fundarbækur þessar á svo aftur að leggja fyrir fjhn. þingsins. En manni verður á að spyrja, hvaða þýðingu það hafi, þegar þingið er orðið svo spilt, að engum þingmanni er trúandi til að eiga sæti í samkundu þessari.

Þá hefir hv. meiri hl. lagt mikla stund á að fella úr stjfrv. það, sem tekið hafði verið upp úr nál. milliþinganefndarinnar, að bankinn skuli bókfæra, hve mikið fje gangi til hverrar atvinnugreinar fyrir sig. Nú hefir annar endurskoðandinn gefið skýrslu um þetta, og kom þá í ljós meðal annars, að af nýju veðdeildarflokkunum hafa 5% gengið til sveitanna, en 95% til bæja og kauptúna. Það er því ekkert undarlegt, þó að Íhaldsmenn vilji láta taka þetta ákvæði út úr bankalögunum, svo hægt sje að dylja það, hve smánarlega lítið af lánsfje bankans gengur til landbúnaðarins. En þetta er stórt atriði og því undarlegt, ef hv. meiri hl. tekst að stinga því svefnþorn.

Þá hefir hv. frsm. sjálfur sennilega orðað þá brtt., að aðalbankastjóri skuli hafa verslunarmentun og reynslu í viðskiftamálum. Þetta er sjálfsagt, og ekki aðeins að hann hafi slíka þekkingu, heldur allir bankastjórarnir. En til fróðleiks fyrir hv. frsm. vil jeg segja honum, hvernig einum frægasta bankastjóra Englandsbanka, sem nú er nýlátinn, hefir verið lýst.

Það er sagt, að hann hafi verið fræðimaður, rithöfundur, skáld, fjármálamaður og hagfræðingur. Svo er lýst nánar hinni almennu mentun hans, sem hv. frsm. skilur ekki, að sje æskilegur eiginleiki á bankamanni, að hann skilji hið háa og fína í lífinu. Því þegar hann, hv. frsm., lýsir því, hvernig bankastjóri eigi að vera, þá gefur hann altaf smámynd af sjálfum sjer. Úr skósmíðavinnustofunni, gegnum búðarkompurnar og áfram upp í bankastjórastöðuna. Það er því síst að undra, þó að vísindunum sje gert lágt undir höfði hjá hv. frsm. og þeim, sem að honum standa, því að af lýsingu hans á mentunarástandi bankastjóranna er auðsjeð, að sál hans skilur ekki, að slíkir menn þurfi að hafa sem fjölbreyttasta mentun til að skilja breytilegar þarfir þjóðlífsins, og að þar er æfingin úr dúka- og skinnabúðinni lítill partur.

Þá eru margir, sem „kritisera“ alla skriffinskuna, sem hv. meiri hl. vill hafa, og jeg vona, að hv. frsm. fái ekki slag yfir spillingunni, þó að jeg segi honum frá því, að t. d. Georg Ólafsson bankastjóri telur það hreinustu fjarstæðu, ef halda ætti skriflega

dagbók yfir hverja brennivínsbullu, sem kemur í bankann og biður um víxil og fær nei. (**BK**: Þetta var gert í minni tíð). Það má vel vera, en sem betur fer, þekkir heimurinn aðra og hærri bankafræði en hv. frsm. meiri hl.

Þá er á bls. 10 í nál. hv. meiri hl. skrítin grein, sem ber vott um hrossakaup hæstv. forsrh. og háttv. frsm. meiri hl. Hæstv. ráðherra hefir fundið, að það var dálítið ankannalegt að kjósa í bankaráðið nú á þessu þingi, þar sem lögin öðlast ekki gildi fyr en um næstu áramót. En fyrir hv. frsm. meiri hl. hefir vakað endurspeglun frá 1909. Rannsókn með miklum krafti, til þess að sýna, hve bankanum hafi verið illa stjórnað. Vill hann því fá rannsóknarnefnd, sem starfi fram yfir næstu áramót. En það kemur aftur í bága við hagsmuni hæstv. forsrh., að lögin ganga ekki í gildi fyr en á næsta ári, því að hann veit ekki, hversu hinir pólitísku hundadagar hans verða margir, að minsta kosti treystir hann þeim ekki lengur en til næsta þings. Leggur hann því mikið kapp á, að kosið verði í bankaráðið nú þegar, til þess að geta komið skjólstæðingum sínum í það. Svona lágt er þá undir loftið hjá þessum andlegu bræðrum.

Jeg mun síðar tala við hv. 6. landsk. (JKr) um hinar merkilegu tillögur hans. En af þessari merkilegu grautargerð, sem þeir fjelagar, meiri hl. fjárhagsnefndar, hafa starfað að, kemur það í ljós, að alt rekur sig á annars horn, alt er vanhugsað og verður feðrum sínum til óláns.

Það hefir verið bent á það áður, hve mikið lítillæti það væri hjá stjórninni að þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir meðferðina á frv. þessu, enda þótt hann hafi gert alt, sem hann hafði vit og mátt til að snúa því til verri vegar, og það jafnvel svo, að hv. þm. Vestm. (JJós) hefir fundið sig knúðan til þess að skrifa undir nál. með grimmum fyrirvara. Er því grunur minn sá, að hjer verði leikið greipilega á hv. frsm. meiri hl., því ef hv. þm. Vestm. snýst á móti rannsókninni og hæstarjettarfarganinu, gengur hv. frsm. slyppur frá, en stjórnin fær sínu framgengt. Fær hann þá ekkert þakklæti annað en það, að klappað verði á öxl honum fyrir að jeta alt ofan í sig, sem hann hefir haldið fram á undanförnum þingum um nauðsyn seðlastofnunar. Þegar maður minnist á sættargerð þessara gömlu fjandmanna, hv. 1. þm. G.-K. og hæstv. forsrh., er ekki laust við, að menn minnist þeirra tíma, er þeir deildu sem óðast um járnbrautarmálið, og jafnframt þess álits, sem þeir höfðu þá hvor á öðrum. Verður sætt þeirra ekki lýst betur en með því að minna á fjelagsskap Hrapps og Þráins, og þær afleiðingar, sem Hákon jarl spáði vinfengi þeirra.

Þá vil jeg víkja að ræðu hæstv. forsrh. Hann talaði um, að nauðsyn bæri til að hafa tryggilegt mat á bankanum. Jeg verð nú að segja, að mjer finst það dálítið hart fyrir stjórnina að ganga fyrir þann ætternisstapa, að ganga inn á þessa rannsókn, aðeins til þess að þóknast einum andstæðingi sínum. Minnir þetta hugarfar dálítið á lýsingu, sem ferðamaður nokkur, er ferðast hafði um vist Íhaldskjördæmi, gaf, að svo væri fólkið beygt þar, að það smeygði sjer á rönd út og inn um dyrnar, en kynni ekki að ganga um að sið frjálsra manna. Hjer er hið sama að gerast. Hæstv. stjórn er að

smeygja sjer á rönd inn um kofadyr hjá einum af sínum æstustu fjandmönnum.

Þá var hæstv. forsrh. að bera upp á mig hroðvirkni viðvíkjandi brtt. um opinberu sjóðina. Um þetta ætti hann sem minst að tala, þar sem brtt. sú, sem hann kom fram með í gær, var svo óformleg, að hann varð að lofa að gerbreyta henni við 3. umr.

Viðvíkjandi opinberu sjóðunum má taka það fram, að þeir hafa staðið í Landsbankanum síðan 1918, og hefir það ekki mætt mótstöðu nema frá þeim, sem viljað hafa bankanum illa. Brtt. þessi var samþ. í neðri deild í fyrra, og finst mjer því vafalaust, að hún verði samþykt þar aftur.

Þá hjelt hæstv. forsrh. því fram, að þetta ákvæði gæti ekki staðið í sjerrjettindakaflanum; en mjer finst það hvergi geta staðið nema þar, því jeg get ekki búist við, að stjórn Landsbankans sje svo önnum kafin, að hún geti ekki ráðstafað þessu fje í rjettar deildir.

Þá taldi hann það ógagnlegt fyrir Landsbankann að hafa mikið sparifje. En þetta er gagnstætt því, sem Íslandsbanki vill, og sömuleiðis gagnstætt því, sem þeir menn vilja, er stofna vilja nýjan banka hjer, því að hvorirtveggja vilja fá slíka peninga. Hjer liggur líka önnur dýpri ástæða á bak við, sem hæstv. forsrh. skilur ekki, að því meira fjármagn, sem bankinn hefir yfir að ráða, því meira húsbóndavald hefir hann um fjármál landsins. Það er því mesta glapræði af hæstv. forsrh. að vilja rýja Landsbankann sparifjenu.

En öðru máli er að gegna um það, að landsstjórnin geti tekið lán úti í löndum. Það stafar meiri hætta af því að taka margra milj. dollara lán í Ameríku heldur en þó að nokkur þús. króna lán væri útvegað innanlands handa bankanum.

Þá gaf hæstv. ráðh. (JÞ) í skyn, að hann vildi ekki auka traust bankans, og hann hefir þrásinnis sagt, og jeg held jafnvel hjer í deildinni í vetur, að hann vildi ekki, að Landsbankinn hefði það segulmagn, að hann drægi mjög mikið af sparifje þjóðarinnar til sín. Að því leyti vill hann veikja traust hennar á bankanum, til þess að fjeð leiti burt. Jeg hefi heyrt komið með þá getgátu, að hæstv. ráðh. væri ekki mjög fús á að koma af fjárlögunum, og að minsta kosti gæti það litið svo út, þegar nefndin hafði ekki fundi hjer í tvo virka daga, sumardaginn fyrsta og annan virkan dag til, eða að minsta kosti er ekki hægt að sjá aðra skynsamlega ástæðu til þess. En svo hefi jeg sjeð hjer í dag undirskriftaskjal frá fleiri aðkomuþingmönnum um það, að skora á forsetana að flýta störfum þingsins, svo að minsta kosti ætlast þeir ekki til þess, að fjárveitinganefnd Ed. tefji störf sín, þó að hæstv. stjórn kunni máske að óska þess.

Þá vil jeg benda hæstv. ráðh. á það, að hann fjekk næg tilboð í fyrra um hjálp til þess að koma málinu áfram, en hann vildi þá enga hjálp þiggja, svo að nú má hann sjálfum sjer um kenna, ef nú er þyngra undir fæti, vegna þeirra fleyga, sem hann hefir sett inn í frv.

Þá sagði hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) fáein orð og vildi afsaka það, að fjvn. hefði ekki starfað í tvo daga, og þá kom fram, að það er rjett, sem jeg

sagði, að hjer hafa fallið niður fundir, sem vitaskuld hlaut að vera á ábyrgð stjórnarflokksmanna, sem eru í meiri hluta í öllum nefndum.

Svo var tilgátan, sem hv. þm. skaut fram, að honum þættu fundir langir. Það kemur fyrst til af því, að hjer hafa verið stór mál til meðferðar, og það er ekki rjett af hv. þm. að miða mjög álit sitt um þingstörf við getu sína, þó að hann gerist nú svo gamlaður, að hann sje lítt fær um að starfa að afgreiðslu mála og ræðugerð. Þar fyrir má hann ekki álasa hinum, sem betur duga til þeirra starfa. Jeg vil aðeins benda hv. þm. Seyðf. á það, að það má nokkuð marka kunnugleik hans og dugnað á þingi af því, að hann hefir aldrei verið við neitt stórmál riðinn í sínu langa þingstarfi; hann hefir ekki tekið þátt í neinu nema venjulegum atkvæðagreiðslum. Hinsvegar mun hann allfær um að eta og drekka í veislum til gagns og heiðurs þjóð sinni, og þar mun hann hafa komist hæst í opinberum aðgerðum. Það skapandi líf hefir algerlega farið fram hjá honum. Því er það, að jeg, með minni stuttu þingreynslu, býst ekki við að þurfa að vera kvíðinn fyrir samanburði um það, hvað jeg hafi lagt til skapandi mála, en aðfinningar hans eru líka kvartanir rófulausa refsins, sem fann mestan sársauka af því, sem hann vantaði í samanburði við fjelaga sína.

Þá reyndi hv. þm. að finna einhverja brú á milli þeirra tveggja dóma, sem jeg hafði nefnt til að sanna, hve mannanna vegir væru órannsakanlegir. Hv. þm. sagði, að það væri sjálfsagt að sýkna mann, sem rjeðist með grimd á kaupfjelögin og sem sannaðist á, að hefði sagt alt ósatt; sagði, að það væri sjálfsagt að sýkna hann, af því að þetta hefðu verið almennar stofnanir, en aftur hefði verið sjálfsagt að sekta fyrir „kritik" á einstök firmu, þó að slíkt hefði ekki skaðað þau. Þetta var einmitt yfirlýsing, sem jeg ætlaði að fá fram, og jeg býst við, að það geti kannske orðið undirstaða til nýrrar málsmeðferðar hjer á þingi. Því hefir verið haldið fram af mönnum, sem leigðir hafa verið til að afflytja kaupfjelögin, að það sje lögum samkvæmt að stunda þá iðju, því að þau sjeu almennar stofnanir og opinber eign. Mun marga fýsa að vita, hvort málinu er í raun og veru svo varið, að stærstu fjelög landsins, kaupfjelögin, miljónafyrirtæki, sjeu rjettlaus að lögum gagnvart rógburði vondra manna, sem hata þau, eða þá manna, sem keyptir eru til þess að afflytja þau. Ef þetta er rjett, þá er það sjálfsögð skylda Alþingis að gera lög til að tryggja þetta, og jeg get sagt það eins og það er, að mjer var þessi yfirlýsing bæjarfógeta kærkomin, því að hún skapar grundvöll til að byggja á kröfu um, að samvinnufjelögin fái aukna rjettarvernd. Það myndi hvergi líðast nema hjer, að háttsettur dómari hjeldi því fram, að samvinnufjelög væru rjettlaus, því að það er vitanlegt, að slík fjelög eiga að njóta fullkomlega sama rjettar eins og einstaklingsfirmu eða hlutafjelög. En jeg vil vonast til þess, að hjer sje aðeins um lögfræðilegt gat að ræða hjá dómaranum, en um leið vil jeg benda á, hve hörmulegt það er, að þessi maður skuli eiga að dæma flesta dóma á landinu, líklega 600—800 á ári; maður, sem gengur út frá svo

siðferðilegri fjarstæðu, hlýtur að vera mjög þunnur í lögum.

Þá kem jeg að hvítvoðungi þessarar háttv. deildar, hv. 6. landsk. (JKr). Hann byrjaði, eins og rjett var, á því, sem lítið var, og vildi reyna að styðja sína húsbændur, en skaða Landsbankann með því að reyna að verja þessa fjarstæðu, að Landsbankinn mætti ekki halda þeim hlunnindum til opinbers geymslufjár, sem hann hefir haft síðan 1919. Til þess vildi hann fá aukið fje handa bankanum. Það er gott og blessað, en hvar og hvernig á að fá það fje? Er það sennilegt, þegar búið er að rýja hann að öllu, að hann geti þá veitt öllu landinu sparisjóðslán? Nei, svo best getur hann það, að hann sje ríkur og voldugur.

Þá kom hv. þm. með það atriðið, sem jeg held, að sje merkilegast af öllum þeim vitleysum, sem hv. þm. hefir verið við riðinn á þessu þingi, og er þar þó af miklu að taka, því að eins og kunnugt er, er hann orðinn frægastur allra þeirra þingmanna, sem setið hafa á hinu endurreista Alþingi Íslendinga, fyrir það að hafa drepið sína eigin tillögu og gengið á móti sínu áhugamáli. Hv. þm. segir nefnilega hvorki meira nje minna en það, að tvö atriði í frv., sem hæstv. stjórn vill láta samþykkja, sjeu hefndaratriði, miðuð við andstæðinga sína í þinginu. Nú vita menn það, að hæstv. stjórn hafði sett eitt atriði inn í þetta frv. til þess að hindra, að einn andstæðingur hennar, Sigurður Eggerz, gæti setið á þingi. Það er vitanlegt, að hæstv. forsrh. ber kala til þessa bankastjóra Íslandsbanka, sem hefir verið honum óþægur ljár í þúfu, og þá líklegast helst með því, að hann tók af hæstv. ráðh. tvö embætti, sem hann hjelt, að hann sjálfur myndi fá tækifæri til að veita. Þetta getur hæstv. ráðh. aldrei fyrirgefið, og þess vegna seilist hann til að fara að elta þennan mann með persónulegri hefndarlöggjöf. Jeg veit ekki til, að það þekkist í íslenskum lögum, að nokkur stjórn hafi leyft sjer að búa til lög til þess að hefnast á andstæðingum sínum. Jeg reyndi að gera þingsetubann bankastjóra og útibússtjóra löglegt með því að koma þessu atriði í stjórnarskrána, en hæstvirt stjórn vildi heldur ólög en lög, svo að flokksmenn hennar voru látnir fella þetta. En svo bætist það við, að stjórnarflokkurinn segir fyrir munn þessa þingmanns síns, að það sje öðru atriði bætt við, sem sje persónuleg löggjöf, til þess að hindra það, að einn andstæðingur þeirra komi í 2 nefndir, sem skipa á eftir lögum þessum.

Hv. þm. (JKr) og hæstv. landsstjórn dettur það í hug að miða löggjöf landsins við hefnd á einstaka menn. En svo, þegar þessi lítið veraldarvani maður er búinn að segja satt og rjett frá um þetta, það sem hann hugsar, þá er formaður nefndarinnar látinn jeta þetta ofan í sig fyrir hans hönd. Það sýndist rjettara að láta þessa persónu sjálfa gera þetta; það hefði að minsta kosti ekki verið honum ósamboðnara en þessi óvenjulegi uppskurður á ambáttinni á Sauðárkróki. En vegna þeirra manna, sem ekki hafa heyrt ræðu hv. þm., vil jeg geta þess, að hv. þm. segir, að af því að hann álíti mig svo hættulegan mann, ef jeg kæmist í þessa úttekt á bankanum, hafi hann lagt það til, að þetta væri

haft svona. Jeg býst við, að hv. þm. hafi ætlað að gera mjer þetta til vansa, en það er hinn mesti heiður fyrir mig. Fyrst það, að jeg var líklegur til, eftir þessu, að geta komist inn í matsnefndina. Til þess hefði jeg þurft að fá andstæðing minn, hæstv. forsrh., til þess að útnefna mig til þess starfs, en jeg býst ekki við, að hæstv. ráðh. játi, að jeg hafi neitt verið að bera víurnar í það, enda býst jeg tæplega við, að hæstv. ráðh. ljeti mig eða nokkurn annan stjórnarandstæðing hafa það. En hv. þm. þorir samt ekki að samþykkja stjfrv., af því að hann býst við, að jeg geti dáleitt hæstv. ráðh. til þess að hleypa mjer að þessum kjötkatli. Hv. þm. hefir áður haldið því fram, að hann skoðaði mig sem Kleppsmat, hefir að vísu ekki sagt, að jeg ætti að vera þar, en hefði þó það heilsufar, sem gæfi mönnum rjett til að vera þar. En jeg hefi ekki beðið þennan hv. þm. um læknisskoðun og hefi einu sinni sagt honum, að jeg myndi heldur leita til annars læknis, ef jeg þyrfti einhvers með. En nú vil jeg reyna að taka þetta eins og hv. þm. talaði það, og geri þá ráð fyrir, að hann meini það, að jeg sje veikur með þeim hætti, sem gerir mönnum ómögulegt að vinna að opinberum málum, og þá held jeg, að það mundi vera eitt, sem leiddi af því, nefnilega það, að jeg væri ákaflega hættulaus. Þó að jeg væri 1. landsk., þá myndi jeg líklega greiða atkvæði með stjórninni eins og hv. 6. landsk., eða ef jeg væri í nefndinni, þá myndi jeg vera eins aðgerðalítill eins og hv. 6. landsk. er, sökum algers skorts á þekkingu til að taka þátt í opinberum málum. En svo mikið barn er hv. 6. landsk., að reyna að halda því fram, að jeg geti ekki sökum heilsubilunar tekið þátt í neinum störfum, en er samt svo hræddur við mig af ástæðu, sem leiðir af miklum hæfileikum, að hann vill varna því, að jeg komist í bankaráðið, jafnvel þótt jeg væri þar í minni hluta. Hv. þm. hefir svo mikla trú á mjer, að hann heldur, að jeg geti látið stjórn og þing skipa mig í trúnaðarstöður, og í viðbót við þetta er hv. þm. samt svona dauðhræddur við mig, þar sem jeg væri kominn í nefnd og væri í minni hluta, að hann getur eiginlega ekki með neinu móti hugsað sjer að hafa mig þar. Þó að þetta sje nú alt svo mikill barnaskapur, að það eigi ekki sinn líka, þá get jeg ekki stilt mig um að taka það á þeim grundvelli, sem hv. þm. talar það, og geri jeg þá ráð fyrir, að hv. þm. viti, hvað hann segir, og að jeg megi þá gera sömu kröfur til hans eins og fólks alment, en þá verður niðurstaðan þessi, að jeg, sem hv. þm. segir, að sje algerlega óhæfur til að taka þátt í opinberum málum, hefi samt getað unnið mjer svo mikið álit hjá honum, að hann þorir ekki að hleypa mjer í nefnd, þar sem jeg er í minni hluta, af ótta fyrir því, að jeg muni sigra flokksbræður hans, sem þó eru þar í meiri hluta. Jeg neyðist þess vegna til að taka það „forbehold“ í þessu efni, að óska, að hv. þm. hafi ekki svo yfirdrifnar hugmyndir um mig, en vil þó taka það fram, að þetta er ekki nýtilkomið hjá hv. þm., því að við áttumst við á fundi norður í Skagafirði vorið 1925. Vorum við þar ræðumenn hvor af sínum flokki, og þegar við höfðum háð þann leik eitthvað í tvo tíma, þá segir hv. þm. við sveitunga sína, að þetta tjái ekki lengur,

Landsbanki Íslands.

því að hann skoði sig sem dverg hjá risa, þar sem jeg sje. Maðurinn var ófullur, því að þó að hv. þm. sje með því, að aðrir embættismenn sjeu fullir, þá drekkur hann víst ekki sjálfur. En hv. þm. fann þarna til vanmáttar síns og var svo hreinskilinn að lýsa yfir því fyrir sveitungum sínum, sem honbjó í brjósti. En svo lítill gat þessi andstæðingur minn verið, að þessi samanburður yrði ekki mikið hrós. Hv. þm. var eiginlega svo æstur í dag, að jeg vil ekki hafa eftir þau fúkyrði, sem hann viðhafði, en aðeins benda á eitt, af því að geðvonska hans bitnaði á mönnum, sem hv. þm. hefir engan rjett til að kasta steini að. Hv. þm. fór niðrandi orðum um þá ungu menn, sem eru í mínum skóla og hafa verið það. Jeg vil taka það fram, að það er undantekning, ef úr samvinnuskólanum hafa komið annað en þroskaðir og nýtir menn, menn, sem hafa unnið dyggilega að sínu námi og komist fult svo langt eins og menn frá öðrum skólum með álíka námi. Það hefir verið viðurkent af mönnum, jafnvel þeim, sem langar til að segja ósatt um mig, að lærisveinar mínir hafi verið fyrirmynd að reglusemi, áhuga og dugnaði. Það er fyrst og fremst af því að þessir menn koma yfirleitt frá myndarlegum heimilum, en líka nokkuð af því, að jeg hefi gert harðari kröfur til þeirra um siðferðilega karlmensku en háttv. þm. gerir til embættisbræðra sinna. Jeg hefi hvatt þá til að lifa gagnstætt því, sem hv. 6. landsk. vill leyfa embættismönnum að gera. Þeir mega fyrir honum drekka eins og þeir vilja. En það gera ekki mínir lærisveinar. Annars er það dæmalaus níðingsskapur, sem kemur fram á hinum þrálátu árásum Íhaldsmanna og íhaldsblaða á nemendur samvinnuskólans. Í engu öðru landi er til svo auðvirðilegur flokkur, að hann beiti pólitískri ofsókn við námssveina, aðeins til að svala vanmáttugri gremju á kennurum þeirra.

Jeg kenni í brjósti um þennan mann, sem hefir verið kosinn á þing með fleiri atkvæðum en nokkur Íslendingur. En nú er svo komið, að skrifararnir gefast upp við að rita á blað hugsanagraut hans, og flokksbræður hans skjálfa á beinunum, ef þeir sjá hann kveðja sjer hljóðs, því þeir vita, að hann verður sjer til minkunar í hvert skifti, sem hann opnar munninn. Þegar hann er í forsetastólnum, er hann svo aumur, að hann veit ekki, hverjum hann á að gefa orðið. Hann gefur orðið alt öðrum manni en beðið hefir um það. Og við atkvgr. verður altaf að sækja hinn eiginlega forseta, svo að ekki fari öll fundarstjórn út um þúfur. Þótt óveðrin og ófærar ár hafi borið þennan mann inn í þingið, þá datt samt engum í hug, að fram kæmi sá vanmáttur hjá honum, sem raun ber vitni um, svo að jeg býst tæplega við, að hann verði borinn á gullstóli út úr deildinni aftur. Mjer er sagt, að hann hafi lofað samherjum sínum því, að þetta skyldi verða eina þingið, sem hann sæti á. Jeg vildi styðja þennan ásetning hans, því að með þessu gerir hann hæfileg skil vanmætti sínum.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem hefir haldið langa ræðu, sem ber þess merki, að hann er að setja upp sitt pólitíska skip. Hann var að reyna að sanna, að það hefði verið

rjett, sem hann sagði, að 3 tilteknir menn hefðu komið af stað bankafarganinu 1909. Hann þurfti að rjettlæta hina ófyrirgefanlegu ásökun á Björn Jónsson, heilsubilunina, og ekki síst þurfti hann að sanna það, að sjálfur hefði hann ekkert verið við brottrekstrinn riðinn, því að hann flutti málið inn í deildina til þess að hreinsa sig og varð því að koma með sannanir fyrir sakleysi sínu. Hann hjelt langa ræðu, en alveg efnislausa.

Jeg ætla fyrst að taka innganginn að ræðu hans, er hann segir, að allar kosningar á Alþingi hafi mistekist. Þetta er harður dómur af manni, sem lengi hefir setið á þingi og hefir verið kosinn ráðherra. En þetta er fjarstæða, sem ekki getur staðist, nema hann eigi við þá kosningu, þegar Sjálfstæðisflokkurinn tilnefndi hann sem ráðherra 1916.

Þá svaraði hann hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), sem benti á, að ekki væri heppilegt að hafa þá menn í bankaráðinu, sem mjög væru skuldugir bankanum, eða einhverja braskara. En það þótti hv. 1. þm. G.-K. ekki iskyggilegt. En jeg býst við því, að það væri miður heppilegt, ef fjárvinguls menn og svikarar yrðu settir í bankaráðið til þess að gæta heilbrigðs fjármálalífs í landinu. (**BK:** Flokkarnir sjá um það). En þar sem hv. þm. álítur þá svo spilta, að kosningin hljóti að mistakast, þá er rjett að taka það fram, að þeir, sem kosnir væru, mættu ekki vera skuldunautar bankans. En meiri hl. hefir enga tillögu gert um þetta. Jeg hygg, að hjer liggi fiskur undir steini, að hann hugsi til sjer nákominna manna, sem geti komið til greina með að ná kosningu í bankaráðið, og geti svo það haft áhrif á gang bankans til hagsmuna verslun sinni.

Þá kom hv. þm. með sín einu „rök", að jeg væri kommúnisti, af því jeg varði minningu Björns heitins Jónssonar. Jeg óska nú, að hann vildi skýra samband þess að vilja ekki láta rýra virðingu látins heiðursmanns við það að vera byltingamaður. Þar sem þetta á að vera röksemd, þá skora jeg á hann að koma með einhverja grein eða ritgerð eftir mig, þar sem jeg sje að mæla með byltingu. Geti hann það ekki, þá ber að skoða þetta sem máttlaus gremjuorð rökþrota manns. En sjálfur ætti hann að athuga það, að hann hefir verið viðriðinn þá einu byltingu, sem gerð hefir verið hjer á landi, er bankarannsóknin á hendur Tryggva Gunnarssyni fór fram. En samt hefir mjer ekki dottið í hug að fara að óvirða kommúnista úti í löndum með því að bendla þá við hann. En hvað byltingarstarfsemi áhrærir er hv. 1. þm. G.-K. eini kommúnistinn hjer á landi, og um aðra hefir ekki vitnast.

Síðan kom þessi hv. þm. að sýknu sinni, eða öllu heldur sekt frá 1909. Jeg bið menn að athuga, hvernig það er undirkomið. Hann kastaði því fram, að Sveinn Björnsson og 2 lögfræðingar hefðu komið af stað bankarannsókninni með heilsubiluðum ráðherra. En vegna þess, hversu almannarómurinn fordæmir þetta, þá vakir það fyrir hv. þm. að nota síðasta þingið, sem hann situr á, til þess að hreinsa sig af áfellisdómi almennings, og það því fremur, sem enginn hinna hlutaðeigandi manna er hjer í þinginu til

þess að geta borið hönd fyrir höfuð sjer. Einn er dáinn og annar úti í Danmörku. Þess vegna er þessi ásökun þm. alveg óafsakanleg. Jeg benti á, að mjer hefði verið kunnugt um, að fyrst og fremst hefði Sveinn Björnsson verið á móti þessu fargani, og þar sem hann er fjarstaddur, vil jeg segja það, að hann er maður, sem fremur vill vinna með lagi en byltingu. Hann hefir áreiðanlega beitt áhrifum á föður sinn í gagnstæða átt við „kommunistann", sem hvatti til byltingar. Um hina tvo er mjer kunnugt, að þeir áttu engan þátt í þessu. Annar starfaði í rannsóknarnefndinni, en vissi ekki þessar ráðagerðir fyr en rannsóknin var ákveðin. Það eru því alt ósannindi, sem hv. þm. segir, enda hefir hann ekki komið með skugga af sönnunum fyrir máli sínu, engin opinber skilríki, er sýndu það, að hann segði satt. En þar sem hann fór sem köttur í kringum heitt soð framhjá kjarna málsins, þá verð jeg að endurtaka það, að hann var sjálfur eini maðurinn, sem hafði hagnað af bankafarganinu. Hann vildi verða bankastjóri og ráðherra síðar.

Eins og hv. þm. reyndi að túlka þetta, á það að hafa verið svo, að veikur ráðherra er undir áhrifavaldi sonar síns og tveggja annara lögfræðinga. Þessir menn reyna að ná valdi yfir bankanum á þann hátt, að þeir koma svo ár sinni fyrir borð hjá ráðherranum, að hann fyrirskipar rannsókn, rekur bankastjórann og gæslustjórana frá 6 vikum áður en þeir áttu að fara samkvæmt lögum.

Það hefði nú verið auðveldara fyrir þessa menn að fá ráðherrann til þess að veita sjer embættin heldur en að fá hann til þess að reka úr bankanum aðra eins menn og Tryggva Gunnarsson, Eirík Briem og Kristján Jónsson. En það, að enginn þeirra varð bankastjóri, en að hv. þm. segir, að þeir hafi viljað verða það, sýnir, að hann segir ósatt, því að þessir menn voru það þroskaðir að aldri og visku, að betra hefði verið að setja þá í embættin heldur en þann mann, sem settur var.

Svo gefur hv. þm. þá skýringu, að hann hafi ekki viljað embættið, en svo hafi ráðherrann þrábeðið sig, og seinast hafi hann gert það fyrir hann. Það hefði nú verið nær fyrir hann að hindra ráðherra í að gera þetta en að fara inn í vegtyllu, sem hann vildi ekki, en aðrir færari menn gátu tekið að sjer. Þetta getur ekki skilist öðruvísi en svo, að hjer sje verið að skálda upp sögu, til að hylja sekt sína og koma skömminni á saklausa menn. (**BK**: Hefir hv. þm. gleymt rannsókninni?). Í plaggi því, sem hv. þm. las upp, er ekkert um það, að þessir 3 menn hefðu komið rannsókninni af stað. Það er aðeins nú á gamalsaldri, þegar hv. þm. veit, að hann á að fara að taka þátt í lífinu hinumegin, að hann vill fara að hreinsa sig af ávirðingum sínum. Þá vill hann koma sekt á saklausa menn.

Hv. þm. tók oft fram í ræðu sinni, að rannsóknin hefði verið rjettmæt. En hvaða ástæða er þá til þess að áfellast ráðgjafa Björns Jónssonar eða hann sjálfan fyrir það að láta hana fara fram? Hann gerði þá skyldu sína. Hið eina, sem hann viðurkennir, er, að það hafi verið of hvast úr hlaði riðið. Hvað hefði nú verið eðlilegra en að hv. þm. hefði sagt við vin sinn,

er bauð honum bankastjóraembættið: Illir menn hafa verið að verki með þjer, settu einhvern þeirra í embættið. — Nei, hv. þm. var tilbúinn í stöðuna. Hann var á leið heiman að frá sjer, þegar sendimenn ráðherra mættu honum, þar sem hann var að ganga áleiðis að bankanum til að taka þar við lyklavaldinu. Það var mikil fórnfýsi að vilja fara inn í bankann undir þessum kringumstæðum, hefði hann álitið rangt að farið. Hann hefði þá átt að styðja að því, að Jón Gunnarsson færi inn í eldinn.

Jeg vil þá draga netið enn fastar að hv. þm. Í fyrstu ræðu minni las jeg upp eftir Kristjáni Jónssyni úr þingræðu frá 1911, að 15. okt. 1909 hefði komið til hans vildarvinur ráðherra og stunið mæðulega — þá veit maður hver það var — og sagt sjer, að það myndi koma á daginn, að þeir yrðu reknir. Lárus H. Bjarnason framkvæmir svo rannsókn og segir þar það, sem jeg las í dag, og þarf ekki að endurtaka það hjer.

Þegar jeg las þetta, var hv. þm. búinn að gleyma því, sem gerðist 1911. (**BK**: Jeg sagði, að Kristján Jónsson hefði fyrst trúað því, að jeg ætti sökina, en síðar hefði hann alveg fallið frá því). Það, að hv. þm. man nú 1927 atvik, sem hann sagðist ekki muna við rannsóknina 1911, er sönnun fyrir því, að hann hefir verið að skrökva. Hann er sannanlega tvísaga í framburði sínum, og það sannar fullkomlega sekt hans.

Það þarf ekki framar vitnanna við, að hv. þm. er sá eini, sem græddi á öllu þessu. Brottrekstur Tr. Gunnarssonar var þáttur í grimmilegri og blindri valdabaráttu hv. 1. þm. G.-K.

Jeg býst við, að jeg geti látið liggja í milli hluta, hvaða skoðun Kristján Jónsson dómstjóri hafði á málinu, en svo mikið get jeg þó sagt, að hann heldur ræðu 1911, tveim árum eftir að þetta gerðist, og er auðheyrt, að hann gefur fyllilega í skyn, að hv. 1. þm. G.-K. hafi um brottrekstrinn vitað. Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. G.-K. hefir tekist að sannfæra hann um það gagnstæða eftir 1911. (**BK**: Það er annað að vita og annað að vera orsök). En þegar hv. þm. hefir einu sinni sagt ósatt í þessu efni, þá verður honum ekki trúað. (**BK**: Jeg hefi aldrei sagt ósatt í þessu máli). Jeg skrifaði í dag eftir honum þessi orð: „Jeg vissi, hvað átti að gera". (**BK**: Það er alt annað). En jeg get glatt hv. þm. með því, að það eru fleiri rök á móti honum en fram eru komin.

Næst reyndi háttv. þm. að sanna sýknu sína með því að vitna í skjöl frá 1911, þar sem hann bar það fyrir rannsóknarnefndinni, að hann hefði ekki óskað eftir brottrekstrinum, og svo barnalegur er hv. þm. orðinn, að hann heldur, að slík staðhæfing frá sakborningi hafi einhver sönnunargildi. Þess er þá líka fyrst að geta, að það, sem rannsóknarnefndin 1911 átti að gera, var ekki að rannsaka, hverjir hefðu verið ráðunautar ráðherrans, heldur að safna glóðum elds að höfði þessa veika manns, sem bar lagalega ábyrgð á brottrekstrinum, til þess að koma ábyrgð á hendur ráðherra. Undirspil hv. þm. í þessu máli dróst inn í rannsóknina sem aukaatriði hjá mönnum, sem voru sömu skoðunar og Kristján Jónsson og Lárus H. Bjarnason. Og jeg er ekki í neinum vafa um, hverjum á betur að trúa,

Þá kemur nú eitt vitni, sem ekki hvað síst er vert að taka tillit til, en það er sá maðurinn, sem fyrir brottrekstrinum varð, Tryggvi Gunnarsson. Það á nú sæti á Alþingi sá maður, sem ber nafn Tryggva heitins og mátti heita fóstursonur hans og honum mjög handgenginn. Hann hefir tjáð mjer í dag, að Tryggvi Gunnarsson hafi altaf, er hann mintist á þetta mál, sagt, að hann væri ekki í vafa um, að sá maðurinn, sem hann teldi, að eingöngu bæri ábyrgð á brottrekstrinum, væri eftirmaður hans í bankanum. Sá hv. þm., sem tvísaga hefir orðið í vörn sinni. Það er enn hægt að sanna með vottum orð þau, er Tr. Gunnarsson mælti, er hann fleygði lyklunum í eftirmann sinn, og jeg hefi tilfært í fyrri ræðu minni. Má staðfesta þau með eiði, ef hv. þm. óskar þess. **(BK:** En hvað sannar þetta?). Jeg býst við, að af öllum, sem heyrðu þessi orð, hafi enginn skilið það betur en hv. þm., er hann tók við lyklunum, að þau voru alvörubrungin bölbæn þess manns, sem hann hafði hrakið saklausan út úr bankanum. Og það hefir nú viljað svo til fyrir kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. varð að fara burt úr bankanum nokkuð hastarlega, og minning hans þar lýsir ekki fram á veginn. **(BK:** Jeg fór fríviljugur). Hafi það verið, getur skeð, að endurminningin frá orðum hins fráfarandi bankastjóra, er hann kastaði lyklunum, og tilfinningin um það, hvernig hann hafði aflað sjer stöðunnar, hafi átt sinn hlut í því. Og nú vill hann nota síðustu dagana, sem hann situr á Alþingi, til þess að reyna að þvo af sjer endurminninguna um hina sorglegu daga. Á honum rætast hin viturlegu orð Einars Benediktssonar: „Því gleymskunnar hnoss ei hlotið fær neitt hjarta, sem gleymsku þráir".

Jeg get ekki komist hjá því, úr því að minst hefir verið á Tryggva Gunnarsson og gerður samanburður á þessum tveim mönnum, manninum, sem rekinn var burt og sem nú fylgir sú virðing, sem aldrei mun gleymast, og eftirmanni hans, sem tók við lyklunum með þeim fyrirmælum, sem svo greinilega hafa ræst. Annars mun lengi minst sem einhvers hins ágætasta Íslendings. Hinn gleymist um leið og hann fellur frá, nema að því leyti, sem hans verður minst sem eins af þátttakendum í nokkrum hneykslanlegum málum, eins og bankafarganinu 1909.

Að síðustu gerði hv. þm. sjer þann óleik að lesa upp, kannske eftir minni, part úr endurminningum sínum um pólitíska samtíðarmenn sína, og jeg játa, að þessi klausa, sem fól í sjer lífsspeki hans, var ekkert annað en ómenguð vitleysa. Jeg held, að það væri æskilegt, að hv. þm. ljeti ekki geyma þetta skjal of lengi. Það mundi heppilegra fyrir flesta samtíðarmenn hans að vita, hvað hann ber þeim á brýn. Því að jeg held, að sá maður, sem á til það drengskaparleysi að geta nítt látinn velgerðamann sinn, eins og þessi maður hefir gert við Björn Jónsson, sje eins líklegur til að segja margt ósatt og skemmilegt um þá, sem fjær honum standa.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi reynt í umr. um þetta mál að halda mjer eingöngu við málefnið, og af því að jeg ætla mjer að halda þeirri

reglu áfram, mun jeg ekki fara mikið út í ræður þeirra hv. 1. og 5. landsk. (JJ, JBald).

Hv. 5. landsk. er eiginlega búinn að gefa upp alla vörn að því er snertir staðhæfingu hans um stjórnarskrárbrotið, sem er í því fólgið að láta sömu reglu ná til stjórnskipaðra bankastjóra Íslandsbanka og gildir samkv. frv. um bankastjóra Landsbankans. Það var líka ólíklega til þeirrar staðhæfingar stofnað, og þess vegna ekki von, að endingin yrði góð. Síðasta þrepið, sem hann reyndi að fóta sig á, var það, að það væri nú að vísu hægt að gera eins og Landsbankinn hafði gert viðvíkjandi útibússtjórunum, með því að setja ákvæði um það í samningana, að þeir yrðu að gefa sig alla við bankastjórastörfunum og mættu ekki verja tíma sínum til þingsetu eða annara starfa, ef þeir væru ekki alþm., þegar þetta ákvæði væri tekið í samning. Hv. þm. ljet eins og hann hjeldi, að þannig hefði verið ástatt, er Landsbankinn tók þessa reglu upp. En þegar Landsbankinn tók upp þessa reglu, þá voru þó tveir af útibússtjórum hans þm. Samt sem áður bannaði bankastjórnin þeim sem öðrum að sitja á þingi, með þeirri afleiðingu, að þeir urðu að velja um, hvort þeir vildu heldur sleppa stöðunni eða þingmenskunni. Annar valdi stöðuna, en hinn þingmenskuna. En nú stendur svo á um alla bankastjórana, er regla þessi á að ná til, bankastjóra Landsbankans og hina stjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka, að enginn þeirra er þm. Þess vegna er engum þeirra bægt frá starfi, sem hann nú hefir, ef ákvæðið verður tekið upp. Hitt veit jeg ekki, hvort þeir eru í stjórn einhverra atvinnufyrirtækja, sem sama grein bannar. En jeg hygg, að það sjeu ekki svo mikil brögð að því, að það verði tilfinnanlegt, þó að regla sú verði upp tekin, er frv. fer fram á. Ef það er ekki brot á stjórnarskránni að taka þá reglu upp gagnvart útibússtjórunum, að þeir megi ekki sitja á þingi, þá er það heldur ekki gagnvart bankastjórunum.

Jeg heyrði ekki byrjunina á ræðu hv. 1. landsk., en mjer hefir verið tjáð, að hann hafi verið með málalengingar miklar um samkomulagið, sem hefir orðið í þessu máli milli mín og hv. 1. þm. G.-K. (BK). Jeg veit það, að eitt af því, sem hv. 1. landsk. verður að telja með sinni margvíslegu mæðu á þingi, er einmitt þetta samkomulag, eða með öðrum orðum það, að hv. 1. þm. G.-K. hefir fallist á að vinna að frv. þessu á þeim grundvelli, sem það nú er á, og leggja fram lið sitt til þess að það mætti verða sem best úr garði gert. Það er vitanlegt, að hv. 1. landsk. hefir eytt eigi alllitlu af tíma sínum til þess að afla sjerskoðun sinni í þessu máli fylgis, og ef honum hefði tekist að fá hv. 1. þm. G.-K. á sitt band, þá hefði kveðið við annan tón hjá hv. 1. landsk. í garð aldursforseta þingsins (BK) en nú hefir raun á orðið. Eins og jeg hefi sagt áður, er það ófrávíkjanleg regla hjá hv. 1. landsk. að dæma menn ekki eftir málavöxtum, heldur eftir því, hvort þeir eru honum þægur ljár í þúfu á hinum pólitíska ferli hans eða ekki. Hann ber lof á flokksmenn sína, en last á andstæðinga sína. Og af því að þetta er orðið alkunnugt, eru allir hættir að taka mark á lofi hans og lasti.

Af því, sem jeg heyrði háttv. 1.

landsk. segja viðvíkjandi málinu, vil jeg aðeins henda á lofti ummæli hans um það, að stjórn Landsbankans gæti ráðstafað fje hinna opinberu sjóða í rjetta deild. Það mundi sett í sparisjóðsdeildina, sem þar ætti að vera, og það í seðlabankann, sem samkvæmt eðli sínu gæti staðið með hlaupareikningskjörum, sem þó er sjaldgæft, að fyrir komi. En þar skýst hv. þm. yfir. Ef sparisjóðsdeildin yrði nú skilin frá bankanum, þá væri ekkert rúm fyrir fje, sem á að standa á sparisjóðskjörum, í Landsbankanum. Sú stjórn, sem þá er yfir seðlabankanum, hefir engin umráð yfir fje sparisjóðsdeildarinnar. Þetta sýnist benda á það, að hv. þm. hefir ekki áttað sig til fulls á frv. Hann sagði, að það væri nýstárleg kenning, að seðlabanki ætti ekki að sækjast eftir sparisjóðsfje. Jeg gæti nú ekki búist við því, að það væri nýstárlegt fyrir mann, sem hefir látið svo mjög í ljós ánægju sína yfir þingmenskuhæfileikum sínum og háttv. 1. landsk. gerði í nýlokinni ræðu. Það hefir þó um fátt verið talað meira hjer en einmitt þá skoðun, að það væri jafnvel hættulegt fyrir seðlabanka, eins og hv. 1. þm. G.-K. hefir haldið fast fram, ef að honum safnaðist sparisjóðsfje, sem hann væri skyldur að taka á móti. Jeg verð að segja það, að það er og hefir verið mikið rjett í þessari skoðun hv. 1. þm. G.-K., enda hefi jeg reynt, eftir því sem núverandi ástand bankamálanna leyfir, að taka tillit til skoðana hans í frv. því, er hjer liggur fyrir, um algera aðgreiningu á seðlabanka og sparisjóðsdeild. Háttv. 1. landsk. kallaði þetta nýstárlega kenningu, og kemur þar ekki fram sú þekking á þessu máli, sem jeg hefði getað vænst eftir þeirri lýsingu, sem hann gaf áðan af þingmenskuhæfileikum sínum.

Þá sagði hv. 1. landsk., að það væri mótsögn hjá mjer, er jeg hjeldi því fram, að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans, en hinsvegar væri ríkisstjórninni heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lánum þeim, sem bankinn tekur. En það getur hún ekki lengur, eftir þeim lögum, sem samþykt hafa verið á þessu þingi. Jeg veit ekki, hvort jeg má hjálpa upp á skilning hv. 1. landsk. í þessum efnum með því að taka dæmi úr daglegu lífi, sem hann ber skyn á. Háttv. 1. landsk. mun ekki halda því fram, að jeg beri ábyrgð á skuldbindingum hans, en hinsvegar mun hann ekki mótmæla því, að jeg hafi leyfi til að ganga í ábyrgð fyrir hann. Og eins var með ríkissjóð gagnvart Landsbankanum, þangað til nýju lögin um þetta voru sett. Jeg held, að hv. þm. ætti heldur að bera þetta fram einhversstaðar annarsstaðar, þar sem honum yrði ekki svarað, en ekki hjer, þar sem hann má vita, að honum verður svarað samstundis og vitleysur hans leiðrjettar. Þá mintist hv. þm. á það, sem jeg sagði um tryggginguna fyrir sparisjóðinn, og sagði, eins og hv. 5. landsk. sagði líka, að jeg hefði gert ráð fyrir því að koma með brtt. við 3. umr., sem mundi gerbreyta brtt. minni á þskj. 398.

Þetta er nú alveg misskilningur. Brtt. á þskj. 398 sviftir Landsbankann engum þeim tryggingum, sem hann nú hefir. En það eru önnur ákvæði í stjfrv. sjálfu, sem gera það að verkum,

að sparisjóður Landsbankans nýtur ekki tryggingar af stofnfje seðlabankans. Sú brtt., sem jeg gerði ráð fyrir að flytja við 3. umr., gengur út á það að breyta þessum ákvæðum frv., sem gera ráð fyrir, að sparisjóðurinn hafi ekki aðra tryggingu á bak við sig en varasjóð sinn.

Báðir þessir hv. þm., hv. 1. og hv. 5. landsk., hafa sagt, að jeg hafi kannast við, að ríkissjóður bæri siðferðilega ábyrgð á Landsbankanum. Um þetta hefi jeg ekkert sagt, en jeg get sagt það nú. Þessi siðferðilega ábyrgð er vitanlega engin lagaábyrgð, en þegar hjer er talað um siðferðilega ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Landsbankanum, þá getur meiningin ekki verið önnur en sú, að það geti verið sanngjarnt, ef sparisjóðurinn verður fyrir miklu tapi, að landið hlaupi undir bagga og bæti innstæðueigendum upp tapið. — Um slíkt, hvort þetta gæti verið sanngjarnt eða rjett, er ómögulegt að segja fyrirfram; það fer eftir málavöxtum.

Jeg skal nefna eitt tilfelli, sem mjer þætti ekki sanngjarnt, að ríkið bætti innstæðueigendum tap. Það er, ef svo ólíklega skyldi fara, að lögleitt yrði að stýfa hina íslensku krónu. Að stýfa krónuna væri það sama og að taka allmikinn hluta af eignum allra þeirra, sem eiga kröfur á Landsbankann; kröfur, sem þeir geta ekki heimtað að fullu nú, en á sínum tíma, þegar Landsbankinn verður skyldaður til að innleysa seðlana. — Ef sú óhamingja á að henda þetta land, að gjaldeyrir okkar verði stýfður með stórtapi fyrir innstæðueigendur, þá álít jeg það ekki siðferðilega skyldu ríkisins að bæta þeim upp mismuninn á seðlagildi og gullgildi, sem hafa fje sitt geymt í Landsbankanum, fremur en öðrum. Þetta læt jeg nægja sem dæmi um það, að það er mjög varhugavert að slá fastri fyrirfram nokkurri almennri reglu um það, hvort ríkinu beri skylda til að bæta innstæðueigendum upp tap, sem þeir kunna að verða fyrir. Enda er það heldur ekki það, sem hjer liggur fyrir gagnvart frv., hvort við eigum í framtíðinni að gera siðferðilega ábyrgð gildandi gagnvart ríkissjóðnum, heldur hitt, að ákveða hina lagalegu ábyrgð hans. Jeg álít það alveg óviðeigandi að láta það vera vafa og lögskýringum undirorpið, hve langt ábyrgð ríkissjóðs nái fyrir skuldbindingum slíkrar stofnunar, einkum þar sem athygli almennings hefir nú verið leidd að þessu atriði á sama tíma og við höfum til meðferðar lagafrv. um bankann hjer í þinginu.

Jeg get nú látið útrætt um þetta af minni hálfu. Hv. 1. landsk. hefir nú gengið út, svo að hann heyrir ekki mál mitt, og skal jeg því ekki fara langt út í viðskifti hans við hv. 6. landsk. (JKr) og hv. 1. þm. G.-K. (BK). — Jeg vil þó segja það út af hinu frámunalega sjálfshóli hv. þm. (JJ) og sjálfsáliti í samanburði við hv. 6. landsk., að mjer fanst ræða hans vitna á móti honum. — Hv. 6. landsk. hjelt stutta ræðu, en nokkuð kröftuga í garð hv. 1. landsk., að gefnu tilefni, því að hann hafði vaðið upp á hv. 6. landsk. með rakalaus og óverðskulduð ámæli. Það er auðvitað altaf leiðinlegt að þurfa að setja ofan í við þm. eins og hv. 6. landsk. gerði við hv. 1. landsk., en maður verður að afbera það. — Hv. 1. landsk. svaraði nú aftur og ljet eins mikið frá sjer í garð andstæð-

ings síns, en munurinn var sá, að honum tókst það alt miklu miður. — Auk þess notaði hann, eins og hans er vandi, svo miklar málalengingar og þurfti svo langan tíma til að koma út úr sjer lítilli hugsun, að það var lítt bærilegt að hlusta á það. — Einkum verður þessi aðferð hv. þm. óþolandi, þegar hjer við bætist, að þetta er ekkert sjaldgæft, heldur daglegt brauð hjer í deildinni, og verður þess vegna til slíkrar tafar fyrir þingstörfin, að þess eru ekki dæmi í sögu þingsins.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að jeg sje fallinn frá þeim skilningi mínum á ákvæðum 47. gr. frv., að þau brjóti í bága við stjórnarskrána. Hæstv. ráðherra veit líka vel, að það eru margir fleiri en jeg, sem líta svo á þetta mál. Hann hlýtur líka að sjá, að það er nokkuð annað, að einstakir menn geri samning með sjer um einhver atriði eða að þingið sjálft setji lög um þau.

Til þess að geta sett lög um þetta þarf að breyta stjórnarskránni. Það eru 2—3 ákvæði í frv., sem koma í bága við stjórnarskrána og þingsköpin. Og til þess að breyta stjórnarskránni þarf alveg sjerstaka aðferð. Það þarf t. d. að vera tekið skýrt fram í frv., að það sje um breyting á stjórnarskránni. — Hæstv. forseti á ef til vill enn eftir að fella úrskurð um þessi atriði. Úrskurður hans í gær gefur tilefni til að halda, ef atkvgr. fer að óskum hæstv. ráðh., að þá muni á ný falla úrskurður. Hæstv. ráðherra segir auðvitað, að vel megi samþykkja þetta nú, vegna þess að enginn af bankastjórum Landsbankans eigi sæti á þingi. En nú veit hann, að við Íslandsbanka er maður bankastjóri, sem verið hefir þm. og sem hefir leitað eftir þingmensku síðastl. ár, og heyrst hefir, að hann muni gera það í haust.

Nú vildi jeg fá að heyra frá hæstv. ráðh., hvort hann ætlar sjer þá, ef þetta verður samþykt, að framkvæma ákvæði laganna á þann hátt, að víkja þeim bankastjórum frá, er ekki kynnu að vilja beygja sig í þessu efni. Jeg vildi annars beina því til hæstv. ráðherra, hvort honum sýndist ekki að taka brtt. sína á þskj. 398 aftur til 3. umr. og láta hana verða samferða till. þeirri, sem hann hefir boðað viðvíkjandi tryggingu sparisjóðs Landsbankans. — Að svo mæltu skal jeg ljúka máli mínu. Það yrði of langt, ef jeg færi inn á ný atriði málsins.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Það er aðeins stutt aths. Hin langa ræða hv. 1. landsk. var öll endurtekning á fyrri ræðu hans, sem jeg hafði svarað svo rækilega, að ekki stóð steinn yfir steini. Hv. þm. sagði, að jeg hefði verið orsök bankarannsóknarinnar. Þetta var jeg búinn að afsanna. Þá sagði hann, að jeg hefði reynt að koma sökinni á saklausa menn, og einnig það hafði jeg sannað, að var rangt. Ekki vantar staðhæfingarnar. Ennfremur sagði hv. þm., að jeg hefði ekki átt að taka við bankastjóraembættinu. Hvers vegna ekki? Gat jeg ekki sótt um það starf eins og hver annar? Launin voru heldur ekki 24 þús. þá. Nei, þau voru 6 þús. og engin dýrtíðaruppbót öll stríðsárin, svo að ekki græddi jeg á skiftunum,

því að verslun mín gaf meiri arð þegar jeg fór frá henni.

Þá sagði hv. þm., að Tryggvi Gunnarsson hefði sagt, að það væri hans álit, að jeg hefði verið hvatamaður rannsóknarinnar. En við hvað styðst það álit? — Þá sagði hann, að kassinn hefði verið talinn. En hvað kom það málinu við? Það er venja þegar skift er um bankastjóra. Jeg veit heldur ekki til, að neitt hafi vantað í kassann, enda hjelt jeg engu slíku fram. Nei, það var önnur óregla. Ennfremur sagði hann, að Tryggvi hefði kastað í mig lyklunum. Hvað sannar það, þegar hann hjelt, að jeg væri orsökin í frávikningu hans? Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði komið lúalega fram við þennan vin minn og velgerðamann, Björn Jónsson. En hann var vinur minn, en ekki velgerðamaður. Jeg hafði ekkert af honum þegið. Þá átti jeg að hafa verið svo vanþakklátur að sveigja að Birni heitnum Jónssyni. Ef jeg hefi sveigt að honum látnum, sem jeg neita að hafa gert, þá hefði það verið alveg í samræmi við aðferð hv. 1. landsk. sjálfs. Hvað oft hefir hann ekki skammað dauða saklausa menn? Jeg vil nú leyfa mjer að lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta, aftur það, sem jeg las upp í dag, svar mitt fyrir rannsóknarrjettinum, og er þar eitt vitni í þessu máli:

„Jeg hafði ekki, svo jeg muni, nein afskifti af því, að bankarannsókn var hafin. Jeg latti þess, að gæslustjórunum yrði vikið frá, sökum óeirða, sem af þeirri frávikningu mundi stafa, og er prófastur Jens Pálsson í Görðum vitni til þess, að svo gerði jeg".

Hjer er eitt vitni, sem var á þingi ásamt Birni Jónssyni, er jeg bar þennan vitnisburð. Mundu þeir ekki hafa gert athugasemd við framburð minn, ef hann hefði verið rangur?

Báðir lifðu nokkur ár eftir þetta og kom hvorugur þeirra fram með mótmæli gegn framburði mínum. Hjer er því fullsannað, að jeg var ekki hvatamaður þess, að rannsóknin fór fram, heldur aðrir. Og 18 ár eru nú liðin síðan þessi framburður minn kom út á prenti, og hefðu því allir getað komið fram með mótmæli, ef jeg hefði ekki sagt satt. Það er því sannað, að alt, sem hv. 1. landsk. hefir sagt í þessu máli, er ekki annað en hinn venjulegi uppspuni hans, sem áður hefir orsakað hina eftirminnilegu till., sem samþ. var hjer í deildinni í fyrra. Alveg er mjer sama um, hvort haldið er áfram að kenna mjer um frávikninguna og rannsóknina. En skýra vildi jeg þó frá því sanna um þetta áður en jeg skildi við þingið.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 20, n. 362, 363 og 364, 398).

ATKVGR.

Brtt. 398 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, IHB, HSteins.

nei: IP, JBald, JJ, MK, EÁ, GÓ.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 362,1 samþ. með 9:4 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 362,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,3.a samþ. með 8:6 atkv.
— 362,3.b samþ. með 8:4 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 362,4.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 363,1.a tekin aftur.
— 363,1.b feld með 8:6 atkv.
— 362,4.b samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.
12. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 362,5 samþ. með 8:6 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 362,6.a samþ. með 9:2 atkv.
— 362,6.b samþ. með 9:3 atkv.
— 362,6.c samþ. með 8:2 atkv.
— 362,6.d samþ. með 8:2 atkv.
— 363,2.a feld með 8:5 atkv.
— 362,6.e samþ. með 9:3 atkv.
— 362.6.f samþ. án atkvgr.
— 363,2.b feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.
nei: EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.
Brtt. 362,6.g samþ. með 10:2 atkv.
— 362,6.h samþ. með 8:2 atkv.
— 362,6.i samþ. með 8:4 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 362,7 samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK, BK, EÁ, EJ, GÓ, IHB, HSteins.
Brtt. 364,1 tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
16.—18. gr. samþ. með 13 shlj.atkv.
Brtt. 362,8 samþ. með 8:4 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 362,9 samþ. með 8:6 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 362,10 samþ. með 9:1 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,11 samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 362,12 samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 362,13.a samþ. með 8:6 atkv.
— 362,13.b samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 362,14.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 363,3 samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK, BK, EÁ, HSteins.
28. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 362,15.a samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JBald, JJ, MK.

Brtt. 362,15.b samþ. með 8:1 atkv.
— 364,2 tekin aftur.
29. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.
30.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,16.a samþ. með 8:6 atkv.
— 362,16.b samþ. með 8:6 atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 362,17 (34. gr. falli burt) samþ. með 8:6 atkv.
— 364,3 feld með 8:6 atkv.
— 362,18 (ný 35. gr., verður 34. gr.) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.
nei: GÓ, IP, JBald, JJ, MK, EÁ.
Brtt. 362,19 samþ. með 8:4 atkv.
36. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 363,4 feld með 8:5 atkv.
— 364,4 feld með 8:6 atkv.
— 362,20 samþ. án atkvgr.
37. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj atkv.
Brtt. 362,21 (39.—41. gr. falli burt) samþ. með 8:6 atkv.
— 362,22.a samþ. með 8:5 atkv.
— 362,22.b samþ. með 8:3 atkv.
— 362,22.c samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, HSteins.
nei: IP, JBald, JJ, MK, EÁ, GÓ.
Brtt. 363,5.a—b sjálffallnar.
42. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 362,23.a samþ. með 8:4 atkv.
— 363,6 feld með 7:7 atkv.
— 362,23.b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 362,23.c samþ. með 8:2 atkv.
Brtt. 362,23.d samþ. með 9 shlj. atkv.
— 362,23.e samþ. með 8:3 atkv.
— 362,23.f samþ. með 8:1 atkv.
— 362,23.g samþ. án atkvgr.
— 362,23.h samþ. með 8:1 atkv.
43. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 363,7.a feld með 8:5 atkv.
— 362,24.a samþ. með 8:5 atkv.
— 363,7.b feld með 8:6 atkv.
— 363,7.c feld með 8:5 atkv.
— 362,24.b samþ. með 8:5 atkv.
— 362,24.c samþ. án atkvgr.
44. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 362,25 samþ. án atkvgr.
45. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 362,26 samþ. með 8:2 atkv.
— 363,8 sjálffallin.
46. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Forseti (HSteins): Það hefir verið beiðst úrskurðar forseta um það, hvort ákvæði 1. málsgr. 47. gr. og 2. málsgr. 68. gr. þessa frv. komi ekki í bága við gildandi stjórnarskrá, og af þeim ástæðum beri því að vísa þessum ákvæðum frá. Jeg hefi nú athugað þetta og borið saman við stjórnarskrána, og verður þá úrskurður minn á þessa leið:

Með því að skilja þykir mega ákvæði 1. málsgreinar 47. gr. fyrirliggjandi frv., um að bankastjórar megi ekki vera alþingismenn, sbr. og 2. málsgr. 68. gr., á þá leið, að þau ákvæði eigi ekki við aðra en þá bankastjóra, sem skipaðir verða eftir gildistöku laganna, virðist eftir atvikum ekki ástæða til

að vísa þeim ákvæðum frá, og heldur atkvgr. þá áfram.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það eru aðeins örfá orð út af úrskurði hæstv. forseta.

Jeg hefi jafnan skilið umrætt ákvæði 47. gr. þannig, að með því væri engum kjörgengum borgara landsins meinuð þingseta, heldur takmörk sett fyrir því, hverjir borgarar geti verið bankastjórar, þannig að alþingismenn geti ekki haft þann starfa á hendi. En þar sem orðalag greinarinnar hefir valdið ágreiningi, mun jeg við 3. umr. bera fram till. um breytingu á orðalaginu, sem gerir það alveg vafalaust, að merkingin er sú, sem jeg nú sagði.

Brtt. 362,27 samþ. án atkvgr.

47. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

48.—51. gr. (verða 43.—46. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 364,5 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IP, JBald, JJ, MK, EÁ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, HSteins.

52. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 363,9 tekin aftur.

53.—59. gr. (verða 48.—54. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 362,28 tekin aftur til 3. umr.

— 363,10 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald.

nei: JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

60. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 364,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 362,29 kom ekki til atkv.

61. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 363,11 feld með 8:4 atkv.

— 362,30 samþ. með 8:2 atkv.

— 364,7 feld með 8:4 atkv.

62. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 362,31 samþ. án atkvgr.

63. gr. (verður 58. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

64.—67. gr. (verða 59.—62. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 363,12 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald.

nei: JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

Brtt. 364,8.a tekin aftur.

— 364,8.b tekin aftur, en tekin upp af 5. landsk. (JBald) og feld með 8:4 atkv.

68. gr. (verður 63. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 362,32 tekin aftur, en tekin upp af 5. landsk. þm. (JBald) og feld með 8:6 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 421).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Meiri hlutinn hefir leyft sjer að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 438.

Eru það aðallega smávegis leiðrjettingar, er jeg nú skal lýsa.

Er þá fyrst brtt. við 12. gr., að þar komi „hans“ í staðinn fyrir „þeirra“ í neðstu línu. Þetta gleymdist að laga um leið og brtt. meiri hl. voru samþyktar við 2. umr.

Þá er brtt. við 14. gr. 5. málsgr., að í staðinn fyrir orðin „sem seðlabankinn kaupir“ komi „sem seðlabankinn kaupir og“. Þetta er aðeins leiðrjetting á máli, eins og allir geta sjeð.

Þá kemur brtt. við 22. gr., að í staðinn fyrir, að bankinn „skuli“ skrá verðbrjef sín með kaupverði, komi, að hann megi telja þau á reikningnum með kaupverði. Eins og hv. þdm. muna, varð nokkur ágreiningur um það, hvort bankinn ætti að telja verðgildi þessara brjefa í árslok eins og hann hafði gefið fyrir þau á árinu. En með þessari brtt. er bankastjórninni í sjálfsvald sett, hvort hún telur þau heldur með kaupverði eða gangverði.

Næst er brtt. við 38. gr. p., að sá liður falli niður. Þessi brtt. stafar af því, að á tveimur stöðum í frv. er gert ráð fyrir, hvernig val endurskoðenda fari fram, fyrst í 21. gr. Þar er það skýrt tekið fram, að ráðherra skipar tvo endurskoðendur með samþykki bankaráðsins og ákveður starf þeirra, en í 41. gr. gamla frv. var líka gert ráð fyrir því, að Landsbankanefndin veldi endurskoðendur. Meiri hl. hefir viljað leiðrjetta þetta, með því að fella þetta ákvæði niður á seinni staðnum. Þess var ekki gætt áður, þegar athugað var, hvað landsbankanefndin ætti að framkvæma, að þetta ákvæði var komið inn í frv. áður.

Brtt. við 39. gr. er ekki annað en sjálfsögð leiðrjetting á greinartölu.

Þá kemur brtt. við 55. gr., sem var 60. gr. Við 2. umr. var frestað að greiða atkv. um 28. brtt. á þskj. 362, en ef hún fellur, þá verður að gera leiðrjettingu á 55. gr., því að í henni eru ákvæði um Landsbankanefndina, sem feld er úr frv. á öllum öðrum stöðum. Þess vegna er þessi varatill. fram komin.

Þá er smávegis breyting á 58. gr. 2. málsgr., að í staðinn fyrir „þá“ komi „þó“.

Þá er og leiðrjetting við 59. gr., að í staðinn fyrir „9. gr. b“ komi „9 gr. c“.

Það er óhjákvæmilegt, úr því að veltufje bankans er ákveðið 5 milj. kr., að stjórninni sje heimilað að taka lán erlendis til þess að standast greiðslur. Þess vegna kemur meiri hl. fram með þá brtt., að aftan við 61. gr. komi ný gr., er verður 62. gr., svo hljóðandi:

„Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga“.

Brtt. við 63. gr. er aðeins til þess að leiðrjetta prentvillu um greinatölu.

Þá er seinasta brtt., að aftan við 64. gr. komi ný gr., um að lögin öðlist þegar gildi. Þetta er sett vegna þess, að það er ekki hægt fyrir stjórnina að skipa matsnefnd fyr en lögin eru komin í gildi, en ef það dregst lengi, er hætt við, að matsnefnd verði svo seint skipuð, að úttekt geti ekki farið fram 1. febrúar 1928.

Svo er eitt atriði enn. Meiri hl. bjóst við því, að minni hlutarnir mundu koma fram með brtt. við 63. gr., enda var samkomulag um það í nefndinni, að tími sá, er Íslandsbanki hefir leyfi

til að diskontera víxla í Landsbankanum, verði styttur úr 20 árum í 10 ár. En það er svo skamt síðan við vissum það, að minni hlutarnir ætluðu ekki að koma fram með brtt. í þessa átt, að ekki vanst tími til þess að fá brtt. prentaða, og þess vegna leyfir meiri hl. sjer að koma hjer fram með skriflega brtt. við 63. gr., er svo hljóðar:

Fyrir töluna „¼“ komi: ½.

Þessa brtt. leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta í þeirri von, að hann sjái sjer fært að bera hana undir atkvæði. Um brtt. hæstv. forsrh. ætla jeg ekki að tala fyr en hann hefir sjálfur skýrt þær.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi leyft mjer að bera fram þrjár brtt. á þskj. 439.

Fyrsta brtt. er við 42. gr. og fer fram á að breyta orðalagi þeirrar greinar þannig, að það verði bert, að hún fer ekki fram á neitt, er stríðir í móti ákvæðum stjórnarskrárinnar. Einstaka menn hafa þóst geta skilið frvgr. svo, að tilteknum borgurum þjóðfjelagsins væri bönnuð þingseta. Hafa þeir lagt þetta upp úr orðalaginu í upphafi greinarinnar, er hljóðar svo: „Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn“.

Það er óefað, að hvorki milliþinganefndin nje stjórnin hefir skoðað þetta svo, að það ætti að svifta nokkurn mann kjörgengi, heldur einskorða val bankastjóra svo á hverjum tíma, að þeir væru ekki teknir úr hópi þingmanna. Það er aðeins þetta orðalag, sem valdið hefir ágreiningi, og get jeg fallist á, að það sje ekki heppilegt eins og það er í frv., því að meiningin var aðeins sú, að takmarka rjett bankaráðsins um val bankastjóra, en ekki að takmarka kjörgengisrjett manna nje rjett kjósenda til að velja sjer þingmenn. Jeg sting því upp á, að orðalaginu í upphafi greinarinnar verði breytt svo: „Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar“. Og vegna þess, að það kemur betur við að byrja nýja málsgrein þar á eftir, hefi jeg vikið dálítið við orðalaginu á því, sem á eftir fer, en það er ekki heldur nein efnisbreyting. Jeg vona, að enginn hv. þdm. geti nú haldið því fram, að greinin, svo orðuð, stríði í móti stjórnarskránni, hverja skoðun sem þeir annars kunna að hafa á því, hvort rjett sje að aðgreina bankastjórastörf og þingsetu. Þá kemur breyting á 44. gr., og fer hún fram á það, að fastir starfsmenn, sem unnið hafa hjá bankanum, hafi sama rjett til lífeyris og styrks eins og þeir, sem ráðnir verða eftir að lög þessi ganga í gildi og að þeim sje greitt það af fje bankans. Er þetta ákvæði borið fram vegna tilmæla núverandi starfsmanna bankans. Fanst mjer rjett að verða við þeirri málaleitan eins og hjer er gert. Er þetta svipað eins og með lífeyrissjóð embættismanna. Sjóðurinn á að nægja fyrir þá, sem byrja að leggja í hann þegar þeir taka við stöðu í bankanum, en fyrir hina, sem lengi hafa unnið í bankanum og leggja því lítið í sjóðinn áður en starfsþrek þeirra er úti, er það rjett, að þeir fái slíka uppbót sem hjer er farið fram á.

Þá er 3. brtt., við 56. gr., að aftan við hana bætist ný grein um skifti seðlabankans og sparisjóðs. Það er gert ráð fyrir því í greininni, að vara-

sjóður bankans skiftist til helminga milli þessara deilda, og er það bygt á því, að nálægt helmingur af veltufje bankans verði lagður hvorri deild. Eins og getið var um við 2. umr. málsins, þá fer sparisjóðurinn varhluta af skiftunum hvað aðrar tryggingar snertir, þar sem 5. gr. gerir ráð fyrir því, að innskotsfje ríkissjóðs verði fengið seðlabankanum sem hluti af stofnfje hans. Þess vegna hefi jeg borið fram þessa till. um, að seðlabankinn beri ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs, þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af innstæðufjenu. — Þetta ákvæði er miðað við sparisjóðslöggjöf okkar, er mælir svo fyrir, að þegar varasjóður sparisjóðs hafi náð 10%, megi verja úr honum til annara þarfa en sjóðsins sjálfs. Löggjafarvaldið hefir samkv. þessu álitið það nægilega trygt að hafa 10% varasjóð til þess að sparisjóðurinn geti staðið á eigin fótum. Jeg hefi borið þetta ákvæði undir stjórn Landsbankans, og hún hefir fallist á, að rjett sje að hafa það þannig.

Jeg vil leiða athygli að því, að það mun vera prentvilla í varatillögu meiri hlutans, að komma stendur á eftir 1927, en þar á að vera punktur, og byrjar svo nýr málsliður: „Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, skipar ráðherra“ o. s. frv.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Það fór svo fyrir mjer, að jeg kom ekki með brtt. að þessu sinni, vegna þess að mjer sýndist ekki mót á því við 2. umr., að hægt væri fyrir minni hl. að koma neinum brtt. fram, hversu vel rökstuddar eða sanngjarnar sem þær væru. Allar þær brtt., er minni hlutarnir báru fram, voru drepnar með því atkvæðamagni, er hæstv. stjórn hefir yfir að ráða í deildinni, eða flestar með 8:6 atkv. Bjóst jeg við, að ef jeg færi að koma með brtt. nú, þá mundu þær fara í sömu gröfina.

Jeg sje að vísu ýmsa smíðagalla á frv., en flestir munu þeir lagfærðir með brtt. þeim, sem nú hafa fram komið. En jeg hugsaði sem svo, að ef jeg færi að bera fram brtt. til leiðrjettingar og umbóta, þá mundu þær aðeins verða til þess, að göllum frv. yrði haldið, því að flokkur hæstv. stjórnar mundi telja sjer skylt að fella þær brtt.

Jeg get ekki látið hjá líða að benda á það, að frv. er nú svo úr garði gert. að mjög er fjarri því, sem milliþinganefndin 1925 ætlaðist til. Jeg tek það ennþá fram, að það hefði átt að setja löggjöf um fyrirkomulag Landsbankans, sem væri trygging fyrir góðri starfsemi í bankanum og þar með fyrir fjárhag hans, en ekki gera eftirlitið svo flókið, að það verði eðlilegri starfsemi bankans til hindrunar, því fyrirkomulag frv. minkar þau völd, sem hverri bankastjórn er nauðsynlegt að hafa. En öll afskifti bankaráðsins af bankanum, eins og ætlast er til að þau verði, hygg jeg miða til hins verra. Og auk þess er mikið vafamál, hvort ekki er óþarft og óheppilegt að hafa svo marga yfirmenn í bankanum eins og ráð er fyrir gert, því mjer skilst svo, að eftir frv. geti hinir raunverulegu bankastjórar orðið 6, þar af 3, sem tala eiga við almenning, og 3, er stýra eiga framkvæmdarstjórunum. En auk þessa er í frv. ákvæði um af-

stöðu bankastjóranna innbyrðis, sem mjer skilst, að hljóti að verða til þess, að samkomulagið milli bankastjóranna yrði ekki eins gott og það yrði ella og æskilegt væri. Það er sem sje í frv. verið að ýta undir bankastjórana um að gera ágreiningsatkvæði um ákvarðanir þeirra, og er ráð fyrir því gert, að minni hluti bankastjórnar geti með atbeina bankaráðs ráðið þar úrslitum. Þetta er til þess að draga úr góðu samstarfi í bankanum, en að ýta undir það með löggjöf er í fylsta máta óheilbrigt. Auk þessa má nefna dagbókarhaldið o. fl. Alt þetta er svo flókið og umsvifaþungt, að allar líkur eru til þess, að með því flækist hver fyrir öðrum og að enginn þykist bera ábyrgð á störfunum. Er þannig búið að hnýta þetta svo saman, að allar líkur eru fyrir því, að meiri hluti bankastjórnarinnar hafi engin áhrif um gott eftirlit í bankanum og ró og öryggi þar, en á hinn bóginn er dregið úr ábyrgð bankastjórnar á starfsemi bankans. Er mun betra, að bankastjórarnir geri smáskyssur og beri á þeim ábyrgð en að þeir hliðri sjer hjá ábyrgðinni og komi henni á hendur bankaráðinu, en það er auðvitað gert með þessum daglegu afskiftum bankaráðsins af störfum bankastjórnarinnar. En hitt er verra, að vitleysan sje gerð af 8 mönnum í stað þriggja, því þá eru allir í sökinni, bæði bankaráð og bankastjórar — og hver finnur þá að?

Þetta eru aðeins þau almennu orð um frv.

En svo skal jeg víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 362 um rannsóknina, sem tekin var aftur, — við 60. gr. frv. —. Það hefir alveg gleymst að taka það fram við umr. um þetta atriði, að þessi rannsókn, ef hún á að vera að nokkru gagni, krefst fyrirfram mikillar þekkingar á málinu. Íslandsbanki er langstærsti viðskiftaaðili Landsbankans, þar sem endurkaup Landsbankans á víxlum Íslandsbanka nema mörgum miljónum króna. Ef rannsaka ætti, hvort þessir víxlar væru góður „pappír", þá þyrfti í raun og veru að rannsaka hag Íslandsbanka líka. (**BK**: Það þarf ekki að rannsaka nema hag þeirra manna, sem skulda víxlana). Jú, því Íslandsbanki stendur einnig — og þá fyrst og fremst gagnvart Landsbankanum — sem ábyrgur á víxlunum, sem Landsbankinn kaupir af honum. En til þess að nokkuð verði með sanni vitað um hag Íslandsbanka, þá þurfa rannsóknarnefndarmennirnir að vera honum kunnir fyrirfram, eða þeir þurfa að rannsaka hann, en til þess er engin heimild í till., hvorki að nefndarmennirnir athugi hag stofnana eða einstakra manna, sem viðskifti eiga við Landsbankann. Og þeir menn eru ekki til, er hafa slíka fyrirframþekkingu á hag Íslandsbanka, aðrir en eftirlitsmaður banka og sparisjóða, sem nú er nýbúinn að rannsaka hag Íslandsbanka. En þetta var ein af röksemdum mínum fyrir till. minni við 2. umr. þessa máls, að þessi starfsmaður ríkisins hefir nýlokið við rannsókn á Íslandsbanka og sparisjóðum landsins. Jeg tala ekki hjer um þessa till. af því að hún liggi fyrir til umræðu, en jeg hygg, að komin sje einhver veðrabreyting um þetta atriði, þar sem hv. meiri hl. nefndarinnar hefir komið fram með varatill. um það. Er sýnilegt, að hjer er um alvarlega hlið á

málinu að ræða, sem ekki hefir komið fyr fram í umræðunum um þessa rannsókn á hag Landsbankans, að nauðsynlegt er að rannsaka þennan stærsta viðskiftaaðilja Landsbankans, Íslandsbanka. Hv. 1. þm. G.-K. (BK) skaut því fram, að aðeins þyrfti að rannsaka hag manna þeirra, er standa á þeim víxlum, er Landsbankinn hefir keypt af Íslandsbanka, en ekki hag Íslandsbanka sjálfs. En menn þessir eru viðskiftamenn Íslandsbanka, og væri því ekki nóg að fara í bækur Landsbankans um slíka rannsókn, heldur þyrfti að fara í bækur Íslandsbanka. Það ber því hjer að sama brunninum. Jeg býst við því, að flestar brtt. á þskj. 348 sjeu orðabreytingar og smáleiðrjettingar. Jeg hefi borið nokkrar þeirra saman við frv., en þó ekki allar. En varatill. hv. meiri hl. við 55. gr. frv. virðist vera eitthvað ankannaleg, því ef skipa á þessa nefnd þegar eftir að lögin öðlast gildi, þá getur svo farið, að ekki verði hægt að kjósa menn í nefndina tímans vegna, nema því aðeins, að frv. verði afgreitt svo snemma, að hægt verði að síma það út til staðfestingar og hún komin til baka áður en þingi slítur. En að síma frv. út verður auðvitað alldýrt, þó að vísu muni ekki mikið um einn blóðmörskepp í þessari bankasláturstíð.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á till. hæstv. fjrh. (JÞ). Mjer virðist vera lítil búbót að því, þó að brtt. ráðh. við 42. gr. frv. verði samþ. Má með sanni um hana segja, að þar sje öfugur Darwinismus á ferðinni. Fæ jeg ekki betur sjeð en að till., enda þótt hún sje breytt að orðalagi frá því sem áður var, þá komi hún jafnt í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Eftir þessu ætti Alþingi að geta samþykt lög um það, að alþingismenn mættu ekki vera t. d. prentarar, dómari í Reykjavík, læknir á Snæfellsnesi, kaupmaður við Vesturgötu eða læknir á Sauðárkróki. Þetta, sem farið er fram á með till. hæstv. ráðh., er aðeins byrjun á upptalningu, sem gæti orðið endalaus. — Þó að jeg geti tekið undir það, að margt mæli með því, að menn í svo ábyrgðar- og umsvifamiklum stöðum og sem geta haft svo víðtæk áhrif eins og bankastjórar og útibússtjórar, ættu helst ekki að sitja á þingi, þá tel jeg sjálfsagt og rjett, að ákvæði um það verði sett í stjórnarskrána, en ekki með einföldum lögum, eins og hjer er verið að gera. Það er og verður stjórnarskrárbrot, hversu ísmeygilega sem till. um það eru orðaðar. Jeg gæti vel hugsað mjer að vera með slíkri breytingu á stjórnarskránni, en ekki með neinu móti, ef hún kemur fram í formi einstakra laga.

Hæstv. ráðh. ætti að vita það, að hægt er að brjóta lög með öðru móti en því að ganga í berhögg við *bókstaf* þeirra, en það er með því að brjóta í bág við *anda* laganna, þá meginhugsun, sem liggur *á bak við* orðin. Og það er slíkt skýlaust brot á stjórnarskránni, sem till. hæstv. ráðh. er.

Samkvæmt því, sem jeg nú hefi sagt, vildi jeg leyfa mjer að fara fram á það, að hæstv. forseti ljeti nú falla úrskurð sinn um það, hvort till. þessi geti vegna ákvæða þingskapanna og stjórnarskrárinnar komist hjer að.

Þessi till. er að því leyti víðtækari en fyrri till. hæstv. ráðh., að sú till.

bannaði aðeins bankastjórum þingsetu, en þessi till. nær til *allra* þingmanna, nema því aðeins, að úrskurður hæstv. forseta falli í þá átt, að vísa till. frá.

Þá skilst mjer, að brtt. hæstv. ráðh. breyti í engu ákvæði 63. gr. frv. um það, að stjórnskipaðir bankastjórar Íslandsbanka megi ekki vera þingmenn. Það helst óbreytt að efni til. Og jafnskjótt og þetta verður að lögum, þá geri jeg ráð fyrir, að útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði, sem sæti á nú hjer á þingi, segi tafarlaust af sjer þingmensku eða starfi sínu sem útibússtjóri.

Þá hefir hæstv. ráðh. komið fram með till. um að skapa varasjóð fyrir sparisjóðsdeild Landsbankans, en þetta er ekkert nýtt, þar sem hann ætlast til þess, að tekið verði til þessa 1400 þús. kr. frá seðlabankanum, en annarsstaðar í frv. er búið að ráðstafa þessu fje sem stofnfje handa seðlabankanum. Þykir mjer ótrúlegt, að stjórn bankans sætti sig við það, að tekið sje þannig fje frá seðlabankanum og látið falla til sparisjóðsdeildarinnar, sjerstaklega þegar þess er gætt, að sumir halda því fram, eins og sjest á grein eins hæstarjettarlögmanns um hag bankans í einu dagblaðinu hjer fyrir skömmu, að öll töp bankans sjeu ennþá ekki komin fram. Ef því tap verður á sparisjóðsdeildinni, þá hlýtur að verða að taka af stofnfje bankans til þess að bæta það upp. Það getur liðið langur tími þangað til sparisjóðsdeildin hefir grætt svo, að varasjóður verði 3—4 miljónir króna, en það er sá varasjóður, sem hæstum er gert ráð fyrir. En hvernig fer í framtíðinni, ef varasjóðurinn nær þessu hámarki? Þá fellur niður ábyrgð seðlabankans á sjóðnum. En seinna getur sparisjóðurinn tapað svo miklu, að nemi varasjóðnum og innskotsfje seðlabankans, og þá er enginn varasjóður, engin trygging og engin ábyrgð til þess að grípa til. Er þetta nægilegt til þess að sýna, að hæstv. ráðh. hefir ekki athugað þennan möguleika vel áður en hann kom fram með till. sína.

Það hafa nú komið fram svo mikil vansmíði á þessu frv., að jeg sje ekki annað en að hv. meiri hl. nefndarinnar verði að taka sjer frest til þess að ráða ráðum sínum um það, hvað gera skal. En vilji hæstv. stjórn þvinga málið fram með þessum vansmíðum nú á þessu þingi, þá verður hún vitanlega að bera ábyrgð á því.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þarf eiginlega engu að svara hv. 5. landsk. (JBald) út af ummælum hans um brtt. mína við 42. gr. Það er auðvitað rjett hjá honum, að þetta er einungis orðabreyting, en breytir engu að efni. Hitt er náttúrlega jafnrangt, að greinin sje brot á stjórnarskránni, og þessi litla orðabreyting gerir það enn skýrara, að svo er ekki. — Hv. þm. kvartaði undan því, að allar brtt. hv. minni hl. hafi verið drepnar við 2. umr. Þetta er ekki allskostar rjett. A. m. k. var samþykt ein brtt. frá hv. þm. sjálfum, sakir þess að hún var sæmilega skynsamleg. Honum hefði því verið alveg óhætt að bera fram við þessa umr. fleiri brtt. til bóta. Þær hefðu áreiðanlega verið metnar eftir sínum eigin verðleikum, en ekki eftir verðleikum hv. þm. — Í því, sem þessi hv. þm. sagði um viðskifti Íslandsbanka og Landsbankans, lá nokkur

misskilningur. Hann talaði um, að samkv. frv. ætti Landsbankinn að kaupa víxla af Íslandsbanka og á þann hátt veita Íslandsbanka lán. Það má vera, að á yfirborðinu líti þetta svona út. En í raun og veru eru þetta alls ekki viðskifti við Íslandsbanka nema að forminu til. Hann er einungis síðasti ábekingur á víxlunum áður en Landsbankinn kaupir þá. Lánveiting Landsbankans gengur til samþykkjanda víxilsins, en alls ekki til Íslandsbanka. Þetta veit jeg, að hv. 5. landsk. skilur mætavel, þegar hann hugsar út í það. — Engin hætta er á því, sem hv. þm. virtist óttast, að ekki verði hægt að fá þær upplýsingar um hag Íslandsbanka, sem þörf kynni að verða á. Til þess að hrekja þetta, nægir að benda á, að forsrh. er altaf jafnframt formaður bankaráðs Íslandsbanka, og getur hann látið framkvæma hverja þá skoðun á bankanum, sem hann álítur nauðsynlega. — Þá mintist sami hv. þm. á brtt. mína við 56. gr., um ábyrgð seðladeildar bankans fyrir sparisjóðsdeild hans. Honum þótti það missmíði á till., að ábyrgðin á að falla burtu, þegar varasjóður sparisjóðsdeildar hefir náð 10% af innstæðufjenu. En þetta er ekkert missmíði. Ákvæðið er sett í kafla með bráðabirgðaákvæðum, og er ekki ætlast til, að af því leiði ævarandi ábyrgð. Það á aðeins að vera til að styðja sparisjóðsdeildina meðan hún er að komast á laggirnar. Hitt, að hafa ábyrgðina ævarandi, gæti jeg ekki fallist á. Það mundi gera illmögulega eða ómögulega þá greiningu bankans í tvær sjálfstæðar stofnanir, sem jeg legg mjög mikla áherslu á, að verði hið endanlega fyrirkomulag. Því að sú er jeg viss um, að verður framtíðarúrlausn þessa máls, enda þótt mjer hafi ekki þótt tiltækilegt að fylgja tillögum hv. 1. þm. G.-K. um að koma því skipulagi nú þegar í framkvæmd. — Svo að jeg hverfi aftur að því, sem um var að ræða, þá álít jeg ekki heldur ástæðu til þess, að löggjafinn fari fyrirfram að gera ráð fyrir því, hvernig fara eigi að, ef sparisjóðsdeildin tapar einhverntíma í framtíðinni öllum sínum varasjóði. Það er alveg hárrjett hjá hv. 5. landsk., að langt verður þangað til sparisjóðurinn hefir safnað þeim 10% varasjóði, sem gert er ráð fyrir í frv. En jeg held, að rjett verði að láta það löggjafarvald, er þá verður á Íslandi, ráða fram úr vandkvæðum þeirra tíma. Það verður, að minni hyggju, ekki til neinna bóta, þótt núverandi löggjafarvald fari að gera ráðstafanir gegn því, sem aðeins er hugsanlegt, að komi fyrir eftir einn eða tvo mannsaldra. Brtt. mín sviftir engum grundvelli undan sparisjóðsdeild bankans. Fremur mætti segja, að frv. í heild sinni gerði það, því að það sviftir sparisjóðinn nokkrum hluta þeirrar ábyrgðar, sem hann nú hefir. Hitt er einnig ofmælt, að með brtt. sje verið að taka stofnfjeð frá seðladeildinni. Hún á að eiga þetta fje eftir sem áður, þótt þessi kvöð hvíli á því þar til varasjóður sparisjóðsdeildar hefir náð vissri upphæð.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg hafði ekki búist við, að frv. kæmi nú til umræðu, og því hafði jeg mína einu brtt. ekki tilbúna svo snemma, að henni yrði útbýtt í fundarbyrjun. Jeg á sem sagt í prentun eina brtt., sem jeg hefi breytt nokkuð

frá 2. umr., og vona jeg, að hún komi mjög bráðlega til útbýtingar. Hún er um það, að helmingur af verðbrjefum þeim, sem sparisjóðurinn á til tryggingar, skuli vera í jarðræktarbrjefum. Er nú ekki tiltekið neitt um vexti af brjefunum, eða að þau skuli keypt við nafnverði, eins og var í brtt. minni, sem feld var við 2. umr. Þetta er gert með það fyrir augum, að ekki sýnist ósanngjarnt, að jarðræktin fái þessi hlunnindi, því að ræktunarsjóður er mjög takmarkaður að fjármagni og erfitt að afla honum þess. Þeir, sem nú verða á móti þessu, geta ekki verið það af öðru en því, að þeim þyki of mikið lagt til jarðræktarinnar með till. minni, og að þeim virðist það of mikil hlunnindi fyrir ræktun landsins að fá þennan markað handa brjefunum.

Um brtt. hv. meiri hl. er fátt að segja. Það eru flest orðabreytingar, sem gera eiginlega hvorki til nje frá. Þó sýnist hv. meiri hl. gera ráð fyrir því, að tillagan um rannsókn á bankanum nái ekki fram að ganga. Jeg verð nú að segja, að mjer finst það ekki skifta svo mjög miklu máli. Það munar ekki um einn blóðmörskepp í sláturstíðinni, segir máltækið. Eins má segja hjer, að það munar engu, hvort einni vitleysunni fleira eða færra er komið inn í frv.; þær eru svo margar fyrir. Ef frv. verður samþ. á þessu þingi í nokkuð svipaðri mynd við það, sem það hefir nú, hlýtur að verða alveg óhjákvæmilegt að breyta því mjög bráðlega aftur. Í þessari deild hafa komist inn í frv. ýmsar brtt., sumar ómerkilegar og lítilsverðar, en sumar, sem grípa mjög inn í alt starfslíf bankans og eru runnar frá óvinum bankans utan þings og innan. T. d. má nefna brtt. hæstv. forsrh., sem hjer var samþ. við 2. umr. með loforði um, að henni yrði aftur breytt eða hún lagfærð við þessa umr. Þessi brtt. var borin fram út af ómerkilegri blaðagrein frá manni, sem hefir hag af því, að traust bankans sje sem allra minst. Þetta er ágætt dæmi um það, hve lítið þarf til þess, að stjórnin hlaupi til og geri brtt. við sitt eigið frv. — Áður hefir verið lýst nokkuð afstöðu annara aðilja, sem fengu brtt. samþyktar við 2. umr., til bankans. Bæði af mjer og þeim sjálfum, einkum einni persónu, sem gert hefir hjer játningar, hefir verið sýnt fram á hugarþel þeirra til Landsbankans. Verði frv. samþ. eins og það er nú, verður óhjákvæmilegt að láta innan fárra ára fara fram á því höfuðhreingerningu, til að þvo burtu grómið, sem þessi hv. deild hefir látið þar eftir. — Jeg held, að það verði ágætt að fá atkvgr. um rannsóknartill. Ef hv. meiri hl. tekur hana aftur, mun jeg taka hana upp á ný, til að sjá, hve margir af óvinum bankans eru svo hjartahreinir, að þeir fylgi till. jafnvel á flóttanum.

Þá kem jeg að brtt. hæstv. forsrh. á þskj. 439. Það má segja með sanni, að honum verður bumbult af flestu. Í frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar stóð það afarskiljanlega ákvæði, að Landsbankastjórar mættu ekki vera alþingismenn. Það kom ekki sjerstaklega til tals í nefndinni, hvenær þetta ákvæði ætti að koma til framkvæmda. Við vissum, að úr því að núverandi Landsbankastjórn hafði meinað útibússtjórum sínum þingsetu, þá mundi sjálf bankastjórnin ekki fara að sækjast eftir henni. Því get jeg verið al-

veg sammála þeim úrskurði, er hæstv. forseti hefir gefið út af þessu atriði. Aftur á móti var mjer það altaf ljóst, að það var brot á stjórnarskránni, sem hæstv. ráðh. fór fram á í frv. sínu, að tveir af núverandi bankastjórum Íslandsbanka yrðu sviftir leyfi til þingsetu. Því bar jeg fram brtt., sem raunar var ekki samþykt, um að láta ákvæðið ná til þeirra einna, sem kæmu á eftir núverandi bankastjórum bankans. Brtt. þessi var að efni til alveg í samræmi við úrskurð þann, sem hæstv. forseti síðan gaf um þann skilning, er hafa yrði á greininni í frv., svo að hún bryti ekki bág við stjórnarskrána. Hæstv. ráðh. hefði nú átt að una við ósigur sinn og ekki fara að bera fram nýjar fjarstæður. Það vita allir, að tilgangurinn með till. hans um Íslandsbankastjórana var sá einn, að reyna að bola frá þingsetu manni, sem honum er í nöp við. Og þótt jeg sje lítt sammála þeim manni í stjórnmálum og kæri mig lítið um að hafa hann á Alþingi, þá vil jeg þó ekki beita hann ólögum, fremur en aðra borgara landsins. Jeg hafði ráðlagt hæstv. ráðherra að koma þessu ákvæði inn í frv. það um breytingar á stjórnarskránni, sem hann er nú að brölta með í þinginu. En hann þáði ekki þessa ráðleggingu, heldur vill hann nú á ný höggva í hinn sama knjerunn og gera það með einföldum lögum, sem ekki er hægt öðruvísi en með stjórnarskrárbreytingu. En hefndarlöngun hæstv. ráðh. gegn þessum eina manni er svo mikil, að hann gætir sín ekki. Hann vill endilega reyna að gera hið ólöglega löglegt, og ber nú fram brtt., sem bersýnilega hefir þann einn tilgang að fara í kringum úrskurð hæstv. forseta. Það er auðsjeð, að hæstv. ráðh. er ákaflega ant um, að þessi stjórnmálaandstæðingur hans sje ekki bæði bankastjóri og þingmaður. En til þess að hann geti hætt þessu árangurslausa vandræðabrölti, skal jeg benda honum á leið, sem hann getur farið í málinu og honum er eflaust mjög kært að vera mintur á. Mjer finst það sem sagt eðlilegast, að hann noti það vald, sem hann þykist hafa, og reki manninn úr bankanum. Það er langeinfaldast fyrir hann að svala þannig ofsóknarfýsn sinni. — Jeg held því, að jeg sjái ekki annan kost en að greiða atkvæði móti brtt. hæstv. ráðh. Það er þegar búið að ganga nægilega frá ákvæðunum um Landsbankastjóra, og yfirleitt að setja þau ákvæði, sem með þarf um þetta efni, í frv. Ef hæstv. landsstjórn á eitthvað útistandandi við einstaka menn, ætti hún að reyna að hefna sín á þeim utan þings, eða a. m. k. ekki í þessu frv. Því hefir verið hjer lýst af einum stuðningsmanni hæstv. stjórnar, hvernig frómir og ráðvandir menn fóru að 1909. Hví skyldi hæstv. stjórn ekki geta fetað í fótspor þeirra árið 1927?

Um 3. lið brtt. þeirrar, sem hæstv. ráðh. ljet samþykkja við 2. umr., ber enn að sama brunni; þar er verið að leitast við að gera við ólöglega löglegt. Það er auðsjeð, að hæstv. ráðh., sem búinn er að hafa afskifti af þessu máli árum saman, hefir ekki komið auga á það fyr en einn af aðstandendum Gyðingabankans benti honum á það, að ekki væri heppilegt, að Landsbankinn hefði of mikla tiltrú. Þegar þessi Gyðingaumboðsmaður hefir látið ljós sitt skína, hleypur hæstv. ráðh. til og fær frv. breytt eftir till. hans,

Þegar honum svo er bent á það, bæði af merkum manni utan þings og einnig hjer í Alþingi, að þetta geti verið hættulegt fyrir bankann, reynir hann að klóra yfir þetta á ný með brtt. þeirri, er hann nú flytur. — Hæstv. ráðh. reynir að afsaka sig með því, að álit Ólafs prófessors Lárussonar hafi knúð hann til að gera þessa brtt. við frv. Ráðherrann athugar ekki, að úrslitaatriðið í augum Ólafs Lárussonar er ekki hin lagalega hlið þessa máls, heldur hin siðferðilega skylda ríkissjóðs til þess að láta menn ekki skaðast á viðskiftum við bankann. Hvernig sem hæstv. ráðh. reynir að snúa þessu, þá stendur það altaf fast, að alt eðli málsins og hugsunarháttur þjóðarinnar hlýtur að leiða til þess, að landið hlaupi ekki frá sínum eigin banka. Með þessu er aðeins verið að skaða Landsbankann, án þess að gera honum það „gagn", sem honum mætti verða að því að mega hlaupa frá skuldbindingum sínum, eins og t. d. sparisjóðurinn á Eyrarbakka sællar minningar. Það væri alveg gagnstætt rjettlætistilfinningu þjóðarinnar, að ríkissjóður neitaði að ábyrgjast bankann. Og það væri alveg gagnslaust, því að eigingjarnar hvatir þeirra þúsunda manna, sem fje eiga í bankanum, — þótt ekki væri annað —, mundu með kosningum knýja fram ábyrgðina. En jeg geri líka ráð fyrir, að hæstv. ráðherra þætti það nóg, því að þá er búið að ná hinu göfuga markmiði hans, að rýra traust bankans. Honum liggur hitt í ljettara rúmi, hvort sú löggjöf, er hann byggir upp, verður nokkurntíma framkvæmd eða ekki. En í viðbót við hinar siðferðilegu kröfur, sem prófessor Ó. L. talaði um, þá er bankinn sú stofnun, sem ríkið á og rekur á sína ábættu og ábyrgð, og það hlýtur að verða til þess, að hvað sem öllum fyrirmælum líður, þá hlýtur ríkissjóður að verða svo nátengdur bankanum, að hann gæti ekki látið hann fara á höfuðið.

Þá vil jeg enn benda á rök, sem hæstv. ráðherra hefir sjálfur verið mest riðinn við að skapa á móti sjer. Það er það, að fyrir atbeina landsstjórnarinnar hefir bankinn nú alveg nýlega tekið það stærsta bankalán, sem tekið hefir verið hjer á landi, og fengið til ábyrgð ríkissjóðs. Það er vitanlegt, að bæði þessi og fleiri ábyrgðir haldast enn í mörg ár, og þær eru samtals margar miljónir. Þar sem landið á ennfremur samkvæmt frv. að leggja 5 milj. kr. fram í stofnsjóð fyrir eina deild bankans, þá er þetta í framkvæmdinni orðið alveg grunnmúrað, að bankinn er eign landsins, rekinn á ábyrgð þess. Hagur bankans og hagur landsins er svo samanfljettaður, að það er óðs manns æði að ætla, að hægt sje að láta part af þessari stofnun verða gjaldþrota og svíkja þá, sem hafa trúað parti af stofnuninni, um greiðslu á fje sínu, svo framarlega sem landið er nokkurs megnugt sjálft. Það er einmitt það heimskulega við það að samþ. till. að geði hæstv. ráðh. Því að jeg býst jafnvel við, að það skaðsamlega muni ekki reynast eins í framkvæmdinni, af því að það fávíslega er svo yfirgnæfandi. Jeg geri ráð fyrir, að öllum sje það ljóst, að þrátt fyrir þær tilraunir, sem hann gerir til þess að spilla áliti bankans, þá hafi hann með þeirri skulda-

súpu, sem hann hefir hjálpað til að stofna bankanum í erlendis, manna mest gert til þess, að Landsbankinn verði ekki skoðaður öðruvísi en að landið hljóti inn á við að bera ábyrgð á honum, fyrst það tekur ábyrgð á honum út á við.

Hv. 5. landsk. (JBald) sýndi fram á þá fjarstæðu að ætla ríkinu að tryggja seðladeildina á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 3. lið till., svo að jeg ætla ekki að víkja að því.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi ráðstöfun hefði verið borin undir Landsbankann og jáyrði fengist. Jeg verð að segja, að jeg hefði mjög gaman af því, að þetta hefði verið svart á hvítu. Jeg segi eins og er, að jeg leyfi mjer að tortryggja, að hæstv. ráðh. segi rjett frá, þangað til jeg sje það svart á hvítu frá bankastjórunum, að þeir sjeu ánægðir með þessa ráðabreytni. Mjer er kunnugt um, að sá af bankastjórunum, sem hæstv. ráðh. þekkir líklega best, var mjög óánægður með till. hæstv. ráðh., þegar þær komu fyrst fram. Og það er sennilega til þess að bæta þau göt, sem sá bankastjóri sýndi hæstv. ráðh. fram á, að væru í greininni við 2. umr., sem hann hefir gert þetta mjög svo þýðingarlitla yfirklór. Sá bankastjóri ljet ótvírætt í ljós, að það gæti verið ákaflega mikil hætta fyrir bankann, ef alt í einu væri farið að kippa frá honum þeirri trú, sem þjóðin hefir á þeirri baktryggingu, sem hann hefir. — Það er í mesta máta álappalegt, að sá sami maður, sem tekið hefir margra miljóna lán erlendis með ríkisábyrgð, að hann skuli gerast svo frakkur að reyna að skapa möguleika til, að landar hans verði sviknir af þjóðbanka landsins, hinum sama og öll þjóðin tryggir út á við. Jeg vildi óska, að hann í þessu efni hefði fylgt þeim „móral", sem hann hafði viðvíkjandi brotlegum togurum, þegar hann sagði, að útlendir togarar væru meira brotlegir en þeir innlendu; hann ætti að halda því fram, að Landsbankinn ætti ennþá síður að svíkja sína eigin landa en útlendinga.

Þá þótti mjer mjög gaman að þeim hamskiftum, sem hæstv. forsrh. hefir tekið. Það kom í ljós, að það vakir fyrir hæstv. forsrh. og fjrh. að geta yfirgefið þá skoðun, sem hann hefir talið sig halda fram um nokkur ár, og geta komist yfir á skoðun aðalandstæðinga í málinu. Hann virðist hugsa sjer þann möguleika, að fljótlega sje hægt að gera Landsbankann að tveimur ríkisstofnunum, seðlastofnun og landsbanka. Þetta hefir nokkurnveginn haldist í jafnvægi við það, að þessir meðhaldsmenn seðlastofnunarinnar hafa aftur snúist yfir á skoðun hæstv. ráðh. Jeg vil benda á, að þessi tillíking, sem gerst hefir hjer undir vertíðarlokin, er ekki alveg einstök. Hið sama hefir orðið í járnbrautarmálinu, þar sem hv. 1. þm. G.-K. (B-K) snerist talsvert. Hann var í nefndinni, sem fjallaði um málið, og lagði hann til, að samþ. yrði. Að minsta kosti klauf hann ekki nefndina. En svo hefir aftur hæstv. forsrh. í raun og veru snúist frá sínu gamla „principi" og komist yfir á fyrri skoðun hv. 1. þm. G.-K., að engin járnbraut ætti að vera. Þetta er að láta Heródes og Pílatus hittast og mjög skemtileg endalok á þinglegum viðskiftum þessara manna.

Þá vildi jeg víkja fáeinum orðum að einni skýringu, sem kom fram við

2. umr. út af eldri og yngri rannsókn þessa máls. Það var kallað ósamkvæmni, þar sem jeg í fyrra fór fram á, að Alþingi fengi vitneskju um tvær uppgjafir, bæði frá Landsbankanum og Íslandsbanka, nefnilega á Ísafirði og hjá Nathan & Olsen, og svo hafi jeg ekki fylgt þessu fram. Jeg skal gefa þá mjög svo einföldu skýringu, er snertir annað, sem gert var um leið. — Hv. þm. (BK) ljet þess getið, að ástæðan til þess, að komið var með rannsókn á bankann nú, væri sú, að kaupfjelög myndu skulda þar eitthvað og þeirra trygging, samábyrgðin, hafi ekki reynst svo trygg; bankinn hafi stundum tapað einhverju. Nefndi hann fáein dæmi, en ekki nein ákveðin. En jeg hefi ástæðu til að halda, þangað til nefnd eru nöfn, að ósatt hafi verið það, sem hv. þm. sagði um þetta. Að minsta kosti skora jeg á hann að koma með nöfn og tölur snertandi slík kaupfjelög, svo að hægt sje að vita síðarmeir, hvort nokkur fótur sje fyrir þessu.

Nú vil jeg taka fram, áður en jeg kem að fyrirspurninni frá í fyrra, að það er ekki óeðlilegt, að smáupphæðir hafi tapast í einstöku samvinnufjelögum í kaupstöðum; en mjer er ekki kunnugt um nokkra lánsstofnun, sem hafi tapað neinu í viðskiftum við kaupfjelög í sveitum, og þar eru þau flest. Mjer skilst nú þetta hafa átt að sanna það hjá hv. þm., að fyrst eitthvað tapaðist hjá einhverju smáfjelagi, þá væri það höfuðsynd á hendur kaupfjelaga í heild og ætti sennilega að varða lánstraustsmissi. Jeg hefi áður getið þess, að kaupfjelögin í heild sinni yrðu að fá einhver fjármálahlunnindi hjá þjóðfjelaginu, til þess að vega á móti þeim miklu fjárhæðum, miljónum á miljónir ofan, sem kaupmönnum, útgerðarmönnum og bröskurum og svikurum af öllu tægi hafa verið gefnar. Til dæmis töpuðust 5 milj. á Fiskihringnum einum saman, og í honum eru sumir ríkustu kaupmenn bæjarins, svo sem fyrverandi samþingismaður hv. 1. þm. G.-K. (BK), Einar Þorgilsson, sem á enn skip og miklar eignir. Jeg segi þetta til þess, að hv. þm. geti komið með þau kaupfjelög, sem hann vill tortryggja. Það skulu koma nógir kaupmenn hjá mjer á móti, og það upp á nafn.

Þegar búið er nú að innleiða þann „praksis“ að gefa upp miljónir til kaupmanna í bæjum og útgerðarmanna og vinna tapið upp á löngum, löngum tíma með okurháum vöxtum á skilamönnum landsins, — þá vil jeg segja það, að það væri óforsvaranlegt að heimta af kaupfjelögum landsins, að þau óskuðu ekki undir neinum kringumstæðum eftir neinni uppgjöf. Er það svo mikið, þótt banki gefi eitthvað eftir einstöku kaupfjelagi, þegar bændastjett landsins hefir borgað hundruð þúsunda af tapi Fiskihringsins? Sá hugsunarháttur hv. 1. þm. G.-K. er ófær, að aldrei megi gefa upp samvinnufjelagi eins og öðrum, úr því að meðlimir þeirra hafa borgað okurvextina fyrir hina miklu óskilamenn í bæjunum. Sannarlega er það ekki furða, þótt fátæk fjelög, á Eskifirði og víðar, hafi ekki altaf staðið í skilum, þar sem kaupmenn þar og annarsstaðar hafa farið með hundruð þúsunda frá sömu lánsstofnun. Það er algerður misskilningur hjá hv. 1. þm.

G.-K., að þeir fáu meðlimir kaupfjelaga, sem hafa fengið einhverja smávægilega eftirgjöf, þurfi að bera nokkurn kinnroða. Ef borin væri saman aðstaða þeirra og hinna, sem jeg áður nefndi, og nöfn birt, þá þætti mjer gaman að sjá framan í hv. 1. þm. G.-K. hjer á Alþingi, þegar komið væri að uppgjöf til kaupfjelaga, og þegar tekinn væri Fiskihringurinn og kaupmenn í Borgarnesi, Loftur í Sandgerði. Sá kjósandi þessa hv. þm. fjekk ½ miljón gefna eftir í einu hjá Íslandsbanka.

Nei, það er áreiðanlega langbest fyrir hv. 1. þm. G.-K. að fara að eins og háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) í fyrra. Hann var fyrrum útibússtjóri á Ísafirði, þegar tapaðist nokkuð mikið á aðra miljón af landsins fje, en kom samt með fyrirspurn um, hvað einu tilteknu kaupfjelagi hafi verið gefið mikið eftir. Þegar sá hv. þm., sem bjó í þessu glerhúsi, kom með fyrirspurnina, kom jeg með aðra fyrirspurn, hvernig því væri varið um útibúið á Ísafirði, hvernig það væri með Nathan & Olsen, sem er einn af eigendum „Morgunblaðsins", sem hefir flutt mestan andblástur gegn samvinnufjelögunum. Þá brá svo við, að hv. þm. N.-Ísf. dró inn klærnar og varð svo auðmjúkur, sem nokkur maður getur verið. Hann vissi, að um leið og hann færi að hreyfa þessu máli, yrði það grafið upp, hvernig landið hafði tapað mörg hundruð þúsundum á stjórn hans á útibúinu og hvernig skilamenn í landinu hafa orðið að reyta saman í okurvöxtum á 2. miljón til þess að borga það, sem hann sukkaði.

Það var þetta, sem olli því, að jeg sá ekki ástæðu til að hreyfa málinu frekar, þegar af því að það var búið að hafa sín áhrif, að jafna dálítið gúlana á þessum ófriðarsegg neðri deildar. En jeg er reiðubúinn hvenær sem háttv. andstæðingar mínir óska eftir að fá hreinlega gefin upp öll töp bankanna upp á nafn og ástæður tilgreindar, og vinna svo úr því. Mun jeg ekki óska eftir, að neinstaðar sje dregið yfir.

Svo vil jeg skjóta því um leið til hæstv. forseta, — til þess virkilega forseta, sem er hæfur til að stjórna og altaf verður að vera við atkvgr. og þegar yfir höfuð eitthvað þarf að gera, — að hann felli hjer úrskurð um nokkuð, sem kom fyrir við 2. umr. Einn þm., jeg ætla það væri hv. 6. landsk., ljet sjer um munn fara um nokkurn hóp ungra manna, að þeir væru „slefberar", án þess að þeir væru á nokkurn hátt til umræðu eða þeirra siðferðisástand; enn síður að nokkur sönnun væri færð fram gegn þeim, nje að það væri hægt, því að þetta slordónaorðbragð var hjúpur utan um ómenguð ósannindi. Nú krefst jeg þess, að hæstv. forseti lýsi yfir því, hvort hann álíti orðið þinghæft, — hvort það megi fara að kalla nemendur í skólum yfirleitt ópokka og ódrengi. Mjer dettur vitanlega ekki í hug að gera það; en jeg vil gjarnan vita, hvort löghelgað sje að segja slíkt tilefnislaust. Ef ekki, þá óska jeg, að í úrskurði hæstv. forseta felist sú rjettmæta ásökun fyrir það, að þm. leyfir sjer slíkt viðvíkjandi fjarstöddum, saklausum mönnum. Það er nógu hart að þurfa að verja menn í gröfinni fyrir svokölluðum vinum þeirra, þótt ekki

sje farið líka að beita svívirðilegum álygum á ungmennin í skólum landsins.

Um þetta frv. vildi jeg segja það, að það er orðið hið mesta afskræmi, vegna þess að vanhugsuðum till. hefir verið klastrað við aðalefnið. Það er gerð skipulagsbundin tilraun til þess að reka fje úr landinu frá Landsbankanum. Mjer dettur í hug, að fjórðungi bregði til fósturs. Það hafa orðið frægar tvær skepnur, sem eru nokkuð á vegum hæstv. stjórnar, sem mjer sýnist þetta frv. líkjast nokkuð nú orðið. Önnur skepnan er hinn ferfætti Dú-dú-fugl, sem það blað stjórnarinnar, sem ekki má nefna hjer í deildinni, sagði frá í fyrra og hlaut allmikla frægð fyrir. Sú kynjaskepna var fugl, sem ekki gat flogið, en var á fjórum fótum. Fyrir tilhlutun sömu vina stjórnarinnar bættist við í vetur annað kynjadýr, — fiðurfjeð. Það voru kindur — ferfættar náttúrlega — en með vængi. Og þessar tvær skepnur, sem hæstv. stjórn hefir svo að segja alið á sínu brjósti, þær sýnast mjer muni í raun og veru ekki vera fáránlegri vanskapningar heldur en frv. það um Landsbankann, sem samþ. var með 8 íhaldsatkvæðum við 2. umr. þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Mjer láðist áðan að geta þess, að í frv. hefir komið fram till., sem var feld við 2. umr. Skrifstofan hefir sent fjölritaða leiðrjettingu á því, svo að þetta kemur rjett við 3. umr. inn í frv.

Jeg hefi heyrt skýringu hæstv. forsrh. (JÞ) á þskj. 439, og borið mig saman við meiri hl., og felst á till. að öllu leyti eins og þær liggja fyrir. Tel jeg óþarft, að jeg fari að skýra till., þar sem hann er búinn að því.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að eiga við að svara hv. þm. að þessu sinni. Það er búið að ræða þetta mál svo mikið, og hefir þó flest af því, sem sagt hefir verið, ekki snert málið nokkurn skapaðan hlut, svo sem ræða hv. 1. landsk. (JJ). Er það leiðinlegt að þurfa að tala um alt annað en það mál, sem liggur fyrir, og jeg geri það aldrei, nema jeg sje neyddur til að svara einhverju, sem hv. 1. landsk. blandar inn í.

Við ræðu hv. 1. landsk. er annars ósköp lítið að segja. Hann er óánægður með, að þetta komist inn í lögin, sem koma á. En dálítið þótti mjer það kynlegt, er hann sagði, að hann hefði viljað hafa sem best eftirlit með bankanum. Jeg veit ekki annað en að meirihl.-till. gangi út á það að gera eftirlitið betra. Það hlýtur að vera einhver misskilningur hjá hv. þm. — Jeg hefi skýrt það við 2. umr., að bankaráðsmenn ættu að teljast sem stjórnarmenn, því að þá er gert ráð fyrir, að bankaráðsmaður sje á fundum með bankastjórninni. Það hefir verið strikað út. Þetta hefði gert bankaráðsstjórnina sjálfstæðari.

Þá var talað um, að samkomulag yrði ekki eins gott. Það getur eins orðið gott samkomulag, þótt gott eftirlit sje með bankanum. Jafnvel strangt eftirlit skapar ekki óvináttu, ef það er rjettsýnt. Hver sæmilegur bankastjóri sættir sig við það.

Svo kvartaði hann yfir því, að við ýttum undir minni hl. að gera ágreining. Það er alls ekki. Þetta eru t. d. alt ákvæði í Noregsbankalögunum.

Það er heldur hitt, að minni hl. getur oft haft rjettara fyrir sjer en meiri hl., og er þess vegna betra að geta skotið ágreiningnum undir æðra vald. Sjerstaklega er það, þegar meiri hl. vill samþ. að veita einhver hæpin lán eða gera einhverjar vafasamar ráðstafanir; þá á minni hl. að geta áfrýjað til æðra valds. Í því felst einhver besta trygging fyrir bankann.

Þá er dagbókarhaldið, sem honum fanst óskaplega mikil skriffinska. Meðan jeg var bankastjóri, var fyrirskipað af stjórninni að halda dagbók og að sjálfsögðu fundarbók. Þar var skrifað alt, sem lánað var, og stjórnarráðið fjekk svo bókina til yfirlits einu sinni á viku. Þetta er skriffinskan, sem hann talaði um. Meiri hl. skiftir þessu í þrjá parta. Það er vitaskuld, að þegar á að greina 3 sjálfstæðar deildir, eins og frv. ætlast til, þá á hver deild að hafa sína bók fyrir sig. Af þessum blöðum er svo það, sem gerist á hverjum degi, fært inn í bók daginn eftir; hvort sú bók er ein eða þær eru þrjár, gerir ekki neinn mun.

Þá talaði hv. þm. (JBald) um, að ábyrgðin ljettist. Það ljettist ekki nein ábyrgð á bankastjórunum. Þeir eru gerðir svo sjálfstæðir, að það hlýtur að falla á þá næg ábyrgð. Í öllu falli verður ekki siglt fram hjá ábyrgðarleysisskerinu með landsbankanefnd og bankaráði, því að með því fyrirkomulagi gæti bankastjórnin skotið sjer undan ábyrgð miklu fremur. Þvert á móti er með þeirri skipun, sem við ætlumst til, hægt að finna, hvar ábyrgðin liggur, af því að bankaráðið á að skýra Alþingi frá því, sem gerist.

Hæstv. forsrh. hefir svarað því, sem hv. þm. (JBald) sagði um endurkaup á viðskiftavíxlum Íslandsbanka. Það leiðir af sjálfu sjer, að ekki er ætlast til, að Landsbankinn kaupi annað en góða víxla, sem standi sem trygging fyrir því, sem lánað er út á þá. Þá er sama, hvort Íslandsbanki er góður eða slæmur, ef einungis víxlarnir eru góðir og tryggir.

Úr því að eftirlitsmaður banka og sparisjóða hefir nýlokið rannsókn á Íslandsbanka, hví á þá að fara að rannsaka hann á ný? Ef hv. 5. landsk. ber það traust til þessa eftirlitsmanns, sem hann virðist hafa, með því að hann vill fela honum einum að meta hag Landsbankans fyrir úttekt hans í hendur bankaráðsins, þá er ekki sýnileg, jafnvel ekki frá hans sjónarmiði, nein skynsamleg ástæða til þess að fara fram á þetta. — Annað þarf jeg ekki að segja um athugasemdir hv. 5. landsk.

En þá koma brtt. hv. 1. landsk. til sögunnar. Eins og hv. deildarmenn muna, lagði hann það til við 2. umr. þessa máls, að Landsbankinn keypti svo og svo mikið af jarðræktarbrjefum við nafnverði. Nú fer hann enn fram á, að bankanum sje gert að skyldu að hafa að minsta kosti helming verðbrjefaeignar sinnar í jarðræktarbrjefum. Við þetta er það fyrst að athuga, að stórtjón getur af hlotist að kaupa svo mikið af einhæfum verðbrjefum, og annað það, að ekki er víst, er stundir líða fram, að hjer verði til nokkur lánsstofnun, er heiti jarðræktarsjóður. Má búast við, að honum verði steypt saman við ríkisveðbankann, sem ekki hefir enn tekið til starfa. Er þá leitt að sjá slík ákvæði í seðlabankalögum, að bankinn skuli kaupa jarðræktarbrjef, sem þá eru engin til.

Meiri hl. getur því ekki fallist á þessa brtt.

Jeg held jeg geti ekki verið að fara út í þá takmörkuðu ábyrgð ríkis á bankanum. Hæstv. forsrh. hefir svarað öllu því viðvíkjandi svo rækilega, að jeg bæti þar ekki um. En jeg vildi aðeins benda á, að það er dálítið annað fyrir ríkissjóð að standa í óbeinni ábyrgð fyrir 5 milj. eða beinni ábyrgð fyrir 60—70 milj. kr. Það er mikill munur. Nú er það vitanlegt, að 60 milj., eða þó ekki væri nema partur af þeirri upphæð, væri ríkissjóði langsamlega ofvaxið að inna af hendi, ef til ábyrgðar kæmi. Ef landið hefir siðferðilega ábyrgð til þess að bæta tjón þetta, þá er dálítið annað að lögskipa, að það skuli gera það, eða hafi frjálsar hendur að semja við skuldheimtumenn bankans og ríkissjóðs.

Ef ríkissjóður hefði staðið í ábyrgð fyrir sparisjóði Árnessýslu hjer um árið, hefði ekki verið um neinn afslátt að ræða; sparisjóðsinnieigendur hefðu krafist að fá sitt fje að fullu útborgað úr ríkissjóði. En af því að svo var ekki, var hægt að semja og láta sparifjáreigendur tapa 25% af innstæðu sinni.

Mjer finst það svo afskaplega óskylt mál og utan við efnið að fara að tala hjer um kaupfjelagsskap, að jeg held jeg gefi það alveg frá mjer. En jeg get sagt hv. 1. landsk. það, að jeg get gefið honum nóg dæmi utanþings fyrir því, að hin almenna samábyrgð er harla lítils virði og allsendis óbankahæf sem trygging. Það hefir ekki reynst hægt að ganga að henni með lögsókn og fjárnámi hjer á landi. (**JJ**: Hvers vegna var ekki gengið að Einari Þorgilssyni í Fiskhringnum?). Það veit jeg ekki um. Jeg hafði ekkert með það að gera. En það er ekki sambærilegt við bankahæfa ábyrgð, þótt „privat"-manni, sem ekki hefir þessa ábyrgð, sje gefið eftir við gjaldþrot. Hann verður að berjast áfram á eigin spýtur og getur ekki hlaupið til annara og beðið þá að hjálpa. Því er ekki nema eðlilegt, að þeim sje gefið eftir, sem ekki hafa þessa tryggingu. En hinsvegar um kaupfjelögin, er þau verða gjaldþrota og ekki er gengið að ábyrgðarmönnunum, þá sýnir það, að þessi almenna samábyrgð dugir ekki þegar til á að taka. Það er ekki hægt að fá skuld borgaða með þeirri tryggingu. Við skulum taka t. d. Kaupfjelag Reykjavíkur, sem Landsbankinn gefur eftir 50%. Hvers vegna nýtur fjelagið slíkra kjara? Er það svo nauðsynlegur þáttur í verslunarlífi bæjarins, að vert sje að Landsbankinn gefi því eftir skuld þess? Hjer ríkir fullkomin samkepni á sviði verslunar, svo að eina ástæðan fyrir tilveru þess er viðleitni til þess að skapa skjólstæðingum atvinnu. Hvers vegna er ekki tekið til samábyrgðarinnar? Hví er ekki gengið að mönnum í bænum og úti um alt land? Það er af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt. Tryggingin er einskis virði. Jeg nenni ekki að elta ólar við. hv. 1. landsk. um þetta atriði frekara, enda skoða jeg það utan við málefnið nú. En á öðrum stað og tíma skal jeg skýra málið betur fyrir hv. þm., ef hann vill taka við skýringum og leiðbeiningum í alvöru og færa sjer þær í nyt. Það þýðir ekki að segja til þeim mönnum, sem rangsnúa og misnota þá fræðslu, sem þeir fá.

Jeg man ekki eftir fleiru, er jeg þurfi að taka fram. Sem sagt, ef um málið eitt hefði verið rætt, væri eng-

um örðugleikum bundið að festa hendur á efni. En þegar blandað er saman óskyldum málum, blaðrað út í bláinn um keisarans skegg, ef jeg mætti svo segja, þá verður maður þreyttur á að hlusta á slíkt og nennir ekki að eltast við það.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Ræða hv. 1. landsk. var ekki annað en endurtekning frá 2. umr., svo jeg þarf fáu einu að svara. Brtt. við 1. gr. er ekki til komin vegna blaðagreina, heldur vegna álits Ólafs prófessors Lárussonar, sem prentað er aftan við nál. annars minni hl.

En að því leyti, sem hv. 1. landsk. er sáróánægður yfir því, að lagaheimild á að þurfa eftirleiðis samkvæmt minni brtt. til þess að ríkið taki á sig ábyrgð fyrir Landsbankann, þá get jeg vísað honum á að leita sjer huggunar í því að lesa þingræður, er hann hefir sjálfur haldið á þessu þingi, er lögin um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann voru á ferðinni. Hann hjelt því jafnfast fram þá, að sjerstaka lagaheimild þyrfti til þess að ríkið taki á sig slíka ábyrgð eins og hann heldur því fast fram nú, að ríkið sje í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum bankans án þess það sje sjerstaklega lögákveðið, og því þurfi enga slíka heimild. Og jeg ímynda mjer, að hv. þm. sje geðfeldara að lesa sjer til í sínum eigin ræðum það, sem þarf til þess að upplýsa og hrekja þessa skoðun, heldur en að jeg fari að lesa það yfir honum í minni ræðu.

Það, sem jeg nú hefi sagt, snertir aðeins hina lagalegu hlið ábyrgðar ríkissjóðs fyrir skuldbindingum bankans. Um hina siðferðilegu hlið ætla jeg ekki að fara frekari orðum en jeg gerði við 2. umr.

Það er hugarburður einn hjá hv. þm., að í þessu ákvæði, sem sett er inn í 1. gr. frv., birtist kali til Landsbankans. Það er og hæpið, að háttv. þm. geti, án þess að vega að sjálfum sjer, haldið því fram, að þessi till., þótt hún komi frá okkur andstæðingum hans, sje af slíkum rótum runnin, þar sem hann hefir sjálfur haldið fram sömu skoðun á þessu þingi, án þess honum væri brugðið um, að skoðun hans væri sprottin af kala til Landsbankans.

Þá skal jeg aðeins geta þess út af því, sem hv. þm. sagði um þingsetu bankastjóra, að jeg hefi áður í umræðunum gert grein fyrir ástæðum mínum til þess að leggja til, að sama ákvæðið skuli ganga jafnt yfir stjórnskipaða bankastjóra Íslandsbanka eins og bankastjóra Landsbankans. Það er hvorki af kala til bankans nje löngun til að hindra andstæðinga mína frá þingsetu. Jeg álít það beinlínis nauðsynlegt vegna hagsmuna Íslandsbanka sjálfs.

Svo skal jeg að síðustu út af brtt. á þskj. 441 segja það, að mjer þykir leitt, úr því að hún hefir verið lagfærð frá því við 2. umr., að hv. þm. og flm. (JJ) skyldi ekki bera sig saman við einhverja aðra, t. d. mig, svo að till. yrði orðuð svo, að hægt væri að setja hana inn í frv. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert við það að athuga, að heldur sje ýtt undir, að sparisjóðsdeildin láti kaup á jarðræktarbrjefum sitja fyrir öðrum brjefum, eftir því sem fært þykir. En að öðru leyti á það ákvæði frekar heima í reglugerð heldur en

lögum, af því að erfitt er, eins og líka sjest á till., að orða það svo, að altaf geti átt við. Það getur staðið svo á, að skyldan einskær verði ræktunarsjóðnum til ógagns. Jeg ætla ekki að fara út í það nje skýra með hugsanlegum tilfellum, en aðeins minna á, að sú tilhögun, sem brtt. fer fram á, gerir það að verkum, að sterk stofnun, sem sje Landsbankinn, kemst í þá aðstöðu gagnvart ræktunarsjóðnum, að hún hefir hag af því, að gengi jarðræktarbrjefanna sje sett niður. Þótt mjer detti ekki í hug, að Landsbankastjórnin mundi nota sjer þessa aðstöðu, álít jeg samt óviðfeldið og óhentugt að skapa þannig hagsmunaandstöðu milli tveggja svo nýtra og mikilsverðra stofnana sem ræktunarsjóður og Landsbankinn, eða sparisjóðsdeild hans, eru. Það er ekki hægt að ákveða þetta í lögum svo vel fari, nema svigrúm gefist til þess að taka fult tillit til ástandsins á hverjum tíma. Jeg tel rjett að binda skyldu sparisjóðsdeildarinnar um kaup á jarðræktarbrjefum við það, að stjórn ræktunarsjóðs óski eftir, að bankinn kaupi svo og svo mikið. Mjer þykir leiðinlegt að verða að banda hendinni móti till., sem óefað er hugsuð ræktunarsjóðnum til eflingar. En jeg sje mjer ekki fært að greiða atkvæði með þessari till., því að hún er svo einskorðuð, að ræktunarsjóðnum getur orðið til ógagns, þótt til hins gagnstæða sje ætlast.

Frsm. annars minni hl. (Jón Baldvinsson): Það er vert að vekja athygli á, hvaða þýðingu hún hefir, brtt. við 1. gr. frv., sem samþ. var hjer við 2. umr. Hingað til hafa allir verið sannfærðir um það, að ríkissjóður bæri siðferðilega ábyrgð á, að menn yrðu ekki fyrir töpum af því að leggja fje sitt inn í sparisjóðsdeild Landsbankans, og sumir hafa jafnvel talið ótvírætt, að honum bæri lagaleg skylda til þess. Og skýringu á þessu er hægt að finna í skilningi hæstv. stjórnar, er hún taldi sjer heimilt án sjerstaks lagastafs að ganga í ábyrgð fyrir láni handa Landsbankanum.

En með því að fella niður þessa lagalegu ábyrgð, þá er líka sú siðferðilega fallin. Stjórnin mundi sem sje ekki telja sjer heimilt að veita Landsbankanum stuðning innanlands, nema fara til þingsins, og þar þarf leyfið að ganga í gegnum allar umr. til þess að verða að lögum. Eins og nú er ákveðið í 1. gr. frv., þarf að samþykkja ný lög til að taka ábyrgð á skuldbindingum bankans.

Hæstv. forsrh. hefir blandað ábyrgð á sparisjóðsfje saman við ábyrgð fyrir erlendum lánum og viljað láta það ríða í bág við okkar fyrri skoðanir. En það er alt annað og ekki sambærilegt, ábyrgð á sparisjóðsfje eða heimild til að ábyrgjast nýtt fje frá útlöndum handa Landsbankanum. Jeg vona, að hæstv. forsrh. og aðrir skilji muninn á því.

Landsmenn hafa lagt fje sitt inn í sparisjóð Landsbankans af því, að þeir hafa talið ábyrgð landsins standa þar á bak við. Því hefir sparifjeð safnast mest í Landsbankann, að þessi var skoðun manna alment. Að svifta bankann þessari ábyrgð mun verða til þess að auka tortryggni manna gagnvart bankanum og óvissu um tryggingu sparifjár. Á erfiðum tímum, er bank-

inn verður fyrir töpum, getur slík tortrygni orðið bankanum allhættuleg, og getur enda komið sjer illa fyrir landið sjálft. Ætla jeg, að það gæti sem best komið fyrir, að menn tækju upp á að flytja fje sitt úr landi, þar sem þeir teldu því betur borgið en í Landsbankanum án ábyrgðar ríkissjóðs.

Hæstv. forsrh. stendur enn á því fastar en fótunum, að ákvæðið um bankastjórana komi ekki í bág við stjórnarskrána. Jeg nenni ekki um það að karpa lengur. Verður að fara sem orðið er. Jeg held því fast fram, að ákvæðin í 42. gr. frv., ef hún verður samþ., sjeu í fullkomnu ósamræmi við stjórnarskrána, og sömuleiðis ákvæði 64. gr. frv. Háttv. 1. þm. G.-K. vildi halda því fram, að bankastjórar Landsbankans væru frjálsari til starfsemi eftir hans till. heldur en eftir frv. hæstv. stjórnar. En það er mesti misskilningur. Bankastjórarnir eru svo að segja fjötraðir á höndum og fótum. Jeg sje ekki betur en að með þessu ákvæði sje verið að ýta undir minni hluta bankastjórnar að skjóta stöðugt máli sínu til bankaráðsins, en af því mundi ekki annað hljótast en úlfúð og ábyrgðarleysi. Jeg skil ekki, hví hv. frsm. meiri hl. (BK) leggur svo mikið kapp á, að bankastjórarnir geti skotið máli sínu undir bankaráðið. Ef til vill miðar hann við það ástand, sem var í hans bankastjóratíð, en þá var það svo um einn bankastjórann, að hann gat ómögulega verið í samvinnu við hina bankastjórana, heldur flutti sig út í horn í bankastjórastofunni og sat þar fúll og afundinn. Ef til hefði verið bankaráð, sem hægt hefði verið að áfrýja til, þá hefði orðið að hafa sáttafundi daglega og úlfúðin vitanlega magnast enn meir. Það eru víst þessir liðnu tímar, sem hv. þm. hefir í huga, en það er nú vonandi, að ekki komi þeir vandræðamenn í bankann, að þessi raunasaga þurfi að gerast aftur. Jeg vil, að bankastjórarnir við Landsbankann hafi fullkomið eftirlit af bankaráðinu, en jeg vil ekki, að þeir sjeu gerðir svo ófrjálsir að ákvörðunum sínum, að hægt sje að hringla með þær fram og aftur. Það er einkennilegt, að hv. frsm. meiri hl. virðist ekki geta vitað af því, að bankaeftirlitsmaðurinn sje látinn gera upp í Landsbankanum. Hann er nógu góður til þess að athuga Íslandsbanka, en ef hann á að snerta á Landsbankanum, þá er hann strax miklu lakari. En ef bankaeftirlitsmaðurinn er fær um að rannsaka hag Íslandsbanka, þá er hann engu síður fær um að rannsaka hag Landsbankans, nema frekar sje, vegna kunnugleika hans á hag manna.

Hv. þm. komst í svari sínu til hv. 1. landsk. inn á starfsemi kaupfjelaganna hjer í Reykjavík. Satt að segja undraðist jeg þann hugsunarhátt, sem fram kom hjá honum. Hann spurði, af hverju væri nauðsynlegt að hafa hjer kaupfjelög, og mjer skildist hann telja hlutverk þeirra það eitt að tapa fje. Það getur vitanlega komið fyrir kaupfjelög eins og aðra, að þau geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. En þau töp, sem orðið hafa á kaupfjelögum, eru hverfandi lítil í samanburði við það, sem tapast hefir á kaupmönnum og útgerðarmönnum, svo að það er undarlegt að vera að draga þetta inn í umræðurnar. Það sannar ekki á neinn hátt, að hjer sje ekki þörf á kaupfjelagi, af því að hjer

sjeu margir kaupmenn. Það er vitanlegt, að með kaupmönnum eru oft samtök um að leggja svo og svo mikið á vörurnar. Fjelög neytenda taka ekki þátt í slíkum samtökum, svo að vel getur verið, þó að kaupfjelag hafi tapað hjer einhverju, að bæjarbúar hafi hagnast á því bæði beint og óbeint. Kaupmenn verða að jafnaði að selja vörur sínar lægra verði en ella, þar sem kaupfjelög starfa. Það er vitanlega af beinni óvild til kaupfjelagsstarfseminnar, að hv. þm. viðhefur þessi ummæli sín.

Hv. frsm. meiri hl. og hæstv. forsrh. vilja nú fara að draga úr umræðunum um þetta mál, og er það skiljanlegt. Þeir eru búnir að flækja málið og vefja á þann hátt, að lítt er hugsanlegt annað en til algers stjórnleysis og aðgerðaleysis leiði í Landsbankanum, ef tillögur þeirra verða samþyktar. Það þýðir ekki að tala meira við þá um þetta mál, og jeg býst ekki við að nota rjett minn til að halda eina ræðu enn. Jeg vona, að hv. deild auðnist að greiða úr þeirri flækju, sem þeir hv. frsm. meiri hl. og hæstv. ráðh. hafa komið þessu máli í.

Ingvar Pálmason: Jeg vildi gera lítilsháttar fyrirspurn til háttv. meiri hl. nefndarinnar, sem jeg óska að fá svarað. Það er viðvíkjandi því, hvernig skilja beri 2. málsgr. 42. gr. frv., sem hljóðar svo: „Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara". Jeg óska að fá því svarað, hvort þetta ákvæði gildir líka um bankaráðið. Mjer skilst ekki síður áríðandi, að það gildi líka um bankaráðið, en jeg efast um, að hægt sje að fá þann skilning út úr greininni eins og hún er. Ef það verður úrskurðað, að ákvæðið gildi ekki um bankaráðið, óska jeg eftir að fá að koma að skriflegri brtt. við þessa málsgr. 42. gr.

Frsm. annars minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg þarf að víkja fáeinum orðum að hæstv. forsrh. Hann segir, að það sje ekki vegna blaðagreina, að ráðist sje í að reyna að hindra aðstreymi til Landsbankans, heldur sje það út af grein Ólafs Lárussonar. En alt, sem Ól. Lárusson segir, stendur jafnt fyrir þessu. En þar sem hæstv. ráðh. heldur því fram, að jeg sje hjer í ósamræmi við skoðun mína á enska láninu, þá fer hann með rangt mál. Það er hann, sem hefir snúist. Það var hann, sem ætlaði að taka lán handa Landsbankanum án þess að spyrja þingið leyfis, af því að hann hjelt, að bankinn hvíldi á herðum landsins. Hitt hefi jeg skýrt áður, að það datt engum þingmanni í hug, að Landsbankinn tæki margra miljóna króna lán erlendis án þess að þingið vissi. Það var sjálfsagt að láta þingið fjalla um svo stórfelda ráðstöfun. Hæstv. ráðh. mælti móti till. minni um ræktunarsjóðinn. En það geta aðeins þeir gert, sem ekki vilja unna ræktunarsjóðnum að fá þessi kaup. Sjóðurinn er þur, af því að hann getur ekki selt brjef. Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ræktunarsjóðurinn geti beðið nokkurn halla af þessu ákvæði. Þetta er einmitt þveröfugt.

Jeg get vel skilið, að hv. frsm. meiri hl. sje orðinn þreyttur á sínum eigin

útúrdúrum, en það var hann, sem skapaði útúrdúrinn í söguna 1909, og getur hann því þakkað sjálfum sjer það. Hann hjelt því fram viðvíkjandi brjefi Ólafs Lárussonar, að hann væri nú farinn að efast um, að landið bæri ábyrgð á lánum Landsbankans. En í blaðagreinum 1913 hjelt hann því fram, að landið bæri ábyrgð á bankanum. Þetta sýnir, að hv. þm. er nú að brjóta niður það, sem hann þá var að byggja upp. Það er sýnilegt af áliti meiri hlutans og mínu, að við tökum gild rök Ólafs Lárussonar. (**BK:** Ekki jeg framar). Þá hefir hv. þm. snúist tilefnislaust. Hv. þm. talaði um samábyrgðir og tryggingar og vildi koma því inn, að í samábyrgð væri ljeleg trygging. Það hefir enginn sagt, að samábyrgð væri sú trygging, er aldrei gæti tapast á. En jeg hefi sannað, að það hafa orðið meiri töp á persónutryggingum heldur en henni. Samábyrgðin hefir verið sögð eins góð, en það hefir sannast, að hún er betri. Hv. þm. vill ekki gefa upp nöfn. Það sýnir, að hann hefir ekki gagn af þessum rökum sínum hjer. En hann ætti ekki að vera með dylgjur um þetta, sem hann getur ekki staðið við.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. þm. S.-M. (IP) skal jeg svara því, að jeg hygg, að þetta ákvæði, sem hann spurði um, nái ekki til bankaráðsins. Okkur datt að vísu í hug að taka þetta upp, en hurfum frá því, enda er það hvergi gert annarsstaðar. Í norsku bankalögunum er tekið fram, að ekki mega vera venslamenn bankastjóranna í bankaráðinu, en ekki ákveðið nánar. Það hefir þótt nægilegt að taka fram það hættulegasta, sem er venslin.

Ingvar Pálmason: Mjer þótti tryggara að bera fram þessa fyrirspurn til hv. meiri hl. áður en jeg færi lengra. Svarið hefir staðfest skilning minn á 42. gr. frv. En jeg lít svo á, að eftir að búið er að koma bankanum í það horf, sem þessi lög mæla fyrir, sje full þörf á, að samskonar ákvæði og hjer er um að ræða gildi líka um bankaráðið. Jeg sje ekki, að nein vandkvæði geti verið á að koma því í framkvæmd, þó að það standi ekki í bankalögum nágrannalandanna. Mjer skilst, að ef bankastjórar og starfsmenn mega ekki hafa skuldbindingar við bankann, þá sje rjett, að sama gildi um bankaráðið. Jeg leyfi mjer því að bera fram brtt. við 42. gr., þess efnis, að á eftir „bankastjórar" komi „bankaráðsmenn". Breytingin er ekki önnur en þessi. Jeg vænti þess fyllilega, að hv. deild kannist við, að brtt. mín sje á rökum bygð. Einnig vona jeg, að hæstv. forseti taki hana til greina, þó að hún komi fram skriflega. Það hlýtur að vera afsakanlegt, þar sem brtt. frá nefndarhlutunum og hæstv. fjrh. var ekki útbýtt fyr en á fundinum.

Jeg skal ekki orðlengja þetta frekar, en leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 421, 362, 438, 439, 441, 450).

Forseti (HSteins): Hv. 5. landsk. (JBald) hefir beiðst úrskurðar forseta um fyrstu brtt. á þskj. 439, frá hæstv. forsrh. Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að tillaga þessi verði borin undir atkvæði, en vísa að öðru leyti til úrskurðar míns um 47. og 68. gr. frv. við 2. umr. málsins.

Þá hefir hv. 1. landsk. (JJ) sömuleiðis beiðst úrskurðar forseta um eitt orð, er fram kom í ræðu hjá hv. 6. landsk. (JKr) við 2. umr. í málinu. Jeg lít svo á, að það heyri ekki undir verksvið forseta að kveða upp úrskurði eftir á um orð eða setningar, sem löngu áður hafa komið fram í ræðum þingmanna. (**JJ:** Jeg átti við, hvort orðið væri þinghæft). Þar um átti hv. þm. að beiðast úrskurðar forseta þegar í stað. Og hafi þm. einhverja athugasemd að gera við slíka úrskurði forseta, þá eiga þær að koma strax fram.

ATKVGR.

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 450. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 438,1 samþ. án atkvgr.
— 438,2 samþ. án atkvgr.
— 438,3 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 441 feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, GÓ, IP, JJ, MK, HSteins.
nei: EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

JBald greiddi ekki atkv.

Brtt. 438,4 samþ. án atkvgr.
— 438,5 samþ. án atkvgr.
— 439,1 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ.
nei: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald.

HSteins greiddi ekki atkv.

Brtt. 450,I feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, HSteins.
nei: JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EJ, IHB.

Brtt. 439,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 362,28 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, IHB, JóhJóh, JÞ.
nei: MK, EÁ, EJ, GÓ, IP, JJós, JBald, JJ, HSteins.

Brtt. 438,6 samþ. með 8:4 atkv.
— 439,3 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.
nei: JJ, MK, EÁ, GÓ, IP, JBald.

Brtt. 438,7 samþ. án atkvgr.
— 438,8 samþ. án atkvgr.
— 438,9 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 450,II samþ. með 11 shlj. atkv.
— 438,10 samþ. án atkvgr.
— 438,11 samþ. með 8:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 453).

Á 63. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta frv. var í þingbyrjun lagt fyrir hv. Ed., og var því þá að efni mjög lítið breytt frá samnefndu frv., sem

þessi hv. deild samþykti í fyrra. Jeg geri því ráð fyrir, að aðaltilhögun þeirra mála, sem frv. fjallar um, sje öllum hv. þdm. kunnug. Í meðferð málsins í háttv. Ed. hafa orðið á frv. nokkrar breytingar, en þó engar, sem raska þeim höfuðgrundvelli frv., að Landsbankanum sje fengin seðlaútgáfan og honum jafnframt skift í tvær deildir, sparisjóðsdeild og seðlabanka. Jeg mun ekki lýsa hverri einstakri breytingu, er hv. Ed. gerði á frv., en aðeins geta tveggja þeirra veigamestu. Önnur er sú, að 15 manna nefnd, er Alþingi átti að kjósa og hafa skyldi yfirstjórn bankans með höndum, er alveg feld niður. Mjer mun óhætt að segja, að ástæða hv. Ed. til þess hefir fyrst og fremst verið sú, að ekki fjölmennara en okkar Alþingi er, hefir deildinni fundist, að það gæti sjálft kosið bankaráð, og að öðrum störfum Landsbankanefndarinnar mætti koma fyrir á fullnægjandi hátt. Hitt atriðið er um starfsemi bankaráðsins. Í hv. Ed. hefir orðið sú aðalbreyting á starfstilhögun bankaráðsins, að þar sem í stjfrv. var gert ráð fyrir, að formaður ætti daglega fund með framkvæmdarstjórn bankans, þá er komið í staðinn, að formaður og tveir aðrir bankaráðsmenn komi daglega í bankann til eftirlits. Til þess er ætlast, að þeir hafi sjerstakt herbergi í bankanum og geti þar farið í gegnum bækur undanfarinna daga og annað, er þeim þykir ástæða til. — Jeg get ekki annað en fallist á, að þetta sje eins góð tilhögun, að ætla bankaráðinu eftirlitsstörfin, enda þótt jeg játi, að það geti verið álitamál. Þetta eru höfuðbreytingar þær, er frv. hefir orðið fyrir; hitt eru smáatriði, og af því að málið var svo ítarlega rætt hjer í fyrra, fjölyrði jeg ekki um það, en legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Mjer þykir rjett að minna nú á eitt atriði, sem raunar mætti eins koma til umræðu í sambandi við síðasta mál á dagskrá, stjórnarskrárbreytinguna. — Það kom fram í meiri hl. milliþinganefndarinnar um bankamál í fyrra, að aðalhættan af því, að ríkið ræki bankastarfsemi, lægi í því, að ríkisvaldið kæmi til með að hafa of mikil tök á bankanum og gæti misnotað þau, ef illa færi. Dálítið er reynt að koma í veg fyrir þetta, með því að taka upp í frumvarpið ákvæði um takmörk fyrir því, hve mikið og til hve langs tíma bankinn megi lána ríkissjóði. En það er þó hætta, sem oft hefir komið fram erlendis, einkum þó í einvaldsstjórnarlöndum, að ríkisvaldið misnotaði bankana í sína eigin þágu. Víða hafa menn ekki sjeð önnur ráð til tryggingar gegn þessu en að skjóta inn millilið milli bankanna og valdhafanna, hafa fengið hluthöfum þá til eignar að meira eða minna leyti. — Í Danmörku var það t. d. svo, að enginn treysti ríkisbankanum, meðan það var álit manna, að stjórnin hefði full tök á að fá fje að láni úr bankanum. — Það er vitanlegt, að fyrir þessa hættu verður ekki girt nema að litlu leyti með ákvæðum í sjálfum Landsbankalögunum. Þeim væri hægt að ryðja úr vegi á einu þingi. Því lagði meiri hl. nefndarinnar til, að ákvæði um þetta væru tekin upp í stjórnarskrána, næst þegar henni væri breytt hvort sem er. Þetta kom ekki neitt til, þegar málið

var til meðferðar í fyrra, vegna þess að þá var engin breyting á stjórnarskránni á döfinni; jeg held engum hafi dottið í hug að gera stjórnarskrárbreytingu einungis fyrir þetta atriði. Enda farast líka meiri hl. milliþinganefndarinnar þannig orð — að mig minnir —, að þeir leggja til, að þessi ákvæði verði tekin upp í stjórnarskrána, þegar breyting verður gerð á annað borð. Jeg hafði því hugsað mjer í samræmi við þetta nál., sem jeg hefi undirskrifað, að bera fram brtt. við stjórnarskrárfrumvarpið um þetta atriði.

Mjer þótti aðeins rjett að minnast á þetta, því að þó að það verði að ræðast í sambandi við hitt málið, þá er það viðkomandi þessu máli. Því minnist jeg á þetta við 1. umr., að hitt málið er á förum úr deildinni; er að vísu óheppilegt, að þetta mál sje ekki lengra komið, áður en stjórnarskrármálinu er fullkomlega til lykta ráðið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð að játa, að mjer kom það nokkuð á óvart, að þetta mál skyldi koma svo fljótt fyrir. Jeg hafði tekið það skakt eftir, að jeg taldi stjórnarskrármálið eiga að koma fyrir á undan; auk þess hafa verið tekin af dagskrá mál, sem voru á undan þessu, og hefir það flýtt fyrir.

Jeg hafði hugsað mjer að koma að nokkrum athugasemdum í sambandi við þetta mál, en af þeim ástæðum, er jeg hefi nefnt, er jeg ekki búinn að undirbúa mig til þess eins og jeg hefði óskað. En jeg get ekki látið 1. umr. líða svo hjá að koma ekki að nokkrum aths. Að vísu var þetta mál til rækilegrar íhugunar í fyrra hjer í hv. deild; en það ber nú að öðruvísi en þá að ýmsu leyti.

Það, sem jeg vil vekja athygli á, er atriði, sem fyrir tilverknað hæstv. forsrh. hefir komið fram í hv. Ed. Hæstv. ráðh. hefir gert grein fyrir því, að málið hafi tekið nokkrum breytingum í hv. Ed. og talið þær aðallega skipulagsatriði. Jeg verð að vera hæstv. forsrh. mjög ósammála um þetta. Jeg álít, að með hliðsjón af þeim ískyggilegu tímum, sem nú eru, þá hafi af hálfu hæstv. ráðh. komið fram í hv. Ed. hlutir mjög alvarlegs eðlis. Önnur till., sem samþykt var við 1. gr., og hin, sem kom frá meiri hl. fjhn. og hann veitti stuðning sinn, — þetta eru atriði, sem að mínu áliti eru miklu stærri og merkilegri heldur en þau formsatriði, sem hæstv. ráðh. var að gera grein fyrir, að breyst hefðu í hv. Ed. Í 1. gr. frv. stendur nú, að Landsbankinn sje eign ríkisins, en samt samþ. hv. Ed. brtt. hæstv. forsrh. um að lýsa því yfir síðar í greininni, að ríkið ætli sjer ekki að bera ábyrgð á þessari stofnun. Og þó á ríkið að skipa menn í stjórn bankans.

Það er nú kannske af því, að jeg fylgi þeirri stefnu, sem samvinnufjelögin byggjast á, þar sem það er grundvöllurinn undir fjelagslegri starfsemi, að menn bera fullkomna ábyrgð á sínum skuldbindingum — í mótsetningu við hlutafjelögin — að jeg get ekki látið þessu atriði ómótmælt, að ríkið reki stofnun, bjóði mönnum að koma með sparifje sitt, setji lög um stofnunina, skipi menn til að veita henni forstöðu, og svo eigi ríkið að afneita allri ábyrgð á sinni eigin stofnun. Þetta kann að vera í

samræmi við lífsskoðun þeirra manna, sem álíta ekkert að athuga við það að stofna hlutafjelög, er taki stórkostleg lán, en hluthafar beri enga ábyrgð á tapi, ef illa gengur, en hirði aðeins gróðann, ef vel gengur. En út frá sjónarmiði hinna, sem álíta, að ef menn taki gróðann, eigi þeir líka að bera ábyrgð á tapi, að svo miklu leyti sem geta þeirra fellur til, — út frá því sjónarmiði verð jeg eindregið að mótmæla þessu, að ríkið reki slíka stofnun, sem það vill ekki bera ábyrgð á.

Nú hefir því miður farið svo í okkar landi, að hallast hefir hagur okkar ákaflega mikið, bæði einstaklinga og stofnana. Það er vitanlega sumpart af óviðráðanlegum hlutum, svo sem breytingum á verðlagi í umheiminum; en það er ekki árferði að kenna, því að það var framúrskarandi gott. Þessi mikli afturkippur í okkar fjármálalífi er að langmestu leyti að kenna þeirri misvitru fjármálastjórn, er við höfum átt við að búa undanfarin ár, sem hefir leitt yfir okkur þá ógæfu á mjög stuttum tíma, að peningagildið hefir raskast svo, að stórtöp hafa yfirleitt orðið á öllum atvinnurekstri í landinu. Fjármálaástandið og horfurnar eru svo alvarlegar, að flestum hrýs hugur við. Og þar sem tímarnir eru nú svo alvarlegir, þá held jeg því fram, að það verði að leggja á það sjerstaka áherslu gagnvart aðalpeningastofnun landsins, að að henni sje búið vel í alla staði og ekkert sje gert til þess að hnekkja áliti þeirrar stofnunar, — ekkert gert til þess að skapa óró kringum hana. Þó að við eigum allir, sem sitjum á Alþingi, að gegna þessari skyldu í ríkum mæli, þá verður þó skyldan fyrst og fremst að hvíla á fjármálaráðherra.

Jeg vil benda á, að auk þess, sem jeg álít þetta atriði, sem hæstv. fjrh. kom með inn í bankafrv., ósiðferðilegt, þá er það líka hlutur, sem er til þess fallinn að veikja traust manna á banka landsins, að hæstv. fjrh. skuli nú, þegar málið er búið að vera lengi í meðferð — meðal annars í milliþinganefnd — grípa tækifærið til þess að bera fram slíka till., að ríkissjóður ætli ekki að bera ábyrgð á banka landsins. Slíkum firnum verð jeg að mótmæla.

Þá vil jeg benda á annað atriði í meðferð fjhn. Ed. og hæstv. fjrh. á frv. í Ed., sem jeg verð mjög að áfella. Fjhn. lagði það til og hæstv. fjrh. studdi þá tillögu, að skipuð væri rannsóknarnefnd á Landsbankann. Frsm. till. er sá maður, sem vitað er um, að hann er hinn tortryggasti gagnvart bankanum, og til skýringar þessari rannsókn vitnaði hann í hina alræmdu ofsóknarrannsókn á hendur Landsbankanum 1909. — Þetta verður ekki síður til þess að sýna, að fjármálaráðherra landsins vill gera ráðstafanir til þess að gera þjóðbankann tortryggilegan. Jeg vil taka þetta tækifæri til þess að benda á þetta atriði og mótmæla því. Vegna minnar sjerstöku aðstöðu til þess að vera kunnugur þessari stofnun, þar sem jeg er yfirskoðunarmaður bankans, þá vil jeg lýsa því yfir út frá mínum kunnugleika, að jeg tel algerlega ástæðulaust að láta slíkt koma fram gagnvart bankanum. Jeg vil gera ráð fyr-

ir, að það mundi vera torvelt að fá menn, sem væru betur færir að standa fyrir bankanum — að öllu samantöldu — heldur en þá, sem nú stýra honum, og því sje það ómaklegt að láta slíkt koma fram gagnvart Landsbankanum.

Þótt jeg sje reiðubúinn — eins og á síðasta þingi — til þess að fylgja málinu í því stóra atriði að gera bankann að seðlabanka, þá verð jeg að nota fyrsta tækifærið til að mótmæla, að annað eins og áðurnefnt ákvæði í 1. gr. sje látið standa í bankalögunum, frá hvaða sjónarmiði, sem á það er litið. Og jeg vil gjarnan segja það strax, að þótt jeg sje sammála þessum lögum að öðru leyti, þá mundi jeg aldrei geta fallist á að samþ. frv. með þessu atriði. Jeg vil eindregið beina því til þeirrar nefndar, sem fær málið til athugunar hjer, að hún afgreiði það á þeim grundvelli, að taka úr því þetta atriði. Jeg segi það enn sem sá maður, sem vel þekkir til þessa banka, að það er alveg ástæðulaust að stofna til slíkrar rannsóknar á bankann, samhliða þessu ákvæði, sem hæstv. fjrh. hefir komið með inn í 1. gr. Jeg álít alveg óforsvaranlegt, einkanlega eins og fjármálaástandið er hjer á landi, að fjármálaráðherra hafi slíka aðstöðu.

Ef jeg hefði búist við, að þetta mál hefði komið svo fljótt, þá hefði jeg undirbúið mig frekar að gera grein fyrir því, að hve miklu leyti jeg álít það mjög illa farið, að þetta er komið fram, einkanlega á slíkum alvarlegum tímum, þar sem jeg vildi láta koma fram þá áskorun til fjvn. deildarinnar, að hún tæki mjög greinilega afstöðu móti þeim atriðum, sem fram komu frá hæstv. fjrh. (JÞ) gagnvart Landsbankanum við afgreiðslu málsins í hv. Ed.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir nú lýst því, að honum þyki það hafa verið alveg óforsvaranleg afstaða, sem jeg hefi tekið í Ed. gagnvart tveimur tilteknum atriðum, sem hann nefndi.

Þessi atriði hafa ekki komið til umræðu hjer í deildinni, svo að jeg viti; og úr því að hv. þm. Str. fellir nú þann dóm fyrirfram, að framkoma þeirra sje óforsvaranleg, þá þykist jeg vita, að jeg geti ekki forsvarað þau gagnvart honum, þegar af þeirri ástæðu, að hann þykist of mikill maður til þess að taka aftur dóminn, þótt hann sje kveðinn upp í fljótfærni og án þess að hafa heyrt málavexti. — Jeg ætla að forsvara mínar gerðir gagnvart þeim hv. þdm., sem ekki eru búnir að fella sinn dóm fyrirfram.

Það hefir oft borið á góma þetta atriði um ábyrgð ríkissjóðs á Landsbankanum. Jeg hefi ávalt lýst þeirri skoðun, þegar svo hefir borið undir, sem jeg hefi orðað í lagafrv., að ríkið beri ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans eins og bankinn er nú. Ekki nema á slíkum tilteknum skuldbindingum, sem með einhverjum gerningum þings eða stjórnar verða sjerstaklega upp á ríkissjóðinn teknar, svo sem með því að ganga í ábyrgð fyrir tilteknum lánum handa bankanum. Nú liggur fyrir að setja Landsbankanum nýja löggjöf; og jeg skal þá rifja upp aðstöðuna til þessa máls

í þeim frv., sem hingað til hafa komið fram í þessu seðlaútgáfumáli.

Fyrsta frv. var samið af sjálfri stjórn Landsbankans og borið fram af fjhn. Ed. árið 1924, eftir beiðni fyrverandi stjórnar. Hver, sem kynnir sjer það frv., hlýtur að ganga úr skugga um það, að þar er tekin upp tilhögun, sem algerlega útilokar þann skilning, að ríkissjóður sje ábyrgur fyrir skuldbindingum bankans. Það er af því, að gert er ráð fyrir innborguðu stofnfje, sem geti verið jöfnum höndum eign ríkissjóðs og annara, — þetta er með öðrum orðum hlutafjelagsfyrirkomulag, sem alveg útilokar, að einn tiltekinn hluthafi geti verið ábyrgur fyrir skuldbindingum fyrirtækisins, að öðru leyti en með stofnfje sínu og með því, sem hann kynni að taka á sig eftir sjerstakri ákvörðun í hvert sinn.

Sömu tilhögun var haldið í stjfrv., sem var lagt fyrir þingið 1925. Það var máske ennþá skýrar orðað, að það væri hlutafjelagstilhögun. Var það af öllum viðurkent, að það væri hin sama tilhögun eins og í því frv., sem Landsbankastjórnin hafði samið.

Fyrstu upptök að löggjöf á þeim grundvelli, að ríkissjóður sje ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum bankans, komu því frá núverandi stjórn Landsbankans. Og eftir þeim loflegu ummælum hv. þm. Str. um þá bankastjórn, þá vil jeg vona, að hann telji þetta ekki svo mikið ódæði af mjer, eftir að vera búinn að heyra, hvaðan þetta fyrst er komið.

Í milliþinganefnd varð ágreiningur um þetta atriði, og var það svo að segja eina atriðið. Meiri hl. stakk sem sje upp á tilhögun, sem gerði ríkissjóðinn ábyrgan fyrir skuldbindingum bankans, þótt það væri ekki beinlínis orðað þannig. Það var orðað þannig, að ef bankinn tapaði svo miklu, að varasjóður ekki nægði og stofnfje yrði skert, þá ætti ríkissjóður samkvæmt bankalögunum að bæta honum upp tapið á stofnfjenu. Þannig skyldi hann hafa stofnfje sitt óskert eftir. Þetta er vitanlega sama sem að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á öllum töpum bankans.

Háttv. 2. þm. Reykv. (MJ) gerði ágreining um þetta atriði í nefndinni. Í stjfrv. var felt úr frv. milliþinganefndarinnar þetta ákvæði, að ríkissjóður skyldi bæta bankanum upp sjerhvert tap, sem gengur svo langt, að stofnfje hans skerðist við það. Og eftir öllum málavöxtum álít jeg, að burtfelling á þessu ákvæði meiri hl. nægði til þess, að ríkissjóður væri þá ekki samkv. þessum lögum ábyrgur fyrir skuldbindingum bankans.

Nú hefir þetta mál verið tekið upp aftur á þessu þingi, og það við tvö tækifæri. Fyrst kom málið upp í sambandi við það frv., sem fjhn. þessarar hv. deildar bar fram, eftir ósk stjórnarinnar, um almenna heimild handa stjórninni til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbankann. Við umr. um þetta mál kom í ljós, að þm. þótti ekki rjett, að stjórnin hefði almenna heimild til þess að ganga í slíkar ábyrgðir fyrir Landsbankann, heldur væri áskilið að heimila það með lögum í hvert skifti, sem slíka ábyrgð ætti að taka á ríkissjóðinn. Og þessi skoðun varð alveg ofan á í þinginu. Frv., eins og það var samþykt, ber vitni um þennan skilning, þannig, að heimildin, sem ríkisstjórnin hefir til að ábyrgjast fyrir bankann, er ein-

skorðuð við það, sem upp er talið í þessum lögum. Það kom svo átakanlega berlega í ljós við umr. um frv., að ekki væri litið svo á, að ríkissjóður væri ábyrgur fyrir skuldbindingum Landsbankans, nema hann hefði sjerstaklega tekið ábyrgð á þeim. Jeg held meira að segja, að hv. þm. Str. hafi þá ekki verið í nokkrum vafa um sína skoðun á þessu sviði. Og hún er sú sama sem hjer kemur fram í þessum lögum um heimild fyrir ríkissjóðinn til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann.

Hinsvegar kom þetta sama málsatriði til meðferðar í fjhn. hv. Ed. á þann hátt, að nefndin leitaði álits hjá einum kennara í lögum við háskólann, hvort ríkissjóður sje ábyrgur fyrir skuldbindingum Landsbankans, meðal annars eftir því frv., sem hjer liggur fyrir. Þessi prófessor ljet í ljós sem sína skoðun, að þar sem tiltekið væri, að Landsbankinn væri eign ríkisins — þótt hinsvegar sje berum orðum takmarkað framlag ríkissjóðs til þessa eignarfyrirtækis, — þá mundi mega líta svo á, sem ríkissjóður bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum þessarar stofnunar.

En álit þetta fór gersamlega í bága við það álit, sem þetta þing hafði staðfest með lögunum um heimild til að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann. Og ennfremur fór það í bága við þann skilning, sem jeg hafði ætlað mjer að leggja í þetta frv., og í bága við þann skilning, sem ótvíræðlega hefir orðið að leggja í frv., sem lágu fyrir árin 1924 og 1925. Og jeg taldi mjer þá skylt, til þess að taka af öll tvímæli, að bera fram brtt. við 1. gr. frv., sem einmitt einskorðaði ábyrgð ríkissjóðsins við framlag hans til þessarar stofnunar, og tel mig þar ekki hafa gert neitt annað en framfylgja þeim skilningi, sem þetta sama þing, sem nú situr, er búið að gera gildandi að því er snertir ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankans.

Nú hefir hv. þm. Str. fundið ýmsar ástæður til þess að álíta ekki rjett að takmarka ábyrgð ríkissjóðs þannig. Hann hefir fært aðallega tvær ástæður á móti þessu. Fyrri ástæðan er sú, að það sje siðferðilega rangt, að sá, sem tekur ágóðann, þegar vel gengur, — í þessu tilfelli ríkissjóður —, hann beri ekki áhættuna, þegar illa gengur. Þegar hv. þm. segir þetta, þá hefir hann ekki athugað nægilega vel önnur ákvæði frv. Það er nefnilega alls ekki frá þessu gengið þannig, að ríkissjóður ætli sjer að reka þennan banka sem gróðafyrirtæki fyrir sig. Fyrst og fremst er sparisjóðsdeild, sem á að hafa alveg sjálfstæðan efnahag. Allur sá afrakstur, sem af henni verður fyr og síðar, á að ganga til hennar eigin varasjóðs, og aldrei nokkur eyrir af því til ríkissjóðs. Þannig er að því er snertir sparisjóðsdeildina einmitt ætlast til þess í frv., að sá beri áhættuna, sem nýtur arðsins, þ. e. sparisjóðsins eiginn sjóður.

Um seðlabankann er það að segja, að þar á ríkissjóður heldur ekki að taka neinn gróða. Það er afskamtað, að hann megi ekki fá meira en 6% ársvexti af því stofnfje, sem hann leggur seðlabankanum, fyr en eftir að varasjóður seðlabankans sjálfs út af fyrir sig er kominn yfir 4 milj. króna; þá fyrst getur komið til mála,

að ríkissjóður njóti einhvers umfram þessa vexti. — Hinsvegar tekur ríkið samkvæmt ákvæðum frv. ábyrgð á skuldbindingum seðlabankans með öllu hans stofnfje, sem nú er stungið upp á, að verði 5 milj. króna; þó þannig, að fyrst um sinn er seðlabankanum aftur gert að skyldu að standa í ábyrgð fyrir sparisjóðinn með því fje, sem Landsbankinn nú þegar hefir fengið frá ríkissjóði og nú þegar er til tryggingar sparisjóði hans. Þetta ákvæði var sett inn í frv. við meðferð málsins í hv. Ed., til þess að gera það öldungis ótvírætt, að það er ekki með þessari lagabreytingu tekin nein sú trygging frá innstæðueigendum við sparisjóð Landsbankans, sem þeir nú hafa og hafa haft hingað til. Nú tryggir frv. ríkissjóði það á engan hátt, að hann fái í öllum árum 6% vexti, eða nokkra vexti, af framlagi sínu til bankans, svo að þótt hann einhverntíma eftir að varasjóðurinn er orðinn 4 milj. kr. kynni að fá eitthvað yfir 6% í sumum árum, þá fer því fjarri, að ákvæðin til samans feli það í sjer, að ríkissjóður eigi að hirða gróðann af seðlabankanum, þegar vel gengur.

Hin ástæðan, sem hv. þm. hafði í móti ákvæðinu, var sú, að ástand atvinnuveganna væri svo alvarlegt og óstöðugt, að ekki mætti gera neitt, sem gæti skapað óróa um peningastofnanirnar í landinu. En jeg get ekki ímyndað mjer, hvernig það getur skapað óróa, þótt verið sje að ræða og gera að lögum frv., sem leggur bankanum til 3 milj. kr. stofnfje umfram það, sem hann hefir haft hingað til. Í sambandi við þetta nefndi hv. þm. Str. till., sem ekki komst inn í frv., en borin var fram af meiri hl. fjhn. í Ed., um mat á bankanum áður en hann tæki skipulega til starfa. Hv. þm. misskildi algerlega tilgang þessarar till. og kom ekki auga á samband þessa og ákvörðunar um stofnfje og tryggingar, sem bankinn á að fá. Landsbankinn hefir orðið fyrir miklum töpum, sem kunnugt er og reikningar hans sýna. Hugsun meiri hl. fjhn. með till. var því sú, að meta skyldi hag bankans til þess að komast að fastri niðurstöðu um það, hversu mikið fje ríkissjóður þyrfti að leggja bankanum til, til þess að stofnfje hans væri óskert þegar í byrjun. Það er tryggingarráðstöfun að láta slíkt mat fara fram, til þess að ganga úr skugga um það þegar í upphafi, að ekki neitt af því stofnfje, sem lögin tilgreina, sje tapað. Er þá ætlast til, að töpin sjeu fyrst gerð upp og síðan borgað inn úr ríkissjóði til þess að stofnfjeð sje óskert sjálfseign bankans. Þennan góða tilgang með till. hefir háttv. þm. alveg misskilið. Nú er svo ákveðið í frv., að ráðherra sjái um, að úttekt á bankanum fari fram í hendur bankaráðs, og þetta er að efni til alveg sama ákvæði og hitt, sem hv. þm. áfellir svo mjög.

Það, sem hv. þm. sagði um ummæli háttv. 1. þm. G.-K. (BK) í Ed. um Landsbankarannsóknina 1909, þarf jeg ekki að koma inn á, annað en geta þess, að þar sem hv. þm. Str. sagði, að sú rannsókn hefði verið framkvæmd að ráði hv. 1. þm. G.-K. sem árás á bankann, þá tel jeg mjer skylt að skýra frá því hjer í þessari hv. deild, að hv. 1. þm. G.-K. gerði grein fyrir

því í Ed., að sú rannsókn hefði ekki farið fram fyrir sitt tilstilli.

Hafi jeg, eins og hv. þm. Str. ljet á sjer skilja, gert samband við hv. 1. þm. G.-K. um afgreiðslu málsins í Ed., þá tel jeg það ekki nema báðum okkur til sóma að hafa gengið í bandalag um afgreiðslu svo merkilegs máls.

Ef háttv. þm. Str. vill kynna sjer breytingar þær, sem frv. tók í Ed. og samþ. voru með atkv. okkar beggja, hv. 1. þm. G.-K. og mínu, mun hann þar finna ákvæði, sem engum blandast hugur um, að eru gerð stofnuninni til styrktar og eflingar, t. d. aukið stofnfje, stytting þess tíma, er bankinn er skyldur að endurkaupa víxla af Íslandsbanka, o. fl. Þetta ætti að nægja til þess að hnekkja hugarburði hv. þm. Str. um andúð gegn Landsbankanum frá mjer og öðrum í sambandi við afgreiðslu þess máls þar. Afstaða mín er hin sama og áður fyr. Jeg hefi reynt að vega sem nákvæmast alla málavöxtu og þræða meðalveginn milli hagsmuna, sem mönnum finnast rekast á, í sambandi við endanlega skipun seðlaútgáfunnar.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er óhætt að segja, að nú er svo komið, að mest er um það vert, að peningastofnanir landsins sjeu á rjettum og traustum grundvelli reistar. Mætti því búast við, að í slíku frv. og því, er hjer er um að ræða, væri gert alt, sem hægt er af landsins hálfu, til þess að efla sem mest þá stofnun, sem á að verða seðlabanki landsins. Seðlabankar hafa það hlutverk í öllum löndum að stjórna peningamálum hvers lands. Þeir ráða vaxtakjörum til einstakra manna og annara banka, og því er undir ákvörðun þeirra komið, hvernig atvinnurekstur getur borið sig. Í öðru lagi eiga þeir að sjá um jafnvægi á peningagildi landsins, þannig að gengi sveiflist sem minst upp og niður, eða þá færa það til eftir atvikum, eftir því sem Alþingi kann að orka. Það er því næsta mikils virði, að seðlabankar sjeu sterkar stofnanir og að baki þeim standi sterkur og eindreginn vilji almennings. Fyrst þá, er sagt verður, að svo sje, má búast við verulegum árangri af starfi þeirra. Þá þurfa þeir og að hafa töluvert mikið eigið fje. Er viðskiftakreppur koma, hlaupa seðlabankarnir í skörðin þar, sem almennir bankar bregðast. Þeir eru til með sína seðla og sitt fjármagn til þess að hjálpa öðrum peningastofnunum og almenningi, er á þarf að halda og mest liggur við. En til þess er nauðsynlegt, að seðlabankinn njóti alls mögulegs trausts og svo tryggilega um hann búið, að ekki sje ástæða til að halda, að bankinn hafi ekki á bak við sig það fjármagn og gjaldþol, sem hægt er að safna að aðalpeningastofnun í landinu. Ennfremur þarf að vera trygt eftirlit frá þings og þjóðar hálfu, áður en tekin er ákvörðun um slíkan banka, og stjórn hans þannig fyrir komið, að hún sje ódýr og þannig, að ekki nema tiltölulega fáir menn beri ábyrgðina, til þess að hún dreifist sem minst, en verði því traustari.

En sje skoðað frv. eins og það kemur frá hæstv. stjórn og hv. Ed. með þetta fyrir augum, verður mönnum það á að segja, að engu er líkara en að þessir tveir aðiljar hafi gert sitt til þess að rýra væntanlega seðlabankastofnun og veikja aðstöðu hennar frekar en styrkja. Jeg get mint á

atriði, sem hv. þm. Str. (TrÞ) gat um og mestum býsnum veldur, en það er takmörkun ábyrgðar ríkissjóðs við stofnfje bankans sjálfs. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir komið með ýmsar ástæður til þess að afsaka þessa breytingu á frv.

Það er þá fyrst sú ástæðan, að komið hefir fram á undanförnum þingum frv. til laga um banka með takmarkaðri ábyrgð. En með því að þar var um hluthafabanka að ræða, afsakar það ekki takmarkaða ábyrgð á seðlabanka ríkisins, enda náði þetta frv. ekki fram að ganga og sætti óvenjumikilli andúð utan þings.

Enn gat hæstv. fjrh. þess, að þegar umr. voru hjer í þinginu um heimild fyrir ábyrgð á láni handa Landsbankanum, þá mætti það mótspyrnu af hendi margra þingmanna. Út frá því komst hæstv. ráðh. að þeirri niðurstöðu, að sú mótspyrna hlyti að vera bygð á þeirri forsendu, að þeir hinir sömu þingmenn hafi að minsta kosti ekki þá gert ráð fyrir því, að ríkið bæri ábyrgð á bankanum yfirleitt. Jeg mótmæli, að svo hafi verið um mig að minsta kosti og veit, að svo er um fleiri hv. þm. Slíkt kom okkur aldrei til hugar, þótt við vildum ekki fá hæstv. ríkisstjórn svo að segja ótakmarkaða lánsheimild í hendur. Það er alt annað mál, að ríkissjóður beri ábyrgð á bankanum, þegar hann er illa staddur, eða að ríkisstjórnin hafi á hverjum tíma heimild til þess að taka ný lán fyrir bankans hönd, svo mikil, sem henni sýnist. Hjer var um að ræða 9 milj. kr. lán hjá nýjum viðskiftavin, og auk þess ástæðan til lántökunnar sú, að styrkja átti annan banka heldur en Landsbankann, því að það er öldungis óvíst, að lánið hefði verið tekið annars, ef sú ástæða hefði ekki verið fyrir hendi.

Jeg tók það fram þá, að jeg hefði ekkert á móti heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir bankann, ef ekki væri ætlast til að ganga inn á nýja braut með því að ná stórfeldum peningastraum til landsins, sem mundi hafa í för með sjer miklar breytingar á peningamálum þjóðarinnar.

Ekkert er eðlilegra en það, að Alþingi áskilji sjer rjett til þess að athuga, hvort rjett sje að fara inn á þá nýju braut. Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir játað, að lagaprófessorinn, sem spurður var álits um þetta atriði, telji, að ríkissjóður muni sem stendur bera ábyrgð á Landsbankanum lögum samkvæmt. En á móti þeirri skoðun setti hann sína skoðun, að eins og sakir stæðu, kæmi ekki til mála, að það væri hægt í framkvæmdinni.

Því er svo háttað, að það hefir afdrifamiklar afleiðingar, ef menn ætla sjer að halda því fram, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á Landsbankanum. Má til nefna aðrar stofnanir, sem ríkið rekur, t. d. verslanir ríkissjóðs. Gjaldtraust þeirra er bygt á því, að ríkissjóður standi þar á bak við. Mjer er kunnugt um það, að ríkissjóður eða ráðherra sem slíkur hefir ekki tekist formlega á hendur ábyrgð á viðskiftalánum t. d. landsverslunarinnar, meðan jeg var starfsmaður þar. Það var gengið út frá ábyrgðinni sem gefinni. Afnám ábyrgðarinnar hlýtur að hafa í för með sjer veikt gjaldtraust út á við fyrir þessar stofnanir. Einnig má gera ráð fyrir, að það hefði þau áhrif, að gjaldtraustið minkaði inn á við.

Þegar erfitt er í ári og hætt við, að bankinn tapi, er enginn vafi á því, að innlánsfjeð mundi verða tekið út og lagt inn annarsstaðar, þar sem því væri betur borgið. Gæti jafnvel hugsast, að það yrði flutt til útlanda.

Hæstv. fjrh. vildi geta þess, að þar sem bankinn væri ekki stofnaður sem gróðafyrirtæki, þá væri ekki ástæða til, að ríkissjóður bæri ábyrgð á honum, nema að því leyti, sem þyrfti til þess að auka og viðhalda stofnfje bankans.

En bankinn er eftir sem áður gróðafyrirtæki, og gróðinn rennur í ríkissjóð. Þótt sparisjóðsdeildin sje sjálfstæð stofnun og tekjuafgangur renni í varasjóð deildarinnar, þá er varasjóður þó ávalt eign ríkissjóðs, og þótt seðlabankinn gefi aðeins 6% í ríkissjóð, þá er það þó nokkuð, og bankinn þá eign ríkissjóðs. En öllu þessu má hvenær sem er breyta með nýjum lögum og leggja allar eignir bankans beint inn í ríkissjóðinn.

Það er skiljanlegt hverjum manni, sem athugar það, að með þessu, að taka af bankanum ríkissjóðsábyrgðina og láta hann hafa í staðinn 3 milj. kr., er verið að láta ríkissjóð kaupa af sjer ábyrgðina. Jeg efast ekki um, að enginn fjármálamaður, hvorki utanlands nje innan, telur það ekki borga sig fyrir bankann að fá 3 milj., en tapa í þess stað ótakmarkaðri ábyrgð ríkissjóðs. — Þessi breyting á frv., sem hæstv. fjrh. er að mæla með, mundi því skerða mjög gjaldtraust bankans.

Þá eru enn nokkur atriði í frv., sem eru miður ákjósanleg. Mun jeg drepa á þau helstu.

Stjórn bankans á að vera í höndum 5 manna bankaráðs og 3 bankastjóra. Þetta bankaráð á að hafa á hendi mikið starf, alt daglegt eftirlit í bankanum, og að launum 25 þús. kr. á ári. Undir því starfa 3 bankastjórar sem framkvæmdarstjórn bankans, og er einn þeirra hæstur í tigninni, en ekki eins og nú, að allir sjeu jafnrjettháir, þótt ekki verði sjeð af frv., að hvaða leyti aðalbankastjóri hafi völd fram yfir hina tvo. Verður það sennilega tiltekið í erindisbrjefi hans. Bankastjórarnir hafa að launum 12 þús. kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Það lítur út fyrir, að þessi aðalbankastjóri eigi að verða nokkuð dýr maður, úr því að ekki þykir fært að geta um launaupphæð hans. Ef hægt væri að sýna fram á brýna nauðsyn til þess að hafa yfir bankastjóra, þá er auðvitað ekkert við því að segja að skipa mann í þá stöðu, þótt hann hefði að sjálfsögðu nokkru hærri laun en hinir. En alt virðist benda á, að 3 bankastjórar, jafnir að völdum og metorðum, geti vel annast framkvæmdarstjórn bankans, þannig að allir sjeu ánægðir, og verður því ekki sjeð, hvað vakir fyrir hæstv. fjrh. með þessu. Þegar slíkt bákn er yfir bankanum, 5 manna bankaráð og 2 bankastjórar, auk aðalbankastjóra, með tilskildu bókhaldi, skriffinsku og eftirliti, þá má fyrst búast við, að færi að bera á ágreiningi um mál bankans við ýms tækifæri, og þá færi heldur en ekki að dreifast ábyrgðin frá því, sem nú er, og vandalaust að skjóta sjer undan henni fyrir hvern einstakan.

Eins og nú er á fje opinberra sjóða að ávaxtast í Landsbankanum, þar sem því verður viðkomið. En eftir frv. er ekki ætlast til þess. Það má auðvitað ávaxtast þar eins og í hverjum öðrum banka, en það er ekki nein skylda. Við þetta atriði er tvent að athuga. Annað er það, að hætt er við, að hæstv. stjórn mundi hyllast svo til, að opinbert fje, sem nú er ávaxtað þar, yrði flutt þaðan og yfir í aðra peningastofnun, t. d. Íslandsbanka. Gæti það haft stórkostleg áhrif, ef svo óskynsamlega væri farið að, og er ekki enn sjeð fyrir afleiðingarnar af slíku ráðlagi. Í öðru lagi mundu menn álykta og álíta svo, að ekki sje bankinn sjerlega tryggur, úr því að hæstv. stjórn ber það fram og háttv. Alþingi samþykkir — en það vona jeg, að komi ekki til —, að Landsbankinn, sem þó er eign ríkisins, skuli ekki hafa í sinni vörslu fje opinberra sjóða.

Í sömu átt gengur það, að fram skuli fara sjerstök úttekt á bankanum. Það lítur ógn sakleysislega út eins og það er í upphafi í frv. En þó var feld í hv. Ed. till. um, að sú úttekt færi fram á venjulegan hátt, þannig að eftirlitsmaður banka og sparisjóða framkvæmdi hana. Það virðist benda á, að skipa eigi sjerstaka rannsóknarnefnd í því skyni. Sú rannsókn gæti valdið ekki lítilli tortrygni í garð bankans. Fleira virðist og benda á, að til sjeu þeir menn, sem er það ekki fjarri skapi að gera Landsbankann tortryggilegan. Í aðalmálgagni hæstv. stjórnar, Morgunblaðinu, birtist t. d. nýlega grein, sem gekk út á það að veikja trú manna á bankanum, með því að hamra á þeirri skoðun, að landið beri ekki ábyrgð á honum.

Þá er það ákvæði aftast í frv., að skylda bankann til þess að endurkaupa viðskiftavíxla af Íslandsbanka. Við því er auðvitað ekkert að segja, að ætlast sje til, að Landsbankinn kaupi víxla af öðrum bönkum, og þá vitanlega ekki síður af Íslandsbanka, að öðru jöfnu. En slík skilyrðislaus skylda að kaupa fyrir vissa upphæð víxla af ákveðnum banka, án þess neitað verði, hvernig sem á stendur, virðist ekki vera til þess að styrkja aðstöðu Landsbankans gagnvart þeim banka

Enn eru tvö atriði, sem jeg þarf að minnast á.

Hæstv. forsrh. lagði mikla áherslu á það, að bankastjórar mættu ekki vera alþingismenn, og það var ekki fyr en úrskurður kom um það frá hæstv. forseta Ed. (HSteins), að þetta ákvæði væri á móti stjórnarskrá landsins, að hæstv. ráðh. ljet af þrákelkni sinni. En nú kemur þetta ákvæði afturgengið fyrir tilstilli stuðningsmanna hæstv. stjórnar í Ed., og er svipurinn enn vel þekkjanlegur, en hljóðar nú svo, að alþingismenn megi ekki vera bankastjórar. Sjá allir, hver munurinn er; það er sætaskifti á orðum, en eðlismunur enginn.

Mjer finst það hart, ef Alþingi færi nú að samþykkja, að nokkrir af samþingismönnum vorum megi ekki hafa á hendi embætti eða önnur störf fyrir þjóðina auk þingmensku. Það er bæði á móti anda og orðahljóðan 44. gr. stjórnarskrárinnar. Og kunnugt er, að þetta er gert fyrir harðfylgi hæstv. forsrh., til þess að bola frá þingsetu

ákveðnum manni, sem er eindreginn andstæðingur hæstv. stjórnar, en er jafnframt bankastjóri við Íslandsbanka. Er þessi vansi enn óvirðulegri fyrir þær sakir.

Þá vildi jeg minnast á síðasta atriðið, þar sem ætlast er til með frv., að kosning í bankaráðið skuli fara fram á þessu þingi. Nú standa kosningar fyrir dyrum og það er víst, að flokkur núverandi stjórnar verður í minni hluta eftir kosningarnar og að bráðabirgðastjórnin, sem nú situr, verður þá að fara frá. — Er þetta því hálfgert gerræði, að ætlast til þess, að þetta þing, sem vitað er, að er í ósamræmi við vilja þjóðarinnar, skipi nú bankaráð, sem á að vera fulltrúi þjóðarinnar við bankann.

Að endingu vil jeg draga það saman, sem jeg nú hefi sagt um frv. Þær breytingar, sem hæstv. stjórn hefir lagt mesta áherslu á í hv. Ed., ganga í þá átt að rýra álit Landsbankans út á við og gera honum óhægra um að vera aðalfjárstofnun landsins, draga sem mest úr áhrifum hans á stjórn peningamálanna, og þá jafnframt gera einkabönkum sem auðveldast að leika lausum hala.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki breytt þeirri skoðun minni í þessu máli frá síðasta þingi, að rjettast væri að setja á stofn sjerstakan seðlabanka. En jeg býst ekki við, að við, sem vorum því fylgjandi þá, tökum nú það ráð upp að koma með sjerstakt frv. í þá átt, því að það virðist tilgangslaust, þar sem mál þetta er nú búið að ganga gegnum hv. Ed. og var afgreitt þaðan með miklum meiri hl. atkv., og gegnum þessa hv. deild fór það í fyrra, sömuleiðis með fylgi flestra deildarmanna.

Hvað efni málsins snertir, hefi jeg ekki mikið um það að segja nú. En jeg verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. forsrh. (JÞ) skuli hafa viljað tefla þessu máli, sem jeg veit, að hann leggur áherslu á, í þá tvísýnu, að því verði vísað frá, þar sem það kemur fram í því formi, að vafi getur leikið á, að heimilt sje að taka það til meðferðar. Þannig er nefnilega ástatt um frv. þetta, að í 42. gr. þess er svo ákveðið, að alþingismenn megi ekki vera bankastjórar.

Í frv. eins og það var lagt fyrir þingið var ákvæði þetta orðað svo, „að bankastjórar mættu ekki vera alþingismenn". En það hefir vitanlega alveg sömu merkingu, þó að setningunni sje snúið við.

Nú er það öllum vitanlegt, að í 30. gr. stjórnarskrárinnar er svo ákveðið, að allir þeir, sem kosningarrjett eiga til Alþingis, sjeu og kjörgengir. Þó með þeirri undantekningu, að dómarar, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru ekki kjörgengir. Það er því augljóst, að ekki er hægt að svifta bankastjórana kjörgengi með ákvæði í einföldum lögum. Nú er svo ákveðið í 27. gr. þingskapanna, að hvert það lagafrv., sem feli í sjer till. um breytingu á stjórnarskránni, skuli í fyrirsögninni nefnt frv. til stjórnskipunarlaga. Að öðrum kosti ber forseta að vísa því frá. Það var nú þegar augljóst, að frv. þetta bar ekkert slíkt með sjer í fyrirsögninni, og finst mjer því harla undarlegt hjá hæstv. forsh., að hafa frv.

þetta þannig orðað, að til mála geti komið að vísa því frá.

Hæstv. ráðherra vill nú kannske skjóta sjer undir það, að frv. þetta hafi verið til meðferðar hjer í fyrra, og þá hafi engin aths. verið við það gerð hvað þetta snerti. Mjer til afsökunar skal jeg taka það fram, að þar sem jeg var á móti öllu málinu í heild, þá athugaði jeg ekki svo nákvæmlega hverja einstaka grein, að mjer gæti ekki skotist yfir sjerstök atriði; auk þess gafst mjer ekki tími til að koma fram með brtt.

Jeg verð að taka undir það með hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að þessi breyting, sem gerð hefir verið á 42. gr. frv., að setja „alþingismenn mega ekki vera bankastjórar" í staðinn fyrir „bankastjórar mega ekki vera alþingismenn", bjargar þessu máli á engan hátt, því að það er augljóst, að með sama hætti mætti svifta alla starfsmenn ríkisins kjörgengi, með því að setja slíkt ákvæði inn í launalögin. Hvers vegna var þetta ekki gert með dómarana, að svifta þá kjörgengi með einföldum lögum? Vitanlega af því, að ekki hefir annað þótt fært en að hafa ákvæði í stjórnarskránni um það, hverjir ekki væru kjörgengir. Þetta ákvæði um dómarana í stjórnarskránni tekur því af allan vafa um það, að hægt sje að svifta menn kjörgengi með ákvæðum í einföldum lögum. Breyting þessi, að „alþingismenn megi ekki vera bankastjórar", er alveg þýðingarlaus. Hún felur í sjer hið sama og fyrra ákvæði þessarar greinar, að bankastjórar verði að segja af sjer starfi sínu, ef þeir vilja verða alþingismenn, alveg eins og dómarar verða að gera, vilji þeir verða alþingismenn. Það liggur því í hlutarins eðli, að þetta kemur í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Leyfi jeg mjer því að skjóta því til hæstv. forseta að taka 27. gr. þingskapanna til athugunar í sambandi við þetta atriði.

Þá er annað atriði, sem jeg finn ástæðu til að fara um nokkrum orðum. Það er sú breyting, sem gerð var á frv. í Ed., eftir till. hæstv. forsrh. (JÞ), þar sem svo er ákveðið, að ríkissjóður beri ekki ótakmarkaða ábyrgð á bankanum. Jeg vil nú alls ekki áfellast hæstv. ráðh., þó að hann vilji takmarka þessa ábyrgð, og jeg tel það ekki varða eins miklu eins og þeir tveir hv. þm., sem töluðu síðast, ljetu í ljós. En að hjer sje ekki breytt frá því, sem áður var, nær engri átt. Um þetta atriði hafa skoðanir þingsins að undanförnu verið mjög á reiki, en þó bendir öll framkoma þess í þá átt, að það telji ríkissjóð bera ábyrgð á bankanum. Má því til sönnunar benda á till., sem jeg bar fram á þinginu 1923 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir bankann. Var henni vísað frá með þeim forsendum, að ríkisstjórnin hefði ótakmarkaða heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir bankann. En þessa heimild gat stjórnin ekki haft nema í stofnlögum bankans frá 1885, ekki þó fyrir neitt sjerstakt ákvæði laganna, heldur af þeirri ástæðu, að Landsbankinn sje ríkisstofnun, sem ríkissjóður á að bera ótakmarkaða ábyrgð á. Í lögunum er sem sje ekkert ákvæði, er takmarki ábyrgð ríkissjóðs. Það er aðeins ákveðið, hve mikið rekstrarfje bankanum skuli lagt, en eins og allir vita, er hægt að stofna fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð, enda þótt stofn-

fje og rekstrarfje sje takmarkað. Ef ábyrgð ríkissjóðs hefði verið takmörkuð með bankalögunum 1885, þá hefði ríkisstjórnin aldrei mátt ganga í ábyrgð fyrir bankann umfram það, nema hún fengi til þess sjerstaka heimild í hvert skifti.

Það er rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að það gildir hið sama um afstöðu ríkissjóðs til Landsbankans eins og afstöðu hans til landsverslunarinnar. Ríkissjóður hlýtur að bera fulla ábyrgð á báðum stofnununum. Þetta hafa þeir einmitt sjeð, sem andvígastir hafa verið landsverslun, því að þeir hafa haldið því fram, að ríkissjóði væri stofnað í hættu með landsverslun.

Sem sagt, ríkissjóður hefir stofnað Landsbankann án þess að takmarka sína ábyrgð, og eins og einstakir menn bera fulla ábyrgð á fyrirtækjum sínum, ef þeir takmarka hana ekki beinlínis, eins hlýtur að vera um ríkissjóð gagnvart Landsbankanum. Og það er einmitt sterk sönnun fyrir því, að þessu sje þannig farið, að ríkisstjórn hefir gengið í ábyrgð fyrir lánum bankans.

Jeg skal ekkert um það segja, hve hættulegt það kunni að vera fyrir Landsbankann, að ábyrgð ríkissjóðs sje takmörkuð. En jeg er ekki eins myrkfælinn við það eins og hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Eins og stendur er fjárhagsástandið erfitt, og telja þessir hv. þm., að það geti verið hættulegt þess vegna að takmarka ábyrgðina nú. En með því fje, sem nú á að leggja Landsbankanum, finst mjer, að bankastofnunin hljóti að njóta mikils trausts í samanburði við aðrar stofnanir og kjör þjóðarinnar í heild sinni. Þetta atriði kemur að vísu til rækilegri athugunar á öðru stigi málsins, og er því óþarfi að fara frekar út í það að sinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara ítarlega út í það, að hve miklu leyti ríkissjóður hefir borið ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans að undanförnu. En vegna þess, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) komu inn á þetta atriði, þá skal jeg gera grein fyrir skoðun þeirra lögfræðinga, sem jeg hefi borið mig saman við um þetta mál og eru ekki ómerkari heldur en sá prófessor, sem um málið hefir skrifað. Þessir lögfræðingar segja, að samkvæmt l. 1885 sje Landsbankinn sjálfstæð stofnun, sem fær lítið fjárframlag úr ríkissjóði, mig minnir 10 þús. kr., í eitt skifti fyrir öll, og svo lán, sem greitt er með seðlum, ½ miljón króna. Svo eru í lögunum sett þau ákvæði, að ef stofnunin verður gerð upp, þá hafi kröfur allra innstæðueigenda forgangsrjett og ríkissjóður fær ekki seðlaskuldina greidda nema afgangur verði, þá er allar aðrar skuldir eru greiddar. Þessir lögfræðingar halda því svo fram, að lögin beri það með sjer, að ákvæði þeirra um viðskifti bankans við ríkissjóðinn eigi að vera tæmandi, og því sje ríkissjóður ekki frekar ábyrgur fyrir bankann samkvæmt þeim lögum en þau sjálf tilgreina beinlínis og jeg hefi skýrt frá.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta atriði málsins. En að því leyti, sem vísað hefir verið í skoðanir fyrverandi stjórna og núverandi stjórn-

ar, að þær hefðu talið sjer heimilt að ganga í ábyrgð fyrir rekstrarlánum Landsbankans, þá vil jeg segja það, að mjer sýnist ekki rjett að bera þá skoðun fram sem röksemd fyrir því, að ríkissjóður sje ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum Landsbankans. Það er hreinasta fjarstæða. Stjórnin hefir aðeins viðurkent, að þörf hafi verið á því, að ríkisvaldið gengi í ábyrgð fyrir tilteknum lánum bankans, en hún hefir talið það spursmál, hvort hún þyrfti að leita lagaheimildar til þess í hvert sinn.

Því hefir nú verið haldið fram, að ríkissjóður sje ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum Landsbankans, bæði þeim, sem hann hefir tekið ábyrgð á, og hinum, er hann hefir ekki ábyrgst. Þetta er þveröfugt við það, sem á sjer stað annarsstaðar innan þjóðfjelagsins. Hv. 1. þm. Reykv. er t. d. ekki í ábyrgð fyrir skuldbindingum háttv. 4. þm. Reykv., en hann hefir heimild til þess að taka á sig slíka ábyrgð með sjerstökum gerningi, ef hann vill. Stjórnin hefir álitið, að þessi væri afstaða ríkissjóðs til Landsbankans, og á þennan skilning hefir hv. Ed. fallist, því að í 1. gr. frv., eins og það kemur frá henni, segir svo í 3. málslið:

„Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum".

Með þessu er það skýrt tekið fram, að ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans, en getur með lagaheimild gengið í ábyrgð fyrir skuldbindingum hans, eða sjerstökum flokkum skuldbindinga.

Hv. 4. þm. Reykv. tók landsverslun sem hliðstætt dæmi við Landsbankann, en það er ekki rjett, því að um hana er engin hliðstæð löggjöf við Landsbankalögin, og alls ekki tæmandi um, hver sje afstaða ríkisvaldsins til landsverslunar.

Jeg er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að lagasetning sem þessi getur ekki orðið til þess að rýra traust bankastofnunarinnar út á við. En ef menn halda það, þá getur það ekki stafað af öðru en því, að bankanum sje ekki lagt til nægilega mikið stofnfje. En jeg hygg, að honum sje ætlað sæmilega mikið stofnfje í samanburði við veltuna og þegar allar kringumstæður eru teknar til greina. Jeg ætla, að 5 milj. kr. stofnfje gefi bankanum það traust, sem þörf er á. Jeg skil það ósköp vel, að hv. 4. þm. Reykv. vill endilega, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans, því að með því sjer hann opna leið til þess, að öll peningamálastarfsemi í landinu sogist í hendur ríkisins. Þetta er alveg í samræmi við stefnu hans flokks. Það er augljóst, að ef einn sparisjóður, svo sem sparisjóður Landsbankans, hefir ríkisábyrgð á bak við sig, þá fer svo, hvenær sem erfiðir tímar koma, að þá leitar innstæðufje frá öðrum stofnunum til þessarar einu, sem ríkissjóður er skjólgarður fyrir. Þetta lamar allar aðrir peningastofnanir og getur ekki leitt til annars en þess, að Landsbankinn með útibúum sínum verði eina peningastofnunin, er fær fje til ávöxtunar. En það hygg jeg, að enginn vilji nema jafnaðarmenn, að draga alla áhættu peningaverslunarinnar yfir á ríkið. Og þeir, sem ekki vilja stíga

það stóra spor, mega ekki draga merg úr þeim sparisjóðum, sem nú eru að rísa upp og reyna að verða lyftistöng framfara, hver í sínu hjeraði, því til þess að þeir geti náð þeim tilgangi sínum, verða þeir að njóta jafnrjettis við aðrar peningastofnanir.

Vegna þess að þetta er 1. umr. um málið, skal jeg ekki fara neitt út í einstök atriði, svo sem um vörslu opinbers fjár í Landsbankanum, víxlakaup hans o. s. frv., en minnast lítið eitt á þær aths., er hv. 1. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. gerðu út af því, að sami maður gæti ekki verið í senn bankastjóri og alþingismaður. Hv. 1. þm. Reykv. komst svo að orði, að það væri óvarkárlegt af mjer að halda fast við þetta ákvæði, því að það væri til þess að tefla málinu í tvísýnu og hætta á, að því yrði vísað frá samkv. þingsköpum. Þetta ákvæði stóð í frv. milliþinganefndarinnar upphaflega, en það stóð ekki í frv. þeim, sem stjórnin lagði fyrir þingið 1924 og 1925. Milliþinganefndin tók það upp hjá sjer að bæta þessu ákvæði inn í frv., og það gekk í gegnum allar 3 umr. í þessari hv. deild í fyrra. Þessi grein, sem ákvæðið er í, var borin sjerstaklega undir atkv., eins og aðrar greinir frv., og þá kom hvorki forseti nje þdm. auga á, að ákvæði hennar færi í bág við stjórnarskrána. Jeg held líka, að þau ummæli, sem fallið hafa um þetta atriði utan þings og innan, að 42. gr. frv. komi í bág við stjórnarskrána, sjeu sprottin af því, að í stjfrv. er tekið upp ákvæði, sem stjórninni þótti sjálfsagt og eðlilegt, að hið sama skuli ganga yfir hina stjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka eins og Landsbankastjórana. Jeg hygg, að það sjeu niðurlagsákvæði 64. gr. frv., sem hafa komið öllum þessum umræðum á stað. Það er ekki nema eðlilegt, að jeg haldi fast við 42. gr. frv., því að engar brtt. komu fram við hana í hv. Ed., nema brtt. mín á orðalagi hennar, sem var gerð til þess að sýna það ljóslega, að það var ekki meiningin að taka kjörgengi af neinum, heldur að takmarka hóp þeirra manna, sem geta orðið bankastjórar, eins og meining milliþinganefndarinnar var. Greinin er alveg óbreytt að efni eins og hún var í frv., sem stjórnin lagði fyrir þingið, og eins og milliþinganefndin vildi hafa hana. Mig þarf því ekki að saka um það, þótt jeg haldi fast við hana, þar sem jeg hefi ekki haft ástæðu til að taka afstöðu til neinnar brtt. við hana.

Það getur að vísu verið álitamál, hvort rjett sje að aðskilja þingstörf og bankastjórastörf, þótt það sje álit milliþinganefndarinnar og jafnvel núverandi Landsbankastjórnar, sem hefir gert þær kröfur til útibússtjóra sinna, að þeir hjeldu ekki áfram þingsetu fram yfir kosningar. Og það er margt, sem mælir með því að aðskilja þessi störf, en jeg þarf ekki að taka það upp hjer. Það má líka hafa það í móti þessu ákvæði, að ekki sje úr jafnmörgum hæfum mönnum að velja í bankastjórastöðu, ef ekki má grípa til alþingismanna. En eigi að setja þetta skilyrði um Landsbankastjóra, þá hlýtur það ákvæði líka að eiga að ná til hinna stjórnkosnu bankastjóra Íslandsbanka samkvæmt afstöðu ríkisvaldsins til hvors bankans.

Klemens Jónsson: Mjer heyrðist á hv. 1. þm. Reykv., að hann vildi vje-

fengja það, að frv. þetta væri löglega fram borið og að málið kæmi í bág við 30. gr. stjórnarskrárinnar, og ætti því að vísa því frá samkv. 27. gr. þingskapanna. Og hann skaut því til forseta að gefa úrskurð um þetta við 2. umr.

Jeg tel víst, að fjhn. fái mál þetta til athugunar, en hún á nú mörg mál óafgreidd, því að hún hefir ekki getað haldið nema einn fund nú í hálfan mánuð. En ef svo skyldi fara, að forseti úrskurðaði við 2. umr., að málið væri ólöglega upp borið, þá er óforsvaranlegt að láta fjhn. leggja mikla vinnu í málið áður, þar sem hún hefir nóg önnur verkefni. Jeg vil því fara þess á leit við hæstv. forseta, fyrir hönd nefndarinnar, að hann kveði *nú þegar* upp úrskurð um það, hvort málið er löglega fram borið eða ekki.

Tryggvi Þórhallsson: Þetta mál er nú komið inn í annan farveg heldur en jeg hafði gert ráð fyrir, þar sem þegar er komin fram ósk um það, að því sje vísað frá. Jeg verð að taka undir það með hv. 1. þm. Rang. (Kl-J), að ef það á að vísa málinu frá, þá sje það gert þegar, svo að menn sjeu ekki að ræða það að þarflausu eða setja það í nefnd. Það eru þegar komnar fram ákveðnar áskoranir til forseta um að lúka þingstörfum fyrir vissan tíma, og við höfum enn svo mörg mál til umræðu, að við megum ekki tefja okkur á því að vera að ræða þau mál, sem annaðhvort eru dauðadæmd eða á að vísa frá. Það má að vísu vera, að hæstv. forseti sje ekki við því búinn að gefa úrskurð nú þegar, en það ætti ekki að þurfa að standa lengi á þeim úrskurði.

Jeg vil árjetta ásökun mína á hendur hæstv. stjórn fyrir það, hvernig hún hefir komið fram í málinu í hv. Ed., og fyrir það, hverja afstöðu hún hefir til Landsbankans. Jeg býst við því, eftir þeim röddum, sem jeg hefi heyrt hjer á Alþingi, að fáir vilji koma fram fyrir þjóðina með annað eins vantraust á Landsbankann eins og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir gert. Hann sagði, hæstv. fjrh., að jeg hefði kveðið upp dóm í málinu án þess að kynna mjer málavöxtu. Það hefi jeg ekki gert. Jeg fylgdist vel með því, sem gerðist í málinu í hv. Ed. — jeg taldi það sjerstaka skyldu mína —, og minn dóm byggi jeg á því.

Til stuðnings því, að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans, vildi hæstv. fjrh. vísa til þeirrar heimildar, sem gefin var hjer á þinginu í vetur um að ganga í ábyrgð fyrir stórláni handa bankanum. Það er undarlegt, að hæstv. fjrh. skuli bera þetta fram, því að það er kunnugt, að hann ætlaði að láta ríkið taka á sig þessa ábyrgð án þess að spyrja þingið að, og taldi sig hafa heimild til þess. En það var aðeins vegna þess, að útlendingarnir, sem áttu í hlut, vildu ekki taka ábyrgð hæstv. ráðherra gilda, að leitað var til þingsins og fengin sjerstök heimild hjá því. Þarna var líka að ræða um alveg sjerstakt lán, og jeg get lýst yfir því fyrir mitt leyti, að jeg vil ekki, að stjórnin hafi ótakmarkaða heimild til þess að ábyrgjast fyrir bankann hvaða lán sem er, heldur að Alþingi hafi þar jafnan hönd í bagga. En að ríkissjóður eigi að standa við allar skuldbindingar, sem gerðar eru í ríkisins nafni, getur ekki orkað tvímælis,

Hæstv. fjrh. sagði, að ríkissjóður gæti ekki grætt neitt á bankanum, og þess vegna ætti hann ekki að bera ábyrgð á skuldbindingum hans. Í 24. gr. frv. er þó svo fyrir mælt, að ríkissjóður fái 6% af stofnfjenu. Tekjuafgangur bankans rennur í varasjóð, en þegar hann hefir náð ákveðinni upphæð, þá skiftist arður bankans þannig, að ríkissjóður fær ¾ hluta, en seðlabankinn ¼. Með þessu skilst mjer, að ríkissjóður geti grætt á bankanum. En ef horfið yrði nú að því ráði að láta ríkissjóð hætta að reka bankann og hann yrði gerður upp — hver mundi þá eiga það, sem bankinn hefði umfram skuldir? Getur nokkrum blandast hugur um, að það sje ríkiseign? Það er einmitt vegna þess, að það er ljóst af lögunum, að ríkissjóður tekur hagnaðinn af rekstri bankans, að þá á ríkið að bera ábyrgð á honum.

Jeg verð að telja það beinlínis ósiðferðilegt, ef ríkið tekur hagnaðinn, en vill ekki taka afleiðingunum af rekstri bankans.

Hæstv. ráðh. hefir ekki reynt að vjefengja það, að það, að koma því ákvæði inn í bankalöggjöfina, að ríkið beri ekki ábyrgð á Landsbankanum, það hlýtur að veikja traust bankans út á við.

Viðvíkjandi rannsókninni á bankanum vildi hæstv. ráðh. draga úr því, að hún hefði ill áhrif á bankann. — Hann mintist á rannsóknina, sem fór fram á Landsbankanum 1909, og jeg efast ekki um, að hún var gerð í góðum tilgangi, en hún hafði mjög ill áhrif á traust bankans. En einmitt það, að þessi rannsókn er sett við hlið rannsóknarinnar 1909, og svo hitt, að hæstv. ráðh. gekk í samband við hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem öll þjóðin veit, hvern hug hefir til Landsbankans, það sýnir best, hvers eðlis sú rannsókn, sem nú átti fram að fara, átti að vera. Jeg vil segja það þeim flokksmönnum hæstv. ráðh. í Ed., sem voru á móti þessu, til hróss, að þeir sáu, hvað var í húfi. Þeir sýndu, að þeir skildu það.

Það er því einkennilegra, að hæstv. ráðh. skuli nú fylgja fram þessari rannsókn, þegar það er vitað, að hann lagðist á móti því, að fram færi rannsókn á hag Íslandsbanka hjer um árið, þegar ríkið átti að taka á sig stórar fjárhagslegar skuldbindingar hans vegna.

Og eins og till. er flutt af háttv. 1. þm. G.-K. (BK), sem allir vita, að tortryggir Landsbankann, er það firra að ætla að halda því fram, að ekki komi fram andúð gagnvart bankanum í þeirri till.

Nei, sá góði tilgangur er líklega álíka góður og sá, sem kemur fram í till. hans gagnvart samvinnufjelögum landsins. Það vita allir, hvernig samvinnufjelögin líta á viðleitni hans til að vinna þeim mein, og eins hygg jeg, að Landsbankinn líti á þetta.

Þessi mótmæli vildi jeg koma fram með áður en málinu yrði vísað frá. Jeg gat fullkomlega óttast, að svo færi enn; það hefir áður komið fyrir hæstv. stjórn að koma fram með mál, sem hafa falið í sjer stjórnarskrárbrot, sem orðið hefir að vísa frá, og það gat eins komið fyrir nú.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal aðeins kvitta með örfáum orðum fyrir síðustu ummæli hv. þm. Str. (TrÞ). Annars sagði hann ekki

neitt í þessari síðustu ræðu sinni, sem hann hafði ekki sagt áður.

Það er náttúrlega fjarstæða, að það sje nokkurt vantraust á Landsbankanum, þó að menn vilji koma á fót seðlabanka, sem sje í samræmi við þá reglu, sem í langflestum ríkjum Norðurálfunnar er fylgt um seðlabanka. Það er að segja, að hann sje sjálfstæð stofnun, sem hafi sitt stofnfje frá ríkinu og ekki annað. Þó að til sjeu undantekningar, þá er þetta þó tilhögunin í langflestum ríkjum Norðurálfunnar.

Jeg hefi gert grein fyrir því áður, að það er munur á því, hvort ríkisvaldið fær heimild til þess að ábyrgjast tilteknar skuldbindingar fyrir bankann, eða hvort ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum hans.

Hv. þm. Str. sagðist fyr á þinginu vilja láta þingið segja til um það, í hvaða ábyrgðir ríkissjóður gangi fyrir Landsbankann. En hvað á slíkt að þýða, ef ríkissjóður er hvort sem er ábyrgur fyrir öllum skuldum bankans? Bankastjórnin getur þá ein skuldbundið ríkissjóðinn, því að það stendur í lögunum frá 1885, og hefir staðið í öllum þeim frv., sem hafa komið fyrir þingið, að bankastjórnin hefir fult vald til þess að taka lán fyrir hönd bankans. Í þessu er því alger mótsögn, að vilja fyrst heimila bankastjórninni ótakmarkað vald til lántöku á þeim grundvelli, að ríkið beri ábyrgð á öllu, en vilja þó láta þingið segja sinn vilja í lagaformi í hvert skifti.

Hv. þm. (TrÞ) var að tala um það, að bankastjórnin gerði ráðstafanir í bankanum í ríkisins nafni. Slíkt hefi jeg nú aldrei heyrt, og það er ekkert í frv., sem gefur bankastjórninni tilefni til að koma fram í nafni ríkisins, heldur í nafni Landsbankans.

Þá reyndi hv. þm. að vjefengja það, að ríkissjóði væri ekki ætlað að græða á bankanum. Hann virtist þó fallast á það með sparisjóðsdeildina, enda ríkissjóði ekki ætlað að leggja honum til meiri tryggingu en hann hefir þegar gert. Hvað snertir seðlabankann, þá er það svo, að þegar varasjóður er kominn yfir 4 miljónir, fær ríkissjóður $^3/_4$, en varasjóður $^1/_4$ af því, sem fram yfir verður. En þetta er ekki meira en uppbót fyrir áhættu ríkissjóðs og vaxtatap af stofnfje því, sem hann á að leggja bankanum til. Það getur farið svo í mörg ár, að ríkissjóður fái ekki neitt, og það er svo fyrir sjeð, að hann fær aldrei meira en 6%, meðan varasjóðurinn ekki er orðinn 4 milj. kr. Þegar þessi ákvæði eru tekin í samhengi, er ekki hægt að tala um, að verið sje að stofna til gróða fyrir ríkið. Ætti jeg sem fjrh. að velja um, mundi jeg hiklaust kjósa það fremur, að ríkissjóði væru trygðir bara vextirnir.

Jeg er þess vegna algerlega á gagnstæðri skoðun við hv. þm. Str. um það, hvort hjer sje um gróðafyrirtæki að ræða fyrir ríkið.

Um úttektina á bankanum skal jeg fyrst geta þess, að jeg setti hana alls ekki í samband við rannsóknina 1909. En jeg hefi um þetta bent á eitt fordæmi, sem er hliðstætt, og það var það mat, sem fór fram á Íslandsbanka samkv. l. frá 1921, áður en ríkissjóður legði fje í bankann. Þá var stjórninni heimilað að leggja hlutafje í

bankann eða veita honum lán. Það var því alveg sjálfsagt, að mat færi fram, áður en það gæti orðið, á hag bankans. Það hlýtur að vera misminni hjá háttv. þm. Str., að jeg eða mínir flokksmenn hafi verið á móti því, að þetta mat færi fram. Það var samþykt alveg mótmælalaust á þinginu 1921.

En það kom upp úr þurru síðar, að það átti að fara að setja nýja rannsókn á hag Íslandsbanka, og því var jeg mótfallinn, af því að ekkert tilefni var til slíkrar rannsóknar þá, og hún hefði því aðeins orðið til að vekja tortrygni á bankanum.

Má vera, að hv. þm. eigi við þetta, en þá var engin ástæða til rannsóknar, eins og jeg hefi sýnt fram á, en nú er ástæða til þess að því er Landsbankann snertir. Nú verður að meta hag Landsbankans, til þess að hægt sje að sjá, hvort hann getur byrjað með óskertu stofnfje.

Alt ódæðið í till. var það, að í staðinn fyrir að stjórnin átti, eftir frv., að skipa matsmennina, þá var ætlast til þess í till., að hæstirjettur tilnefndi þá. Jeg get nú ekki sjeð, að það sje neitt ódæði að leggja þetta til, þó að jeg vitanlega geti fallist á það með hv. þm. Str., að núverandi stjórn væri vel trúandi til að velja mennina vel.

Jeg get því ekki fallist á, að hjer sje um neitt ódæði að ræða, og því síður tilræði af hv. 1. þm. G.-K. (BK) gagnvart Landsbankanum. Hitt verður háttv. þm. Str. að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg greiði atkv. eins og hv. 1. þm. G.-K., þegar svo stendur á, að við erum á sama máli um eitthvert atriði.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vænti eins og fleiri hv. þm., sem talað hafa, að hæstv. forseti taki til athugunar ákvæðið um þingsetu bankastjóranna.

Það er alveg greinilegt, að þó að þetta ákvæði hafi nú verið orðað um, þá gildir það sama sem fyr.

Það er líka enginn efi á því, að ákvæði stjórnarskrárinnar hjer að lútandi er gert í þeim tilgangi, að ekki sje hægt að setja embættismönnum stólinn fyrir dyrnar í þessu efni. Þeim er heimilað að sitja á þingi, ef þeir setja annan mann til að gegna stöðu sinni á meðan. En hjer er mönnum hótað með atvinnumissi, ef þeir verða alþingismenn, bæði bankastjórum og bankaráðsmönnum.

Það hefir líka yfirleitt þótt brenna við hjá íhaldsmönnum, að þeir hafa viljað beita pólitískri andstöðu svo, að menn hafa ýmist átt á hættu að missa eða ekki getað fengið stöður, ef þeir voru á öndverðum meiði og stóðu framarlega í stjórnmálum.

Brjef Ólafs prófessors Lárussonar segir það alment viðurkenda rjettarreglu, að hver einstaklingur beri með öllum eignum sínum ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem hann bakar sjer. Þetta gildir auðvitað jafnt um einstaklinga og ríki.

Nú virðist það svo, sem það sje skoðun hæstv. forsrh., að þegar búið sje að búa um Landsbankann með frv. þessu, þá sje hann ekki lengur ríkisstofnun; ríkið eigi þá ekki lengur bankann nje eignaaukningu hans.

En mjer er spurn, — ef ríkið á ekki Landsbankann, hver á hann þá?

Hæstv. ráðh. vildi líta svo á, að ef

Landsbankinn fengi 5 milj. kr. stofnfje, þá væri ekki ástæða til að óttast um gjaldþol hans, hvorki fyrir innlendum eða erlendum skuldheimtumönnum eða innstæðueigendum. En nú er það vitanlegt, að Íslandsbanki hefir haft 4½ milj. kr. hlutafje, meðan peningarnir voru meira virði en þeir eru nú, — og hvernig hefir farið með traust manna á honum? Íslandsbanki hefir stórtapað, og síðastliðið ár mun hafa verið tekið úr honum um 6 milj. kr. af innstæðufje. Það sýnir best traust manna á bankanum, að innstæðueigendur hafa farið þaðan með sparifje sitt.

En úr því að svona fór með Íslandsbanka, væri þá ekki ástæða til, að eins gæti farið með Landsbankann, ef ríkissjóðsábyrgðin, sem allur almenningur ber traust til, hyrfi? Það er því miður ekki víst, að Landsbankanum verði altaf svo vel stjórnað, að ekki geti óhöpp komið fyrir.

Það er alls ekki sambærilegt, hvað erlendir seðlabankar eru miklu sterkari og sjálfstæðari stofnanir en Landsbankinn, og það er óhugsandi, að þetta yrði ekki til þess að rýra stórum traust manna á gjaldþoli bankans.

Það kom mjög greinilega fram í ræðu hæstv. forsrh., til hvers refirnir eru skornir. Hann sagði beinlínis, að ef ríkissjóðsábyrgð stæði á bak við bankann, þá mundi sparifje landsmanna sogast þangað og hann yrði aðalpeningastofnunin í landinu. Menn skyldu nú halda, að þegar verið er að ganga frá aðalbanka landsins, þá sje reynt að styrkja hann sem mest, en ekki hitt, að veikja aðstöðu hans með því að búa svo um, að aðrir bankar geti náð af honum miklu af því innstæðufje, sem hann hefir nú. En einmitt þetta er tilgangurinn hjá hæstv. ráðh. Það er ekki hægt að segja, að slík ráðstöfun sje til að styrkja Landsbankann.

Annað atriði vildi hæstv. ráðh. ekki tala um, og það er vöxtun opinbers fjár. Ef það er lagt á vöxtu í Landsbankanum, þá getur það munað bankann miklu, því að hjer er um mikið fjármagn að ræða, sem verður veltufje bankans. Það er því mikils um vert fyrir Landsbankann, að fastákveðið sje, að opinbert fje skuli ávaxtast í honum. Innstæðufje hins opinbera gæti horfið úr Landsbankanum, ef aðrir bankar gætu kept við hann með hærri vöxtum, og hann yrði þá að ná því fje aftur með því að hækka sína innlánsvexti.

Jakob Möller: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja.

Hæstv. forsrh. (JÞ) heldur því fram enn sem fyr, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans.

Um þetta vísaði hann til lögfræðinga jafnfærra þeim prófessor, sem látið hefir uppi álit sitt um þetta efni. Ennfremur vísaði hann til laganna frá 1885, og hafði það eftir lögfræðingi, að þau lög yrðu að skoðast tæmandi um þetta efni. Það út af fyrir sig er auðvitað ekki annað en staðhæfing, sem ekkert gildi hefir.

Ef hæstv. ráðh. vill athuga þessi lög, þá vil jeg benda honum á 32. gr. Hún er á þessa leið:

„Ef svo skyldi fara, að bankinn yrði lagður niður, eða framkvæmdir bankans hætti að fullu, skal fyrst greiða öllum lánsölum bankans allar

skuldakröfur þeirra, að undanskildum landssjóði sem lánssala að seðlaupphæð þeirri, er hann hefir lánað bankanum. Þær eignir, sem þá eru eftir, renna í landssjóð og leysir hann síðan til sín hina útgefnu seðla með fullu ákvæðisverði".

Jeg sje ekki annað en að þessi grein geti talist tæmandi í hina áttina, um ábyrgð ríkissjóðs á bankanum; segir greinin ákveðið, að ef bankinn legst niður, þá skuli greiða allar skuldakröfur án tillits til þess, hvort eignirnar hrökkva fyrir þeim, og virðist það tæmandi í þá átt, að ríkið beri fulla ábyrgð á bankanum.

Út af hinu atriðinu, sem jeg talaði um, ákvæðum 42. gr., sem svifta bankastjórana rjetti til þess að vera alþingismenn, eða alþingismenn rjetti til þess að vera bankastjórar, þá skildist mjer hæstv. forsrh. (JÞ) gera mikið úr því, að deilan um þetta væri ekki sprottin vegna þess að Landsbankastjórunum bæri bönnuð þingseta, heldur vegna hins, að bankastjórar Íslandsbanka væru teknir með. Það er nú eðlilegt, að það vekti athygli, er þeir voru teknir með, af því að sá eini bankastjóri, sem setið hefir á þingi, einmitt er bankastjóri Íslandsbanka og er ákveðinn andstæðingur hæstv. stjórnar. Hinsvegar munu margir hafa litið svo á, sem bankastjórar Landsbankans hirði ekki um að eiga sæti á þingi og þetta ákvæði sje beinlínis komið inn í frv. eftir ósk þeirra. En þetta breytir engu um skoðun manna á því, hvort heimilt sje að hafa ákvæði um þetta í einföldum lögum. Það má færa rök bæði með því og móti, hvort heppilegt sje, að bankastjórar vasist í stjórnmálum. En ef það er álitið rjett að banna þeim þingsetu, þá er önnur leið heppilegri en sú, sem hjer er farin, sem sje að setja ákvæði um þetta inn í stjórnarskrárfrv., sem hjer er borið fram af hæstv. stjórn. Þá tel jeg málið vera formlega fram borið. Jeg ætla mjer ekki að koma fram með brtt. við stjórnarskrána þessa efnis, jeg tel það ekki mitt hlutverk, en það er ómögulegt annað en viðurkenna það, að betur færi á því að hafa ákvæði um þetta í sjálfri stjórnarskránni. Mjer finst, að hæstv. forsrh. (JÞ) gæti vel komið fram með slíka brtt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) spurði, hver jeg áliti, að ætti Landsbankann. Hv. þm. þarf ekki annað en taka frv. og lesa 1. línu 1. gr. til þess að sjá það. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn" o. s. frv. Brtt. sú, sem sett var inn í frv. í hv. Ed., afmarkar þessa eign ríkisins frá öðrum eignum þess og tilefni til hennar var gefið af prófessor Ólafi Lárussyni. Jeg bar brtt. fram til þess að útiloka ágreining um þetta efni, en ekki vegna þess, að jeg álíti skoðun prófessorsins rjetta. Þá þótti mjer leitt að heyra þennan hv. þm. halda því fram sem sinni skoðun, að ríkið mætti hvenær sem er ráðstafa gróða þessarar stofnunar með lögum. Það kann að vera, að þingið hafi að formi til þessa heimild, en þó líklega ekki gagnvart skuldbindingum, sem fallnar eru á bankann; en það verður að

standa fast, að seðlabankinn sje verndaður fyrir tilhneigingu löggjafarvaldsins til þess að rjetta hendina niður í fjehirslu hans og nota fjeð til annars en eigin þarfa bankans. Skoðun hv. 4. þm. Reykv. og mín á markmiði Landsbankans er mismunandi. Hv. þm. vill sem góður jafnaðarmaður, að Landsbankinn sje eina peningastofnun landsins, en jeg og fleiri eru þeirrar skoðunar, að affarasælast sje að stýra seðlabanka okkar inn á sömu braut og gert er hjá þeim þjóðum, sem bankamálin eru lengst á veg komin hjá, sem sje að draga hann sem mest út úr áhættusamri lánsstarfsemi. Starfsemi seðlabankans á að vera fólgin í því, sem felst í 4. gr. frv., að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Því er best, að hann sje laus við að lána til áhættusamra atvinnuvega. Að þessu eigum við að stefna, en ekki að því að láta Landsbankann soga að sjer innlánsfje frá öðrum stofnunum, heldur hafa eðlilega samkepni um það, uns það þykir tímabært að skilja sparisjóðsdeildina frá seðlabankanum.

Hv. 1. þm. Reykv. þarf jeg ekki miklu að svara. Það hefir aldrei verið ágreiningur um það, að sjerstaka ábyrgð þyrfti að láta í tje til þess að ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Landsbankans. Um hitt hefir verið deilt, hvort stjórnin geti veitt ábyrgðina án lagaheimildar, og úr því hefir verið skorið nú á þessu þingi; stjórnin þarf lagaheimild í hvert sinn. Þetta er ósamrýmanlegt því, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans. Hví skyldi þá hverju sinni, er bankinn tekur lán, þurfa að leita til þings og stjórnar um ábyrgð?

Þá spurði þessi háttv. þm., hvers vegna jeg hefði gert till. milliþinganefndarinnar um þingsetu bankastjóranna að minni tillögu. Þegar jeg tók við frv. milliþinganefndarinnar til þess að leggja það fyrir þingið, þá vildi jeg ekki breyta öðru í því en því, sem jeg fann rök fyrir, að breyta þyrfti. Þetta ákvæði taldi jeg heppilegt, og því tók jeg það upp og bar það fram, að því viðbættu, að sama regla skyldi gilda um hina stjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka. Jeg legg ekki svo mikið kapp á þetta, að jeg vilji taka það upp í stjórnarskrána. Jeg álít þetta atriði ekki stærra en svo, að rjett sje, að almenni löggjafinn geti úr því skorið. Jeg mun því ekki bera fram brtt. um þetta við stjórnarskrárfrv. Hv. 4. þm. Reykv. vísaði um þetta til ákvæða 44. gr. stjórnarskrárinnar, um embættismenn. En það kemur auðvitað ekki til mála að líta á bankastjórana sem embættismenn. Landsbankastjórana ræður bankaráð, en ekki stjórnin, og þeir eru ráðnir með uppsagnarfresti. Bankastjórar Íslandsbanka eru framkvæmdarstjórar í hlutafjelagi, en starfa ekki í þjónustu ríkisins. Samherja hv. þm. í Ed., háttv. 5. landsk., datt heldur ekki í hug að halda þessu fram, heldur reyndi hann að heimfæra þetta undir 30. gr. stjórnarskrárinnar, en áleit, sem rjett var, að þetta kæmi ekkert við 44. gr.

Sveinn Ólafsson: Á síðasta þingi fylgdi jeg þessu máli með töluverðum áhuga. Jeg leit svo á, að afgreiðsla þess mætti ekki dragast, og lít reyndar svo á það enn. Nú mundi einnig horfa annan veg við um málið, ef það væri hjer í sama búningi, sem það hafði við afgreiðslu hjeðan úr deildinni á síðasta þingi. Frv. hefir nú tekið miklum breytingum í hv. efri deild og mjer er til efs, að jeg geti fylgt því hjeðan í óbreyttum búningi, þótt jeg sjái, að nauðsynin á því, að það nái fram að ganga, sje ríkari nú en nokkru sinni áður. Jeg þarf ekki að fara ítarlega út í orsakir þær, sem gera það að verkum, að jeg get ekki sætt mig við frv. eins og það er nú. Þær hafa verið taldar hjer áður og eru aðallega tvær. Hin fyrri er breyting sú, sem sett var inn í Ed. við 1. gr. frv., um ábyrgðarleysi ríkisins á Landsbankanum eða vörslufje í honum, en hin er sú, að tekið hefir verið burt ákvæðið, sem sett var inn í Landsbankalögin 1919, um það, að Landsbankinn skuli ávaxta fje opinberra sjóða og stofnana. Jeg geri nú ráð fyrir því, að þetta innskot í 1. gr., um ábyrgðarleysi ríkisins, yrði ekki notað, ef til þess kæmi, að vörslufje týndist, heldur verður að skoða þetta sem hræðu fyrir eigendur innlánsfjár, aðvörun um að geyma fjeð annarsstaðar en í Landsbankanum. Slík aðvörun er í senn bæði skaðleg bankanum og ósæmileg af hendi þingsins. Hún er vantraustsyfirlýsing á þeirri stofnun, sem þjóðin vill láta hafa forustu í öllum fjármálum sínum út á við. — Ábyrgð ríkisins verður í reyndinni sama og áður hefir verið eftir óskráðum lögum, eins og sýndi sig nýlega, er lánsstofnun ein hjer í nágrenni lenti í vanskilum og Alþingi beindi þeirri ósk til Landsbankans að leysa innstæðueigendur án mikils tjón. Ríkisins mundi leitað um hjálp, ef innstæðurnar týndust, jafnvel þótt hjá einkalánsstofnun væri. Þess vegna er líka þessi fráleiti varnagli í 1. gr., um ábyrgðarleysið, óhafandi.

Niðurfelling 52. gr. frv., eins og það fór frá þessari deild á síðasta þingi, þ. e. ákvæðin um ávöxtun opinberra sjóða í Landsbankanum, er líka að mínum skilningi hrein óhæfa. Þetta firtir sjóðeigendur frá bankanum og er þá aðeins til hagsmuna öðrum lánsstofnunum. Jeg vil því leyfa mjer að skora á hv. fjhn. að bæta úr þessu tvennu við væntanlega meðferð málsins, taka þennan fleyg burt úr 1. gr. og taka upp aftur 52. gr. frv. frá í fyrra.

Að vísu eru ýmsar aðrar misfellur komnar inn í frv. frá því á síðasta þingi, svo sem niðurfelling bankanefndar o. fl., en þær eru þó ekki jafnfráleitar og þær tvær, sem fyr voru nefndar.

Fleira skal jeg ekki um málið segja að þessu sinni, en vil aðeins geta þess, að jeg mun tæpast sjá mjer fært að fylgja málinu á síðari stigum þess, ef ekki fást þessar tvær aðalbreytingar fram.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BSv): Því hefir verið beint til forseta úr ýmsum áttum, að þau atriði sjeu í frv. þessu, er mættu

Landsbanki Íslands.

valda, að því yrði vísað frá, og er þá einkum átt við 42. gr. og 64. gr. Krafa um úrskurð þegar í stað um það, hvort frv. verði frá vísað eða eigi, hefir komið frá hv. form. fjhn. (KlJ), sem málið mundi eiga að fara til. Það er nú að vísu rjett athugað, að nauðsyn er fyrir nefndina að vita um það nú þegar, ef málinu yrði með öllu frá vísað. En þar sem þetta er heill lagabálkur og þær tvær greinir, sem frávísun gætu valdið, eru eigi í órjúfandi sambandi við frv. í heild, hygg jeg, að mönnum mundi þykja hart aðgöngu, að því væri öllu vísað frá þegar í stað. Auk þess er það fyllilega á valdi hv. deildar að ráða þá bót á frv. við 2. umr., að ekki geti komið til frávísunar. Af þessum ástæðum vil jeg ekki koma í veg fyrir, að málið fái athugun í nefnd, einkum er jeg hygg, að hún geti gert þær ráðstafanir, er taka af allan vafa um þessi atriði. Verði frv. eigi breytt við 2. umr., mun nánari ákvörðun tekin síðar.

Klemens Jónsson: Mjer virðist þetta enginn úrskurður um það atriði, er jeg óskaði eftir, heldur er því beint til nefndarinnar, að hún breyti þeim atriðum, sem um er deilt. En vilji nefndin ekki breyta þessu, þá eiga menn á hættu, að hæstv. forseti vísi málinu frá við 2. umr. Því vil jeg fara þess á leit á ný, að hæstv. forseti leggi hreinan úrskurð á málið áður en fjhn. leggur út í erfiði við rannsókn þess og athugun.

Forseti (BSv): Jeg þykist hafa fært full rök að frestun á fullnaðarúrskurði um þetta mál. Og telji hv. fjhn. ekki rjett að bera fram brtt. um þessi atriði, veit jeg fyrir víst, að aðrir verða til þess og mun sjá um, að svo verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Má jeg segja nokkur orð utan dagskrár? — Jeg hefi átt tal um það við hv. form. fjhn. (KlJ), og vil, að það komi einnig fram í deildinni, að æskilegt væri, að hv. nefnd legði sjerstaka áherslu á afgreiðslu þessa máls. Þetta mál mun einna skemst komið af þeim stórmálum, er nú liggja fyrir hinu háa Alþingi, og gæti vel farið svo, að hver dagur, sem afgreiðsla þess tefst, þýddi tilsvarandi lengingu þingtímans. — Út af þessu vil jeg beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann reyni að haga deildarfundum þannig, að hv. fjhn. gefist tími til starfa.

Forseti (BSv): Ekki skal standa á mjer að stuðla að því, að hv. nefnd geti starfað á þeim tíma, sem form. hennar óskar.

Á 74. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 561, 562, 568).

Frsm. (Magnús Jónsson): Mál þetta hefir fengið svo rækilegan undirbúning, að ekki þyrfti nema góðan vilja til þess að það fengi að sigla beggja skauta byr í gegnum þingið. Það kemur fyrst fram frv. um málið

á þingi 1924, þá samið af stjórn Landsbankans og flutt af fjhn. Ed., eftir ósk stjórnarinnar. Því næst var málið undirbúið af stjórninni, er leitaði álits sjerfræðings í Danmörku og álits Jóns Krabbe um það, og var það þá lagt fyrir Ed. og fjekk þar rækilega meðferð. Þá var milliþinganefnd skipuð í málið, og leitaði hún um það álits allra þjóðbankastjóra Norðurlanda og fjekk umsögn þeirra. Gaf nefndin síðan út mikið nál., og lagði svo stjórnin málið fyrir Nd. í fyrra. Nú hefir hæstv. landsstjórn undirbúið málið enn og lagt það fyrir hv. Ed., og hafa þar um það verið skrifuð ekki minna en 3 nál., og hefir málið verið athugað og rætt þar meiri hl. þingtímans og gerðar margar brtt. við frv. Auk þess má geta þess, að málið hefir ekki fengið einhliða meðferð, heldur verið rætt og rannsakað frá ýmsum hliðum, og má sjá það á því, að 1924 er stungið upp á annari leið um seðlaútgáfuna en nú er lagt til af hendi stjórnarinnar, og milliþinganefndin klofnaði um málið, og enn hefir málið fengið meðferð frá annari hlið. Er því hætt við, að Alþingi bæti sig ekki mikið á málinu úr því sem komið er. Er það auðvitað, að hversu lengi sem þingið hefir mál sem þetta til meðferðar, þá verður það aldrei afgreitt svo öllum líki.

Í nál. fjhn. er gerð grein fyrir helstu brtt., sem samþ. voru í hv. Ed., og geri jeg ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynt sjer nál., svo óþarfi sje að rifja það upp. Fjhn. hefir komið fram með allmargar brtt. við frv., en það má segja um þær allar, að þær sjeu smáar, sumar aðeins orðabreytingar og aðrar smáar efnisbreytingar, svo að ólíklegt er, að þeir, sem gátu felt sig við frv. eins og það kom til þessarar hv. deildar, geti ekki eins greitt frv. atkvæði sitt, enda þótt brtt. yrðu samþyktar.

Jeg vil þá aðeins fara nokkrum orðum um brtt. og skal jeg ekki gefa tilefni til langrar umræðu. Það er þá fyrst að geta þess, að það hafa slæðst tvær prentvillur inn í brtt., sem hvorug mun valda misskilningi; er það í 10. brtt. a, þó *gefur* í stað *getur*, og í sömu brtt. b, — þar hafa gæsalappir fallið niður. Geta hv. þm. lesið það í málið.

Fyrstu 3 brtt. og b-liður 5. brtt. eiga allar við hið sama, sem sje, að í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að útibú sjeu bæði frá seðlabankanum og sparisjóðsdeildinni. En meiri hluti nefndarinnar taldi þetta óþarfa, þar sem hann álítur, að seðlabankinn þurfi ekki á útibúum að halda. Vildi hann því taka útibúin út úr kaflanum um seðlabankann og láta þau fylgja ákvæðunum um sparisjóðsdeildina. Er vitanlega mikið til í þessu. En einn hv. nefndarmaður taldi rjett að láta ákvæðin halda sjer, taldi þau saklaus. En þá þurfa að koma bráðabirgðaákvæði um það, hverjir ráða skuli, hvaða útibú fylgi hvorri deild bankans um sig.

2. brtt. a-liður er aðeins orðabreyting.

2. brtt. b-liður er efnisbreyting í þá átt að færa hlutfallið fyrir gulltryggingunni úr 40% í ⅜. Milliþinganefndin lagði til, að hlutfallið yrði ákveðið ⅓, og erlendu bankastjórarnir töldu það hæfilegt. Það má auðvitað segja, að gott sje, að seðlarnir sjeu sem best trygðir, en það

eru þó tvær hliðar á því máli. Það kostar altaf mikið, ef tryggingin er óþarflega há. Ef hægt er að hafa tryggginguna sjerstaklega háa án kostnaðar, þá er það ekki nema sjálfsagt, en því fylgir jafnan kostnaður — óþarfakostnaður — að setja tryggginguna hlutfallslega hærri en þörf er á. Hlutfallið er vitanlega altaf álitamál, en yfirleitt eru menn að hverfa frá gömlu oftrúnni á að hafa tryggginguna sem hæsta. Það er alt annað, sem tryggir seðlana, en sem mestur gullforði. Það er stefna bankastjórnarinnar, sem veldur því, hvort seðlarnir álítast tryggir eða ekki. Það er forvaxtastefnan og útlánsstarfsemi bankans, sem er trygging seðlanna engu síður en gullforðinn. Það má segja eins og sagt er í nál. hv. Ed., að það er gott að hafa gull, þegar ekki annað er gjaldgengt en gull utan landssteinanna. En ef allar lindir ættu að stöðvast nema gulllind bankans, þá er hætt við, að hana þrjóti fljótt. Enda er ómögulegt að hugsa sjer þá atburði, að ekkert gildi utan landsteinanna nema gull. Það eru afurðir landsins og framleiðsla, sem landsmenn verða að treysta á. Ef það þrýtur, þá duga skamt 2—3 miljónir gulls til innkaupa, enda stæðu þá seðlarnir ótrygðir eftir, eða yrðu að dragast inn í skyndi, sem óhugsandi er. Hvort sem tryggingin er 3/8 eða 40%, þá er það svo lítil upphæð, að hún mundi ekki nægja fyrir landið nema í 2—3 vikur fyrir vistir. Um tryggingarhlutfall Frakklandsbanka eru engin ákvæði í lögum, en stjórn bankans hefir sjeð um, að seðlarnir eru vel trygðir. Það er algerlega í þágu bankans, að seðlarnir sjeu vel trygðir, og er því engin hætta á, að bankastjórnin sjái ekki um það, að gulltryggingin sje næg. Nefndin hefir nú ekki viljað halda til streitu hlutfallinu 1/3, en stingur upp á til samkomulags 3/8. Það er það tryggingarhlutfall, sem Íslandsbanka var ákveðið, og svo var það í bankafrv. 1924 og 1925. Ed. hefir felt niður síðari hluta greinarinnar, um að gulltrygginguna skyldi hækka eftir því, sem seðlaútgáfan færi vaxandi. Var það sett í frv. sem verulegur hemill á of mikilli seðlaútgáfu. En nú hefir hv. Ed. felt það í burtu með þeim forsendum, að hvergi í lögum um seðlabanka, nema á Spáni, sje um slíkt ákvæði að ræða. Mjer er samt kunnugt um það, að þetta mun þó gilda um flesta seðlabanka, að minsta kosti í nágrannalöndum vorum, enda þó reglan sje ekki beint orðuð í lögum. Þeir hafa sem sje leyfi til þess að gefa út ákveðna upphæð seðla fram yfir gullforða, en þá hækkar tryggingarhlutfallið að sama skapi sem seðlaveltan eykst. Er það sama hugsun, sem liggur til grundvallar ákvæði stjfrv. Jeg get játað, að mjer virðist lakara, að þetta var felt í burtu í hv. Ed. En mjer skilst, að hjer sem annarsstaðar verði seðlabankastjórnin að hafa höfuðið á rjettum stað í stjórn sinni á bankanum, því erfitt er að girða fyrir þetta með lagafyrirmæli. En úr því að ákvæðið er felt niður, þá er fyllilega sanngjarnt að hækka tryggingarhlutfallið upp í 3/8.

Brtt. 4,a er aðeins smávægileg. Er þar aðeins um að ræða verðbreytingu á kauphöllum, hvort heldur eru ís-

lenskar eða erlendar. Út frá því má skilja sambandið milli a- og b-liðs 10. gr. þannig, að í a. sje átt við íslensk og í b. við erlend verðbrjef, en það má líka líta þannig á, að í a. sje átt við opinber verðbrjef, en í b. við önnur, er skráð skyldu í kauphöllum, erlendum eða íslenskum.

C-liður er aðeins orðabreyting, en orðalag e-liðs er óviðkunnanlegt, og brtt. miðar að því að girða fyrir það, að snúið verði út úr orðalaginu.

5. brtt. a. er tekin upp aftur. Var hún feld niður í hv. Ed. Er hún um það, að seðlabankinn megi taka við fje á „dálkinn", sem svo er kallað. Hefir þessi aðferð til þess að geyma fje ekki verið notuð hjer fyr, en hún er náskyld hlaupareikningsaðferðinni. Munurinn er sá, að greiddir eru lægri vextir en við hlaupareikning. Mætti bjarga þessu við með tvenskonar hlaupareikningi, en hinsvegar var óþarfi að fella þetta burtu úr frv.

Á 5. brtt. b. mintist jeg í sambandi við 1. brtt.

Í 6. brtt. er lagt til, að sú málsgrein 14. gr. falli burt, þar sem ákveðið er, að seðlabankinn geti gefið út ávísanir, er lúti sömu reglum og víxlar. Er þessi breyting gerð eftir að talað hafði verið um þetta við mikilsmetna lögfræðinga, sem töldu þetta ákvæði óheppilegt og varla geta staðist nema með því móti að kveða nánar á um form ávísananna, og kváðu þeir varla hægt að gefa þeim allan víxilrjett. Og þar sem bankinn getur á margan hátt trygt sig í þessu efni, þá virðist ekki rjett að setja þetta ákvæði, sem getur valdið glundroða. Það er þegar fyrir löngu búið að ákveða form víxla og gefa þeim ákveðinn rjett, og virðist þá óþarfi að vera að rugla þá skilgreiningu aftur með því að gefa fleiri ávísunum sama rjett.

7. brtt. fer fram á það að fella niður ákvæði 21. gr. frv. um, að endurskoðendur sjeu skipaðir eftir tillögum bankaráðs. Eftir stjfrv. var skipunin verk Landsbankanefndarinnar, en hún var með öllu afnumin í hv. Ed. og störfum hennar skift upp, og þá ákveðið, að endurskoðendur skyldu skipaðir eftir tillögum bankaráðs. En þar sem bankaráðið er yfirstjórn bankans, þá virðist ekki rjett að láta það ráða, hverjir eru endurskoðendur bankans, því með því eru þeir gerðir háðir bankaráðinu. Þykir nefndinni því rjettara, að landsstjórnin ein skipi þessa menn. Þá hefir nefndin ennfremur lagt það til, að endurskoðendurnir sjeu skipaðir til þriggja ára, í stað þess að í stjfrv. er það óákveðið. Ef þeir eru skipaðir til óákveðins tíma, þá verður, ef stjórnin vill losna við einhvern endurskoðanda og hann fer frá, litið svo á, sem hann hafi verið settur af, en menn vita, hve mikið er lagt í það hjer og hve miklum erfiðleikum það er bundið að framkvæma slíkt. Er því betra að skipa endurskoðendurna til ákveðins tíma, til þess að komast hjá óþægindum.

Í 8. brtt., við 24. gr. frv., er farið fram á það, að varasjóður fái ½ arðs seðlabankans eftir að hann er orðinn 4 miljónir króna, í stað ¼ í stjfrv. Er þetta heppileg ráðstöfun, þegar litið er á ákvæði 1. gr. frv. um, að ríkið beri ekki ábyrgð á bankanum.

Er því best að búa sem tryggilegast um bankann, og er það gert ríflega með þessari brtt.

9. brtt., við 34. gr., fer fram á það, að bankaráðsmennirnir 4 skuli kosnir í sameinuðu þingi, í stað þess, að samkvæmt frv. eins og það kom frá hv. Ed. er ætlast til þess, að 2 þeirra sjeu kosnir af hvorri deild. Sá nefndin ekki ástæðu til þess að hafa deildaskifti í þessu efni. Er eðlilegast, að þeir sjeu kosnir af sameinuðu þingi. Virðist ákvæði frv. stafa af endurminningunni um það, er deildirnar kusu hvor sinn gæslustjóra. En nú er fyrirkomulag bankans svo breytt, að ekki virðist ástæða til að halda fast við hið gamla í þessu efni.

Þá hefir nefndin felt niður það ákvæði, að bankaráðið skuli skipað utanþingsmönnum. Er ekki þægilegt að benda á ástæðuna fyrir þessu ákvæði, þar sem þingið á að kjósa fulltrúana í æðstu stjórn bankans. Ef sú hugsun liggur á bak við, að það eigi með ákvæðinu að útiloka bitlinga, þá er það augljóst, að það er eins hægt að útdeila bitlingum til utanþingsmanna sem þingmanna.

B-liðurinn gengur út á það, að eigi bankaráðsmaður heima utan Reykjavíkur, þá beri honum að sækja bankaráðsfundi endurgjaldslaust.

C-liðurinn fer í þá átt að færa niður þóknunina til bankaráðsmannanna, þannig að hún verði 4 þús. og 2 þús. kr., í stað 5 og 2 þús. kr. í frv. Sýnist augljóst, að þóknunin verður að fara eftir því, hve mikil störf bankaráðsmönnunum er ætlað að rækja. Eins og bankaráðinu nú er fyrir komið, þá verður að gera þá kröfu til þess, að það vinni dagleg störf í bankanum, þar eð það á að fylgjast með daglegum rekstri hans. Þóknunin getur auðvitað altaf verið álitamál, enda var nefndin ekki sammála um upphæð hennar. 4 nefndarmenn bera fram till. um lækkunina, en 3 nefndarmenn eru henni andvígir og vilja láta upphæðina í frv. halda sjer. Hærri upphæðin, sem við höfum, er vegna þess, að við ætlumst til, að nauðsynlegt sje, að bankaráðsmennirnir þurfi ekki að hafa annað starf á hendi en þetta, auk aðalstarfs síns, og að það sje meira virði en hvort það kostar meira eða minna. Þessi borgun er í stjfrv. ákveðin þannig, að álíta má sæmilega þóknun.

10. brtt. a. er orðabreyting, en b-liður er fyrirkomulagsbreyting. Þótti rjettara að hafa dýrtíðaruppbótina í bráðabirgðakaflanum, vegna þess, að öll dýrtíðaruppbót er bráðabirgðafyrirkomulag.

Þá kem jeg að 11. brtt. Þetta ákvæði frv. er óþarft, ef samþykt verður brtt. nefndarinnar um breyting á bankaráðinu; þá má gera ráð fyrir því, að verði bankaráðsmaður fjarverandi um lengri tíma, þá verði tekinn varamaður í hans stað, og því ekki ástæða til, að hann firri sig ábyrgð, ef hann bókar ekki ágreining.

12. brtt. a. er orðabreyting, en b. er nýmæli, eftir ósk bankastjórnarinnar. Í frv. er ákvæði um það, að gefa megi einstaka starfsmönnum bankans heimild til þess að skuldbinda bankann með einum bankastjóranna, en þessi brtt. fer fram á það að gefa tilteknum starfsmönnum heimild til þess eins að skuldbinda bankann um tiltekin atriði, t. d. ef löggilda á sparisjóðsbækur og fleira.

Fara oft heilir dagar í nafnaskriftir bankastjóranna án þess að nokkur vandi fylgi því, eins og t. d. við það, sem jeg nefndi áður, og er því sjálfsagt að gefa tilteknum starfsmönnum umboð til þess að annast þetta upp á eindæmi sitt.

C-liðurinn er orðabreyting.

13. brtt. a-liður fer í þá átt að taka af allan efa um það, hver gegna eigi störfum aðalbankastjóra í fjarveru hans, ef hinir bankastjórarnir hafa verið skipaðir samtímis. Er það engan veginn trygt, að sá, sem eldri er að árum, sje hæfari til þess, og ekki heldur, að sá sje það, sem eldri er í stöðunni. En til þess að eitthvað sje ákveðið um þetta, þá hefir nefndin borið fram þessa breytingu.

B-liður er lítilsháttar breyting á málsgr. um framkvæmdarstjórn bankans og fer í sömu átt og gengið var út frá í breytingu hv. Ed., að eigi stjórn bankans að fara vel, þá verði bankastjórarnir að vera vel samhentir. Þótt einn bankastjóranna sje einhverju ekki fullkomlega samþykkur, þá á hann ekki að geta gert alt að ágreiningsatriði. Breytingin hjer er þess efnis, að að jafnaði beri ekki að framkvæma meiri háttar ráðstafanir, ef einn bankastjóranna er á móti því, og að enga ráðstöfun megi framkvæma án vilja aðalbankastjóra, t. d. um að taka að sjer nýtt fyrirtæki o. s. frv. Er ekki hægt að heimta meira af aðalbankastjóranum en hinum, ef hann ekki getur einn hindrað slíkt. Er með brtt. numin burt heimildin til þess fyrir bankastjórnina að skjóta ágreiningi sínum til bankaráðsins. Það gæti liðið heill mannsaldur án þess að heimildin yrði notuð, og er hún að því leyti óþörf, en hún gæti orðið til þess að kveikja óánægju og sundurþykkju innan stjórnar bankans. Er ekki rjett að gefa undir fótinn með það.

C-liðurinn er afleiðing af 12. brtt. b-lið.

Þá hefir mikið verið talað um 1. málsgr. 42. gr. frv., bæði í hv. Ed., hjer og utan þings, um það, að bankastjórar megi ekki vera alþingismenn, og eins og það nú er orðað, að alþingismenn megi ekki vera bankastjórar. Hefir því verið haldið fram, að þetta ákvæði ríði í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um kjörgengi til Alþingis. Nefndin var ekki fyllilega sammála um þetta, en þó varð það að samkomulagi að bera fram till. um að fella þetta ákvæði niður. Var það álit nefndarmanna, að þar eð merkir lögfræðingar hjeldu því fram, að þetta riði í bág við stjórnarskrána, þá væri ekki rjett að leggja á tæpasta vaðið í þessu efni.

Þó skal það tekið fram, að nefndarmenn voru ekki allir með að fella þetta niður. Hv. form. nefndarinnar (KlJ) var á móti því, þar eð hann taldi ákvæðið heyra undir úrskurð hæstv. forseta. Jeg skal geta þess, að það var rætt í nefndinni, hvort ákvæðið væri heppilegt, og virtust allir sammála um, að það væri í sjálfu sjer heppilegt, að bankastjórar væru ekki þingmenn.

15. brtt., við 44. gr. frv., er aðeins orðabreyting.

16. brtt. a-liður er aðeins um það, að dýrtíðaruppbótin, sem nefndin leggur til, að feld sje úr 36. gr., sje

tekin hjer upp. — B-liður er smávægileg orðabreyting. Þar stendur: „Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.“ Þessi breyting er gerð til þess að taka af allan efa um, að það er hvenær sem einhver þeirra fer frá, sem á að skipa í hans stað, en ekki, að það eigi að bíða eftir því, að allar þessar stöður losni.

Þá er lokið að fara gegnum þessar brtt. frá nefndinni, og skal jeg ekki fjölyrða frekar um þær. En jeg á hjer eina brtt. á þskj. 562, sem jeg reyndar hefi minst á hjer áður í sambandi við það, sem jeg hefi áður talað um það, að í bráðabirgðaákvæðum í 56. gr. er kveðið á um það, að bankaráðið skuli ákveða, hver af útibúunum skuli fylgja seðlabankanum og hver sparisjóðsdeildinni. Brtt. þessi á að koma til atkvæða, ef brtt. nefndarinnar verður feld, því að öðrum kosti kemur hún ekki til mála. En jeg hefði talið það heppilegra að láta þetta vera kyrt í frv., því að bankaráðið getur ákveðið, að þau fylgi öll sparisjóðsdeildinni, ef þurfa þykir. Jeg sje ekki annað en að bankaráðið geti sjeð þetta eins vel og hv. þm., og tel því algerlega skaðlaust að láta þetta standa í frv.

Eins og sjá má, hefir einn hv. þm. skrifað undir nál. með fyrirvara, en hefir þó unnið að frv. með nefndinni, en mun halda fast þeirri skoðun sinni að óska, að seðlaútgáfunni sje öðruvísi fyrir komið, og mun því greiða atkvæði á móti frv. Tveir aðrir nefndarmenn hafa líka skrifað undir með fyrirvara. Fyrirvari þeirra er kominn vegna brtt., sem þeir hafa borið fram á þskj. 568, og þó að jeg kannist vel við þær ástæður, sem þeir hv. þm. munu færa fram, þá ætla jeg ekki að taka fram fyrir hendur þeirra með því að fara að ræða brtt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu hennar á málinu, og sjerstaklega fyrir það, að mjer virðist, að nefndin í brtt. sínum hafi lagt stund á það að reyna að koma til móts við hv. Ed. um þær breytingar, sem þar voru gerðar á frv., og hefir hv. nefnd þannig getað fallist á tvær veigamestu breytingarnar, sem gerðar voru í hv. Ed., sem sje það, að kippa landsbankanefndinni úr frv. og breytinguna á tilhögun um starfsemi bankaráðsins.

Þá skal jeg minnast á nokkrar af brtt. hv. nefndar, á þskj. 561, og byrja þá á fyrstu brtt., sem jeg hefi einna mest við að athuga, og þá í sambandi við þær aðrar tvær brtt., sem beinlínis fylgja henni. Þessi brtt. við 7. gr. fer fram á það, að niður falli síðasti málsliður þar, svo hljóðandi: „Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir“.

Í staðinn fyrir þetta vill svo háttv. nefnd setja: „Bankaráðið getur falið útibúum sparisjóðsdeildar að innleysa seðla og kaupa gull“.

Ástæðan fyrir þessari brtt. háttv. nefndar mun fyrst og fremst vera sú, að við skiftin á milli seðlabankans og sparisjóðsdeildarinnar eigi öll núverandi útibú Landsbankans að falla til sparisjóðsdeildarinnar. Jeg hefi borið

mig saman um þetta við núverandi stjórn Landsbankans, og það er líka hennar álit, að þannig muni þessi skifti eiga að verða. En þar með er í sjálfu sjer ekki neitt sagt um það, hvort seðlabankinn fái útibú, en í kaflanum um seðlabankann er beinlínis sagt, að honum sje heimilt að setja upp útibú eða hafa í framtíðinni.

Þetta frv. er þannig gert, að í framtíðinni má skilja sparisjóðsdeidina alveg frá seðlabankanum og setja hana undir aðra stjórn, og það gæti þá að minsta kosti hugsast, að menn vildu, að seðlabankinn sjálfur hefði einhversstaðar útibú. Jeg teldi þó ekki í rauninni nauðsynlegt að gera ráð fyrir slíku útibúi í frv. nú þegar, því að náttúrlega má á eðlilegan hátt bæta því við seðlabankalöggjöfina, hvenær sem þurfa þykir, að seðlabankinn megi setja upp útibú. Jeg gæti þess vegna fallist á það til samkomulags, að niðurlagsorð 7. gr. falli niður, en vil þá leiða athyglina að því, að þá þyrfti ýmislegt fleira að falla burt, sem hv. nefnd hefir ekki stungið upp á, því að í ýmsum ákvæðum frv. er gert ráð fyrir útibúum frá seðlabankanum, þótt sparisjóðsdeildin sje frá honum skilin. Það er sem sje í 2. gr. frv., síðar í 38. gr. og máske á fleiri stöðum, sem gert er ráð fyrir þessum útibúum, án þess þó að neinstaðar sje það orðað þannig, að skylt sje, að seðlabankinn hafi útibú. En hv. nefnd hefir orðað sína brtt. við 7. gr. á þá leið, að bankaráðið geti falið útibúum sparisjóðsdeildar að innleysa seðla og kaupa gull. Þetta hygg jeg, að ekki geti staðist, af þeirri ástæðu, að nefndin leggur til, að 9. gr. frv. verði þannig orðuð, að gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skuli ávalt vera til staðar í bankanum. Eftir þessu verður það ekki heimilt að hafa gullforða í útibúum sparisjóðsdeildar, enda hygg jeg enga þörf á því. Það mundi yfir höfuð ekki verða vegna gullinnlausnarskyldu þörf á neinni útibúastarfsemi fyrir seðlabankann. Það er raunar ein hlið á hans starfsemi, sem sjerstaklega getur gert það æskilegt, að til sjeu útibú, og það er það, að seðlar sjeu fyrirliggjandi annarsstaðar en í Reykjavík, þannig að aðrar peningastofnanir geti fengið seðla án þess að þurfa að sækja þá til Reykjavíkur. Þetta, að hafa seðlana fyrirliggjandi, er náttúrlega hægt að gera án þess að til komi útibú frá seðlabankanum, en mjer finst, eins og þetta ber að hjá nefndinni, að rjettara væri að fella 1. brtt. hv. nefndar, nema hún vilji fallast á að taka hana aftur; en jeg fyrir mitt leyti skyldi ekki setja mig á móti því, að numin væru úr seðlabankakaflanum öll ákvæði, sem gera ráð fyrir því, að seðlabankinn hafi útibú, án þess þá að neitt sje sett þar í staðinn.

Það er líka af annari ástæðu, sem ekki fer vel á því að samþykkja þessa brtt., að kaflaskiftin í þessu frv. eru að minni hyggju svo hrein, að í 2. kafla er ekkert ákvæði um sparisjóðsdeildina, en brtt. fer fram á, að þar sje sett inn ákvæði um hana, sem getur staðist á meðan deildirnar eru saman, en sem fer illa í seðlabankalögunum eftir að aðgreining er komin á.

Í samræmi við það, ef 1. brtt. hv. nefndar fellur, þá á brtt. við 9. gr. að fylgja þar með, þó að hún geti staðist, ef þá verður feld niður síðasta málsgrein í 7. gr. Aftur er það svo um 5. brtt. b., við 13. gr., um það, að síð-

asta málsgrein þeirrar greinar falli niður, að hún getur staðist út af fyrir sig, þótt hún snerti þetta málefni. Þessi grein kveður svo á, að útibú seðlabankans skuli og taka við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra. Þetta má náttúrlega fella burtu, og með því er þá slegið föstu, að öll þau útibú, sem Landsbankinn hefir nú, verði að teljast til sparisjóðsdeildar, og jeg hygg, að með þeirri breytingu einni myndi hv. nefnd komast að því, sem hún óskar eftir, án þess að komast í ósamræmi í ákvæðum frv.

Svo ætla jeg að hlaupa yfir allar þær brtt. hv. nefndar, sem jeg hefi ekkert annað að segja um en að jeg fyrir mitt leyti get fallist á þær, og kem jeg þá næst að 9. brtt., við 34. gr., sem er um kosningu í bankaráðið. Þar er ekkert verulegt, sem jeg hefi að athuga; sjerstaklega get jeg verið samþykkur c-liðnum, um það að færa laun bankaráðsmanna í það horf, sem var í stjfrv., 4000 og 2000 krónur. Mjer finst það nægilegt, en það er náttúrlega álitamál, hvort rjettara er. Eins er það með uppástungu háttv. nefndar um, að sameinað Alþingi kjósi 4 bankaráðsmenn, eða að þingdeildirnar kjósi sína tvo hvor, en það er náttúrlega eðlilegt, að sú deildin, sem fámennari er, kjósi heldur að vera út af fyrir sig, því að í sameinuðu þingi gætir hennar atkvæðamagns minna. En jeg er ekki að gera þetta að neinu deilumáli.

Í 36. gr. vill hv. nefnd fella niður ákvæðið um dýrtíðaruppbót til bankastjóranna og setja þar bráðabirgðaákvæði inn í frv., og jeg tel það til bóta, því að þau eiga betur heima í bráðabirgðaákvæðum; en þá furðar mig á, að hún hefir ekki gert sömu uppástungu um dýrtíðaruppbót bankaráðsmanna, í 34. gr., því að það virðist, sem það ætti þá líka betur heima í bráðabirgðaákvæðum.

Þá ætla jeg næst að minnast ofurlítið á 13. brtt., við 39. gr., þar sem nefndin stingur upp á öðru orðalagi í ákvæðunum um starfsemi framkvæmdarstjóranna. Það er ekki mikil efnisbreyting í þessu frá frv. eins og það er nú, og jeg fyrir mitt leyti skal sjerstaklega taka það fram, að jeg get fallist á það, sem hv. nefnd stingur upp á viðvíkjandi afstöðu bankastjóranna hvers til annars og til þeirra ákvarðana, sem teknar eru að jafnaði, að það sje ekki gert neitt verulegt, ef einn bankastjórinn er því mótfallinn, og alls ekkert, ef aðalbankastjórinn er því mótfallinn. En það hefir fallið burt við þessa nýju orðun ákvæðisins málsgr., sem stendur í 39. gr., um það, ef ágreiningur verður á milli bankastjóranna, þá skuli ágreiningsatriðið lagt fyrir bankaráðið. Það getur vel verið, að þetta sje fullfast ákveðið í frvgr., en af því að ekkert tilsvarandi ákvæði stendur í till. hv. nefndar, vil jeg taka það fram, að það leiðir af stöðu bankaráðsins, að sá framkvæmdarstjóri, sem krefst þess, að eitthvað sje lagt fyrir bankaráðið, hann getur líka borið það þar upp, þó að ekki standi neitt um það í þessari grein. En það er náttúrlega í sjálfu sjer æskilegast, að sem sjaldnast þurfi að koma til þess, að ágreiningur milli bankastjórnarinnar um hennar framkvæmdarstjórnaratriði þurfi að koma til bankaráðsins, því að það fer náttúrlega best á því, að framkvæmdar-

stjórn og það eftirlit, sem bankaráð á að hafa, sje nokkuð mikið aðgreint; en rjettinn til að koma með mál til bankaráðsins, það hygg jeg að hver bankastjóri hafi.

Þá kem jeg að 14. brtt. hv. nefndar, við 42. gr., að burt falli orðin: „Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar". Þetta er ákvæði, sem talað hefir verið ákaflega mikið um utanþings, og þar á meðal í blöðunum, en raunar verið mjög lítið minst á við umr. í þinginu, enda er það í fyrsta skifti, sem liggur fyrir till. um að nema þetta ákvæði burt, eða till., sem sjerstaklega snertir efni þessa ákvæðis. Jeg vil nú minna á, að þetta ákvæði er óbreytt að efni til eins og það var upphaflega sett í frv. milliþinganefndar í bankamálum, sem tveir hv. þm. þessarar deildar, hv. frsm. nefndarinnar (MJ) og hv. þm. N.-Þ. (BSv), áttu sæti í, og formaður þessarar nefndar var enginn ómerkari maður en sendiherra okkar í Kaupmannahöfn, Sveinn Björnsson, og vera hans í nefndinni sýndist vera sæmileg trygging fyrir því, að frá nefndinni kæmu ekki uppástungur, sem færu í bág við stjórnarskrána. Þess vegna tók stjórnin þetta ákvæði upp í sitt frv., sem hún lagði fyrir þingið 1926, og hún tók það ennfremur upp vegna þess, að hún var sammála því, sem frsm. þá sagði fyrir munn hv. meiri hl. nefndarinnar, að þetta ákvæði væri hentugt að efni til og að það væri æskilegt, að alþingismenn væru ekki bankastjórar. Og með þessu ákvæði gekk frv. svo gegnum þrjár umr. í þessari hv. deild á síðasta þingi og var samþykt við allar umr., án þess að nokkur maður orðaði það, að þetta ákvæði kynni að fara í bág við stjórnarskrána. En svo þegar stjórnin lagði þetta frv. fyrir þingið í vetur, þá hafði því verið bætt inn í eina frvgr., að þetta ákvæði skyldi líka taka til hinna stjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka, en þegar búið er að setja það samræmi inn í frv., að láta það taka til þeirra sem hinna, þá breyttist skyndilega veður í lofti. Háværar raddir, bæði utanþings og innan, heyrðust um það, að þetta ákvæði stríddi á móti stjórnarskránni; en jeg geri nú, satt að segja, heldur lítið úr þeim lögskýringum, sem koma upp úr kafinu, þegar einhverjum þykir sjálfs sín vegna eða sinna sjerstöku vina þægilegt að grípa til þeirra, en enginn kom auga á þær, þegar málið ekki snerti hann eða hans vini sjerstaklega. Jeg ætla hinsvegar ekki að fara út í neinar deilur út af þessu, því að jeg get sagt það, að þótt jeg sje sammála hv. meiri hl. nefndarinnar um, að ákvæðið sje heppilegt að efni til, þá ætla jeg mjer ekki að leggja svo mikla áherslu á það að fá þetta ákvæði inn í frv., að jeg að svo stöddu vilji gera það að deiluatriði við hv. nefnd, sem þó hefir stungið upp á því að nema ákvæðið burtu. Jeg get sem sje vel litið svo á, sem það væri eiginlega nægileg leiðbeining fyrir bankaráðið, sem á að ráða eða skipa bankastjórana, þegar það kemur hjer fram í umr., að menn fella ákvæðið burt eingöngu vegna þess, að tvímæli hefir komist á um það, hvort það gangi of nærri stjórnarskránni, en nefndin hinsvegar lýst yfir því, að hún álítur, að ákvæðið að efninu til sje heppilegt. Í þessu finst mjer vera nægilegt aðhald fyrir bankaráðið til þess undir öllum venjuleg-

Landsbanki Íslands.

um kringumstæðum að reyna að afstýra því, að saman fari þingmenska og bankastjórn, því að mjer hefir skilist það, að þótt einstakir menn telji það stjórnarskrárbrot, að löggjöfin nái yfir þetta, þá telji enginn það stjórnarskrárbrot, þótt vinnuveitendur í landinu geri þessa ákvörðun gildandi gagnvart þeim mönnum, sem þeir ráða til starfa fyrir sig. En jeg vil þó gjarnan bæta því við, að ef ákvæðið, þegar það er sett í lög, þykir stríða á móti stjórnarskránni, þá leiðir væntanlega þar af, að ekki má setja það í lög um nokkra aðra menn en hæstarjettardómara, sem stjórnarskráin tiltekur, að skuli vera utanþingsmenn, eða að það skuli vera skilyrði fyrir neinu verki, sem löggjöfin talar um, að sá, sem vinnur það, skuli vera utanþingsmaður. Jeg skal jafnframt benda á það, að hjá öðrum þjóðum, sem hafa svipuð ákvæði um kosningarrjett og kjörgengi og annað þessu líkt, eru menn ekki svo viðkvæmir fyrir slíku. Jeg sje það t. d. í dönskum lögum, að menn eru ekkert að hlífast við því að setja ákvæði um, að það skuli vera utanþingsmenn, sem skipaðir eru til ýmsra starfa, t. d. nefndarstarfa, svo að jeg verð að álíta, þegar því er haldið fram hjer, að þetta ákvæði stríði á móti stjórnarskránni, þá sje sú skýring svo tæp, að aðrar þjóðir treysta sjer ekki til þess að taka hana upp, — en jeg ætla sem sagt ekki að gera þetta ákvæði að neinu ágreiningsatriði.

Þá er loks síðasta, 16. brtt. háttv. nefndar, um dýrtíðaruppbót á laun bankastjóranna. — Af því að jeg hefi heyrt, að það hafi einnig verið talin tvímæli á því, hvernig bæri að skilja tilsvarandi ákvæði í núgildandi löggjöf okkar, þá vil jeg gjarnan segja, hvernig skilning jeg legg í þetta ákvæði um dýrtíðaruppbót eins og það nú er orðað í brtt. hv. nefndar; þar stendur: „Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins".

Það er kannske ekki alveg ljóst, hvað þetta þýðir, en jeg tel, að það þýði það, að á yfirstandandi ári ættu bankastjórarnir að hafa í dýrtíðaruppbót 44% af allri launaupphæðinni, og jeg geri ráð fyrir, að nefndin skilji það þannig. (**MJ**: Já, jeg gleymdi aðeins að geta um það áðan). Það hefir grilt í þann skilning, að eftir orðalagi þessarar gr. í launalögunum, sem fjallar um dýrtíðaruppbótina, þá mætti líta svo á, að vísitala þessa árs sje ekki 44, heldur 66, þannig að ákvæðið þýddi það, að launauppbótin ætti að vera 66%. Þannig skil jeg það ekki, og óska að fá það staðfest af nefndinni, að sama gildi um ákvæðið í núgildandi lögum, sem sje að með vísitölunni sje átt við þá vísitölu, er ákveður dýrtíðaruppbót fyrir alt að 4500 kr. launum, eða ⅔ af þeirri vísitölu, er hagstofan reiknar út til ákvörðunar á viðauka þeim, er kemur á ⅔ launanna, alt upp að 3000 kr.

Þá er hjer brtt. frá háttv. 2. þm. Reykv. (MJ), á þskj. 562, og er um það, að við 56. gr. skuli bæta ákvæði um það, að bankaráðið ákveði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, hver af útibúum Landsbankans skuli fylgja seðlabankanum og

hver sparisjóðsdeildinni. — Jeg lít svo á, að brtt. þessi sje meinlaus, en alveg óþörf, því að í 56. gr. felst ákvæði um skiftingu milli sparisjóðsdeildar og seðlabankans, og þá um leið, að útibúunum skuli skift á milli þeirra og ákveðið, hvorri deildinni hvert útibúið fyrir sig tilfalli. En mjer kom ekki til hugar, fyr en jeg heyrði þennan skilning nefndarinnar, að það gæti komið til mála, að einhverju útibúinu yrði kannske skift, þannig að í því þyrfti að vera bókhald fyrir 2 deildir. Það var heldur ekki meiningin. En jeg hefi ekkert á móti því, að þessu sje slegið föstu með þessari brtt., þó að ekki hafi verið ætlast til, að útibúunum verði skift, heldur að hvert heilt útibú gangi til annararhvorrar deildarinnar, eftir því sem bankaráðið og framkvæmdarstjórnin koma sjer saman um og að fengnu samþykki ráðherra.

Um aðrar brtt., sem fram eru komnar, ætla jeg ekki að segja neitt að sinni, meðan ekki hefir verið gerð grein fyrir þeim.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg get tekið undir það með hv. frsm., að það sje lítil þörf að ræða meginatriði frv. nú. Það hefir verið gert áður hjer í deildinni, og því ekki þörf að ræða um annað en brtt. þær, sem fyrir liggja.

Fjhn. er sammála um flestar brtt., en þeirra, sem nefndin fylgir ekki öll, þarf jeg að geta að nokkru.

Fyrsta brtt. á þskj. 568 er þess efnis að nema burt úr frv. ákvæðin um það, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans. — Eins og mönnum er kunnugt, var því haldið fram af meiri hl. milliþinganefndarinnar, að rjett væri, að ríkið bæri ábyrgð á bankanum með þeim hætti, að stofnfje hans væri jafnan haldið óskertu. Þetta gat landsstjórnin ekki fallist á og kaus heldur, að ekkert stæði um þetta í frv. Það gátum við meirihlutamenn í nefndinni sætt okkur við, með því að við vorum þess fullvissir, að Alþingi mundi á hverjum tíma gera nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis bankanum, ef nokkuð kæmi fyrir hann, án tillits til þess, hvort nokkuð stæði um það í lögum. Svo mun enn verða, þrátt fyrir hið nýja ákvæði, að Alþingi mun á hverjum tíma gera viðeigandi ráðstafanir bankanum til viðrjettingar, ef einhverntíma skyldi að slíku reka. Ákvæði frv. eru því gagnslítil og lítil trygging fyrir þá menn, sem leggja aðaláhersluna á það, að ríkið taki ekki ótakmarkaða ábyrgð á bankanum.

Í 40 ár hefir Landsbankinn nú starfað, og allan þann tíma hafa engin óhöpp viljað til, sem áhrif gætu haft á tilveru bankans. Erlend reynsla um seðlabanka sýnir líka, að þeirra starfsemi fylgir ekki mikil áhætta fyrir ríkið, og það eins frá þeim tímum, þegar ríkisbankarnir ráku almenna bankastarfsemi. Að vísu verður okkar seðlabanki frábrugðinn flestum öðrum seðlabönkum, sem nú eru við lýði, að því leyti, að hann hefir við hlið sjer allstóra sparisjóðsdeild. En alt fram að lokum síðustu aldar, og sumstaðar lengur, var það svo um flesta erlenda seðlabanka, að þeir ráku innlánsstarfsemi samhliða hinu, og þrátt fyrir innlausnarskylduna var lítið um óhöpp hjá þeim. Enda var það svo um

þann manninn í milliþinganefndinni, sem ekki fjelst á það, að ríkissjóður bæri ábyrgð á bankanum, að hann lagði ekki aðalálhersluna á áhættuna fyrir ríkissjóð, heldur á hitt, að með því að takmarka ábyrgð ríkissjóðs mætti halda sparifje landsmanna frá seðlabankanum og beina því til annara banka og sparisjóða. En ef áhættan er engin, þá er ekki hægt að halda sparifje frá bankanum með neinni takmörkun á ríkisábyrgð.

Jeg fyrir mitt leyti geri þetta ekki að svo stóru atriði, að jeg telji ástæðu til að vera með eða móti frv. eftir því, hvernig fer um þetta ákvæði, eða eftir því, hvort 1. gr. verður eins og hún er nú eða ekki. Jeg sje ekki ástæðu til að óttast það, þó að 1. gr. verði eins og hún er, að það hái bankanum eða að sparifje verði tekið út.

Jeg legg miklu fremur áherslu á hitt, að hvort sem þetta ákvæði stendur í lögunum eða ekki, þá munu landsmenn hafa það á tilfinningunni, að Landsbankinn sje öruggasta peningastofnunin í landinu, og ef það kæmi fyrir, að einkastofnanir yrðu taldar tortryggilegar, þá líti almenningur svo á, að þessi stofnun, sem er ríkisstofnun, sje altaf trygg.

Að ætla að gera ráðstafanir til, að almenningur álíti seðlabanka ríkisins eins ótrygga stofnun eins og einkastofnanir kunna að vera eða verða, til þess að beina sparifje frá honum til einkabanka, álít jeg óviðeigandi og óeðlilegt. Seðlabankinn á að vera tryggur og sparisjóðsdeildin á að vera trygg. Á annan veg má ekki frá þessu ganga.

Til þess að beina sparifjenu frá bankanum eru alt aðrar leiðir, og í raun og veru aðeins eitt ráð, sem dugir, og það er lækkun innlánsvaxta. Þyki bankastjórninni of mikið innlánsfje streyma til sín, getur hún á hverjum tíma bandað hendinni á móti því, með því að lækka vextina, þangað til menn vilja heldur fara annað með sparifje sitt. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að bankastjórnin geti farið með vextina niður í 0, ef þörf krefur til þess að takmarka innlánsfje hæfilega.

Það er yfirleitt mjög óviðfeldið að hafa þetta ákvæði í lögunum, að ábyrgð ríkisins sje takmörkuð. Aðrar þjóðir leggja einmitt áherslu á það, að ríkið beri ábyrgð á þjóðbankanum. Í Svíþjóð, til dæmis, er það tekið fram í 72. gr. sjálfrar stjórnarskrárinnar, að ríkið beri ábyrgð á þjóðbankanum, svo mikil áhersla er á það lögð, enda er þar enginn ágreiningur um það, að ríkið eigi að bera ábyrgð á seðlabankanum.

Þá kem jeg að brtt. II. á þskj. 568. 1. brtt. er þess efnis, að bankinn sje ekki skyldur til að innleysa seðla sína með myntuðu gulli, heldur sje honum skylt, ef þess er krafist, að selja gull í miltum fyrir seðla þá, sem hann hefir gefið út, þó aldrei minna í einu en eitt gullmilti, 12,4414 kílógr. að þyngd, sem jafngildir 28283,42 krónum í seðlum. Þetta mundi takmarka að miklum mun eða draga til fulls úr notkun gulls sem gjaldeyris í landinu, en gullinnlausnin gerði eigi að síður sama gagn og áður. Það er ástæða fyrir okkur að fara líkar brautir og aðrar þjóðir í þessum efnum. En það er nú pólitík stórveldanna að setja gullið ekki í umferð, heldur halda því inni í bönkunum. Þetta er gert til þess að verðfesta gullið og gera grundvöll

gjaldeyrisins stöðugri. Þjóðirnar hafa sjeð nauðsynina á þessu eftir ófriðinn, og um þetta hefir náðst gott samkomulag og smáþjóðirnar hafa fengið áskoranir um það að skerast ekki úr leik í þessu efni. Það mun nú ekki hafa mikil áhrif á verðbreytingar gullsins, hvernig við Íslendingar förum að í þessu efni. En það er nauðsynlegt fyrir okkur sem aðra, að stórþjóðirnar hafi þessa gullpólitík, þessa festingarstefnu á sviði gullsins. Því er það ekki viðeigandi, að við skerumst úr leik, og það því síður, sem það verður okkur aðeins til kostnaðar, en einskis gagns. Því fylgir myntunarkostnaður, vaxtatap, tap á sliti gullsins í umferð, en hinsvegar fylgja því engir kostir. Þegar þetta fer saman, að við getum tekið þátt í heimspólitíkinni og sparað fje, þá er það fljótsjeð, að okkur ber að fara þá leiðina, fremur en hliðargötur, er valda okkur óþarfa kostnaði.

Þá er annar liður þessarar brtt., en hann er bein afleiðing af þessum fyrsta lið.

Þá er þriðji liður þessarar brtt. þess efnis að skipa bankaráðsformanninn til 3 ára, í stað 5 ára. Hefi jeg fallist á þá tillögu til samkomulags við þá, sem telja nauðsynlegt, að meiri hluti hvers kjörtímabils geti fengið tækifæri til að hafa áhrif á skipun bankaráðsformanns, ef það þykir nauðsynlegt. Sje jeg ekkert því til fyrirstöðu. Tel, að hver flokkur eigi svo mikið undir framkomu annara flokka síðar um skipun bankaráðsformanns, að það aðhald eigi að nægja til að tryggja, að rjettvísir menn verði skipaðir í þá stöðu, en engir flokksberserkir.

Þá er 4. liður brtt. við 37. gr. Við þrír, sem berum fram þessar brtt., teljum það óþarft, að tveir bankaráðsmenn, auk formannsins, komi daglega í bankann. Við álítum, að ekki sje alt fengið með því, þótt þeir sjeu að ráfa þar daglega, enda er ákvæðið um þetta loðið. Það er sagt, að þessir menn skuli „að jafnaði" koma þarna daglega. Það er meira undir því komið, að bankaráðsmennirnir sýni elju og samviskusemi í því að kynna sjer hag bankans og stjórn hans og meira vert um „karakter" þeirra heldur en hitt, að þeir komi daglega í bankann. Úr því yrði fremur ráf en starf.

Þá er brtt. III. á þskj. 568. Hún er alþekt hjer í deildinni og þinginu, þess efnis, að allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, sem hafa fje á vöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám og skipulagsskrám. Sama á að gilda um ríkisfje og fje, sem opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Rökin með og móti þessari tillögu hafa svo þráfaldlega verið borin hjer fram, að jeg hirði ekki um að rifja þau upp að nýju, og skal ekki fara lengra út í þá sálma. Tel jeg nægilegt, að menn sýni nú með atkvæðagreiðslunni afstöðu sína til tillögunnar.

Þá er síðasta brtt. á þessu þskj. við 55. gr., um það, að ráðherra sjái um, að eftirlitsmaðurinn með bönkum og sparisjóðum framkvæmi úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Þessi brtt. er einnig kunn frá hv. Ed., og liggja að henni þau rök, að eftirlitsmaðurinn hlýtur að vera hæfastur allra manna til þess að framkvæma

þetta mat. Svo sem kunnugt er, hefir Landsbankinn viðskifti við ýmsar stofnanir, þar á meðal Íslandsbanka, en engum manni er eins vel kunnur hagur Íslandsbanka sem bankaeftirlitsmanninum. Því mun það vera nokkuð örðugt fyrir aðra að framkvæma þetta mat. Úr því að til er sjerstakur embættismaður á þessu sviði, þá liggur beint við að fela honum þetta starf. Vænti jeg því, að hv. þdm. taki þessari brtt. vel og greiði henni atkvæði sitt, sem og hinum, sem jeg nú hefi nefnt.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. nefndarinnar og athugasemdir þær, sem fram hafa komið um þær. Það má nú segja, að hæstv. forsrh. hafi ekki tekið illa í þær. Hann mintist á 9. brtt., við 34. gr. Hann hafði ekki mikið við það að athuga, að bankaráðsmennirnir væru kosnir af sameinuðu þingi, en taldi þó eðlilegast, að Ed. og Nd. kysu sinn helminginn hvor. En jeg verð nú að halda því fram, að flokkaskifting ráði meira í þessum efnum en deildaskifting. Það er aldrei neinn rígur hjer á milli deildanna. Þó að þær sjeu oft ekki á sama máli, þá eru þær aldrei skoðaðar sem tvö ríki. Við þessar kosningar bankaráðsmannanna verður það auðvitað flokkaskiftingin, sem mestu ræður, og er því eðlilegast, að kosning þeirra fari fram þar, sem flokkarnir mætast í heild, sem sje í sameinuðu þingi.

Þá taldi hæstv. forsrh. sig samþykkan því, að rjett sje að lækka laun bankaráðsmannanna. En þess er þó að gæta, að hafi verið sanngjarnt að borga bankaráðsmönnum 2000 kr. samkv. frv. stjórnarinnar og frv. milliþinganefndarinnar, þá eru 3000 kr. síst of hátt eftir starfi því, sem bankaráðsmönnunum er ætlað samkv. þessu frv. eins og það liggur nú fyrir. Nú er starfið orðið daglegt embættisstarf, líkt og kenslustarf, enda hefir hv. Ed. sett hækkun launanna inn í sambandi við aukningu starfsins. Mjer finst meira um það vert, að bankaráðsmennirnir leggi vinnu og áhuga óskert í starf sitt en hitt, hvort bankinn leggur nokkru meira eða minna fje fram til starfsins.

Þá sagði hæstv. forsrh., að þegar ákvæðin um dýrtíðaruppbót bankastjóranna væru flutt yfir í bráðabirgðaákvæðin, þá væri rjett að hafa þar líka ákvæðin um dýrtíðaruppbót bankaráðsmannanna. Þetta er rjett og verður tekið til athugunar.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það leiddi af stöðu bankaráðsins, að bankastjóri gæti skotið máli sínu til þess. Það væri yfirstjórn bankans. En þess er að gæta, að í 38. gr. frv. er starfsvið bankaráðsins afmarkað mjög nákvæmlega og verður, að jeg hygg, að álíta þá upptalningu tæmandi. Það er mjög vafasamt t. d., að bankaráðið gæti tekið sjer úrskurðarvald um eina lánveitingu eða lánssynjun.

Þá kom hæstv. ráðh. að hinu margumtalaða ákvæði í 42. gr. frv., um alþingismennina og bankastjórana. Hæstv. ráðh. benti á það, að 2 þm. hjer í deild hefðu átt sæti í milliþinganefndinni og væru því meðal höfunda þessa ákvæðis. Þessir þm. eru hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og jeg. En jeg segi fyrir mig, að jeg varpaði öll-

um mínum áhyggjum um þetta atriði upp á formann nefndarinnar, sem var lögfræðingur. Jeg taldi þetta hreint lögfræðispursmál. — Jeg skal ekki segja, hvaða úrskurð við, eða formaður nefndarinnar, hefðum lagt á þetta, ef það hefði beinlínis verið fyrir okkur lagt. Okkur þótti þetta heppilegt, og jeg álít enn, að svo hafi verið, en það, hvort gengið hafi verið nærri stjórnarskránni, kom ekki til álita í nefndinni, og jeg fyrir mitt leyti hugleiddi það alls ekki, enda get jeg ekki fallist á, að svo sje. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, komst þetta atriði alls ekki á dagskrá, fyr en stjfrv. bætti við hinum stjórnskipuðu bankastjórum Íslandsbanka, eingöngu af því, að engum var kunnugt um, að bankastjórar Landsbankans hugsuðu til þingsetu, en hinsvegar var það vitanlegt, að annar af hinum stjórnskipuðu bankastjórum Íslandsbanka er mjög við stjórnmál riðinn og hefir hvað eftir annað boðið sig fram til þings. Annars er það mjög lítið, sem ber á milli nefndarinnar og hæstv. forsrh. Það er aðeins smávægilegur skoðanamunur.

Um brtt. á þskj. 568 get jeg sagt það, að mjer var kunnugt um, að þær mundu koma fram. Það var rætt um það í nefndinni. Einkum er alkunnugt það mál, hvort ríkissjóður skuli bera ótakmarkaða ábyrgð á bankanum, eða ábyrgð, sem sje takmörkuð við stofnfje og varasjóð bankans. Um þetta má lengi deila. Þetta atriði varð strax valdandi ágreiningi í meiri hluta millinganefndarinnar. Mjer finst í raun og veru ekki vera mjög mikið úr þessu gerandi, en frá því fyrsta hefi jeg hallast eindregið að því, að rjett sje að taka það skýrt fram í lögunum, hvor leiðin er farin. Jeg er einmitt mjög mótfallinn þeirri afstöðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að geta ekkert um þetta. Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara langt út í mínar ástæður fyrir því, að jeg er með ákvæði um að takmarka ábyrgð ríkissjóðs við stofnfje bankans. Flestir álíta, að ekki sje heppilegt, að seðlaútgáfubanki hafi mikið sparifje með höndum, og sumir álíta, að slíkur banki eigi alls ekkert sparisjóðsfje að hafa. Vitaskuld er það svo, að ef þetta ákvæði verkar nokkuð, þá verkar það í þá átt að draga sparisjóðsfje að bankanum, og það, sem lakast er, er það, að sparisjóðsfje dregst helst að bankanum, þegar hann vill vera laus við það. Þegar alt er á hverfanda hveli og menn vilja peninga sína trygga í bankanum, þá er ótryggast að lána út og koma fjenu vel fyrir. Að ætla sjer að hafa mismunandi innlánsvexti, eins og hv. þm. V.-Ísf. vill, dugir ekki, þegar menn eru orðnir hræddir um fjeð og vilja hafa það á tryggum stað. En með því að færa innlánsvextina niður í núll, þarf bankinn ekki að lána fjeð út, en getur geymt það í hvelfingum sínum. En jeg held, að það sje hætt við, að erfitt sje fyrir bankastjórana að fylgjast svo vel með því, hvenær er hættulegt að lána út, að þeir geti ekki verið búnir að gera tjón þegar þar að kemur. — Ef til þess kæmi, sem jeg vona, að aldrei verði, að svo sje komið fyrir bankanum, að eitthvað af innstæðufje sje tapað, þá vil jeg, að Alþingi sje óbundið og geti gert þær ráðstafanir, sem það vill. Sennilega mundi það gera þær ráðstafanir, að enginn tapaði neinu, en þó gæti hagur ríkissjóðs

verið svo, eftir undangengna erfiða tíma, að menn skoðuðu huga sinn um, hvort hægt væri að standa við allar skuldbindingar. — Jeg held, að sú rjetta aðferð sje höfð, nefnilega sú, að leggja bankanum til ríflegt stofnfje. Stofnfjár- og varasjóðsákvæði eru mjög rúm, með tilliti til þess, hvað bankinn getur lagt mikið til hliðar áður en hann borgar út vexti til ríkissjóðs. Varasjóður getur komist upp í 4—5 miljónir króna. Þá er bankinn svo tryggur, að ekki er ástæða til að hlaupa frekar undir bagga með honum með aukinni ábyrgð.

Það hefir verið sagt, að reynsla Íslandsbanka sýndi, hvað fjeð væri fljótt að fara. En það er ekki alveg hægt að fara eftir þeirri reynslu. Undanfarin ár hafa verið bernskuár íslenskra bankamála, og þó að við sjeum raunar enn börn í þeim málum, er þó nokkur reynsla fengin nú. Undangengin erfið ár hafa verið skóli fyrir þá, sem stjórna bankanum, svo að ekki virðist ástæða til að óttast, að bankinn þurfi í framtíðinni að steyta á þeim sama steini og áður. Það er best fyrir ríkið, eins og fyrir einstaka menn, að vita, að hverju það gengur.

Þá kem jeg að brtt. II.1, sem er þess efnis, að bankanum sje skylt, ef þess er krafist, að selja gull í miltum fyrir seðla þá, er hann hefir gefið út. Jeg vil ekki leggja mig í framkróka á móti þessu, því að persónulega er jeg sammála hv. þm. V.-Ísf. um það, enda lagði meiri hl. milliþinganefndarinnar það til. En fyrir mjer er þetta ekkert aðalatriði. Jeg skil það svo, að gullmilti sje eini áfanginn á þeirri braut, frá því að seðlarnir eru óinnleysanlegir og alla leið upp í fulla gullinnlausn. En þó að bankar víðsvegar um heim hafi tekið upp þennan gullvíxilfót, er þó stefnt að því að taka upp gullinnlausn beinlínis með peningum. Að minsta kosti hefir „governor" Englandsbanka sagt, að Englandsbanki stefndi að því, en að það gæti orðið langt þangað til takmarkinu yrði náð. Það skaðar sem sagt ekki, þó að svo sje ákveðið, að innlausnin sje með gullmynt, en það má alveg eins fyrir því taka upp gullmiltisinnlausn áður.

Jeg er sammála hv. þm. V.-Ísf. um, að formaður bankaráðsins sje í sinni stöðu meðan hann reynist vel, en mjer finst brtt. ekki miða að þessu, þar sem kjörtími hans er styttur. Það er einmitt mjög hætt við því, að einhver af mismunandi stjórnum noti vald sitt til þess að skipa nýjan mann. Ef heppilegt er, að sami maðurinn sje lengi í þessari stöðu, er ekki gott að leggja vald til að skipa hann í hendur hvaða stjórnar sem er. Till. kemur því í bága við röksemdir hv. þm. V.-Ísf.

Jeg ætla ekki að fara út í brtt. II.4. Ákvæði hennar eru að mestu leyti í sama formi og er í stjfrv. Jeg hefi skýrt frá því áður, að það, að meiri hl. nefndarinnar hefir ekki gert fleiri breytingar á frv. eins og það kom frá Ed., er af því, að hún vildi hvetja til samkomulags á milli deildanna um frv. Mun jeg því ekki greiða þessari tillögu atkvæði mitt, þó að jeg í sjálfu sjer sje henni ekkert mótfallinn.

Brtt. III. er jeg alveg mótfallinn, en jeg tek sama ráðið og hv. þm. V.-Ísf., að eyða ekki tíma í að ræða hana. Það hefir þegar verið talað mjög

mikið um hana, meðal annars hjer, þegar þetta mál var til umr. í fyrra. Það hefir oft verið bent á, hver ósanngirni er í því að draga þannig fje frá lánsstofnunum úti um land eingöngu að þessum eina banka. Ef menn eru á því, að alt það starfsfje streymi til bankans, sem hann þarf að nota, er honum enginn akkur í því, að svo og svo miklu fje sje bætt við. Enda er það svo, að það er nærri ómögulegt að fá þessu ákvæði hlýtt.

Síðasta brtt. er um það, að úttekt sje framkvæmd af bankaeftirlitsmanni. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að bankaeftirlitsmaðurinn annaðhvort sje í þeirri nefnd, sem framkvæmir starfið, eða vinni að minsta kosti með henni, því að hann er eini maðurinn, sem hefir verulega þekkingu á báðum stofnununum. Mikið er undir því komið, að þessi úttekt njóti sem mests trausts manna, og er því betra, að hún sje framkvæmd af fleiri mönnum en einum. Auk þess held jeg. að þetta verði svo mikið verk, að ofviða sje einum manni að framkvæma það. Þó að bankaeftirlitsmaðurinn sje manna liðtækastur, bæði hvað snertir æfingu og kunnugleika, er ómögulegt annað en að 2—3 færir menn aðrir geti flýtt fyrir úttektinni. Þegar matið á að fara fram, verður það ákaflega mikið verk. Eins og hv. þm. V.-Ísf. tók fram, þarf ekki aðeins að skoða bankann, heldur einnig að athuga hans viðskiftamenn, og þá ekki síst þann stærsta, nefnilega hinn bankann.

Út af ákvæði 5. gr. um stofnfje bankans skal það tekið fram, að nefndin lítur svo á, að bankinn skuli hafa stofnsjóð sinn, 5 milj. kr., fullan og óskertan í upphafi. Þó að svo sje að orði kveðið, að „þar af" sjeu 2 milj. innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50 1913, þá er ekki með því átt við það, að stofnsjóður skuli bíða neinn halla af því, þó að nokkuð af því kynni að vera talið tapað, þegar bankinn verður metinn í hendur bankaráðsins, heldur er aðeins átt við það, að þessar 2 miljónir greiðist stofnsjóði eftir sömu reglu og áður, með 100 þús. kr. á ári. Vildi jeg beina þeirri spurningu til hæstv. forsætis- og fjármálaráðherra, hvort hann líti ekki einnig þannig á þetta ákvæði.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi leyft mjer að afhenda brtt. við fyrstu brtt. hv. nefndar, sem jeg vona, að hv. nefnd geti fallist á. Hún er sú, að í stað þess, að nefndin vill láta koma ákvæði um, að bankaráðið geti falið útibúum sparisjóðsdeildar að innleysa seðla og kaupa gull, falli sá málsliður niður. Mjer sýnist brtt. hv. nefndar ekki geta staðist, af því að 9. gr. ákveður, eins og hún verður með brtt. nefndarinnar, að gullforði bankans skuli ávalt vera fyrir hendi í bankanum. En það er ekki hægt að fela neinu útibúi sparisjóðsdeildar að innleysa seðla, nema til sje þar gullforði til innlausnar. Það er ekki þörf á að gera ráð fyrir, að innleysa þurfi seðla með gulli annarsstaðar en í aðalbankanum. Ef gull kemst í umferð hjer, skiftir hver peningastofnun seðli og seðli fyrir menn. Ef þessi breyting verður gerð á 1. brtt. nefndarinnar, má samþ. þær aðrar brtt. við 9. gr. og 13. gr., sem snerta útibú seðlabanka, og þá verður fult samræmi innan annars kafla laganna.

Út af ummælum háttv. frsm. um

stofnfjeð skal jeg taka það fram, að jeg get fallist á þá skoðun hv. nefndar, að ákvæði 5. gr. þýði það, að bankinn eigi að byrja með því stofnfje óskertu, en um greiðslu innskotsfjár megi fara eftir núgildandi lögum. Með þessum skilningi áskil jeg þó landsstjórninni, úttektarmönnum og bankaráðinu rjett til að ákveða nánar þann tíma, sem úttektin er miðuð við, þó þannig, að hún fari ekki fram seinna en í árslok 1930, þegar skiftin milli sparisjóðs og seðladeildar eiga að vera komin í framkvæmd. Það verður hvort sem er að miða við einhver áramót í bankanum, því að óframkvæmanlegt er að miða mat á bankanum við þann dag, sem lögin ganga í gildi.

Jeg vil vekja athygli á því, að þessi skilningur og þetta ákvæði um stofnfjeð felur það í sjer, að ríkissjóður hefir með þessum lögum tekið fulla ábyrgð á því, að til sje óskert það innstæðufje, sem nú er í Landsbankanum, eða verður, þegar skiftin koma til framkvæmda, þannig að þeir, sem nú eiga innstæður í bankanum, þurfa ekkert að óttast af því ákvæði, sem um er deilt í 1. gr. og í framtíðinni takmarkar ábyrgð ríkissjóðs við stofnfje og það, sem að öðru leyti kann að verða ákveðið með lögum.

Jeg skal svo koma að því, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði um þetta ákvæði 1. gr. Hann sagði, að meiri hluti meiri hlutans í milliþinganefndinni vildi hafa til frambúðar ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum bankans, og að hvenær sem stofnfje bankans væri skert, ætti ríkið að bæta það upp jafnóðum. Hv. þm. vísaði um þetta atriði í seðlabankalög annara ríkja. Það er alveg rjett, að þetta er til, en það er mjög fágætt. Þegar við mig var talað af mönnum í milliþinganefndinni um þetta, sagði jeg, að jeg gæti tekið það til athugunar, að ríkið bæri ótakmarkaða ábyrgð á seðlabanka, en hitt gæti jeg ekki fallist á, að til frambúðar bæri ríkið ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum stærsta sparisjóðs landsins. Ástæðan til þessa er ekki svo mjög sú, að með þessu sje verið að halda sparisjóðsfje frá bankanum, eins og hv. þm. V.-Ísf. heldur, heldur hitt, að gefa ekki mönnum undir fótinn á erfiðum tímum að hlaupa með peninga úr öðrum sparisjóðum til Landsbankans, í skjóli ríkisábyrgðar. Þessu er rjett að sneiða hjá. Jeg vil geta þess, að af þeim bankastjórum Norðurlanda, sem hafa látið í ljós álit sitt á þessu, kemur það skýrast fram hjá Rygg, bankastjóra Noregsbanka, að hann hefir augun opin fyrir þessu, og að ekki má haga löggjöfinni þannig, að aðrar bankastofnanir kyrkist. Nú hefði jeg vel getað sætt mig við, að um þetta hefði verið þagað, eins og gert er í stjfrv., og látið sitja við það, sem var, en af viðburðum, sem kunnir eru af þingskjölunum, er ekki annað fært en að setja þetta ákvæði beinlínis í 1. gr. frv. Það er náttúrlega rjett hjá hv. þm. V.-Ísf., að þetta ákvæði út af fyrir sig heldur ekki sparifje frá Landsbankanum. En hitt er ekki nægilega ljóst, hvaða aðstöðu þessi stofnun hefði til þess að bægja frá sier óeðlilegu aðstreymi á sparifje. Það er rjett, að seðlabanki getur gert þetta

með lágum vöxtum. Hann getur lækkað vextina og sett þá niður í ekki neitt, ef honum sýnist svo eða telur það nauðsynlegt til að verjast útstreymi frá öðrum peningastofnunum til sín. En þetta getur sparisjóðsdeild Landsbankans ekki gert. Hún getur ekki sett vextina takmarkalaust niður á krepputímum. Hún verður að hafa sína föstu og rólegu vexti. Hún getur að vísu haft þá lægri á einum tíma en öðrum, en hún getur ekki gripið til þess á erfiðum tímum að færa þá niður í ekki neitt til þess að verjast innstreymi af of miklu fje.

Það var rjett til getið hjá sama hv. þm., að andstaðan gegn ríkisábyrgð stafar af því, að menn vilja ekki hafa ríkisábyrgð fyrir því fje, sem geymt er í sparisjóðsdeild Landsbankans, og sú andstaða byggist á því, að menn telja það hættulegt fyrir aðrar peningastofnanir í landinu, sem mundu þá missa af sparifje manna. Hitt er eflaust líka rjett hjá honum, að menn munu samt sem áður álíta þennan sparisjóð vel tryggan og að þangað leiti menn með sparifje sitt þrátt fyrir þessa takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs.

Þá er næsta brtt. á sama þskj., um að ákveða gullmilti til innlausnar seðlum bankans, í stað mótaðs gulls eða gullpeninga. Jeg get ekki fallist á, að rjett sje að taka þetta ákvæði í lögin, og það vegna þess, að jeg veit ekki betur en að álit flestra fjármálamanna víðsvegar um heim sje á sömu lund, að gullmiltainnlausn í stað gullpeningainnlausnar sje aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Og hvað sem annars líður Genúafundinum 1922, sem vitnað hefir verið í, þá munu flestir fjármálamenn orðnir þeirrar skoðunar nú, að gullpeningar hljóti að koma aftur í umferð, og það kannske áður en langt um líður. Það er því að minsta kosti alveg saklaust að láta 7. grein standa eins og hún er í frv., því að samkvæmt 57. gr. kemur þetta ekki til framkvæmda fyr en Alþingi ákveður það, enda gæti Alþingi hvenær sem er ákveðið að taka upp sem millibilsástand þá tegund innlausnar, sem í brtt. felst. Það sýnist ekki rjett að slá því föstu, að þetta sje endanleg ráðstöfun, þar sem vitanlegt er, að þetta hefir aðeins verið tekið upp til bráðabirgða; þess vegna þarf jeg ekki að fara út í það, sem hv. aðalflm. till. (ÁÁ) sagði um ókosti þá, er því fylgdu að hafa gull í umferð manna á milli. Reynslan verður að skera úr því, hvort gull kemur aftur í umferð á Norðurlöndum eða ekki, en við hjer úti á Íslandi ráðum vitanlega engu þar um.

Um þá brtt. að færa skipunartíma bankaráðsformannsins úr 5 árum niður í 3 hefi jeg lítið að segja. Jeg þykist vita, að allir sjeu sammála um, að þessi maður eigi að standa fyrir utan dægurþrasið og vera laus við áhrif frá hinum pólitísku flokkum, er deila í landinu. Vænti jeg því, að hv. þdm. leggi ekki mikið upp úr þessu atriði um skipunartímann, en hallist fremur að því, sem í frv. stendur og er upp í það tekið samkv. till. milliþinganefndarinnar, beint með það fyrir augum að verjast betur pólitískum áhrifum flokkanna.

Þá kem jeg nú að lengstu brtt. á þessu þskj. (568), II.4, sem er um

verkaskifting og starfsemi bankaráðsins. Því hefir verið haldið fram, að ákvæði frv. væru betri og ítarlegri og feli í sjer meiri tryggingu fyrir góðu eftirliti í bankanum heldur en brtt. gerir ráð fyrir. Mjer skildist, að hv. þm. V.-Ísf. teldi, að eftir frv. væru bankaráðsmennirnir á daglegum flækingi innan um afgreiðslusal bankans og jafnvel að blanda sjer þar í daglegt störf. En þetta er mikill misskilningur. Bankaráðsmennirnir hafa sjerstakt herbergi í bankabyggingunni, þar sem þeir gera athuganir sínar, og þangað eru þeim færðar bækur bankans, svo að engin hætta er á, að þeim verði sjerstaklega tíðförult um bankann. Enda skal jeg játa, að óviðkunnanlegt væri, að bankaráðið væri á daglegu rápi um afgreiðslusal bankans, en til þess kemur ekki, þó að ákvæðin um starfsemi bankaráðsins standi óbreytt eins og frá þeim er gengið með frumvarpinu.

Þá er það þriðja brtt. á þessu sama þskj., og er fyrri liður hennar gamall kunningi, um það, að opinbera sjóði, svo og handbært fje ríkissjóðs, skuli geyma í Landsbankanum og útibúum hans. Að vísu tók hv. aðalflm. (ÁÁ) það fram, að það gæti legið eins nærri, að þetta fje ætti að geymast í sparisjóðsdeild bankans og útibúum hans. En um sumt af þessu fje gæti staðið svo á, að eðlilegt væri að geyma það einmitt í seðlabanka, eins og t. d. um handbært fje ríkissjóðs. Hitt verð jeg að telja óviðeigandi, að veita bankanum þau sjerrjettindi, eins og honum er ætlað að vera, að ákveða með lögum, að allir opinberir sjóðir feli honum fje sitt til geymslu. Hinsvegar er eðlilegt, eins og hagar til hjá okkur, að ríkið skifti við seðlabankann eins og kleift er. En það leiðir af sjálfu sjer, að hvaða stjórn sem er verði að taka upp viðskifti við fleiri banka en Landsbankann, hvort sem heldur er innanlands eða utan.

Þá er það síðari liðurinn, um að eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum framkvæmi úttekt á bankanum í hendur bankaráðs. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, eins og frv. er nú, að bankaeftirlitsmaðurinn eigi sæti í þessari nefnd, og sje ef til vill formaður hennar, eða að minsta kosti, að hann eigi sæti í henni. En þegar um jafnstóra úttekt er að ræða og hjer á sjer stað, og byggja á á henni, hvað mikið stofnfje ríkissjóður leggur fram, þá tel jeg rjettara, að það sje bygt á traustara grundvelli en svo, að einum manni sje falið þetta starf. Þegar fer að velta á hálfri eða heilli miljón, þá virðist mjer að minsta kosti, að tryggara sje um alt búið með því að fleiri meti. Þess vegna held jeg, að þessi till. eigi ekki að komast fram.

Björn Líndal: Þó að jeg hafi átt sæti í þeirri nefnd, sem þetta mál hefir haft til meðferðar bæði í fyrra og eins nú, þá er það í fyrsta sinn, að jeg kveð mjer hljóðs um það. Ástæðan til þess, að jeg hefi ekkert látið til mín heyra, er sú, að jeg hefi ekki talið mig vera neinn sjerfræðing í bankamálum, en vitað hinsvegar, að nefndin hafði færari mönnum á að skipa en mjer til þess að halda uppi vörnum fyrir sig. Það er heldur engan veginn svo, að jeg ætli að fara að halda langa ræðu um þetta mál í heild sinni, heldur er það hitt, að jeg vildi ekki láta frv. fara svo framhjá mjer, að jeg

mintist ekki lítilsháttar á eitt atriði þess, og það atriði, sem valdið hefir allmiklum deilum og er þannig vaxið, að jeg verð að líta svo á, að jeg geti nokkurnveginn eins vel um það dæmt og allur þorri hv. deildarmanna. Og þetta atriði er ákvæðið í 42. gr. frv. um það, að alþingismenn megi ekki vera bankastjórar, en það tel jeg í raun og veru það sama og að svifta bankastjórana kjörgengi.

Því hefir verið haldið fram, að þetta væri brot á stjórnarskránni. Um það skal jeg ekkert segja að svo stöddu. En á það vildi jeg benda, að ef þetta verður samþ., þá hefir Alþingi þar með slegið föstu, að með einföldum lögum megi útiloka menn frá þingsetu, og er ekki ósennilegt, að fleiri stjettir komi á eftir, sem verði að beygja sig undir þetta ok. Ef þetta verður gert nú, finst mjer komið inn á þá braut, að Alþingi geti hvenær sem er svift menn kjörgengi, og þegar svo er komið, verður ómögulegt að segja, hvað langt það getur gengið.

Í fyrra bar einn af hv. þm. Ed., sem sjálfur telur sig aðalforingja næststærsta flokksins í þinginu, fram till. um það að svifta sýslumenn og bæjarfógeta kjörgengi, og allir vissu, að ástæðan til þess var sú, að flm. var persónulega í nöp við einn af bæjarfógetunum, sem átti og á sæti á þinginu. Að vísu var till. þessi steindrepin, sem sjálfsagt var líka, en komist nú þessi flokkur í meiri hluta, er ekkert sennilegra en að þessi till. eða önnur samskonar stingi aftur upp höfðinu og verði samþ. í lagaformi. Jeg get líka bent á, að þessi sami flokksforingi, sem flutti till. í fyrra, hefir þrásinnis bæði í ræðu og riti hamrað á því, að íslenskir kaupmenn væru slíkir skaðræðisgripir þjóðfjelagsins, að þeir ættu að hverfa úr sögunni sem allra fyrst. Um þessa hættulegu menn hafa staðið langar árásargreinar í blöðum flokksins og tímariti, sem hann gefur út. Nú er vitanlegt, að innan kaupmannastjettarinnar eru sumir nýtustu og bestu synir þjóðarinnar og að slíkar árásir, sem bornar hafa verið á þá, eru með öllu ómaklegar. En fari nú svo, að þessi flokkur, sem hefir það á stefnuskrá sinni að ganga milli bols og höfuðs á kaupmannastjettinni, komist í meiri hluta á Alþingi, má búast við, að það verði eitt af fyrstu frægðarstrikum hans að svifta alla kaupmenn kjörgengi.

Hver takmörk verði fyrir þessu, er ómögulegt að segja, ef gengið verður inn á þá braut að banna með einföldum lögum ákveðnum mönnum þingsetu. Þess vegna mun jeg greiða atkv. þeirri till. nefndarinnar að nema þetta ákvæði úr frv., því að jeg tel stórhættulegt til frambúðar að skapa það fordæmi, að svifta megi menn slíkum rjettindum með einföldum lögum.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla ekki að fjölyrða um málið að þessu sinni, en aðeins benda á tvent í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði.

Hið fyrra er það, sem hann benti á, að með lögum þessum væri tekin ábyrgð á öllu innstæðufje í Landsbankanum. Það var skoðun meiri hl. milliþinganefndarinnar í bankamálum, að þessi ábyrgð ætti sjer ekki stað eftir lögunum frá 1886.

En hvernig stendur þá á því, að svo

auðveldlega hefir gengið að fá hv. þm. til þess að samþ., að ríkið taki ábyrgð á lánum bankans, og það ár eftir ár og á verstu tímum, sem yfir bankann hafa gengið? Það stendur svo á því, að á bak við slíkar samþ. liggur það, að þjóðinni beri siðferðiskylda til að ábyrgjast um lán bankans að því leyti, að hann geti staðið við skuldbindingar sínar.

Hitt atriðið, sem jeg vildi spyrjast fyrir um, er það, hvers vegna sparisjóðsdeildin getur ekki breytt sínum innlánsvöxtum, úr því seðladeildin getur það. Ef þetta hvorttveggja er rjett, þá skilst mjer, að ekkert vald sje til, sem geti ráðið því, hve mikið fje streymir að bankanum. Jeg hafði litið svo á, að sparisjóðsdeildin hefði vald til þess að haga vaxtakjörum eftir þörfinni, til að draga fje að eða frá bankanum — og svo er það! Staðreyndum er ekki vert að neita.

Fólk er ekki vant við vaxtabreytingar hjer eftir sömu reglum og sumstaðar annarsstaðar. Vaxtabreytingar hafa hingað til farið eftir því hjer, hvort bankarnir tapa eða græða. Og þegar hjer kemur sparisjóðsdeild, sem veit, að hún á ekki að draga að sjer alt sparifje landsmanna, þá hygg jeg, að henni mundi fljótt takast að temja menn við þetta fyrirkomulag.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg veit ekki, hvort það hefir komið nógu skýrt fram í ræðu minni, það sem jeg vildi sagt hafa um ábyrgð ríkissjóðs á stofnfje bankans. En um stofnfje hans fer vitanlega eftir mati úttektarmanna, hve mikið ríkissjóður leggi til. Þess vegna mátti ekki leggja þann skilning í orð mín, að þeir menn, sem nú eiga sparifje í bankanum, ættu ríkissjóðsábyrgð á öllu því fje, sem liggur í bankanum um aldur og æfi.

Þá spurði hv. þm. (ÁÁ), hvers vegna sparisjóðsdeild gæti ekki breytt sínum innlánsvöxtum eftir vild, svo sem henni þætti þurfa til þess að verjast óeðlilegu aðstreymi innlánsfjár. Það er af því, að sparisjóðsdeildin getur ekki gert sjer neinn mannamun um sína innlánsvexti. Það liggur í allri tilhögun sparisjóðsstarfsemi, að þar verður að vera föst regla um innlánsvexti, svo að allir, sem láta fje sitt þar inn upp á sömu skilmála, t. d. upp á það að mega taka það eftir svo og svo marga daga, fái sömu vexti á sínum tíma. Það er ekki framkvæmanlegt fyrir sparisjóð, sem hefir 30 milj. innstæðufje, að fara að gera stóra breytingu á vöxtum á allri þeirri fúlgu fyrir það, að hann fær svo sem ½ milj. meira eða minna. — En seðlabankinn hefir eftir starfrækslu sinni aðra aðstöðu, því að hann getur haft mismunandi innlánsvexti fyrir hvern sinn viðskiftamann, eins og honum býður við að horfa. Þótt fje manna sje síðast tekið á hlaupareikning fyrir 2—3%, þá getur seðlabankinn í dag neitað að borga þeim nokkra vexti, sem koma með innlán, og það án þess að þurfa neitt að breyta innlánsvöxtum á fje, sem fyrir er í seðlabankanum. Þessi mismunur er það, sem gerir seðlabankanum mögulegt með sinni vaxtapólitík að verjast innlánsfje, eða draga það til sín, eftir því sem við á. En þetta getur sparisjóður ekki gert, og þar af leiðandi ekki sparisjóðsdeild bankans. Það liggur í allri tilhögun slíkra stofnana.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 590 og 591. Til þess að tillögur þessar geti komið til umr. og atkv. verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Hjeðinn Valdimarsson: Örfá orð vildi jeg segja út af brtt. mínum. Aliður 1. brtt. hefir áður komið fram í Ed. sem brtt. við 14. gr., að seðlabankinn veiti lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, og virðist hann mjög sjálfsagður, þar sem bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabrjef slíkra bæjar- og sveitarfjelaga.

Þá er b-liður till., að bankinn geti annast öll nauðsynleg bankastörf eins og upprunalega var í frv. Jeg álít rjettara að hafa verksvið bankans rýmra.

2. brtt. er um það, að endurskoðendur bankans verði kosnir af þinginu, eða þeirri deild, sem fjárveitingavaldið hefir, sem er Nd., þótt nú á síðari tímum virðist svo, sem hin deildin ætli að taka sjer það vald. Tel jeg miklu heppilegra, að þingið ráði vali mannanna en að stjórnin skipi þá. Það má ef til vill segja, að ef Alþingi færi að kjósa endurskoðendur, þá sje hættara við, að pólitík komist inn í málið. En eins og jeg benti á áðan með háttv. 2. þm. Reykv., þá getur pólitík jafnt komið til greina, þótt stjórnin skipi þá, og er jafnvel engu líkara en þeir sjeu skipaðir mjög einhliða úr flokki stjórnarinnar. Ef Nd. kysi endurskoðendurna, yrði án efa hvor af sínu sauðahúsi, og gætu leyst störf sín jafnvel af hendi og þótt þeir væru skipaðir af stjórninni einni úr flokki hennar.

Brtt. við 34. gr. er þess efnis, að í stað þess, að bankaráðsmenn hafa verið kosnir 2 úr Ed., 2 úr Nd. og formaður skipaður af stjórninni, þá verði þeir allir kosnir með hlutfallskosningu af Nd. Alþingis. Sama gildir um varamenn. Þá hefi jeg ætlast til með brtt., að kosningin gilti til þriggja ára, í stað 4—5 ára. Álít jeg það heppilegra, og þyrftu ekki að verða mikil mannaskifti af þeim sökum, ef menn-irnir stæðu vel í stöðu sinni, en mikill kostur að geta skift um á skemmri tíma, ef þess gerðist þörf.

Þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að stjórnin skipi formann bankaráðsins, og eru fyrir þeirri skoðun minni sömu ástæður og fyrir kosningu endurskoðenda.

Þá eru eftir 2 brtt.; hin fyrri, að kosning í bankaráð fari fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928, og hin síðari, að lög þessi öðlist gildi 1. mars 1928, en ekki þegar í stað.

Jeg álít, að þegar ráðist er í slík stórmál eins og að gera nýja löggjöf um Landsbankann, eða í raun og veru að stofna nýjan banka, þá megi ekki ráða því til lykta fyr en eftir að kosningar til Alþingis hafa farið fram.

Þá má stjórnin heldur ekki hafa rjett til þess að skipa bankaráðsmenn til 5 ára.

Mjer finst of langt gengið, ef þetta verður samþykt, að tefla svo á tæpasta vaðið síðustu dagana hjer á Alþingi, að gera svo alvarlegar ráðstafanir sem þær, hverjir fara með yfirstjórn peningavaldsins í landinu. Jeg get skilið, að stjórninni sje það kapps-

mál að geta skipað bankaráðsformann, en það verður að taka meira tillit til þess, að nýjar kosningar eru fyrir dyrum, og önnur stjórn mun að líkindum setjast í valdasessinn innan skamms.

Jón Auðunn Jónsson:* Að jeg hefi skrifað undir nál. án fyrirvara, þýðir ekki það, að jeg hafi skift um skoðun, að svo sje málinu best fyrir komið, að seðlabankinn hafi ekki með önnur bankastörf að ræða. En jeg sje þess enga von, að slík stofnun verði lögfest, hvorki á þessu ári eða þeim næstu, þar sem meiri hluti þingmanna er þessu fyrirkomulagi fylgjandi.

Flestir þingmenn munu gefa kost á sjer við næstu kosningar, og mun meiri hluti þeirra ná þeim, og þarf því ekki að búast við því, að málið taki nokkrum breytingum, þótt kosningar sjeu á milli. Það ber að játa, að frv. hefir tekið stórum stakkaskiftum frá till. milliþinganefndarinnar í bankamálinu, og þau stakkaskifti eru að mun til bóta. Með því fyrirkomulagi, sem nú er hugsað, er hægt að aðskilja seðlafje bankans og sparisjóðsdeild hans, og þannig verður bankinn seðlabanki með sama fyrirkomulagi og seðlabankar annarsstaðar hafa. Jeg vænti þess, að málum bankans verði þannig stýrt í náinni framtíð, að þessi aðskilnaður reynist ekki torveldur.

Á öðrum sviðum hefir frv. líka tekið bótum frá því, sem milliþinganefndin stakk upp á, bæði um fyrirkomulag og stjórn bankans. Lögð hefir verið niður nefnd, sem fyrirsjáanlegt var, að aldrei yrði annað en ábyrgðarlaust og þekkingarlítið hrófatildur, og í stað hennar sett bankaráð með því valdsviði, sem venja er til annarsstaðar, að bankaráð hafi.

Flestar breytingarnar, sem hv. fjhn. leggur til, tel jeg fremur til bóta á frv., og þótt ýmsir nefndarmenn sjeu ekki algerlega sammála, vænti jeg þess, að flestar þeirra nái samþykki hv. þingdeildar.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að minnast á einstök atriði frv. að öðru en því, að jeg tel ekki rjett að draga úr valdi bankaráðs, sem því er ætlað eins og er, og ekki vert að stofna til bankaráðs, sem vinni minna í bankanum en ráð er fyrir gert, og hafi þannig minni þekkingu á starfsemi bankans, ef bankaráðið á að geta starfað eftir tilgangi sínum og venju í öðrum löndum.

Frsm. (Magnús Jónsson): Brtt. þær, sem nú hefir verið útbýtt á þskj. 591, frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), hafa ekki verið bornar undir fjhn., og er það óheppilegt, að þeim skuli vera útbýtt svo seint, og get jeg því engu skilað frá nefndinni um þær. En mjer líst svo á, að jeg muni greiða atkv. á móti þeim. Mjer sýnast þær allar svo vaxnar. Annars hefir mjer ekki gefist neitt tilefni til að svara. Jeg gæti, ef jeg vildi, út af orðum háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) reynt að bera í bætifláka fyrir milliþinganefndina. Það stendur mjer nærri. Jeg verð aðeins að segja það, að frv. milliþinganefndarinnar liggur til grundvallar fyrir þessu frv., sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þetta þing. Háttv. þm. (JAJ) taldi sjerstaklega tvo kosti, sem þetta frv. hefði fram yfir hitt. Kosturinn sá, að skilja deildir bank-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ans sundur, er þó frá milliþinganefndinni. Hún stakk fyrst upp á að halda deildum bankans aðskildum, þótt hún vildi ekki ganga svo langt að aðskilja þær algerlega, heldur aðeins bókfærsluna, í þeim tilgangi, að hægt væri að kljúfa bankann, ef rjettara þætti að láta seðlabankann starfa óháðan.

Jeg skal ekki um það segja, hvort það væri til bóta að kljúfa bankann alveg, en að milliþinganefndin gekk ekki lengra, var af því, að hún var ekki viss um, að hægt væri að skilja á milli þannig, að það ekki hreint „tekniskt" rækist á.

Hinn kosturinn var sá, að dómi hv. þm. N.-Ísf., að lögð hefir verið niður Landsbankanefndin og sett bankaráð í staðinn. Hefði það fyrirkomulag, sem nefndin stakk upp á, staðið óbreytt, er jeg þess fullviss, að það hefði reynst betur; en hitt er satt, að nefndin leggur ekki svo mikið upp úr þessari Landsbankanefnd, að hún setji tilvist hennar á oddinn sem deiluatriði. En nú er það komið á daginn, er skifta á niður á aðra aðilja störfum hennar, þá er fult af deilum um það, hver eigi að taka að sjer þessi störf. T. d. er nú sundurþykkja um skipun endurskoðenda, hvort rjettara sje að leggja það starf á herðar Alþingi eða ráðherra.

Annars ætla jeg ekki að deila um þessi atriði. Einn lítur svo á, að þau sjeu til bóta, en annar ekki, eins og gengur. Jeg vildi aðeins minnast á, að þetta um skifting bankans er upphaflega frá milliþinganefndinni. En jeg vil ekki gefa ástæðu til að tefja umr., og læt því máli mínu lokið.

Jakob Möller: Jeg stend aðeins upp til að skýra frá, að jeg hefi skrifað undir nál. um þetta frv. með fyrirvara, er snertir málið í heild sinni. Jeg mun ekki gera grein fyrir þeim fyrirvara nú. Á betur við að láta það bíða til 3. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Út af brtt. á þskj. 591, frá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), verð jeg að segja fáein orð.

Brtt. við 14. gr., um það, að af seðlabankanum verði heimtuð útlán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, hefir komið til athugunar í hv. Ed., og var ekki álitið rjett, að seðlabankinn annaðist slík lán, heldur sparisjóðsdeildin. Er það heimilað í 28. gr. 3. lið, að sparisjóðsdeildin veiti slík lán gegn þeirri ábyrgð, sem greind er í till. Þetta eru venjulegast löng lán, sem seðlabankinn getur ekki veitt, nema með því að binda fje sitt til langs tíma, en það er ekki tilætlunin, að hann geri. Hinsvegar er ekki útilokað, að seðlabankinn geti veitt bæjar- eða sveitarfjelögum lán með því að kaupa af þeim skuldabrjef, enda er það heimilt samkvæmt 14. gr.

Seinni liður 1. brtt. er málsgrein, sem feld var burt úr frv. í Ed., af því að rjettara þótti að hafa tæmandi upptalningu á störfum seðlabankans, sem nú eru greind í 14. gr. Þótti þá ekki viðeigandi að hafa þar almenn og óákveðin ákvæði, sem ef til vill gætu skilist á ýmsan veg og leitt til þess, að bankinn teldi sjer heimila margvíslegri starfsemi en til var ætlast.

Um hinar brtt. ætla jeg ekki að tala út af fyrir sig. Jeg get sagt það sama og hv. frsm. fjhn. (MJ), að jeg er þeim öllum mótfallinn. Þær eru aðeins til þess að slá málinu á dreif. Jeg held, að ekki sje hætta á neinni hlutdrægni um skipun endurskoðenda, þótt stjórninni sje falið að skipa endurskoðendur eins og brtt. hv. fjhn. fer fram á, vegna þess, að endurskoðendur eiga að vera bókhaldsfróðir menn, sem eiga að framkvæma bókhalds- og reikningsendurskoðun í bankanum. Það er ábyrgðarmikið starf, þar sem þeim ber að líta eftir, að ekki sjeu misfellur á bókhaldi og afgreiðslu starfsmanna í bankanum.

Háttv. þm. (HjV) sagði, að stjórninni væri kappsmál að fá að skipa formann bankaráðsins. Það er fjarri sanni. En stjórninni er það kappsmál, að þetta frv., sem legið hefir fyrir þinginu ár eftir ár, fái afgreiðslu á þessu þingi.

Færi vel á því, að hv. þm. reyndu að taka rögg á sig og gangi ekki svo til kosninga, að hafa ekki bundið enda á þetta mál, sem svo langt er komið. Síst ætti nokkrum að detta í hug að gera sjer leik að því að tefja það.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf að segja örfá orð út af því, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði síðast. En áður en jeg geri það, ætla jeg að gera grein fyrir atkvæði mínu um sjerstakt atriði í frv.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg legði ríka áherslu á, að breytt yrði einu atriði í 1. gr. frv., þar sem tekið er fram, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans, nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum. Jeg tel ófært og óforsvaranlegt, að landið reki stofnun og taki ekki afleiðingunum, sem þeim rekstri fylgja, og þar sem ríkissjóður hlýtur hagnaðinn, ef einhver er, verður hann líka að bera áhættuna. Út frá þeim forsendum mun jeg fylgja eindregið brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), á þskj. 568, og jeg verð að telja þetta slíkt aðalatriði, að verði þessi brtt. ekki samþ., treysti jeg mjer ekki til að greiða atkv. með 1. gr., en það táknar ekki, að jeg hafi ákveðið að greiða atkv. á móti frv. í heild sinni. Gefst tækifæri til að athuga það við 3. umr., því að þangað til er opin leið að breyta þessu. Um fleiri einstök atriði ætla jeg ekki að tala, fyr en þá við 3. umr.

Eins og í fyrra sakna jeg eins þýðingarmikils ákvæðis, en það er um það, hvernig fje bankans skuli skiftast milli atvinnuveganna. Jeg er ekki ánægður með afgreiðslu þessa máls, nema svo sje kveðið á, að fengin sje trygging fyrir því, að hið sama eigi sjer ekki stað áfram sem hingað til, að nálega alt veltufje bankans beinist til atvinnurekstrar í kaupstöðum. Jeg legg áherslu á, að ákveðinn hluti af veltufje bankans gangi til landbúnaðarins, og mun koma með brtt. um það við 3. umr.

En annað var það, sem olli því, að jeg stóð upp, sem sje síðustu orð hæstv. forsrh., er hann var að tala um afgreiðslu þessa máls. Var sú meining orða hans, að þingmenn, allir þeir, er hjer eiga sæti, mættu blygðast sín, ef þetta frv. væri ekki afgreitt nú á þessu þingi. Er það mjög óvarlega mælt. Jeg vil benda hæstv. forsrh. á

það, að þetta mál er nú mjög komið í eindaga og það er algerlega á ábyrgð hæstv. landsstjórnar, að þetta alvarlega og þýðingarmikla mál ber svo að. Það er svo sorglegt, hversu komið er, að jeg get ekki annað en haft samvisku af því að þurfa að leggja hendur á afgreiðslu þessa máls undir slíkum kringumstæðum.

Málið er ekki afgreitt frá Ed. fyr en 84 dögum eftir að Alþingi kemur saman. Því er haldið svona óhæfilega lengi í Ed., og þó hefir hæstv. landsstjórn fullkominn meiri hluta bæði í deildinni og nefnd þeirri, er um það fjallaði. 1. umr. í Nd. stendur ekki yfir nema einn dag og málinu vísað til 2. umr. strax í Nd. Afleiðingin er sú, að þótt höfð verði hröð afgreiðsla á þessu máli, þá er fyrirsjáanlegt, að halda verður þinginu nokkrum dögum lengur þess vegna. Og það er á ábyrgð hæstv. landsstjórnar og meiri hluta hennar í hv. Ed. Tvö atriði í meðferð málsins vil jeg sjerstaklega benda á.

Frv. kemur til Nd. ákaflega breytt og nefndin, sem fær það til afgreiðslu, getur ekki haft það til athugunar nema í 6—7 daga, og þegar svo er liðið á þingið, eru allir hlaðnir störfum og þreyttir eftir margra vikna þingsetu og geta því ekki lagt þá alúð við málið sem skyldi. Og svo þegar málið er loks afgreitt frá nefndinni, eftir þennan stutta tíma, eina 6 daga, eru bornar fram við það hvorki fleiri nje færri en 42 brtt.; frá hv. meiri hl. fjhn. og öðrum nefndarmönnum 35 brtt. og frá öðrum þm. 7 brtt. Á öllum þessum brtt. á maður að átta sig nú í lok þingsins, er órói og umrót er komið á hugi manna. Jeg álít það næstum frágangssök að þurfa að gera það.

Þar við bætist, að brtt., sem samþ. var í háttv. Ed., en orðuð af hæstv. forsrh., er talin fela í sjer brot á stjórnarskrá landsins. Að minsta kosti er svo talið af sumum. Og jafnvel af eindregnum fylgismanni hæstv. stjórnar, sem er lögfræðingur, hefir því verið lýst yfir, að þar væri fullkomlega um stjórnarskrárbrot að ræða. Og sama var að skilja á hæstv. forseta (BSv), er hann var beðinn úrskurðar um, hvort málinu skyldi ekki vikið frá fyrir þær sakir. Ofan á alt þetta á að ráða fram úr þessu nú á þessum flaustursfundi, þar sem kastað er fram 7 brtt. skriflegum og vjelrituðum og afbrigði veitt á síðustu stundu, tveim dögum eftir að fjárlög eru afgreidd og allir eru að búast til brottfarar. Þar sem þetta verður að teljast hið alvarlegasta mál fyrir þjóðina, sem þinginu er því skylt að ganga frá með gætni, er slík meðferð og afgreiðsla með öllu óforsvaranleg.

Og jeg lýsi því hjer með á hendur hæstv. landsstjórn, að hún ber alla ábyrgð á, hversu óverjandi þessi afgreiðsla er á slíku stórmáli.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg hefi ekki mörgu að svara hæstv. forsrh. Hann gat þess, að hann gæti ekki fyrir sitt leyti gengið inn á brtt., og hv. Ed. hefði heldur ekki fallist á að heimila seðlabankanum að veita lán gegn ábyrgð sýslu- og sveitarfjelaga, og það væri vegna þess, að slík lán væru oft löng og því ekki hentug fyrir seðlabankann sem slíkan. En þar sem gert er ráð fyrir, að seðlabankinn

geti veitt löng lán undir öðru formi, þ. e. a. s. með því að gefa út skuldabrjef, þá ætti það ekki að útiloka hitt. Og sveitar- og bæjarfjelög hjer á landi, t. d. Reykjavík, taka ekki svo lítið af bráðabirgðalánum. Með þessu er verið að neyða Reykjavík og aðra kaupstaði, sem slíkra lána þurfa með, til þess að ganga fram hjá seðlabankanum og taka lán með verri kjörum en seðlabankinn býður. Þar sem nú bankinn er opinber stofnun og tryggingin, sem á bak við er, sú besta, sem hægt er að gefa, fyrir utan ríkissjóðsábyrgð, þá finst mjer þessi meinbægni satt að segja ástæðulaus.

Viðvíkjandi b-lið 1. brtt., við 14. gr., sagði hæstv. forsrh. ekki annað en það, að háttv. Ed. hefði þóknast að hafa það svo, að taka upp í 14. gr. tæmandi upptalningu á þeim bankastörfum, er seðlabankinn skyldi annast. En hjer er þá aðeins skoðanamunur, sem jeg skal ekki fara lengra út í, því að jeg álít ýms störf hagkvæm fyrir bankann, sem eru þó ekki talin upp í 14. gr.

Hæstv. forsrh. sagði, að sjer virtist ekki hætta á hlutdrægni, þótt landsstjórnin skipaði endurskoðendur, þar sem þeir ættu aðeins að vera bókhalds- og reikningsendurskoðendur. Ef svo er, þá má eins búast við, að þeir menn, sem Alþingi kysi til þessara hluta, væru heldur ekki skipaðir með hlutdrægni. Því að báðar þessar stofnanir, Alþingi og landsstjórn, standa að því leyti jafnt að vígi, að hvortveggja er pólitísk.

Spurningin er sú, hvort Alþingi á að hafa rjettinn eða landsstjórnin, hvort endurskoðendurnir eiga fyrst að svara til saka fyrir Alþingi eða stjórninni. Það finst mjer líka í samræmi við anda frv. að öðru leyti, að Alþingi kjósi endurskoðendur, þar sem gert er ráð fyrir, að það fylgist með gangi bankans.

Hæstv. forsrh. gat þess, að þetta frv. hefði legið fyrir mörgum þingum, og því væri rjett fyrir háttv. þingmenn núna fyrir kosningarnar að sýna kjósendum, að þeir gætu lokið afgreiðslu þess. Jeg álít einmitt rjett að bíða fram yfir kosningar. Ýms atriði frv. eru svo vanhugsuð, að dómur kjósenda mun vera mjög misjafn um þau, t. d. það, að opinbert fje skuli ekki þurfa að ávaxtast í Landsbankanum og ábyrgð ríkissjóðs á sparifje bankans falli burt. Hvorttveggja er gert til þess að veikja banka ríkisins, í því skyni að gera lífvænlegra fyrir einkabanka, sem hjer kynni að rísa upp. Raunar er það ekki óttinn við ábyrgðina, sem veldur þessu. Það hefir komið í ljós í orðum hæstv. forsrh., að hann býst við, að ábyrgð ríkissjóðs muni gera það að verkum, að fje muni frekar leita til Landsbankans en annað, og bankinn fái þannig betri aðstöðu en aðrir bankar. Við það er óttinn. Með öðrum orðum: hæstv. stjórn er með frv. og brtt. sínum að veikja ríkisstofnun gagnvart einstakra manna fyrirtækjum. Sá skoðanamunur, sem um þetta er, býst jeg við, að mundi hafa ekki lítið að segja við næstu kosningar. Verður ekki annað sjeð en það sje ábyrgðarhluti fyrir stjórnina að vilja knýja lögin fram, ekki síst, ef hún ætlar sjer að ná yfirráðum í bankanum um lengri tíma en næsta kjörtímabil.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er alt annað, að seðlabankinn

kaupi skuldabrjef, eða hitt, að hann veiti löng lán. Skuldabrjef, sem hjer er átt við, eru handhafaskuldabrjef, sem stærri bæjarfjelög gefa út. Þau eru auðseld og veðhæf. Þau eru því seðlabankanum óbundið fje, ef hann hefir þau í vörslum sínum, því að fyrir þau getur hann altaf útvegað reiðufje, ef á þarf að halda. En slíku er ekki til að dreifa um þau lán, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vill heimila seðlabankanum að veita.

Starf endurskoðendanna verður ekki aðallega þess eðlis, að þeir þurfi að standa ríkisstjórn eða Alþingi reikningsskap. Það verður aðallega bankaráðið, er tekur við skýrslum þeirra. En því hefir hv. fjhn. þótt varhugavert, að bankaráðið hefði vald um, hverjir mennirnir væru, að endurskoðendurnir geti þurft að fara yfir gerðir bankaráðsins, þótt ekki muni verða mikið um það.

Það er ekki rjett hjá háttv. 4. þm. Reykv., að málstaður ríkisstjórnarinnar, að vilja ekki ótakmarkaða ábyrgð á bankanum, sje sjerstaklega í því skyni tekinn að gera lífvænlegra fyrir einkabanka, heldur er það miklu frekar til þess að gera lífvænlegt fyrir aðra sparisjóði heldur en sparisjóðsdeild Landsbankans.

Jeg get ekki sjeð, að það sje nein veiking á aðstöðu seðlabankans, þó að hlynt sje að því, að upp komi einkabankar í landinu. Með því er hreint og beint verið að hlynna að honum; með því verður komist nær því, að hann skifti eingöngu við peningastofnanir í landinu. Hjer er því um að ræða eflingu, en ekki veikingu á aðstöðu bankans.

Hv. þm. Str. (TrÞ) er nú á því, að ríkið eigi að bera að lögum ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans, en hann var þó á annari skoðun fyr á þinginu. Hv. þm. færði þau rök fyrir þessari síðari skoðun sinni, að ríkið fengi hagnaðinn af rekstri bankans. Þetta er nú, að því er snertir sparisjóðinn, algerlega rangt. Þar á allur hagnaðurinn að leggjast í varasjóð.

Um seðlabankann er það að segja, að ríkið leggur honum til 5 miljónir króna, stofnfje, sem það á á hættu, að það fái enga vexti af. En það getur komið að því, að þegar varasjóður bankans er orðinn yfir 4 miljónir, þá fái ríkissjóður og varasjóður helmingaskifti.

Jeg verð nú að segja það, að þessi von ríkissjóðs um eitthvað af arðinum er ekki meira en uppbót fyrir það vaxtatap, sem hann verður fyrir af innskotsfje sínu til bankans.

Það er þannig líka algerlega ranglega túlkað, að ríkið eigi að fá arðinn af seðlabankanum.

Í 38. gr., staflið i, er það falið bankaráðinu að ákveða, hve mikið af starfsfje bankans skuli vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma. Jeg held nú líka, að þetta ákvörðunarvald sje best komið hjá bankaráðinu og að það sje ekki heppilegt að gera neina ákvörðun um þessa skiftingu, sem ekki er að vænta, að geti staðist í framtíðinni. Hvað heppilegt er í því efni, hlýtur altaf að fara eftir ástandinu á hverjum tíma.

Um það, að þm. mættu blygðast sín fyrir að afgreiða ekki þetta mál, sagði jeg ekki neitt, en hitt sagði jeg, að

það færi ekki vel á því, að kjörtímabilið liði svo, að það yrði ekki afgreitt.

Þá var hv. þm. Str. með pólitískar bollaleggingar, og ætla jeg ekki að fara mikið út í þær. Hann vísar ábyrgðinni á hendur stjórnarinnar á því, hvernig málin ganga gegnum þingið. En hv. þm. veit það vel, að eftir þingsköpum eru það forsetar og vinnunefndir þingsins, sem þar ráða mestu um.

Þær breytingar, sem hv. Ed. gerði á frv., og þær brtt., sem hjer liggja fyrir, eru engar stórvægilegar og raska í engu þeim grundvelli, sem frv. var upphaflega bygt á. Sjerstaklega eru þær brtt., sem hjer liggja fyrir, hvorki stórvægilegar eða flóknar. Mjer finst ekki, að þær feli í sjer neina afsökun fyrir því, að ekki sje hægt að afgreiða málið nú.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi getið þess áður, að það er ekki fyrst og fremst af því, að ríkið ætti að fá ágóðann af rekstri bankans, að jeg áliti, að það eigi að bera ábyrgð á skuldbindingum hans. Jeg gat þess þegar við 1. umr. þessa máls, að eins og jeg áliti það siðferðilega óverjandi, að einstaklingar bæru ekki, eftir getu, ábyrgð á sínum skuldbindingum, eins áliti jeg það óforsvaranlegt, að ríkið beri ekki ábyrgð á Landsbankanum. Landsbankinn býður mönnum að taka við fje af þeim til geymslu, og ríkinu, sem er eigandi hans, er skylt eða á að vera skylt að bæta þeim tjónið, ef fjeð tapast.

Jeg vil ekki karpa við hæstv. forsrh. um skiftingu veltufjárins milli atvinnuveganna í landinu. Það atriði liggur ekki fyrir hjer nú. En það mun liggja fyrir við 3. umr. brtt. um þetta. En í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er, þori jeg ekki að treysta neinu bankaráði eða neinni bankastjórn til að skifta þar rjett af sjálfsdáðum, því að það er kunnugt, að landbúnaðurinn hefir hingað til verið mjög svo afskiftur.

Hæstv. forsrh. talaði um pólitískar bollaleggingar hjá mjer. Jeg vil heldur kalla það játningar. Það er alvara, sem kemur upp hjá mjer yfir því hroðvirknislega flaustri, sem haft er á afgreiðslu þessa máls.

Málið kemur fyrst hingað til 2. umr. 2 dögum eftir að fjárlög hafa verið afgr. og þegar að því er komið, að þm. fari að pakka niður í poka sína og halda heimleiðis. Þá fyrst kemur málið fyrir til 2. umr. með 42 brtt. og þá á að knýja það áfram með afbrigðum.

Hæstv. forsrh. hjelt því fram, að breytingar þær, sem nú hafa orðið á frv., sjeu ekki stórvægilegar. Um það ætla jeg ekki að deila, en jeg ætla að láta hans eigin flokksmenn vitna á móti honum.

Þar til vil jeg nefna þá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), hv. þm. Ak. (BL) og hv. þm. Barð. (HK). Þessir hv. þm. voru allir mjög eindregið á móti frv. í fyrra, en telja sig nú geta fylgt því, vegna hinna miklu breytinga, sem orðið hafi á því til bóta. Þessir menn vitna þannig allir á móti hæstv. ráðh. í þessu efni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Því er nú alls ekki til að dreifa, að ríkið beri enga ábyrgð á því fje, sem lagt er inn í bankann,

Ef þetta frv. verður samþ., leggur ríkið fram 5 miljónir til tryggingar því fje, sem bankinn tekur við. Af þessari fúlgu er sparisjóðsdeildinni ætlaður nokkur hluti, þangað til varasjóður hennar hefir náð þeirri stærð, sem núgildandi almenn sparisjóðslöggjöf telur nægilega til tryggingar, sem sje 10% af innstæðuupphæðinni.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 453, n. 561, 562, 568, 590, 591).

ATKVGR.

Brtt. 568,I feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JG, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef.

nei: JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, BSv.

Tveir þm. (BSt, HjV) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ.

nei: HjV, TrÞ.

JakM, JörB, SvÓ, BSv greiddu ekki atkv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 568,II.1 feld með 15:9 atkv.

— 590 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 561,1 þar með fallin.

7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 561,2.a samþ. án atkvgr.

— 561,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 568,II.2.a—b teknar aftur.

— 561,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 561,4.a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 561,4.b samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 561,5.a samþ. með 20 shlj. atkv.

— 561,5.b samþ. með 21 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 561,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 591,1.a feld með 14:2 atkv.

— 591,1.b feld með 14:3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

15.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 591,2 feld með 14:9 atkv.

— 561,7 samþ. með 14:3 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

22.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 561,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

25.—33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 591,3 feld með 15:5 atkv.

— 568,II.3 samþ. með 14:13 atkv.

— 561,9.a samþ. með 18:3 atkv.

— 561,9.b samþ. með 19 shlj. atkv.

— 561,9.c samþ. með 18:3 atkv.

34. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

35. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 561,10.a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 561,10.b samþ. með 18 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands.

36. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 568,II.4 feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB.
nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ.
BSv greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BSt) fjarstaddur.
Brtt. 561,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 562,12.a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 562,12.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 562,12.c samþ. án atkvgr.
38. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 561,13.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 561,13.b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 561,13.c samþ. með 18 shlj. atkv.
— 568,II.5 tekin aftur.
39. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
40.—41. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 561,14 samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HjV, JakM, JG, JS, JörB, MJ, MT, ÓTh, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, BSv.
nei: IngB, JAJ, JK, JÓl, KlJ, MG, PO, SigurjJ, TrÞ.
Einn þm. (BSt) fjarstaddur.
42. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 561,15 samþ. með 19 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
45.—50. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 568,III.1 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, BSv.
nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ.
Einn þm. (BSt) fjarstaddur.
51.—54. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg tek aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 591. (**BL** og **JK:** Þær eru teknar upp).

Tryggvi Þórhallsson: Forseti Ed. (HSteins) úrskurðaði nýlega, að ekki mætti taka upp aftur brtt., sem aðeins væru teknar aftur til næstu umr.

Forseti (BSv): Það þekkist ekki í þingsköpum að taka aftur brtt. til næstu umr., þótt stundum sje svo að orði kveðið hjer í þingdeildunum. Og þar sem það er á valdi hv. þm. sjálfra, hvort þeir bera fram aftur við síðari umr. brtt. þær, sem þeir hafa tekið aftur við fyrri umr., þá er óvíst, hvort nokkurntíma gefst færi á að greiða um þær atkvæði. En það er rjettur þingmanna að taka upp einstakar greinir eða frumvörp, sem flutningsmenn taka aftur, þegar á sama fundi, og koma þessar brtt. því til atkvæða nú.

Brtt. 591,4 feld með 14:9 atkv.
— 568,III.2 feld með 14:12 atkv.
55. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
56. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 562 tekin aftur.

Brtt. 561,16.a samþ. með 20:1 atkv.
— 561,16.b samþ. með 18 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
58.—65. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 591,5 feld með 14:2 atkv.
66. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla þess og kaflaskifting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

Á 76. fundi í Nd., mánudaginn 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 598, 606, 608).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 606 og 608. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) borið fram brtt. á þskj. 606. Fyrsti, annar og fjórði liður brtt. lúta að því, að nafni bankans verði breytt, hann verði látinn heita Þjóðbanki Íslands, í stað þess nafns, sem hann nú hefir. Þegar Landsbankinn var stofnaður árið 1885, stóð öðruvísi á en nú. Þá var landið talið óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sjerstökum landsrjettindum. Jeg býst við, að nafn bankans hafi verið valið með tilliti til þessa, enda ber það nokkurn blæ af ósjálfstæði landsins, eins og það var þá. Nú er þetta breytt, við erum frjáls og sjálfstæð þjóð, og er því ekki nema eðlilegt, að breytt sje um nafn á aðalbanka landsins. Það stendur nú svo einkennilega á, að þessir tveir bankar, sem við höfum, heita sama nafni, Landsbanki Íslands og Íslandsbanki — bæði nöfnin þýða eitt og hið sama. Það er eins og seinni bankinn hafi lagt undir sig nafn hins fyrri, enda mun sú hafa verið meiningin upphaflega, að Íslandsbanki legði Landsbankann undir sig. Það kemur og berlega fram í 1. gr. þessa frv., að bankanum er ekki valið rjett nafn. Þegar heiti hans er þýtt á erlendar tungur, þá er það rangþýtt og lagt út eins og bankinn hjeti Þjóðbanki Íslands. Því væri rjettast að kalla hann Þjóðbanka, og væri þá óþörf þessi þýðing í 1. gr.

Önnur ástæða til nafnbreytingar er sú, að nú eru tímamót í sögu bankans. Nú er hann grundvallaður líkt og þjóðbankar annara landa. Jeg get ekki sjeð ástæðu til þess að hafa á móti þessu nýja nafni, þótt gömlu og þektu nafni sje slept, þegar það nafn er þeim annmörkum bundið, að þegar þarf að þýða það á erlendar tungur, þá þarf að rangþýða það.

Þá er þriðji liður brtt. við 47. gr. frv. Hann er dálítið skyldur brtt., sem borin var hjer fram við 2. umr. og þá feld. En sú till. var víðtækari en þessi; hún fór fram á, að opinberir sjóðir og fje, sem opinberir starfsmenn hafa undir höndum, og handbært fje ríkissjóðs skyldi ávaxtað í Landsbankanum. Ástæðurnar, sem voru færðar fram gegn þessari till. þá, voru einkum þær, að með þessu væri um of skertur hlutur annara banka með sparifjárgeymslu. Í þessari till. okkar höfum við aðeins tekið hina opinberu sjóði, en ekki tekið hin ákvæðin með. Það má játa það, að það geti verið óhentugt í sumum tilfellum að skylda alla starfsmenn, sem opinbert fje hafa undir höndum, til þess að ávaxta það í Þjóðbankanum, en það getur

aldrei valdið neinum óþægindum að hafa fje opinberra sjóða ávaxtað þar. Það eru og þau minstu einkarjettindi, sem hægt er að veita Þjóðbankanum fram yfir einkabanka. Fje þetta er lagt á vöxtu í ákveðnum tilgangi og eftir fyrirfram ákveðnum föstum reglum, og því eitt hið stöðugasta starfsfje, sem einn banki getur haft, og þarf ekki að óttast, að það verði þá og þegar hrifsað út fyrirvaralaust. Ef ákveðið er í stofnskrá slíkra sjóða, að fjeð skuli ávaxtað annarsstaðar, þá verður það auðvitað gert, en ef slík ákvæði eru ekki til staðar, þá er Þjóðbankanum áskilinn rjettur til þessa fjár. Jeg hefi ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Það hefir verið rætt alment áður hjer. En jeg verð fyrir mitt leyti að telja það hatramlegt, ef menn vilja ekki áskilja Þjóðbankanum þau litlu forrjettindi fram yfir aðra banka, að ávaxta fje opinberra sjóða.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 611, 612 og 613, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að brtt. þessar geti komið til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer þykir bera undarlega við, að leitað skuli afbrigða frá þingsköpum um brtt. á þrem þskj., en enginn flm. kveður sjer hljóðs. Jeg tel mjer þó skylt að segja fáein orð um sumar þær till., sem fyrir liggja, og skal taka þær eftir röð eins og þær liggja fyrir.

Brtt. 1.a á þskj. 606 fer fram á, að nafni bankans sje breytt og heiti Þjóðbanki, í stað Landsbanki. Þetta ákvæði kom til nákvæmrar íhugunar milli mín og Landsbankastjórnarinnar áður en málið var lagt fyrir þingið 1925. Jeg hafði áður farið fram á, að nafninu væri breytt, en bankastjórnin taldi á því svo mörg tormerki, að jeg fjelst á það og hreyfði því ekki frekar. Jeg vona, að þetta nægi, án þess jeg fari að gera grein fyrir þeim mörgu ástæðum bankastjórnarinnar gegn því, að bankinn skifti um nafn, og vænti þess, að brtt. verði ekki samþykt. Á sama þskj. er önnur brtt. að efninu til, sem er gamall kunningi hjer í þinginu. Hún fer fram á, að opinberir sjóðir, sem handbært fje hafa á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám.

Jeg veit ekki, hvað á að leggja upp úr því, að aðallega sjeu nefndir opinberir sjóðir, en samskonar till., sem áður hefir fram komið, nefnir opinberar stofnanir og opinbera sjóði. Jeg vil aðeins benda á það, að það má ekki samþykkja svona ákvæði í bankalögunum vegna ríkissjóðs. Það getur valdið þeim vandræðum, að fjrh. eigi ekki annars úrkostar en að brjóta slíkt ákvæði. Er því algerlega rangt að setja stjórnina í slíka klípu. Ef ríkissjóður þarf að fá lán, en þarf ekki að nota það alt í svip, þá er það sett í þann banka, sem veitir lánið, og tekið út jafnóðum og þarf að nota það, en það er ekki rjett að taka það strax alt út úr hinum lánveitandi banka.

Brtt. á þskj. 611, frá hv. þm. Str. (TrÞ), fer fram á það, að að minsta

kosti helmingur verðbrjefaeignarinnar skuli vera í jarðræktarbrjefum, en þó eiga þau að vera öðruvísi útbúin en lög og reglugerð ræktunarsjóðsins leyfa, því að það er svo fyrir mælt í brtt., að það skuli „með samningi við stjórn ræktunarsjóðs Íslands ákveðnir vextir af þeim brjefum, þó eigi hærri en ½% yfir sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma."

Ef gert er ráð fyrir svipuðum sveiflum á verði verðbrjefa hjer eins og annarsstaðar, þá þarf stöðugt að gefa út nýja flokka jarðræktarbrjefa í hvert sinn sem almennir vextir breytast eitthvað, til þess að brjefin geti verið nákvæmlega í nafnverði, og verður ekki unt að láta nafnvexti brjefanna standa á ½ eða heilum af hundraði, heldur verður að nota brot þar á milli, máske sitt brotið hvern mánuðinn. Jeg hefi talað við bankastjóra Landsbankans um þetta, og álíta þeir till. ómögulega. Það er ekki hægt að fara þannig að til þess að ákveða um þessi brjefakaup. Það er algerlega óframkvæmanlegt að einskorða það, að verðið skuli vera nafnverð, enda er sú leið hvergi farin og vextir slíkra brjefa eru altaf látnir standa á heilum eða hálfum %, en það, sem víkja þarf til þar frá, er gert á söluverðinu. Sjóður, sem hefir brjef með 5% vöxtum, vill heldur selja þau á 98% heldur en að gefa út nýjan flokk með 5—6% vöxtum. Er engin ástæða til þess að binda þannig hendur bankaráðsins um þetta. Það á að ráða því, hvaða brjef bankinn kaupir, enda ætti að vera óhætt að trúa því fyrir þessu eins og öðru, er lýtur að rekstri bankans, þar sem bankinn er skyldur að kaupa jarðræktarbrjef fyrir 100 þús. kr. á ári í 13 ár enn. Jeg legg því til, að brtt. á þskj. 611 verði feld.

Brtt. á þskj. 612, frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. Barð. (H-K), fer fram á það, 1. liður, að bankaráðið geti „einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum", en þó eru þeir undanskildir þeirri skyldu að greiða í eftirlaunasjóð bankans. Er sú till. ekki í samræmi við löggjöfina alment um slík eftirlaun, þar sem öllum embættismönnum undantekningarlaust er gert að skyldu að greiða í lífeyrissjóð. Er því engin ástæða til að undanþiggja þessa menn slíkri skyldu eða skipa eftirlaunum þeirra með sjerstökum hætti. Er öðru máli að gegna með bankastjórana, sem ráðnir eru upp á uppsögn. Ráðningarkjör þeirra eiga ekki við, þar sem heimtuð er greiðsla í lífeyrissjóð, en það er alger óþarfi að taka þá menn, sem í brtt. eru taldir, út úr og hlífa þeim við að láta af mörkum í eftirlaunasjóð bankans, úr því að aðrir starfsmenn bankans eiga að gera það, eins og t. d. útibússtjórarnir.

Brtt. á þskj. 613, frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), er að nokkru leyti bergmál af till., sem áður hefir komið fram, sjerstaklega fyrri liðurinn. Hann er um það, að „bankaráðið skuli fylgjast með um rekstur bankans í öllum starfsgreinum hans. Skal formaður bankaráðsins framkvæma fyrir þess hönd daglegt eftirlit með stjórn bankans". Er þetta orðrjett eins og 1. mgr. brtt., sem feld var við 2. umr. og var frá sama hv. þm. og 2 meðflm.

Það getur verið, að hæstv. forseti sjái sjer fært að bera þessa till. upp, þar sem meira fylgir með henni. Er með þessum lið brtt. tekin af hinum bankaráðsmönnunum skyldan til þess að hafa eftirlit með rekstri bankans, og tel jeg af þeim ástæðum ekki rjett að samþ. þann lið, því jeg sje ekki, að ástæða sje til nje heppilegt að undanþiggja þá skyldunni til eftirlits.

Með seinni liðnum á þskj. 613 er felt niður það ákvæði, að gerðabók bankaráðsins skuli lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis. Er jeg hræddur um, að þetta verði til þess að vekja ágreining í hv. Ed. Sje jeg enga ástæðu til þess, að till. þessi verði samþ., enda hefir ekkert það komið fram í umr., er sje svo mikilsvert, að frv. þurfi að breyta þess vegna. Hinsvegar er vissara að afgreiða frv. hjeðan til hv. Ed. þannig, að hún geti gengið að því óbreyttu.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer þótti ekki þörf að mæla með till. við þessa umr. Hún er svo lík till., sem áður hefir verið borin fram, nema hvað feld hafa verið úr henni nokkur atriði. Jeg vona því, að hæstv. forseti sjái sjer fært að taka till. til greina. Mjer þykir það undarlegt, ef till. er hættuleg fyrir framgang frv. í hv. Ed., þó hún yrði samþykt. Till. fer fram á það að leysa aðra bankaráðsmenn en formann frá daglegu eftirliti í bankanum. Og þó að till. verði ekki samþykt, þá mun það þó í framkvæmdinni verða svo, að þeir koma ekki daglega í bankann. Áherslan í fyrri till. er lögð á, að *daglegt* eftirlit er falið formanni, en samt sem áður eru hinir bankaráðsmennirnir ekki leystir frá skyldu sinni um það að fylgjast vel með öllum rekstri bankans. Ef till. verður samþ. og það yrði til þess, að málið kæmi aftur til þessarar hv. deildar, þá vil jeg heldur einum þingfundi fleiri heldur en að bankaráðið alt yrði 270 daga á ári í bankanum til engra þarfa. Hin brtt. er um það, að gerðabók bankaráðsins skuli ekki lögð fyrir fjhn. Alþingis. Þær geta vitanlega heimtað það, ef þær vilja. Till. þessar eru frábrugðnar þeim till., sem áður hafa komið fram.

Vitanlega má samþykkja aðra till., þó hin verði feld.

Tryggvi Þórhallsson: Það voru aðeins örfá orð út af brtt. minni á þskj. 611. Eins og hv. þm. munu kannast við, þá er till. þessi samhljóða samskonar till., sem jeg flutti á síðasta þingi. Sú till. var rækilega rædd þá, og tel jeg því ekki ástæðu til að vera margorður um till. að þessu sinni. Jeg vil með till., að það komi í ljós við atkvæðagreiðsluna um hana, hvernig hv. þm. snúast við þeirri sjálfsögðu kröfu landbúnaðarins, að hann verði ekki afskiftur af fje því, sem atvinnuvegum landsins er ætlað. Menn vita það, að það sem af er þessari öld og um lengri tíma, þá hefir landbúnaðurinn verið afskiftur í þessu efni, og sú umbót, sem fjekst með ræktunarsjóðnum, er allsendis ófullnægjandi. Vil jeg í því sambandi minna á það, að nú er ræktunarsjóðurinn peningalaus. Bændur geta ekki fengið lán til húsabygginga. Að helmingur verðbrjefaeignarinnar sje í ræktunarbrjefum með ½% hærri vöxtum en sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, það tel jeg ekki nema sjálfsagt, og ætti sú till. að fljúga í gegn, því þetta er til stórbóta,

hvort heldur er frá sjónarmiði landbúnaðarins eða bankans. Það er alveg einsdæmi, að þjóðbanki setji nálega alt fje sitt fast í víxlum, í stað þess að setja mikinn hluta þess fastan í slíkum verðbrjefum. Hæstv. forsrh. lagðist á móti till. nú eins og í fyrra. Voru mótbárur hans æðiveigalitlar nú eins og þá. Hann taldi það óframkvæmanlegt að ákveða vextina eins og gert er í till., en þetta er vel hægt að framkvæma með því að gefa út sjerstök brjef og láta það ákvæði fylgja, að vextirnir skuli vera ½% hærri en sparisjóðsvextir. Það eru til mörg hlutabrjef, þar sem ekki stendur á, hverjir vextir skuli af þeim vera, en það er ákveðið á aðalfundi. Að þetta gangi gegn reglugerð ræktunarsjóðs, er engin mótbára. Ákvæði till. leiðir aðeins til nýrra samninga við ræktunarsjóðinn. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri órjettmætt að vantreysta bankastjórunum í þessu efni. En eins og hingað til hefir gengið, þá er það beinlínis skylda að vantreysta öllum bankastjórum og bankaráðum þar sem landbúnaðurinn á hlut að máli.

Um aðrar till. skal jeg ekki fjölyrða. Það eru liðnir 4 tímar síðan við fengum að sjá frv. eftir breytingu þess við 2. umr. Ef það verður farið eins að nú við 3. umr. eins og við 2. umr., þá er þetta mál alt hið mesta flaustursverk, því umr. hefir verið hespað af eftir að fjárlögin voru afgreidd og þingmenn voru farnir að búast til heimferðar.

Halldór Stefánsson: Jeg tel óþarft að segja mikið út af ummælum hæstv. forsrh. (JÞ) um till. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). En jeg vildi aðeins benda á það, að ummæli hans snertu lítið kjarna málsins. Viðvíkjandi nafnbreytingunni gat hæstv. ráðh. þess, að bankastjórnin væri henni andvíg, en af hvaða ástæðum, sagði hann ekki. Það liggja ekki í augum uppi ástæðurnar fyrir því að mega ekki nefna bankann rjettu nafni. Enda þótt bankastjórnin hafi ekki getað fallist á nafnbreytinguna 1925, þá hafa ástæður breyst síðan að því leyti, að nú er búið að ráðstafa endanlega seðlaútgáfunni, svo að nú er meiri ástæða til þess en áður að breyta nafni bankans eins og farið er fram á í till. okkar.

Viðvíkjandi 3. brtt. skal jeg taka það fram, að mótmæli hæstv. ráðh. snerta ekki till. Hann vildi mótmæla framkomu hennar á þeim grundvelli, að samskonar till. hefði verið feld hjer í hv. deild við 2. umr. þessa máls. En þetta er ekki rjett hjá hæstv. ráðh., því hjer er ekki um samskonar till. að ræða. Till. sú, sem nú liggur fyrir, fer fram á það, að aðeins opinberir sjóðir, sem standa eiga á vöxtum samkvæmt skipulagsskrá, skuli standa á vöxtum í Landsbankanum. Þetta fje er fast og örugt starfsfje og því rjett og sjálfsagt, að það sje látið vera á vöxtum í Landsbankanum. Það, sem felt var úr till. eins og hún var við 2. umr., var fje annara opinberra stofnana, ríkisfje og fje það, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. En þar sem hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

Brtt. 606,1.a feld með 15:6 atkv.

Landsbanki Íslands.

Brtt. 606,1.b og 2 teknar aftur.
— 611 feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, TrÞ, ÞorlJ, HStef, HK, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, BSv.
nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PÞ.
Tveir þm. (BSt, SvÓ) fjarstaddir.
Brtt. 608 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 612,1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JAJ, JG, JörB, MT, ÓTh, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HK, HjV, BSv.
nei: JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, IngB.
Tveir þm. (SvÓ, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 613,1 feld með 14:11 atkv.
— 613,2 feld með 14:11 atkv.
— 612,2 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JG, JörB, MT, ÓTh, PO, PÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HK, HjV, JakM, BSv.
nei: JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, IngB.
Tveir þm. (SvÓ, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 606,3 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JG, JörB, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HK, HjV, BSv.
nei: JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL.
Tveir þm. (SvÓ, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 608,2 samþ. með 15:2 atkv.
— 606,4 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 624).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 624, n. 627).
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv.
— Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Fjhn. hefir ekki haft tíma til að athuga þetta mál sem skyldi síðan það kom frá hv. Nd., en þar hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar, sem þurft hefði að athuga nánar, þó að flestar þeirra sjeu að vísu fremur smávægilegar. Jeg skal skýra stuttlega frá þeim breytingum, sem á frv. hafa verið gerðar síðan það fór úr þessari hv. deild.

Það er þá fyrst, að burt hefir verið felt niðurlag 7. gr., svo hljóðandi: „Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir". Þetta er gert með tilliti til þess, að álitið er hentugra að láta sparisjóðsdeildina hafa útibúin heldur en seðlabankann, og verð jeg að fallast á, að þetta fyrirkomulag sje „praktiskara". Við það sparast að hafa tvenskonar bókfærslu hjá útibúunum.

Þá er 8. gr. í upphafi þeirrar greinar er orðabreyting, að í stað: „Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla" komi: „Seðlabankinn gefur út seðla". Í sömu grein er breyting á þá leið, að í stað „gullforða, er nemi 40%" komi: „gullforða, er nemi ⅜" o. s. frv. Þessa breytingu álít jeg til skemda, en þar sem ekki munar meiru, mun meiri hl. nefndarinnar sætta sig við hana, þótt jeg hinsvegar verði að halda því fram, að betra hefði

verið að hafa 40%, eins og venjulegast er að hafa gullforðann í öðrum löndum Evrópu.

Úr 9. gr. er strikuð svigasetning í síðustu málsgrein, og er það gert í samræmi við breytinguna á 7. gr., um að seðlabankinn skuli ekki hafa útibúin, heldur sparisjóðsdeildin.

Þá er 10. gr. Þar er slept úr b-lið orðinu „erlendum". Þetta tel jeg heldur til skemda, þar sem það dregur fremur úr tryggingum bankans, en nefndin mun þó ekki gera þetta að ágreiningsatriði.

Í 13. gr. hefir Nd. tekið aftur upp þessi margumtöluðu orð „á dálk". Jeg álít þau óþörf, en hinsvegar svo meinlaus, að litlu skifti, hvort þau standa þarna eða ekki. Síðasta málsgr. er feld burtu í samræmi við breytinguna við 7. gr.

Úr 14. gr. eru feld burtu þau hlunnindi bankanum til handa, að einfaldar ávísanir fái víxilrjett, ef þær eru afsagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls. Jeg taldi þetta hlunnindi fyrir bankann, en Nd. ber lögfræðing fyrir því, að ákvæðin þyrftu að vera fyllri, ef þau ættu að standa. Jeg lít svo á, að það sje bankanum í óhag, að þessu sje burtu kipt, en eins og sakir standa, verður nefndin að sætta sig við þessa breytingu.

Við 21. gr. er gerð sú breyting, að endurskoðendur skuli skipaðir til þriggja ára, og tel jeg þá breytingu heldur til bóta.

Þá er 24. gr. breytt þannig, að varasjóður skuli fá helming arðs, í stað ¼. Telur nefndin þá breytingu til bóta, af því að hún vill tryggja hag bankans sem best.

Þá hefir verið gerð töluverð breyting á 34. gr. Eins og frv. var samþ. í þessari hv. deild var ákveðið, að 4 bankaráðsmenn, er vera skyldu *utanþingsmenn*, skyldu kosnir á þá leið, að hvor deild kysi 2 þeirra, en Nd. hefir breytt þessu þannig, að bankaráðsmennirnir mega vera þingmenn og skulu kosnir af sameinuðu þingi. Jeg hefði talið betra að láta þau ákvæði standa, sem sett voru um þetta í þessari hv. deild. Þau miðuðu að því að skapa ró um bankann og draga úr pólitískum erjum. Er ósjeð ennþá, hvaða óhappaafleiðingum þessi breyting veldur. Nefndin verður þó að sætta sig við þessa breytingu eins og á stendur, þar sem komið er að þinglokum. Þess má geta, að Norðmenn hafa reynt að gera sínar bankastjórnir sem hlutlausastar í pólitík, en það hefir ekki tekist. Bitlingasýkin hefir altaf verið svo mikil innanþings þar eins og annarsstaðar.

Í 3. málsgr. þessarar greinar er bætt inn orðinu „endurgjaldslaust". Það er að segja, bankaráðsmaður verður að búa svo nærri Reykjavík, að hann gęti sótt þangað bankaráðsfundi endurgjaldslaust hvenær sem er. Væri hann t. d. búsettur í Hafnarfirði, mætti bankinn ekki kosta ferð hans á milli. Í niðurlagi greinarinnar er feld burt setning, en bætt inn í á öðrum stað, svo að þar er aðeins um tilfærslu að ræða.

Þá kem jeg að 36. gr. Í fyrstu málsgrein er á einum stað breytt lítilsháttar orðaröð, sem engu máli skiftir. Í niðurlagi 2. málsgr. eru feld burtu orðin: „og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni" o. s. frv. Þetta er

aftur fært inn í 57. gr., af því að rjettara þykir að hafa það í bráðabirgðaákvæðum heldur en í frv. sjálfu. Þá er skeytt aftan við 3. málsgrein sömu greinar þessum orðum: „Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum". Þetta er til bóta, og hefði annars orðið að koma síðar með sjerstökum lögum.

Þá hefir verið felt úr 37. gr. niðurlag 2. málsgr., svo hljóðandi: „Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina". Jeg álít til skemda að fella þetta niður, en nefndin mun þó láta við það sitja.

Þá er komið að 38. gr. Þar er orðabreyting við l-lið, „framkvæmdarstjórnar" í stað „bankastjórnar". Svo er einnig skeytt aftan við liðinn: „Svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans". Þetta er nýmæli hjer, en í erlendum bönkum er það venja, að fleiri en bankastjórarnir einir geti skuldbundið bankann með undirskrift sinni. Það getur komið fyrir, að þetta þurfi að nota hjer síðar, þegar bankinn stækkar, svo að bankastjórarnir hafa ekki við að skrifa undir. Getur þá verið þægilegt að mega gefa öðrum umboð til að skrifa undir í þeirra nafni. En þetta er framtíðaratriði, sem litlu máli skiftir, hvort sett er inn nú eða ekki. Það er að minsta kosti ekki til skaða.

Þá er í m-lið þessarar sömu greinar í stað: „endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt" sett: „endurskoðendur ræki vel" o. s. frv., og er það rjett.

Í 39. gr. er lítilsháttar breyting í 2. málsgr. Í frv., sem samþ. var í þessari deild, hófst hún svo: „Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni". — Í Nd. hefir verið bætt við þetta: „eða sá, sem eldri er að árum, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni". Þetta gerir raunar hvorki til nje frá, en er þó heldur betra. Þá kemur önnur höfuðbreytingin við 4., 5. og 6. málsgr., um að framkvæmdarstjórarnir skuli halda fundarbók. Jeg skal lesa greinina eins og hún hljóðar eftir breytingu Nd.: „Framkvæmdarstjórarnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda sjeu þeir sammála. Að jafnaði skulu engar meiri háttar ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir, og alls ekki, ef aðalbankastjóri er þeim mótfallinn. Nú er ályktun gerð, sem einn bankastjóri er mótfallinn, og á hann þá rjett á að bóka rökstutt ágreiningsatkvæði í fundarbókina".

Þetta var svo í frv., sem samþ. var hjer, að ef einn bankastjóri setti rökstudd mótmæli í fundarbókina eða dagbækurnar, þá skyldi ágreiningsatriðið lagt fyrir bankaráðið til úrslita. Í norsku bankalögunum er svo ákveðið, að ef einn af fimm bankastjórum

mótmælir láni, þá má ekki veita það. Mjer þótti í þessu „landi kunningsskaparins“ of langt gengið, að einn bankastjóri gæti ráðið, og vildi því hafa ákvæði um, að áfrýja mætti ágreiningsatriðum til bankaráðsins. Það getur oft komið fyrir, að minni hlutinn hafi rjettara fyrir sjer en meiri hlutinn. Jeg hefi reynslu fyrir því. Af því komið er að þingslitum og ekki hægt að breyta þessu nema stofna málinu í tvísýnu, verður nefndin nauðug viljug að sætta sig við þessa breytingu.

Þá er jeg kominn að 42. gr., sem mikið hefir verið rætt um, að alþingismenn mættu ekki vera bankastjórar. Þetta hefir Nd. felt úr frv., og gildir þá sama um bankastjóra Íslandsbanka, að þeir mega eiga sæti á Alþingi. Jeg lagði til upphaflega, að þetta væri strikað út, en afrjeð svo að láta hv. Nd. skera úr. Það er því ekki á móti vilja nefndarinnar, að þetta ákvæði er felt niður.

Þá kem jeg að 56. gr. Þar er bætt aftan við ákvæði um það, að seðlabankinn þurfi ekki að hafa útibúin öll á sinni könnu, heldur sparisjóðsdeildin. Er það gert til þess að binda ekki útibúin við seðlabankann einan.

Þá hefir verið sett viðbót við 57. gr., sem svo hljóðar: „Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, svo og allir bankaráðsmennirnir, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins“. Þetta ákvæði er, eins og jeg tók fram áðan, fært aftur í bráðabirgðaákvæðin, enda á það þar betur heima en í frv. sjálfu, þar sem gera má ráð fyrir, að dýrtíðaruppbótin hverfi með tímanum.

Þetta eru þá allar breytingarnar, og þó að sumar þeirra sjeu til skemda, þá eru aðrar meinlausar og einstaka til bóta. Hefir meiri hl. því, eins og sjest af nál. á þskj. 627, fallist á að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, MK, BK, EÁ, EJ, HSteins,

nei: JBald, JJ.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 630).

50. Stjórnarskrárbreyting.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 10. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (stjfrv., A. 2).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Um ástæðurnar fyrir þessu frv. get jeg að miklu leyti vísað til aths., sem prentaðar eru með frv. Eins og háttv. þdm. muna, voru hjer árin 1923 og '24 á ferð frv. til stjórnskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni. Síðan hefir oft verið á málið minst, bæði í blöðum og á þingmálafundum. Virðist mega ætla, að töluvert almenn sje óskin um a. m. k. eina breytingu á

stjórnarskránni: að fjárlög sjeu gerð fyrir tvö ár í senn. Gera menn sjer þá vonir um, að venjulega þurfi þá ekki þinghald nema annaðhvert ár, enda þótt allir viðurkenni, að komið geti fyrir, að kalla þurfi saman aukaþing. Ástæðurnar, sem fram eru bornar fyrir þessu, eru aðallega tvær. Önnur er sparnaður sá, sem af þessu leiðir fyrir ríkissjóð. Hin ástæðan er sú, að þingmálin mundu geta fengið betri undirbúning, ef lengra væri milli þinga. Stjórnin er þeirrar skoðunar, að þessar ástæður sjeu gildar og beri að taka þær til greina. Álítur hún því, að stjórnarskráin eigi að vera þannig, að þing megi hafa annaðhvert ár og setja fjárlög fyrir tvö ár í senn.

Stjórnin hefir viljað hafa frumvarpið þannig, að taka ekki í það þau ákvæði, sem eftir atkvgr. 1923 og '24 mætti helst vænta, að yrðu því að falli, en hinsvegar viljað taka upp þau ákvæði, sem hún hefir sjeð, að samkomulag var um, enda þótt hún væri þeim sjálf ekki sjerlega fylgjandi.

Þannig er tekið upp ákvæði, sem samþ. var í Nd. 1923 með fylgi allra flokka, að ákvæðinu um að halda reglulegt þing annaðhvert ár megi breyta með einföldum lögum, og fjárlagaþing verði þá aftur á hverju ári.

Hin önnur höfuðbreyting, sem frv. fer fram á, snertir landskjörið og byggist á því, að heyrst hafa háværar raddir um annmarka á því. Það þykir of kostnaðarsamt og umstangsmikið að þurfa að stofna til kosninga um land alt fyrir eina 3 þm., og jafnvel fyrir einn þm., eins og var í haust. Ennfremur er það haft á móti landskjörinu, að kjörtímabilið er tvöfalt að lengd á við þjóðkjörna þm. Þessi regla sætti einkum mótspyrnu í þessari hv. deild árið 1924, þegar farið var fram á að lengja kjörtímabil þjóðkjörinna þm. upp í 6 ár. Var þá stungið upp á að halda reglunni og hafa kjörtímabilið 12 ár fyrir landskjörna, en það þótti með rjettu of langur tími.

Til þess að koma hæfilegu skipulagi á þetta, er hjer lagt til, að landskjörnir og kjördæmakjörnir þingmenn sjeu kosnir til jafnlangs tíma, 6 ára, og þingrof nái einnig til hinna landskjörnu.

Þá er ennfremur lagt til í frv. að orða ákvæðið um varamenn þannig, að ekki þurfi að einskorða kosningalögin við það, að varamenn sjeu ekki fleiri en kosnir þm., eins og nú er, heldur megi orða þau þannig, að næsti maður sje jafnan tiltækur, meðan nokkur er eftir á listanum.

Þá er enn eitt, að kjörtímabil þeirra hv. landsk. þm., sem kosnir voru árið 1922, og þess, sem kosinn var í haust, rennur út 1. júlí 1930. Nú hefir verið talað um það að halda 1000 ára afmæli Alþingis hátíðlegt, m. a. með því að halda þingfund á Þingvöllum það ár. Má telja líklegt, að það verði háð á svipuðum tíma og forðum, og eru þá allar líkur til, að þingfundur verði einmitt um þetta leyti, nálægt 1. júlí. Sýnist stjórninni ilt að þurfa að eiga í kosningum um sama leyti, og er jafnvel vafamál, hvort þingið getur haldið áfram að vera fullskipað eftir 1. júlí, þar til búið er að telja atkvæði frá kosningunum. Þykir því að öllu athuguðu æskilegt að hliðra sjer hjá kosningum um þennan tíma. Fyrir þessu er sjeð með því að gera ráð fyrir, að kosningar fari fram 1931,

og sje því lengt um eitt ár kjörtímabil þessara þm., en annara landsk. þm. stytt um 3 ár.

Jeg hefi nú gert grein fyrir þeim tveim aðalatriðum, sem frv. fer fram á að breyta, og gæti því í raun og veru lokið máli mínu. Þó þykir mjer rjett að minnast á eitt atriði, sem var í frv. 1923 og '24, en stjórnin hefir ekki tekið upp að þessu sinni, og það er fækkun ráðherra.

Á þingunum 1923 og '24 var talað um fækkun ráðherra. En svo gott samkomulag, sem virtist vera milli flokkanna um þinghald annaðhvert ár, reyndist ómögulegt að komast að samkomulagi um þetta, og eftir því sem sjeð verður af þingtíðindum, hefir þetta átt drjúgan þátt í því, að frv. 1923 náði ekki fram að ganga. Stjórnin hefir því ekki viljað taka upp till. um 1 ráðherra, sakir þess, að hætt var við, að það yrði frv. að fótakefli. En þótt stjórnin láti þetta liggja milli hluta, er ekkert sagt um það, hvort hún telji heppilegt að hafa ráðherra fleiri eða færri.

Í öðru frv. 1924 var talað um að hafa tvo ráðherra. Stjórnin álítur, að til þess þurfi ekki stjórnarskrárbreytingu og það sje heimilt eftir gildandi lögum. Hefir einnig verið svo þrisvar á fáum árum, að ráðherrar hafa aðeins verið tveir. Er álit núverandi stjórnar, að til þess sje full heimild.

Að umræðu lokinni vil jeg leyfa mjer að óska, að kosin verði 5 manna nefnd í málið.

Jón Baldvinsson: Það er rjett, sem segir í aths. við þetta frv., að öðruhverju hafa verið að koma fram till. til breytinga á stjórnarskránni. En flestir munu líta svo á, að þeim brtt. hafi verið þannig varið, að aldrei hafi verið ætlast til, að þær væru samþyktar.

Stóru flokkarnir hafa verið að „filma" fyrir kjósendur í þessu máli. „Framsókn" og „Íhald" hafa hvort í kapp við annað borið fram tillögur til þess að geta sagt við kjósendur: Við viljum spara meira en hinir. — Jeg hefi nú aldrei haft mikla trú á þessum vilja þeirra, enda hefir það altaf komið í ljós, að á síðustu stundu hefir verið skotið inn fleygum til að drepa alt saman. Og jeg hugsa, að það fari svo enn. Það hefir t. d. verið talað hátt um það að hafa þing aðeins annaðhvert ár, en stjórnin er ekki svo einlæg, að hún beri það eitt fram.

Ekki er því að leyna, að jeg álít breytingarnar, sem hjer er farið fram á, flestar til hins verra. Það á að ganga í kjósendur að hafa þing aðeins annaðhvert ár. En hver var reynslan meðan þetta var í stjórnarskránni? Voru ekki altaf aukaþing? 1912—1920 fjell ekki niður þinghald nema e. t. v. eitt einasta ár. Ætli það færi ekki eins enn? Gætu ekki komið fyrir svo vandasöm mál milli þinga, að stjórninni væri hvorki trúandi til nje hún þyrði sjálf að skera úr þeim eða framkvæma nokkuð upp á eigin spýtur.

Enda þótt þinghald annaðhvert ár hafi verið nægilegt fyrir tugum ára, meðan atvinnulífið var fábreyttara, er nú öðru máli að gegna. Síðan hafa atvinnuvegir manna og lifnaðarhættir breytst svo, að ómögulegt er að komast hjá þingi á hverju ári. Jeg býst því við, að þessi sparnaðarfluga sje

ekki annað en munnfleipur eitt. Því að árlega eru vandamál, sem heimta þinghald, svo að kostnaðurinn yrði nokkurnveginn sá sami. Jeg hygg, að fyrir hvert þing síðan 1920 hafi komið eitthvert það vandamál, sem hefði gert það nauðsynlegt að kalla saman aukaþing, ef ekki hefði verið árlegt þing á þessum tíma. Hvað segja menn t. d. um bankamálin. Mundi þingið hafa trúað hverri óvalinni stjórn til að ráða fram úr þeim?

Þingi annaðhvert ár fylgir rjettindaskerðing fyrir almenning. En það þykir ekki vænlegt að ganga framan að kjósendum og segja: Nú á að minka kosningarrjett ykkar. En það er þetta, sem farið er fram á. Þeir, sem hafa fengið að kjósa þingmenn fjórðahvert ár, eiga nú ekki að fá að kjósa nema sjöttahvert ár.

Jeg held, að stefnan eigi ekki að vera sú, að ganga lengra í íhaldsáttina. En það er skiljanlegt, að stjórnin vilji lofa þinginu að fara heim, og hafa svo frið, — ekki til að vinna, heldur til að geta aukið sín flokksvöld í landinu.

Í þessu frv. er e. t. v. eitt ákvæði, sem mætti kallast gott, þetta um varamennina. En nú vill svo til, að það er með öllu óþarft. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er ekkert ákvæði, sem bannar, að varamenn sjeu svo margir sem verkast vill. Hitt er og vitanlegt, að sá, sem samdi kosningalögin, ætlaðist til, að varamenn mættu koma meðan þeir entust, þótt honum hafi ekki tekist höndulegar að orða þetta. Þess vegna þarf enga stjórnarskrárbreytingu til að koma þessu fram.

Svo eru sjerstöku ákvæðin um stundarsakir í þessu frv., sem mótast af flokkshagsmunum Íhaldsmanna. En það verður að teljast hæpið að fara fram á stjórnarskrárbreytingu til þess að lengja kjörtímabil nokkurra Íhaldsmanna en stytta kjörtímabil andstæðinganna. Það er svo sem auðvitað, að Íhaldið vill hlynna að sjer, en þetta verður þó að teljast óviðeigandi langt gengið.

Ef breytingar á að gera á stjórnarskránni, þá verður að taka til greina þær kröfur, er almenningur gerir til slíkra breytinga. Almenningur vill, að feld sjeu burtu þau ákvæði, að menn sjeu sviftir kosningarrjetti, ef þeir hafa neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk. Einnig krefst almenningsálitið þess, að aldurstakmark fyrir kosningarrjetti sje fært niður, og hefði stjórnin átt að koma með frv. þar að lútandi. En þetta frv., eins og það er út búið, er að færa ákvæði laganna í svartasta íhald, og vona jeg, að flokkarnir í þinginu komi sjer saman um að fleyga frv. og drepa það síðan, eins og gert hefir verið á undanförnum þingum.

Jeg held, að margir líti svo á, að stjórnarskrána beri að skilja svo, að ráðherrar eigi að vera fleiri en tveir. Hæstv. forsrh. hefir nú vísað til venjunnar og haldið því fram, að ráðherrar þurfi ekki að vera nema tveir, en orðalag stjórnarskrárinnar bendir til annars. Því er haldið fram, að sparnaður sje að þessu, að hafa ráðherra aðeins tvo, en jeg sje ekki, að svo sje, ef þessir tveir ráðherrar skifta á milli sín launum hins þriðja. En þetta hefir verið gert, og fjárlagafrv. hæstv. stjórnar gerir nú ráð fyrir þrennum ráðherralaunum. **(Forsrh. JÞ:** Ráðherr-

arnir hafa aldrei skift á milli sín launum hins þriðja). Jú; kannske ekki öllum launanum, en þó nokkru af þeim.

Breytingartillögurnar í frv. þessu eru ekki þess eðlis, að þær eigi að ná fram að ganga. Væru þær einhliða túlkaðar í eyru kjósenda, má vera, að þeir haldi, að með brtt. sje stefnt í sparnaðarátt, sjerstaklega með því að hafa ekki þing nema annaðhvert ár, en sje kjósendum bent á reynsluna, að atvikin heimta það, að þing sje haldið á hverju ári, þá verður lítið eftir af sparnaðarástæðunni.

Jeg býst ekki við því að komast í þá nefnd, er skipuð verður í þetta mál. Hinir flokkarnir munu skifta nefndarmannasætunum í milli sín. Má og vera, að nú verði meira samkomulag á milli þeirra um stjórnarskrárbreytingar en áður hefir verið, en ólíklegt finst mjer það, og reynslan bendir til hins gagnstæða. Jeg skil varla, að það sje samkomulag um það atriðið, að stytta kjörtímabil andstæðinga hæstv. stjórnar, en lengja kjörtímabil Íhaldsmanna.

Magnús Kristjánsson: Þótt það þyki stundum ekki viðeigandi að eyða miklum tíma við 1. umr. mála, þá álít jeg, að það sje afsakanlegt, þegar um annað eins stórmál og þetta er að ræða. Það er síst úr vegi, að menn láti nú þegar í ljós skoðanir sínar á því, því að þar getur komið fram eitt eða annað, er nefndinni þætti ástæða til að taka til íhugunar.

Jeg hefi heyrt því fleygt, að þær tillögur, er komið hafa fram til stjórnarskrárbreytinga á síðustu árum, hafi verið svo, að þeim hafi ekki fylgt mikil alvara. Þó skal jeg ekki leggja neinn dóm á það. En það verð jeg að segja, að þær brtt., er hjer liggja fyrir, eru ekki til mikilla bóta, að mínu áliti. Hið eina, sem virðist hafa við nokkur rök að styðjast, er brtt. um fækkun þinga. Af henni gæti stafað nokkur sparnaður, ef hún kæmist í framkvæmd. En þó tel jeg hana ekki mjög mikilsverða, því að búast má við, að þing verði oft að halda á hverju ári, því að altaf geta komið fram knýjandi ástæður til þess að kalla þing saman. Og það hafa ekki heldur verið færð nóg rök að því, að af þessari brtt. geti orðið nægilegur sparnaður til þess að vega móti því, sem við breytinguna myndi tapast, ef hún kæmi til framkvæmda.

Eitt er það þó, sem mjer fellur vel í geð, að í frv. er ekki gert ráð fyrir ráðherrafækkun. Jeg veit ekki, hvernig menn geta látið sjer detta þá fásinnu í hug, að við getum komist af með einn ráðherra. Það er að mínum dómi alveg óhugsandi. Einn ráðherra — það er sama sem engin stjórn, að maður segi ekki, að það yrði óstjórn, því að verksvið stjórnarinnar hefir aukist svo gífurlega hin síðari ár. Það veitir síst af því, að ráðherrar sjeu þrír. Einn þeirra hefir fallið frá á síðastl. ári, annar getur veikst og hinn þriðji þyrfti að vera á ferðalagi í útlöndum. Þá væri í óefni komið. Við slíku er mörgum sinnum hættara, ef ráðherra er ekki nema einn, enda eru og ráðherrastörfin svo margbrotin, að óhugsandi er, að einn maður geti komist yfir þau, svo viðunandi sje. Þess vegna getur það varla komið til mála, að ráðherrum sje fækkað.

Jeg álít enga knýjandi ástæðu til þess, að nú sje farið að breyta stjórnarskránni. Hinsvegar býst jeg við því, að sú alda sje nú vakin úti um land meðal kjósenda, að það sjeu talin meðmæli með þingmannaefnum, ef þeir telja sig því fylgjandi, að fækkað sje þingum. Þó býst jeg við, að víða sjeu menn svo pólitískt þroskaðir, að þeir sjái, að þetta fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, er stórt spor aftur á bak. Hefi jeg því enn þá von, að kjósendur muni bráðlega átta sig á því, að krafan um fækkun þinga og ráðherra er ekki samrýmanleg þeim kröfum, sem þjóð á framfaraskeiði verður að gera til sjálfrar sín.

Það getur verið, að þessi skoðun mín sje ekki í samræmi við skoðun flokksbræðra minna. Jeg hefi enn ekki talað neitt við þá um málið, og hefi jeg því aðeins talað frá mínu eigin sjónarmiði.

Jónas Jónsson: Mig langar til þess að fara fáum orðum um frv., meðfram vegna þess, að það er æðimargt, bæði í frv. sjálfu og athugasemdunum við það, sem gefur ranga meiningu, ef ekki er skýrt betur.

Hæstv. forsrh. hefir haldið því fram hjer í dag, að frv. væri komið fram í sparnaðarskyni. En nú vill svo til, að fyrir nokkrum árum var í þessari hv. deild drepið samskonar frv. um breyting á stjórnarskránni, og að það voru flokksbræður hæstv. forsrh., sem stóðu fyrir því drápi. Á nú að skilja þetta frv. svo, að þeim hafi snúist hugur í málinu?

Jeg get ekki komist hjá því að minnast á gang þessa máls hjer í hv. deild áður. Það voru borin fram tvö breytingafrv. við stjórnarskrána á þingi 1924; annað þeirra bar fyrverandi yfirmaður hæstv. ráðh. (JÞ), Jón heitinn Magnússon forsætisráðherra, fram, en jeg hitt. Þessa vil jeg geta, vegna þess, að frá þessu er ekki nákvæmlega skýrt í aths. við þetta frv. Þegar þau frv. komu til nefndar, þá kom það fyrst og fremst til greina, hvort leggja ætti áherslu á aðalatriðið eða hin smærri atriði. Mitt frv. fór fram á það, sem er aðalatriði málsins, að þing væri aðeins háð annaðhvert ár, og jeg bauðst til þess fyrir mitt leyti að fallast á frv. fyrverandi forsætisráðherra Jóns Magnússonar, ef hann vildi falla frá nokkrum miður heppilegum aukaatriðum. En við það var ekki komandi, og stuðningsmenn hans vildu halda fast í þá breytingu, að ráðherra yrði ekki nema einn. En það sýndi best, hvern skrípaleik hjer var verið að leika, að sami maður, sem bar frv. fram, myndaði á því sama þingi þriggja manna stjórn, þó að fordæmi væri fyrir, að lögum samkvæmt mátti komast af með tvo. Þá voru fylgismenn hans ekki meiri sparnaðarmenn en svo, að þeir krossbrutu þær reglur, sem yfirmaður þeirra vildi koma á.

Það er rangt skýrt frá í aths. við frv. þetta, þar sem það er gefið í skyn, að ráðherrafækkunin hafi orðið þess valdandi, að ekki náðist samkomulag um málið. **(Forsrh. JÞ:** Það var árið 1923 í hv. Nd.). Það var annað atriði, sem um var deilt, atriði, sem hæstv. stjórn hefir nú tekið upp í þetta frv., að takmarka kosningarrjettinn með því að lengja kjörtímabilið upp í 6

ár. Þetta er fjarri allri sanngirni, og til sannindamerkis um það, hvert álit aðrar þjóðir hafa á þessu atriði, vil jeg geta þess, að í Noregi, þar sem mentun kjósenda og flokkaskifting er svipuð og hjer, er kjörtímabilið aðeins 3 ár, og dettur þó engum þar í hug að lengja það.

Frv. þetta sýnir það, að hæstv. stjórn sjer nú, að ekki er lengur hægt að leika þann skollaleik að krefjast þess, að einn sje ráðherra hjer. En hins gætir hún ekki, að ef það er lögum samkvæmt nú að hafa tvo ráðherra, þá hefir það líka verið lögum samkvæmt 1924. Og sú röksemdafærsla, er hæstv. forsrh. bar fram áðan um þetta atriði málsins, þætti hvergi frambærileg nú á tímum, nema þá í Lithauen, hjá Mussolini eða Primo de Rivera. Jeg skal nú skýra það, hverja þýðingu þetta hefir hjer á landi.

Hæstv. forsrh. veit það vel, með hvaða herkjubrögðum flokkur hans vann við síðustu kosningar á Ísafirði og Seyðisfirði. Á Seyðisfirði voru það veikir menn og ósjálfbjarga, sem rjeðu úrslitum, en um kosninguna á Ísafirði vil jeg sem minst tala. Þó skal jeg geta þess, að almenningur hefir víst aldrei búist við öðrum eins kosningaúrslitum þar, og er Íhaldið síst öfundsvert af slíkum sigrum. Árið 1924 tekst Íhaldsflokknum að koma sínum manni að með eins atkvæðis mun, að því er kallað var, en við kosningar þar í bænum á undan og eftir hefir Íhaldið verið í vonlausum minni hluta. Hæstv. stjórn lítur því sjálfsagt svo á, að málstaður sinn sje svo vaxinn, að best sje að hafa sem lengst á milli kosninga. **(Forsrh. JÞ:** Er hv. þingmaður búinn að gleyma seinustu kosningum?). Nei, jeg hefi ekki gleymt þeim kosningum, er farið hafa fram á 5 stöðum þessa seinustu daga. Alstaðar hefir flokkur hæstv. stjórnar beðið ósigur, og svo rækilega á Siglufirði, að þar kom hann engum manni að, þótt þrír væru í kjöri. Nei, það er sannarlega engin önnur ástæða fyrir lengingu kjörtímabilsins en sú, að Íhaldið óskar, að dómsdagur sje sem sjaldnast. Enda verð jeg að segja það, að þá fer lítt eftir málstað, ef hæstv. núverandi forsrh. verður borinn út úr þinginu á gullstóli eftir þetta kjörtímabil.

Hæstv. forsrh. veit það vel, að í þinginu hafa menn óbeit á öðru eins afturhaldi og farið er fram á með þessu frv. En hann hefir eflaust hugsað sem svo: Þótt við dræpum stjórnarskrárbreytinguna seinast, þá skulum við koma þessu í gegn nú. Kjósendur eru svo vitlausir, að þeir líta aðeins á skollaleikinn 1927, en hafa gleymt skollaleiknum 1924.

Það kemur stundum fram í blöðum hæstv. stjórnar, að ekki megi „kritisera" ráðherrana, en ef hæstv. forsrh. ætlast til þess, að nokkur maður taki mark á þessu, þá verður hann þó að minsta kosti að breyta öðruvísi en svo, að verkin verði versta fordæmingin á hann.

Eins og jeg drap á áðan, þá er það gefið í skyn í aths. við frv., að ákvæðin um ráðherrafækkun hafi steypt fyrri frv. til stjórnarskrárbreytinga, og að Framsókn hafi átt sök á því. En hvað gerðu Íhaldsmenn? Þegar Íhaldsmaður bar fram samskonar frv. 1924, þá láta þeir suma sína menn samþykkja breytingar á því, en drepa

svo frv. vegna þeirra breytinga. Jeg hygg, að það væri ekki úr vegi, að hæstv. forsrh. skýrði þetta atriði betur fyrir munn sinna flokksmanna. Hugsanlegt er, að flokksmenn hans hafi þannig lagaða samvisku út af þessu máli, að þeir óski ekki eftir að gefa skýringu sjálfir.

Jeg ætla þá að fara fáeinum orðum um þessa stjórnarskrá eins og hún hjer liggur fyrir.

Það, sem vakir fyrir hæstv. stjórn, annað en að leika sjer með málið og búa til úr því kosningaefni, gleymandi sinni fortíð, það er að haga breytingunni þannig, að verði hún samþ., þá hafi flokkur hennar gagn af því. Hún er ekkert að hugsa um hag landsins af breytingunni.

Jeg ætla að finna þessum orðum mínum stað. Jeg er áður búinn að útskýra það, að enginn flokkur er hræddur við stutt kjörtímabil nema Íhaldsflokkurinn. Það hefir enginn annar flokkur óskað eftir slíkri breytingu. En það er gagn flokksins, sem miðað er við. En viðvíkjandi breytingunni á landskjörskosningu, þá tel jeg enga ástæðu til að stofna til kosningar eins þingmanns, eins og gert var síðastl. haust. Þar tel jeg galla á núgildandi stjórnarskrá. Um þetta atriði geta engar deilur orðið. En þegar kemur að hinu, að lengja kjörtímabil okkar, sem eigum nú sem stendur að fara með landskjörsumboðið þangað til árið 1930, um eitt ár, en fella niður umboð hinna, sem kosnir voru síðastl. vor, þá skilur maður, hvar fiskur liggur undir steini. Ekki geri jeg ráð fyrir, að hæstv. stjórn sje út af fyrir sig svo hughaldið að lengja mitt kjörtímabil um eitt ár; og þótt jeg geti skoðað það sem „kompliment“ frá hæstv. stjórn, þá þakka jeg það nú samt ekki; því að jeg býst við, að jeg komist inn á þing á öðrum snærum en stjórnarinnar, meðan jeg yfirleitt óska að sitja á þingi. Jeg get ekki sjeð, að það sje forsvaranlegt að fara að rugla í landskjörinu yfirleitt, aðeins til þess að Íhaldið geti trygt sjer sín tvö atkv. árinu lengur. Þegar þess er gætt, að annar þessara manna hefir lýst því hreinskilnislega yfir, að hann væri dvergur í landsmálum, þá sje jeg ekki annað en að það sje móðgun við kjósendur að fara að breyta stjórnarskránni, þó að slíkur þingmaður hafi slysast inn í stórhríðinni, — svo að umboðið verði lengra en núgildandi lög ætlast til.

En þetta er ekki nóg. Stjórnin ætlar sjer meira í flokksins þágu. Hún gerir sjer vonir um þann möguleika, að með því að kjósa alla 6 þm. í einu, kunni hún að græða 1 þingsæti. Slíkur útreikningur er alveg óhæfilegur viðkomandi stjórnarskrá eins lands. Það er eins og þegar vissir menn unnu að því að fella krónuna til þess að bjarga sjer sjálfum í bili; eða þá þegar aðrir síngjarnir menn eru að reyna að hækka krónuna, enda þótt heildin líði við það, — bara að þeir hafi persónulega hagnað af því. Slíkur útreikningur er til minkunar þeim flokki, sem gerir hann.

Hæstv. forsrh. láðist ennfremur að geta þess, að svo framarlega sem nokkru landskjöri verður haldið, þá breytir þessi till., sem hjer um ræðir, grundvelli þess. Ætlast er til þess, að landskjörið myndi einskonar kjölfestu í þingskútunni. Og það er einmitt með því, að umboð þeirra falli ekki niður

við upplausn þings og að hafa kjörtímabil þeirra lengra. Þannig verður nokkur hluti þingsins óháður stjórninni á hverjum tíma. Og það er nokkurs virði. Það má kalla hæstv. forsrh. umrótsmann í stjórnarskránni. Það er verið með þessu lagi að hagga alveg stjórnarskrárgrundvellinum í landinu.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um kostnaðinn við kjörsóknirnar. Því er til að svara, að sá kostnaður er ekki ýkjamikill, borið saman við ýmsan annan kostnað, sem borgarar verða að þola. Tökum til dæmis það ástand, sem er hjer í fjármálatíð núverandi hæstv. ráðh., þegar skattur á hvert nef — gamalmennisins og barnsins í vöggu — hefir verið frá 120 kr. og upp í 160 kr. á ári. Á þeim tíma, sem skatturinn er 160 kr. á nef, verður samkv. þeim reikningi 10 manna fjölskylda að borga 1200—1500 kr. í skatt til ríkisins á hverju ári. Á 4 árum verða það 5—6 þús. kr., sem þing og stjórn fer með frá þessari einu fjölskyldu. En svo ætlar hæstv. ráðh. að vera svo nærgætinn og elskulegur við þetta fólk, sem afhendir þingi og stjórn á þessu kjörtímabili frá 5—6 þús. kr., sem það hefir unnið sjer með súrum sveita, að hlífa því við að fara á kjörstað á 4 ára fresti. Kjósendur, sem verða að bera svo þunga byrði, hljóta að láta sig miklu skifta, hvernig farið er með fje það, er þeir leggja til. Getur það hugsast, að hæstv. forsrh. hafi ekki vit á, hvílík fjarstæða það er, að kjósendur landsins, sem píndir eru með drepandi sköttum, láti sig muna að fara á kjörstað einu sinni á 4 árum? Ef hæstv. stjórn sýndi það í stjórn á fjármálum landsins, að hún elskaði þegnana og lækkaði hina níðþungu skatta á hverri fjölskyldu, þá væri vel. En það er ómögulegt að segja, að svo sje nú. Hún er að hugsa um gróða Íhaldsins með þessu, og ekkert annað. Þá vil jeg benda á það, að hjer í Reykjavík er það mjög erfiðislítið fyrir Íhaldskjósendur að komast á kjörstað, og raunar alstaðar þar, sem Íhaldið hefir fylgi yfirleitt. Þeir hafa hjer, að því er mig minnir, þetta 50 bíla í gangi á hverjum kjördegi. Jeg tala nú ekki um önnur eins fríðindi eins og þegar vinnukonurnar dreymir um það, að frambjóðendur komi og bjóði þeim 50 krónur fyrir atkvæðið, eins og á Akureyri við síðustu kosningar.

Hvernig sem maður lítur á þetta frá sparnaðarins sjónarmiði, þá held jeg, að skíni á eyrun út um ljónshúðina.

Jeg vonast til, að þegar hæstv. forsrh. fer að verja sitt mál við þessa umr. eða seinna og gera skiljanlegt fyrir hv. deild og kjósendum landsins, að eitthvert vit sje í því að böglast með allar þessar afturhaldsumbúðir utan um þá einu eftirsóttu breytingu, þinghald annaðhvert ár, þá gleymi hann ekki að útskýra það, hvernig hann gat þolað við síðan 1924 og hafa ekki komið þessu í framkvæmd, ef hann hefir brunnið af vandlætingu við þá, sem drápu frv. þá. Hafi einhver skollinn verið kominn í þetta frv. fyrir tilverknað Framsóknarmanna efri deildar, þá mátti laga það í neðri deild aftur. Jeg vona, að hann reyni ekki að komast í kringum það, hverjir drápu frv. 1924 og hverjir sýndu viðleitni til að koma því í lag. Vitaskuld

hvílir ábyrgðin á þeim, sem voru í stjórn, og þeim, sem mynduðu meiri hluta í Ed.

Út af því, sem hv. 5. landsk. (J-Bald) sagði, vil jeg taka það fram í viðbót við það, sem jeg áður sagði, að ásökunin, sem hann kastaði í garð Framsóknarmanna, er sannarlega ástæðulaus. Ef sá hv. þm. vildi kynna sjer meðferð málsins á þingi 1924, myndi hann sjá, að hvað eftir annað var það tekið fram í skjölum málsins og í umræðum, að við Framsóknarmenn værum reiðubúnir að vinna með andstæðingum okkar, ef þeir vildu snúa sjer að aðalatriði málsins einu saman.

Einnig vil jeg benda hv. þm. á annað dæmi, sem sannar glögt aðstöðu þessara stóru flokka þingsins. Það kom einmitt fyrir þá sömu þingmenn, sem hjer ræðir um. Árið 1924 lagði jeg til að fækka dómendum í hæstarjetti. Þá snýst þáverandi foringi Íhaldsflokksins, Jón heitinn Magnússon, öndverður á móti. Málið var drepið. En árið eftir kemur þessi sami maður með frv. mitt aftur. Ef við Framsóknarmenn hefðum lagt það í vana okkar að vera með skollaleik í málum, þá hefðum við átt að verða á móti honum í þessu máli, vegna fortíðar hans um þann sparnað. En við veittum okkar hjálp, og þessi maður, sem nú er dáinn, og Framsóknarmenn komu málinu í gegn. Ekki verður sagt, að hann væri studdur eins af sínum mönnum í Nd. Þar komu hrekkir og mótblástur til greina. Það kvað svo ramt að, að hver einasti Framsóknarmaður þar var með því, en hinir reyndu, hver sem betur gat, að eyðileggja málið fyrir flokksforinga sínum.

Jeg er hræddur um, að ef ásökun hv. 5. landsk. er rjett um stóru flokkana, þá sje flokkur hans ekki heilagur í þessu efni, því að einmitt nú í dag er útbýtt afarmikilli stjórnarskrá, sem einn af samherjum hv. 5. landsk. ber fram, þar sem þjóðinni er lofað öllu mögulegu, gífurlegri fækkun þingmanna, sparnaði o. s. frv.

Jeg vil þá að lokum taka fram, að jeg óska eftir svari frá hæstv. forsrh. Jeg vil bjóða honum að styðja hann til þess að koma fram aðalatriðunum í þessu frv. Það er sjálfsagt að gera þá leiðrjettingu, að varamenn þeirra landskjörnu taki sæti, svo sem hjer er farið fram á. Hæstv. ráðh. þarf hinsvegar að falla frá þeim afturhaldskendu aukaatriðum, sem hann hefir látið fylgja. Og á það vil jeg benda, að það getur varla orkað tvímælis, að ef Íhaldsflokkurinn vill ekki þiggja slíka aðstoð frá okkur andstæðingum, og ef á að neita okkar stuðningi, eins og 1924, vegna þess að Íhaldsflokkurinn vill koma að sínum sjerhagsmunum, þá verður ábyrgðin að vera á Íhaldsflokknum. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. sje svo skynsamur, að hann taki það til greina, að Framsóknarflokkurinn vill ekki taka þátt í þeim skollaleik, sem fór fram 1924, þegar Íhaldsflokkurinn ber fram stjórnarskrá og drepur á sama þingi. En ef svo skyldi fara, að hæstv. ráðh. geti ekki felt sig við annað en þær breytingar, sem hann telur nauðsynlegar, þá getur hann ekki áfelt aðra þingmenn, þó þeir sætti sig ekki við málspjöll í stórmálum.

Mjer er kunnugt um, að það hefir komið fram á síðustu missirum mjög merkileg tillaga, sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir rætt í sínum átthögum. Myndi ef til vill rjett að taka þá till. upp í frumvarpi. Hygg jeg, að framkvæmd hennar yrði æskilegri sparnaður heldur en sá, sem hjer er farið fram á. Sparnaðurinn er í því fólginn, að fjárlögin komi aðeins til umræðu í sameinuðu þingi. Jeg fer ekki út í þetta hjer, en læt aðeins hv. deild vita af þessu. Sparast myndi líklega hjer um bil ⅓ af þingtímanum, sem leiðir af því, að fjárlögin þyrftu ekki að hrekjast milli deilda. Afstaða efri deildar til fjárlaganna er þannig, að krafa um þetta fyrirkomulag er rjettmæt. Efri deild hefir oftast lítil eða engin áhrif á fjárlög landsins, meðal annars vegna þess, að í venjulegum kringumstæðum hefir fjvn. þeirrar deildar ekkert að segja fyr en búið er að samþykkja fjárlagafrv. í Nd. eftir 3 umræður. Og þá eru fjárlögin hespuð af á sem stystum tíma að mögulegt er.

En þetta nær ekki til allra mála. Ed. hefir „veto"-rjett engu síður en hin deildin. En úr því að meðferð efri deildar á fjárlögum hefir lítið að segja, en þetta fyrirkomulag tefur þingið nálega um ⅓, þá býst jeg við, að tillaga þessi sje orð í tíma talað. Það verður hinsvegar ósamrýmanlegt við að hafa þing annaðhvert ár. En sparnaðurinn verður meiri en leiðir af þinghaldi annaðhvert ár út af fyrir sig. Gæti verið, að mönnum fyndist við nánari athugun, að sá sparnaður yrði happasælli.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg þarf ákaflega litlu að svara hv. 5. landsk. (JBald). Jeg get alls ekki búist við því í máli eins og hjer liggur fyrir, að hann eigi neina samleið með núverandi stjórn. En jeg get búist við, að hann vilji hafa stjórnarskrá þess ríkis, þar sem hans stefna á að blómgast, alt öðruvísi en mjer og okkur þykir rjett og hentugt.

En þótt hann hafi þannig alt aðrar skoðanir, þá gefur það honum engan rjett til þess að vera að drótta því að öðrum, hvorki þeim, sem nú eru á þingi, eða voru áður, eða núverandi stjórn, að það sje verið með skollaleik eða „filmun", sem hann svo kallaði, í slíkum málum. Þeim ummælum vísa jeg alveg til baka og tel þau vera best komin heima hjá honum sjálfum.

Um það, hvort þetta muni leiða til raunverulegrar fækkunar á þingum, sýnast skoðanir nokkuð skiftar. Hv. 5. landsk. hjelt fram, að það myndi ekki verða, og vísaði til reynslunnar, sem sje aukaþinganna frá árunum 1912—1920. Þetta getur tekið sig nokkuð líklega út, ef ekki er litið á neitt annað en tölu aukaþinganna, sem háð voru á þessu tímabili, en ekki litið á ástandið, sem þá var. En jeg vil benda á, að það voru tvær sjerstakar ástæður, sem gerðu það að verkum, að mörg aukaþing urðu á þessu tímabili. Önnur ástæðan var heimsstyrjöldin, með öllu því umróti, sem af henni leiddi og náði líka til okkar. Og maður vonar, að slíkir utanaðkomandi viðburðir komi ekki fyrir á hverjum mannsaldri, — svo að jeg segi ekki of mikið.

En þar með eru fallnar í burtu þær ástæður til aukaþinga. Þótt ekki sje alt komið í samt lag eftir ófriðareftirköstin, þá sýnist mjer þó miða það áfram og að þjóðlífið sje komið það áleiðis í samt lag aftur, að maður geti gert sjer vonir um, að eftir örfá ár muni algerlega falla í burtu sú aukaþingaþörf, sem stafaði af þessum viðburðum beinlínis.

Þegar nú litið er á það, hve fljótt sú þingafækkun, sem hjer er farið fram á, í rauninni mun koma til framkvæmda, eftir því sem til er stofnað í frv. sjálfu, þá sýnist mjer, sem við verðum að gera ráð fyrir, að þing sje háð öll árin til og með 1930. Jeg sje ekki, að komist verði hjá þinghaldi 1928, þó að þetta frv. verði samþ. Reglulegt þing yrði að koma saman til þess að setja fjárlög 1929. Og 1930 geri jeg ráð fyrir, að það komi saman vegna hátíðarinnar. 1931 yrði svo reglulegt þing.

Svo að satt að segja á sú þingafækkun, sem leiðir af frv., ekki að koma svo fljótt fram hvað það snertir, að þingsamkomum fækkar, en kemur fljótt fram í því, að þingið annaðhvert ár verður aukaþing, þ. e. a. s. á þessu tímabili yrði þingið 1930 aukaþing.

Jeg fyrir mitt leyti tel alveg fyllilega ástæðu til þess að ætla, að eftir 1930 verði afleiðingar heimsstyrjaldarinnar svo um garð gengnar, að af þeim orsökum verði ekki sjerstök þörf fyrir aukaþing. En hin önnur ástæðan til aukaþinga á tímabilinu frá 1912—1920 var sú, að við vorum að koma stjórnarfari landsins í alt annað horf heldur en það var í áður. Og það þarf ekki að rekja frekar hjer. Það voru bæði breytingar fyrir 1918 og sú mikla breyting, sem varð með sambandslögunum 1918, sem kölluðu eftir aukaþingum. Jeg geri ráð fyrir, að þegar búið er að laga þá smíðagalla, sem menn hafa fundið á smíð okkar stjórnarskipunarlaga við þá breytingu, — eins og farið er fram á í frv. — þá muni ekki heldur af þeim ástæðum koma fram kröfur eða þörf fyrir aukaþing á næstunni. En hinsvegar er það ekki nema eðlilegt, að í smíð stjórnarskrár, sem gerð var á öðrum eins óróatímum eins og voru 1918 — stjórnarskrár, sem átti að grípa í sig eins miklar breytingar á stjórn eins og þá varð — kæmu fram einhverjir agnúar, sem þyrfti að laga jafnskjótt sem reynslan væri búin að benda mönnum á þá.

Hv. 5. landsk. mintist á ýms einstök atriði. Hann sagði, að ekki þyrfti að breyta stjórnarskránni vegna ákvæða um varamenn við landskjör, en það er einmitt það, sem þarf að gera, vegna þess, að það er þegar búið að slá föstum þeim skilningi á 28. gr., að varamaður sje aðeins einn á hverjum lista, ef einn aðalmaður hefir náð kosningu á listanum. Þá mintist hv. þm. á ráðherralaun og talaði um, að tveir ráðherrar mundu skifta á milli sín launum hins þriðja. Þetta er rangt. Hjer er fylgt sömu reglu og venjulegt er, þegar maður er settur til að þjóna öðru embætti með sínu eigin, að greidd eru hálf önnur laun. Ríkissjóði sparast því hjer hálf ráðherralaun.

Hv. 4. landsk. (MK) þarf jeg ekki að svara. Um það geta auðvitað verið skiftar skoðanir, hvort nauðsynlegt sje að halda þing á hverju ári, og það er rjettmætt, að hver færi rök fyrir sinni skoðun á því efni. Jeg hefi því

ekkert við það að athuga, þó að hv. 4. landsk. vilji helst hafa þing árlega.

Þá kem jeg að hv. 1. landsk. (JJ). Ræða hans var ærið óskipulega flutt að vanda. Hann hljóp þetta þrisvar og fjórum sinnum úr því, sem hann var að tala um, og kom svo að því aftur. Það er því óhægt að fylgja hv. þm. nema úr verði óhæfilegar málalengingar, en jeg vil ógjarnan taka hann mjer til fyrirmyndar í því efni.

Hv. þm. talaði um skrípaleik í sambandi við þetta mál. En hans ræða var mestöll átakanlegt dæmi þess, hvernig talað er um mál, þegar á að gera það að skrípaleik. Þá er ekki verið að vega ástæður með og móti; nei, undir eins er spurt: Eru nú andstæðingarnir ekki með þessu að „spekúlera" í flokkshagsmunum fyrir sjálfa sig? — Jeg álít, að stjórnarskráin og breytingar á henni sje svo mikilvægt mál, að þjóðin eigi heimtingu á, að slíkt mál sje rætt með rökum og fullu velsæmi. En fulls velsæmis kalla jeg, að ekki sje gætt, þegar notuð eru slík orð, sem hv. 1. landsk. viðhafði. Hann talaði um „auðvirðilegar blekkingar", „hræsni", „bjánalegan loddaraleik" o. s. frv. Jeg fylgi ekki hv. þm. inn á þessar brautir.

Hv. þm. kom þó inn á einstaka atriði, sem snerta málið. Jeg vísa aftur þeirri ákæru hans, að jeg hafi skýrt rangt frá viðvíkjandi ákvæði um fækkun ráðherra í frv. frá 1924. Jeg hefi nefnt frv. frá 1923, að mótstaða gegn fækkun ráðherra hafi átt mikinn þátt í að fella það frv. Jeg hefi ekki sett ráðherrafækkunina í neitt samband við frv. frá 1924, og hefi því frá engu rangt skýrt um það frv.

Jeg var satt að segja hissa á að heyra hv. 1. landsk. endurtaka hugsunarvillu, sem var leiðrjett fyrir hann á síðasta þingi. Hann ámælti þá Jóni Magnússyni fyrir að hafa myndað þriggja manna stjórn, þar sem hann sjálfur væri fylgjandi því að hafa aðeins einn ráðherra. Eins og öllum heilvita mönnum ætti að geta skilist, verður sá, sem myndar stjórn, að haga sjer eftir gildandi stjórnarskrá án tillits til sinna persónulegu óska um breytingar á þeim ákvæðum. Um hitt var jafnan skoðanamunur milli mín og Jóns Magnússonar, að jeg hjelt því fram, að samkvæmt stjórnarskránni væri leyfilegt að hafa 2 ráðherra, en hann leit svo á, að ekki væri rjett að mynda stjórn með færri en þremur, þótt atvik gætu valdið því, að þeir yrðu um stundarsakir færri. Jeg skildi það af allri ræðu hv. 1. landsk., að fyrirhugað er að nota þá átyllu til að stytta þessu frv. aldur, að farið er fram á 6 ára kjörtímabil. Það er svo sem sjálfsagt, að þeir, sem ekki vilja ganga að þessu, greiði atkvæði samkvæmt því. En þegar hv. þm. (JJ) fer að bjóða mjer að vera með frv., ef jeg vilji falla frá hinu og öðru, þá skal jeg segja honum það, að hann er á skökkum stað að bjóða atkvæði sitt sem verslunarvöru. Jeg greiði atkvæði eftir því, sem mjer sýnist rjettast, og það mundi enginn áfella hann, þótt hann gerði eins, án tillits til þess, hvort jeg vildi kaupa atkvæði hans.

Jeg skal ekkert fara út í það, sem hv. þm. talaði um afstöðu og atkvæðagreiðslu hjer í deildinni um frv. frá 1924. Jeg átti ekki sæti þá í þessari hv. deild og er því ekki fullkomlega

fær um að gefa upplýsingar í því efni. En hv. þm. má vita það, að ákaflega margir eru á annari skoðun en hann ljet í ljós um það, hvað því frv. hafi orðið að falli. (**JJ**: Hverjir drápu það?). Hv. 1. landsk. kennir það þeim, sem feldu það síðast. Aðrir kenna það þeim, sem settu í það fleyginn næst á undan. Jeg geri ekki upp á milli þess, hvort rjettara er.

Það hefir verið borið fram hjer, bæði af hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk., að þessi uppástunga, að láta landskjör fara fram 1931, væri gerð til þess að lengja kjörtímabil tveggja íhaldsmanna, sem nú eru á þingi, til þess að afla íhaldsstjórninni meira þingfylgis en henni ber. Mjer hafði satt að segja ekki dottið í hug, að þetta kæmi fram. Breytingin lengir líf hv. 1. landsk. um eitt ár, en styttir minn tíma um 3 ár, svo að jeg hefði síst haldið, að ákvæði, sem felur þetta í sjer, yrði skoðað sem „spekulation" frá minni hálfu. En eitthvert ákvæði varð um þetta að gera. Jeg er ekkert á móti því, að þessu ákvæði sje breytt, t. d. að kosningar verði látnar fara fram haustið 1930. Þá yrði ekki lengdur kjöraldur neins núverandi þingmanns. Það er ekkert aðalatriði fyrir mjer, hvort kosið yrði 1930 eða 1931. En það þótti sanngjarnt, að næsta kjörtímabil yrði 4 ár og svo fylgdu þeir landskjörnu með. Ef menn vilja heldur, að í haust sje kosið til þriggja ára, þá hefi jeg ekkert á móti því.

Jeg get varla álitið rjett að eyða tíma þingsins í að svara hv. 1. landsk. því, sem hann var að tala um afstöðu Íhaldsflokksins til kosninga. Hann gekk út frá því, að Íhaldsflokkurinn gengi aldrei til kosninga nema til þess að tapa. Honum hefir nú samt ekki gengið svo illa það sem af er. Íhaldsflokkurinn hafði ekki gengið til kosninga sem slíkur fyr en í Gullbringu- og Kjósarsýslu við aukakosningarnar í jan. 1926, og þar sigraði hann greinilega. Næst gekk hann til kosninga við landskjörið 1. júlí og fjekk þá langhæsta atkvæðatölu. Kosningin til landskjörs fyrsta vetrardag var sú þriðja. Hvernig fór þá? Íhaldsflokkurinn fjekk 3000 atkvæðum fleira en um sumarið. Og þó hv. 1. landsk. reyni að kenna um hríðarveðri, fær hann fáa til að trúa, að það hafi valdið fjölgun atkvæðanna íhaldsmegin. Þá fóru fram aukakosningar á 4 þm. í þrem kjördæmum sama dag. Íhaldsflokkurinn hjelt þar öllu sínu, svo að eftir þeirri reynslu, sem hingað til hefir fengist, er lítil stoð fyrir þá skoðun, að Íhaldsflokkurinn eigi víst að tapa við allar kosningar. En það kann að vera illa gert að taka þessa huggun frá hreldum sálum, sem kannske hafa lítið annað til að hugga sig við.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Jeg bjóst nú aldrei við því, hvorki að hæstv. forsrh. (JÞ) nje fyrirsvarsmenn Framsóknarflokksins myndu fallast á það, sem jeg sagði um markmið þeirra með brtt. þeim, sem þeir hafa borið fram við stjórnarskrána á undanförnum árum. En þeir, sem hafa hlýtt á þær umr., sem hjer

fóru fram í gær, hafa sennilega getað getið sjer til, hvernig sambandið milli þeirra hafi verið á undanförnum þingum, því að það hefir verið mjög svipað eins og það er nú milli hv. 1. landsk. og hæstv. forsrh.

Jeg ætla aðeins að svara hæstv. forsrh. viðvíkjandi því atriði, sem hann vildi afsaka með aðferð sinna flokksmanna. Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, sem brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) væru líka einskonar leikaraskapur. En það er dálítið annað að leggja fram till., sem menn árum saman hafa lýst yfir fylgi við, eða að leggja fram tillögur, sem menn hafa áður sýnt, að þeir vildu gera alt til að hindra, að gengju fram. Og það er enginn vafi á því, ef þær breytingar hv. þm. (HjV) eru bornar saman við stjfrv., og ef þær ná fram að ganga, þá eru það stórkostlegar rjettarbætur fyrir almenning, því að með stjfrv. er verið að minka rjett þjóðarinnar, — eða skyldi það ekki vera rjettarbætur, borið saman við það, sem nú er, að 7000 kjósendur fá einn þingmann, en aðrir 7000 kjósendur fá 11 þingmenn? Skyldi ekki vera munur á því, sem hjer á að reyna að gera, að fjarlægja áhrif kjósendanna á þingið, eða breyta því ranglæti, sem flaut á eins atkvæðis mun inn í stjórnarskrána 1920, að svifta menn kosningarrjetti, ef þeir af óviðráðanlegum ástæðum þyrftu opinberan styrk? Þessi stjórnarskrárbreyting, sem hjer liggur fyrir, gengur sem sagt alveg í íhaldsáttina, og þeir flokkar, sem stuðla að því að koma slíku fram, gera sig bera að fylgi við íhaldsstefnu. Það er síður en svo, að það sje sambærilegt það frv., sem hjer kemur frá Alþýðuflokknum, og þær breytingar, sem stjórnarflokkurinn hefir verið með á undanförnum árum. Þetta fellur líka að sumu leyti saman við það, sem hv. 1. landsk. talaði um í gær, þar sem hann mintist á að spara þingtímann með því að hafa langan undirbúningstíma, og það mundi líka spara tíma að hafa aðeins eina málstofu; en fyrir mjer er það ekki aðalatriðið að spara þingkostnaðinn, heldur það, að öll þjóðin fái að taka þátt í störfum þingsins að rjettu hlutfalli, en ekki að fá hundruð kjósenda í sumum kjördæmum fái jafnmikil áhrif og jafnmörg þúsund í öðrum.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. Það er víst alveg rjett hjá honum að láta ekki koma við neinni samvinnu um breytingar á stjórnarskránni; þykir mjer það vel farið, því að jeg get ekki sjeð, að frá hæstv. ráðh. komi annað en það, sem jeg verð að telja alveg óhafandi. En svo vil jeg víkja nokkrum orðum að því atriði, sem er aðalatriðið í frv., því, að hafa þing annaðhvert ár. Það sjá allir, hvernig það verður að gera fjárlögin svo úr garði, að sæmilegt sje, tveim árum áður en þau koma til framkvæmda. Hæstv. ráðh. hefir fundið þessa veilu og verið að reyna að afsaka hana með því, að það væri meiri sparnaður, ef þingið þyrfti ekki að koma saman á hverju ári til þess að fjalla um fjárlögin, en það getur eins vel verið, að það verði mesti ósparnaður að því. Hugsum oss, að dýrtíðin í landinu breyttist til hins verra á þeim tveim árum, er fjárlögin eru samin fyrir; hugsum oss t. d., að laun starfsmanna ríkisins hækkuðu upp úr öllu valdi. Hvað ætti þá að gera? Þá er ekkert þing, sem hægt er að kalla til, til þess

að gera ráðstafanir gegn þessu með nýjum tekjufrumvörpum eða til að reyna að vinna á móti sveiflunni í fjármálunum, og þótt nokkuð sje liðið frá stríðinu, þá er þó svo langt frá því, að menn sjeu komnir á fastan grundvöll. Og eftir þeim frjettum, sem daglega berast, virðist svo sem menn geti aldrei vitað, hvenær ófriðareldurinn getur blossað upp aftur, og auk þess geta þær byltingar orðið í þjóðlífinu, er ekki er hægt að sjá fyrir, svo að frá sparnaðarsjónarmiði getur þetta ekki kallast rjett; það getur einmitt orðið mörgum miljónum dýrara fyrir það eitt, að þingið ekki kemur saman og að geta ekki fylgst með því, sem gerist, því að það getur orðið of seint að kalla saman aukaþing. Það má t. d. benda á það, að á stríðsárunum varð íslenska þjóðin og þingið of seint á sjer að taka peninga í ríkissjóð. Það voru látin líða hjá mörg ár, áður en þingið fór að hugsa um að ná fje með gróðaskatti í ríkissjóð, alveg eins og hann þyrfti þess ekki með; en vjer höfum nú fengið að kenna á því. Nú standa krepputímar yfir, svo að það er ekki ástæða til að gera þær breytingar á stjórnarskránni, að þingið sje aðeins látið koma saman á tveggja ára fresti, sá aðili, sem að rjettu lagi á að ráða fram úr vandamálunum, og svo einhverjum tveimur eða kannske þremur herrum uppi í stjórnarráði falið að skera úr öllu upp á eigin ábyrgð, sem þó reynist altaf einskis virði.

Við að athuga Alþt. frá 1919 sje jeg, að fyrv. forsætisráðherra, Jón Magnússon, hefir þá talið, að enginn gæti verið á móti því að hafa þing á hverju ári, því að það hefði verið svo síðan um aldamót, og taldi sjálfsagt að breyta stjórnarskránni í það horf, sem nú er.

Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir ekki fundið ástæðu til að gera brtt. um neitt, sem hann vill koma fram um tölu ráðherranna, en tekur fram í aths. frv., að það muni hægt að framfylgja því án þess að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar. En jeg verð að telja það ákaflega hæpið að vera þannig að toga og teygja stjórnarskrána, þótt langt sje gengið í því að teygja almenn lög, og þó að í hv. Nd. hafi einu sinni verið feldur úrskurður um það, að sú till., er hæstv. ráðh. nefndi, mætti komast að, þá sagði forseti Nd. einmitt, að sá úrskurður væri mjög hæpinn. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp þau orð, er forseti Nd. sagði við það tækifæri (Alþt. 1922, D, d. 235):

„Skal jeg þó kannast við, að orka muni tvímælis, hvort þessi úrskurður sje eigi of vægur, samkvæmt orðalagi fyrnefndra lagagreina og skýring þeirri, sem felst í athugasemd stjórnarinnar við frumvarp til núgildandi stjórnarskrár. Og eigi vildi jeg alls kostar synja fyrir, að landsdómur kynni að vera svo skipaður, að hann sakfeldi stjórn, er rjeði konungi til þess að staðfesta slík ákvæði, sem í till. felast, sakir þess, að of nærri gengi stjórnarskránni".

Þannig sjer maður, hve ákaflega veikur þessi úrskurður forseta hefir þá verið, og ef hæstv. ráðh. og stjórnin vildu ekki altaf vera að teygja stjórnarskrána eins og hrátt skinn, þá mundi hún hafa komið með þessa brtt. um ráðherrana, ef hún hefði ekki viljað láta þetta atriði vera svona óljóst og óákveðið.

Hæstv. ráðh. var ákaflega dryldinn,

þegar hann var að svara mjer því, að núverandi ráðherrar tækju ekki laun þriggja ráðherra. En það minkaði þó dálítið, þegar hann sagði, að þeir tækju þó meira en laun tveggja; þeir tækju hálf laun þriðja ráðherrans líka, svo að mjer skilst, að sparnaðurinn verði ekki ákaflega mikill. Svo er það viðvíkjandi 28. gr. stjórnarskrárinnar og breytingum þeim, er felast í frv. stjórnarinnar um þetta, þá held jeg, að hæstv. ráðh. hafi ekki skilið það rjett, hvers vegna kosningar voru látnar fara fram síðastl. haust; jeg hefi að minsta kosti heyrt alla halda því fram, að það hafi verið vegna þess, að það voru ótvíræð fyrirmæli kosningalaganna fyrir því, að kosning á landskjörnum þingmanni skyldi fara fram, þegar svo er ástatt eins og þá var, að aðalmaður og varamaður voru báðir fallnir frá. Að mínu viti þarf því ekki annað en að gera einfalda breytingu á kosningalögunum til þess að varamenn taki sæti í þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á landslista. Orðalag 28. gr. stjórnarskrárinnar er alls ekki því til fyrirstöðu að slíka lagabreytingu megi gera. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu á stjórnarskránni eru því ekki mikils virði.

En það er eitt, sem gengið hefir í gegnum þessar umræður, og að nokkru leyti um frv. líka; það er þessi vörn í kringum árið 1930. Það er eins og eitthvert dularfult afl sveimi í kringum það ártal, eða eins og hæstv. ráðh. (JÞ) sje að reyna að tryggja umboð Íhaldsmanna á þingi fram yfir það ár. Hann vill endilega lengja kjörtímabil þeirra fram yfir það ár, og jafnvel vinna það til að taka hv. 1. landsk. með, og það kalla jeg meira en lítið til unnið frá sjónarmiði hæstv. ráðh. Og það er fleira, sem ber vott um, að það er ákaflega mikið „spekulerað“ í árinu 1930. Í einu stjfrv. er ákvæði, sem sagt er, að sje alveg miðað við árið 1930. Það er í bankafrv., þar sem verið er að hefta einn af núverandi og fyrverandi stjórnmálamönnum landsins í því að taka þátt í stjórnmálum eftirleiðis, og menn segja, að það sje gert til þess, að hann geti ekki kept um virðingar- og valdastöður á því ári, svo að maður sjer, að það er nokkuð langt gengið í því að verja virðingar og völd sín þetta ár. Og jeg hefi líka heyrt, að það sje ákaflega illa við það, ef stjórnin væri þá ekki úr flokki Íhaldsmanna, ef þessir svokölluðu stjórnarandstæðingar yrðu þá í meiri hluta, því að þá mundu þeir vafalaust láta núverandi forseta sameinaðs Alþingis „representera“ á hátíðahöldunum 1930, en þeir Íhaldsmenn eru sagðir ekki glaðir í huga, ef sá maður ætti þá slík völd. Það er nú alveg af og frá, að hæstv. forsrh. vilji neinar kosningar hafa fyrir hátíðahöldin, en getur þó gengið inn á að láta kosningar fara fram haustið 1930.

Ef eitthvað í þessa áttina, sem jeg nú hefi minst á, vakir fyrir hæstv. stjórn, þá álít jeg því minni ástæðu til að búast við, að nokkuð gott leiði af þessu frv., því að það er þá orðið svo mikið tildur, að það verður að teljast einskis virði. En svo að jeg víki aftur að þeim hrossakaupum eða þeim leikaraskap, sem jeg gat um, að hefði verið milli Íhaldsflokksins og Framsóknarflokksins á nokkrum þingum um breytingu á stjórnarskránni, þá

vil jeg vitna í umræðurnar í gær, þegar hv. 1. landsk., eftir að hafa vikið nokkrum vel völdum orðum að hæstv. forsrh., bauð honum það til sátta að vera með þeirri breytingu, að þing væri haldið annaðhvert ár, ef hann aftur á móti vildi falla frá öðrum grunsamlegum brtt. sínum, en hæstv. forsrh. var þá ekki sáttfúsari en svo, að hann sló á þá hönd, sem fram var rjett, og þykir mjer það benda á, að hjer eigi að halda áfram sama leiknum og á fyrri þingum: að þykjast vera sammála í aðalatriðunum, en finna svo einhver aukaatriði, til þess að geta drepið málið hvor fyrir öðrum. Þetta finst mjer hafa komið fram í ræðum þeirra hæstv. forsrh. og hv. 1. landsk., sem töluðu hvor úr sínum flokki. Hv. 4. landsk. (MK) kom alveg hreint fram, en það finst mjer, að verði alls ekki sagt um hina tvo hv. þm., sem talað hafa um þetta mál.

Jónas Jónsson: Í gær ljet hæstv. ráðh. (JÞ) falla nokkur orð um það, að sín ræða mundi ekki uppfylla fylstu ræðu-kröfur, að því er mjer skildist, og vildi hann koma ábyrgðinni fyrir það yfir á mig, en ekki á þann, sem annars er vant að kenna um slíkt, nefnilega á sjálfan ræðumanninn. Það er til gamalt máltæki, sem segir, að „árinni kennir illur ræðari", og ef hæstv. ráðh. (JÞ) vill gera sjer það ómak að athuga ræður sínar, þá hlýtur hann að sjá það, að fyrsta ræðan er venjulega sæmileg, en þegar hæstv. ráðh. (JÞ) þarf að fara að svara, þá verður svarið venjulega eintómur grautur og endileysa. Heilavjel hæstv. ráðh. er svo stirð, að hann þarf lengri tíma til ræðugerðar en kostur er á til undirbúnings svarræðu. Þess vegna eru svarræður hans altaf ófullkomnar. Næst þessu játaði hæstv. ráðherra, að af þessu frv. mundi ekki leiða þingfækkun á næstu árum, eða fram til 1930. Maður verður því hissa, að hann skuli leggja svo mikið kapp á að koma þessu fram, þegar ekki verður gagn að því fyr en eftir mörg ár. Þetta er því undarlegra, þegar þess er gætt, að í frv. er gert ráð fyrir því, að breyta megi til um þinghaldið og kjörtímabilið í það horf, sem nú er, með einföldum lögum. Ráðherrann játar, að þetta frv. skapi enga breytingu fyrst í stað, en þegar fram líða stundir, er opin leið með einföldum lögum til þess að koma öllu í sama horf aftur. Til hvers er þetta þá gert? Hæstv. ráðherra neitaði því, að þetta væri gert í flokkshagsmunaskyni. En það er tómur fyrirsláttur. Hann reyndi ekki að hrinda þeim rökum, er jeg færði fyrir því, að í kjölfar þessarar breytingar er sótt eftir smávægilegum flokkshagsmunum, svo sem framlengingu kjörtímabils tveggja íhaldsatkvæða, en stytting kjörtímabils tveggja stjórnarandstæðinga. Það hefði verið dálítið annað mál, ef hæstv. ráðherra hefði ráðgert næsta landskjörið 1929; þá hefði leikurinn verið jafnari. Jeg held, að líku máli sje að gegna um þetta frv. og frv. um ríkislögreglu, sem talið var, að borið hefði verið fram af umhyggju fyrir alþjóðarheill. Það var drepið í Nd. Ef það hefði verið borið fram vegna heilla alþjóðar, þá hefði stjórnin átt að koma með það aftur. En tilgangurinn var sá, að þjóna flokks-

hagsmunum, og það komst upp, og er það komst upp og þjóðin hafði fordæmt frv., þá þorði stjórnin ekki að koma með það aftur. Öðru máli er að gegna um frv. mitt um fjölgun býla; jeg ber það fram á hverju þingi, uns góður málstaður sigrar. Það er ekki til neins að reyna að telja mönnum trú um annað en að hjer sje verið að leika sjer að stjórnarskránni, eða þá að gera tilraun til þess að kræk ja í flokkshagnað, sem kemur stjórninni til góðs, en verður þjóðinni í heild til skaða.

Þá talaði hæstv. forsrh. um hörð orð, er jeg hefði viðhaft við umr. í gær, og tilnefndi nokkur. En þar til er því að svara, að að minsta kosti eitt þessara orða er löghelgað hjer af hinum látna forsætisráðherra, Jóni Magnússyni, svo ekki verður annað sagt en fordæmið sje fínt. Annars fá dómar um athafnir manna gildi eftir sannleik þeim, sem í þeim felst. Það verður að teljast sannað, að frumvarp stjórnarinnar á þinginu 1924 hafi verið fram borið af helberum loddaraskap, og þá veit jeg ekki, hvaða orð á betur við um slíka framkomu en einmitt orðið hræsni. Ef hæstv. forsrh. svíður undan þessu, þá er það hin sannsögulega staðreynd, sem á bak við liggur, sem brennir. Ef nú hæstv. ráðh. vill athuga það, sem kom fyrir í starfsbyrjun þessarar deildar, að stjórnarskrá Alþingis er brotin svo greinilega, að engin afsökun er til. **(Forseti HSteins** hringir: Við hvað á hv. 1. landsk.?). Jeg á við úrskurð hæstv. forseta um nefndakosningarnar. **(Forseti HSteins:** Jeg held, að hv. 1. landsk. og hv. 5. landsk. ættu ekki að vera að reyna að gera mikinn hvell út af þeim úrskurði, þar sem hann er hárrjettur, því að ákvæði 16. gr. þingskapanna fara í bága við önnur ákvæði þeirra. Það stendur að vísu svo, að sami maður megi ekki sitja í fleiri en tveim fastanefndum, en það stendur líka, að fastanefndir skuli vera 7 og 5 menn skuli sitja í fjvn. Nú er það vitanlegt, ef ráðherrarnir þrír eiga sæti hjer í deildinni, þá er ekki hægt að framfylgja þessum ákvæðum, og jafnvel þótt ekki ættu nema tveir þeirra sæti hjer, því að ekki verður forseti settur í nefndir. Jeg skil því ekkert í þessum hv. þm. að vera að finna sjer þetta til). —

Jeg vil svara útskýringum hæstv. forseta nokkrum orðum. Jeg vil þá fyrst benda á, að bókstafur þingskapanna er beinlínis brotinn. Í öðru lagi eru eins og nú stóð á 2 þm. ekki nema í einni nefnd, af því að þeir fengu ekki að vera í fleiri nefndum. Ennfremur vil jeg benda á, að forseti úrskurðaði tvisvar sinnum 5 menn í fastanefndir, þar sem ekki ber skylda til að hafa fleiri en 3 menn. Ef forseti hefði úrskurðað 3 menn í þessar fastanefndir, þá hefði verið hægt að fylgja fram ákvæðum þingskapanna. **(Forseti HSteins:** Það var samkvæmt tilmælum tveggja aðalflokka hjer í deildinni, að 5 menn voru settir í samgmn. og fjhn., og var búið að kjósa í þær nefndir, er mótmælin komu fram. Annars læt jeg útrætt um þetta). Jeg vænti því, að hæstv. ráðherra skilji það, að eftir það, sem skeði hjer í deildinni fyrsta daginn, þá verði því tekið með „kritiskum“ augum, er farið er að tala um velsæmi af hálfu íhaldsins.

Þeir, sem búa í glerhúsi, ættu að gæta þess að kasta ekki grjóti.

Í stjfrv. er talað um það, að hinu og þessu sje slept til þess að fá samkomulag um það að koma fram aðalatriðunum. En þegar jeg bendi á atriði, sem altaf hefir verið meira deiluatriði, lenging kjörtímabilsins, og þegar jeg tek fram, að jeg vilji hjálpa honum til þess að koma frv. í gegn, ef ekki sje verið með slíkar veiðibrellur, þá verður hæstv. ráðherra æfur og heldur, að jeg sje kominn til hans í sementsbúðina og ætli að fara að hefja verslunarþjark, sem þar kann fram að fara. Þótt hæstv. ráðh. tilheyri verslunarstjettinni, vænti jeg, að hann þurfi ekki að óvirða sína stjett með þessu, og vona jeg, að hann verði kurteisari næst þegar hann talar um verslun. Annars var það misskilningur, að jeg væri að bjóða honum nokkra verslun. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp samskonar orð, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði í fyrra:

„Þá vil jeg taka upp það, sem jeg hefi sagt, að til samkomulags get jeg gengið inn á 1., 3., 5. og 6. brtt., svo fremi hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) vill fylgja frv. út úr deildinni, af því að jeg geri mjer von um að koma málinu í gegn, þótt þessar till. verði samþ.“

Jeg vona, að heili hæstv. ráðh. sje ekki hrumari en það, að hann sjái, að hæstv. atvrh. hefir hjer hegðað sjer á sama hátt og jeg, og jeg vænti þess, að mjer verði ekki lagt það til lasts, þótt jeg í þessu eina efni feti í fótspor hans.

Mjer fyndist sanngjarnt, að hæstv. ráðherra, er berst fyrir þessu máli nú, gefi skýringu á því, hvers vegna flokksmenn hans drápu samskonar frv. 1924. Hefir þeim nú snúist hugur? Jeg ætla, að fimm þeirra sjeu hjer í deildinni nú, en enginn þeirra hefir tekið til máls. Þeir ætlast víst til, að forsvarsmaður þeirra leysi þá úr þeim vanda. Það var ekki Jón heitinn Magnússon, sem drap þetta frv., heldur þessir flokksmenn hans. Það er því mjög líklegt, að það hafi verið núverandi hæstv. forsrh., sem fyrirskipaði þetta stjórnarskrármorð 1924.

Þá talaði hæstv. ráðherra um það, að stuðningsmenn sínir þyrftu ekki að vera hræddir við kosningar. En það er nóg, ef þeir eru það. En síðasta landskjör sýnir þó, að hæstv. ráðherra er 3/8 minna metinn en sá flokksmaður hans, er að komst og lýsti hæfileikum sínum á mjög yfirlætislausan hátt, er hann kallaði sjálfan sig pólitískan dverg. Annars fanst mjer það vanta á, til þess að maður fengi fullkomna mynd af ánægju ráðherrans yfir kosningunum, að hann lýsti því, hvort honum hafi líkað vel að bíða ósigur í fimm kauptúnum við bæjarstjórnarkosningar á síðasta ári. Það mun vera einn af ritstjórum íhaldsins, sem símaði þá til útlendrar frjettastofu, að þetta væri stórsigur fyrir jafnaðarmenn. En ráðherranum mun vera líkt farið og Morgunblaðinu, sem gat ekki um bæjarstjórnarkosninguna á Siglufirði fyr en að hálfum mánuði liðnum, en þar kom íhaldið engum manni að.

Það er ekki annað sýnna en tvent sje það í máli þessu, sem vakir fyrir stjórninni, og hvorugt gott. Annað er það, að reyna á ódýran hátt að slá sjer upp á því að látast fylgja því, sem hún ekki fylgir, en hinsvegar, ef það er samþykt, þá fylgja því flokks-

hagsmunir, svo stjórnin hafi eitthvað fyrir snúð sinn.

Jeg vil aðeins svara hv. 5. landsk. (JBald) því, út af endurtekningum hans á aðdróttunum í garð Framsóknarflokksins um óheilindi í þessu máli, að hann gat ekki hið minsta hreyft við þeim rökum, sem jeg bar fram í gær, t. d. um óeigingirni Framsóknarmanna í hæstarjettarmálinu. Þannig eru þeir ávalt fúsir að vinna með andstæðingum sínum, er þeir telja, að það geti orðið til góðs.

Einar Jónsson: Þótt jeg kveðji mjer hljóðs í þessu máli, er það ekki til að styðja þá nývenju, sem á seinni árum er farin að tíðkast á Alþingi, að 1. umr. mála sje ekki lokið á einum degi. Jeg játa raunar, að þetta mál sje þess vert að vera vel rætt, en jeg hefi sjeð, að að undanförnu hefir þessi nýbreytni oft verið höfð að óþörfu, og þykir mjer illa á henni fara. Mjer virðist svo, sem þessar málalengingar hafi einkum stuðst við þrent. Fyrst endurtekningar á ræðum frá fyrri þingum, þá löngun til að tala, og loks löngun til að hártoga og rangfæra annara orð. — Sje þetta rjett á litið, væri betur að vera laus við þessar aðfarir, og að þeim vil jeg ekki styðja.

En það er í raun og veru ekki undarlegt, þótt miklar umræður verði um svo stórt mál sem það, er hjer liggur fyrir. Það er sannarlega enginn leikur að breyta stjórnarskránni. Vandleg íhugun er því nauðsynleg, hvenær sem út í það er farið.

Í þessu frv. sýnist mjer, að einkum sjeu tvö atriði, er miklu máli skifta, breyting kjörtímabilsins og þing annaðhvert ár. Bæði þessi atriði held jeg, að þjóðinni sjeu kærkomin. — Það er mikilsvert, ef hægt er að kjósa landskjörna þm. um leið og aðra. Það sparar meira en fáar mínútur, svo sem heyra var á hv. 5. landsk. (JBald), í hrepp, sem er 50—60 km. á lengd, að þurfa ekki að fara á kjörstað, einkum þegar minst er stórhríðanna, sem hv. 1. landsk. (JJ) dró hjer ófyrirsynju og að orsakalausu inn í umr. í gær. Það geta orðið meira en fáar mínútur og meira en einn dagur, sem menn tefjast af þessu, ef kjósa þarf í tvö skifti, þar sem eitt er nægilegt. Og fyrst þetta á að komast í framkvæmd, þarf auðvitað að ákveða breyting á kjörtíma nokkurra hv. þm. En það ákvæði hefir verið hártogað að gangi. Það á eingöngu að hafa hag Íhaldsmanna fyrir augum. Eins og hæstv. forsrh. (JÞ) upplýsti, leiðir það af þessu, að kjörtímabil hv. 1. landsk. lengist um eitt ár, en kjörtímabil hæstv. ráðh. styttist um 3 ár. Ekki þykir mjer mikið vinnandi til, að þetta geti orðið. En hinir 4 þm., sem þetta hefir áhrif á, eru úr þrem flokkum, og verður ekki annað sagt en að þetta skiftist jafnt niður á þá flokka, er þeir teljast til. Hvernig sem jeg velti þessu við, fæ jeg enga ástæðu sjeð til að vera því samþykkur, að hjer sje um að ræða eigingirni hjá Íhaldsflokknum. Jeg verð því að vera þessu atriði hlyntur, svo að hægt sje að sameina þessar tvennar kosningar. Það er bæði til sparnaðar og hægðarauka, og kjósendur eiga þá enn betra með að neyta kosningarrjettar síns.

Hitt aðalatriðið, sem hjer ræðir um, er fækkun þinga. Jeg er þess fullviss,

að þjóðin vill þetta. En sú löngun veit jeg, að orsakast ekki síst af því, hve þingin eru nú orðin löng. Nærri því alstaðar þar, sem jeg hefi komið og átt tal við kjósendur, hefi jeg fyrst og fremst orðið var við óánægju þeirra út af lengd þingtímans. Ef nokkurt ráð fyndist til þess að stytta hann, mundu menn fegnir vilja það, og þá heldur sætta sig við þing á hverju ári. En þessi er ástæðan til þess, að svo mikil löngun er til að koma á þinghaldi annaðhvert ár aftur. — Þegar þetta komst á, átti jeg heima hjer á Alþingi, og man jeg, að ein sterkasta ástæðan, sem fyrir þessu var færð, var, að fjárlögin yrðu hægari í meðförum og að eðlilegt væri, að ríkið hefði reikninga til eins árs eins og önnur fyrirtæki. Auk þess var því haldið fram, að við þetta yrðu þingin styttri, og verð jeg að játa, að þá lagði jeg nokkurn trúnað á, að svo mundi fara. — Á tímabilinu frá 1912 —'20 var þing raunar haldið á hverju ári, og í gær kom í ljós hjá hæstv. forsrh., að varla mætti vænta þess, að þing fjelli niður hjeðan af fyrr en eftir 1931. Þess vegna virðist mjer svo, sem ekki sje knýjandi nauðsyn að tefja þetta þing með umr. um stjórnarskrárbreytingu. En þegar farið er að breyta stjórnarskránni á annað borð, er nauðsynlegt að íhuga vandlega allar breytingar, sem þörf er á að gera, og koma þeim síðan öllum fram í einu lagi. — Í gær munu allir hafa orðið varir við, að útbýtt var í þinginu ákaflega víðtækum brtt. við stjórnarskrána, frá hv. þm. nokkrum í Nd. Ef nokkuð til muna kæmist fram af þeim, held jeg, að óhætt væri að hætta að tala um stjórnarskrá, og mætti nefna hana Bolsaskrá í staðinn. Í því frv. er ekkert til bóta, að því er mjer virðist, og vil jeg kalla það með öllu óhæft. Því verður hjer að ræða um stjfrv. eitt, án þess að hafa hitt einu sinni bak við eyrað um leið. Enda er það alls ekki hjer til umræðu.

Jeg vil því endurtaka það, sem jeg sagði, að jeg er hlyntur þeim tveim ákvæðum, sem jeg hefi um talað, en jeg er í vafa um, hvort hjer er tekið með alt það, sem þörf er á að breyta, fyrst hróflað er við stjórnarskránni á annað borð. En „tími er til alls undir sólinni", segir gamalt máltæki, og enn er tími til að koma með fleiri tillögur á þessu þingi, ef hv. þm. þykir ástæða til.

En á því er enginn efi, að þessi tvö atriði eru mjög þörf og þjóðinni kær, enda þótt varla sjáist, að knýjandi þörf sje á að koma þeim fram á þessu þingi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þó að ræða hv. 5. landsk. (JBald) snerti hjer um bil eingöngu einstök atriði frv. og ætti því heima við 2. umr. málsins betur en við 1. umr., vil jeg svara henni að nokkru. Vænti jeg, að mjer leyfist að fara einnig ögn inn á hin einstöku atriði.

Það er svo að segja eina mótbáran gegn því að hafa fjárlagaþing annaðhvert ár, að erfitt muni að semja fjárlögin fyrirfram um tvö ár. Eins og nú er ástatt, er þessi mótbára ekki mikils virði. Nú má heita, að fjárlögin sjeu sett hjer um bil 1½ ári fyrirfram, því að sá tími er frá því að fjárlagafrv. er samið til miðs tímabils þess, er það

gildir fyrir. Svo löngu áður er ómögulegt að hafa hugmynd um ástand atvinnuveganna á því ári, sem fjárlögin eiga að gilda fyrir. Á þessu verður því engin breyting, þó að fjárlög verði sett til tveggja ára. Þó vil jeg ekki þar með segja, að þetta sje æskilegt að öllu leyti, og ef þjóðin vildi hafa fjárlög á hverju ári, þá mætti kanske færa samningu þeirra og þann tíma, er þau eiga að gilda fyrir, ögn nær hvort öðru. En eins og stendur, kemur mótbára þessi alls ekki til greina.

Þá nefndi hv. 5. landsk. það sem aðra mótbáru, að undir breytilegum fjárhagsástæðum geti oft komið fyrir, að kveðja þurfi saman aukaþing til að samþykkja ný skattafrv. vegna hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs. — Þetta er alveg rjett hjá hv. þm., en enginn hlutur verður hægari fyrir landsstjórnina heldur en að gera þetta, ef frv. er samþykt. — Það var dálítið óheppilegt dæmi, sem hv. 5. landsk. valdi máli sínu til sönnunar, ástandið hjer á stríðsárunum. Þá fóru útgjöld ríkissjóðs hækkandi, og hv. þm. þótti þingið hafa verið of seint á sjer að hækka skattana. En kom þá ekki þing saman á hverju ári? **(JBald:** Annars hefðu tekjuaukarnir komið helmingi seinna). Jeg er ekki viss um nema þetta fari eins vel, þótt þing sje annaðhvert ár, því að þá hvílir meiri ábyrgð á stjórninni, er hún á sjálf að ráða, hvenær aukaþing er kallað saman. En nú er alment litið svo á, að ábyrgðin hvíli að mestu leyti á þinginu um það, hversu fer um fjárhag landsins. Án þess að jeg vilji ásaka nokkurn, verð jeg að segja, að þegar jeg lít yfir liðna tímann, virðist mjer sem hið slæma ástand, er stundum hefir verið, stafi a. m. k. meðfram af dreifingu ábyrgðarinnar milli þings og stjórnar.

Ráðherrafækkunin er útrætt mál af minni hálfu meðan ekki liggur fyrir nein brtt. í þá átt. Þó skal jeg geta þess, að í umræðunum hefir verið blandað saman tveim óskildum atriðum: hvort tveir menn gegna ráðherrastörfum og hvort ráðherraembættin eru tvö eða þrjú. Nú eru aðeins 2 ráðherrar, en embættin eru þar fyrir þrjú, og þess vegna sparast ekki nema hálf ráðherralaun.

Út af ummælum hv. 5. landsk. um, að óþarft sje að breyta 28. gr. um varamennina, get jeg bent honum á, að bandamaður hans, hv. 1. landsk. (JJ), hefir haldið því fram, að óhjákvæmilegt sje að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um þetta, ef breyta eigi fyrirkomulaginu á annað borð. Jeg er þessu alveg sammála hjá hv. þm., og get bætt því við, að það, að afráðið var í sumar, eftir nákvæma athugun, að láta kosningar fram fara í haust, stafaði engu síður af ákvæðum stjórnarskrárinnar en kosningalaganna.

Þegar hv. 5. landsk. var búinn með þessar athugasemdir, þótti honum ekki nóg komið og fór að semja skáldsögu. Verður ekki annað sagt en að hann tæki sjer ágætt yrkisefni: árið 1930 með öllum þess hátíðahöldum. En alt, sem hann sagði í því sambandi um þetta frv. og annað frv., sem liggur fyrir þessari hv. deild, er til orðið í hans eigin höfði. Mun jeg engar tilraunir gera til að spilla ánægju hans af þessum hugarsmíðum.

Hv. 1. landsk. var óánægður með

svarræðu mína í gær. Get jeg ekki tekið honum það illa upp. Seinna í ræðu sinni kom hann að því, sem jeg hafði sett ofan í við hann fyrir í gær, orðbragðið. Það gladdi mig að sjá, að áminningar mínar höfðu borið góðan ávöxt, því að öll ræða hv. þm. gekk út á að reyna að afsaka framferði hans. Get jeg ekki annað en látið mjer vel lynda þá tilfinningu, sem mjer hefir tekist að vekja í brjósti hans.

Svo að jeg komi að þeim atriðum, sem hv. 1. landsk. talaði um og málinu komu við, þá var það fyrst, að hann benti á, að af þessu myndi fyrst um sinn leiða litla þingafækkun. Jeg hafði bent á þetta áður, og hv. 2. þm. Rang. (EJ) tók í sama streng. Þegar stjórnarskrárbreyting er samþ. á síðasta þingi kjörtímabils og fer fram á, að fjárlagaþing verði aðeins annaðhvert ár, þá eiga að fara fram kosningar, og verði stjórnarskrárbreytingarnar þá aftur samþyktar, hafa þær loks náð fram að ganga. Nú lít jeg svo á, að á sama þingi og stjórnarskrárbreyting er samþykt til fullnaðar (sem í þessu tilfelli ætti að verða þingið 1928), sje ekki hægt að gera fjárlög nema til hins næsta árs. Er bersýnilegt, að stjórnin getur ekki undirbúið frv. til fjárlaga eftir öðrum reglum en þeim, sem gildi hafa. Þess vegna yrði þingið 1929 að samþykkja fyrstu fjárlög til tveggja ára. Og árið 1930 geri jeg ráð fyrir, að allir sjeu sammála um að hafa þinghald vegna afmælishátíðarinnar. Er bersýnilegt, að þessir örðugleikar koma til greina, hvenær sem slík stjórnarskrárbreyting verður samþykt, og ætti þetta því ekki að hamla mönnum frá að samþ. frv.

Ákvæðið um, að fjárlagaþinghaldi annaðhvert ár megi breyta með einföldum lögum, er eitt af þeim atriðum, sem stjórnin hefir tekið upp í frv. til samkomulags. Hún álítur, að í þessu frv. sjeu slíkar rjettarbætur fólgnar, að sjálfsagt hafi verið að beygja sig fyrir þessu ákvæði, sem sett var í frv. í Nd. árið 1923. Annars er stjórninni ósárt um þetta atriði.

Þá hreyfði 1. landsk. því, hvort ekki mætti ákveða, að landskjör færi fram 1929, alveg eins vel og 1931. En eins og frv. er úr garði gert, nær það ekki einvörðungu til landskjörs. Jeg vil vekja athygli hv. þd. á því, að ákvæðið er, að almennar kosningar eigi fram að fara á sama tíma. Ef hans uppástunga næði fram að ganga, þá yrði líka að ákveða, hvenær almennar kosningar skuli fram fara.

Sje meiningin sú, að færa kosningar til ársins 1929, þá þýðir það sama sem, að kosningar þær, sem fram eiga að fara í ár, gilda aðeins til tveggja ára. En það sýnist ekki rjett að stofna til þessa, því að samkvæmt núgildandi reglum eiga næstu almennar kosningar að gilda til fjögurra ára. Sú uppástunga, er frv. þetta, er hjer liggur fyrir, felur í sjer, að láta kosningarnar gilda til fjögurra ára, er því í samræmi við núgildandi stjórnarskrá og í alla staði sanngjörn, og þá yrðu næstu almennar kosningar árið 1931, eins og í frv. stendur. Við þetta var miðað, þá er frv. var samið, en ekki við flokkshagsmuni. Hitt hefði mátt segja, að þar sem frv. þetta fer fram á að lengja kjörtímabilið upp í 6 ár, þá hefði það ákvæði átt að gilda um kosningarnar 1927, svo að það kjör næði til 6 ára. Þetta þótti stjórninni þó ekki rjett, enda hefði afleiðingin orðið sú, að

lengst hefði um 3 ár kjörtímabil þeirra landskjörinna þingmanna þriggja, er kosnir voru 1922, eða þeirra, er kosnir voru í þeirra stað.

Hv. 1. landsk. reyndi að vekja hjer upp umræður um stjórnarskrármálið frá 1924. Sjerstaklega var það eitt atriði, er hann mintist á, sem jeg þarf að leiðrjetta, sem sje, að frv., sem þá var felt, hafi verið nær samhljóða þessu frv. En þetta er fjarri öllu lagi. Frv. 1924, sem var felt með hjer um bil jöfnum atkvæðum, fól í sjer afnám landskjörsins. Þó ekki væri annar munur á frv. en þessi, þá væri geysimikil fjarstæða að halda því fram, að frv. væru samhljóða, og verður þó enn meiri fjarstæða, er þess er gætt, að í eldra frv. var margt annað, sem ekki var samhljóða því, er í þessu frv. stendur.

Þá er að minnast á lengingu kjörtímabilsins enn betur. Hv. 1. landsk. sagði, að þjóðin væri ekki of góð til að leggja á sig þann kostnað, sem fylgdi því, að kosningar færu fram 4. hvert ár. Þjóðin væri svo þjáð af skattaálögum hvort sem væri. En þessi hugsanagangur hans leiðir beint til þess að ofbjóða mönnum með gjöldum. Hann hugsar eins og svo margir aðrir, að það muni ekkert um, þótt bætt sje þessum og þessum kostnaði á þjóðina, en þeir gá ekki að hinu, að safnast þegar saman kemur og að af þessum hugsanagangi leiðir ofsköttun og ekkert annað.

Hv. 1. landsk. hefir ekki minst á það, að nú er ekki kosið 4. hvert ár, heldur að meðaltali 2. hvert ár, vegna tvennskonar kosninga. Kosningarnar falla raunar sem stendur þannig, að kosið er tvö ár hvort á eftir öðru, og svo líða tvö ár án kosninga, en ávalt verður þó að kjósa tvisvar á hverjum 4 árum eftir núverandi tilhögun. Slíka tilhögun, eða svo tíðar kosningar, þekki jeg ekki annarsstaðar.

Jeg veit, að það er rjett hjá hv. 2. þm. Rang., að þjóðin vill kippa þessu í lag, t. d. með því að láta hvorartveggja kosningar fara saman. Spurningin er þá sú, hvort kjósa á 4. eða 6. hvert ár. Það er að vísu rjett, að meðalkjörtímabil lengist með því að taka 6 ára tímatakmarkið, en það rjettlætist af þeirri hugsun frv., að þing skuli ekki haldið nema annaðhvert ár og að allir þingmenn skuli kosnir til þriggja þinga.

Þegar menn halda því nú fram, að kjörtímabil eigi ekki að vera nema 4 ár, og halda því fast fram, þrátt fyrir það, þótt gert sje ráð fyrir, að þing sje ekki háð nema annaðhvert ár, þá hlýtur að liggja þar á bak við sú hugsun, að heimildin til þingafækkunar verði ekki notuð og þing verði látið koma oftar saman en annaðhvert ár. En þessir menn ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir eru á móti umbótum, sem eru þarfar að dómi þeirra manna, er vilja fara bil beggja og færa saman til 6 ára kjörtíma allra þingmanna.

Þá mun engu verulegu ósvarað af því, er hv. 1. landsk. sagði um málið. Skal jeg því ekki að svo stöddu auka skemtun manna með því að fara út í þær hugleiðingar, sem eru málinu óviðkomandi. En jeg þakka þó gullhamra hans, svo sem þá, er hann eignaði mjer svo fagra dygð sem lítillæti, er jeg tel með bestu mannkostum. Þetta hefði þó glatt mig enn meira, ef jeg hefði ekki jafnframt þóst finna, að

ástæðan var sú hjá hv. þm., að koma með samanburð á mjer og háttv. 6. landsk. (JKr) og reyna í þeim samanburði að tylla sjálfum sjer stigi ofar en hv. 6. landsk., því að það sýndi ekkert lítillæti af hans hálfu. Jeg þykist vita, að hv. 6. landsk. eigi víðtækara fylgi hjá þjóðinni en jeg, og þykir sómi að því að vera settur honum hærra, en jeg get ekki felt mig við það, er hv. 1. landsk. þykist standa ofar hv. 6. landsk.

Jónas Jónsson: Það kom í ljós í ræðu hv. 2. þm. Rang. (EJ), að hann tekur ekki þetta frv. alvarlega, og svo mun vera um samherja hans yfirleitt.

Aftur á móti hygg jeg, að „heili heilanna", sem svo var nefndur af einum Íhaldsmanni, muni ekki vera í sem bestu ástandi nú sem stendur, hafi hann tekið ummæli mín í gær svo, að jeg sje óánægður með ræðu hans þá, enda hefi jeg beint því að honum, að sjálfsásökun hans þá hafi verið rjettmæt. Og hitt skjöplast honum, að jeg hafi nokkuð að afsaka fyrir mína hönd. Aðrir hafa afsökunarþörf, þeir, er standa að þeim úrskurði, er hjer var feldur þvert ofan í þingsköp.

Hæstv. stjórn gerir ráð fyrir því, að þó aðalatriði frv. þessa verði samþ., komi það ekki til framkvæmda fyr en eftir 1930. Mjer finst undarlegt, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa sömu skoðun á þessu máli og hv. 2. þm. Rang., að sje miklu breytt, verði að taka fleiri atriði til athugunar. Jeg skal hjer nefna tvö atriði, sem jeg býst við, að brtt. komi um við 2. umr., að dómarar og bankastjórar sjeu ekki kjörgengir.

Eitt blöskrar mjer og, að menn skuli enn ekki hafa áttað sig á því, að sá kjördagur, sem nú er, er óhafandi. Það hefði verið heiðarlegt að koma fram með till. um færslu hans, því að það mun einstakt, að í nokkru siðuðu landi sje kjördagur á þeim tíma árs, er krap, snjór og frost getur gert mönnum ómögulegt að sækja kjörfund. Í þess stað er það beinlínis meiningin í frv. að færa landskjör frá þolanlegum degi yfir á hinn kjördaginn, sem reyndist ófær í haust.

Þá er að minnast á lítillæti hæstv. forsrh. Það gleður mig að heyra þá skoðun hans, að hann telur lítillæti fara sjer vel. En því miður verð jeg að geta þess, að lítillætið býr ekki í honum sjálfum. (**Forsrh. JÞ:** Ætlar hv. þm. að taka aftur það, sem hann sagði áður?). Nei, en hitt er annað mál, að það er þungbær reynsla, sem hann hefir fengið nú að síðustu, að lenda í minni hluta í hv. Nd. og að forsetakosning gekk svo hrapallega á móti honum. Jeg hygg, að hæstv. forsrh. fari nú bráðum að sjá, að úr því hann taldi það sjer og sínum flokksmönnum að þakka hjer á árunum, að þorskurinn lagðist að landinu, þá ætti óáran sú, sem nú stendur yfir, og yfirvofandi fjárhagshrun, að benda til þess, að lítillæti hæfði ráðherranum best.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það mun ekki hugsað til þrautar hjá hv. 1. landsk., að komist verði hjá kosningum með því að færa árin til í kosningalögunum. Það hefir ekki hingað til þótt gerlegt að hagga við kjörtímabili kosinna þingmanna nema með stjórnarskrárbreytingu. Og þó nú

svo vilji til, að kosningar beri upp á sama ár, og mætti þá láta bæði landskjör og kjördæmakosningar fara fram sama dag, þá breytist þetta undir eins aftur í hvert skifti, sem þing er rofið, á meðan þingrof nær ekki til landskjörinna þingmanna. (**JJ:** Það má ákveða í stjórnarskránni, að aðalkjör fari fram fjórða hvert ár). Jeg veit, að hv. 1. landsk. áttar sig á þessari fásinnu, er hann hugsar sig betur um. (**JJ:** Nei, þetta er rjett hjá mjer).

Um færslu kjördags er það að segja, að það mál var fyrir fáum árum til umr. í hv. Nd., þar sem jeg átti þá sæti. Jeg var því fylgjandi að hafa kjördag snemma sumars, í byrjun júlí, en ekki fyrsta vetrardag. En það náði ekki fram að ganga. Það þýðir því ekki að ámæla stjórninni fyrir það, þó hún komi ekki fram með slíka uppástungu. En á hitt ber að líta, að ef þetta frv. stjórnarinnar verður samþ., þá koma kosningalögin öll til endurskoðunar. Það var ekki ástæða til þess að koma fram með brtt. við kosningalögin nú, úr því stjórnin lagði fram frv. þetta, sem gerir endurskoðun kosningalaganna óhjákvæmilega.

Jón Baldvinsson: Það er aðeins stutt athugasemd viðvíkjandi samningu fjárlagafrv. fyrir 2 ár. Hæstv. stjórn hefir ekki komið fram með neina brtt. um það að flytja þingtímann fram á sumarmánuðina, heldur er gert ráð fyrir því, að þing komi saman í febrúar, eins og verið hefir. Hjer er því gert erfiðara fyrir en áður um fjárlagaáætlunina.

Það er ólíku saman að jafna nú og áður, er alt var í föstum skorðum og menn gátu sjeð fyrirfram, hvað verða mundi. Nú vitum við, að stórbreytingar verða á öllu árlega, og þær snerta bæði fjárhag ríkis og einstaklinga.

Eins og jeg hefi oft tekið fram áður, tel jeg óforsvaranlegt að leggja það í hendur 2—3 ráðherra að gefa út bráðabirgðalög um fjárhagsmálin. En ef stjórnin jafnt eftir sem áður, þrátt fyrir frv. þetta þótt að lögum verði, kallar saman þing árlega, þá sje jeg ekki betur en þetta sje alt helber leikaraskapur; fyrir utan það, að frv. er rjettarskerðing fyrir þjóðina, ef það verður samþykt.

Hv. 2. þm. Rang. (EJ) kom með nokkrar hugleiðingar um stjórnarskrármálið yfirleitt og virtist andvígur brtt. hæstv. stjórnar. Hann var líka að tala um mælgi í sambandi við málið, en hann má ekki furða sig á því, þótt rætt sje um annað eins stórmál og stjórnarskrárbreytingu. Hann mintist líka á frv. það, er hv. 4. þm. Reykv. (HjV) ber fram í hv. Nd. um breytingar á stjórnarskránni. Býst jeg við, að hann hafi valið því það ljótasta nafn, er hann kunni, er hann nefndi það Bolsaskrá, en hjer hrekkur nú enginn við, þótt hann heyri slík nöfn. Menn hjer eru ekki eins hræddir eins og sagt er um einn kjósanda í kjördæmi hv. þm. (EJ), er var á báðum áttum um það, hvern kjósa skyldi við kosninguna síðustu, en snerist er honum var sagt, að ef hann yrði ekki með Íhaldinu, þá mundu Bolsar koma og taka alt hangikjötið úr eldhúsinu hjá honum.

Hv. þm. bjóst ekki við því, að neinn þm. mundi greiða stjórnarskrárfrv. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) atkvæði; en

þó gerði hann ráð fyrir því að taka það frv. rækilega í gegn, þegar það kæmi til umræðu. En frv. getur nú ekki orðið hjer til umr. nema því aðeins, að fleiri en einn og fleiri en tveir þm. verði með því í Nd.; það getur sem sje alls ekki komið hjer til umræðu nema hv. Nd. samþykki frv., og vona jeg, að ef á annað borð verða gerðar breytingar á stjórnarskránni, þá verði það það frv., sem nær samþ. þingsins, en ekki frv. stjórnarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson):* En honum hefir sjest yfir, að það þýðir ekki það sama og að þing komi saman á hverju ári til þess að semja fjárlög með tilliti til þeirra breytinga á ástandinu, sem fyrirsjáanlegar eru, þegar svo er ástatt, að fjárlögin eru samin svo löngu fyrirfram, að breytingarnar eru með öllu ófyrirsjáanlegar. **(JBald:** Þingið getur gert margvíslegar ráðstafanir). Þegar á að setja áætlun um afkomu tíma, sem ekkert verður vitað um, — og það er nú altaf gert —, þá sje jeg ekki annað en að eins megi gilda, hvort heldur er fyrir eitt eða tvö ár. Óvissan er ekkert meiri fyrir tvö ár. Meira að segja, ef farið er eftir líkum, þá má gera ráð fyrir, að takast megi að komast nær hinu sanna með áætlun, sem tekur yfir tvö ár í senn, heldur en með áætlun, sem tekur til eins árs. Þá eru altaf nokkrar líkur til þess, að árferði þessara tveggja ára kunni að vega upp hvort á móti öðru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv.

* Upphaf ræðunnar vantar. — J. Þ.

Að till. forsrh. var samþ. með 13 shlj. atkv. að kjósa sjerstaka 5 manna nefnd í málið.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. — Á A-lista voru JóhJóh, IHB, JJós, en á B-lista IP og JJ. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rjett væru kjörin í nefndina:

Jóhannes Jóhannesson,
Ingvar Pálmason,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Jónas Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer, þar sem 2 háttv. þm. úr stjórnarskrárnefnd, og annar þeirra framsögumaður nefndarinnar, eru sjúkir og þar sem brtt., sem fram hafa komið á þskj. 141, hafa því ekki getað orðið athugaðar af nefndinni, að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, og það því fremur, sem hæstv. forsrh. er upptekinn við umr. í hv. Nd.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 119 og 151, 141, 192).

Jóhannes Jóhannesson: Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir frsm. meiri

hl. nefndarinnar verið lasinn undanfarið og er ekki enn búinn að ná sjer að fullu. Jeg hefi því tekið að mjer að fylgja nál. á þskj. 119 úr hlaði með nokkrum orðum.

Nefndin gat ekki orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. hennar leggur til, að það sje samþ. óbreytt eins og það kom frá stjórninni, með skírskotun til athugasemda stjórnarinnar og nál. á þskj. 119. Aftur á móti hefir minni hl. nefndarinnar gefið út nál. á þskj. 151 og lagt til, að sumar greinar frv. falli niður. Sú brtt. er að vísu óþörf, þar sem hver grein frv. verður borin upp sjerstaklega við þessa umr. samkvæmt fyrirmælum þingskapanna.

Öll nefndin hefir orðið sammála um, að þau ákvæði skyldi samþ., sem mæla svo fyrir, að reglulegt Alþingi skuli háð aðeins annaðhvert ár. Þeirri breytingu er samfara mikill sparnaður, þar sem þingið kostar nú um 200 þús. krónur á ári og er því orðið allmikil byrði á þjóðinni. En margir líta svo á, að ekki liggi þau afrek eftir öll þingin, að betra væri að verja þessu fje til vegarspotta eða brúargerðar, en slíkar framkvæmdir verður að takmarka vegna fjárhagsörðugleika. Það þykir nú sannreynt, að þingin sjeu ekki styttri en áður, þótt þau sjeu háð á hverju ári. Að vísu liggur þetta að nokkru í því, að þingmönnum hefir verið fjölgað og breytingar ýmsar og framfarir meir hraðfara en áður, en því er líka um að kenna, að nú er talað miklu meira en áður um einstök mál, svo að dæmi eru til, að ein umr. hafi enst í 3—4 daga í hv. Nd., og verður þó stundum lítill árangur þeirra mála, sem svo mikið eru rædd. Málafjöldi fer líka stöðugt vaxandi. Það þykir ekki nema eðlilegt, að borin sjeu fram ýms mál, til þess að hafa eitthvað að gera meðan fjvn. er að ljúka starfi sínu, sem tekur jafnan nokkurn tíma. En þessi mál verða oft svo mörg, að þingið kemst ekki yfir þau og gengur frá þeim án þess að leiða þau til lykta. Um það eru allir sammála, að óskir þjóðarinnar gangi í þá átt, að reglulegum þingum sje fækkað. Og get jeg fyrir mitt leyti aðhylst það, því jeg lít svo á, að venjulega sje hægt að komast af með þing annaðhvert ár, þegar svona langt er liðið frá ófriðarárunum, svo framarlega sem það ástand, sem nú er, breytist ekki vegna ófyrirsjáanlegra orsaka.

Það liggur í augum uppi, að hjer er ekki um lítinn sparnað að ræða, og það því fremur, þegar kosningar eiga fram að fara næsta haust. Þarf því ekki að efna til sjerstakra kosninga vegna þessarar breytingar.

Þá er öll nefndin sammála um, að gera eigi leiðrjettingar þær á tölum í 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem felast í 3. gr. frv.

Loks er öll nefndin sammála um, að svo þurfi að ganga frá, að ekki komi til landskjörs, þó að það komi fyrir, að bæði landskjörinn þingmaður og varamaður hans deyi eða forfallist á kjörtímabilinu. Minni hl. telur nóg að breyta kosningalögunum til þess að fyrirbyggja þetta, en jeg lít svo á, að það sje ekki nægilegt; til þess þurfi breytingu á stjórnarskránni. Það hefði kannske mátt komast hjá þessum kosningum í sumar vegna stjórnarskrárinnar, en með því þá að samþykki allra flokka hefði komið til

og að kosningalögunum hefði verið breytt á eftir. En þetta samkomulag náðist ekki, og því varð að setja alla þjóðina í kosningahreyfingu, aðeins til þess að kjósa einn mann. Hjeðan af verður því ekki aftur snúið með þetta; það er búið að skýra þetta ákvæði stjórnarskrárinnar á þennan eina veg og slá því föstu. Að sjálfsögðu getur það oft komið fyrir, að aðalmaður og varamaður deyi eða forfallist á kjörtímabilinu og því þurfi að kjósa upp. Þannig færi t. d., ef svo óheppilega skyldi tiltakast, að hv. 1. landsk. forfallaðist, svo að hann gæti ekki setið á þingi, eða dæi, því að varamaður hans er fyrir nokkru dáinn.

Það, sem einna mestum ágreiningi hefir valdið í nefndinni, er lenging kjörtímabils hinna kjördæmakjörnu þingmanna úr 4 árum upp í 6 ár, og breyting sú á landskjörinu, sem felst í frv.

Jeg fæ ekki sjeð, að breytingin á kjörtímabilinu geri mikinn mismun, því þó að kosið sje til 6 ára, þá er ekki kosið nema til þriggja þinga, en nú er kosið til fjögurra þinga. Hin breytingin, sem er þyrnir í augum hv. minni hl., er, eins og jeg tók fram áðan, breytingin á landskjörinu. Hann lítur svo á, að verði sú breyting samþykt, þá sje hinu upphaflega hlutverki landskjörnu þingmannanna, að vera kjölfesta Alþingis, kastað fyrir borð.

Jeg sje ekki, að þetta sje rjett hjá háttv. minni hl. Altaf er þó sá munur á þeim og kjördæmakjörnum þingmönnum, að þeir hafa ekkert sjerstakt kjördæmi til þess að bera fyrir brjóstinu, og geta því óskiftir beitt sjer fyrir alt landið, en eins og kunnugt er, verða kjördæmakjörnu þingmennirnir altaf að hafa dálitla hliðsjón af hag og óskum kjördæmis síns. Þá hefir og það töluverða þýðingu, að þeir eru kosnir af eldri mönnum en hinir kjördæmakjörnu, engum yngri en 35 ára. Gerir það töluvert meiri festu í kosningunni.

Það er margt, sem mælir með því að láta kjördæmakosningar og landskjör fara fram á sama tíma. Með því myndi fyrst og fremst sparast allmikið fje fyrir þjóðina, því eins og nú hagar til, eru kjördæmakosningar 4. hvert ár og landskjör á þriggja ára fresti. Og eins og allir vita, kostar þetta mikið, — já, svo mikið, að jeg býst við, að fæstir geri sjer í hugarlund, hve dýrt það er, ef alt væri reiknað.

Því verður ekki neitað, að kjördæmaskifting landsins er næsta ófullkomin, sökum þess að kjördæmin eru svo mismunandi mannmörg. Úr þessu bætir landskjörið að því leyti, að þar nýtur hvert kjördæmi þeirra atkvæða í heild. Jeg fyrir mitt leyti sje því ekki, að hægt sje að fækka þingmönnum eða leggja niður landskjörið, nema þá því aðeins, að áður sje búið að koma sjer niður á rjettlátari kjördæmaskiftingu en nú er.

Eftir núgildandi lögum eiga að fara fram kosningar til landskjörs sumarið 1930, einmitt á meðan á hátíðahöldunum á 1000 ára afmæli Alþingis stendur. Það hljóta allir að sjá, hve óheppilegt þetta er. Undirbúningsfundir myndu verða illa sóttir og fjöldi kjósenda fjarstaddir, þegar kjósa ætti. Jeg sje því ekki betur en nauðsyn beri til að gera ráðstafanir til

þess, að landskjör fari ekki fram það ár. En það er ekki hægt nema með stjórnarskrárbreytingu, og það helst á þessu þingi, því verði slík breyting látin bíða til næsta þings eða 1929, þá kostar það þingrof og aukakosningar.

Um brtt. einstakra þingmanna ætla jeg ekki að tala nú, en skal aðeins taka það fram, að þar sem hjer er um stjfrv. að ræða og jafnframt stórpólitískt mál, þá væntir meiri hl. þess, að hæstv. forsrh. skýri afstöðu sína til brtt. þessara um leið og hann heldur aðalræðu sína.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg get tekið undir það með hv. umboðsmanni frsm. meiri hl. (JóhJóh), að jeg sje ekki ástæðu til að vera langorður, því að nefndarálit þau, er hjer liggja fyrir, sýna, hvernig nefnd þeirri, sem efri deild skipaði í þetta mál, hefir komið saman.

Um viðskifti nefndarhlutanna meðan þeir störfuðu saman var að mestu rjett skýrt frá hjá hv. frsm. meiri hl. Þó skal það tekið fram, að minni hl. gerði margítrekaðar tilraunir til þess að fara inn á einhverja þá leið, sem hægt væri að sameina sig um, en það var með öllu árangurslaust. Jeg get þessa hjer, til þess að ekki sje hægt að segja eftir á, að minni hl. hafi viljað leggja stein í götu málsins. Að sjerstök ástæða er til að taka þetta fram nú, eru afdrif stjórnarskrármálsins hjer í deildinni 1924. Jeg býst við, að flestir muni eftir þeirri atkvgr. Flokkarnir kendu svo hver öðrum um að hafa felt málið.

Að samkomulag tókst ekki, þrátt fyrir tilraunir minni hl., var af því, að hjer var um töluverðan stefnumun að ræða. Eins og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) tók fram, var samkomulag um 3 fyrstu gr. frv., en þegar að 4. gr. kom, fór samkomulagið út um þúfur. Um hana var ekkert samkomulag að fá. Þó að grein þessi sje ekki nema fáein orð, þá felur hún í sjer eigi að síður mikla stefnubreytingu, sem snýr að kjósendum landsins, og eins og grein þessi er orðuð nú, þá er gengið aftur á bak stórt spor frá því, sem nú er. Fyrst er farið fram á að lengja kjörtímabilið um ⅓. Það er því óneitanlega skerðing á íhlutunarrjetti kjósendanna; það er þar með verið að byrja á að tálga utan af kosningarrjettinum. Hvar endað verður, er ekki gott að segja.

Það er öldungis víst, að þetta atriði á engin ítök hjá kjósendum landsins, og jeg er þess fullviss, að engin stjórnarskrárbreyting gengur fram, er hefir ákvæði í þessa átt. Enda þótt grein þessi sje ekki nema fáein orð, þá felur hún samt í sjer annað en lenging kjörtímabilsins. Í henni felst líka, að kjörtímabil hinna landskjörnu þingmanna skuli stytt, að þingrof skuli einnig ná til þeirra og kosning þeirra fara fram jafnhliða kjördæmakosningum. Í nál. minni hl. er vikið að því, að hjer sje um algerða stefnubreytingu að ræða. Það er horfið frá því, sem aðallega vakti fyrir, þegar ákvæði þetta var sett inn í stjórnarskrána, að þeir landskjörnu ættu að vera stöðvun í þinginu, sem sumir hafa nefnt kjölfestu þingsins. Á þetta drap háttv. frsm. meiri hl. og vildi halda því fram, að kjölfestan af þeim landskjörnu væri hin sama og gert hefði verið ráð fyrir. Jeg skal fúslega

viðurkenna, að jeg tel dálitla tryggingu í því, að þeir, sem kosningarrjett hafa til landskjörs, eru þó altaf 10 árum eldri en þeir, sem hafa almennan kosningarrjett. Á því að mega vænta, að meiri festa sje í kosningunni. En aðalþungamiðjunni finst mjer kastað fyrir borð með því að láta þingrof ná til þeirra, og úr því að kosning þeirra á að fara fram á sama tíma og hinar almennu kosningar, þá virðist mjer komið nærri því að athuga, hvort ekki sje þá eins rjett að afnema landskjörið með öllu. Jeg skal ekki bera á móti því, að hinir landskjörnu þingmenn geti eitthvað bætt upp hina ranglátu kjördæmaskipun, en að hve miklu leyti, skal jeg ekki fullyrða. En sem sagt, það má vel vera, að þeir bæti að einhverju leyti upp misrjetti það, sem jafnaðarmenn verða að líða sökum hinnar ranglátu kjördæmaskiftingar, því að jeg býst við, að hv. frsm. meiri hl. hafi einmitt haft þá fyrir augum, er hann var að tala um þetta.

Hv. frsm. meiri hl. taldi upp þær ástæður, sem rjettlæta þessa breytingu á landskjörinu, sem stungið er upp á í 4. gr. frv., og talaði aðallega um sparnaðinn, sem af henni myndi leiða fyrir kjósendur. Jeg skal játa það, að kjósendur eyða ekki dagsverki til kosninga, ef þeir eru aldrei kvaddir til þeirra. En hví má þá ekki alveg eins veita þeim sparnaðinn enn þá víðtækari, með því að láta kjósa aðeins á 20 ára fresti? Nei, þessi ástæða er öldungis óframbærileg hjá hv. frsm. meiri hluta og ekkert upp úr henni leggjandi. Hún bendir aðeins í þá átt, að rýra eigi kosningarrjettinn. Og jeg get fullvissað hv. frsm. meiri hl. um það, að þessi umhyggja hans fyrir kjósendum er alveg óþörf.

Það er ýmislegt fleira, sem taka mætti fram viðvíkjandi 4. gr. En jeg veit ekki, hvort það svarar kostnaði að rekja það sundur nákvæmlega, eða nánar en jeg er búinn að gera, því að jeg geri ráð fyrir því, að svo sje um hnútana búið, að frv. gangi fram í þeirri mynd, sem meiri hlutinn gefur því, og að till. minni hl. verði ekki teknar til greina nje samþyktar. Mjer þykir trúlegt, ef stjórninni er alvara með þetta mál, að hún haldi utan um atkvæði flokksmanna sinna og láti málið sigla út úr deildinni. Jeg ætla því ekki að auka á óþarfamælgi þá, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mintist á að ætti sjer stað á hinum síðustu og verstu tímum. Jeg kæri mig heldur ekki um að halda málinu áfram lengra á þann hátt að færa rök fyrir till. minni hl. Sem sagt tek jeg ekki til mín þessa sneið um óþarfamælgi, og þótt jeg kynni að eiga þar sneið, þar sem háttv. þm. var að tala um óþarfamælgi, þá læt jeg mjer það í ljettu rúmi liggja, þótt einhverju sje til mín beint af því tægi, því að hingað er jeg kominn til þess að gera grein fyrir skoðunum mínum. Og meðan jeg fer ekki út fyrir það svið, er ekki rjett að tala um óþarfamælgi. Jeg get þessa af því að hv. þm. Seyðf. lá á hjarta að koma þessari sneið að við þetta tækifæri. (**JóhJóh:** Þessi deild átti ekki sneiðina, heldur háttv. Nd.). Það situr ekki á okkur hjer í þessari deild að vera að setjast í dómarasæti yfir hv. Nd.

Háttv. þm. Seyðf. gat þess, að brtt. minni hl. væru óþarfar. Það getur vel

verið; jeg hefi enga löngun til að þrátta um það við hv. þm. Seyðf. En þessar till. okkar í minni hl. eiga áreiðanlega fordæmi í þingsögunni. Það getur vel verið, að þær þurfi ekki að koma til atkvæða. En með því að koma fram með þessar brtt. lítum við svo á, að minni hl. hafi gert grein fyrir því, hvernig frv. eigi að líta út. Hafi þetta verið óþinglegt, átti ekki hv. þm. að vera að fetta fingur út í þetta eftir á, heldur benda okkur á það. En þar sem hann gerði það ekki, þá var þessi aths. hans óþörf, því að vegna minni hl. var sjálfsagt að koma fram með þessa brtt.

Þá ætla jeg að víkja að 5. gr. frv. Hún kveður svo á, að ef þm. deyr, sem kosinn hefir verið hlutfallskosningu, þá skuli koma í hans stað varamaður sá, er við á í hvert skifti. Það, sem minni hl. hafði að athuga við þetta, var það, að þetta á einnig að ná til Reykjavíkur-þingmannanna. Við álítum, að í hvert skifti og sæti losnar í Reykjavík, eigi kjósendurnir að velja þm. í það þingsæti á sama hátt og tíðkast í öðrum kjördæmum. Hinsvegar hefir minni hl. litið svo á viðvíkjandi brtt. við 5. gr., um að falli landskjörinn þm. frá, þá þurfi ekki kosning að fara fram svo lengi sem eftir er einhver varamaður á þeim lista, að þessi breyting sje í sjálfu sjer rjettmæt. En hann lítur svo á, að þetta geti komið með breytingu á kosningalögunum. En meiri hl. getur ekki fallist á þetta og ber fyrir sig „praksis". En jeg sje ekki annað en þessu atriði megi koma fyrir í kosningalögunum. Verið getur, að hv. þm. Seyðf. sjái hjer betur, þar sem hann er lögfræðingur. En þótt þessi skilningur hans væri rjettur, þá mætti samt breyta 5. gr. síðar, og jeg áskil minni hl. rjett til þess að koma fram með brtt. við 3. umr. um þetta atriði og ef til vill fleiri. Ef á að breyta stjórnarskránni á annað borð allmikið og það er meiningin að breyta meiru en því, að þing skuli haldið annaðhvert ár, þá vil jeg halda leiðinni opinni. Við minnihutamenn álítum það vera þá fyrstu breytingu, sem nokkur hluti þjóðarinnar óskar eftir. Og það er vissa fyrir því, eins og flokkum er nú háttað í þinginu, að þetta er sú eina breyting, sem samkomulag næst um, og ef þm. er nokkur alvara með þessa breytingu, þá verður að varast að hnýta mikilli lest aftan í hana, sem valdið getur því, að frv. nái ekki fram að ganga.

Jeg er sammála hv. þm. Seyðf. um, að af þingafækkun mundi leiða sparnað, en hitt er jeg ekki eins sannfærður um, að takast mætti að spara aukaþingin. Jeg get bætt því við, að jeg er ekki sannfærður um, að þetta fyrirkomulag, þótt á komist, yrði til langframa. En samt má spara allmikið, enda þótt þing væri haldið á hverju ári, ef fjárlagaþing er aðeins annaðhvert ár.

Loks skal jeg aðeins geta þess, að mikið hefir hv. þm. Seyðf. þótt við liggja, því að hann endaði ræðu sína með því að skora á stjórnina að duga nú nefndinni, þar sem frsm. væri bilaður. Jeg er viss um, að stjórnin dugir nefndinni í þessum sökum sem öðrum. Læt jeg svo staðar numið að sinni.

Magnús Kristjánsson: Það er eins og að líkindum lætur, að jeg þarf lítið að leggja til þessa máls, þar eð jeg

hefi áður látið uppi skoðun mína á því. Jeg vil þó geta þess, að það er leiðinlegt að vera altaf að hringla með þetta stjórnarskrármál. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er bæði óþarft og illa viðeigandi, en hitt er þó verra, þegar hver óvalinn snáði telur sig færan um að koma fram með breytingar á stjórnarskránni, því að þær verða varla til gagns nema þær sjeu íhugaðar af sjerstakri nefnd hæfra manna. Þegar stjórnarskráin var samþ. síðast, var það álit mitt, að hún myndi standa óbreytt meðan sambandslögin væru í gildi. Jeg áleit, að af því gæti ekkert tjón hlotist og þjóðin gæti tekið öllum þeim þroska, sem annars væri unt, undir núgildandi stjórnarskrá, þótt ekki væri stöðugt verið að gera breytingar á henni. En hinsvegar er það líklegt til þess að ná fylgi kjósenda að vera altaf með þetta sparnaðartal. Og mikill hluti kjósenda hefir gleypt við þessu, álitið, að hjer væri um raunverulegan sparnað að ræða, sem jafnvel gæti bjargað þjóðinni út úr öllum fjárhagslegum örðugleikum. En hann á að vera í sambandi við brtt. um afnám landskjörinna þm. og fækkun þinga. Þetta er nú ekki meiri sparnaður. Hvar liggur þá þessi sparnaður?

Að fækka þingmönnum um hina landskjörnu svarar til 10 aura á hvern mann í landinu, miðað við þingsetukaup þeirra eins og það nú er. Það er hlægilegt að hampa þessu. Fækkun þinga þýðir 1—2 kr. sparnað á mann. Mjer hálfgremst, þegar notaðar eru slíkar yfirborðsástæður í jafnmikilsvarðandi máli. Það er ekki þingkostnaðurinn, sem hvílir svo þungt á þjóðinni, heldur hennar eigin lífnaðarhættir, löngun alls fjöldans til þess að lifa dag hvern í dýrðlegum fagnaði, klæðast pelli og dýrindis líni og dreypa á dýrum vínum. Þetta er það, sem íþyngir þjóðinni mest. — Jeg hefði haft gaman af að fara lengra út í þetta. Jeg álít, að hagstofan ætti að gera útreikninga í þessu sambandi um það, hvað menn leyfa sjer í daglegu háttalagi sínu. Þá er jeg viss um, að fá mætti gleggri mynd af því, hvaða þýðingu þetta sparnaðarhjal hefir.

Jeg ætla að benda á atriði í nál. meiri hl. Þar er dregið fram sem ástæða fyrir þingafækkuninni, að þingið 1921 hafi kostað 384 þús. kr. Það er eins og þetta eigi að vera til að sýna, að þetta sje meðaltalið. En hv. meiri hl. ætti að vera það ljóst, að þetta má ekki taka þannig, því að 1921 var þingið afarlangt vegna skattalaganna, og svo var dýrtíðin þá á hæsta stigi, svo að þetta þing er ekki hentugt að taka til að sýna raunverulegan þingkostnað.

Þess er líka getið í nál., að lægsti þingkostnaður hefir verið 202 þús. kr. En þess ber að gæta, að það er margur annar kostnaður í sambandi við þinghaldið en þingfararkaupið, sem ekki sparast að fullu, þótt þingunum yrði fækkað. Þetta hefði nefndin átt að athuga, áður en hún lagði þetta fram sem mælikvarða á það almenna.

Í raun og veru er ekki mikil sönnun í því, þótt því sje haldið fram, að það sje einlægur vilji þjóðarinnar að afnema landsk. þm., fækka þingum og lengja kjörtímabilið. Jeg álít augljóst, að þessi vilji kjósenda, sem svo mikið er talað um, sje tilbúinn, því að þingmálafundargerðir, þar sem samþykt hefir verið eitthvað í þessa átt, sýna það, að þær eru allar frá sömu verk-

smiðjunni, og er lítill munur þar á. En þetta sýnir aðeins það, að kjósendur hafi fengið sterka hvöt til þess að hrópa hátt um þennan sparnað. Þetta er þannig lítils virði.

Mjer þykir eiginlega ekki viðeigandi að tala lengi, þar sem jeg hefi ekki fundið ástæðu til þess að koma með brtt. við þetta frv. Jeg áleit það tilgangslaust, þar sem sýnilegt er, hverja afgreiðslu málið muni fá.

En jeg vil samt sýna, hvaða breytingar á stjórnarskránni vaka fyrir mjer, þegar jeg álít tímabært að fara að gera breytingar á henni. Jeg vil ekki fækka þingum verulega, heldur að öll Ed. verði skipuð landsk. þm., þannig að 12 menn eigi sæti í henni; ennfremur að sú kjördæmaskipun, sem nú er, haldist óbreytt að mestu, og fái sveitakjördæmin 18—20 þingmenn og að þau sjeu öll einmenningskjördæmi. Kaupstaðirnir fái hver sinn þingmann og Reykjavík sömu tölu þingmanna og hún hefir nú. Þetta væri sú eðlilegasta og heillavænlegasta skipun, sem hægt væri að gera á þessum málum, því að hlutfallskosning allra þingmanna verður aldrei fullkomlega rjettlátt fyrirkomulag. En hitt er rjett, að Ed. öll sje landskjörin, og eins að öll kjördæmi sjeu einmenningskjördæmi. Það getur þá orðið nauðsynlegt að breyta eitthvað kjördæmatakmörkum, til þess að jafna kjósendatölunni á þingmennina. Aftur á móti væri ekki rjett að hagga sýslutakmörkum verulega, því að hver sýsla er eins og nokkurskonar ríki út af fyrir sig, sem á að hafa rjett til að hafa sinn fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna.

Jeg tel það ekki viðeigandi fyrir mig að fara lengra út í þetta mál, þar sem jeg get ekki talið mig sem frsm. í því. En jeg hygg, að svo muni fara áður en langt um líður, að hagað verði stjórnarskrárbreytingu á þann hátt, er jeg hefi nú drepið á.

Einar Jónsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að aðalbreytingar stjfrv. mundu vera breytingar, sem þjóðin óskaði eftir. En ef til vill er líka nauðsynlegt að koma með fleiri brtt. við stjórnarskrána, úr því að farið er að breyta henni á annað borð. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 192. Hv. 5. landsk. (JBald) mintist á það, að það væri títt um óvana þm. að koma með brtt. við stjórnarskrána, ef svo bæri við, að hún væri til umr. Þetta mun rjett vera hjá hv. þm. Engu að síður hefi jeg nú leyft mjer að koma fram með þessa brtt. mína.

Um þessa brtt., sem fer fram á fækkun ráðherra úr 3 niður í 2, er það að segja, að hún er ekki beint nýmæli. Samskonar till. hefir verið á ferðinni áður hjer í þinginu. Ástæðurnar fyrir því, að jeg ber þessa brtt. fram, eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi vegna þess sparnaðar, er hún hefir í för með sjer. Þó að hv. 4. landsk. (MK) gerir lítið úr hverju einstöku sparnaðaratriði og reikni í því efni með 10 aurum eða 1 kr. á mann, þá verður hann að athuga það, að margt smátt gerir eitt stórt, o. s. frv. Önnur ástæðan er sú, að í þetta sinn stendur svo á, að ekki þarf, þó að till. í þessa átt verði samþ., að svifta neinn mann embætti hans. Ráðherrarnir starfa nú

aðeins 2 og hafa, að því er virðist, getað komið störfum sínum af engu að síður, og ætti það að geta verið eins í framtíðinni. Jeg skal játa það, að velja þarf vel hæfa menn til þess að gegna ráðherrastörfum, ef þeir eru aðeins 2, en jeg hygg, að til þess verði jafnan gerð tilraun, þegar val á ráðherrum fer fram, enda sama nauðsyn á vali hæfra manna, hvort sem um 2 eða fleiri er að ræða. Þriðja ástæðan er sú, að það er kunnugt orðið, að þjóðin er hlynt og óskar þessarar tilhögunar um tölu ráðherranna.

Þó að brtt. á þskj. 192 sje í 4 stafliðum, þá er hún að efni til ekki nema ein till., um að breyta tölu ráðherranna; en hitt, sem í brtt. getur, er aðeins afleiðing af þeirri breytingu.

Brtt. er auðskilin, og sje jeg því ekki ástæðu til að hafa um hana langt mál. Jeg læt mjer það nægja, að jeg hefi komið fram með hana, og hvernig sem atkvæði um hana falla, þá ætlast jeg til, að hver einasti hv. þm. deildarinnar fari að eigin vilja og óskum kjósenda úti um land, en sje þar ekki með alvöruleysi og hlýðni við aðra. Jeg læt mjer því nægja þessi orð að sinni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil leyfa mjer að þakka háttv. meiri hl. stjórnarskrárnefndar fyrir afgreiðslu hans á þessu frv. Við það, sem hv. form. nefndarinnar (JóhJóh) sagði um ástæðurnar fyrir þeim breytingum á stjórnarskránni, sem stjfrv. felur í sjer, hefi jeg engu að bæta. En út af orðum hv. frsm. minni hl. (IP) vildi jeg segja nokkur orð. Hann sagði, að af hálfu minni hl. hefðu verið gerðar tilraunir til samkomulags í nefndinni, en að meiri hl. hefði ekki viljað það. Um það get jeg vitanlega ekkert sagt. En mjer finst það ekki nema eðlilegt, þar sem málið er ekki komið lengra en að það er nú til 2. umr. hjer í þessari hv. deild, að hv. þm. vilji láta koma til atkvæða hverja till. eins og þeir óska helst, að hún sje. Það kemur í ljós við atkvgr. í þessari háttv. deild og í hv. Nd., um hvað geti orðið samkomulag, og þá fyrst er kominn tími til þess að tala sig saman um málið. Hv. frsm. minni hl. kvaðst vera á móti 4. gr. í frv. stjórnarinnar, um það, að allir þingmenn skuli kosnir til 6 ára, og kvað það fela í sjer breytingu á stöðu landskjörinna þingmanna. Hv. frsm. minni hl. fanst vera stigið spor aftur á bak með þessu ákvæði og sagði, að greinin væri skerðing á íhlutunarrjetti kjósenda um það, hvernig þingið væri skipað. Það gat eingöngu verið kjörtímabilið að því er snertir hina kjördæmakosnu þingmenn, sem gaf hv. þm. tilefni til þessara ummæla, því að það má ef til vill til sanns vegar færa, að íhlutunarrjettur kjósenda um þá sje að einhverju leyti skertur með ákvæði 4. gr., þar sem ekki á að spyrja þá um vilja þeirra nema 6. hvert ár, í stað 4. hvert ár nú. En þó tel jeg enga ástæðu fyrir hv. þm. að nota þessi orð. Þó tók út yfir, er hann hjelt því fram, að sú breyting á stöðu landskjörinna þingmanna, sem í frv. stjórnarinnar felst, væri einnig skerðing á kosningarrjetti manna. Það er þvert á móti. Höfuðbreyting stjfrv. á stöðu landskjörinna þingmanna er sú, að þingrof nái einnig til þeirra. Er það öllum ljóst, að með þeirri breytingu fá kjósendur meiri íhlutunarrjett um kosn-

ingu þeirra en þeir hafa nú. Þeir hafa hingað til orðið að sætta sig við, að kjörtímabil þessara þingmanna væri 8 ár, — en eftir frv. er það stytt í 6 ár, og gefur það kjósendum kost á því að koma fram vilja sínum oftar en áður um það, hverjir sjeu hinir landskjörnu þingmenn, auk þess sem þeir geta ráðið kosningu þeirra, ef um þingrof er að ræða. Með þessu er kjósendum sýnd meiri viðurkenning á valdi þeirra en nú er gert, með því að hvert þingrof felur í sjer, að þá er valdið lagt í hendur kjósendanna. Þó að svo mætti líta á, að lenging kjörtímabilsins fyrir kjördæmakosna þingmenn upp í 6 ár væri skerðing á íhlutunarrjetti kjósenda, þá er það bætt með því ákvæði, að þingrof nái einnig til landskjörinna þingmanna. Jeg held yfir höfuð, að ekki sje mikið gerandi úr sjónarmiði hv. frsm. minni hl. um það, að með stjfrv. sje verið að taka af kjósendum íhlutunarrjett þeirra, heldur er þvert á móti verið að fá þeim aukið vald í hendur. Jeg vil taka það fram út af afstöðu háttv. frsm., að hvort sem álitið er hentugt, að kjörtímabilið sje 4 eða 6 ár, þá er ekki hægt að halda því fram, að rjett sje að halda þing 2. hvert ár og láta kosningar fara fram jafnoft og þingin eru mörg. Ef ákvæðið um 4 ára kjörtímabilið verður látið standa óbreytt, þá verður þetta svo, ef þing verður aðeins háð 2. hvert ár. Það á sjer ekki stað í nokkru ríki, að kjósendur sjeu kvaddir að kjörborðinu jafnoft og þing á að halda. Jeg held, að það sje ekki holt að vera sífelt að kalla kjósendur á kjörfund og vekja með því allan þann óróa, sem jafnan er samfara kosningum, þó að jeg hinsvegar líti svo á, að það sje holt með hæfilegu millibili, því að kosningar hræra þá upp í því logni, sem legst yfir þjóðina að því er landsmál snertir, ef hún er aldrei spurð um álit sitt. En að ætla að fara að kjósa jafnoft og þing er háð, þýðir hið sama og að stofna til látlausra kosningaæsinga, en það gerir engin þjóð, af þeirri ástæðu, að það er talið of hættulegt fyrir rólega yfirvegun og skynsamlega afgreiðslu á löggjöf þjóðanna.

Hv. minni hl. nefndarinnar hefir lagst á móti 5. gr. stjfrv. Jeg skal játa, að það kom mjer algerlega á óvart. Jeg hjelt, að í því ákvæði frv. fælist sú rjettarbót, sem allir gætu verið sammála um, að girða fyrir, að aukakosning þyrfti að fara fram á einum þingmanni, þegar skipað hefir verið í mörg þingsæti með hlutfallskosningu. Það liggur í eðli hlutfallskosningar, að það þarf við hana varamenn, en hitt væri brot á grundvallarreglu hlutfallskosninga, sem bygð er á því, að ef þingmaður minni hluta fjelli frá, þá gæti að öðrum kosti meirihluta-þingmaður tekið sæti hans. En nú er þetta svo í Reykjavík. Þetta er með öllu órjettlátt, og get jeg ekki skilið í því, að hv. þm. (IP) skuli leggjast á móti því, að við hlutfallskosningar þar skuli einnig kosnir varamenn.

Um nauðsynina á því að breyta stjórnarskrá til þess að komast hjá aukalandskjöri get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem hv. form. stjórnarskrárnefndar (JóhJóh) hefir sagt.

Af ræðu hv. 4. landsk. (MK) skildist mjer, að hann væri á móti stjórnar-

skrárbreytingum að svo stöddu, og var afstaða hans í alla staði bein og heiðarleg. Um hugsun þá, er hann varpaði fram, að það þyrfti að gera víðtækar breytingar á skipulagi þingsins, mætti margt merkilegt segja, en af því að ekkert liggur frá honum um það efni í till.formi, þá er engin ástæða til þess að ræða það nú.

Um brtt. hv. 2. þm. Rang. (EJ) á þskj. 192 við frv., þar sem farið er fram á það, að ákveðið sje í stjórnarskránni, að ráðherrar skuli vera 2, þá skal jeg taka það fram, að jeg held fast við þá skoðun, sem kemur fram í greinargerð stjórnarinnar fyrir frv., að það þarf ekki stjórnarskrárbreytingu til þess að ákveða, að ráðherrar skuli vera 2. Reynslan er sú frá þingunum 1923—'24, þar sem fram komu till. í þá átt að ákveða með stjórnarskrárbreytingu tölu ráðherra, að þær till. urðu frv. um breytingu á stjórnarskránni í heild sinni að fótakefli. Stjórninni er ant um, að það megi takast nú á þessu þingi að breyta stjórnarskránni í samræmi við óskir þjóðarinnar. Hún vill því ekki ljá lið sitt öðrum brtt. en þeim, sem máli skifta. Hún getur því ekki fylgt till., sem eru allsendis óþarfar, þó að hún í mörgum tilfellum sje ekki mótfallin efni þeirra. — Það hefir aldrei verið svo, síðan ráðherrunum var fjölgað 1917, að tala þeirra væri ákveðin í sjálfri stjórnarskránni. Fram til 1920 gilti það ákvæði, að tala ráðherra skyldi ákveðin með lögum, en eftir núgildandi stjórnarskrá ákveður konungur tölu ráðherra. Ef þinginu er sjerstaklega ant um að nota vald sitt til þess að ákveða tölu ráðherra á hverjum tíma, þá er eðlilegast, að það geri það með venjulegum lögum, en ekki með því að setja um það ákvæði í sjálfa stjórnarskrána.

Um brtt. á þskj. 141, frá hv. þm. Snæf. (HSteins), vildi jeg leyfa mjer að segja nokkur orð, þó að hann hafi ekki mælt fyrir till. enn. Það eru víðtækari breytingar en núverandi stjórn hefir viljað orða, og breytingar, sem, ef dæma má eftir reynslunni frá 1924. mundu valda sundrung og ef til vill verða frv. að fótakefli. Þetta er nægileg ástæða til þess, að stjórnin hefir ekki viljað fara fram á slíkt. Auk þess telur stjórnin, að sú breyting á landskjörinu, sem farið er fram á í frv., sje eðlileg og heppileg úrlausn á þeim annmörkum, sem nú eru á landskjörinu.

Jeg get ekki fundið nema eina ástæðu fyrir því að afnema landskjörið, sem sje sparnað og ýms þægindi, sem leiða mundu af fækkun þingmanna. En eins og till. á þskj. 141 liggur fyrir, tel jeg ekki, að hún feli í sjer neina tryggingu fyrir fækkun þingmanna, nema kannske rjett í bili. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá má breyta tölu þm. með lögum, og jeg er of hræddur um, að sú heimild verði notuð til þess að fjölga þeim aftur upp í þá tölu, sem nú er, til þess að jeg greiði afnámi landskjörsins atkvæði mitt að óbreyttri heimildinni til fjölgunar þingmanna. Aftur á móti gæti verið, að jeg til samkomulags gæti gengið inn á að afnema landskjörið, ef það yrði fastbundið í stjórnarskránni, að tala þm. væri aðeins 36.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi raunar ekki mjög miklu að

svara, og því síður, þar sem hæstv. forsrh. er ekki enn mættur á fundi, en við hann átti jeg helst erindi. Jeg geri þó ráð fyrir, að hann komi fljótlega og honum verði þá borið það, sem jeg vildi við hann segja.

Hæstv. ráðh. tók fram, að þó ekki hefði náðst samkomulag í nefndinni, hefði ekki verið ástæða til, að meiri hl. slakaði á kröfum sínum meðan ósjeð væri, hvernig byr málið fengi í þinginu. En ef þetta á við um meiri hlutann, þá má líkt segja um minni hlutann.

Hæstv. ráðh. kannaðist við það, sem jeg hjelt fram um ákvæði 4. gr. frv., um að kjördæmakosnir þingmenn skuli kosnir til 6 ára, í stað 4, að það væri skerðing á íhlutunarrjetti kjósenda. En hann sagði, að þeim væri bætt þetta upp að nokkru leyti með því að stytta tíma hinna landskjörnu. Jeg held nú, að þetta sjeu dálítið viðsjárverð hnífakaup. Hjer er um alt aðra aðilja að ræða. Allir, sem yngri eru en 35 ára og kosningarrjett hafa, verða fyrir þessari skerðingu, en þeir fá enga uppbót í kjöri hinna landskjörnu. Því tel jeg þetta varhugaverð hnífakaup, enda býst jeg við, að hæstv. ráðh. beri þetta fram fremur til að mýkja og milda en að hann hafi trú á, að hjer sje aðeins um skifti að ræða, sem ekki geri svo mikið til. Jeg verð að halda fast við þá skoðun mína, að breytingin á 4. gr. sje tvímælalaus skerðing á kosningarrjetti manna, enda hefir hæstv. ráðh. viðurkent, að svo sje. Jeg lít svo á, að það sje enginn ávinningur að stytta kjörtímabil landskjörinna þingmanna, enda hefir ekki heyrst, að það væri fram komið af þeirri ástæðu, að það ættu að vera sárabætur fyrir hina skerðinguna. Því hefir verið haldið fram, að þetta væri gert af sparnaðarástæðum, til þess að láta fara saman kjördæmakosningar og landskjör. En jeg tel mjög vafasamt, að kjósendur sækist eftir þessum sparnaði. Hinsvegar verð jeg að líta svo á, að breyting sú, sem gerð er á landskjörinu, sje svo mikilvæg, að þinginu beri vel að gæta þess, hvað það missir, áður en það tekur gilda þessa uppbót, sem hæstv. ráðherra var að tala um.

Þá mintist hæstv. ráðh. á, að þegar gengið væri inn á þá braut að hafa þing aðeins annaðhvert ár, væri ekki rjett, að kosningar færu fram 4. hvert ár, því að þá sætu þingmenn ekki nema 2 þing. En þarna er hæstv. ráðh. að leiða menn út á skakka braut. Það á ekki að miða við þingafjöldann, heldur kjörtímalengdina. Því tvennu má ekki rugla saman. Það hefir verið gert ráð fyrir aukaþingum, og í hjarta okkar erum við víst fúsir á að láta okkur detta í hug, að þau geti orðið nokkuð oft. Munurinn er þá aðeins sá, að ekki verður háð fjárlagaþing nema annaðhvert ár. Við þetta sparast nokkur tími og kostnaður á Alþingi, en lenging kjörtímabilsins hefir fyrir því alveg sömu afleiðingar. Á kjörtímabili því, er frv. gerir ráð fyrir, geta vel orðið 6 þing, þó að ekki sjeu nema 3 fjárlagaþing. Því verður ekki með neinum rökum neitað, að þarna er um talsverða skerðing á kosningarrjettinum að ræða.

Þá skildi jeg ekki vel, hvað hæstv. ráðh. var að fara, þegar hann talaði um látlausar kosningar eða kosningar á hverju ári. Jeg veit ekki til þess, að til árlegra kosninga komi nema

óvenjumikil vanhöld sjeu á landsk. þm. En þó að gera megi ráð fyrir, að fyrir landskjöri verði oftast eldri menn, sje jeg ekki ástæðu til að halda, að svo mikil vanhöld verði á þeim, að oft þurfi að kjósa þess vegna. Hitt er rjett, að kosningar til landskjörs og kjördæma fara ekki saman eftir núgildandi stjórnarskrá. En það kom einmitt til tals í nefndinni, þó ekki fengist um það samkomulag, að með því kjörtímabili, sem nú er, væri hægt að samræma hvorartveggja kosningarnar. Galdurinn er ekki fólginn í öðru en því að fastákveða, hvenær reglulegar kjördæmakosningar skuli fara fram, og ákveða svo, að kosningar eftir þingrof skuli aðeins gilda þar til reglulegar kosningar eiga að fara fram. Þetta var rætt í nefndinni, og þótti mjer rjett að láta það koma hjer fram, til þess að hv. þingdeild og þeir, sem lesa kunna Alþt., þurfi ekki að halda, að minni hl. hafi verið alveg ósveigjanlegur í þessu máli.

Þá kom hæstv. ráðh. að 5. gr. og kvað sig furða á því, að minni hlutinn legði til, að hún yrði feld niður. Jeg skal játa, að minni hl. hefir látið í ljós, að hann teldi óviðunandi fyrirkomulag, að ganga þyrfti til kosninga á landskjörnum manni, ef varamaður væri líka fallinn frá. En jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að lagt væri til, að greinin fjelli niður vegna þess, að hún næði líka til kjördæmakosninga að því er Reykjavík snertir. Minni hl. mun standa við það, sem hann hefir áður látið í ljós að því er snertir landskjörið. Annars lít jeg svo á, að þetta sje hægt að laga með kosningalögunum. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) lítur svo á, að þingið sje bundið við þá túlkun, sem áður hefir verið á þessu ákvæði gerð. Jeg skal ekki leggja dóm á það. En jeg held, að ef ekki verður talið, að hjer sje um bindandi fordæmi að ræða, megi vel samrýma þetta við stjórnarskrána.

Þá komst hæstv. ráðh. að þeirri niðurstöðu af niðurlagi ræðu minnar, að jeg mundi ekki vera ófús til samkomulags, og það gleddi sig. En hæstv. ráðh. verður að gæta þess, að um samkomulag getur ekki verið að ræða nema báðir aðiljar slaki til. Mjer dettur í hug, að hugsanlegt væri, að við hefðum hnífakaup á 4. og 5. gr., jeg fjellist á 5. gr., ef hann vildi láta 4. gr. falla. Annars hefi jeg áður bent á hugsanlega leið til samkomulags. Hann var yfirleitt mjög hógvær í garð minni hl. og viðurkendi, að það, sem jeg hjelt fram, væri þó a. m. k. á nokkrum rökum bygt.

Loks sagði hæstv. forsrh., að hann vildi ekki, að inn í frv. kæmust neinar breytingar, sem orðið gætu því að falli, en jeg held, að nú sjeu einmitt nokkur þesshættar ákvæði í frv. Ef hæstv. landsstjórn er ant um að koma á samkomulagi, þá á hún að fara að till. okkar í minni hl. En samkomulag, sem byggist á því, að minni hl. gangi óskorað að öllum till. hv. meiri hl., getur ekki orðið, enda er það ekkert samkomulag.

Að síðustu vil jeg geta þess, að jeg mun ekki greiða atkv. með brtt. einstakra þm., af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar tekið fram. Þar fyrir tel jeg t. d. till. hv. þm. Snæf. (HSteins) sönnu nær en till. hæstv. landsstjórnar. En verði þessi till. samþykt, er jeg

þess fullviss, að hún verður frv. að falli, og á því vil jeg ekki bera ábyrgð.

Nú get jeg látið staðar numið að sinni. Mun jeg sjá til, hvað setur um það, hvort ástæða verður til að taka til máls á ný.

Jón Baldvinsson: Það lítur út fyrir, að umr. þessa máls ætli að ganga heldur treglega. Svo virðist, sem ætlast sje til, að nú þegar sjeu allir ákveðnir í því, hvernig þeir eigi að greiða atkv. um hinar einstöku till. Jeg gæti trúað, að það væri líka búið að ákveða, hvernig fara á um frv. í heild sinni. Mjer virðist, að hæstv. landsstjórn hafi forlög þess algerlega í hendi sjer; að minsta kosti í Ed.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., þykir mjer frv. alt í meira lagi óheppilegt. Það er litað af afturhaldsanda og miðar að því að minka áhrif þjóðarinnar á þingið og fjarlægja þingið þjóðinni. Eina breytingin, sem frv. fer fram á og sýnist nokkurnveginn sanngjörn, er í 5. gr., um að gera það skýrt, sem nú er óskýrt, að við hlutbundnar kosningar skuli varamenn vera tiltækir, meðan nokkur er uppistandandi af þeim, sem á framboðslista voru. Jeg hjelt nú, að þessi grein gæti ekki orðið ágreiningsefni í þinginu að efni til, en þó skildist mjer á einum hv. þm., að hann vildi ekki unna Reykjavík þessarar rjettarbótar. Honum þótti sjálfsagt að láta eitt ganga yfir Reykjavík og önnur kjördæmi landsins, að hann sagði. En þarna er ekki líku saman að jafna. Í Reykjavík er hlutfallskosning, og er henni því miklu fremur jafnandi til landskjörsins. Ef ekki væri hjer annað á ferð en þessi breyting, þá væri hún heldur til lagfæringar á orðalagi stjórnarskrárinnar og mundi varla sæta miklum andmælum. En alt hitt, sem í frv. stendur, fer svo langt í afturhaldsáttina, að mig stórfurðar á því, að hv. minni hl. vill halda í nokkur atriði frv.

Frá háttv. meiri hl. hefir komið út álit, þar sem fallist er á hvert orð í stjfrv. Í þessu nál. eru fullyrðingar um, að mikill meiri hluti kjósenda í landinu heimti þær breytingar, sem hjer er farið fram á. Jeg þori aftur á móti að fullyrða, að um þetta hafi hv. meiri hl. ekkert fyrir sjer. Jeg veit ekki betur en að meginþorri manna telji sjálfsagt, að þing sje háð á hverju ári og að kjörtímabilið sje ekki lengt. Það er áreiðanlegt, að mikill meiri hl. kjósenda hefir aldrei krafist þessara breytinga á stjórnarskránni. Hitt kann að vera, að á nokkrum þingmálafundum hafi verið gerðar samþyktir í þessa átt. Og þótt oft megi marka þingmálafundi nokkuð, þá held jeg, að þetta eigi sjer ekki djúpar rætur. Það hefir helst verið samþykt þar, sem Íhaldið er svæsnast og þm. þess hafa beitt sjer fyrir því. — Jeg held, að jeg sje ekki síður kunnugur vilja fólksins um þetta en hver annar, og jeg hefi gert mjer mikið far um að kynna mjer hann, þar sem jeg hefi komið. Og það get jeg fullyrt, að menn eru eindregið á móti frv., þar sem jeg þekki til.

Þá er eitt af því, sem hv. meiri hl. telur frv. mjög til gildis, að komist það í framkvæmd, megi kjósa bæði landskjörna og þjóðkjörna í einu. En þarna er alveg verið að breyta um stefnu. Þegar samþykt var að skipa

Ed. svo, sem nú er gert, var það álitið eitt aðalatriðið að láta þingrof ekki ná til hennar. Það má vera, að þá hafi þetta verið einskonar íhalds-„standpunkt". (**Forsrh. JÞ:** Þetta er ljótt orð!). Já, ljótt er það, en jeg nota það líka um íhaldið. — En nú lítur út fyrir, að hæstv. landsstjórn álíti landskjörið alt of „demokratiskt" fyrirkomulag og finnist enginn slægur fyrir íhaldið að halda lengur í það. En það var áreiðanlega hugsað sem íhald, að láta þingrof ekki ná til landsk. þm. Get jeg þar bent á, að síra Sigurður heitinn Stefánsson sagðist vera svo *conservativ* (hann notaði einmitt það orð), að hann vildi láta kjósa Ed. þannig, og vildi meira að segja láta kjósa miklu fleiri þannig, helst ekki færri en 10. — Nú skilst mjer, að fyrirkomulagið sje ekki lengur nógu „conservativt". Hitt er raunar haft að yfirvarpi, að spara eigi kjósendum fyrirhöfn með því að hafa báðar kosningarnar í einu. Vitanlega er það haft bak við eyrað, að sá flokkur, sem mest bolmagn hefir í landinu, geti hagnast um fáein atkv. með þessu móti. Kannske er búist við rífari þátttöku í almennum kosningum en í landskjörinu einu, og á því ætlar íhaldið að græða. En jeg er ekki alveg viss um, að íhaldinu gangi þarna alt að óskum. Það getur verið, að sú alda, sem skolaði íhaldinu þangað, sem það nú er komið, sje þegar byrjað að falla. Þá verða þessar tillögur þeim ekki svo mjög í hag, sem þeir nú búast við.

Viðvíkjandi því að breyta stjórnarskránni út af varamönnunum við landskjörið, þá skilst mjer, að það sje óþarft. Eftir mínu viti er orðalag stjórnarskrárinnar alls ekki því til fyrirstöðu, að þeir, sem ekki komast að, geti allir verið varamenn og megi taka sæti á þingi, meðan nokkur er eftir. 28. gr. stjórnarskrárinnar getur ekki haggað þessari skoðun og síðasta málsgr. 29. gr. styður hana heldur. En það er rjett, að kosningalögin taka af öll tvímæli um þetta, því að þau segja, að varamenn skuli ekki vera fleiri en aðalmenn. Og eftir kosningalögunum mátti auðvitað til að láta fara fram landskjör á einum manni síðastl. haust. En svo sem jeg sagði, er stjórnarskráin því engan veginn til fyrirstöðu, að kosningalögunum verði breytt um þetta atriði. Það þyrfti ekki annað en fella niður orðið „jafnmarga" í 73. gr. kosningalaganna frá 1915 og gera þá kröfu til þeirra, sem bæru fram lista, að þeir hafi á þeim jafnmörg þingmannsefni til vara eins og þeir hafa aðalmenn. Með því móti væri mjög eðlilegt að skýra ákvæði stjórnarskrárinnar, að „varamenn skulu vera jafnmargir" eins og þingmenn *á hverjum lista*. — 28. gr. stjórnarskrárinnar byrjar á að tala um þann möguleika, að þm., kosinn í sjerstöku kjördæmi, falli frá á kjörtímabilinu, og segir, að þá eigi *kosning* fram að fara. Síðan er talað um, hvernig fari, ef landsk. þm. fellur frá, og er þar hvergi minst einu orði á, að kjósa skuli í stað hans. Það eina, sem sagt er, er, að varamaður eigi að taka sæti hans. Af þessu sýnist mjer sú ein ályktun verða dregin, að þingmenn skuli undir þessum kringumstæðum kjósa í sjerstökum kjördæmum, en *ekki* í landskjöri. Enda hefi jeg hvergi í stjórnarskránni sjeð gert ráð fyrir

aukakosningum í landskjöri. — Ef farið er að rekja málið sögulega, þá get jeg fallist á, að ákvæði stjórnarskrárinnar 1915 mátti skilja svo, að enginn listi fengi fleiri varamenn en aðalmenn. En orðalag núgildandi stjórnarskrár finst mjer miklu fremur benda til þess, að ekki þurfi að takmarka tölu varamanna, ef kosningalögunum væri breytt svo, sem jeg talaði um. — Það væri e. t. v. einnig rjett að fella niður úr þeim lögum þau ákvæði, þar sem talað er um, að kjósa þurfi aukalega í landskjöri. Merginn málsins er sá, að hægt er að ná aðaltilgangi 5. gr. þess frv., sem hjer liggur fyrir, með því einu að breyta kosningalögunum. Aðeins verður ekki hægt að láta þetta rjettlæti ná til Reykjavíkurþingmanna án stjórnarskrárbreytingar. Hæstv. forsrh. sagði í dag, að engin stjórn mundi fara að gera þá lögskýringu, sem jeg hefi hjer verið að tala um. Má vel vera, að það sje satt og rjett, en þar fyrir gæti Alþingi leyft sjer það. — Því sýnist mjer þessi breyting á stjórnarskránni ekki svo afaráríðandi, að ekki megi láta hana eiga sig.

Þá eru komnar fram brtt. frá einstökum hv. þm., svo sem um það að fella niður landskjörið og fækka ráðherrum. Flm. eru ekki enn farnir að mæla fyrir þessum till., svo að rjettast væri að geyma sjer að mestu að ræða um þær í bili. En jeg vil benda á, að mjer sýnist brtt. háttv. 2. þm. Rang. (EJ) ekki vera annað en snoppungur á landsstjórnina. Þar er auðsjáanlega litið svo á, sem hæstv. stjórn sje ekki í sem bestu samræmi við stjórnarskrána með því að hafa aðeins tvo ráðherra. Hv. þm. reynir þannig að leiðrjetta það, sem hans heittelskaða stjórn hefir vangert, og verð jeg að vera honum alveg sammála um, að það er fullkomið stjórnarskrárbrot að hafa aðeins tvo ráðherra. Það skiftir ekki máli, þótt fordæmi sje fyrir þessu. Það er jafnólöglegt samt. Ef hæstv. stjórn vildi nokkuð leiðrjetta í stjórnarskránni, þá var sjálfsagt að taka þetta atriði fyrst. Hv. 2. þm. Rang. vill auðvitað láta líta svo út, sem þessi till. sje fram borin til sparnaðar, en ekki til þess að bjarga stjórninni. Það verður nú samt lítill sparnaður að þessu, ef ráðherrarnir bæta við sig, þó ekki sje nema hálfum launum þriðja ráðherrans. Það má kannske segja, að þeir hætti því, ef þetta ákvæði kemst inn í stjórnarskrána, því að þá hafa þeir ekki lengur heimild til þess.

Jeg get ekki látið niðurlagsorð mín vera önnur en þau, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að eigi á annað borð að fara að breyta stjórnarskránni, þá tel jeg, að það verði að gerast þannig, að lýðræðið njóti sín betur en eftir þeirri stjórnarskrá, sem nú gildir. Breytingum í afturhaldsáttina get jeg ekki fylgt.

Annars álít jeg þetta mál, eins og það liggur fyrir nú, aðeins vera kosningaleik hjá stjórnarflokknum. Þeir eru hjer að leika sama leikinn sem þeir ljeku á þinginu 1924. Báðir þykjast vilja breyta sömu atriðunum í stjórnarskránni, en þó ekki alveg eins, aðeins til þess að vera ekki sammála og geta felt tillögur hvor fyrir öðrum. Að hjer stefni í sömu átt og 1924, ræð jeg meðal annars af því, að nú

þegar er fram kominn fjöldi af brtt. við frv., en þegar svo er komið, þá eru feigðarmörkin augljós. Það skyldi því ekki fara svo, að stóru flokkarnir sálguðu öllum brtt. og svo frv. sjálfu á eftir, og þvæðu svo hendur sínar eins og Pílatus og þættust hvor í sínu lagi saklausir af þessum skollaleik, og kendu svo hvor öðrum um.

Jeg vildi nú fyrir mitt leyti óska þess, að þessi yrði endir málsins og að þeir færu að ljúka þessu verki, þó ekki væri nema í sparnaðarskyni, því jeg sje eftir öllum þeim tíma og öllu því fje, sem fer í þessar óþörfu umræður, því það er víst, að forlög þessa máls eru þau, að verða moldað að þessu sinni.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 141, sem jeg vil leyfa mjer að fara um nokkrum orðum.

Í stjórnarskrárfrumvarpi hæstvirtrar stjórnar eru miklar breytingar, sem jeg tel flestar til bóta. En úr því að farið er að hrófla við stjórnarskránni á annað borð, er ekki nema eðlilegt, að fram komi till. um breytingar á þeim ákvæðum hennar, sem ekki hafa reynst vel, því að stjórnarskrá eins lands á að vera sá helgidómur, sem þingin geti ekki hringlað með aftur og fram, hvenær sem þeim svo sýnist.

Jeg hefði alls ekki flutt brtt. þessar, ef jeg hefði staðið einn um þær; jeg tel mig ekki svo óskeikulan, en jeg er þess fullviss, að að baki þeirra stendur fjöldi kjósenda um alt land.

Upphaflega voru hinir konungkjörnu þm. taldir, og það með rjettu, nokkurskonar kjölfesta í þinginu, því að með fylgi þeirra gat stjórnin oftast trygt sjer valdið í þessari deild. En því var líka haldið fram, og það einnig með nokkrum rjetti, að þeir væru hemill á neðri deild þingsins, því að jafnaðarlega voru ekki valdir aðrir en vitrir, ráðnir og rosknir stjórnmálamenn í þessar stöður.

Þegar svo landskjörnir þingmenn komu til sögunnar, var því sama haldið fram, og er haldið fram enn, að þeir ættu að vera kjölfesta í þinginu og draga úr ýmsum ágöllum mála frá Nd. En reynslan hefir sýnt, að þetta er ekki rjett, því að þótt í konungkjörnu sætin væru venjulega teknir bestu menn þjóðarinnar, þá hafa í landskjörnu sætin verið kosnir menn upp og niður, hvorki betri nje verri en þeir þjóðkjörnu. Ef þeir landskjörnu væru ein samfeld heild, sem stæði saman, og væru fyrir utan alla pólitíska flokka, þá væri sönnu nær að tala um, að þeir mynduðu festu í þinginu. En það kemur ekki til eins og nú er ástatt, þegar þeir eru allir sitt af hverju sauðahúsi og eru svo sundurleitir í skoðunum, að óhætt mun að fullyrða, að ekkert það mál, sem nokkru hefir skift, hefir verið borið fram í þessari deild síðan 1916, sem hefir haft fylgi þeirra allra. Þeir hafa altaf skifst í flokka eins og hinir þjóðkjörnu og verið hver upp á móti öðrum. Alt þetta tal um festu hinna landskjörnu er því marklaust hjal á engum rökum bygt.

Jeg hefi aðeins heyrt eina frambærilega ástæðu gegn því að afnema landskjörið. Á hana var bent í dag af hv. frsm. meiri hl. (JóhJóh), sem sje þá, að landskjörið gæti að dálitlu leyti bætt úr hinni ranglátu kjördæmaskiftingu. En þetta eru svo litlar umbætur, að það má segja, að það

sje eins og „götótt bót á götótt fat“. Úr göllum kjördæmaskiftingarinnar verður aldrei bætt, svo að alment rjettlæti fáist, nema þá því aðeins, að henni verði breytt til stórra muna.

Aðalástæðan fyrir því, að jeg flyt þessar brtt., er sú, að jeg tel fyllilega nægilegt fyrir þjóð, sem ekki hefir fleiri en 100 þús. íbúa, að hafa 36 þm., því að reynslan er margbúin að sýna það og sanna, að fjölmennar ráðssamkomur starfa á engan hátt betur en þær, sem fámennari eru. Og ef kjördæmaskipuninni verður breytt, þá er það mín skoðun, að ekki eigi að breyta henni á öðrum grundvelli en þeim, að þingmennirnir verði ekki fleiri en 36.

Hæstv. forsrh. talaði um, að það væri ósamræmi í till. mínum, að jeg geri ráð fyrir, að breyta megi tölu þm. með einföldum lögum. Þetta gerði jeg með það fyrir augum, að þær ástæður gætu verið fyrir hendi, t. d. svo mikil fólksfjölgun í landinu, að fjölga þyrfti þingmönnum, þó jeg búist við, að ekki komi til þess í bráðina.

Þá er sparnaðarhlið þessa máls ekki svo lítilvæg. Um hana er jeg ekki samdóma hv. 4. landsk. (MK). Hann gerði svo lítið úr kostnaðinum við landskjörið, að allir hinir 6 landskjörnu þm. myndu ekki kosta þjóðina meira en ca. 10 aura á hvert mannsbarn í landinu. Jeg held nú, að ekki þurfi mikinn reikningsmann til þess að sýna honum fram á, að þar skjöplast honum herfilega. Sje nú gert ráð fyrir, að menn þessir eigi heima úti á landi, þá kostar þó þingseta þeirra árlega 14—15 þús., sem sparast myndu við afnám landskjörsins. Þá er ekki óverulegt atriði, hversu mikið kosning þessara manna kostar þjóðina; þannig taldist einum flokksbróður hv. 4. landsk. svo til á þinginu 1924, að kosningaumstangið við að koma aðeins helmingi þeirra á þing myndi kosta þjóðina um 70 þús. kr. Þar yrði því ekki um lítinn sparnað að ræða.

Í þriðja lagi má nefna það, sem umræðurnar styttast, og sparnað þann, sem þar af leiðandi verður á prentunarkostnaði Alþt., því ekki er hægt að halda því beinlínis fram, að þessir þm. þegi altaf á þinginu. Og þó ekki sje gert ráð fyrir meiri mælgi hjá þeim en í meðallagi, — sem jeg skal þó ekkert segja um, að rjett sje áætlað —, þá styttast þó umr. og þingtíminn um sjöunda part. Það verður því nær að áætla kostnaðinn 100 þús. en 10 þús. kr., og þá eru þeir landskjörnu þó altaf orðnir *einnar krónu virði* á hvert nef í landinu.

Annars skal jeg taka það fram, að þó mjer dyljist ekki, að hagnaðurinn við afnám hinna landsk. þm. sje æðimikill, þá hefði mjer ekki komið til hugar að flytja þessa brtt., ef jeg hefði getað komið auga á nokkuð verulegt gagn af þessu landskjörsfyrirkomulagi. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða.

Hæstv. forsrh. sagði, að eftir reynslunni frá 1924 myndu þessar tillögur mínar vekja sundrung í málinu og verða því að falli. En jeg er ekki viss um það, því að nú eiga margir aðrir sæti í deildinni en áttu þá. En hvað um það. Jeg lít svo á, að þegar maður hefir einhverja fasta og óbifanlega skoðun, þá eigi maður að láta hana koma fram, án tillits til þess, hvort

hún sigrar í það skiftið eða ekki. Og þó að þessar till. falli í þetta sinn, þá er jeg viss um, að þær verða bornar fram síðar og *sigra* þá.

Þá sagði hæstv. ráðh., að brtt. í frv. stjórnarinnar um landskjörið væru eðlilegri en mínar. Jeg játa fúslega, að þær sjeu til dálítilla bóta, en jeg tel langt frá, að þær nái sama tilgangi.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að þetta landskjörsfyrirkomulag sje óþarft, og jeg vænti þess, að landsk. þm., þó að þeir hafi aldrei staðið saman fyr, þá geri þeir það nú og fylki sjer utan um þessar till., til þess að sýna svona rjett fyrir andlátið, að þeir geti þó einu sinni staðið saman. Bættu þeir á þann hátt dálítið úr því festuleysi, sem því miður of oft hefir ríkt meðal þeirra.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. minni hl. (IP) bar það upp á mig, að jeg hefði viðurkent, að lenging kjörtímabilsins væri skerðing á rjetti kjósendanna. Jeg sagði, að það væri álitamál, hvort nokkuð væri rjettara að kjósa til 4 ára heldur en til 6 ára, og að á móti lengingu kjörtímabils hinna kjördæmakjörnu kæmi þá aftur stytting kjörtímabils hinna landskjörnu. Annars held jeg, að alstaðar sje álitið, að kosningarrjetturinn sje jafn, hvort heldur kosið er til 3 eða t. d. 7 ára. Þannig er t. d. kosið til 7 ára í Englandi, en í mörgum öðrum löndum til 3 eða 4 ára. Lengd kjörtímabilsins fer altaf eftir því, hvað þjóðunum sýnist rjettast og hentugast fyrir löggjafarstarfsemina. Jeg held því, að hvað kosningarrjettinn snertir, megi einu gilda, hvort kjörtímabilið er 4 eða 6 ár.

Það hafa fleiri en núverandi stjórn og Íhaldsflokkurinn látið sjer detta í hug að hafa þing annaðhvert ár og 6 ára kjörtímabil. Má þar til nefna tvo Framsóknarflokksmenn, sem báru fram brtt. við stjórnarskrárfrumvarpið á þinginu 1924. Fóru þeir fram á í till. sínum, að þing væri einungis háð annaðhvert ár og að kjörtímabilið væri lengt upp í 6 ár. Þetta voru þeir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Í brtt. þeirra var líka farið fram á að afnema landskjörið, og fyrir afnámi þess voru færðar fram hinar sömu ástæður og nú, hversu mjög það væri kostnaðarsamt, og sló hv. 1. þm. Eyf. fram þeirri áætlun, að það myndi kosta 20—30 þús. kr. að koma hverjum einum þessara manna á þing. Hjá þessum kostnaði er sneitt með uppástungum stjfrv., að láta kosningar til landskjörs fara fram á sama tíma og almennar kosningar. En þá er samt eftir heimildin til að fjölga þm. aftur upp í 42, og jeg er ekki í nokkrum vafa um það, eins og öllu til hagar, að þá verður sú heimild notuð þegar í stað. Jeg er ekki að vekja deilur með því að sýna, á hverju jeg byggi það, en menn geta litið á atkvgr., sem fram fór í Nd. nýlega, en hún var um frv., sem borið var fram til þess að útvega Hafnarfjarðarkaupstað þingfulltrúa, er hann ekki hefir nú, en það eru slíkar kröfur frá mörgum kjördæmum, sem erfitt er að standa á móti, svo framarlega sem þess er krafist að gefa öllum jafna möguleika, og held jeg því, að sparnaður við afnám landsk. þm. muni ekki nást.

Jeg ætla ekki að ræða það við hv. frsm. minni hl., hvaða horfur sjeu til samkomulags, en mjer þykir það undarlegt, að hv. þm. skuli vera að bjóða mjer hnífakaup á 4. og 5. gr. Mjer þykir það undarlegt, að þeir skuli hafa nokkuð á móti 5. gr., því að jeg held, að í henni felist sú ein leiðrjetting, sem allir eru sammála um að gera.

Háttv. 5. landsk. (JBald) var nú mótfallinn stjórnarskrárbreytingu yfir höfuð, og sjerstaklega því aðalatriði að hafa þing einungis annaðhvert ár, og mjer kom það ekkert á óvart frá þeim hv. þm. Hann kallaði þetta afturhald. Það má vel fyrir mjer. Það eru þá, svo að jeg hafi eftir orð eins látins merkismanns á þingi, „bæði íhöldin", sem eru nokkuð sammála um þessa tegund afturhalds. Þesskonar „slagorð" verða ljett á þeim metum, sem ætlað er að vega röksemdir.

Þá talaði hv. þm. um, að þessar breytingar, sem farið er fram á á landskjörinu, væru stefnubreytingar. Jeg skal ekki segja um það; það kann vel að vera, að það hafi vakað eitthvað annað fyrir þeim mönnum, sem settu á sínum tíma ákvæðin um landskjörið inn í stjórnarskrána, eitthvað annað en það, sem eftir stendur, ef uppástungur stjórnarinnar eru samþyktar. En ef eitthvað annað hefir vakað fyrir þessum mönnum, þá held jeg, að reynslan sje búin að sýna, að það hafi ekki náðst. Jeg held, satt að segja, að þegar ákvæðið um landskjörið, eins og það er nú, var sett í stjórnarskrána, þá hafi menn fullmikið verið að rýna í að líkja eftir því, sem áður hafði verið um þá konungkjörnu, og þó hefir, eins og sýnt hefir verið fram á með umræðunum, mistekist að ná þeirri sömu þýðingu fyrir þingið og löggjafarstarfsemina, sem því kjöri var ætlað að hafa.

Þá var hv. 5. landsk. eitthvað að tala um það, að stærsti þingflokkurinn myndi geta haft einhvern hagnað af þeirri breytingu, sem hjer er stungið upp á. Það held jeg, að ómögulegt sje að staðhæfa neitt um, svona alment. Jeg skal játa það, að atkvæðatölur geta staðið svo, að stærsti flokkurinn fái einu þingsæti fleira með því, sem stjórnin stingur upp á, heldur en því, sem nú er. En það getur líka farið svo, að hún fái einu færra heldur en með núgildandi fyrirkomulagi, svo að jeg held, hvað stærsta flokkinn snertir, að ómögulegt sje að staðhæfa neitt um það, hvort hann hefir vinning eða halla af þessari breytingu. En það er annað, sem hægt er að sjá, að sex manna kosning í einu hefir umfram tvenna þriggja manna kosningu, og það er það, að flokkur, sem er svo lítill, að hann getur ekki komið að manni við þriggja manna kosningu, hann getur þó ef til vill fengið möguleika til að koma að manni við sex manna kosningu. Yfirleitt held jeg, að óhætt sje að fullyrða, að fyrir þann flokk, sem minstur er og getur komið til greina við landskjör, er það heldur vinningur að hafa 6 manna landskjör; en jeg legg þó ekkert upp úr þessu, því að það er enginn vinningur fyrir mig að hlynna að litlu flokkunum. En það verður betur fullnægt þeirri hugsjón, sem liggur til grundvallar fyrir hlutfallskosningu, að tilhögunin geri litlum flokki, sem á nokkur ítök hjá þjóðinni, það mögulegt að koma fulltrúa á þing. Jeg held yfirleitt, ef lit-

ið er á málið frá þeirri hugsjón, sem liggur til grundvallar hlutfallskosningunni, þá næst hún betur með því að kjósa sex menn í einu heldur en ef kosið er í tvennu lagi og þrír menn kosnir í hvort sinn. Eins og nú er, tel jeg litla ástæðu til að fara út í það, sem hv. þm. sagði um kosningalögin og 28. gr. stjórnarskrárinnar, en það er varasæti landsk. þm., sem jeg tel alveg sjálfsagt að verði lagfært, svo framarlega, sem nokkur stjórnarskrárbreyting verður samþykt, sem jeg eindregið vil gera ráð fyrir. Hv. þm. var þarna með lögskýringar, sem ekki ná neinni átt, en kannaðist þó við það, að í kosningalögunum stæði, að varamenn ættu að vera jafnmargir og aðalmenn, og sagði, að þá nægði að breyta kosningalögunum; háttv. þm. hafði yfir eina málsgr. úr stjórnarskránni, en gætti þess ekki að halda nógu lengi áfram. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar, þar stendur um landskjörið: „... en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, *enda kosnir á sama hátt og samtímis*". — Stjórnarskráin segir nú einu sinni, að varamennirnir skuli vera jafnmargir, og það er einu sinni búið að slá því föstu eftir rannsókn, að það þyki ekki rjett að sniðganga þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, þannig að líta svo á, sem fleiri menn á listanum geti þá skoðast sem varamenn en þeir aðalmenn, sem kosnir voru á listanum, af því að það stríðir á móti þessari grein stjórnarskrárinnar. Frá þessu verður ekki komist á annan hátt en að breyta stjórnarskrárgreininni, og sú skýring, sem hv. þm. heldur fram, að stjórnin megi ekki brjóta stjórnarskrána, en að þingið geti gert það með lagasetningu, það held jeg, að fái heldur fáa áhangendur.

Þó að það komi ekki málinu við, þykir mjer rjett að taka það fram, að hv. 5. landsk. hafði auðsjáanlega alveg misskilið brtt. hv. 2. þm. Rang., er hann sagði, að sá hv. þm. liti svo á, að ráðherrar gætu ekki verið tveir eftir núgildandi stjórnarskrá. En þetta er misskilningur. Það kom alveg skýrt fram hjá hv. 2. þm. Rang., að hann áleit ekki nægilega tryggingu fyrir því, að ráðherrar yrðu ekki endrum og sinnum hafðir fleiri en tveir, en hinu bar hann ekkert á móti, að það væri leyfilegt að hafa þá tvo. Loks vil jeg mótmæla þeim ummælum hv. 5. landsk., að flutningur þessa frv. sje nokkur leikur af hálfu stjórnarinnar eða hennar flokks. Jeg hefi látið það í ljósi hjer áður, að það er eindreginn ásetningur stjórnarinnar að gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þær stjórnarskrárbreytingar, sem hún veit, að mikill þorri kjósenda óskar eftir, komist í gegnum þingið, og þær aðrar lagfæringar, sem eru sjálfsagðar, ef breytingar verða gerðar á annað borð, og jeg hefi enga ástæðu til að ætla annað en að þetta muni takast.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi nú ekki talað fyr í þessu máli. Það urðu talsverðar umr. um það við 1. umr., en þá þagði jeg, eins og jeg geri oftast, en nú get jeg ekki stilt mig lengur um, af því að mikið er búið að segja um þetta mál, og sumt undarlegt, að taka til máls. Ætla jeg þá fyrst að víkja ögn að sjálfu frv. og aðalbreytingunum á því, sem sjálfsagt eru eng-

um mjög ókunnugar, því að það hefir ætíð verið aðaltakmarkið, reglulegt þing aðeins annaðhvert ár, og það er eins í þessu stjórnarskrárfrv., sem hjer liggur fyrir, en það er bara hnýtt aftan við 18. gr. nú, þar sem sagt er, að þingið komi saman annaðhvert ár, að með lögum megi ákveða, að þing skuli koma saman árlega. Svo er lenging kjörtímabilsins, úr 4 í 6 ár, en aftan við það er einnig hnýtt, að með lögum megi líka breyta þessu aftur í 4 ár. Mjer finst, að ekkert frv. hafi borið það ljósara með sjer en þetta frv. gerir, að það er ekki sjerlega mikil alvara á bak við það, því að það er búið að fá reynslu fyrir því, að það er æðimiklu erfiðara að breyta stjórnarskránni heldur en öðrum lögum, svo að það, sem einu sinni kemst inn í hana, stendur lengur en almenn lög. En þarna er varnaglinn sleginn, svo að þarna skuli þó vera hægt að hringla aftur á bak og áfram með þessi ákvæði. Jeg hefði nú ekki tekið eins hart á þessu og jeg geri, ef þetta fyrirkomulag, sem nú er farið fram á, hefði ekki verið reynt áður og gefist sæmilega. Jeg er hissa á, að hvorugur hluti nefndarinnar skuli hafa minst á þetta, og jeg tek það svo, að þeim sje sama, hvort þessu ákvæði verður slept eða ekki, en mjer finst það miklu máli skifta, og þegar það bætist við, sem hæstv. forsrh. sagði við 1. umr., að þótt breyting yrði gerð á þessu þingi, þá gæti ekki komið til mála, að hún kæmi í raun og veru til framkvæmda fyr en árið 1932. Jeg býst helst við, að það þyrfti aldrei að fara eftir því, að það yrði aldrei reynt að hafa þing aðeins annaðhvert ár, ef þessu má breyta með almennum lögum. Það er nú ekki samt svo, þótt jeg telji þetta stóran galla, að jeg muni ekki greiða frv. atkv.; það getur líka verið, að einhver komi með brtt. um þetta við 3. umr., en jeg tel það stóran ókost hjá hæstv. stjórn að koma með þessi ákvæði og sýna algert áhugaleysi hennar fyrir framgangi málsins.

Það var sagt af hæstv. forsrh. við 1. umr. þessa máls, að þær till., sem hv. þm. Snæf. (HSteins) ber fram nú, hefðu á þinginu 1924 drepið frv. Jeg skildi ekki hæstv. ráðh. þá, og hygg, að það takist ekki öllu betur, þó að menn fari að lesa þingtíðindin frá því þingi. Jeg man ekki betur en að fremur litlar umr. yrðu þá um þær, og breytingarnar náðu þá samþykki deildarinnar.

Þá vil jeg aðeins víkja nokkrum orðum til hv. 4. landsk. (MK), sem náttúrlega, eins og nú átti við, stóð upp og talaði á móti niðurlagningu landsk. þm. Jeg skal ekki tala um virðinguna á þeim, því að það er hv. þm. Snæf. búinn að gera, en þótt hv. þm. (MK) virði þá lágt og sparnaðinn við þinghaldið, ef þeir væru lagðir niður, þá gerði hv. þm. þó kostnaðinn við þá 1 kr. á mann og kostnaðinn við þinghaldið 2 kr. á mann, og jeg býst nú við, að þeim, sem þannig reikna, þyki hjer um lítinn sparnað að ræða, og margir eru sjáanlega ergilegri á svipinn, þegar verið er að tala um að spara eitthvað, heldur en þegar þeir eiga að samþykkja lán eða ábyrgðarheimildir. En jeg er nú svo gerður, að þótt ekki sje nema um tugi þúsunda að ræða, að jeg álít, að menn

þurfi ekki að blygðast sín fyrir að vera með því, ef hægt er að skaðlausu að spara slíkar upphæðir.

Þá sagði hv. 4. landsk., að það virtist svo, sem allar þessar þingmálafundargerðir, sem hingað eru sendar, væru gerðar í sömu verksmiðjunni og að lítið væri að marka, sem þar stæði. Það er þá víðtækari verksmiðja en jeg þekki til; segjum, að það komi þingmálafundargerð austan úr Múlasýslu og önnur svipuð fundargerð norðan úr Strandasýslu, og ýmsum kjördæmum á milli þessara staða. Það er þá verksmiðja, sem nær yfir mikinn hluta landsins, og naumast líklegt, að kjósendur fái sömu fræðslu í allri þessari víðlendu verksmiðju. En ef svo er, þá er það náttúrlega gott og blessað, ef fræðslan ber víða eða alstaðar góðan árangur, en ef ekki er hægt að taka tillit til þess, sem þingmálafundir segja um þetta atriði, þá held jeg, að það verði heldur ekki hægt í því, sem þeir segja um önnur mál.

Svo tók jeg eftir því, þegar hæstv. ráðh. var að svara þessum hv. þm. við 1. umr. frv., sem reyndar hafði sömu skoðun og hv. 5. landsk., að vilja engar stjórnarskrárbreytingar, þá sagði hann, að hv. 4. landsk. væri alveg á móti breytingum og að það væri heiðarlegt. Jeg vona, að hæstv. ráðh. hafi ekki átt við það, að þeir, sem vildu breytingar, væru óheiðarlegir. **(Forsrh. JÞ:** Nei, nei). Lakast er, eins og jeg áður hefi tekið fram, að búast má við, að altaf sje verið að hringla með þetta, ef þetta með almennu lögin verður látið standa í frv.

Hv. 5. landsk. var að tala um kosningarrjettinn hjá stærri flokkunum og aðrar breytingar þeirra við stjórnarskrána, að það væri aðeins leikur. Hv. þm. (JBald) er nú farinn að taka þátt í leiknum líka, svo að það má segja, að þetta sje auðlært, þegar þessir tveir unglingar jafnaðarmenskunnar geta hermt þetta eftir.

Þá eru örfá orð, sem jeg vildi segja um ræðu hv. 2. þm. Rang. Hv. þm. (EJ) kom með brtt. um það, að ráðherrar skyldu vera tveir. Jeg hefi, satt að segja, altaf fylgt því og álitið það alveg nóg, að ráðherrar væru tveir, svo að það er undarlegt, að slík breyting skuli ekki hafa komið í stjfrv., þar sem nú eru aðeins 2 ráðherrar. En það þykir mjer óviðkunnanlegt, að hv. þm. hafði það fyrir niðurlagsorð í ræðu sinni, að sjer stæði á sama, þó að þetta verði ekki samþykt, en jeg kann illa við það að koma með brtt. og láta sjer svo standa á sama, þótt hún verði ekki samþykt. Það hefir kannske verið búið að vara hv. þm. (EJ) við um það, að hann yrði kannske að greiða atkv. á móti sinni eigin till., til þess að hún fjelli. Annars gleður það mig, af því að jeg var dálítið við riðinn brtt. hv. þm. Snæf., að hann talaði hispurslaust fyrir þeim og að hv. þm. (HSteins) ætlar ekki að draga sig til baka, heldur halda fast við þær, þar til þær eru komnar út úr deildinni.

Magnús Kristjánsson: Jeg þarf ekki að svara miklu þeim háttv. þm., sem síðast settist niður og eiginlega var að gefa í skyn, að áætlun mín um sparnað við þingafækkun myndi ekki vera á miklum rökum bygð. En jeg varð ekki var við, að háttv. þm.

kæmi með neinar tölur, sem sönnuðu hið gagnstæða, og jeg hygg líka, að það væri erfitt. En það er eitt, sem mig furðar á hjá þessum meiri háttar sparnaðarmanni, úr því að altaf er verið með breytingar á þessu máli, að þeir skuli ekki koma með brtt. um það, að þingmenn skuli starfa alveg endurgjaldslaust. Það væri virðingarvert, og gæti jeg líklega fylgt henni, því að jeg get ekki sjeð annað en að það sje mjög auðvirðilegt að vera að ala upp í þjóðinni þann hugsunarhátt, að þm. sjeu einmitt auðvirðilegustu sníkjudýrin á landinu, og vera að telja eftir þeim þau smánarlaun, sem þeim eru boðin. Jeg veit, að það eru einstakir þm. sjálfir, sem gera mest að því að ala þennan lúalega hugsunarhátt upp hjá fólki, og svo geta þeir fengið sig til að vera að vitna í þingmálafundargerðir víðsvegar af landinu um þetta.

Svo vildi jeg segja fáein orð út af ræðu hv. þm. Snæf. Við erum að vísu nokkurnveginn sammála um eitt aðalatriðið. Þessi hv. þm. sagði, að hann hefði mesta tilhneigingu til að skoða stjórnarskrána sem nokkurskonar helgidóm, sem ekki ætti altaf að vera að hringla með. Um þetta erum við sammála, en það nær þá ekki öllu lengra; en það er þó altaf rjettara að breyta eitthvað í líkingu við það, sem maður talar. Það á alveg við þennan hv. þm., sem jeg sagði áðan, og jeg vona þá, að hv. þm. verði því fylgjandi, þegar það kemur fram, að þm. starfi endurgjaldslaust. Þessi hv. þm. ljet það mjög ótvírætt í ljós, að enn sem komið er væri ekki hægt að segja það, að það veldust nokkrir hæfileikamenn í landskjörið. Þetta getur náttúrlega verið mjög mikið álitamál, en jeg er nú þeirrar skoðunar, að það hafi ekki tekist svo illa til og að sumir þeirra verði að teljast með fremstu mönnum í landinu. Líti maður t. d. á, að hjer er það flokksmaður hæstv. stjórnar, sem talar, þá finst mjer, að það komi úr hörðustu átt, því að það gæti þó legið í þeim orðum nokkurskonar vantraust til hæstv. forsrh. (JÞ), því að hann hlýtur að taka þetta til sín eins og allir aðrir, og því eru mjer þessi orð hv. þm. óskiljanleg. Mjer datt í hug, að vonleysi lægi á bak við þetta, að þessi hv. þm. gæti ekki gert sjer von um að komast í slíka stöðu. Jeg vil þá minnast á rök hv. þm. fyrir því, að mínir útreikningar sjeu fjarri öllum sanni, hvað sá eiginlegi kostnaður við þessa 6 landskjörnu þingmenn sje mikill. Jeg vil halda því fram — geri ráð fyrir því — að hver þessara 6 manna beri úr býtum hjer um bil 1500 kr. fyrir þingstörf sín, og þar sem 5 þeirra eru búsettir hjer, þarf þeim engan ferðakostnað að reikna. En jeg geri ráð fyrir, að ferðakostnaður hins 6. fari ekki fram úr 600 kr. Þetta er þá ekki fjarri sanni. Og úr því að alt er talið eftir, sem varið er í þarfir þjóðarinnar við þessa stofnun, þá býst jeg við því, að það verði ofan á, sem frv. fer fram á. Verður þá enginn aukakostnaður samfara hinum landskjörnu, er þeir verða kosnir samhliða hinum kjördæmakosnu þingmönnum, svo að kostnaðurinn við hina fyrnefndu fer þá ekki að verða mikill.

En þegar verið er að meta allan þennan kostnað, þá er aldrei minst á

það, að nokkurt gagn sje að starfi þessara manna. Jeg veit ekki, til hvers verið er að halda þing, ef alt á að vera gagnslaust, sem þar er gert. En þetta liggur beint við að álykta út frá röksemdaleiðslu hv. þm. Snæf. Jeg skal víkja að því, af hverju jeg álít, að þeir menn, sem hafa haldið því fram, að núverandi fyrirkomulag sje það heppilegasta. Þeir hafa nefnilega komist að þeirri niðurstöðu eftir nákvæma athugun, að það væri mikill kostur, ef ætíð eru á þingi þingvanir menn. Það var því alveg rjett hugsun, sem lá til grundvallar því, að landskjörnu þingmennirnir væru ekki háðir þingrofi, því að svo gæti farið, að væri mikill fjöldi nýrra þingmanna í Nd., að þeir yrðu of framgjarnir og unggæðislegir. Þá væri ekkert lakara, þótt í þessari deild væri einhver fyrirstaða, svo að ekki yrði farið ógætilega.

Annar kostur við landskjörið, sem ekki verður neitað, er, að þeir kjördæmakosnu eru um of bundnir við hin þrengri svið, sem hagsmunir kjósendanna skapa. Með landskjörinu er bætt úr þessu; hinir landskjörnu eru óháðari og geta fremur litið á hag þjóðarinnar í heild heldur en kjördæmakosnu þingmennirnir gera. Því að eðlilegt er, að framkoma þeirra ef til vill mótist nokkuð af hagsmunum kjördæmanna. Þetta er ekki óverulegt atriði.

Jeg skal ekki fara lengra út í þetta. Jeg hefi gert grein fyrir því, að kostnaðaráætlun hv. þm. Snæf. er fjarri öllum sanni. Þetta atriði gerir það að verkum, að jeg get ekki verið sammála honum um, að afturför sje að fyrirkomulagi því, sem nú gildir. Annars skal jeg geta þess, að mig furðar satt að segja ekkert á því, þótt hv. þm. Snæf. hafi borið fram þessa till., því að hún er, eins og frv. í heild sinni, í afturhaldsáttina. Þessi hv. þm. er að mínu áliti sú sannasta mynd af íhaldinu, sem hægt er að hugsa sjer. Jeg skoða þessi ummæli alls ekkert móðgandi fyrir hv. þm. Jeg segi það honum ekki til lasts. (**Forsrh. JÞ:** Auðvitað til lofs). Látum svo vera, en mjer dettur í hug Þórólfur bægifótur, sem var Snæfellingur, og þá líklega kjósandi hv. þm., hefði hann verið uppi nú. Hann var sæmilegur maður framan af, en fór versnandi með aldrinum, og kvað svo ramt að, að vandræði hlutust af. Þannig er því farið með hv. þm. Snæf. Honum var komið fyrir í forsetastól til þess að þegja, en það hefir ekki reynst tryggilegt. Og hvernig sem frá Þórólfi var gengið, þá kom hann upp aftur. Þetta má auðvitað taka sem spaug, en getur þó verið nokkur alvara. Ef þetta þykir ofmælt, ætla jeg að reyna að færa orðum mínum stað með því að segja, að þessum hv. þm. hafi ekki tekist að hefja kjósendur sína á hátt stig menningarlega, úr því að þeir hafa enn ekki fundið ástæðu til að breyta um þm. Reyndin hefir orðið sú, að þeim hefir ekki þokað mikið áfram á framfarabrautinni, heldur hefir þar ríkt mikil kyrstaða. Og þar sem hv. þm. er þarna mikils ráðandi maður, mun hann eiga að nokkru leyti sök á því.

Einar Jónsson:* Jeg er lítið gefinn fyrir að vilja grenslast eftir því, hvernig menn ætla að greiða atkvæði. Mig furðar nokkuð á því, ef svo skyldi

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

fara, að ekki kæmust fram þær brtt., sem mestu varða og sjálfsagðastar eru og mest er óskað eftir. Því að það er kunnugt, að það, sem brtt. mínar fara fram á, er áhugamál þjóðarinnar. Mig grunaði nú reyndar, að ýmislegt væri haft á móti þeim, en hitt þótti mjer lakara, að hæstv. forsrh. sagði, að brtt. mínar ættu ekki heima í stjórnarskránni, heldur ættu þannig lagaðar breytingar betur við í sjerstökum lögum. Það getur vel verið, en jeg get ómögulega látið sannfærast um, að þær geti ekki átt heima í stjórnarskránni. Og þótt sú leið væri tekin að hafa þetta í sjerstökum lögum, þá væri það ekki eins einhlítt og ef það væri í sjálfri stjórnarskránni. Að hana megi skilja svo, að ráðherrar skuli tveir, það fæ jeg ekki skilið, því að í stjórnarskránni er gert ráð fyrir fleirum en tveimur, t. d. í 12. gr., þar sem talað er um, að konungur geti haldið ríkisráðsfund með *einum* ráðherra utan Íslands, og í 13. gr., þar sem talað er um, að ráðherrafund skuli halda, er *einhver* ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Einnig í 14. gr., þar sem talað er um það, að forsætisráðherra beri upp mál fyrir hönd *hinna ráðherranna*. Þannig er þetta á fleiri stöðum í henni. Jeg álít því, að þetta eigi að ákveðast í stjórnarskránni sjálfri. Það gæti nægt að hafa það í sjerstökum lögum, en öllu tryggara væri að hafa það í stjórnarskránni. Það er ekki eingöngu af sparnaði út af fyrir sig, sem jeg hefi komið fram með þessa till., heldur af því, að mjer hefir reynst svo, að þjóðinni sje það mikið áhugamál, að embættum sje fækkað, og þá sjerstaklega þeim, sem dýrust eru. Áhugi þjóðarinnar beinist mjög að því að hafa ekki nema einn ráðherra. En þeir, sem vilja það, álíta, að þá þyrfti að setja á stofn landritaraembættið aftur. En þá væri betra að hafa ráðherrana heldur tvo, því að landritaraembættið var ábyrgðarlaust með öllu, sem sjá má af því, að einu sinni, er landritari mætti f. h. ráðherra í þinginu, sagði hann, er úrlausnar hans var leitað, að embætti sitt væri hvorki fugl nje fiskur. Það er því ekkert undarlegt, þótt menn fýsi ekki að setja það á stofn aftur, enda þótt það gæti verið ráðherranum sjálfum mikill styrkur, ef í því sæti góður og gegn maður. Þótt jeg gangi út frá sparnaði með þessari till. minni, þá herðir einmitt þetta, er jeg nú hefi nefnt, mikið á mjer með því að framfylgja þessari till., og sparnaður er það að afnema heilt ráðherraembætti og koma þannig í veg fyrir, að helmingur ráðherralauna gangi til hvors ráðherra, þegar þeir eru tveir, en það er eðlileg afleiðing þess, að ekki er ákveðið, að þeir skuli aðeins vera tveir. Og þar sem við nú erum svo hepnir að hafa þá 2 menn í þessum embættum, sem geta afkastað þeim vel, þá eigum við að láta það nægja framvegis og vona, að við höfum altaf þá menn í þeim, sem geti afkastað störfum sínum með heiðri og sóma. Og það er mín skoðun, að embættin eigi að vera vel launuð, en starfið svo mikið, að það taki allan manninn. Og þótt menn álitu störf ráðherranna mikil, ef þeir væru aðeins tveir, þá er þess að gæta, að laun þeirra eru mjög há, svo að þetta fer saman við það álit mitt.

Jeg tók það fram í dag, að jeg áliti,

að svo framarlega, sem stjórnarskrárbreyting er gerð, þá á sjerstaklega að íhuga, hverjar breytingar eru þjóðinni kærastar, og reyna að koma þeim í gegn eitt skifti fyrir öll, en vera ekki að smákrota í stjórnarskrána, eða hafa hana sem eitthvert leikfang, sem hægt er að kasta á milli sín.

Jeg vil leiðrjetta þann misskilning hv. 5. landsk. (JBald), að það sje snoppungur á stjórnina, að jeg kem með þessa till. Hann áleit, að það ætti að vera stjórnarinnar verk að koma með slíka till. sem þessa. Jeg hjelt, að það gæti alveg eins verið þingmannsverk, og mjer þætti í raun-inni eðlilegt, að stjórnin, sem hlaðin er störfum og frekar mætti óska eftir fleiri mönnum sjer til hjálpar, hikaði við að koma með svona lagaða brtt., enda þótt hún væri slíkri tillögu samþykk, er fram kæmi frá öðrum. Þess vegna er það fremur þingmannsverk en ráðherra að koma fram með slíka till.

Jeg vil auk þess leiðrjetta það, sem hv. þm. A.-Húnv. misskildi mig. Hann er nú altaf svo gáskafullur og skemtilegur, og mjer fanst hann ætla að auka á það bros, sem var um hann, með því að segja, að jeg væri svo undarlegur, að jeg lýsti yfir því, að mjer væri sama, hvað um brtt. mínar yrði. Þetta hefir hv. þm. misskilið. Það vill nú svo vel til, að jeg hefi skrifað þau orð, er að þessu lúta. Jeg sagði ekki að mjer stæði á sama, heldur sagðist jeg verða að láta mjer nægja þau úrslit, sem málið fengi, því að jeg byggist ekki við, að langar umr. breyttu afstöðu neins þdm. Nei, vissulega stendur mjer ekki á sama, hvað um brtt. mínar verður, því jeg álít þær ekki lítils virði, og þær eru í meira samræmi við það, sem svo margoft hefir verið látið uppi, svo að jeg hjelt, að þeir menn yrðu þeim hlyntir, sem áður hafa talið nauðsyn á slíkum aðgerðum. Og í þeirri von hefi jeg komið með þær, og mjer stendur því ekki á sama um þær.

Halldór Steinsson: Hv. 4. landsk. (MK) og jeg höfum áður setið saman hjer í deildinni, og jeg sagði honum 1917, að honum væri ekki svarandi, vegna þess að ræður hans væru fullar af öfgum, útúrsnúningum og rangfærslum. Jeg get að vísu ekki alveg tekið eins djúpt í árinni nú, en það stappar nærri, að jeg geti sagt með sanni það sama um hans síðustu ræðu og jeg sagði þá.

Hann sagði, að jeg og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vildum telja eftir kaup þingmanna. Við komum hvergi nærri því! Þarna er dæmi um rangfærslur þessa hv. þm.! Við viljum fækka þingmönnum, en hv. þm. heldur, að við með því sjeum að telja eftir þeim kaupið. Hann var að tala um, að þingmenn ættu að vinna kauplaust, en við myndum því mótfallnir. Nei, við skyldum vera fyrstir manna til að samþykkja það. Hann ætti því að koma með brtt. um það. Við hv. þm. A.-Húnv. myndum fylgja henni. Þá sagði hv. 4. landsk., að jeg hefði sagt, að ekki hefðu valist neinir hæfileikamenn til landskjörsins. Það hefi jeg aldrei sagt. En jeg sagði, að ekki myndu veljast meiri hæfileikamenn til landskjörs heldur en í hin þjóðkjörnu þingsæti. Þarna er einn útúr-

snúningurinn enn, og ennþá verri en sá fyrri. Hann sagði, að þetta virtist benda á eitthvert vonleysi hjá mjer yfir að komast ekki í landskjörsstöðu. Jeg veit ekki, hvernig hann getur sjeð það. Mjer fanst jeg ekki lýsa svo glæsilega landskjörinu, að mig langaði nokkuð til þess að komast þar að. En það var einmitt þessi háttv. þm., sem orðinn var vonlaus um að komast í landskjörsstöðu, þar til nú, að honum tókst það með erfiðismunum. Það er því skiljanlegt, að hann geri ráð fyrir vonleysi hjá öðrum, og hann vill ógjarnan missa þennan sess, sem hann svo lengi hefir þráð.

Þá fór hv. þm. að tala um kostnaðinn við landskjörið. En hann reiknaði auðvitað skakt, eins og við var að búast. Komu þar líka fram hjá honum öfgarnar, sem jeg mintist á áðan. Hann gerði nú fyrst og fremst ráð fyrir því, að allir hinir landsk. þm., eða að minsta kosti 5 þeirra, mundu verða úr Reykjavík. (**MK:** Jeg miðaði við ástandið eins og það er). Það þarf ekki að vera svo. Eru meira að segja líkur til þess, að það verði ekki framvegis. Og með allri virðingu fyrir Reykjavík álít jeg, að finna megi yfirleitt jafnhæfa menn úti um land til þess að taka að sjer landskjörsstöður. En samkvæmt því fjekk hann kostnaðinn aðeins upp í 1500 kr. En það er of lágt. Það er ekki of hátt reiknað, ef tekið er tillit til þess, að sumir þm. sjeu úr Reykjavík og aðrir utan af landi jöfnum höndum, að 2000 kr. komi á hvern þeirra. Kostnaðurinn við þingsetu þeirra verður þá um 11—12 þús. kr., og er þó tekinn hjer undan ýmislegur kostnaður annar. En þar var einmitt veiki punkturinn, sem hv. þm. treysti sjer ekki til að eiga við.

Þann kost taldi hann helstan við landskjörið, að með því fengjust þingvanir menn. Ekki skal jeg neitt um það segja. En hingað til hefir það nú verið svo, að eins oft hafa hjer komið inn óþingvanir þm. Jeg get því ekki sjeð þennan kost. En ef 8 ára þingseta gerir menn þingvana, þá gildir það auðvitað alveg eins þá þjóðkjörna þm., sem endurkosnir eru. Ástæða þessi fellur því af sjálfri sjer. — Þá taldi háttv. þm. það kost, að hinir landsk. þm. þyrftu ekki að líta á hagsmuni einstakra kjördæma, en gætu horft í gleraugun fyrir alt landið. En jeg legg ekki mikið upp úr þessu, enda hefir reynslan sýnt annað. Þetta væri gott og blessað, ef hinir landsk. þm. stæðu utan við öll pólitísk bönd í þinginu. En þar sem þeir eru nú í hinum pólitísku flokkum, þá koma eiginleikar þessir ekki fram hjá þeim, eða geta að minsta kosti ekki notið sín.

Háttv. þm. sagði, að till. mínar væru í afturhaldsáttina. Ef sparnaður er afturhald, þá eru till. mínar það auðvitað, og þá tel jeg mjer líka sóma að því að vera afturhaldssamur í þeim skilningi.

Þá fór nú hv. 4. landsk. að tala um ýms óskyld efni. Mintist hann á draugagang í því sambandi og sagði sögu þar að lútandi. Ef það heyrir til að segja hjer sögur, þá get jeg líka sagt sögu af manni, er var góður flokksbróðir minn um nokkur ár. Loks sálaðist hann úr flokknum, en stuttu síðar skaut honum upp sem mögnuðum draug í öðrum flokki. Jeg veit, að hv. þm. þarf ekki frekari skýringar

við til að vita, við hvern jeg á, og mun þá ekki hætta sjer út í fleiri draugasögur.

Það er ekki viðeigandi í þessu sambandi að vera að draga Snæfellinga inn í umr., því að jeg get ekki sjeð, að þeir komi þessu máli við. Það var talað um kyrstöðu hjá þeim, eða að þeim þokaði ekkert áfram. Jeg verð nú að halda því fram, að jeg sje kunnugri Snæfellingum en háttv. 4. landsk., og jeg fullyrði, að þeir standa ekki á lægra menningarstigi yfirleitt en aðrir landsmenn. Þeir hafa jafnvel tekið meiri framförum en aðrir nú á síðari árum. Jeg ætla alls ekki að fara að þakka mjer það neitt sjerstaklega. En jeg veit, að til þeirra, eins og annara landsmanna, hafa komið menningarstraumar, sem þeir engu síður en aðrir hafa verið móttækilegir fyrir. Það er því ástæðulaust fyrir hv. þm. að ætla að slá sig til riddara á þeim. Jeg hygg, að heldur hafi gætt kyrstöðu í því hreiðri, sem 4. landsk. þm. hefir setið í undanfarin ár, og líklega hvorki landi eða þjóð til blessunar.

Magnús Kristjánsson: Það eru aðeins örstuttar athugasemdir, sem jeg vildi gera. — Það fór sem mig grunaði, að hv. þm. Snæf. (HSteins) var ekki lengi að sanna mál mitt. Hann skýrði frá því umsvifalaust, að hann hefði notað óviðurkvæmileg og svívirðileg orð í minn garð. En við höfum nú oft elt grátt silfur saman, og eigum að líkindum enn eftir að gera það. Jeg legg því óhræddur undir dóm þeirra manna, sem þekkja okkur báða, hvor okkar sje meira í samræmi við það, sem sæmilegt má teljast.

Háttv. þm. hefir ekki getað skilið, að líkingin, sem jeg tók, var sett fram í spaugi. En jeg verð nú að segja, að líkingin hefir ekki verið svo afleit. Jeg átti við drápgirni hv. þm. Hann er blóðþyrstur mjög, eins og berlega hefir nú komið fram. Þess vegna hefir líkingin, sem jeg tók, verið hárrjett og alls ekki út í loftið. — Jeg ætla svo ekki að fara meira út í það. Það vill svo vel til, að háttv. þm. hefir sannað það, sem jeg sagði í spaugi. Má jeg því vera ánægður með viðskifti okkar, eins og svo oft áður.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg átti ókvittaðar ofurlitlar sendingar frá hæstv. forsrh. (JÞ). Jeg varð fyrir nokkrum vonbrigðum hjá honum, því að hann vildi nú ganga frá því, sem jeg þóttist skilja á ræðu hans hjer í dag, að hann teldi æskilegt, að jeg lýsti því yfir, að jeg áskildi mjer rjett til þess að koma fram með brtt. við 3. umr. Af því dró hann líka þá ályktun í síðustu ræðu sinni, að von væri samkomulags frá mjer. **(Forsrh. JÞ:** Ekki við þessa umr.). Það getur vel verið, að hæstv. forsrh. ætli nú að fara að slá svona úr og í. En jeg verð að slá því föstu, að minni hl. hefir frá byrjun gert sitt ítrasta til þess að samkomulag náist á þessum grundvelli. Hæstv. forsrh. gekk líka út frá því í fyrri ræðu sinni, að þetta samkomulag væri fyrir hendi. En jeg verð nú að líta svo á, að það hafi ekki verið meining hans, heldur bara gamla sagan.

Jeg varð fyrir vonbrigðum, er hæstv. forsrh. vildi ekki kannast við það, að hafa játað í fyrri ræðu sinni, að með ákvæðum 4. gr. frv. væri skertur

kosningarrjettur kjósenda. Jeg skrifaði það þá eftir honum. Hann sagði, að þótt lenging kjörtímabilsins kynni að einhverju leyti að sníða utan af kosningarrjettinum, þá mundi það bætast upp með styttingu kjörtímabils hinna landskjörnu. En jeg vil nú spyrja: Hvað er það, sem þarf að bæta upp? Því að ef um bætur er að ræða, þá er auðvitað eitthvað misgert. Mjer finst hæstv. forsrh. hafa með þessu viðurkent, að um skerðingu væri að ræða, enda talaði hann í seinni ræðu sinni um uppbót, sem þyrfti að koma. Jeg hafði því fulla heimild til þess að álíta, að hæstv. forsrh. hafi kannast við, að 4. gr. væri skerðing á íhlutunarrjetti kjósenda um almenn mál.

Þá kom hann að því í fyrri ræðu sinni, að með fækkun fjárlagaþinga fylgdi eðlilega lenging kjörtímabilsins, og vitnaði hann í það, að ef kjörtímabilið væri ekki lengt, þá sætu þm. aðeins á tveim þingum. Jeg sýndi fram á það áður, að þótt fastákveðið sje, að fjárlagaþing skuli háð aðeins annaðhvert ár, þá geti þó eins vel farið svo, að þing verði haldið á hverju ári. Og þótt þm. sitji aðeins á tveim fjárlagaþingum, geta þeir samt komið til með að sitja á fjórum þingum.

Þá sneri hæstv. forsrh. við blaðinu og fór að tala um, að þm. þyrftu að vera fullkomnir í sinni iðn. En jeg hefi nú einmitt skilið hlunnindi kjósendanna svo, að þeir gætu gert upp við umbjóðendur sína, hvort þeir vildu hafa þá áfram eða ekki, en ekki fengist um það, hvort þm. hafi lært á þessari þingsetu sinni. En ef svo væri, þá væri auðvitað best, að þeir sætu á sem flestum þingum. — Annars eru nú fjögur ár altaf jafnlangur tími, hvort sem haldin eru á þeim fleiri eða færri þing. En það er víst, að aðstaðan getur breyst svo á þessum fjórum árum, að nauðsynlegt sje fyrir kjósendur að geta átt kost á að gera upp við þm. sína. Þótt fjárlagaþing sjeu haldin annaðhvert ár, þá þarf afleiðingin alls ekki að vera sú, að kjörtímabilið lengist.

Hæstv. forsrh. benti á, að þm. úr Framsóknarflokknum hefðu borið fram á þinginu 1924 till. um lenging kjörtímabilsins. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir nú leiðrjett þá missögn. **(Forsrh. JÞ:** Það var engin missögn). Það getur verið, að svo megi segja, en jeg læt þá hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Eyf. um að útkljá það. En jeg held nú, að hæstv. forsrh. hafi mint, að hann væri að tala við sína flokksmenn. Jeg tel mig ekki bundinn við það, sem mínir flokksbræður kunna að hafa sagt eða gert einhverntíma. Er því þýðingarlaust að vera að benda á það, enda þótt það væri rjett haft eftir, sem jeg álít nú ekki, því að jeg tel skýringu hv. 1. þm. Eyf. alveg rjetta.

Í lokin held jeg svo, að það hafi dottið upp úr hæstv. forsrh., hvað á bak við þetta alt liggur. Hann sagði, að það gæti farið svo með þessu fyrirkomulagi, að landsk. þm. gætu orðið þess valdandi, að stjórn, sem hefði að baki sjer meiri hluta kjósenda, fengi ekki meiri hluta í þinginu. Það skyldi nú ekki vera svo, að þarna sje rúsínan? Jeg ætla ekki að leiða neinum getum að því. En jeg get ekki skilið þetta nema á þann eina veg, að það eigi við það, að kosningar þær, sem fram eiga að fara áður en langt um líður, geti haft þau áhrif á stærsta flokk þingsins, ef landskjörið helst

óbreytt, að hann nái ekki meiri hluta. Hitt getur ekki komið til mála, að það eigi við aðra flokka, því að til þess yrði breytingin að verða töluverð. Ef þetta er ekki svo, þá leiði jeg hest minn frá því að skilja, við hvað hæstv. forsrh. átti.

Jeg held jeg hafi ekki átt ókvittað fyrir meira frá hæstv. forsrh. En út af orðum hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) viðvíkjandi síðustu málsgr. 1. gr. og síðari málsgr. 4. gr., um að hann hefði ekki heyrt á þetta minst af nefndarhl., langar mig að segja fáein orð. Þessar gr. segja, að með einföldum lögum megi breyta því aftur, sem hjer er farið fram á að breyta, og þannig sjeu þessi atriði alveg tekin út úr stjórnarskránni. Það er alveg rjett hjá hv. þm. A.-Húnv., að þetta er varhugavert. En jeg vil benda á, að í nál. minni hl. er bent á þetta. Jeg þarf ekki að sýna fram á þetta nema að því er snertir 1. gr., því að 4. gr. leggum minni hl. til að fella burt. — Eins og sjest á nál., telur minni hl. þetta ákvæði síðustu málsgr. 1. gr. óviðeigandi. Getur hv. þm. (GÓ) sjeð það, ef hann les nál., að minni hl. hefir einmitt athugað þetta. Jeg játa, að við höfum ekki viljað gera þetta að neinu ágreiningsatriði. Við höfum yfirleitt ekki viljað gera neitt að ágreiningsatriði, er gæti orðið þess valdandi, að hinar nauðsynlegu umbætur, sem hjer um ræðir, nái ekki fram að ganga.

Jeg ætla nú að láta sitja við þetta, enda mun fyrirframákveðið, hvernig atkvgr. fer, svo að ekki er ástæða til að halda lengur vöku fyrir mönnum. Jeg hefi gert grein fyrir till. minni hl., og er þá tilganginum náð.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) mintist á síðustu málsgr. 1. gr. Þar segir svo, að með lögum megi ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega. Jeg held, að jeg hafi ekki minst á þetta, en í greinargerðinni, er frv. fylgir, stendur ástæðan fyrir því, að stjórnin tók þetta ákvæði upp. Í meðferð þessa sama máls á þinginu 1923 var um samskonar breytingu að ræða, sem sje þing annaðhvert ár. En nefndin, sem hafði málið til athugunar í Nd. og var skipuð mönnum úr öllum flokkum, bar fram till. í e. hlj. um það, að breyta mætti þessu með einföldum lögum. Stjórninni þótti því rjett að taka þetta ákvæði upp í frv., til þess að greiða fyrir því, að aðalákvæði 1. gr. yrði samþ. En jeg get sagt háttv. þm. A.-Húnv. og hv. frsm. minni hl. það, að mjer er ekkert sárt um það, þótt ákvæði þetta falli burt, ef það verður ekki frv. sjálfu að falli. Í raun og veru er jeg þeim samdóma um það, að æskilegast hefði verið, að ekki hefði þurft að hafa þetta ákvæði.

Mjer þykir vænt um að hafa tækifæri til þess að leiðrjetta þann misskilning, sem kom í ljós hjá háttv. þm. A.-Húnv. viðvíkjandi því, sem jeg hafði sagt um það, hvenær þetta ákvæði um reglulegt þing annaðhvert ár kæmi til framkvæmda. Hann hafði skilið mig svo, að þetta kæmi ekki til framkvæmda fyr en 1932. Jeg vil leiðrjetta þetta, þótt jeg hafi reyndar gert grein fyrir því áður. Það er svo fyrir mælt, að annað þing verður að halda eftir að búið er í fyrsta sinn að samþ. stjórnarskrárbreytinguna, til þess að leggja á hana fullnaðarsam-

þykt. Ef hún verður því samþ. nú og síðan til fulls á þinginu 1928, þá verður ekki komist hjá því að halda reglulegt þing 1929, af ástæðum, sem gerð hefir verið grein fyrir. En svo kemst þetta í framkvæmd þannig, að næsta reglulegt þing þar á eftir verður háð 1931. Jeg vona, að það villi engan, enda er það kunnugt, að Alþingi mun koma saman 1930, til þess að minnast þúsund ára afmælis síns. En það kemur auðvitað ekki breytingu þeirri við, sem hjer liggur fyrir, því að það ár fellur vitaskuld niður reglulegt þing.

Jeg get vísað heim til föðurhúsanna öllum ummælum um alvöruleysi af hendi stjórnarinnar í þessu sambandi. Hjer er um samkomulagsfýsi að ræða, en ekki alvöruleysi.

Þá staðfesti hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að hann hefði ásamt hv. þm. A.-Húnv. flutt brtt. á þinginu 1924 um 6 ára kjörtímabil og leiðrjetti enga missögn hjá mjer, eins og hv. frsm. minni hl. vildi vera láta. Brtt. er skráð í skjalaparti þingtíðindanna á þskj. 169 og stendur undir töluliðnum II. Gerði hv. þm. (EÁ) svo grein fyrir till., að hann hefði ekki flutt hana vegna þess, að hann eða þeir flm. álitu þá tilhögun hina æskilegustu, heldur vildu þeir ganga inn á það til samkomulags. Jeg vil láta þá von í ljós, að vilji til samkomulags sje einnig hjer til staðar.

Jeg ætla mjer ekki að fara að karpa við hv. frsm. minni hl. um vonbrigði þau, er hann hefði orðið fyrir við framkomu frv. þessa. Jeg skal taka það fram, vegna ræðu hv. þm., að það kom ekki í fyrri ræðu minni fram nein viðurkenning um það frá minni hálfu, að lenging kjörtímabilsins fyrir kjördæmakosna þingmenn fæli í sjer skerðingu á kosningarrjetti manna, þó að jeg benti á það, að ef þannig væri á litið, þá væri líka við stytting kjörtímabilsins fyrir landsk. þm. kosningarrjetturinn að nokkru aukinn. — Mjer skildist á hv. frsm. minni hl., að hann gerði ráð fyrir því, að þing yrði háð á hverju ári, enda þótt breytingin í því efni, sem flutt er fram í frv., yrði samþykt. Jeg get vel skilið, að þeir hv. þm., sem hafa þá skoðun, haldi fast við 4 ára kjörtímabilið. En jeg fyrir mitt leyti geri ekki ráð fyrir nema einstaka undantekningum í þessu efni, þegar alveg sjerstök atvik bera að höndum. Þá vildi og háttv. frsm. minni hl. finna játun frá minni hálfu í því, að með brtt. stjfrv. væru flokkshagsmunir Íhaldsflokksins hafðir fyrir augum, — er jeg sagði, að með því fyrirkomulagi, sem nú væri á kosningu landskjörinna þingmanna, þá væru möguleikar fyrir því, að þeir landskjörnir þingmenn, sem sætu eftir í deildinni, er kosningar á nýjum landskjörnum færu fram, gætu orðið þess valdandi, að þjóðarviljinn nyti sín ekki um það, hvort stjórnarskifti ættu að fara fram eða ekki. En jeg skal taka það fram, að þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm., þegar af þeirri ástæðu, að Íhaldsflokkurinn hefir nú þá tölu landskjörinna þingmanna, að hún getur ekki orðið flokknum að falli, ef hann heldur velli við næstu kjördæmakosningar. Annars nægir í þessu sambandi að benda á aths. þær, sem háttv. 1. þm. Eyf. gerði um þetta atriði á þingi 1924, er hann talaði fyrir till. sinni og hv. þm. A.-Húnv. um afnám lands-

kjörinna þingmanna, þar sem þeir tóku upp til samkomulags 6 ára kjörtímabilið.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. kallaði það slagorð hjá mjer, er jeg notaði orðið afturhald um brtt. hans á stjórnarskránni, sem bornar eru fram með frv. því, sem hjer liggur fyrir. En hæstv. ráðh. verður að játa, að orðið afturhald er ekkert slagorð. Hann hefir sjálfur gefið alveg ágæta skýringu á því í blaðagrein í málgagni sínu, hvað afturhald eða íhald sje, og hann lýsti því svo greinilega, að jeg býst við, að sú skýring hans hafi verið tæmandi. En eftir skýringu hans er afturhald eða íhald, sem hann notar jöfnum höndum, flokkur manna, sem vill tryggja klíku fárra manna öll völd í landinu, — sbr. ríkislögreglan, — sem vill smeygja sjálfum sjer undan allri skattabyrði og svifta almenning lögmæltum rjetti hans til þess að hafa áhrif á löggjafarþing þjóðarinnar, sbr. sú lenging kjörtímabilsins í frv. stjórnarinnar, er hjer er nú til umræðu í þessari hv. deild. Þetta eru aðeins nokkur atriði úr lýsingu hæstv. ráðh. á afturhaldinu. Jeg hjelt ekki, að hæstv. ráðherra myndi kalla orðið afturhald slagorð, þar sem hann hefir sjálfur sjeð fyrir svo glöggri skilgreining á því orði í íslensku máli.

Hæstv. ráðh. játaði það, að í breytingu frv. um landskjörið fælist ef til vill stefnubreyting, og mjer skildist svo, að sú stefnubreyting væri tilkomin af því, að vonir Íhaldsins, er það hefði reist á landskjörinu, hefðu brugðist. Það er sannarlega greinilegt af landskjörskosningunum undanfarið, að vonir Íhaldsins hafa brugðist að því er landskjörið snertir, enda þótt frá öndverðu hafi verið reynt að haga því svo, að það yrði sem afturhaldssamast, meðal annars með því að meina mönnum yngri en 35 ára að taka þátt í kjörinu. En þó að svo íhaldslega hafi til landskjörsins verið stofnað, þá hefir þó ekki verið hjá því komist, að frjálslyndir menn hafi verið kosnir til þingsetu sem landskjörnir þingmenn. Það er enginn vafi á því, að brtt. hæstv. stjórnar, þær, sem landskjörið snerta, eru ekki komnar fram af því, að hæstv. ráðh. hafi verið að hugsa um það, að minsti flokkurinn fengi mann við þær kosningar inn í þingið. Það var vissulega ekki verið að fullnægja neinni hugsjón með þessum brtt. Sennilegra er, að hæstv. ráðh. hafi dregið upp verkfræðingakvarðann og reiknað eitthvað á þessa leið: Framsóknarflokkurinn fjekk við síðasta landskjör tæp 3500 atkv., Jafnaðarmannaflokkurinn tæp 3200 atkv. og Íhaldsflokkurinn rúml. 5500 atkv. Eftir því kemur Íhaldsflokkurinn ekki nema einum manni að við næsta landskjör, ef 3 eru kosnir. En ef kosnir eru 6 í einu, þá myndi Íhaldsflokkurinn fá 3 menn, annar flokkurinn 2 og minsti flokkurinn 1 mann, miðað við atkvæðamagnið 1926. En jeg get sagt hæstv. ráðh., að það gæti farið svo fyrir þeim, sem hafa ætlað að hafa landskjörið fyrir íhald, að þeim bregðist sá útreikningur. Það getur hæglega farið svo, að minsti flokkurinn vaxi svo að fylgi, að hann komi að 2 mönnum, svo að Íhaldsflokkurinn fái ekki nema ⅓ þeirra manna, sem kosnir verða. En tilgangurinn er sá sami.

Hæstv. ráðh. vjek að þeirri skýringu, sem jeg gaf á 28. gr. stjórnarskrárinnar, og kallaði hana lögskýringu, sem næði engri átt, og kvaðst hafa fyrir sjer í því efni álit ýmsra lögfræðinga. Jeg get sagt hæstv. ráðh. það, að jeg hefi einnig átt tal við lögfræðinga, sem álíta, að eftir orðalagi 28. gr. stjórnarskrárinnar sje ekkert því til fyrirstöðu, að kosningalög geti ákveðið, að varamenn taki sæti í áframhaldandi röð. Enda gætu orðin: „en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn" þýtt það, að ekki megi taka gildan lista með færri nöfnum en kjósa á aðalmenn og varamenn samanlagt. Í umræddri grein stjórnarskrárinnar er ekki talað um aukakosning landsk. þm., heldur aðeins kjördæmakosninna.

Þó kallast megi hugsanlegt, að allir þm. á lista falli frá á 8 árum, þá er ólíklegt, að slíkt komi fyrir, og þess vegna er það skiljanlegt, að stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir, að kjósa þurfi landsk. þm. með aukakosningum. Það er rjett, að í kosningalögunum er þetta ákvæði stjórnarskrárinnar túlkað á annan hátt.

Það er ekki rjett hjá hæstv. ráðh., að jeg hafi sagt, að þingið gæti brotið stjórnarskrána í þessu efni. Jeg sagði, að það gæti breytt kosningalögunum um þetta atriði.

Mjer virtist það nokkur fljótfærni af hæstv. ráðh. að fara að skýra það fyrir hv. deildarmönnum, hvað fyrir hv. 2. þm. Rang. (EJ) vekti með brtt. hans við frv. stjórnarinnar. Hv. þm. (EJ) hefir skýrt tilgang till. sinnar í fullu samræmi við það, sem jeg hjelt fram, að hann vildi hafa það skýrt ákveðið í stjórnarskránni, að ráðherrar skyldu ekki fleiri vera en 2. Hv. þm. leit svo á, að stjórnarskráin gerði ráð fyrir 3 ráðherrum, og þess vegna er till. hans snoppungur á stjórnina, þar sem hún kemur ekki fram með slíka breytingu, einkum þegar þess er gætt, að hæstv. ráðherrar hafa ekki uppfylt ákvæði stjórnarskrárinnar um það að vera 3. Jeg segi, að till. hv. þm. hafi verið snoppungur á hæstv. stjórn, enda þótt hann hafi viljað draga úr því.

Hv. þm. Snæf. (HSteins) var ekki „billegur" í þessu máli. Hann reiknaði það út, að kosning landsk. þm. kostaði þjóðina um 100 þús. kr. Aðrir þm. hafa nú reiknað það svo, að kosningin kostaði ekki nema 10 aura á mann, og má segja, að þeim beri talsvert á milli í þessum útreikningum. En jeg vil þó telja útreikning hv. þm. Snæf. betri að því leyti, sem sá útreikningur bendir til þess, að hinir landsk. þm. sjeu sjerstaklega mikils virði. En jeg held, að hann geri nokkuð mikið úr þessu. Ef þessir 6 þm. eru svo dýrir, þá ættu hinir 36 kjördæmakosnu þm. að kosta ekki óálitlega fjárupphæð. Það er gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn við þingmenn sje í alt um 200 þús. kr. Ef það er rjett, að þessir 6 menn súpi helminginn af því, þá verð jeg að segja það, að jeg fæ ekki svo hátt þingkaup. Jeg er því hræddur um, að jeg fari að biðja hæstv. forseta að ávísa mjer svolítið ríflegar en hann hefir gert hingað til. En sleppum spaugi. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. (HSteins) hafi átt við það, að mikið af þessum kostnaði færi í það að kjósa þingmennina. En í hvað fer

allur þessi kostnaður? Ekki eru það útgjöld ríkissjóðs. Ef athuguð er starfsemi hins opinbera í landinu, t. d. það, að hreppsnefndarfundir eru haldnir 4—12 sinnum á ári og í hverri nefnd eru 4—5 menn. Kjörstjórn við landskjör hefir ekki meira starf en einn hreppsnefndarfundur, og einn hreppsnefndarfundur kostar ekki meira en venjuleg kirkjuferð. Það er ekki meira erfiði lagt á þjóðina á kjördegi en við kirkjuferðir eða hreppsnefndarfundi, og ætla jeg því, að kostnaður við landskjör sje ekki eins mikill og hv. þm. Snæf. vildi vera láta. Jeg skal taka það fram, að jeg kæri mig ekkert um að halda fast við landskjörnu þingmennina; jeg álít, að það sje óheppilegt fyrirkomulag, en jeg vil ekki fella þá niður, ef engin breyting á kjördæmaskipuninni fer fram samhliða. Hv. þm. Snæf. og hv. þm. Seyðf. gátu þess, að þeir vildu breyta kjördæmaskipuninni, en jeg tek slík loforð ekki gild. Þeir ættu að sýna það í verkinu, að þeir í raun og veru vilji það, og hefðu átt að koma með brtt. í þá átt, samhliða þeim breytingum, sem nú hafa komið fram á stjórnarskránni.

Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur hv. þm. Snæf. og hv. 4. landsk. Það eru miklar sannanir fyrir mínu máli, að hjer sje um pólitíska skollaleik að ræða, þar sem Íhaldsflokkurinn og Framsóknarflokkurinn rífast í þrennu lagi — hv. 2. þm. S.-M. og hæstv. fjrh., hv. 4. landsk. og hv. þm. Snæf., og hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang. Sýnir þetta, að ekki er útlit fyrir gott samkomulag um brtt. Kalla jeg, að það fari vel, að þeir vegi hver fyrir öðrum till.

Jónas Jónsson: Jeg vildi aðeins minnast á 2 atriði viðvíkjandi brtt. í sambandi við meðferð þessa máls á þingi 1924.

Það hefir komið fram brtt. við stjfrv. frá hv. 2. þm. Rang., þar sem hann fer fram á það, að það sje skýrt tekið fram í stjórnarskránni, að ráðherrarnir skuli vera 2. — Jeg kom með svipaða brtt. á þinginu 1924, en hún var þá feld af núverandi stjórnarflokki. Jeg býst við, að ef till. þessi verður samþykt nú að þessu sinni, þá verði það til þess að stofna aðalmálinu í hættu. Jeg mun því ekki greiða till. atkv. mitt að þessu sinni, þó að jeg hinsvegar játi rjettan skilning hv. 2. þm. Rang. á þessu atriði, en rangan skilning hæstv. stjórnar á því. — Þá kom til atkv. á þinginu 1924 brtt. samskonar og sú, er hv. þm. Snæf. nú ber fram um afnám landsk. þm. Jeg hefi ekki haft ástæðu til þess að breyta þeirri skoðun, sem jeg hafði þá á landskjörinu, að það hefði ekki reynst að öllu leyti vel, þar sem við það kjör hafa komið inn í þingið menn, sem þjóðin hefir sjeð, að ekki ættu að vera þar, jafnvel maður, sem kallar sig pólitískan dverg. Till., sem tveir Framsóknarmenn komu með 1924 og var studd af fyrverandi forsrh. (Jóni Magnússyni), var fyrst samþykt með atfylgi hluta af stjórnarflokknum, en síðar var frv. alt drepið, og var því borið við, að ekki væri hægt að láta það lifa eftir að landskjörið væri lagt niður. Við Framsóknarflokksmenn höfum gert alt til þess að hægt væri að fá það samþykt, að þing skuli háð annaðhvert ár, en það hefir ekki tekist hingað til.

Af því að sami meiri hl. og sá, er

drap frv. 1924, ræður nú úrslitum þessa máls hjer í deildinni, þá geri jeg ráð fyrir, að eins muni fara nú og þá, ef brtt. hv. þm. Snæf. verður samþykt, og mun jeg því ekki greiða henni atkv. að svo stöddu.

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætlaði að svara hæstv. forsrh., en jeg sje, að hann er ekki við. Jeg verð þó að halda áfram engu að síður. Hann þóttist þurfa að leiðrjetta misskilning hjá mjer. En það var ekki um neinn misskilning frá minni hálfu að ræða. Jeg sagði, að þó að þessar brtt. næðu fram að ganga, þá kæmi sparnaðurinn, sem af því leiddi, ekki fram fyr en 1932. Það mun því vera rjett, sem jeg sagði, að breytingin getur ekki komið að notum fyr en 1932. Jeg get bætt því við, að ef greinin er samþykt með núverandi niðurlagi, þá spáði jeg því, að þessi breyting kæmi aldrei að notum. Hæstv. forsrh. sagði, að þetta ákvæði hefði verið sett inn nú vegna þess, að á þinginu 1923 hefði nefnd í Nd., sem skipuð var öllum flokkum, tekið það upp. En 1924 var því slept, svo mjer finst, að hæstv. ráðh. hefði ekki þurft að leita fram yfir þann tíma til þess að finna þessi ákvæði, hefði honum ekki verið þau kær. Það var ekki ákvæðinu um reglulegt þing annaðhvert ár um að kenna, að stjórnarskrárbreytingin var þá feld. Jeg verð að halda því fram sem áður, að það sýni áhugaleysi hæstv. stjórnar, að láta þetta ákvæði standa í frv.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á ummæli hv. 5. landsk. (JBald). Það var nú víst sumt í þeim, sem jeg ekki skildi. Hann sagði, að hjer væri rifist í þrennu lagi. Hann virðist hafa gleymt sjálfum sjer. Ef hann hefði talið sig með, þá mætti eins segja, að rifist væri í fernu lagi og að þessi háttv. þm. sje þá altaf að rífast við sjálfan sig. (**JBald:** Jeg rífst við bæði íhöldin!). Hv. þm. er þá ekki haldlaus á meðan. Þá kom háttv. þm. með mjög svo fáránlega útreikninga viðvíkjandi landskjörinu. Hann ljet hv. þm. Snæf. (HSteins) hafa komist svo að orði, að þingseta hinna landskjörnu kostaði 100 þús. kr. árlega. En síðan fann hann það út, að þingkostnaðurinn væri ekki nema 200 þús. kr. á ári, og því gerði hann þá kröfu fyrir hönd þeirra landskjörnu, sem nú eru, að þeir fengju þessar 100 þús. kr. í þingfararkaup. Þetta var nú ljótur misskilningur hjá hv. þm. Hv. þm. Snæf. sagði ekki, að landskjörið kostaði árlega 100 þús. kr., heldur mundi það kosta það þau árin, er landskjör fer fram. (**JBald:** Þá hefir útreikningurinn verið vitlaus!). Ef útreikningur hv. þm. Snæf. hefir verið vitlaus, þá veit jeg ekki, hvaða orð á að hafa yfir útreikning háttv. 5. landsk. Þá talaði háttv. þm. um að leggja niður messugerðir, hreppsnefndir og dansleiki, til sparnaðar. Já, því verður nú náttúrlega ekki neitað, að það væri töluvert mikill sparnaður að leggja niður messugerðir, en það er of stórt mál til þess að ræða það hjer nú. En að því er snertir danssamkomur, þá hygg jeg, að ekki mundi mikið sparast fyrir ríkissjóð, þó þær yrðu lagðar niður, því að jeg hefi aldrei heyrt, að þær væru kostaðar af ríkinu. Jeg hygg, að hv. þm. hafi orðið svona óskýr í þetta skifti af því að vera altaf af rífast við sjálfan sig.

ATKVGR.

Brtt. 192,a feld með 10:3 atkv.

— 192,b—d teknar aftur.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.

2. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 141,I feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, EÁ, EJ, HSteins.

nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK, BK.

Brtt. 141,II—V teknar aftur.

3. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 151,1 feld með 8:6 atkv.

4. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 151,2 feld með 8:5 atkv.

5. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 151,3 feld með 8:5 atkv.

6. gr. samþ. með 8:1 atkv.

7.—8. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Brtt. 151,4 feld með 8:5 atkv.

9. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 151,5 feld með 8:5 atkv.

10. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Málsgr. á undan 1. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, JJ, JKr, BK, EÁ, EJ, GÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: MK, JBald.

Á 39. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 2, 272).

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg lofaði hæstv. forsrh. því við 2. umr. að gera enn tilraun til samkomulags við 3. umr. Stjórnarskrárnefndin hefir á milli umræðna haldið fund um málið, og þar lagði jeg fram brtt. við 4. gr. frv., í þeirri von, að samkomulag næðist. Við 2. umr. var því haldið fram, að fyrir hæstv. ráðh. vekti aðallega að draga úr kostnaði bæði ríkisins og einstaklinga með því að láta landskjör og kjördæmakjör fara saman. Jeg get gengið inn á þetta, en inn á hinar aðrar breytingar get jeg ekki gengið, svo sem að kjörtímabil kjördæmakosinna þm. væri lengt í 6 ár, að styttur væri kjörtími hinna landskjörnu og að þingrof nái til þeirra. Fyrir þessa agnúa vil jeg synda með brtt. minni hl., og mjer virðist sem mjer hafi tekist það og náð aðaltilganginum, að landskjör og kjördæmakjör færu fram samtímis. En þegar þing er rofið, á, eftir brtt., kosning sú, sem þá fer fram, að gilda aðeins það, sem eftir er af kjörtímabilinu, svo að kosningum fjölgar ekki, en fyrir það verður ekki synt, að af þingrofi leiði kosningar. Því sje jeg ekki annað en að segja megi, að með brtt. minni hl. sje náð þeim tilgangi, sem átti að ná með 4. gr. frv., um sparnað. En meiri hl. nefndarinnar vildi ekki ganga að þessari brtt., og þótti mjer það einkennilegt, vegna þess að mjer skildist, að sumir nefndarmennirnir væru henni annars samþykkir og allur meiri hl. virtist ekki vilja sýna brtt. neina andúð. Mjer þótti það miður, að ekki náðist samkomulag, því að úr því að brtt. er komin fram, vildi jeg, að deildin skæri úr því, hvort hún vilji ganga að sparnaðartill. minni

hl., en hafna þeim ókostum, sem felast í 4. gr. Mjer skildist á meiri hl., að svo gæti farið, að hann hallaðist að brtt., ef málið kæmi aftur til þessarar deildar, og það gæti þá orðið til samkomulags, en eins og málið stæði nú sæi hann ekki ástæðu til þess.

Jeg ætla þá ekki að fjölyrða meir um þessar brtt., því að þær eru svo ljósar, að jeg vona, að allir hv. þm. geti skilið þær. En verði brtt. við. 4. gr. feld, þá er ekki rjett sú útskýring á 4. gr., að hún sje aðallega sett til sparnaðar. Og það vil jeg fá í ljós; verði brtt. feld, verð jeg að draga af því þá ályktun, að það sjeu hin önnur ákvæði, er felast í 4. grein — lenging kjörtímabils hinna kjördæmakosnu þingmanna og að þingrof nái til hinna landskjörnu —, en ekki sparnaðurinn, sem er aðalatriðið.

Jeg get látið þetta nægja. Hv. meðflm. minn og samverkamaður í minni hl. mun gera grein fyrir hinum öðrum brtt. Jeg vil taka það fram, að jeg var í vafa um 5. og 6. brtt., því þær hafa komið hjer fram áður; en mjer virðist þær vera óumflýjanleg afleiðing af brtt. Því afrjeð jeg að láta þær fylgja. En verði 1. brtt. við 4. gr. feld, þá tek jeg þessar brtt. aftur.

Jeg læt þetta nægja, því að háttv. meðflm. minn, hv. 1. landsk. (JJ) mælir fyrir hinum brtt. Þó skal jeg taka það fram viðvíkjandi 2. brtt., að ef á annað borð álíst rjett að takmarka kjörgengi manna vegna stöðu þeirra í þjóðfjelaginu, þá á að gera það í stjórnarskránni sjálfri, en ekki í almennum lögum, svo sem eins og bankalögunum. Annars legg jeg ekki eins mikla áherslu á þessa brtt. eins og hv. 1. landsk.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrsta brtt. minni hl., sem nú hefir verið gerð grein fyrir, stendur í sambandi við hinar brtt., þannig, að þær síðari eru fylgifiskar hennar. Þykir mjer því rjett að gera grein fyrir afstöðu minni.

Jeg viðurkenni, að minni hl. hefir nú komið á móts við stjfrv. um lagfæringu á landskjörinu, og hv. frsm. sagði, að meiri hl. stjórnarskrárnefndar hefði ekki sýnt þessari brtt. neina andúð. Og mín afstaða er hin sama, en jeg get samt ekki greitt atkv. með brtt. eins og hún er nú, og til þess liggja tvær höfuðástæður. Önnur er sú, að inn í till. hefir verið sett það ákvæði, að ef þing er rofið, þá sje aðeins kosið fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. En þetta er ekki nauðsynlegt til þess að kosning landskjörinna þm. og kjördæmakosinna geti fylgst að. Það er ekki nauðsynlegt að fá þetta inn í stjórnarskrána, því að þessu má ná með því að mæla svo fyrir, að þingrof skuli ekki ná til þeirra af hinum landskjörnu, sem síðar voru kosnir, heldur einungis til hinna þriggja fyr kosnu, en kjörtímabil hinna síðar kosnu einungis styttast jafnmikið vegna þingrofsins, þ. e. vera útrunnið við næstu almennar kosningar á eftir þingrofskosningunni. Þetta væri miklu eðlilegri úrlausn. Þannig yrði að jafnaði kosið til 4 ára, eins og nú á sjer stað.

Annmarkarnir á því að hafa þetta ákvæði í lögum eru þeir, að almennar kosningar vegna þingrofs eiga þá aðeins að gilda það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Þessir annmarkar verða enn meira áberandi, ef reglulegt Alþingi er háð annaðhvert ár og kjör-

tímabilið er 4 ár. Við skulum nú, svo tekið sje dæmi til þess að halda sjer við, gera ráð fyrir, að seinna þingið á kjörtímabilinu beri upp á 3. ár þess og eitthvað komi fyrir á því þingi, sem geri þingrof nauðsynlegt, t. d. stjórnarskrárbreyting. En hún útheimtir, að kosningar fari fram tafarlítið, helst ekki seinna en tveim mánuðum eftir þingrof. Er það líka eðlilegt, því að mál það, sem þingrofinu veldur, á að bera svo fljótt undir dóm kjósenda sem unt er. Ef nú þetta þing ber upp á 3. ár kjörtímabilsins, eins og jeg gerði ráð fyrir, þá ættu kosningarnar að gilda það, sem eftir væri af því. Væri þá ekki kosið til neins reglulegs þings og þyrfti því að halda aukaþing. (**IP:** Þegar þing er rofið, leiðir altaf af því aukaþing). Það þarf ekki altaf að vera, þó að þing sje rofið. Það þarf, ef þingrofið stafar af stjórnarskrárbreytingu, en ekki, ef það er af öðrum ástæðum. Það er afaróaðgengilegt að þurfa að gera stjórnarskrána svo úr garði, að almennar kosningar þurfi að fara fram til þess að halda eitt aukaþing með hinum nýkjörnu þm., og svo verði enn að koma til nýrra kosninga. Þessi till. er því óaðgengileg og hún hefir heldur ekki sannfært mig um, að nauðsynlegt sje til þess að ná þeirri hugsun, sem hv. minni hl. virðist leggja áherslu á, að skifta landskjörinu í tvent, þannig að 3 þm. skuli kosnir í hvert sinn.

Annað, sem gerir það að verkum, að jeg get ekki greitt þessari till. atkv., er það, að í brtt. vantar ákvæði, sem er nauðsynlegt til þess að koma í fyrstu framkvæmd þeirri skipun, sem brtt. fer fram á. Ef þetta verður nú samþykt á þessu þingi, og svo aftur á næsta þingi, 1928, eftir afstaðnar kosningar, þá á næsta landskjör að fara fram 1. júlí 1930. Jeg hefi ekki athugað, hvort breyta megi deginum með breytingu á kosningalögunum. En kjördæmakjörið gildir til 4 ára frá 1927 að telja og endar 1931. Til þess að koma því á, að kjördæmakjör og landskjör fylgist að, liggur líklega einna næst, eftir till., að láta þingrof fara fram hæfilega löngu fyrir kjördag 1930. Geta þá almennar kosningar farið fram samtímis landskjörinu. En þá kæmi líka til framkvæmda ákvæðið í tillgr., sem segir, að kosningar vegna þingrofs gildi aðeins það, sem eftir sje kjörtímabilsins, eða til 1931. Á því að kjósa þá aftur í kjördæmunum.

Eins og brtt. er má hún ekki fara út úr deildinni, því að það eru missmíði á henni, sem laga verður, annaðhvort með ákvæði í 1. brtt. eða með nýrri brtt., sem hefði inni að halda bráðabirgðaákvæði. Það, sem jeg hefi á móti till., er einungis efnislegs eðlis, en á ekki að skoðast sem fyrirboði þess, að jeg muni ófáanlegur til samkomulags um þá hugsun, sem í till. felst af hálfu flm., þegar til kemur. Jeg álít naumast tímabært að gera samkomulagsatriðin við þessa umræðu. Jeg held, að rjettara sje að sjá fyrst, hvað hv. Nd. kann að finna uppástungum stjórnarinnar til foráttu. Þó að hv. Nd. geti ekki fallist á þær, býst jeg fastlega við því, að málið komi þó hingað aftur. Þess vegna er það ekki rjett tilgáta hjá hv. þm. (IP), að ef brtt. þessi verði feld, þá lýsi það því, að það sje ekki sparnaður, sem sje aðalatriðið við uppástungur stjórnar-

innar. Því að aðalatriðið er sparnaður, bæði á fje og á tölum kosninga. Jeg get ekki annað sagt en að það sje mikil umbót frá því, sem nú er, ef kosningar fara ekki fram nema 4. hvert ár. Mjer skilst, að minni hl. sje fús til samkomulags um það. Jeg tel það enga sök, þótt brtt. falli. Það er unt að taka hana aftur upp í breyttri mynd og sneiða þar hjá þeim annmörkum, sem nú eru á henni.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að segja nokkur orð um brtt. þær, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) drap aðeins lauslega á.

Fyrst er 2. brtt., við 6. gr., um þá breytingu á 30. gr. stjórnarskrárinnar, að dómarar í hæstarjetti, bæjarfógetar, sýslumenn, bankastjórar og útibússtjórar skuli ekki vera kjörgengir. Það hefir rjettilega verið fundið að þeim annmörkum, að dómarar sjeu bundnir í stjórnmálum, og sú skipun hefir verið gerð að því er snertir dómara hæstarjettar, að þeim er meinað að gefa sig að stjórnmálum. Sumir glöggir lagamenn hafa álitið, að þetta væri ranglega skýrt, þar sem sumir bæjarfógetarnir, eins og t. d. bæjarfógetinn í Reykjavík, væru líka dómarar engu að síður. Ætti þeim því í sjálfu sjer að vera meinað kjörgengi, þar sem þeir eru fyrst og fremst dómarar. Önnur störf þeirra eru í eðli sínu aðeins viðbót, en dómarastarfið er aðalatriðið. Það er enginn vafi á því, að bæjarfógetinn í Reykjavík dæmir á ári hverju 6—8 hundruð dóma, en hæstirjettur aftur á móti dæmir ekki nema 30—40 dóma. Það er því alveg sjálfsagt, að bæjarfógetinn í Reykjavík, sem er sá af dómurum landsins, sem mest hefir að gera, sje ekki þm. líka. Sje það rjett, að hæstarjettardómarar eigi ekki að taka þátt í landsmáladeilum, þá er það rjett um þann undirdómara, sem dæmir svona mörg deilumál eins og bæjarfógetinn í Reykjavík. Sama er og að segja um bæjarfógetana í stærstu kaupstöðunum úti um land. Þeir hafa svo mikil dómarastörf, að það er hugsunarrjett, að þetta nái líka til þeirra. — Jeg býst við, að sumum þm. sýnist nú, að sýslumennirnir ættu hjer að vera undanskildir. Það er auðvitað nokkru öðru máli að gegna með þá, þar sem þeir hafa miklu færri mál að dæma, og gæti því komið til mála, frá því sjónarmiði, að draga þar línu á milli. En jeg hygg rjettast og býst við því, að sú verði niðurstaðan í framtíðinni, að allir dómarar eigi að standa utan við landsmálabaráttuna. Jeg held, að því verði ekki neitað, að það er erfitt í voru fámenna landi fyrir dómarana, sem taka þátt í illvígri flokkabaráttu á þingi, að vera rjettlátir í dómum sínum. Tökum t. d. Skúlamálið. Jeg hygg, að engum blandist hugur um, að það mál var rjettar dæmt í hæstarjetti í öðru landi en í undir- og yfirrjettinum hjer heima. Stjórnmálaöldurnar, sem stóðu svona djúpt í þessu máli, hafa að minsta kosti ósjálfrátt haft áhrif á dómarana. Jeg nefni þetta dæmi, af því að það er þekt og alviðurkent. En dómurinn breyttist sakborningi í vil eftir því sem dómendurnir fjarlægðust deilustaðinn.

Svo framarlega, sem það er meining þingsins að breyta stjórnarskránni, og svo framarlega, sem stjórnin leggur

kapp á að koma fram öðrum breytingum en þinghaldi annnaðhvert ár, þá er sjálfsagt að láta þessa till. okkar ganga fram. Stjórnin heldur fram til streitu breytingum, sem ekki hafa almenna þýðingu, heldur aðeins flokksþýðingu. Og þó að hún taki ekki tillit til okkar, sem hjer erum í minni hl., þá getur þó meiri hl. í Nd. tekið öðruvísi í málið en hún kynni að óska og komið fram með efnisbreytingar, ef stjórnin á annað borð vill fara að breyta stjórnarskránni. Jeg vil benda á, að sjálfsagt er að nota tækifærið og hreyfa þeim umbótum að draga dómarana út úr pólitíkinni. En ef það verður ekki gert nú og hallist stjórnarflokkurinn að því að drepa brtt., þá getur farið svo, að fitjað verði upp á breytingunni ár eftir ár með sama þráa og haldið hefir verið áfram með að bera fram stjórnarskrárbreytingarnar.

Jeg ætla ekki að nefna fleiri dæmi, heldur drepa aðeins á nokkrar almennar röksemdir. Við skulum athuga, hvernig fer fyrir dómendum, sem eru í framboði, hvernig þeim gengur að vera rjettlátir, er þeir eiga t. d. að dæma mál hinna frambjóðendanna eða manna, sem standa framarlega í andstöðuflokki. Þeir hugsa sjer nú ef til vill að vera rjettlátir. En jeg hefi þrásinnis sjeð dómara hjer í deildinni snúast fram og aftur í málum, eftir dutlungum flokks síns og þörfum hans. Getur slíkur maður gleymt flokksfylgi og flokkshagsmunum við að ganga úr þinghúsinu og heim í hús sitt til að fella þar dóma? Engum getur blandast hugur um, hve djúptæk rjettarbót brtt. okkar er. Það er þó enginn áfellisdómur á þá menn, sem frá sjónarmiði sögunnar verða dæmdir fyrir ranga dóma, þar sem andstæðingarnir hafa tapað málum fyrir pólitískum sýslumönnum, en unnið þau svo fyrir rjetti, er var algerlega hlutlaus. Þetta er að nokkru leyti eðlilegt. Hjer eiga menn hlut að máli, — og við erum allir menn. Tvískiftingin í pólitískan bardagamann og rjettlátan dómara gerist ekki svo einfaldlega sem hingað til hefir verið haldið. Jeg er því ekki að áfella mennina, en við eigum að breyta skipulaginu, svo að það freisti ekki dómaranna að brjóta sína helgustu skyldu, sem er að vera hlutlausir og rjettlátir.

Þá kem jeg að síðari lið brtt., sem segir, að bankastjórar og útibússtjórar skuli ekki vera kjörgengir. Jeg get verið stuttorður um þetta atriði, þar sem það var að nokkru leyti samþ. í fyrra í Nd., með samþykt Landsbankafrv., og af hæstv. forsrh. með einni gr. í bankafrv. því, er hann leggur nú fyrir þingið. En við höfum tekið skrefið fyllra og látum ákvæðið ekki aðeins ná til bankastjóra Landsbankans, heldur og til þeirra af bankastjórum Íslandsbanka, sem stjórnin skipar. Eins og nú er, eru þá 5 af 6 bankastjórum landsins, sem verða fyrir þessum rjettindamissi, ef brtt. verður samþykt. En aðeins einn þeirra, sá, sem skipaður er af hluthöfum Íslandsbanka, mundi geta boðið sig fram. Það er kunnugt, að risið hefir deila um það, hvort það væri ekki brot á stjórnarskránni að ætla með einföldum lögum að ákveða, að menn tapi rjetti sínum til kjörgengis án þess að það sje líka tekið fram í stjórnarskránni. Jeg dreg ekki í efa, ef það verður samþ. og ef t. d. annar banka-

stjóra Íslandsbanka mundi bjóða sig fram og kæmist að, að þá yrði það áreiðanlega dómstólamál, hvort einföld lög geti varnað manni þingsetu, ef ekkert stendur um það í stjórnarskránni. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig sá dómur fjelli, en þetta er vafaatriði. Um þetta voru líka skiftar skoðanir í nefndinni, þó að mjer hinsvegar sje kunnugt um menn, sem efnislega fylgja hæstv. forsrh. í þessari sjálfsögðu breytingu, ef hægt er að koma henni við. Nú er hjer tækifæri til þess að skera hnútinn yfir, með því að samþ. brtt., og fellur þá niður kjörgengi allra bankastjóra og útibússtjóra. — Jeg vil minna á það, að Landsbankinn hefir í þessu efni gengið á undan með góðu eftirdæmi. Áður fyr voru sumir af áhrifamestu stjórnmálamönnum vorum bæði bankastjórar og þm. Þannig var það frá því fyrir aldamótin 1900 og alt fram til 1918. En síðan núverandi bankastjórar komu að bankanum, hefir enginn þeirra leitað eftir þingsetu. Og fyrir nokkrum árum bannaði svo bankastjórnin útibússtjórum sínum að vera þm. Bankastjórninni þótti það miður heppilegt, þar sem þeir voru þá langdvölum í burtu og gátu ekki sint störfum sínum, og eins gat líka viljað til, eins og hjá dómurunum, að erfitt var fyrir þá að gæta rjettlætis í lánveitingum sínum. Það hafa þótt misbrestir á þessu á Ísafirði um útibússtjóra Íslandsbanka þar. En Landsbankastjórnin hefir með þessu sýnt, að hún vill ekki, að starfsmenn sínir sjeu að vasast í pólitíkinni. Og þegar borið var undir hana ákvæði það, sem er í frv. um skipun seðlaútgáfunnar, er stjórnin ber fram, þá hafði hún ekkert á móti því, að það næði einnig til bankastjóra Íslandsbanka. — Það hefir verið spurt um það, hvort hægt sje stjórnskipulega að meina bankastjórum Íslandsbanka kjörgengis, eins og brtt. fer fram á. En þar sem bankinn lifir nú aðallega af landsins náð, af lánum Landsbankans og af ábyrgðum þeim, er landið veitir, þá er sjálfsagt að hlutast til um, að engar veilur sjeu á skipulagi hans.

Jeg verð að halda því fram, að brtt. við 30. gr. stjórnarskrárinnar sje spor í rjetta átt, spor, sem verði að stíga til þess að losa tvær stjettir manna, dómara og bankastjóra, við þá freistingu, sem þátttakan í hinni pólitísku valdabaráttu hefir í för með sjer fyrir sjálfa þá.

Þá eru það 2 brtt. við frv., sem jeg sjerstaklega vildi minnast á, en það eru 3. og 4. brtt. á þskj. 272, frá minni hl. stjórnarskrárnefndar, við 7. og 8. grein frv. 3. brtt. er um það, að samkomustaður Alþingis skuli vera í Reykjavík, eins og ákveðið er í 33. gr. stjórnarskrárinnar, en samkv. brtt. er ætlast til, að bætt verði við stjórnarskrárgreinina ákvæði um það, að eftir 1929 megi þó með einföldum lögum ákveða, að samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum. Þessi brtt. er því aðeins heimild fyrir þingið, og þó að hún verði samþykt, þá getur vel farið svo, að hún verði ekki notuð. Hinsvegar er enginn vafi á því, að kringum 1930 verða uppi með þjóðinni sterkar raddir um það að flytja þingið til Þingvalla. Væri það þá hentugt að þurfa ekki að breyta stjórnarskránni fyrir það eitt. Jeg

ætla ekki nú að færa nein sjerstök rök fyrir þeim kostum, sem það hefir að flytja Alþingi til Þingvalla, en jeg vil aðeins benda á það, að það, sem knýr menn til þess að vera því fylgjandi, er fyrst og fremst þjóðernistilfinning þeirra og hið sögulega samhengi í pólitískri þróun þjóðarinnar. Á lýðveldistímabilinu, þegar landið var sjálfstætt ríki, þá var Alþingi háð á Þingvöllum, og við Þingvelli eru tengdar flestar stoltustu endurminningar þjóðarinnar. Og Þingvellir voru höfuðvirki þjóðarinnar á frelsisöldinni og alt inn í hinar dimmu aldir, er þjóðin misti sjálfstæði sitt og hneig undir erlent vald og vegur Alþingis tók að þverra. Einn merkur sagnfræðingur, sem mun hafa í hyggju áður en langt um líður að rita bók um Jón Sigurðsson, hefir sagt mjer, að til sje feikn af brjefum til Jóns Sigurðssonar, rituðum á þeim tíma, er baráttan um endurreisn Alþingis, um 1840, stóð sem hæst, er bendi eindregið í þá átt, að hugur þjóðarinnar hafi mjög hneigst að því, að hið endurreista Alþingi yrði háð á Þingvöllum. En eins og á stóð, þá áleit hinn mæti maður, Jón Sigurðsson, að svo miklir fjárhagsörðugleikar væru á því að heyja þingið á Þingvöllum, að það væri ógerningur. Þá vantaði þar algerlega viðunandi samkomuhús og landið hafði ekki sjálfstæðan fjárhag, en hinsvegar var hægt að basla við það að halda þingfundi í kenslustofu í Reykjavík, og þingmenn gátu búið úti í bæ. Þetta studdi mjög að því, að Jón Sigurðsson var með því, að þingið yrði háð í Reykjavík, þar sem það var hægt vegna húsakosts, sem enginn var á Þingvöllum. Nú eru allar ástæður breyttar frá því, sem þá var. Nú höfum við fjárlög, er sýna 10—12 milj. kr. tekjur á ári. Hvað kostnaðarhlið þessa máls snertir, þá getur þjóðin, ef hún vill, ráðist í þetta, því að kostnaðurinn mundi ekki verða nema lítið brot af árstekjum ríkisins meðan verið væri að koma þessu í framkvæmd og koma upp húsakynnum Alþingis á Þingvöllum. Jeg vildi aðeins benda á, að með þeirri eyðslu, sem við nú höfum árlega, þá væri oss þetta kleift. Í þessu sambandi skal jeg minna á, að það eru hin sögulegu rök, sem knúð hafa frændþjóð vora Norðmenn til þess að breyta nafninu á höfuðborg sinni og kalla hana Osló, eins og hún hjet áður en Noregur komst undir yfirráð Danakonunga. Þetta og margt fleira í sömu átt hafa Norðmenn gert til þess að styrkja frelsis- og sjálfstæðistilfinningu þjóðarinnar.

Þá er og annað, sem mælir með því að heyja Alþingi á Þingvöllum, en það er, að þingið hefir miklu betri aðstöðu til að vinna þar en í Reykjavík. Hjer dregur bærinn þingið í burtu frá þinginu og þingmenn eyða löngum tíma í það að ganga langar leiðir til og frá nefndar- og þingfundum, auk þess sem þingmenn kynnast ekki eins hjer og þeir mundu gera á Þingvöllum, því að þeir sjást oft ekki nema á þingfundum. Þar að auki er þingið varla starfshæft í þeim húsakynnum, sem það hefir hjer yfir að ráða, síðan háskólinn kom í húsið, því að hjer vantar alt nema fundasalina. Hjer vantar nefndaherbergi, vinnuherbergi fyrir þm. og bókasafn, þar sem farið gæti sæmilega um menn. Ef leysa á

vandræðin með því að flytja háskólann í burtu og byggja yfir hann, þá er lítið sparað við það, því að það mundi verða eins dýrt og að byggja þinghús og heimavistarhús fyrir þm. á Þingvöllum. Væri miklu nær að láta háskólanum eftir þetta hús, enda væri það nægilegt fyrir hann með landsspítalanum og stúdentagarðinum. — Þessi röksemd er þó fyrir mjer minni en hin, að það er sjálfsagt stig í frelsisbaráttu þjóðarinnar að flytja Alþingi til Þingvalla, til þess að tengja böndin nánar við hina glæsilegustu tíma þjóðarinnar og hina fornhelgu menningu hennar og afreksmenn.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á 4. brtt. minni hl. nefndarinnar, við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Greinin hljóðar þannig:

„40. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Ekkert lagafrumvarp, nema fjárlög, má samþykkja til fullnaðar fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri deild. Fjárlög skal ræða í sameinuðu þingi með þrem umræðum".

Jeg skal taka það fram nú þegar, að jeg ætla mjer ekki að láta þessa till. koma til atkv. hjer í kvöld, en jeg vildi aðeins reifa hana og gefa hv. deildarmönnum tækifæri til að lýsa áliti sínu á henni. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnarskrárfrv. verði afgreitt til hv. Nd. í kvöld, en þar á sæti sá hv. þm., sem á hugmyndina, sem felst í þessari till., sem sje hv. 1. þm. N.-M. (HStef). — Jeg verð að segja það, að af öllum þeim brtt., sem komið hafa fram við stjórnarskrána á þessu þingi, þá er þessi till. merkilegust. Jeg hygg, að í henni felist eina leiðin til þess að stytta þingtímann, og ætti með till. að vera hægt að stytta hann fyrirhafnarlaust um ⅓, því að það er meðferð fjárlaganna, sem mestu veldur um það, hve langur þingtíminn er. — Eins og nú er háttað um meðferð fjárlaganna á þingi, þá er aðstaða Ed. um áhrif á þau mjög slæm. Fyrst er farið með þau til Nd. og til fjvn. þar. Hún hefir þau í 5—6 vikur áður en hún getur afgreitt þau, en á meðan getur fjvn. Ed. ekkert gert nema að halda eitthvað lítilsháttar af fundum, sem þó geta enga ákvörðun tekið, vegna þess að óvíst er, hvernig fjvn. Nd. hefir farið með fjárlagafrv. Síðan koma þau til þriggja umræðna í Nd., og það tekur um 3 vikur. Þarna eru komnar 8 vikur, sem þau hafa verið bundin við meðferð Nd. Þá kemur fjárlagafrv. til Ed., og menn vita, hvernig því er háttað. Þá eru þm. orðnir leiðir á því, hve þingið er orðið langt, og því er rekið á eftir fjvn. Ed. um að hraða meðferðinni meira en Nd. og frv. fer í gegnum deildina með járnbrautarhraða. Meðferð Ed. á fjárlagafrv. hefir því í rauninni sáralitla þýðingu. Fjárlögin eru — eins og þau verða — aðallega verk landsstjórnarinnar og Nd. Og þó að einhverjar breytingar sjeu gerðar á þeim hjer, þá eru þær sjaldan miklar. Þessi töf fjárlaganna í Ed. varir um þriggja vikna tíma í alt. Þegar svo fjárlagafrv. hefir verið rætt í Ed., þá fer það aftur til einnar umr. í Nd., svo til einnar umr. í Ed. og svo loks til sameinaðs þings. Þá hafa farið fram um það í þinginu alls 9 umr. Það er því þannig í sjálfu sjer, að það er aðallega meðferð Nd. á fjárlögunum, sem setur hinn endanlega svip á þau. Sum-

ir munu segja það um till. þessa, að þar sem fjárlögin sjeu aðalverk þingsins, þá sje ekki hægt að láta sjer nægja meira en helmingi færri umræður um þau en önnur lög. En þessu er því til að svara, að Ed. er svo fámenn, að Nd. getur jafnan ráðið, hvernig lögin verða, ef deildirnar koma sjer ekki saman og þau þess vegna fara í Sþ., og þar sem það er ekki síður að fella fjárlagafrv., — þó að deildirnar hafi rjett til þess að lögum hvor um sig, — þá er öðruvísi ástatt um fjárlögin en önnur lög, og má því ekki bera fjárlögin saman við þau í þessu efni. Það er ekki hægt að kalla það kost á meðferð fjárlaganna, að þau sjeu rædd í báðum deildum, nema því aðeins, að Ed. geti haft á þau sömu áhrif og Nd.; en það hefir hún ekki, nema hvað hún getur komið fram með brtt. sínar við þau, — vegna þess hvað hún verður að flýta sjer meira en Nd. með að afgreiða þau. Eins og menn vita, þá er hægt að koma með nýjar brtt. við fjárlagafrv. í báðum deildum við allar umr. í þeim og hið sama má gera í Sþ. Þetta er til þess, að altaf hleðst meira og meira á fjárlögin og tekjuhallinn eykst meira og meira, ef sá gállinn er á þinginu. Ef stefnt er að tekjuhallalausum fjárlögum, þá er miklu betra að taka frv. aðeins til þriggja umr. í sameinuðu þingi, og best væri að kveða svo á, að ekki mætti koma fram með brtt. við frv., sem ekki hefðu verið komnar fram við 2. umr. þess.

Það er gömul þingvenja að slíta þingi svo að segja undir eins og fjárlögin hafa verið afgreidd. Ef menn vissu, að þingi yrði slitið eftir 8 vikur, í stað 12 vikna, þá er enginn efi á því, að þm. mundu nota tímann betur en þeir gera nú og að vinnubrögðin yrðu því miklu betri. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir sannað, að það eru aðeins þingsköpin að því er meðferð fjárlaganna snertir, sem valda því, að þingin eru svo löng. En með þessari meðferð, sem nú er á fjárlögunum, er ómögulegt, að þingin geti staðið skemur. Ef stytta á þingin, þá verður því nauðsynlegt að gera meðferðina á fjárlögunum óbreyttari. Jeg vil geta þess, að það er hægt með því að breyta þingsköpunum og án þess að til stjórnarskrárbreytingar þurfi að koma. En verði þingið stytt á þennan hátt, þá verður samfara því að gera þá breytingu á starfi fjvn. — sem í þessu tilfelli yrði skipuð þm. úr báðum deildum —, að hún komi saman um 3 vikum fyrir þing, svo að hún hafi lokið störfum sínum áður en þingfundir hefjast. Þessa hugmynd mun fyrverandi forseti þessarar deildar, Guðmundur Björnson landlæknir, hafa komið fram með fyrstur manna, en síðar gerðum við hv. þm. Vestm. (J-Jós) tilraun til þess að koma henni fram, en hún náði ekki samþykki. Jeg dreg enga dul á það, að jeg tel brtt. þessa á þskj. 272 alveg sjálfsagða. Í Finnlandi hefir þessi aðferð verið tekin upp, þannig að þingið kemur saman að hausti til þess að kjósa fjvn. og taka á móti fjárlagafrv., en síðan fara allir þm. heim aftur og eru heima fram yfir jól. Um nýár kemur þingið svo saman aftur, og þá eru fjárlögin tilbúin, og situr þingið svo fram á vor.

Við getum vitanlega ekki komið þessu við, eins og Finnlendingar, að koma saman að haustinu til þess að

kjósa fjvn., en við getum komið því við, að fjvn. komi saman nokkru fyrir þing — ekki að vísu fyrir það þing, sem háð er næst eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Jeg hreyfi þessu hjer vegna þess, að þetta er nátengt því að gera umbúðir þingsins óbreyttari.

Að lokum vil jeg geta þess út af ræðu hæstv. forsrh., að jeg er í engum vafa um það, að takmark hans með því að færa saman kosningu landskjörinna og kjördæmakosinna þm. er það að spilla fyrir því, að stjórnarskrárbreytingin nái fram að ganga. Hæstv. ráðh. sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að till. yrði drepin, en honum datt ekki í hug að benda á það, að taka mætti málið af dagskrá og gera smábreytingar við frv. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þessi aðferð hæstv. ráðh. er ólík aðferð okkar Framsóknarflokksmanna, bæði nú og á þinginu 1924. Við reyndum þá af fremsta megni að fá samkomulag um það atriði, að þing yrði háð annaðhvert ár, en stjórnarflokkurinn hjelt fast við ýmsa fleyga og drap síðast frumvarpið.

Jeg vil um leið nota tækifærið til þess að leiðrjetta misskilning, sem virðist hafa vakað fyrir hæstv. stjórn um það, að hún þyrfti að færa landskjörið frá vorinu 1930. Stjórnin hefir gengið út frá því, að það væri óhjákvæmilegt, að landskjörið 1930 færi fram 1. júlí það ár og lenti í hátíðahöldunum. En ef hæstv. forsætisráðherra athugar orðalag laganna, þá stendur, að kjördagur landskjörsins skuli „að jafnaði" vera 1. júlí. Orðin „að jafnaði" munu aldrei hafa verið skilin bókstaflega nema í vor. Við landskjörið 1916 og 1922 var ekki kosið 1. júlí. Það væri því leyfileg lögskýring hjá stjórninni að ákveða kjördaginn 15. júní eða 15. júlí, eða einhvern annan dag, eftir hentugleikum. Jeg vil taka þetta fram, af því að stjórnin hefir lagt áherslu á það, að hún hafi þurft að breyta þessu vegna hátíðahaldanna 1930, en það er fyrirsláttur einn, eins og jeg hefi sýnt.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Það er að vísu altaf góðra gjalda vert að mæta vingjarnlegum viðtökum, en þó finst mjer meira um vert, hvort mikil alvara liggur á bak við eða ekki. Hæstv. forsrh. sagðist mundu fara að dæmi meiri hl. stjórnarskrárnefndar og taka 1. brtt. minni hl. ekki óvingjarnlega. Það var nú að vísu rjett, að hann fór ekki óvingjarnlegum orðum um þær, en hann var þó ákveðinn í því að taka engu samkomulagi. Hann sagðist vera á móti brtt. af tveimur ástæðum, og mjer skildist, að það væru formsástæður. En ef svo er, þá sjá allir, að ef vinsemdin hefði verið meira en orðin tóm, þá var til ráð við því, en það var að fá málið tekið af dagskrá til þess að bæta úr þessum formsatriðum. En það vildi hæstv. ráðh. ekki gera, og fæ jeg því ekki sjeð, að jeg standi í þakklætisskuld við hann fyrir hans vingjarnlegu viðtökur við þessa brtt.

Þá skal jeg víkja lítið eitt að þeim atriðum, sem hæstv. forsrh. kom með. Mjer skildist, að honum fyndist það óþarfi að taka fram í stjórnarskránni, að kosning eftir þingrof skuli gilda fyrir þann tíma, sem eftir er af því kjörtímabili. Það mætti ná sama árangri með því að láta þingrofið ná

til helmings hinna landskjörnu, þeirra, sem fyr eru kosnir. En jeg vil ekki leysa úr þessu á þennan hátt. Jeg álít, að það geti verið varhugavert að láta þingrofið þá ekki ná til allra hinna landskjörnu undantekningarlaust, því það mundi verða svo í framkvæmd. Jeg er sammála hv. 1. landsk. (JJ) um, að það mætti nota slíkt í pólitísku hagsmunaskyni, ef svo byði við að horfa. Auk þess mundi þetta ákvæði valda ruglingi á kosningu þeirra landskjörnu, sem þingrofið nær ekki til. Minni hlutinn vill engar breytingar á landskjörinu, svo það er auðvitað mál, að þetta er ekki leiðin til samkomulags.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að vel gæti farið svo eftir brtt. minni hlutans, að kosningar eftir þingrof giltu ekki fyrir neitt þing. Þar held jeg, að honum hafi skotist, því að þær gilda altaf að minsta kosti fyrir eitt aukaþing, því að í 20. gr. stjórnarskrárinnar stendur, að Alþingi skuli stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið. Aukaþing er með öðrum orðum óhjákvæmileg afleiðing af þingrofi. Það er gert ráð fyrir því í brtt. okkar, að kosningarnar gildi altaf fyrir eitt þing, en það getur vel verið aukaþing. Annars skildist mjer, að hæstv. ráðherra kallaði þetta formgalla á brtt.; en þetta er ekki formgalli, heldur efnismunur. Að því er snertir síðari ástæðuna, þá er það sennilega rjett hjá hæstv. ráðh., að það vantar bráðabirgðaákvæði. En ef um það er að ræða að ná samkomulagi um þetta efni, þá þarf að taka málið út af dagskrá til þess að laga þetta, og til þess er jeg fús. En því miður held jeg, að hæstv. ráðh. meini ekkert með tali sínu um samkomulag. Jeg held, að hann vilji gjarnan nota vingjarnleg orð, en forðast alt samkomulag. Jeg skal nú ekkert um það fást; það er gott, að það kemur í ljós, að hæstv. ráðh. ætlar að neyta aflsmunar til þess að koma sínum brtt. á stjórnarskránni fram. En jeg vil benda honum á það, að það getur haft örlagaþrungnar afleiðingar fyrir hann. Ef hann leggur kapp á að fá sitt frv. samþykt óbreytt, þá verður afleiðingin sú, að þessi deild verður klofin í málinu, og litlar líkur eru til þess, að samkomulag náist um þær í hv. Nd. Afleiðingin af þessu verður svo auðsæ: Engin stjórnarskrárbreyting,—en kann að vera, að hæstv. ráðh. vilji það helst. Neitanir hans um samkomulag benda helst í þá átt, að honum sje sama, hvað um stjórnarskrána verður. En hitt vil jeg taka skýrt fram, að minni hlutinn hefir ávalt verið fús til þess að teygja sig til samkomulags. Minni hlutinn getur því þvegið hendur sínar, þótt málið strandi og ekkert verði úr neinni stjórnarskrárbreytingu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. minni hl. (IP) vildi gera það að formsatriði, sem jeg hafði á móti lengd kjörtímabilsins eftir þingrof. Það var auðvitað efnisákvæði. Það er óhentugt ákvæði, og jeg benti á það, að hægt væri að ná hugsun hv. flm. á annan hátt. Mjer þótti leitt, að hv. þm. tók þeirri bendingu svo þunglega, en jeg vona, að hann við rólega athugun sjái, að það er betri leið. Að því er snertir samkomulagsfýsi mína, þá er það nú svo, að sá flokkur, sem hv. frsm. tilheyrir, er ekki í meiri hluta í Nd., svo jeg hefi enga trygg-

ingu fyrir því, að þær brtt., sem hann stingur upp á í þessu máli, hafi meira fylgi í Nd. heldur en tillögur þær, sem felast í stjórnarfrumvarpinu. Það er því ekki nema eðlilegt, að jeg óski þess, að frv. fari til Nd. í þeirri mynd, sem jeg tel besta. Það sannar ekkert um það, að jeg sje ófús til samkomulags, ef meiri hluti hv. Nd. felst ekki á þá tilhögun. Það er ekki rjetta leiðin til samkomulags að ganga inn á eitthvað hjer, sem ekki er víst, að nái samþykki Nd. Mín endanlega afstaða til samkomulags verður að bíða þangað til vitneskja er fengin um undirtektir Nd.

Um hinar brtt. á þskj. 272, 2., 3. og 4., skal jeg vera stuttorður. Jeg hefi tekið það fram við fyrri umræður um þetta mál, að stjórnin væri því mótfallin, að tekin væru inn í þetta frv. ákvæði, sem vitanlega væri mikill ágreiningur um og ekki hefði komið í ljós, að nauðsyn bæri til. Þetta á við um þessar þrjár brtt. Þær orka allar mjög tvímælis, svo ekki sje fastar að orði kveðið, og ekki til neinna bóta fyrir lífsvonir frv. að setja þær þar inn. Með því að svifta sýslumenn og bæjarfógeta kjörgengi virðist mjer gengið fullnærri um val á nýtum starfskröftum til þingstarfa. Þetta eru menn með lögfræðilega sjermentun og mikla reynslu, sem að gagni má koma við þingstörf og lagasetningu. Á jeg þar ekki svo mjög við dómarareynslu þeirra, heldur reynslu þeirra að því er snertir umboðs- og sveitarstjórn, en sú reynsla er mikils virði fyrir löggjafarstarfsemina. Hættan á, að þeir verði hlutdrægir, er minna tilfinnanleg með þá en ýmsar aðrar stjettir. Að því er snertir dóma, sem þeir dæma, þá má skjóta þeim til æðri rjettar, og ætti það að vera nokkur trygging fyrir því, að þeir sjeu ekki hlutdrægir. Þá fara og öll þeirra störf fram í heyranda hljóði og eru því undirorpin þeim leiðrjettingum, sem dómur almennings veitir, og er það einnig aðhald fyrir þá. Öðru máli er að gegna t. d. um læknastjettina. Sjúklingurinn, sem á líf sitt undir læknum, getur ekki áfrýjað til æðri rjettar, ef einhver mistök verða á læknishjálpinni, hvort sem það nú er óviljaverð eða hlutdrægni, sem veldur. Viðskifti læknis og sjúklings fara venjulega ekki fram í heyranda hljóði. Þar er oft enginn til frásagnar. Það virðist því ekki vera ástæða til þess að banna sýslumönnum og bæjarfógetum þingsetu frekar en t. d. læknum. Það er meira sannmæli að banna bankastjórum þingsetu. Mjer virðist mega draga þá ályktun af reynslunni, að af þingsetu bankastjóranna geti stafað hætta og óþægindi fyrir stofnanir þær, sem þeir stýra, og sýnist vera rjett að hlífa þeim við því.

Um flutning Alþingis til Þingvalla get jeg sagt það, að það mál var mikið rætt hjer í Nd. í fyrra, en tillaga, sem laut að undirbúningi þess, var feld, og hætt er við, að það mál hefði ekki meira fylgi nú. Það er eitt, sem formælendur þess máls virðast ekki hafa komið auga á, sem sje það, að það er óhjákvæmilegt, að stjórnin hafi aðsetur sitt á Þingvöllum um þingtímann. En þær byggingar og umstang, sem af því leiddi, mundi hleypa kostnaðinum fram úr öllu hófi. Þing er hvergi í heiminum haldið annars-

staðar en þar, sem stjórnin hefir aðsetur, enda mundi afgreiðsla sumra mála ekki ganga greiðlega, ef stjórnarskrifstofurnar með tilheyrandi skjalasöfnum væru ekki nálægar.

Ekki get jeg heldur fallist á síðustu brtt., um að ræða fjárlögin við þrjár umræður í sameinuðu þingi. Sú tilhögun veitir ekki næga tryggingu fyrir góðri afgreiðslu fjárlaganna. Hitt atriðið, að láta fjárveitinganefndirnar koma saman fyrir þing til þess að stytta setu þingsins, hygg jeg, að ekki sje framkvæmanlegt nema annaðhvert reglulegt þing. Enda eru auðsæir erfiðleikarnir á þessu, þegar engin vissa er um endurkosningu. En þýðing þessa sparnaðar verður lítil, þegar ekki er gert ráð fyrir þingi nema annaðhvert ár.

Jón Baldvinsson: Í raun og veru getur maður sagt, að sömu gallarnir sjeu á brtt. minni hl. og á 5. gr. stjfrv. En til þess að þetta verði að því gagni, sem tilætlunin er, hefði átt að setja bráðabirgðaákvæði inn í stjórnarskrána um það, að ef stjórnin ætlar að láta ákvæðið um varamennina ganga í gildi, þá hefðu átt að koma inn ákvæði um stundarsakir, sem næðu til landsk. þm., sem kosnir eru eftir eldri ákvæðum.

Samskonar bráðabirgðaákvæði ættu að vera við brtt. minni hl., sem segðu til um það, hvenær þessar tvennar kosningar færu fram saman í fyrsta sinni. Þetta hvorttveggja eru formgallar. Og það væri meiningarlítið af stjórninni að breyta þessu, ef það ætti ekki að gilda um þá, sem áður eru kosnir. Þegar nú er verið að breyta stjórnarskránni, væri ekki úr vegi að gera sjer grein fyrir því, hvað þýða orðin í síðari málslið 5. gr., sem segja, að þegar landskjörinn þingmaður forfallast, skuli varamaður hans taka þingsæti hans. Það væri ekki úr vegi, að hæstv. forsrh. skýrði, hvað stjórnin á við með þessu ákvæði. Jeg veit það vel, að þetta er tekið upp úr eldri stjórnarskrá, en það var sett inn í hana vegna deilu, er reis upp, þegar Hannes Hafstein hætti að sitja á þingi og varamaður hans kom í hans stað. En það er rjett að ræða um það, hvort í þessu á að felast það, að landsk. þm. geti vikið af þingi og komið aftur, eða hvort hann fari endanlega frá, ef hann einu sinni hefir vikið af þingi og varamaður hans komið í hans stað. Þetta þarf að gera sjer ljóst, og sje stjórnarskráin hjer ekki nógu ljós, þarf að lagfæra það. Það er ekkert sagt um það, á hvaða hátt varamaður á að koma, ef aðalmaður forfallast. Það gæti meira að segja verið ástæða til að ræða það, hvort landsk. þm. getur farið í eitthvert kjördæmi, verið þm. þess út kjörtímabilið og svo tekið aftur sæti sitt sem landskjörinn. Það er rjett að athuga, hvað felast á í þessum ákvæðum.

Þótt jeg hafi nú rætt um þetta og fleiri brtt. við frv., þá er það ekki af því, að jeg ætli að veita frv. fylgi mitt, heldur tel jeg rjett, að um það sje rætt, hvað í hinum einstöku ákvæðum frv. eigi að felast, því að skyldi svo óheppilega vilja til, að frv. slampaðist gegnum þingið, þá er betra að vita, hvað verið er að fara með, til þess að þurfa svo ekki að fara að breyta stjórnarskránni aftur á næsta þingi.

Annars felast í frv. ákvæði, sem flestöll miða að því að minka áhrif

þjóðarinnar á þingið. Það er fyrir áhrif, sem komin eru annarsstaðar frá og sem gætir meira í hinum minna mentuðu Suðurlöndum, þar sem þingræðið er ekki haft í eins miklum heiðri og í hinum betur mentuðu löndum Norður-Evrópu. Þessi hugsun, að fjarlægja þjóðina þinginu, er flutt inn alveg ótolluð sunnan úr löndum með Spánarvínunum. Og þessara suðrænu áhrifa gætir hjer, vegna þess að ýmsir menn hafa litið aðdáunaraugum til stjórnarherranna suður þar.

Fyrrum tíðkuðust suðurgöngur, þegar æðsti yfirmaður kirkjunnar sat í Rómaborg. Þá fóru menn til hans til þess að sækja sjer trúarstyrk og fá aflausn synda sinna. En á síðustu tímum hafa ýmsir stjórnarherrar tekið upp þessar suðurgöngur, ekki til þess að fá aflausn synda sinna hjá páfanum, heldur til þess að heimsækja hinn mikla íhaldspostula í Rómaborg, Mussolini, til þess að fá nýjan styrk og nýjar skoðanir í stjórnmálum. Ein slík suðurganga var farin rjett fyrir síðustu kosningar, þegar einn helsti stjórnmálamaður þessa lands fór suður til þess að nema stjórnfræði Mussolinis. (**Forsrh. JÞ:** Þeir voru nú fleiri en einn; hv. þm. má ekki gleyma forseta sameinaðs þings). Jú, fleiri en einn fóru, sumir þeirra hafa staðist freistingarnar, aðrir fjellu fyrir þeim. En hjá þessum eina virtist það falla í góðan jarðveg, sem hann heyrði og sá hjá Mussolini. Það hefir kannske verið eftir áheiti, að hann fór suður, ef hann ynni kosningarnar. Hann mun hafa fengið meira fylgi en hann bjóst við. Og ekki var það lengi að sýna sig, að hann hafði lært vel á Ítalíuferð sinni, því að strax og hann kom til Khafnar, fór hann að gera ráðstafanir um, hvernig ætti að stýra ríkinu. Hann kjöri sig í sínum eigin hug að forsrh. og fór að skipa bankastjóra og ráðstafa konungsritaraembættinu og öðru, sem hann ætlaði að haga til í sínu nýja ríki eftir hinum nýju stjórnmálakenningum sínum.

En þegar hann kom norður í kuldann, þá voru menn ekki eins ginkeyptir fyrir þessum kenningum og þessi herra hafði búist við, því að þótt hann gerði ærlega tilraun í heilan mánuð til þess að ná stjórnartaumunum, þá tókst honum það ekki að komast í efsta valdastólinn, en varð að láta sjer nægja það að setjast í 3. tröppu. Þar hefir honum nú auðnast að sitja, og jeg efast ekkert um það, að kenningar hans hinar mussolinsku hafa mátt sín mikils í stjórninni, því að frv. hennar bera þess merki, þótt jeg ætli ekki að hrella hann með því að nefna þau. En þessu hefir nú haldið áfram og lukkan verið sú, að nú er hann orðinn æðsti maður þjóðarinnar. Og nú á að fara að „praktisera" Mussolini. Og það fyrsta af því tægi, sem í þá áttina gengur, er stjórnarskrárfrv., sem hjer liggur fyrir. Það færir völdin í landinu í hendur tveggja manna um lengri tíma, svo að þjóðin hefir ekkert að segja. Verði það ofan á, að þing verði aðeins annaðhvert ár, þýðir það einræði stjórnarinnar um allar athafnir hennar, sem er í fullu samræmi við stjórn Mussolini, að lofa stjórnarherranum að ráða mestu um allar framkvæmdir. Næsta sporið verður svo auðvitað það að senda þingið heim. En það, sem hjer er byrjað á,

er 1. sporið. Og þetta er sú framkvæmd, sem á ítök í stærstu flokkum þingsins, þótt merkilegt sje. Og annar þessara flokka, Framsóknarflokkurinn, virðist láta sjer þetta vel líka. En samt hefi jeg grun um, að þeir ætli ekki allir í þeim flokki að vera þessu máli trúir, þótt þeir láti ekki annað uppi en að þeir vilji samþykkja frumvarpið.

Það er stundum sagt, að við megum ekki gera þetta eða hitt, vegna þess, hvernig litið yrði á það hjá öðrum þjóðum. En ef nú má marka það, sem stendur í frjálslyndum blöðum á Norðurlöndum um þetta mál, þá er það að segja, að yfir þessu stjórnarskrárfrv. hæstv. stjórnar er kveðinn upp hinn harðasti dómur af þeim blöðum og kalla frv. eitt hið svartasta íhald, að flytja þingið undan áhrifum þjóðarinnar og minka vald þess. Og þau álíta þetta vera spor í öfuga átt við það, sem allar Norðurlandaþjóðirnar nú keppa að. Samþykt þessa frv. myndi gefa þeim til kynna, að hjer á landi rjeði þjóðin engu, heldur ráði hjer öllu fáeinir stjórnarherrar, er láti þingið ekki koma saman nema örsjaldan. Þetta gæti hæglega orðið til þess, að þeir tortrygðu okkur um, að við værum að hneigjast í einveldisáttina, til þess stjórnskipulags, sem þeir fordæma, en sem tekið hefir verið upp á Spáni og Ítalíu.

Að þetta stjórnarskrárfrv. sje eitthvað í sambandi við stjórnarfarið suður á Ítalíu, það gæti gefið ljósa hugmynd um atvik, sem nýlega kom fyrir hjer í Reykjavík. Einn af okkar sögufróðu mentamönnum í Íhaldsflokknum hjelt fyrirlestur um Mussolini, og þar sem þessi maður er sögufróður, hafði hann út frá þekkingu sinni á veraldarsögunni kynt sjer slíka menn sem Mussolini, að þeir hvorki yrðu langgæðir nje að þjóðunum stæði gagn af þeim, enda þótt þeim tækist að skapa sjer orðróm í bili, því að er til lengdar ljeti, hefðu þjóðirnar ekkert annað en bölvun af þeim. Og þessi maður lýsti Mussolini með dökkum litum út frá söguþekkingu sinni. Nú er mjer sagt, að hæstv. forsrh. hafi risið öndverður gegn þessum manni og þeim dómi, er hann hafði felt, og mótmælt honum, og ennfremur að fjölmargir íhaldsmenn hafi líka látið mjög illa yfir honum. Þetta virðist benda til þess, að hæstv. ráðh. ætli að semja sig að siðum Mussolini og íhaldsins í Rómaborg og að stjórnarskrárfrv. hans sje fyrsta sporið í þá átt. Hann reyndi einu sinni að ná völdum, og einu sinni áður er búið að breyta stjórnarskránni. Þetta er 3. tilraunin, og ráðherrann verður líklega til þess hún takist að gera áheit og segja eins og Hrafn inn rauði í Brjánsbardaga, þegar honum þótti hann nauðulega staddur: „Runnit hefir hundr þinn, Pjetr postoli, til Róms tvisvar ok myndi renna hit þriðja sinn, ef þú leyfðir". Eitthvað þessu líkt get jeg til, að renni í hug ráðherranum, og það getur verið, að hann þurfi að fara þrisvar til Ítalíu til þess að komast að fullri niðurstöðu með það, hvernig ætti að breyta stjórnarskrá Íslands í íhaldsáttina.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ómögulega gert hv. 5. landsk. (JBald) það til geðs að fara að ræða hjer um 5. gr. frv., því að jeg veit ekki til, að nokkur brtt. liggi fyrir

við hana. Hv. þm. hefir hjer gefið lögskýringu á ákvæði, sem sannarlega er í núgildandi stjórnarskrá, sem jeg álít alls ekki tímabæra. Það er engin gleymska, að ekkert bráðabirgðaákvæði hefir verið sett inn um varamenn þeirra þingmanna, sem kosnir verða áður en þetta frv. verður að lögum. Eftir því sem tilstilt er í frv. líður skamt til kosninga, og alt, sem þyrfti að ákveða, mætti setja í kosningalög, sem setja þyrfti á því sama þingi og stjórnarskráin verður til fullnustu samþykt. En með þeim kosningalögum er auðvitað ekki hægt að breyta kjörtímabili þeirra þingmanna, sem búið er að kjósa.

Það var ánægjulegt að hlusta á þessa skemtilegu sögu, sem hv. þm. fór að segja af flokksbróður sínum Mussolini, sem var eldrauður sósíalisti þangað til hann tók stjórnartaumana, og á frásögn hans af viðkynningu minni af hinu fagra landi. Jeg sje enga ástæðu til að spilla þeim hugmyndum, sem hv. þm. hefir um þetta. Jeg þarf svo aðeins að leiðrjetta það, sem hv. þm. sagði, að jeg hafi jafnvel áður en jeg kom til landsins úr suðurför minni farið að ráðstafa ýmsum embættum, t. d. bankastjóraembætti og jafnvel konungsritaraembættinu. Þetta er algerður hugarburður, og hafi verið reynt að fá loforð frá mjer, þá hefi jeg látið alla þá menn, er þeirra hafa leitað, synjandi frá mjer fara. (**JJ:** Ekki sá, sem fjekk það). Jú, með öllu, og þess vegna fór sú veiting eins fram sem hún fór. Jeg vil taka undir það með hv. þm., að svo skemtilegt er að fara til Ítalíu, að jeg er sammála manninum úr Brjánsbardaga um það, að renna mundi jeg þangað 2. og jafnvel hið 3. sinn, ef mig ljetu lausan — ekki þeir djöflar — heldur þeir hv. þm., sem nú halda mjer rígföstum með sínum löngu ræðum hjer í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 272,1 tekin aftur.

— 272,2 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IP, JJ, MK, EÁ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, EJ, HSteins.

Brtt. 272,3 feld með 8:2 atkv.

— 272,4—6 teknar aftur.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 2).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þetta stjfrv. til stjórnskipunarlaga hefir legið fyrir háttv. Ed. og kemur þaðan óbreytt eins og stjórnin lagði það þar fram. Aðalbreytingarnar, sem frumv. gerir á núverandi stjórnarfyrirkomulagi, eru þær, að reglulegt Alþingi skuli haldið annaðhvert ár og fjárlög þannig sett til tveggja ára, og breyting gerð á landskjörinu í þá átt, að landskjör skuli fara fram samtímis almennum kjördæmakosningum í landinu. Þetta eru höfuðbreytingarnar. Í sambandi við þær er svo stungið upp á, að kjörtímabil hinna landskjörnu og einnig hinna kjördæmakjörnu skuli vera 6 ár.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um fyrri

breytinguna, þing annaðhvert ár, því að það mál hefir verið til umr. hjer á þingi fyrir fám árum, og einnig hefir það verið mikið rætt bæði í blöðunum og á þingmálafundum. En hin breytingin er aftur á móti nýmæli, sem ekki hefir legið fyrir þinginu áður. Ástæðurnar til þessa eru þær, að stjórnin, eins og landsmenn yfirleitt, hefir fundið til þess, hve óeðlileg fyrirhöfn og kostnaður það er að hafa fjórða hvert ár almennar kosningar um alt land til þess að kjósa eina þrjá þm. Menn fundu sjerstaklega til þessa síðasta sumar, er slík landskjörskosning fór fram, og þó einkum þegar þar við bættist, að það vildi svo til, að sama sumar þurfti að fara fram aukakosning til landskjörs vegna fráfalls eins landsk. þm., en varamaður hans var fallinn frá áður. — Til þess að gera mönnum sem ljósast, hve óhentug tilhögunin á landskjörinu er, þá má segja, að eftir núverandi fyrirkomulagi, þó að ekki sje gert ráð fyrir aukakosningum, fari fram almennar kosningar á öllu landinu tvisvar sinnum á hverjum fjórum árum, eða að meðaltali annaðhvert ár.

Jeg tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið nú eða víkja að hinum ýmsu smávægilegu breytingum, er fram hafa komið. Stjórnin áleit ekki rjett að taka upp í frv. aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem vitað sje um með vissu, að ekki væru verulega skiftar skoðanir um, svo að það yrði ekki frv. að falli. Einnig í Ed. beitti hún sjer gegn till. einstakra þm. um aðrar slíkar breytingar, af því að henni er ant um, að aðallagfæringin, sem frv. stingur upp á, nái fram að ganga.

Tryggvi Þórhallsson: Það er ekki ástæða til þess að stofna til langrar umr. um málið nú, enda hefði jeg ekki tekið til máls, ef ekki hefði verið gefið tilefni til þess með síðustu orðum hæstv. forsrh. (JÞ). Hann sagði, að landsstjórnin hefði forðast að taka þau atriði upp í frv., er ætla mætti, að ágreiningur væri um og gæti hindrað framgang málsins. En jeg álít, að hæstv. landsstjórn hafi einmitt ekki gert þetta, sem hæstv. ráðh. sagði. Stjórnin hefir tekið upp í frv. atriði, sem mikill ágreiningur er um, og það er lenging kjörtímabilsins. Það er atriði, sem jeg er viss um, að meiri hl. þjóðarinnar er andvígur, og það er spor aftur á bak. Jeg vona samt, að bak við ummæli hæstv. forsrh. sje vilji til þess að koma fram atriðinu um þing annaðhvert ár.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Í frv. er stungið upp á þeirri málamiðlun, að kjörtímabil hinna kjördæmakosnu lengist um tvö ár, en kjörtímabil hinna landskjörnu styttist um tvö ár. Jeg skal út af ummælum hv. þm. Str. (TrÞ) segja það, að jeg tel sjálfsagt, ef breyting er gerð á stjórnarskránni á annað borð, að gera slíka breytingu eða lagfæringu á landskjörinu, að ekki þurfi að stofna til aukakosninga að meðaltali annaðhvert ár. Er það sjálfsögð breyting. En hvernig menn vilja svo hafa kjörtímabilið, er ekkert aðalatriði og má ekki skoða sem beint skilyrði fyrir því, hvað ofan á verður um lenging kjörtímabilsins. Stjórnin hefir nú stungið upp á, að sanngjarnt væri að stytta það að nokkru og lengja að nokkru. En um það má ræða og verð-

ur náttúrlega athugað hjá nefnd þeirri, er hjer hefir verið kosin og fær mál þetta til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 416 og 417).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það er dálítið óþægilegt fyrir mig að eiga að hafa orð fyrir hv. meiri hl., þar sem jeg mun því minst fylgjandi allra nefndarmanna að gera að þessu sinni breytingar á stjórnarskránni, a. m. k. þær breytingar, er frv. hæstv. stjórnar gerir ráð fyrir. — Eins og hv. þd. er kunnugt, eru nokkur ár síðan farið var að hreyfa því, að breyta þyrfti stjórnarskránni þannig, að Alþingi yrði aftur háð einungis annaðhvert ár. Álíta menn, að allmikinn sparnað megi af þessu leiða, og er nú svo að sjá, sem kjósendur sjeu því allalment fylgjandi. Því gat jeg (með skilyrðum þó) fallist á, að tilraun verði gerð í þessa átt, enda þótt jeg sje persónulega sannfærður um það, að ekki verður langt að bíða þar til fjárlagaþing verður aftur á hverju ári. Þótt einhver sparnaður verði af þessu, er jeg viss um, að í reyndinni verður hann ekki líkt því eins mikill og fylgismenn frv. gera sjer vonir um. Þingið hlýtur að verða lengra, er starf þess eykst, sumpart af því, að meira verk er að setja fjárlög fyrir tvö ár en eitt, og sumpart af því, að almenn löggjafarstörf hljóta að aukast, ef ekki eru eilíf aukaþing. Og mjer virðist það í sjálfu sjer mjög eðlilegt, að þingtíminn verði lengri, eftir því sem löggjafarstörfin verða fjölbreyttari. Jeg álít það því tvímælalaust spor í öfuga átt, beina afturför frá því, sem nú er, að hafa þing aðeins annaðhvert ár. — Yfir því hefir verið kvartað, og ekki síst af ráðherrum á ýmsum tímum, að erfitt sje að búa til fjárlagafrv. fyrir eitt næsta ár, svo sem nú er, ekki síst sakir þess, hve löngu áður þarf að ganga frá frv. heldur en það gengur í gildi. Einu sinni bar hæstv. núv. forsrh. (JÞ) fram till. um að breyta fjárhagsárinu, mest af þessum ástæðum. Hún náði ekki fram að ganga, sakir þess, að ekki þótti víst, nema sumarþing yrðu aftur upp tekin, en því fyrirkomulagi gat frv. hæstv. ráðh. (JÞ) illa samrýmst. Verði því slegið föstu að hafa þinghald á þeim tíma, sem nú er, tel jeg sjálfsagt að breyta fjárhagsári í samræmi við þessa till. — Nú ætti það að liggja í augum uppi, þegar svo erfitt er að semja fjárlagafrv. fyrir eitt ár, að margfalt erfiðara verður að semja það, ef öðru ári er bætt við. En þar sem jeg hefi nú fallist á það til samkomulags, að fyrirkomulag frv. sje reynt um sinn, mun jeg ekki fara lengra út í þetta. — Jeg hlýt að bregðast þeim vonum, sem sumir háttv. meðnefndarmenn mínir kunna að hafa gert sjer um, að jeg mælti fyrir þessari breytingu með rökum. Það er einfaldlega af því, að jeg kann engin rök fyrir henni.

Öðru máli er að gegna um hina aðaltill. meiri hl., þá, að leggja niður

landskjörið. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að landskjörið sje mjög óheppilegt fyrirkomulag. Upphaflega var því ætlað að koma í stað konungkjörsins, sem áður var. En það sjer hver maður, að það getur það ekki gert. Konungkjörnir þm. voru skipaðir af stjórn landsins og höfðu það hlutverk að styðja hana og mynda festu í þinginu. Jeg er ekki að halda því fram, að þetta hafi verið heppilegt fyrirkomulag, eða að æskilegt væri að taka það upp af nýju. Jeg er aðeins að sýna, hve ólíkt það er landskjörinu, sem nú er. Reynslan hefir sýnt, að ráðagerðir þær, sem í upphafi voru um, að kosnir yrðu í landskjöri reyndir stjórnmálamenn og gamlir þingmenn, hafa algerlega orðið að engu. Það er upp og ofan, svo sem um aðrar kosningar, og ráða flokksstjórnirnar mestu um það, hverjir boðnir eru. Með frv. hæstv. landsstjórnar færist skipulag landskjörsins enn fjær því, sem upphaflega var áformað, því að landskjörnir þm. eiga að kjósast til sama tíma og aðrir þm. og þingrof einnig að ná til þeirra.

Mjer finst, að úr því að farið var að breyta, þá hefði átt að stíga sporið fult og hafa sama kosningaaldurstakmark. Jeg þarf ekki að leiða rök að því, að sparnaður sje að því að fella niður landsk. þm. Með því er þm. fækkað um $^1/_7$, og þó kostnaðurinn minki auðvitað ekki að sama skapi, þá lækkar þó þingfararkaupið að mun. Líka má búast við því, að prentkostnaður lækki o. fl. Jeg get lýst yfir því, að meiri hl. nefndarinnar er þessu eindregið fylgjandi og getur ekki fallist á, að ástæður minni hl. þessu víkjandi sjeu að nokkru hafandi. Hann ber því við, að með þessu sje málinu stefnt í voða. En það er ekkert upp úr því leggjandi. Það er nógur tími fyrir þessa deild að athuga, hvað fast hún á að halda í þetta atriði, þegar hún hefir sjeð, hvernig hv. Ed. snýst við því. Þá segir hann, að þetta muni ennfremur ýta undir kröfurnar um breytta kjördæmaskipun. Jeg fæ ekki sjeð, að þær styrkist, þó landskjörið verði felt niður. Það má gera ráð fyrir því, að þm. verði fjölgað eitthvað áður en langt líður, og því frekari ástæða er til þess að samþykkja þessa brtt., svo þm. verði ekki fleiri en þeir eru nú. Jeg held, að það sje heppilegra fyrirkomulag, að þm. sjeu kosnir í einstökum kjördæmum, heldur en þeir sjeu kosnir með hlutfallskosningum um land alt eða í stærri kjördæmum. Jeg held, að með því fái einstaklingarnir betur að njóta sín og þjóðinni sjeu með því trygðir betri þm. Þegar um hlutfallskosningar er að ræða og kjördæmin eru stór, þá taka flokksstjórnirnar í raun og veru ráðin af kjósendunum. En með því fyrirkomulagi, sem nú er, getur slíkt ofbeldi ekki þrifist, sem það mundi ella gera. Það er gert ráð fyrir því, að nokkrir menn úr nefndinni komi fram með brtt. við 3. umr. um, að ekki megi breyta því með einföldum lögum, að þing skuli aftur haldið á hverju ári, og ef til vill um fleiri atriði. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg er þeim brtt. andvígur, og geri það meira að segja að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv., að ákvæðin um þetta efni sjeu eins og þau eru nú í stjfrv., að þessu megi breyta með einföldum lögum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg held, að við frsm. meiri og minni hl. hefðum getað komið okkur saman um að taka ekki til máls, því að hv. þm. forðast eins og heitan eldinn að vera hjer inni í salnum, er rætt er um þetta mál. **(KlJ:** Já, það er alveg dæmalaust, hvernig mennirnir geta hagað sjer).

Á þinginu 1919 var það lögtekið, að fjárlagaþing skyldi háð árlega og kjörtímabilið sett 4 ár og þing á hverju ári, í stað 6 ára áður með 3 þingum. En þá hafði um nokkurra ára bil, eða frá 1911, verið háð þing á hverju ári. Fyrst ollu þessu breytingar á stjórnarskránni, en svo skall ófriðurinn á, en þá þótti það óhjákvæmilegt að hafa þing á hverju ári. Til þessara atburða, einkum þó þess ástands, er af ófriðnum leiddi, átti það rót sína að rekja, að till. komu fram um það á þinginu 1919, að reglulegt fjárlagaþing skyldi háð árlega. Þetta náði samþykki þings og þjóðar með þeim hætti, sem lög standa til um breytingar á stjórnarskránni. En nokkuð voru þó skiftar skoðanir um þessa breytingu. Á þinginu 1919 komu fram í báðum deildum till. um að breyta þessu þannig, að hin gömlu ákvæði um reglulegt þing annaðhvert ár hjeldust áfram. Var því haldið fram, að ekki væri rjett að draga þá ályktun af þeim atburðum, sem hefðu orðið þess valdandi, að þing hefði verið haldið á hverju ári þá um nokkurt skeið, að óhjákvæmilegt væri, að svo skyldi og vera framvegis. Það var og á það bent, að þó miklar breytingar hefðu orðið á atvinnuháttum landsmanna, þannig að framleiðsla, verslun og framfarir hefðu aukist mikið, þá væri það þó engan veginn svo, að breyting og aukning á löggjöfinni annaðhvert ár þyrftu nokkuð að standa í vegi aukinna framfara og aukinnar fjölbreytni atvinnulífsins. Einnig var því haldið fram, að slík breyting mundi auka mjög útgjöld ríkissjóðs, beint og óbeint, — beint með auknu þinghaldi og óbeint með því að opna fjárlög á hverju ári. Einnig var ekki mikið úr því gert, sem þá var mjög á lofti haldið af þeim, sem að stjórnarskrárbreytingunni stóðu, að með þinghaldi á hverju ári mundu þingin verða miklu styttri en ella.

Jeg held, að það megi nú nokkurnveginn með sanni segja, að þær ástæður, sem bæði jeg og þeir aðrir, sem stóðu á móti þessari breytingu á stjórnarskránni 1919, hjeldu þá fram, hafi nokkurnveginn ræst. Það verður ekki annað sjeð en að fullkomlega hefði verið hægt að fullnægja þörfum landsmanna með breytingum á löggjöfinni, þó þing hefði ekki verið haldið nema annaðhvert ár. Kostnaðurinn við þinghaldið hefir sem kunnugt er orðið geysimikill, og síst minni en áður; 1921 var hann 384 þús. kr., en færðist niður í 202 þús. kr. 1924. Um óbeina kostnaðinn, sem af því leiðir, að fjárlög eru opnuð árlega, er vitanlega hægt að segja það, að hann er geysimikill. Ákveðnar tölur er að vísu ekki hægt að telja fram því til sanninda. En hitt er víst, að eftir því, sem sá hugsunarháttur eykst, sem nú bólar orðið mikið á, og má benda á æði-

marga staði í fjárlögum síðustu ára því til sönnunar, þó ekki sjeu nú nefndar allar umsóknirnar, sem þinginu berast árlega, — að menn í stað þess að sækja brauðið í skaut náttúrunnar, heimta fjárframlög úr ríkissjóði til allra hluta. Einkum gera þeir menn þetta, sem lifa í hugsjóna- og draumóraheimkynnum, sem litla eða enga stoð eiga í veruleikanum. Þess vegna er ekki hægt að komast framhjá því, að óbeini kostnaðurinn við þinghald á hverju ári hefir verið og mun verða mun meiri heldur en ef þing væri ekki háð nema annaðhvert ár.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að þingin mundu verða lengri, ef þau væru ekki haldin nema annaðhvert ár. En jeg held, að ekki sje mikil ástæða til þess að óttast það. Þingin síðan 1919 hafa, svo sem kunnugt er, síst verið skemmri en þingin næstu þar á undan, þar sem fjárhagsáætlun var gerð til tveggja ára. Enda er það augljóst mál, að það er enginn geysimunur á því fyrir þingið að afgreiða fjárlög til eins eða tveggja ára, en hitt er vitanlegt, að það liggur nokkuð meira verk í undirbúningi fjárlagafrv., sem grípur yfir tveggja ára fjárhagstímabil, af hendi stjórnarinnar heldur en þegar ræða er um fjárlög fyrir eitt ár. En þess ber líka að gæta, að stjórnin hefir ólíkt betri tíma til þess að undirbúa fjárlagafrv. og önnur lagafrv., ef þing er ekki háð nema annaðhvert ár, en það út af fyrir sig ætti að verða til þess að skapa meiri festu og öryggi í löggjafarstarfinu, eins og bent er á í nál. minni hlutans. Einnig koma inn í þingið alveg jafnt þó þing sje háð á hverju ári ýms mál, sem eru þannig vaxin, að þau geta ekki náð samþykki, en veltast eigi að síður fyrir og valda töfum á afgreiðslu annara mála, og verða þannig til þess að lengja þingið.

Með þessu, sem jeg nú hefi sagt, virðast mjer vera leidd rök að því, að þeir, sem voru á móti þessari stjórnarskrárbreytingu á þinginu 1919, hafa getið sjer rjett til um það, hvernig fara mundi um þessa breytingu. Enda fór það svo, að þess var ekki langt að bíða, að það færu að heyrast óánægjuraddir með þetta fyrirkomulag meðal þjóðarinnar. Á þingunum 1923 og 1924 komu fram ýmsar till. til breytinga á stjórnarskránni, þar á meðal að hafa þing ekki nema annaðhvert ár, en þær breytingar náðu þá ekki samþykki. Annars er gangi þessa máls lýst í aths. við stjfrv., og þarf því ekki að fara nánar út í það hjer.

Nú á þessu þingi eru komnar fram ekki færri en 3 till. til breytinga á stjórnarskránni, ein frá hæstv. stjórn og tvær frá þm. í Nd. Stjfrv. hefir nú gengið í gegnum Ed. og liggur nú hjer fyrir til umræðu. Það má sjá af nál. meiri og minni hl. stjórnarskrárnefndarinnar, að nefndin hefir ekki getað komið sjer saman. Það sjest nú af nál., hvað það er, sem á milli ber, og auk þess hefir háttv. frsm. meiri hl. (JakM) gert grein fyrir skoðun meiri hlutans. Frá mínum bæjardyrum sjeð, þá tel jeg það æskilegast, að breytingar hæstv. stjórnar á stjórnarskránni næðu fram að ganga. Þó get jeg verið því samþykkur, að heimildin til þess, að ákveða megi með einföldum lögum, að reglulegt þing skuli háð á hverju ári, verði feld niður úr frv. Með því móti er það betur trygt, að ekki sje

verið að hringla með þetta aftur og fram, þó jeg geri nú ekki ráð fyrir því, að þeir, sem hafa tilhneigingu í þá átt, verði í meiri hluta nú um alllangt skeið. Það má vel sjá fyrir löggjafarstarfinu með þinghaldi annaðhvert ár, og jeg tel enga ástæðu til þess að gera mönnum auðveldara fyrir með að breyta því, heldur láta slíkt hlíta ákvæðum stjórnarskrárinnar. Brtt. um þetta efni, að fella niður síðustu málsgrein 1. gr. frv., mun koma fram við 3. umr. Jeg veit ekki betur en að með því samkomulagi, sem náðist í nefndinni, þá væru allir nefndarmenn með þessari breytingu um þinghald annaðhvert ár. Því kemur mjer undarlega fyrir sjónir ein klausa í nál. meiri hl. En hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „En auk þess er það skilyrði fyrir fylgi meiri hluta nefndarinnar við frv., að enn frekari breytingar verði gerðar á þinghaldinu en stjórnarfrv. gerir, einnig í þeim tilgangi að draga úr þingkostnaðinum". Hjer er vitanlega átt við þá breytingu að leggja niður landskjörið. Jeg vona, að hjer sje of mikið sagt, því það gæti svo farið, að með þessu væru brotnar allar brýr að því, að höfuðatriði þessa frv., þinghald annaðhvert ár, nái fram að ganga.

Þá hefi jeg gert grein fyrir fyrstu höfuðbreytingunni, sem felst í þessu frv. Er þá næst að minnast á þá breytinguna, sem stendur í mjög nánu sambandi við breytinguna um að halda reglulegt þing aðeins annaðhvert ár, það er breytingin á kjörtímabilinu, að það skuli vera 6 ár, í stað 4 nú, og kosið til þriggja þinga eins og áður var, meðan reglulegt þing var ekki háð nema annaðhvert ár og fjárhagstímabilið var 2 ár. Það er ekki að öllu leyti rjett, sem haldið hefir verið fram, að með því að ákveða kjörtímabilið eins og hjer er lagt til, þá sje þar með verið að draga valdið úr höndum kjósenda. Það er ekki rjettmætt að draga þá ályktun af þeim forsendum.

Samkvæmt þessu fyrirkomulagi, sem hjer er lagt til, taka hinir kjörnu þm. ekki þátt í löggjafarstörfum nema á 3 þingum á kjörtímabilinu, í stað þess, að þeir gera það nú á 4 þingum, en við þá tímalengd, sem ætluð er til löggjafarstarfsins á hverju kjörtímabili, verður vitanlega fyrst og fremst að miða, þegar talað er um vald kjósendanna hvað þetta snertir. Það má því með jafnmiklum rjetti segja, að vald kjósendanna sje aukið með þessari breytingu að því leyti, sem þá verða ekki nema 3 þing á kjörtímabilinu, í stað 4 nú, eins og að halda því fram, að það skerði rjett kjósendanna, að kjörtímabilið skuli ná yfir fleiri ár. Mjer finst því, að það megi a. m. k. líta svo á, að þetta vegi hvað upp á móti öðru. En úr þessu er í sjálfu sjer ekki svo mikið gerandi, að ástæða sje til að setja sig upp á móti breytingunni þess vegna. Ekki hvað síst þegar litið er á það, hvað þjóðir, sem hafa miklu þroskaðra þingræði en við, gera í þessu efni. Í Englandi er þannig kosið til 6 eða 7 ára og í nágrannalöndum vorum til 4 ára og þing háð á hverju ári. Stafar það af því, að það er ekki talið heppilegt fyrir afgreiðslu þingmálanna, að altaf sje kosningaeldur uppi í landinu, þó að hinsvegar sje nauðsynlegt að hafa kosningar á hæfilegum fresti, til þess að menn fái

tækifæri til þess að hugsa um þjóðmál. Þessi breyting verður því að teljast rjett.

Þá kem jeg að 3. höfuðbreytingu frv., um að kjörtímabil landsk. þm. er stytt í 6 ár úr 8 árum og að þingrof nái einnig til þeirra. Er því að því leyti, sem haldið er fram, að íhlutunarrjettur kjósenda sje skertur að því er snertir kjördæmakosna þm., þá má segja, að hann sje aukinn að því er snertir landsk. þm. með breytingu þessari. En jeg legg ekki mikið upp úr því. Hinsvegar tel jeg rjett að láta kosningu landsk. þm. fara fram um leið og hinna kjördæmakosnu. Það er ekki hægt að vekja alment áhuga manna á kosningum, þegar kjósa á aðeins 3 landsk. þm. í einu. Er því þetta fyrirkomulag heppilegra í alla staði; á þennan hátt nær sá áhugi og þátttaka, sem annars er hægt að vekja hjá kjósendum, einnig til þessara kosninga, og auk þess hefir það í för með sjer allmikinn sparnað fyrir ríkissjóð og allan almenning að sameina kosningarnar.

Þá kem jeg að 4. breytingunni, um það að fyrirbyggja, að þó að aðal- og varamaður á landskjörslista falli frá, þá þurfi að efna til nýrra kosninga. Þó að ætlast hafi verið til þess, þegar ákvæðið um þetta efni var sett í stjórnarskrána, að ekki skyldi efnt til nýrra kosninga, þegar svona stæði á, þá er orðalagið svo tvírætt, og út af því fjell á síðasta hausti úrskurður um það, að kosningar skyldu fara fram. Er því nauðsynlegt að taka upp í stjórnarskrána ákvæði, er girði fyrir þetta. Þá er og gert ráð fyrir því, að ákvæði þetta nái einnig til hinna hlutbundnu kosninga í Reykjavík, þannig að varamennirnir á hverjum lista komi til greina í stað þeirra, sem forfallast, meðan til vinst.

Þá er það enn ein brtt., sem máli skiftir og jeg hefi ekki minst á, en það er, að meiri hl. beggja deilda geti krafist aukaþings. Það getur vel verið, að þau atvik beri að höndum, að nauðsynlegt sje að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskránni.

Hitt atriðið, sem felst í 3. málsgr. 1. gr., að heimilt sje að ákveða með einföldum lögum, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega, álítur minni hl. að sje til spillis í frv. Þetta ákvæði á að vera háð hinum venjulegu ákvæðum stjórnarskrárinnar. Jeg hafði búist við, að brtt. um þetta kæmi fram frá nokkrum mönnum í meiri hlutanum, en svo hefir ekki orðið, og mun minni hl. því bera fram brtt. um það við 3. umr. að fella þetta niður úr frv.

Þá vil jeg geta þess, að jeg hygg, að það, sem jeg sagði um það ákvæði frv., að þing skuli háð annaðhvert ár, hafi annars frekar verið talað fyrir munn meiri hl. í meiri hl. í stjórnarskrárnefndinni heldur en það, sem hv. frsm. sagði um það efni, enda færði hann engin rök fram fyrir þeirri breytingu, sem ekki var heldur að vænta, þar sem hann sagðist engin slík rök hafa.

Þá kem jeg að brtt. hv. meiri hl. um það, að leggja niður landsk. þm. Jeg hefi þegar getið þess, að í nál. minni hl. er ekkert tekið af um það. nema minni hl. gæti verið því samþykkur í sjálfu sjer. En eins og málið horfir við nú, þá hefir minni hlutinn ekki sjeð sjer fært að vera með

því að bera nú fram breytingu í þessa átt. Og eins og getið er í nál. minni hl., þá hefir samskonar brtt. verið feld í hv. Ed. með 10:4 atkv., og eftir því, sem jeg hefi hlerað um afstöðu hv. Ed., þá hefi jeg ekki orðið þess var, að þar hafi nokkur breyting á orðið síðan. Er jeg hræddur um, að það gæti orðið til þess að tefla afgreiðslu málsins á þessu þingi í tvísýnu, ef þetta ákvæði væri nú sett inn í frv. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. á móti till. Jeg tel það mikilsvert atriði að geta komið fram þeim breytingum á stjórnarskránni, sem í frv. felast og vitanlegt er um, að þjóðin æskir eftir. Það væri því ekki heppilegt fyrir góða afgreiðslu þessa máls að fara nú að setja inn í frv. hjer breytingu þá, er hv. meiri hl. ber fram og jeg nú hefi talað um. Sá ótti hefir ef til vill ekki við full rök að styðjast, að það mundi skapa málinu aldurtila nú á þessu þingi, þó þessi breyting yrði samþykt hjerna; en jeg tel þó, að með því sje óþarflega djarft teflt. Háttv. frsm. gerði lítið úr þessari ástæðu og taldi, að ekki mundi annað nje hættulegra ske en að hv. Ed. feldi þetta úr frv., og það yrði svo sent aftur til þessarar hv. deildar. Þetta getur vel verið. En þar sem það er sýnt, að það er með öllu tilgangslaust að vera að samþykkja þessa breytingu hjer, þar sem vissa er fyrir, að þetta nær ekki samþykki hv. Ed., en hinsvegar ekki ugglaust um, nema þetta gæti orðið málinu að falli, þá er það langöruggast fyrir greiðum framgangi frv. að setja þetta ákvæði ekki inn í frv.

En það gladdi mig, að mjer virtist það koma fram hjá hv. frsm. meiri hl., að meiri hlutinn mundi ekki snúast á móti frv., þó þessi brtt. yrði feld, hvort heldur það væri gert í þessari deild eða hv. Ed.

Háttv. frsm. gerði lítið úr því, sem sagt er í nál. minni hl., að þessi brtt. meiri hl. yrði til þess að ýta undir kröfurnar um breytingu á kjördæmaskipuninni í landinu. En jeg hygg, að þetta, ef það yrði samþykt, þá mundi það koma á daginn, að það yrði til þess að herða á kröfunum um breytingu á kjördæmaskipuninni, því frá sjónarmiði þeirra, sem vilja byggja kjördæmaskipunina á höfðatölunni einni, er þó töluverð bót að landskjörinu. Að öðru leyti er jeg sammála hv. frsm. meiri hl. um það, sem hann sagði um breytingu á kjördæmaskipuninni. Allar slíkar breytingar eru hættulegar, og tók hv. frsm. rjettilega fram, í hverju hættan liggur.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira að svo stöddu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. meiri hl. nefndarinnar hefir tekið öðrum tökum á máli þessu en jeg hafði búist við og hafði ástæðu til að búast við. Vil jeg minna á það, að snemma á þessu þingi var borið fram frv. um breytingu á stjórnarskránni í þessari hv. deild af hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Var þá samkvæmt venju kosin stjórnarskrárnefnd, sjö manna nefnd, og var háttv. þm. Str. (TrÞ) kosinn formaður hennar. Eftir að hann var orðinn formaður nefndarinnar og hafði fengið til meðferðar frv. það, sem borið var fram hjer í hv. Nd., og vissi um, að stjórnin hafði borið fram annað frv. um breyting á stjórnarskránni í hv. Ed., þá ber þessi hv. þm. (TrÞ) fram þriðja frv.,

á þskj. 132, er fer fram á það, að halda reglulegt þing aðeins annaðhvert ár og setja fjárlög til tveggja ára. Og þó að greinargerð háttv. þm. sje ekki löng, þá má samt sjá af henni, að hann áleit, þá er hann samdi hana, þessa breytingu svo mikils virði, að ekki væri ástæða til að hafa í frv. því, sem þessi hv. deild hafði til meðferðar, önnur ákvæði, sem ágreiningur gæti orðið um og því gætu orðið frv. að falli. Jeg hafði því síst ástæðu til að búast við því, að hv. meiri hl. nefndarinnar, sem hv. þm. Str. er formaður í, og að honum meðtöldum, mundi verða til þess að bera fram brtt. við frv. stjórnarinnar, sem fara fram á enn víðtækari breytingar á stjórnarskránni en frv. stjórnarinnar, og auk þess breytingar, sem búið er að fella í hinni deildinni með 10:4 atkv. Jeg veit ekki, hvað er líklegt til þess að verða frv. að falli, ef ekki þessar brtt. hv. meiri hl. nefndarinnar. En þó tekur út yfir, er hv. þm. skrifar undir nál. meiri hl. með þeim ummælum, að það sje *skilyrði* frá hans hendi fyrir því að fylgja frv., að gerð verði sú breyting á stjórnarskránni, að landskjörið verði afnumið. Jeg hefði getað búist við því frekar, að hv. þm. Str. hefði lagt það til, að feldar yrðu úr frv. stjórnarinnar allar breytingar á stjórnarskránni, sem færu fram á annað en þinghald annaðhvert ár. En hitt sætir fádæmum, að skoðanaskifti hv. þm. skuli vera svo mikil, að hann ber nú fram brtt., sem ganga lengra en frv. stjórnarinnar og hætt er við að geti orðið frv. að fótakefli, ef of mikið kapp verður lagt á málið. Jeg skal fúslega játa það, að jeg tel brtt. nefndarinnar um afnám landskjörsins vera viðurkenningu þess, að það, eins og landsstjórnin einnig hefir fundið, sje svo mörgum göllum undirorpið eins og það nú er framkvæmt, að það sje nauðsynlegt að laga það. Stjórnin hefir í sínu frv. farið fram á þá lagfæringu á landskjörinu, sem allir ættu að geta sætt sig við, sem sje sneitt hjá því, að það þurfi að hafa sjerstaka kosningu um land alt vegna landskjörsins. Er gert ráð fyrir því, að það fari fram um leið og aðrar kosningar, og er gert ráð fyrir því, að þeir landsk. þm., sem eftir sitja í hv. Ed. frá fyrri kosningu, geti ekki við almennar kosningar orðið því til fyrirstöðu, að stefnur þær, sem rjeðu síðustu kosningu, fái notið sín í þinginu til fulls. Það er auðvitað ráðin bót á göllum þeim, sem á landskjörinu eru, með því að nema það í burtu, en þá eru líka um leið numdir á brott kostir þeir, sem því fylgja. Og þeir eru fyrst og fremst þeir, að landskjörið er nokkurskonar uppbót á kosningarrjetti manna í kjördæmum, sem fara varhluta af þm. að tiltölu. Og stjórnin álítur, að þessi breyting, sem er í stjfrv. á landskjörinu, geti nægt til þess að komast hjá almennri breytingu á kjördæmaskipuninni. Ef landskjörið er alveg afnumið, er hætt við því, að kröfur um breytingu á kjördæmaskipuninni komi frá þeim kjördæmum, sem fáa fulltrúa hafa og afskift þykjast vera, og það má búast við, að þessar raddir verði svo háværar, að ekki verði á móti staðið. Og sjerstaklega er vitanlegt, að afnám landskjörsins verður ekki til þess að fækka þingmönnum, og það verður því ekki til sparnaðar, sem er aðalástæðan, sem borin hefir verið fram,

þegar stungið hefir verið upp á því að afnema landskjörið, því um leið hefir verið stungið upp á því, að fjölga mætti þm. upp úr 36 með einföldum lögum. Fyrirstaðan fyrir því að láta eftir ósk kauptúnanna um sjerstaka þm. stafar af því, að alþingishúsið leyfir nú ekki, að fleiri þm. eigi sæti á þingi en 42, en þegar þm. hefir verið fækkað ofan í 36 með afnámi landskjörsins, þá er sú ástæða fallin í burtu og þá væri auðvelt þess vegna að fjölga þm., og yrði ekki á móti kröfum um það staðið. Jeg álít því, að till. um afnám landskjörsins, eins og hún er borin fram, mundi ekki leiða til fækkunar þm. um nokkurt teljandi árabil og ekki verða til sparnaðar. Jeg skal játa það, að þetta mundi þó vera nær sönnu, ef um leið væri felt niður ákvæðið um það, að fjölga mætti þm. með einföldum lögum; en það er svo fjarri, að hv. meiri hl. hafi komið fram með það, heldur hefir hann tekið það ákvæði úr núgildandi stjórnarskrá upp í brtt. sínar, eins og til að undirstrika, að það sje ekki tilætlunin, að það ákvæði falli burtu.

Til þess að þetta verði ekki vjefengt, skal jeg lesa upphafið á fyrstu brtt. hv. meiri hl. nefndarinnar, sem er við 26. gr. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með einföldum lögum".

Þetta er á þskj. 417. (**TrÞ:** Það stendur fleira á því þskj.). Já, það er satt, það stendur fleira í nál., og meðal annars ber það með sjer, að þeir hv. 6 þm., sem undirskrifa það, eru ærið ósammála um margt.

Annars þarf jeg litlu við það að bæta, sem hv. þm. Borgf. (PO) færði gegn því að afnema landskjörið. Rök hans voru skýr og ljós, og get jeg því leitt hjá mjer að fara frekar út í það.

Þá vildi jeg benda á, að þessir 6 hv. þm., sem skrifað hafa undir meirihl.-álitið, eru ekki aðeins ósammála um sumar þær gr. stjfrv., sem þeir gera engar breytingar á, heldur eru þeir einnig ósammála um margt það, er þeir hafa þó orðið ásáttir um að bera fram. Í nokkrum stöðum í nál. er gert ráð fyrir, að fleiri eða færri þm. úr hv. meiri hl. muni bera fram brtt. við 3. umr. En þá vildi jeg leyfa mjer að benda þessum hv. þm. á, að samkvæmt þingsköpum er það óeðlilegt að koma fram með margar efnisbreytingar við 3. umr., og það því fremur, sem það er síðasta umræða málsins hjer og í síðasta sinn, sem hv. deild getur borið fram brtt. við frv. En hjeðan fer frv. til hv. Ed., sem hefir síðasta orðið um breytingar á frv. að því leyti, að þessi deild verður við eina umr. hjer annaðhvort að fallast á frv. eins og það kemur frá hv. Ed., eða fella það.

Jeg vildi geta þessa, af því að þegar venju fremur miklar efnisbreytingar eru samþ., þá þarf oft þar á eftir að athuga frv. og lagfæra til samræmis, og er því slæmt, að slíkar breytingar komi það seint fram, að ekki gefist kostur á slíkri athugun og samræmingu. Þess vegna vildi jeg mega skjóta því til þessara 6 hv. þm., sem meiri hl. skipa, að koma fram með brtt. frá hverjum klofningi fyrir sig nú við þessa umr.

Jeg held, að það ætti að vera óhætt tímans vegna, þó að tveir dagar færu

til þessarar umr., og einskorða það ekki við daginn í dag að ljúka henni.

Þetta er þó ekki atriði fyrir mig, þar sem jeg er ekki sammála háttv. meiri hl., og býst heldur ekki við, að jeg geti fallist á þær breytingar, sem einstakir hv. nefndarmenn ætla sjer að bera fram við 3. umr.

Finn jeg svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta að sinni, en hvað frv. stjórnarinnar snertir, læt jeg mjer nægja að vísa til ástæðna fyrir því, og sömuleiðis til nál. háttv. minni hl. (PO) og ræðu hans, er hann flutti fyrir stundu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki gert ráð fyrir því að þurfa að taka til máls við þessa umr. málsins. Og þó að jeg standi upp, er það ekki til þess, að jeg ætli að svara neinu því, sem vikið hefir verið að okkur 6, sem meiri hl. skipum, enda er hv. frsm. meiri hl. einfær um það. En það, sem aðallega neyddi mig til að kveðja mjer hljóðs, var það, að hæstv. forsrh. fann ástæðu til í ræðu sinni að tala sjerstaklega um afstöðu mína til þessa máls, og hóf mál sitt með því að tala um frv. það, sem jeg hefi borið fram til breytingar á stjórnarskránni.

Hann sagðist hafa búist við, að jeg mundi leggja aðaláherslu á þing annaðhvert ár og yrði þar af leiðandi á móti öllum öðrum breytingum á stjórnarskránni. Jeg skal gleðja hæstv. forsrh. með því að játa, að þar á hann kollgátuna. Það fyrsta, sem jeg lagði fram í nefndinni, var þetta tilboð mitt til samkomulags um þessa einu breytingu, þinghald annaðhvert ár, og fleiri stóðu mjer þar að baki. Og þetta boð mitt til samkomulags stendur enn. En jeg var aldrei með að lengja kjörtímabilið. En hv. Íhaldsmenn vildu ekki ganga inn á þetta, og hv. 1. þm. Reykv. (JakM) heldur ekki.

Þá var farið að ræða málið alment í nefndinni, og þá var það einn fylgismaður hæstv. forsrh., sem hjelt fram afnámi landsk. þm. Og upp úr því skapaðist svo þessi meiri hl., sem kom sjer saman um að standa að þessum tveim till.: þinghaldi annaðhvert ár og afnámi landskjörsins.

Annars býst jeg við, að hæstv. forsrh. hafi frjett, að jeg og fleiri í þessum meiri hl. munum bera fram brtt. við það ákvæði stjfrv., að breyta megi með einföldum lögum, að þing skuli háð á hverju ári, ef brtt. okkar verða samþyktar. En um það get jeg ekkert sagt að svo stöddu, hvort brtt. þessi eða aðrar, sem einstakir nefndarmenn hugsa sjer að bera fram, geti komið við þessa umr. eða verði látnar bíða til 3. umr. Þó skal jeg fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að verði frv. nú tekið út af dagskrá, þá skal jeg kalla saman fund þegar í kvöld og bera þetta undir meðnefndarmenn mína.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. þm. Str. svaraði engu því, sem var aðalatriðið í spurningum mínum. Tek jeg því þögn hans sem samþykki þess, að hann muni fylgja stjfrv. áfram, ef ákvæðið um þinghald annaðhvert ár fær að standa.

Jeg geri enga till. um það að taka málið út af dagskrá nú, til þess að einstökum þm. gefist kostur á að koma með brtt. sínar. Enda finst mjer undarlegt að kalla saman nefndarfund, þegar vitað er fyrirfram, að

nefndarmenn eru margklofnir um brtt. sínar. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir, að þessar brtt. muni falla inn í frv., og sje því ekki ástæðu til að greiða neitt fyrir þeim.

Hjeðinn Valdimarsson: Frv. það, sem hæstv. forsrh. hefir borið hjer fram, hefir, eins og skýrt var frá, þau aðalatriði, að þingum skuli fækkað og þingkosningum, og ennfremur er breytt til um landskjörið, þannig að sú kosning fari fram um leið og almenn kosning, og allir landskjörnir kosnir í einu. Auk þessa eru smáatriði um varamenn, sem ekki skifta miklu máli.

Beri menn þetta saman við nál. hv. meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar, þá virðist það ekki vera mjög frábrugðið, sem vakir fyrir honum; það er fækkun þinga, en þó ekki fækkun kosninga. Aftur á móti er hróflað við landskjörinu á annan hátt en hjá hæstv. forsrh., sem sje afnumið alveg. Og tilgangurinn er sá, að fækka þingmönnum.

Það, sem bæði hæstv. forsrh. og hv. meiri hl. bera fram fyrir þessu, að hrófla við stjórnarskránni nú, það er, að það þurfi að spara. Jeg hygg nú, að ef það er eingöngu sparnaðurinn, sem ríkir í þessu efni, þá mætti ganga talsvert lengra en hjer er gert; það mætti kannske spara Alþingi með öllu, og yrði það óneitanlega meiri sparnaður en þetta. Því að það virðist vaka fyrir hæstv. forsrh. og hv. meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar, að þingið sje til ills eins, og stefni því alt til bóta, er miðar að því að takmarka það. Öðruvísi er þetta alment álitið, og yfirleitt vilja menn fylgja því, að þingið eigi að hafa völdin í landinu og að hjer ætti að ríkja þingræðisstjórn. Það hefir verið álitið, að þing væri til þess fallið að koma á góðum og gagnlegum lögum fyrir landsmenn, og því ætti ekki að horfa í þann kostnað, sem af þinghaldi og þingfararkaupi leiddi, af því að hjer bæri nauðsyn til. — Og jeg hygg, að mjög margir kjósendur úti um land hafi þá skoðun, að kosningakostnaður sje mjög lítils virði í samanburði við það gagn, sem af því mætti leiða að skifta um ýmsa þá hv. þm., sem nú sitja á þingi. Það mun vera nokkurnveginn víst, að lakur þm. getur bakað landi sínu miklu meira tjón en kostnaði nemur við að kjósa á ný.

Ef það er líka sparnaðurinn, sem aðallega vakir fyrir bæði hæstv. stjórn og hv. meiri hl., þá hefði verið hægt að fara nokkuð aðra leið en að leggja til að afnema landskjörið. Einfaldasta ráðið var að afnema efri deild þingsins; við það er hægt að fækka þm. mjög mikið. Öll afgreiðsla yrði þá skjótari, minni umr. og minni kostnaður. Og í þeim löndum, þar sem tekin hefir verið upp sú regla að hafa aðeins eina deild, eða sameinað þing, virðist það ekki ver gefast en tvískift þing. Það hefir hingað til verið svo í tvískiftum þingum, að venjulega hefir lent í deilu milli deildanna, sem hefir orðið að enda þannig, að önnur varð yfirsterkari og hin ekki nema skuggi af henni. Jeg vil leyfa mjer að benda á stjórnmál Danmerkur, Englands, Frakklands og fyr meir Þýskalands.

Þegar þing var sett hjer upphaflega,

þá var það tilætlunin auðvitað, að hjer ættu að sitja rjettir fulltrúar þjóðarinnar; þeir ættu að fara með umboð almennings, og þannig væri hægt að ganga út frá, að það, sem þingið gerði, væri sem næst þjóðarviljanum. Eftir þær breytingar á landshögum, sem á síðustu áratugum hafa orðið, og á kjördæmaskipun, þá er þetta á annan veg, eins og viðurkent er af mörgum hv. þm. Þeir eru jafnvel farnir að segja hver um annan þveran, að valdið eigi ekki lengur að fara eftir höfðatölu um kosningar til Alþingis. Þegar kjördæmaskipunin er orðin þannig, að menn geta á sumum stöðum komist inn með miklu færri atkv. heldur en á öðrum stöðum, þá virðist það aðallega vaka fyrir þeim, sem komast inn með tiltölulega fáum atkv., að halda því áfram, svo að tiltölulega minni hl. þjóðarinnar geti ráðið hjer á Alþingi, — og þar af leiðandi, að þær ályktanir, sem þingið gerir, þurfi alls ekki að vera í samræmi við óskir þjóðarinnar.

Ef lesin eru niður í kjölinn þau atriði, sem hæstv. forsrh. og hv. meiri hl. bera fram, þá virðist það heldur ekki vera svo mjög sparnaðurinn, sem fyrir þeim vakir, en frekar eitthvað annað.

Tökum fyrst það atriði, að þing sje annaðhvert ár og fjárhagstímabilið tvö ár, í stað eins, sem nú er. Það er augljóst, að þá er starfandi stjórn í hvert sinn innan handar að láta vera að kalla saman aukaþing hitt árið, og getur setið í friði og ádeilulaust af sínum andstæðingum og þeim af stuðningsmönnum, sem kynnu að snúast á móti henni milli þinga. Með öðrum orðum: Þetta styrkir mjög vald stjórnarinnar gagnvart þinginu. Eins er stjórnin óháðari um fjárveitingar, þegar fjárlagaþing er annaðhvert ár.

Það verður því svo, að þingið missir að miklu leyti þau tök, sem það nú hefir á stjórninni; og stjórnmálin verða ekki svipað því eins vakandi eins og nú er. Nú er það svo, að í raun og veru er það það strangasta eftirlit með stjórninni, að þingið sitji sem tíðast; því að þær eru fáar, stjórnirnar, sem ekki mundu ganga lengra, ef þær ættu ekki altaf yfir höfði sjer atkvæðagreiðslur og — jafnvel þótt hjá minni hluta sje — gagnrýni frá þingsins hendi. Þetta hafa nágrannalöndin sjeð. Þar er í hverju landi árlegt þing. Það er sjerstök áhersla á því, að fjárlög sjeu afgr. árlega. Á þeim miklu byltingatímum, sem eru í fjármálum, er það auðsjeð, að áætlanir eru því rangari, því lengra sem gerðar eru fram í tímann. Sumir hafa haldið fram, að aukaþing, sem afgreiddu ekki fjárlög, myndu verða miklu styttri. Jeg er ekki viss um, að það mundi nema nokkru sem heitir. Að minsta kosti hefir svo verið á mörgum þingum, að fjárlögin hafa ekki tekið nema tiltölulega lítinn hluta af þingtímanum. — Það er augsýnilegt, að það, sem vakir fyrir stjórninni með fækkun þinga, er annað og meira en sparnaður; það er að auka vald sitt gagnvart þinginu.

Þá er lenging kjörtímabilsins, sem raunar meiri hl. stjórnarskrárnefndar gengur á móti. Hv. þm. Borgf. (PO) gat þess, að í nágrannalöndunum væri ekki lengra kjörtímabil en 4 ár, en virtist þó helst vilja mæla með því, að það yrði 6 ár, vegna þess að í Englandi væri það 7—8 ár. Í Englandi er kjör-

tímabilið ekki nema 5 ár; en það, sem meiru varðar, er það, að það kemur varla nokkurntíma fyrir, að enska Parlamentið sitji þingtíma sinn út. Ef stjórnin mætir mikilli andúð, þótt hún hafi meiri hl., er þing rofið löngu áður en kjörtímabil er úti. Eftir stríðið mikla hafa þingrof átt sjer stað þar á 2—3 ára fresti. Það er hægt að ganga út frá, að kjörtímabil þar sje ekki lengra en hjá okkur. — Langt kjörtímabil hefir það sama í för með sjer, að þingmenn og þar með stjórnin fer að treysta meira á sinn eiginn mátt og megin, en minna á óskir kjósenda, og fer að breyta að mörgu leyti á móti þeim. Enda sjást þess oft merki hjer á hinu háa Alþingi, að þegar fer að halla að kosningum, þá fara ýmsir hv. þm. að gerast miklu liðlegri í ýmsum umbótamálum heldur en þeir voru snemma á kjörtímabilinu.

Meiri hl. í stjórnarskrárnefndinni vill afnema landskjörið; og eftir því, sem frsm. segir, er það vegna þess, að hann telur landskjörið óhentugt. Það hefir upphaflega verið ætlað í stað konungskjörsins, til þess að tryggja, að betur yrðu valdir menn þar en við almennar kosningar. Og nú hefir reynslan sýnt það eftir að farið var að nota landskjör, að yfirleitt — kannske undantekning við síðustu kosningar, þegar hv. 6. landsk. (JKr) var kosinn —, yfirleitt hafa verið kosnir þeir, sem einna mest hefir gætt í sínum stjórnmálaflokkum og jafnvel formenn flokka sinna. Þetta hefir orðið af hálfu Íhaldsflokksins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Það virðist því ekki nein ástæða að ætla — með þeirri undantekningu, sem jeg gat um —, að ekki muni veljast hæfir menn, eftir því sem stjórnmálalífi er háttað í landinu.

Hv. frsm. gat þess líka, að fyrir sjer vekti, að einmenningskjördæmin væru betur sett, því að menn nytu sín þar betur; þar væri ekki að ræða um ofbeldi af flokksstjórnar hálfu, sem annars mundi skipa mennina. En jeg er þeirrar skoðunar um þessi smákjördæmi yfirleitt, að þar komi oft annað til að hafa miklu meiri áhrif en það, að menn sjeu stjórnmálastarfinu vaxnir. Það er persónuleg kynning og hitt og þetta í hvert sinn. Á þann eina hátt getur maður hugsað sjer, að þrífist sú „pólitíska“ lausamenska, sem stundum hefir borið á hjer á Alþingi. Aftur á móti þegar kjördæmin eru stærri og menn verða að halla sjer að ákveðnum flokkum, ef þeir eru ekki því þektari menn, þá kemur meiri festa í öll stjórnmálin, sem hefir það í för með sjer, að kjósendurnir vita nokkurnveginn, hverja stjórnmálamenn þeir kjósa.

En ef sagt væri nú það, að rjettara væri að hafa einmenningskjördæmi en stór kjördæmi, — landskjör eða fjórðungskjördæmi, þar sem hlutfallskosning gæti farið fram, þá virðist að ef nokkurt minsta tillit ætti að taka til þess misrjettis um kjördæmaskipun, sem nú er í landinu, að haga yrði kosningu öðruvísi en nú, hafa sem sje aukasæti eins og í Danmörku, þannig að minni hl. á hverjum stað hafi nokkuð að segja.

Hv. þm. Borgf. kvaðst vera á móti þessari breytingu á landskjörinu vegna þess, að það mundi ýta undir breytingu á kjördæmaskipuninni. Nú er mjer spurn, þar sem hann virðist hafa

mjög mikið á móti því að kjósa eftir höfðatölu: Eftir hverju álítur hann, að eigi að kjósa til þings, ef ekki eftir mannfjölda, þ. e. kjósendafjölda? Og hvers vegna álítur hann, að höfðatala eigi ekki að ráða milli kjördæma landsins eins og hún ræður innan kjördæmanna? — Hv. þm. Borgf. er kosinn með höfðatölu einni innan síns kjördæmis.

Hv. þm. kvað það stórhættulegt, ef farið væri að hrófla við kjördæmaskipuninni, sem nú er. Það er ekki sjáanlegt, á hvaða hátt það væri hættulegt annan en þann, að þá myndu komast að hæfari menn, — ef breytt væri svo til, að tiltölulegur meiri hl. kjósenda í landinu fengi vilja sínum framgengt.

Það eru ýms atriði í stjórnarskránni, sem Framsóknarflokkurinn og Íhaldsflokkurinn hafa hvað eftir annað leikið sjer að. Þegar þeir eru spurðir út í þetta á kosningafundum, segja þeir um eitt og annað, að því miður verði umbótum ekki við komið, af því að stjórnarskráin sje nú einu sinni eins og hún er. — Jeg ætla að minnast á tvö atriði, kjördæmaskipunina og kosningarrjettinn. Nú væri einmitt tækifæri til, þegar stjórnarskráin liggur fyrir, fyrir þá, sem viðurkenna á nokkurn hátt, að kjördæmaskipunin væri röng, að koma með till. til bóta, ef þeir þá vildu ekki ganga inn á hreint landskjör, eins og jeg bar fram í mínu stjórnarskrárfrv. — Í öðru lagi hafa þm. hver eftir annan hjer í hv. deild risið upp, þegar fátækralögin voru til umræðu, og sagt, að það væri engin meining í því, að menn mistu kosningarrjett sinn, ef þeir yrðu að þiggja af sveit fyrir einhverjar óviðráðanlegar ástæður. Álitu rjettast að afnema þetta ákvæði úr stjórnarskránni. Nú þegar þetta tækifæri kemur til þess að breyta þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, þá eru hvorki ráðherrarnir nje meiri hluti stjórnarskrárnefndar því meðmæltir. Þetta sýnir, að það vakir ekki fyrir stjórninni eða stjórnarskrárnefndinni að gera umbætur á stjórnarskránni. Það eina, sem þeir gera, er að koma með smábrtt., sem síðan er hægt að drepa á milli deilda. Er engu líkara en að þeir sjeu í feluleik fyrir kjósendum.

Við næstu umr. kem jeg með nokkrar brtt. við þetta frv., svo hv. þm. geti með atkv. sýnt, hvað þeir vilja.

Björn Líndal: Líklega eru það fáar þjóðir eða engar, sem jafnoft hafa borið fram brtt. á stjórnarskrá sinni og við Íslendingar höfum gert síðan við fengum hana fyrst árið 1874. Jeg kann ekki að telja öll þau þing, er haldin hafa verið síðan og haft hafa til meðferðar breytingar á stjórnarskránni. Þetta var afsakanlegt á meðan við áttum undir högg erlendrar þjóðar að sækja um endurheimt pólitískra rjettinda, en nú er það lítt afsakanlegt að gera slíkt nema að vel yfirveguðu máli og breyta því einu, sem reynslan hefir gefið bendingar um, að verið geti til varanlegra bóta. Jeg fyrir mitt leyti vil ógjarnan eiga þátt í neinum brtt., nema jeg sje sannfærður um, að þær sjeu til varanlegra hagsmuna þjóðinni í heild sinni.

Stjórnarskrármálið hefir venjulegast ekki verið flokksmál, eins og eðlilegt er, þegar full alvara fylgir máli.

En því miður hefir það líka stundum verið notað til pólitískra æsinga, og flokkarnir hafa teygt það og togað á milli sín í pólitísku hagsmunaskyni og haft það að leiksoppi og kosningaagni. En slíkt athæfi er hverri þjóð til vanvirðu og sýnir átakanlegt þroskaleysi og alvöruskort um skipun þeirra mála, er mest er um vert. Það er glæpsamlegt athæfi að hafa stjórnarskrá þjóðar sinnar að fíflskaparmálum.

Þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það stjórnarskrárfrv., sem hjer liggur fyrir. Jeg verð að játa, að mjer finst ekki mikið til um frv. stjórnarinnar. Mjer finst ekki laust við, að þar sje tekið með annari hendinni sem gefið er með hinni. Það, sem einkum á að gefa, er fækkun þinga, en sú gjöf er að mínu viti að nokkru leyti tekin aftur með ákvæðinu um það, að fjölga megi þingunum aftur með einföldum lögum, jafnvel á næsta þingi eftir að hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Jeg hafði trú á því, áður en jeg eignaðist sæti hjer á þinginu, að við mundum geta komist af með fjárlagaþing annaðhvert ár. En jeg vil hreinskilnislega játa, að jeg hefi nú minni trú en áður á því, að af með þetta verði komist, sjerstaklega meðan atvinnu- og fjármál eru í þeirri óreiðu, sem þau eru. Auk þessa stendur 1000 ára afmælishátíð Alþingis fyrir dyrum, og geri jeg ráð fyrir, að jafnframt hennar vegna verði naumast komist hjá að halda þing á hverju ári fram að þeim tíma. Þá tel jeg engan efa á því, að þingtíminn verði talsvert lengri, ef fjárlagaþing er aðeins haldið annaðhvert ár, og hefir það líka sína stóru ókosti. Þrátt fyrir þetta vil jeg gera tilraun til þess að fækka þingum, ef útilokað er, að hægt sje að hringla með þetta ákvæði með einföldum lögum fram og aftur, frá ári til árs, án þess að full reynsla fáist fyrir því, hvort af með þetta verði komist eða ekki. Yfirleitt er það stór ókostur á stjórnarskránni, hve mörgum atriðum má breyta í henni með einföldum lögum. Mikið er talað hjer um sparnað, og skal það síst lastað þegar hugur og alvara fylgir máli og sparað er af hagsýni og fyrirhyggju. En jeg álít, að ekki væri síður spor í sparnaðaráttina að fækka þingmönnum heldur en að fækka þingum. Ekki ganga störfin betur í þessari hv. deild, þótt hjer sjeu fleiri þm. en í Ed., og er ekki síður vandað til mála þar en hjer. Þetta segi jeg að hv. Nd. ólastaðri. Það er löngu viðurkendur sannleikur, að því ver dugi heimskra manna ráð, er þeir koma fleiri saman. En það vill einnig stundum verða svo, að ráð margra viturra manna koma ekki að jafngóðum notum og færri manna ráð, ef valinn maður og vitur skipar þar hvert rúm. Í samanburði við fólksfjölda höfum við án efa miklu fleiri þm. en nokkur önnur þjóð. Jeg lít svo á, að ef þm. væri fækkað, þá mundu þingin um leið verða styttri, minna af óþarfafrumvörpum og óþarfamælgi. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti landskjöri, en sje heldur eigi neitt sjerstakt unnið við það, eftir þeirri reynslu, sem fengin er. En jeg sje ekki aðra leið greiðfærari til þess að fækka þm. en að fella það niður. En jeg verð að játa, að landskjörið hefir að ýmsu leyti brugðist vonum mínum. Jeg get ekki tekið undir með hv. 4. þm. Reykv., að flokkar eigi einir, eða að mestu leyti, að ráða fram-

boði og vali þm. Þessi þjóð er oft furðanlega næm á það að velja hina rjettu menn á rjetta staði, þegar hún fær að vera sjálfráð. Tel jeg það til tjóns, en ekki til bóta, að pólitískir flokksforingjar ráði mestu um þingmannaval. Jeg tel það heldur alls engan kost, að þm. sjeu rígbundnir við flokka sína. Jeg legg meira upp úr því, að hafa sjálfstæða skoðun á málunum, hvort sem flokknum líkar það betur eða ver. Nefndarálit meiri hl. er að einu leyti ógreinilega orðað. Þar sem sagt er, að það sje skilyrði fyrir fylgi meiri hluta nefndarinnar við frv., að enn frekari breytingar verði gerðar á þinghaldinu, þá ber að skilja þetta þannig, að meiri hluti meiri hlutans, eða með öðrum orðum meiri hl. þeirra, sem undir nefndarálitið hafa skrifað, geri þetta að skilyrði fyrir fylgi sínu, Jeg hygg, að þetta orðalag sje komið inn vegna þess, að við bjuggumst við, að fleiri gætu skrifað undir þetta nefndarálit en raun varð á. Jeg fyrir mitt leyti legg mikla áherslu á afnám landskjörsins, en jeg mun þó ekki gera þetta að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv. Það er ekkert skilyrði frá minni hálfu, að þessu verði fylgt fram. Þá eru það ýms atriði önnur, sem jeg vil breyta, en jeg get gjarnan orðið við þeim tilmælum hæstv. forsrh. að koma ekki fram með brtt. mínar fyr en við 3. umr., ef þessari umr. verður lokið í dag.

Ein sú breyting, er jeg legg talsvert mikla áherslu á, er við 26. gr. Jeg vil afnema það ákvæði stjórnarskrárinnar, að tölu þm. megi breyta með lögum, og sama máli er að gegna um skipun deilda. Einkum legg jeg áherslu á þessa breytingu, ef tillaga okkar meiri hluta stjórnarskrárnefndarmanna um fækkun þingmanna um hina landskjörnu verður samþykt. — Þá er álitamál um það ákvæði 29. gr., að enginn hafi kosningarrjett nema hann hafi verið búsettur síðustu 5 ár hjer á landi. Í mínum augum skiftir það að vísu ekki mjög miklu máli, þótt krafist sje svona langrar búsetu, en rjettlátt getur það þó naumast talist að svifta menn kosningarrjetti og kjörgengi í 5 ár fyrir þá sök eina, að þeir hafa orðið að taka sjer bústað utanlands um tíma.

31. grein vil jeg ekki heldur að hægt sje að breyta með einföldum lögum. Mínar ástæður eru þær, að margir góðir þm. geta ekki mætt á þingi nema suma tíma árs. Margir hafa þeim störfum að gegna, að þeir geta ekki mætt að sumrinu, og vil jeg ekki, að hægt sje með einföldum lögum að reka þá menn af þingi. Slíkt skipulag á stjórnarskránni er alveg óviðunandi, að harðsnúinn og illvígur pólitískur flokkur geti sparkað andstæðingum sínum sumum hverjum út úr þinginu, með því að breyta þingtímanum frá ári til árs.

Þá hefir nefndin gengið inn á að hafa kosningatímabilið 4 ár. Jeg vildi heldur hafa 6 ár; mjer þykir of lítið að kjósa aðeins til tveggja þinga, en þó vil jeg ekki láta málið stranda á þessu atriði.

Því verður ekki neitað, að vald stjórnarinnar eykst við fækkun þinganna. En það tel jeg engan skaða, heldur miklu fremur til bóta. Stjórnin hjer á landi er, að mínum dómi, oft og einatt of háð þinginu, hvað snertir þær ráðstafanir, sem hún ein á að bera ábyrgð á. Þinginu á að vera nóg að geta tekið í taumana og rekið

stjórnina frá, þegar ástæða er til. Ákvæði 1. gr. stjórnarskrárfrv. um það, að meiri hluti þingmanna geti krafist aukaþings, þegar þörf þykir, er mikil rjettarbót, einkum í sambandi við fækkun þinganna. Ef það ákvæði er skynsamlega notað, getur stjórnin aldrei beitt gerræði og rangindum til lengdar.

Að öllu athuguðu vil jeg að lokum segja, að jeg legg ekki mikið upp úr fækkun þinga, ef ekki er tekið út það ákvæði úr stjórnarskránni, að þessu megi breyta með einföldum lögum. Aftur á móti legg jeg mikið upp úr fækkun þingmanna og held fast við það atriði.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Eins og hv. deildarmenn sjá, þá hefir það verið sett í nál. meiri hl., að afnám landskjörs væri skilyrði fyrir fylgi nefndarinnar við frv., og skrifuðu nefndarmenn undir þetta fyrirvaralaust. Nú vilja einhverjir skerast úr leik, að minsta kosti 2 nefndarmenn. En jeg get fullyrt um þrjá okkar, að við höldum fast við þetta skilyrði. Mjer finst einkennilegt af hv. þm. Ak., að hann skuli lýsa yfir því, að það sje miklu meiri sparnaður að fækka þingmönnum en að fækka þingum, en leggja þó ekki meiri áherslu á það en svo, að falla frá þessu skilyrði meiri hl. nefndarinnar. Mjer er óhætt að segja fyrir hönd mína, hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Húnv., að við höldum fast við nefndarálitið og afnám landskjörs sem skilyrði.

Það er rjett hjá hv. þm. Borgf., að hann hefir talað máli þingafækkunar röggsamlegar en jeg hefi gert, enda hefi jeg ekki sannfæringu hans í því máli. Hann var að sýna fram á, að þær vonir, sem menn hefðu gert sjer um þing árlega, hefðu brugðist. Menn hefðu vonað, að þingin yrðu þá styttri og kostnaðarminni en áður, en þetta hafi ekki farið svo. En honum láðist að athuga, hvernig í þessu liggur. Á meðan þing var aðeins haldið annaðhvert ár, lengdist þingtíminn stöðugt, og þar af leiðandi jókst kostnaðurinn við þingið líka. Þetta er ekki nema eðlileg afleiðing þess, að eftir því, sem lengra leið, urðu þingstörf meiri og margbrotnari. Og þannig mundi verða áfram. Það er fyrirsjáanlegt, að ef til vill mætti komast af með að hafa þing annaðhvert ár um nokkurt skeið, en það mundi aldrei verða til langframa. Jeg get því ekki fallist á þá till. hv. þm. Ak. að fella burt það ákvæði, að þessu megi breyta með einföldum lögum. Það er síst ástæða til að fara að rígbinda það í stjórnarskránni, sem fyrirsjáanlegt er, að breyta þarf innan skamms tíma. **(BL:** Hvers vegna er þá verið að breyta nokkru?). Jú, því hefir verið komið inn hjá kjósendum, að þetta væri mikill sparnaður. Það er því rjettast að láta það koma á daginn, ef svo er, og láta reynsluna skera úr því.

Hv. þm. Borgf. hjelt því fram, að þingtíminn þyrfti ekki að lengjast, þótt fjárlagaþing væri aðeins á tveggja ára fresti. En þar kemst hann strax í mótsögn við sjálfan sig, því hann viðurkennir, að það taki lengri tíma fyrir stjórnina að undirbúa tveggja ára fjárlög en eins árs. Og er það ekki einmitt aðalstarf þingsins að fara í gegnum þetta undirbúningsstarf stjórnarinnar? Fjvn. verða að fara yfir áætlanir stjórnarinnar í fjárlögum og

rannsaka, hvort þær eru ekki á rökum bygðar. Þar sem það tekur lengri tíma fyrir stjórnina að undirbúa tveggja ára fjárlög, hlýtur það að taka lengri tíma fyrir fjvn. að fara í gegnum þau, og um leið og starf fjvn. lengist, verður þingtíminn lengri. Hv. þm. Borgf. hefir því viðurkent það, sem hann var að mótmæla.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. segir um landskjörið, hefi jeg engu að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt. Jeg sje enga ástæðu til að fella niður ákvæðið um afnám landskjörs, þótt hv. Ed. hafi felt það mál áður. Jeg skil ekki í öðru en að þessi hv. deild megi halda fram sinni skoðun á málinu eins fyrir því; að öðrum kosti getum við alveg eins fengið Ed. öll mál í hendur og beðið hana að ráða fyrir okkur.

Auðvitað mun Nd. afgreiða þetta mál eins og hún álítur rjettast, og svo getur hv. Ed. ráðið því, hvort hún gengur að því eða breytir frv. aftur, og geri hún það, kemur málið aftur til Nd. Á þessu stigi málsins er því engin ástæða til að falla frá kröfunni um afnám landskjörs, og því algerlega óþarft fyrir hv. þm. Borgf. að mála þessa grýlu á vegginn. Annars er hann mjer sammála um, að rjett sje að fella niður landskjörið.

Þá hefir hæstv. forsrh. ekki gert mikið til þess að gylla þetta fyrirkomulag. Mjer skildist, að hann vildi telja landskjörið sem einskonar uppbót á kosningarrjett í mannmörgu kjördæmi. En þetta er aðeins uppbót fyrir flokkana. Það er tilviljun ein, ef þm. bætist á þann hátt mannmörgu kjördæmi.

Um það, hvort æskilegt sje að gefa flokkunum slíka stoð, hefi jeg lýst skoðun minni áður. Jeg heyrði lítið af ræðu hv. 4. þm. Reykv., en komst samt að raun um, að hann er á gagnstæðri skoðun. Samt sem áður tel jeg það þýðingarlítið, að við förum að leiða saman hesta okkar um þetta. Hjer eiga ekki hagsmunir flokkanna að ráða, heldur hagsmunir þjóðarinnar í heild sinni, en þetta tvent fer sjaldnast saman. Hæstv. forsrh. gerði mikið úr því, að ef landskjörið væri felt niður, mundi verða róið að því öllum árum að fá kjördæmaskipuninni breytt. Það getur verið, að einhver flokkur yrði ákafari í að fá þessu breytt, en jeg legg lítið upp úr því.

Jeg er sannfærður um, að þetta atriði liggur ekki svo laust fyrir, og það verður ekki með hægu móti hróflað við kjördæmaskipuninni; hún er orðin svo rótgróin og þjóðin yfirleitt ánægð með hana. Það gæti verið, að þm. fjölgaði, en það liggur fyrir, að þeim fjölgi hvort eð er. Jeg geri ekki ráð fyrir, að Siglfirðingar eða Hafnfirðingar gerðu sig ánægða með að fá landskjörinn þm.; þeir vildu heldur fá þm. fyrir sitt kjördæmi. Mjer skildist hæstv. forsrh. vilja halda því fram, að öflugasta ástæðan gegn fjölgun þm. væri sú. að þinghúsið rúmaði ekki fleiri en nú væru. Þessu mun hafa verið slegið fram í ræðu áður, en jeg veit ekki, hvort það hefir verið alvarlega meint, enda víst fáir tekið það svo. Jeg hefi ekki trú á, að stærð eða snið þess húss, er þingið kemur saman í, verði látið ráða nokkru um fjölmenni þess. Það liggja alt aðrar ástæður til þess, að Alþingi vill ekki

fjölga þm. En að svo vöxnu máli ætla jeg ekki að segja meira. Sem frsm. nefndar hefi jeg ekki umboð til þess að tala á móti frv., þótt mjer væri það næst skapi, en það var ætlun nefndarinnar, að málið gengi gegnum þessa umr., og ef samkomulagstillögur hennar yrðu samþyktar, að afgreiða það þá til 3. umr. Ef þær verða ekki samþyktar, mun jeg fyrir mitt leyti snúast á móti frv., og mun þá gefast tækifæri til að rökræða málið frá því sjónarmiði síðar.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vjek með nokkrum orðum að ræðu minni, og vil jeg svara honum aðeins stuttlega.

Það kom mjer ekki á óvart, eftir afstöðu þeirri, sem hv. þm. er vanur að taka til þjóðmála, að hann gerði lítið úr því atriði, að um sparnað væri að ræða. Það er sem sje sannreynt, að hann horfir ekki í útgjöldin úr ríkissjóðnum, á hvaða sviði sem er, og mjer finst ofur skiljanlegt, að honum þyki það lítilmótlegir hlutir að vera að tala um að halda í fje ríkisins. Vitanlega er það hliðstætt eða afleiðing af þeirri skoðun hans, að ríkið eigi að sjá öllum fyrir öllu. En burtsjeð frá því, þá kom mjög fram vanþekking hv. þm. (HjV) á störfum Alþingis í þeim ummælum hans, að afgreiðsla fjárlaganna tæki ekki nema lítinn hluta þingtímans. Jeg hjelt, að flestum hv. þm. væri kunnugt, að lengd þingtímans markast einmitt mjög mikið af afgreiðslu fjárlaganna. Þegar henni er lokið, er venjulega ekki langt til þingslita.

Þá mintist hv. 4. þm. Reykv. á núgildandi kjördæmaskipun og fann henni það helst til foráttu, að persónulegur kunningsskapur mundi koma um of til greina um val þm. Það er í mínum augum mikill kostur við núverandi kjördæmaskipun, að kjósendur geta valið menn á þing eftir nánum kynnum af starfsemi og hæfileikum frambjóðenda. Það er vitanlega fjarstæða, sem hv. þm. hjelt fram, er hann var að tala um stærri kjördæmi og hlutfallskosningar, að þá vissu kjósendur, hverja þeir væru að kjósa. Þetta er alveg öfugt. Einmitt með þeirri skipun, sem nú er um þessa hluti, vita þeir, hverja þeir kjósa, en renna annars blint í sjóinn, er miðstjórnir flokkanna ákveða, hverjir sjeu í kjöri, og mundi þá oft eða oftast teflt fram mönnum, sem kjósendur víðsvegar á landinu þekkja ekki nema af afspurn, og kannske tæplega það. Þá hneykslaðist hv. þm. á því, að jeg ljet svo um mælt, að ekki væri rjett að leggja höfðatöluna eina til grundvallar fyrir kjördæmaskipuninni. Hann sjer vitanlega engan annan rjettmætan grundvöll undir kjördæmaskipuninni en höfðatöluna. En jeg vil benda honum á annað, sem líta verður á og taka til greina. Og það er hjeraðaskiftingin. Kjördæmin eru mikið til sjálfstæðar heildir út af fyrir sig og hafa sjerstöðu um atvinnuhætti hvert fyrir sig. Eina ráðið til þess að tryggja nægan kunnugleika og þekkingu á högum og þörfum hvers hjeraðs er því að halda þeirri kjördæmaskipun, sem nú er. Annars er hætt við, að afskektari hjeruð mundu mjög fara varhluta af þeirri tryggingu, sem í því felst að hafa kunnug-

an fulltrúa á þingi. Ennfremur finst mjer rjettur kjósenda betur trygður með því, að hvert hjerað eigi sem óbundnast frumkvæði að því, hverjir sjeu í kjöri, heldur en ef það er gert eftir skikkan miðstjórna hinna pólitísku flokka í landinu. Þarf jeg ekki nánar að fara út í það. Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) gerði áðan grein fyrir því öryggi og tryggingu, sem fólgin er í núverandi kjördæmaskipun, og sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka það. En hv. frsm. meiri hl. (JakM) þarf jeg að svara örlitlu. Honum þótti jeg ekki komast að rjettri niðurstöðu um árangur af breytingu á stjórnarskránni 1919, að því er þinghaldið snertir. Hann hjelt því fram, að vitanlega hefðu þingin orðið þeim mun lengri og kostnaðarsamari, ef afgreiðsla fjárlaganna hefði farið fram fyrir tvö ár í senn. Þótt ekki sje fyllilega sambærilegt, er samt hægt að sækja samanburð aftur í tímann og taka t. d. tvö síðustu þingin, sem afgreiddu fjárlög fyrir 2 ár, 1917 og 1919. Árið 1917 varð þingkostnaður 171 þús. kr., en 1919 mun meiri, eða 234 þús., og má geta þess, að auk þess sem þingið 1919 afgreiddi tveggja ára fjárlög, gekk það frá stórvægilegum breytingum á launalögunum, en það lengdi þingið allverulega. Hinsvegar afgreiddi þingið 1921 eins árs fjárlög; það kostaði hvorki meira nje minna en 384 þús. kr., og svo t. d. þingið 1924, sem kostaði 202 þús. Þessi samanburður færir því heim sanninn um það, að þetta, sem spáð var 1919, hefir fullkomlega ræst.

Hv. frsm. (JakM) þótti kenna mótsagnar í því, að jeg hafði gert ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlaga fyrir tvö ár í senn mundi ekki lengja þingtímann að mun, en kosta stjórnina meiri tíma og erfiði að undirbúa þau svo. Störf fjvn. á þingi fara mikið eftir því, hvernig fjárlögin eru frá hendi stjórnarinnar úr garði gerð. En jeg verð að segja það, að nú síðastliðin þing hefir það verið svo, að fjvn. hefir ekki þurft að leggja mikið verk í að athuga frágang fjárlaganna frá stjórninni. Hann hefir reynst vera mjög góður. Starf nefndarinnar er vitanlega fyrst og fremst að athuga þau fjárframlög, sem ekki eru lögbundin, það eru fjárframlög til verklegra framkvæmda, hvernig þeim skuli skift niður, og svo hitt, með hliðsjón af tekjunum, að ákveða, hversu langt sje fært að ganga í útgjaldaáttina. En því fer fjarri, að þetta verk aukist að tiltölu við árafjöldann. Munurinn er næsta lítill, hvort um er að ræða afgreiðslu fjárlaga fyrir 1 eða 2 ár.

Þá mintist hv. frsm. á landskjörið og brtt. þær, sem liggja fyrir, og um afstöðu hv. Ed. til þeirra. Með tilliti til þess, að í frv. er um mjög mikilsverð atriði að ræða, sem minni hl. leggur mikið upp úr að nái fram að ganga, þá virðist minni hlutanum það nauðsynleg varfærni að setja ekki nein þau ákvæði inn í frv., er gætu orsakað stríð milli deildanna, eða ef til vill orðið stjórnarskrárbreytingu að falli. Frá hálfu minni hlutans er sú aðstaða, sem hann hefir tekið gagnvart brtt. um niðurfelling landskjörs, þess vegna sprottin af því tvennu, að með því að samþ. þessa breytingu mundi málinu ef til vill teflt í tvísýnu í Ed., og auk þess mundi niðurfelling landskjörsins verða til þess að ýta

undir kröfurnar um breytta kjördæmaskipun. Þetta eru ástæður minni hlutans fyrir því að leggjast á móti þessari breytingu, en ekki hitt, að landskjörið sje svo nauðsynlegt í sjálfu sjer.

Þórarinn Jónsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls að þessu sinni. Háttv. þm. Ak. (BL) hefir tekið fram eitthvað svipað og jeg vildi segja. Jeg get tekið undir með honum, að mjer sýnist ekki fylgja þessu frv. nógu mikil alvara frá hálfu stjórnarinnar, þar sem segja má, að tekið sje aftur með annari hendi, sem gefið er með hinni. Á jeg þar við það, að þessu ákvæði, þinghaldi annaðhvert ár, má breyta með einföldum lögum. Á hina hliðina er það líka álitamál, hvort það verður farsælla í framkvæmd. Störfin aukast og þættirnir margfaldast í fjárhagsviðskiftum þjóðarinnar, og því minni líkur verða í rauninni til þess, að fresta megi að gera fjárlög um eitt ár. En jeg vil þó fylgja þeim mönnum, sem þessa skoðun hafa, að því leyti, að þetta verði reynt. Og þá lít jeg á það sem hreint sparnaðarmál, sem ekki megi undir höfuð leggjast að láta reynsluna skera úr, og að það verði þá þrautreynt. Fyrir því vil jeg fella niður það ákvæði, að þessu verði breytt með einföldum lögum, því vel má vera, að þó óálitlegt sýnist í fyrstu, þá megi þó með festu og ríkri viðleitni koma því í það horf, er una megi við.

Hvort þinghaldið yrði lengra annaðhvert ár, verður ekkert um sagt, enda er það ekki nema aukaatriði. Og þingin nú sýnast geta teygt úr sjer, þó þau sjeu á hverju ári.

Það var hv. þm. Borgf. (PO), sem gat þess, að álit meiri hl. væri svo, að hann gerði að skilyrði, að ný breyting yrði samþykt til að fylgja málinu. Þetta er að því leyti rjett, að það eru nokkrir menn í honum, sem þetta skilyrði setja ófrávíkjanlega; en hvað mig snertir, þá má þó falla svo, að jeg fylgi frv. eins og það er, þótt jeg álíti aðalbreytingu nefndarinnar, niðurfellingu landskjörs, þá langsamlega þýðingarmestu. Fyrst er það, að jeg álít, að þingmönnum eigi að fækka. Við höfum miklu fleiri þingmenn en nokkur önnur þjóð. Og í öðru lagi hefi jeg heldur ekki sjeð, að landskjörið hefði nokkur áhrif í þá átt að skapa festu í þinginu. Er þetta líka það mesta sparnaðaratriði í öllu málinu. Fer þar saman, að niður fellur þingfararkaup þessara manna og hitt, að losast er við þann gífurlega kostnað. sem landskjöri fylgir.

Háttv. þm. Borgf., sem jeg hefði helst getað búist við, að væri með þessari breytingu, því að hann er alþektur sparnaðarmaður og hefir unnið af kappi að fækkun embættismanna, hefir ekki sjeð sjer fært að ljá brtt. fylgi sitt. Tek jeg það svo, að álit hans í þessa átt sje að sljóvgast.

Það má búast við, að hv. Ed. taki ekki vel slíkri till. sem þessari. En jeg get ómögulega slegið af skoðunum mínum vegna Ed. Mjer kemur heldur ekki til hugar, að það hafi áhrif á undirtektir Ed., að landskjörnir þingmenn eiga þar sæti. En þótt við gerðum ráð fyrir, að enginn þeirra 6 hv. landsk. þm. vildi fremja sjálfsmorð, þá eru þar samt nógu margir þingmenn aðrir til þess að afgreiða málið

á þeim grundvelli, ef þeim þykir þetta nokkru skifta.

Það, sem haft er á móti þessu atriði, er hættan við háværar kröfur um fjölgun þingmanna, og landskjörið eigi að vera nokkurskonar uppbót fyrir hin fjölmennari kjördæmi, sem þykjast hafa of fáa þingmenn, samanborið við önnur kjördæmi, miðað við fólksfjölda, eins og t. d. Reykjavík. En þetta er hin mesta fjarstæða. Þingmannafjölgun fer ávalt eftir skoðun þingsins á þeim málum, og getur þetta, þó samþykt yrði, engin áhrif haft á það. Jeg vil og fyrirbyggja, að þetta geti orðið til þess að fjölga þingmönnum, með því að slá föstu, að þingmenn megi ekki vera fleiri en 36.

Þar sem oft hefir verið um það talað, að við ættum sem sjaldnast að gera breytingar á stjórnarskránni, þá verður ekki sjeð, að hugur hafi fylgt máli, ef dæma á út frá reynslunni. Því að undanfarið hafa margar breytingartillögur komið fram og breytingar verið gerðar. En úr því farið er að gera breytingar, þá hefði jeg kosið þær rækilegri en þetta og meiri alvöru á bak við. Jeg hefi ekki getað dregið mig svo í hlje, að stuðla ekki að því, að þessi stærsta breyting komist að. Það er ómögulegt að halda því fram í alvöru, að þetta atriði sje líklegt til að verða málinu að falli. Því að stjórnin getur unnið fyrir málið á þeim grundvelli í Ed., og þó að hún gerði það ekki, kæmi málið aftur fyrir í þessari deild, og það er aðgætandi, að hæstv. stjórn hefir ekki afl til að koma því fram hjer með þeim skilyrðisbundna stuðningi, sem það hefir, svo að frv. er þá alveg jafndauðadæmt, hvort till. er samþ. ellegar ekki.

Það eru að vísu fleiri atriði, sem jeg hefði viljað minnast á, en jeg get slept því algerlega. Jeg hefi nú tekið fram það helsta um þær breytingar, sem jeg vil fylgja fram.

Jeg sje ekki annað en að meiri hl. nefndarinnar hafi farið rjetta leið — að sjá, hvernig hv. deild liti á málið. Þó að komið hafi fram ýmsar mótbárur gegn þessari aðalbreytingu nefndarinnar, ætla jeg að sleppa þeim í þetta sinn. Jeg get búist við, að tækifæri gefist til að athuga þær við 3. umræðu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg finn enga ástæðu til að fara út í deilur um röksemdir við hv. frsm. meiri hl. (JakM). Hann fylgir frv. ekki nema með hálfum hug. (**JakM:** Nei). Ekki einu sinni það, ef til vill? (**JakM:** Nei, tæplega). Nei, og jeg sje því ekki ástæðu til að fara frekar út í hans ræðu. Jeg skil vel, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) er óánægður með þetta frv. Það er skiljanlegt, að honum þyki það ganga of stutt og jafnvel ekki í rjetta átt. Það er meira nýnæmi í hans frv., sem hann hefir flutt sjálfur, sem sje byrjun til róttækrar breytingar á þjóðfjelagsskipun vorri. Í frv. stjórnarinnar er ekki hreyft neinu slíku; þar er aðeins um hagkvæmnisbreytingar að ræða.

Út af orðum hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) vil jeg segja það, að jeg get ekki gert að því, þó að honum þyki frv. sviplítið. Þetta er vitanlega ekki stórfelt stefnumál, en hitt vil jeg ekki viðurkenna, að stjórninni sje ekki full alvara með að koma þeim aðalbreytingum fram, sem í frv. felast. Svipuð ummæli komu fram hjá stjórnarand-

stæðingi í hv. Ed., og svaraði jeg þeim á sama hátt. Þessir 3 hv. þm., hv. þm. V.-Húnv., hv. þm. Ak. og hv. 1. þm. Reykv., hafa látið í ljós efasemdir um það, hvort ákvæðið um þinghald annaðhvert ár reynist til bóta, en eins og hv. þm. V.-Húnv. rjettilega tók fram, verður reynslan að skera úr því. En það er ekki í samræmi við þessa hugsun þeirra hv. þm. Ak. og hv. þm. V.-Húnv., vegna efasemda þeirra um gæði ákvæðanna, að vilja einskorða þau svo í stjórnarskránni, að þeim yrði ekki aftur breytt með einföldum lögum. Hv. þm. V.-Húnv. færði fram þau rök fyrir því, að ef heimilt væri að breyta þessu með einföldum lögum, mundi ekki fást nægileg reynsla um haldgæði ákvæðanna. Jeg get vel ímyndað mjer, að hann geri ráð fyrir, að þessu verði breytt með einföldum lögum áður en nokkur reynsla er fengin. En ef þessi þm. efast um, hvernig reynslan falli, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann vill festa þessi ákvæði svo í stjórnarskránni, að ekki megi breyta þeim með einföldum lögum. Mjer finst, að það væri rökrjett afleiðing af hugsun þessara manna að bera fram brtt. um það, að eftir vissan árafjölda, sem þætti hæfilegur reynslutími, mætti breyta þessu með einföldum lögum, ef það þætti þá rjett.

Jeg skil það vel hjá hv. þm. Ak., að honum þyki leitt að vera altaf að breyta stjórnarskránni, en það á þá ekki að vera að setja ákvæði inn í hana, sem ætla má, að gefi bráðlega tilefni til nýrra breytinga.

Þar sem hv. þm. var að tala um veðrabrigði af stjórnarinnar hendi frá 1923, þá skal það tekið fram, að þetta ákvæði um að kalla þingið saman á hverju ári var sett inn í frv. samkv. samhljóða áliti stjórnarskrárnefndar þessarar hv. deildar 1923. Og jeg get sagt það fyrir hönd stjórnarinnar, að hún lætur sjer í ljettu rúmi liggja, hvort ákvæðið um það, að heimilt sje að breyta þessu með einföldum lögum er látið standa í stjórnarskránni eða ekki, en jeg álít það hinsvegar gætilegra að hafa það þar. — Jeg vil því skjóta því til hv. þm. V.-Húnv., hvort hann geti ekki fallist á þá miðlun að setja aðeins tímatakmörk fyrir því, hvenær megi breyta þessum ákvæðum með einföldum lögum.

Það, hvort fjárlög eru sett til eins eða tveggja ára, er í sjálfu sjer ekki stjórnarskráratriði, heldur fyrirkomulagsatriði eða tilhögun á framkvæmd, en ekki stefnumál, sem þurfi að vera fastákveðið í stjórnarskrá landsins. Viðvíkjandi till. um afnám landskjörsins vil jeg segja það, að jeg skil ekki, að sú till., eins og hún er orðuð hjá hv. meiri hl., yrði, þó að samþykt væri, til mikils sparnaðar, því að hún mundi knýja fram breytingu á kjördæmaskipuninni. Það mundu fljótt fyllast skörðin á þann hátt, að þm. yrði fjölgað í þeim kjördæmum, sem nú hafa tiltölulega fæsta þm., miðað við fólksfjölda, og öðrum kjördæmum yrði skift. Jeg tel því víst, að fækkun þm. næðist ekki á þeim grundvelli, og tel till. ekki miða til sparnaðar eins og hún er fram borin. En ef sú till., sem boðuð hefir verið um að lögfesta tölu þm. við 36 með stjórnarskrárákvæði, yrði samþ., þá má búast við þeirri deilu og togstreitu milli kaup-

staða og sveita landsins, sem mig langar ekkert til, að löggjafarvaldið stofni til. Jeg vil því halda þeirri kjördæmaskipun, sem nú er, því að jeg tel það mjög hæpið, að afnám landskjörsins eða fækkun þm. í 36 verði til nokkurra bóta. Um það, hvort ákvæði eins og afnám landskjörsins geti orðið frv. að falli í hv. Ed., skal jeg ekkert segja, en svipuð ákvæði hafa áður orðið máli þessu að falli þar, þannig að atkvæði voru jöfn.

Jeg er ekki að gera sjerstaklega ráð fyrir því, að svo fari nú; jeg veit ekkert um það, en það má gera ráð fyrir því, að meiri hluti þeirrar deildar sje andvígur afnámi landskjörsins, ef dæma má eftir atkvgr. um tillögu í þá átt við 2. umr. málsins þar.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. þm. Ak. (BL), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hafa talað á móti landskjörinu og því, að alt þingið væri skipað landskjörnum þm. og bygt það á því, að með því fyrirkomulagi hefðu stjórnmálaflokkarnir meiri áhrif á skipun þingsætanna en æskilegt væri. En nú vil jeg spyrja, — hvað er stjórnmálaflokkur? Stjórnmálaflokkur er ekki annað en hópur manna, sem sameiginlegar skoðanir tengja saman og sem þess vegna bindast samtökum um ákveðna stefnu í þjóðmálum. Maður skyldi ætla, að einmitt slíkur hópur manna væri best fær um það sjálfur að velja þá menn, sem best mætti treysta til að fylgja fram stefnu flokksins. Í þeim stjórnmálaflokki, sem jeg fylgi, eru það flokksmennirnir sjálfir, sem mestu ráða um það, hver er boðinn fram. Jeg vil spyrja, hvort það mundi reynast betur, að þingmannaefnin útnefni sig sjálf, eins og oft á sjer stað með kjördæmakosningar. Við landskjör er þó nokkuð stór hópur manna, sem útnefnir frambjóðendur, en við kjördæmakosningar stundum aðeins þingmannaefnin sjálf. Menn geta til samanburðar athugað, hvort betur muni hafa tekist valið á hv. þm. Borgf. (PO) eða mjer. — Það er einkennilegt að heyra hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ak., sem eru í svo fastreyrðum flokki eins og Íhaldsflokknum, vera að tala um flokksbönd sem eitthvert böl.

Hv. þm. Borgf. þóttist vita, að jeg fengist ekki mikið um sparnað, eða gæfi ekki mikið fyrir slíkt, en jeg hygg, að hann hafi litla reynslu til að geta dæmt um slíkt. Að minsta kosti kom hann ekki með neitt dæmi um það, að jeg hefði viljað ausa fje út í óhófi.

Það er auðvitað, að slík nurlarasál eins og hv. þm. Borgf. lítur alt öðruvísi á fjármál yfirleitt en jeg. Hann vill ekki tekjur í ríkissjóðinn, heldur að hver nurli fyrir sig, og einkum að kjósendur hans sjálfs fái eitthvað í sína vasa. En jeg álít, að það sje miklu hagkvæmara, að menn leggi fje sitt saman til framkvæmda, er miða að almannaheillum, svo að annað sje hægt að gera en ráðast í smámuni.

Hv. þm. Borgf. sagði, að fjárlögin tækju mestan tíma þingsins, og skil jeg það vel, þar sem hann er í fjvn., að hann finni til þess, hvað þau taka mikinn tíma. En fjárlögin eru nú afgreidd hjeðan úr deildinni, og þau væru nú afgreidd algerlega, ef ekki væri deildaskiftingin. Það er því augljóst, að það er ekki afgreiðsla fjárlaganna í sjálfu sjer, heldur deilda-

skiftingin, sem lengir þingið mest, enda verður þess sjaldan vart, að þingið hafi ekkert að gera, af því að standi á fjárlögunum.

Hv. þm. Borgf. vildi álíta það mikilsvert, að þm. væru í persónulegum kunningsskap við kjósendur. En jeg lít svo á, að þm. eigi að kjósa eftir skoðunum, en ekki eftir persónulegum kunningsskap eða vináttu. Háttv. þm. Borgf. hjelt fram, að það væri mikilsvert, að þm. væru kunnugir staðháttum í kjördæmunum. En nú eru margir þm. alls ekki búsettir í kjördæmum sínum og þekkja því lítt til staðhátta, og það sýnir, að kjósendum þykir meira um annað vert en að þeir þekki þar hverja smugu. En ef þess væri óskað, yrði líka að fara aðra leið en þá, sem nú tíðkast; þá yrði að ákveða, að frambjóðendur væru búsettir í kjördæmum sínum.

Hæstv. fjrh. sagði, að stjórnarskrárbreytingar sínar væru ekki stefnubreytingar, heldur aðeins hagkvæmnisatriði. En stjórnarskráin er nú einu sinni grundvöllurinn undir þjóðskipulaginu, og við henni er ekki hægt að hreyfa nema koma við stefnumálin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:2 atkv.

2. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 417,I feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, BSv.

nei: JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, HK, HjV, JAJ, JG.

3. gr. samþ. með 17:4 atkv.

Brtt. 417,II feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

4. gr. feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ.

nei: ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

Brtt. 417,III—V teknar aftur.

5. gr. samþ. með 15:3 atkv.

6. gr. samþ. með 15:3 atkv.

7. gr. samþ. með 16:5 atkv.

8. gr. samþ. með 17:6 atkv.

9. gr. feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS.

nei: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, BSv.

10. gr. feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK.

nei: IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:6 atkv.

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 460, 461, 468, 471, 474, 475, 476, 480, 481, 482, 489, 493).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 489 og 493. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Jeg mun ekki fara út í almennar umr. um þetta frv., þó að til þess væri nokkur ástæða, en láta mjer nægja aðeins að gera grein fyrir þeim brtt., sem jeg flyt á þskj. 461.

Þetta frv. sjálft og þau ákvæði, sem í því eru til breytinga á stjórnarskránni, voru aðallega rökstudd með því, að þau væru til sparnaðar. Það er höfuðástæðan, sem færð hefir verið fyrir þeim, og svo í öðru lagi, að þjóðin vilji breytingarnar, og þá mun vilji þjóðarinnar einnig vera bygður á þeirri ástæðu, að það sje sparnaður.

Till. sú, sem hv. meiri hl. nefndarinnar flutti hjer við 2. umr. um niðurfelling landskjörs og fækkun þm., var líka aðallega rökstudd með því, að hún væri til sparnaðar. Sú till. er nú fallin, eins og kunnugt er, og því óþarft að ræða um hana.

Hinsvegar er það að segja um aðalatriði frv. þess, sem fyrir liggur, fækkun þinga, að þó að játa megi, að það myndi að vísu vera sparnaður, þá hygg jeg, að sá sparnaður verði minni en menn gera sjer vonir um, bæði vegna þess, að fjárlagaþingin verða lengri og eins vegna hins, að þá myndi það verða mjög títt, að aukaþing yrðu háð, og við vitum það af reynslu síðari ára, áður en ákveðið var að hafa þing á hverju ári, að þá voru aukaþing mjög tíð. Auk þess hefir sú leið, sem hjer er stungið upp á í frv., þann höfuðókost, að það dregur úr áhrifum og valdi þjóðarinnar á stjórn landsins, og af þessum ástæðum býst jeg ekki við að geta að lokum verið með þessu frv., nema því aðeins, að fleiri ákvæði, sem jeg tel að sjeu til verulegra bóta, kæmust að við meðferð málsins.

Það er nú ekki fyrir það, að jeg viðurkenni ekki, að sparnaðarleiðin sje algerlega rjettmæt ástæða í sjálfu sjer, ef hún er ekki of dýru verði keypt, en það eru til fleiri leiðir í sambandi við þetta mál til sparnaðar heldur en þær, sem enn hafa komið fram, að öðru leyti en því, sem þær liggja fyrir í mínum till.

Ef hægt væri að koma því svo fyrir, að þingin stæðu að miklum mun skemur en nú er, án þess að verulegur bagi væri að fyrir þingstörfin, þá væri að því mikill sparnaður, og það er áreiðanlegt, að þjóðin kvartar um það engu síður, hve þingin eru löng, heldur en um aðalatriði frv. — þingafækkunina —, sem hjer liggur fyrir.

Það eru eðlilegar ástæður fyrir því, hvers vegna þingin eru svo löng, og er þá fyrst að nefna þann málafjölda, sem jafnan liggur fyrir og sem lítur út fyrir að stafi af því, að þjóðlífið tekur svo margvíslegum og örum breytingum, að altaf þurfi að vera að sníða um stakkinn. Samt sem áður getur verið álitamál um það, hvort ekki mætti vel hlíta, þótt breytingar á löggjöfinni væru ekki eins örar og á sjer stað, og er vafamál, hvort mikill bagi væri að, þótt það gengi meira hægfara. En önnur ástæða til

lengdar þinga er tvímælalaust þingsköpin; þau gera ráð fyrir ítarlegri meðferð málanna, og þar til heyrir þá náttúrlega tvískifting þingsins og það, að hverju máli eru áskildar þrjár umræður með hæfilegum fresti, og að málin geta svo komið til einnar umr. í hvorri deild og loks fyrir sameinað þing, svo að það geta verið 9 umr. um hvert mál. Í sjálfu sjer ber ekki að lasta þetta, ef það er algerlega nauðsynlegt, en þá er það að athuga, hvort það er jafnnauðsynlegt um öll mál. Róttækasta leiðin í þessu efni væri sú, að afnema deildaskiftingu þingsins, og jeg fyrir mitt leyti gæti gengið að slíkri till. En jeg býst þó við, að þetta sje fjarri því, sem alment er álitið, og væri því þýðingarlaust að bera slíka till. fram, enda hefi jeg ekki ráðist í það. Öðru máli væri að gegna, ef tvískiftingin væri afnumin um þetta eina mál, sem jeg hefi nú stungið upp á. Fjárlögin eru að sumu leyti yfirgripsmesta mál þingsins, og jeg get bætt við, þýðingarmesta mál þess. Af þessu leiðir þó ekki, að það mál þurfi að fá sömu meðferð og önnur mál, og stafar það af því, að það er annars eðlis en öll önnur löggjafarmál. Fyrst er þá það, að það er tiltölulega einfalt atriði að taka afstöðu til fjárlaganna. Þar þarf annarsvegar aðeins að taka afstöðu til heildarniðurstöðu fjárlaganna, hver hún megi og eigi að vera, og hinsvegar til hinna einstöku till., er fyrir kunna að liggja. En til þess að menn geti gert það, ætti málið ekki að þurfa að fara í gegnum 9 umr. í þinginu. Fjárlögin, þó að umfangsmikil sjeu, eru annars eðlis en almenn löggjafarmál. Það má aftur segja, að um öll hin vandasamari mál sje miklu erfiðara að taka afstöðu, vegna þess að þau grípa inn í alt löggjafarkerfi vort og líka inn í þjóðlíf vort og verða því aldrei of vel athuguð. Þá stendur sjerstaklega á um fjárlögin að öðru leyti, en það er það, að svo er ákveðið, að ekki megi slíta þingi fyr en þau hafi verið samþykt. Eru þau eina málið, sem svo stendur á um. Það má hlaupa frá öllum öðrum málum óafgreiddum. Sá undirbúningur, sem málin hafa fengið, þyrfti ekki að verða ónýtur fyrir það, en bíður þá bara seinni tíma. Raunar tefjast málin við það, að farið er frá þeim áður en þau eru afgreidd, en þau bíða þá aðeins til næsta þings, og í flestum tilfellum gætu þau grætt við þá athugun, sem þau fengju á þessum fresti.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi nefnt, hefi jeg leyft mjer að bera fram till., sem fer í þá átt að gera undantekningu frá tvískiftingu þingsins um fjárlögin, að þau komi aðeins fyrir þingið óskift, sameinað Alþingi. Þessi næstliðnu þing, sem jeg þekki til, hafa yfirleitt verið álíka löng, þetta frá 90—100 daga. Þykir þetta langur tími og er of langur, bæði fyrir kostnaðar sakir og vegna þess, að margir þm. geta hvorki nje mega vera svo langan tíma að heiman eða frá starfi sínu. En það er nú svo, að þingin eru aldrei lengd neitt verulega eftir að fjárlögin eru afgreidd, og jeg býst líka við því, að með óbreyttum þingsköpum verði heldur ekki hægt að gera ráð fyrir, að þau verði neitt verulega styttri. Að vísu er það svo, að tíminn, sem fjvn. Nd. hefir fjárlögin

til meðferðar, hefir verið þessi undanförnu þing um 5—7 vikur, og sýnist það í rauninni vera óhæfilega langur tími. En þegar rætt er um þetta við fjvn.-menn, þá vilja þeir ekki við það kannast, að þeir geti komist af með styttri tíma. Og með öllum frestum og umr. um málið er ekki hægt að búast við því, að þingin verði styttri, ef meðferð sú er höfð á fjárlögunum, sem þingsköp ákveða. En það gæti munað miklu, ef menn vildu fallast á afgreiðslu fjárlaganna í óskiftu þingi. Þingin ættu þá að geta orðið þriðjungi styttri vegna fjárlaganna sjálfra. Og þó að þá yrði kannske að fara frá mörgum málum óafgreiddum, þá teldi jeg það engan sjerstakan baga, því að þau frv., sem mest væru aðkallandi og síst mættu bíða, mætti þá láta sitja fyrir öðrum, og jeg held, að það væri ekki nema hollur hemill á hina öru og þýðingarminni löggjöf vora, þótt slík mál yrðu að bíða til næsta þings.

Jeg býst nú við, að þær ástæður verði færðar á móti till. minni, að ekki yrði þá eins örugt um, að fjárlögin yrðu eins skipulega afgreidd og nú og ekki eins trygt, að heildarniðurstaðan yrði sú, sem hún ætti að vera að rjettu lagi, með tilliti til allra ástæðna. Jeg býst við, að menn hafi einkum í huga, að þetta mundi leiða til meiri útgjalda og að hin fjárhagslega niðurstaða fjárlaganna yrði verri, meiri tekjuhalli eða minni afgangur. En jeg hyggst nú að geta stutt till. mína með því, meðal annars, að líkindi sjeu til, að afgreiðsla fjárlaganna yrði skipulegri eftir en áður og að síður væri hætt við, að samþykt yrðu ónauðsynleg útgjöld. Því að það liggur í augum uppi, að þessar mörgu umr. eru opnar leiðir og tækifæri til þess að koma inn í fjárlögin nýjum og nýjum liðum til útgjalda. Jeg þykist hafa tekið eftir því, eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi í þessum efnum, að því lengra sem líður á meðferð fjárlaganna, því auðveldara virðist að koma inn till., sem helst mættu verða útundan og minst nauðsynlegar eru. Jeg hefi hjer fyrir mjer yfirlit yfir rekstur fjárlaganna nokkur undanfarin ár, og heildarblærinn er sá sami, sem jeg hefi lýst. Það er auðvitað ekki sönnun þess, að ónauðsynlegustu útgjöldin komi inn síðast, en það er sönnun þess, að útgjöldin hækka altaf eftir því, sem á líður. Það er ekki altaf, að fjárlögin koma fyrir Sþ., heldur annaðhvort að Nd. gengur að þeim eins og þau hafa verið samþ. af Ed. eða að Ed. gengur að þeim eins og þau hafa verið samþ. við eina umr. í Nd. Lítur út fyrir, að ástæðan sje einmitt sú, að menn óttist óþörf útgjöld og óskipulega afgreiðslu fjárlaganna, ef leiðinni er lengur haldið opinni.

Þjóðin er ekki sýtingssöm um fjárveitingar, sem hún telur að vel sje varið, en hitt hefi jeg heyrt, óánægju um ýmsar fjárveitingar, sjerstaklega til einstakra manna. Um slíkar fjárveitingar má hiklaust segja, að það orkar oft tvímælis, hvort rjettmætar eru eða þarfar, einkum þegar litið er á, hvernig ríkið fær tekjur sínar í mörgum tilfellum, með því að heimta þær með harðri hendi jafnvel af sárfátækum fjölskyldumönnum með því að tolla nauðsynlegar þurftarvörur, þá er ekki óeðlilegt, að kvartað sje yfir því, að í fjárlögum sjáist fjárveitingar, sem sje gálauslega varið. Að þessu

hnígur síðasta brtt. mín, 2.b. Hún á að gera það erfiðara að fá samþ. fjárútgjöld, sem veitt eru á nöfn til einstakra manna, vegna þess að þær till. orka altaf tvímælis, hvort rjettmætar eru. Er áskilið, að það þurfi ⅗ hluta atkv. til þess að fá þær samþ. En það ætti ekki að hamla því, að þegar um er að ræða viðurkenda verðleika eða þjóðarnauðsyn, þá verði hægt að fá þann litla meiri hl., sem hjer þarf yfir einfaldan meiri hl., til þess að þær till. nái samþykki, sem eru þess eðlis, að þær hafa fylsta rjett á sjer.

Eins og jeg hefi áður vikið að, er aðalröksemdin fyrir þessu frv., sem hjer liggur fyrir, sparnaður, og ekkert annað. Jeg hefi nú borið fram þessa till. vegna þess, að jeg viðurkenni, að þessi röksemd sje rjettmæt, ef hægt væri að fá þessi gæði án þess að kaupa þau of dýru verði. Jeg vil með brtt. mínum gefa mönnum kost á að sýna, hve mikil alvara fylgir þessari höfuðástæðu, sem talin er til breytingar á stjórnarskránni. Þetta eru auðvitað nokkur nýmæli, og verið getur, að menn sjeu ekki búnir að hugsa þau til fulls eða að þeir geti ekki fallist á þá hugsun og þau rök, sem jeg hefi hjer látið fylgja. En fari svo, að till. mínar verði ekki samþ., þá vona jeg samt, af því að jeg er sannfærður um rjettmæti þeirra, að þeim muni aukast fylgi með tímanum og verða teknar til greina síðar, er hugsað verður til breytinga á stjórnarskránni.

Magnús Torfason: Jeg á brtt. við þetta frv. á þskj. 468, og ber að skoða þær sem nokkurskonar greinargerð fyrir atkvgr. minni við 2. umr. málsins. Jeg greiddi þá atkv. gegn því, að frv. gengi til 3. umr. Brtt. mínar eru vottur um það, hvers vegna jeg var á móti því, að málið gengi þannig lagað áfram í þinginu.

Stjórnarskrá eins lands er grundvöllurinn undir þjóðskipulagi þess, og sá grundvöllur, sem almennar lagasetningar og framkvæmdir eiga að byggjast á. Hún er alstaðar annarsstaðar, eins og kunnugt er, skoðuð sem dýrgripur eða helgidómur, sem ekki má hrófla við nema nauðsyn reki til. En hjer er því öðruvísi háttað. Það lítur svo út, sem hjer sje sú skoðun uppi, að hver maður hafi leyfi og rjett til þess að bera fram stjórnarskrárbreytingu á hverju þingi, alveg eins og menn bera fram breytingar við hrossakynbótasamþyktarlög og annað slíkt. Að þetta á sjer stað hjer, hefir sína orsök, og hún er sú, að sjálfstæðisbaráttа vor var í því fólgin að búa til stjórnarskipunarlög eða breyta þeim. Það var ekki hægt með öðru móti að sækja rjett vorn í hendur erlendrar þjóðar en með því að breyta þessum lögum. Það var því ekki nema eðlilegt, eins og sú barátta var löng, að það kæmu fram margar till. um breytingar á stjórnarskránni. Nú er þessi ástæða, að berjast fyrir auknum rjetti þjóðarinnar með breytingum á stjórnarskránni, fallin burtu með sambandslögunum frá 1918, sem ekki er hægt að breyta fyr en 1943. Þess vegna hjelt jeg, að hlje yrði á því, að menn færu að breyta slíkum lögum, og að það yrði ekki gert nema alveg sjerstök ástæða væri til þess. Sjerstaklega hjelt jeg, að ein stjórn mundi ekki fara að bera fram slíkar breyt-

ingar, nema annaðhvort nauður ræki til ellegar stjórnin væri með þessu að láta þjóðina fá rjettarbót, sem henni fyndist, að ekki mætti bíða og sem þjóðin mundi tveim höndum taka. En í frv. eins og það er lagt fram er engin slík rjettarbót. Þvert á móti; þar eru eintómar rjettarskemdir. Þannig var málið, er það kom til Nd., en jeg játa það fúslega, að þessari hv. deild hefir tekist að sníða af því verstu gallana, sem horfðu til baka, en ekki fram, og voru rjettarskemdir.

Jeg verð nú að segja það um aðalbreytinguna, sem er eftir í frv., að hún er í sjálfu sjer rjettarskemd. Vitaskuld má hjer segja, að ekkert er svo ilt, eð ekki fylgi nokkuð gott. Aðalbreytingunni, sem er þing annaðhvert ár, fylgir þó væntanlega, samkvæmt áliti tillögumanna, sú bót, að þingkostnaðurinn sparast, að minsta kosti fyrstu árin. Þó skal jeg alls ekkert um það fullyrða. Því að jeg ætla ekki að ganga út frá því, að málið, eins og það hefir komið fram, sje svo ilt og óheilindin svo mikil, að jafnvel þeir, sem barist hafa fyrir því, trúi ekki á það, að sparnaður verði að því.

Það vita allir, að það hefir verið flaggað með því, að þetta sje ágæt sparnaðartill. En það er ekki þar fyrir, jeg veit, að til eru þeir menn, sem hafa haldið að kjósendum þessari stjórnarskrárbreytingu, jafnvel þó að flokkur þeirra hafi verið á móti henni. Jeg veit meira að segja af manni, sem hefir gerst upphafsmaður að því að halda þessu að þjóðinni gagnvart flokki sínum. Mjer er kunnugt um, að það eru ekki aðeins Framsóknar- og Íhaldsmenn, heldur líka Jafnaðarmenn, sem hafa haldið þessari sparnaðarkenningu að kjósendum sínum. Einn jafnaðarmaður í mínu kjördæmi hjelt þessu fram, þinghaldi annaðhvert ár, og náði þó nokkrum atkvæðum á því, en allir vita þó, að flokkur hans er á móti þessu. En eitt er það, að þingmannaefni halda þessu fram til þess að afla sjer kjörfylgis, og annað hitt, að halda því fram þegar komið er inn í þingsalinn og ábyrgðin færist yfir. En annars er sú kórvilla á flutningi þessarar till., að það er ekki fyrst og fremst hugsað um þjóðskipulagið, þingstörfin eða löggjafarstörfin. Þegar slík till. um þinghald annaðhvert ár er borin fram, þá á auðvitað fyrst að hugsa um það, hvað gagnar best löggjafarstarfinu. En þegar málið er athugað frá því sjónarmiði, þá er langt frá því, að löggjafarstarfinu sje betur borgið með þessu móti. Þvert á móti, það er stórskemt.

Jeg verð að segja, að þegar breyta á stjórnarskrá eins lands til þess að spara nokkra tugi þúsunda, sem þó er óvíst að verði, þá legst lítið fyrir kappann, ef þingmenn konungsríkisins Íslands ætla að fara að rýra rjett þings og þjóðar á þennan hátt. Því að það er ekki svo vel, að þessi breyting sje meinlaus; hún er stórkostlegur rjettarspillir. Vald þingsins minkar og eftirlitið með stjórninni minkar, það er erfiðara að hafa hendur í hári þeirra stjórnarherra, sem mönnum líkar ekki við, og stjórnin getur gert ákvarðanir á löngum tíma, sem ekki verður um bætt eftir á. Að því er snertir þýðingu þessarar breytingar fyrir fjárlögin, þá eru ákvæðin mun verri og vitlausari en þau voru með

gamla fyrirkomulaginu um þinghald annaðhvert ár. En það liggur í því, að þegar sumarþing voru hjer á árunum, þá liðu ekki nema 4 mánuðir uns fjárlögin gengu í gildi. Nú líða 8 mánuðir uns fjárlögin ganga í gildi, en þetta þýðir það, að fjárlög, sem samin eru í maí, ganga ekki í gildi fyr en eftir 32 mánuði. Þetta gengur á móti reynslu annara þjóða. Þar eru fjárlög samin til eins árs, og það er ekki nóg með þá takmörkun, heldur eru fjárlögin látin skríða út úr þinginu daginn áður en þau eiga að ganga í gildi. Öðrum þjóðum þykir nóg, ef þingið á að sjá um fjárlög til eins árs. Meira að segja hafa nú á þingi Dana verið samþykt bráðabirgðafjárlög 31. mars, sem áttu að ganga í gildi 1. apríl. Það er svona mikil áhersla lögð á þetta þar. Í sambandi við þessa reynslu var horfið að því ráði hjer að hafa fjárlögin til eins árs. Það voru líka sjerstakar ástæður til þess. Þetta var gert í stríðslokin, af því að þá var vitanlegt, að mikill glundroði mundi verða á fjármálum manna og því ekki nokkur von til þess, að hægt væri að sjá lengra fram í tímann en eitt ár. Enda kom það í ljós, að þetta gafst vel. Þingið 1924 var kosið til þess að koma fjárreiðum ríkisins í rjett horf. Það var og gert vel og rösklega að öllu leyti. En ef fjárlög hefðu gilt til tveggja ára, þá hefði þessi mikla breyting dregist til 1925. Af þessu sjest, að tveggja ára fjárlög eru beggja handa vopn. Ef við í fyrra hefðum samið fjárlög fyrir 1928, þá hefðu vitanlega þær sparnaðartilraunir, sem gerðar hafa verið á þessu þingi, aldrei komist að. Svo yfirstandandi tími sýnir líka, að þessi breyting er beggja handa járn. Það er alveg víst, að það er fylsta ástæða til þess nú að hafa fjárlög fyrir eitt ár, eins og áður var. Nú er gjaldeyririnn og alt annað hjer á hverfanda hveli og aldrei hefir verið verra útlit fyrir fjárreiður ríkisins en nú. Því virðist mjer full ástæða til þess að geyma slíka breytingu sem þessa fyrst um sinn. Það er engin ástæða til þess að koma með hana núna. Þegar krónan er komin upp í gullgildi, eða stöðvuð og búin að standa stöðug nokkur ár, þá væri þessi breyting skiljanleg, en fyr ekki. Jeg verð að segja, að slík breyting sem þessi, á þeim tímum, sem nú eru, er einsdæmi í sögu þjóðarinnar. Jeg er sannfærður um það, að síðar verður þetta þing frægt að endemum fyrir það að samþykkja slíka stjórnarskrárbreytingu án þess að henni fylgi nokkur rjettarbót.

Þegar báðir stóru flokkarnir hjer í þinginu standa að þessari breytingu, þá geri jeg ráð fyrir því, að hún muni ná fram að ganga. Þess vegna hefi jeg borið fram brtt. mínar á þskj. 468, til þess að barnunginn verði ekki alveg eins snoðinn þegar hann fer út úr deildinni, ef þær verða samþyktar eða eitthvað í sömu átt. Jeg vil gefa hv. deild kost á því að láta þjóðina fá nokkrar rjettarbætur með þessari stjórnarskrárbreytingu.

Brtt. mínar eru í þrennu lagi. Fyrsta brtt. er þess efnis að miða kosningarrjett til Alþingis við 21 árs aldur. Jeg lít svo á, að þegar lögræðisaldurinn er miðaður við 21 ár, þá eigi kosningarrjettur til Alþingis að vera það líka. Þetta eru skyld mannrjettindi og mjer hefir altaf fundist, að allir vinnandi menn ættu að hafa þau, því að verður

er verkamaðurinn launanna. Þegar maðurinn er orðinn verkamaður í víngarðinum, þá á hann líka að fá mannrjettindin.

Þá er annað atriði í þessari brtt., að menn, sem eru orðnir 30 ára, hafi kosningarrjett við hlutbundnar kosningar til Alþingis. Jeg sje, að komin er fram brtt. um að færa þetta aldurstakmark niður í 25 ár. Það er síður en svo, að jeg sje á móti því, en jeg setti nú 30 ár vegna þess, að jeg taldi það vænlegra til þess að ná fram að ganga. Jeg bjóst við, að það þyrfti að skifta rjettarbótunum, fara skemra fyrst, en þokast svo smátt og smátt áfram. Að jeg fer fram á, að 30 ára konur og karlar skuli hafa kosningarrjett við hlutbundnar kosningar, stafar blátt áfram af því, að jeg veit, að þá hafa menn náð fullum þroska, og er því ekki nema eðlilegt, að þeir hafi fullkomin þegnrjettindi. Það er ýmislegt, sem sýnir, að það er býsna hlálegt að miða þessi rjettindi við 35 ára aldur. Ef við lítum t. d. í kringum okkur hjer í salnum, þá sjáum við þingmenn fleiri en einn, sem ekki hafa kosningarrjett við hlutbundnar kosningar til Alþingis. Það er eitthvað bogið við þetta. En aðalástæðan fyrir því, að jeg kom fram með þessa brtt., er þó sú, að lífið er miklu hraðgengara nú en áður. Á árunum 1880—'90 var ekki svo mikill skoðanamunur milli þeirra eldri og hinna yngri; þá breyttist lífið svo lítið. En nú breytist lífið svo hraðfara, að gamalmennin komast fyr aftur úr því en áður og eiga erfiðara með það að fylgjast með tímanum, og því verður að færa landskjörið niður í 30 ár til þess að vega á móti þessu. Jeg komst á þessa skoðun vegna þess, að jeg sá, að það nær ekki nokkurri átt, að þjóð, sem er 100 árum á eftir tímanum, megi við því að láta gamalmennin ráða of miklu. Hún verður að reyna af öllum mætti að styðjast við framsókn hinna ungu manna, frekar en aðrar þjóðir, sem betur hafa fylgst með tímanum.

Þá er önnur brtt. á þskj. 468, en hún er aðeins afleiðing af hinni fyrri, um 30 ára kjörgengi.

Þá er þriðja og síðasta brtt. þess efnis, að þingið komi framvegis saman 20. september, í stað 15. febrúar nú. Þetta er gert til þess að færa þingið nær fjárhagsárinu en áður. Jeg hefi sett 20. september; það má ekki seinna vera vegna fjárhagsársins, en jeg býst þó við, að með þessu móti verði hægt að fá fjárlögin samþykt fyrir jól. Jeg býst nú við, að mörgum muni verða illa við að hafa samkomudag Alþingis 20. september og þyki mörgum gert erfitt fyrir um þingsetu með þessu móti. En annaðhvort verður að gera: breyta samkomudegi Alþingis eða fjárhagsárinu. Það mætti gjarnan láta það byrja 1. júlí eða 1. júní; það er okkar gamla góða fardagaár.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Jeg er alveg ófáanlegur til þess að fylgja svona snoðnum breytingum, með mikilli rjettindaspilling, nema því aðeins, að við gefum þjóðinni jafnframt kost á einhverjum rjettarbótum. Annars hafði mjer dottið í hug, að það væri sjerstök ástæða fyrir mig að koma fram með brtt. viðvíkjandi tölu ráðherranna. Því hefir verið haldið fram jöfnum höndum, eftir því sem best hefir þótt henta, að þeir þyrftu samkvæmt stjórnarskránni að vera 3. Á þinginu 1924 bar

jeg fram þáltill. þess efnis, að ráðherrar skyldu vera tveir. Hún fjekk heldur dauft fylgi, en var þó ekki feld með miklum atkvæðamun. Því hefði ekki verið fjarri sanni, að jeg kæmi nú með brtt. um þetta. En jeg hefi ekki gert það, vegna þess að jeg álít það staðfest af hæstv. stjórn, eftir útnefninguna 29. mars, að það sje löglegt, að ráðherrar sjeu ekki nema 2, og því er ekki ástæða til þess að koma fram með brtt. um þetta, ef þessu verður ekki mótmælt.

Þórarinn Jónsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 474 ásamt tveimur öðrum hv. þm., og vil jeg minnast hennar fám orðum, enda þótt mjer virðist hv. þm. ekki gefa þessu máli sjerlega mikinn gaum, frekar en það væri eitthvert hjegómamál, þar sem sárfáir hafa verið í deildinni undir umræðum. Þessi brtt. fer fram á að fella niður síðustu málsgrein 1. gr. frv., þess efnis, að breyta megi með einföldum lögum því ákvæði, að þing skuli haldið annaðhvert ár. Er þessa breytingu bar á góma við 2. umr. þessa máls, þá mátti segja, að hæstv. forsrh. tæki henni ekki illa. En hann gat þess, að þar sem jeg hefði ekki meiri trú á þinghaldi annaðhvert ár en þetta, þá væri það ekki hugsunarrjett að bera fram brtt. um það að fella þetta ákvæði niður. Þetta kann nú að virðast rjett og er alveg talað út frá hjartarótum hæstv. forsrh. Því það verður ekki átakanlegar uppmálað vonleysi hæstv. forsrh. á þinghaldi annaðhvert ár en með þessu ákvæði, að því megi breyta með lögum. Og hver einasti þm., sem þinghaldið vill hafa árlega, vill ekki breyta þessu fremur en hæstv. forsrh. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, þó að hæstv. forsrh. teldi þetta ósamræmi hjá mjer.

Það, sem jeg vil þá árjetta, er það, að þó að jeg og við flm. höfum ekki fulla trú á þessu fyrirkomulagi, vil jeg samt láta reynsluna skera úr, en það hyggjum við, að best verði með því að gera ófrávíkjanlegt að hafa þinghald aðeins annaðhvert ár, nema þá með stjórnarskrárbreytingu. Og þó að menn felli sig ekki við ný lög, eins og þolleysi manna er á öllum sviðum, enda mörgum svo farið, að þeir vilja breyta um áður en nokkur varanleg reynsla er fengin, þá vil jeg og við flm. ganga svo skýrt frá þessu, að trygging sje fyrir því, að það fái að reyna sig, og að síður muni verða rokið í að breyta stjórnarskránni á ný, fyr en reynslan hefir skorið ákveðið úr.

Jeg hefi hlustað á hæstv. forsrh. halda því fram, að þetta ákvæði geti ekki komið til framkvæmda fyrst um sinn, vegna undirbúnings þúsund ára afmælishátíðar Alþingis. **(Forsrh. JÞ:** Þetta er alger misskilningur). Jeg hefi skilið hann svo, en sje ekki við nánari athugun, að þetta ákvæði geti á neinn hátt komið í bága við undirbúning hátíðarinnar. Nefndin, sem á að gera till. um undirbúninginn, á að hafa lokið því á næsta þingi, og verður þá að taka ákvörðun um kostnaðarundirbúninginn til tveggja ára, alveg eins og í fjárlögum. Jeg get því ekki sjeð, að undirbúningsstarfi hátíðarhaldanna sje ver borgið, þó að brtt. verði samþ.

Þegar jeg lít nú á allar þessar brtt., sem fram eru komnar, blandast mjer ekki hugur um, að þær eru ýmsar eins líklegar til þess að stofna málinu í

hættu eins og tillagan um niðurfelling landskjörs, sem fram kom við 2. umr. Var hún til þess að sameina menn um aðaltillögu frv. og jafnframt bæta við því ákvæði, sem sjálfsagðast er, ef breyta á stjórnarskránni. Ef hæstv. stjórn hefði tekið þessu vel og unnið fyrir málið á þeim grundvelli, myndi það hafa fengið góðan enda. En nú sundrast menn um málið, vegna þess hvernig fór um þá tillögu. Þó vil jeg ekki skorast undan að fylgja frv. vegna þinghalds annaðhvert ár, ef brtt. okkar á þskj. 474 verður samþ. Fyrir mjer er þetta aðalkjarni málsins eins og það nú horfir við. Og jeg á bágt með að trúa því, að hæstv. forsrh. geti ekki fallist á brtt. okkar, ef hann á annað borð hefir trú á þinghaldi annaðhvert ár.

Að svo mæltu ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, enda býst jeg við, að nógu margir verði til þess að lengja umr.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Mínu starfi sem frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar er nú lokið. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til brtt. þeirra, sem hjer liggja fyrir á mörgum þskj. Þó skal jeg geta þess, að brtt. hv. þm. Ak. (BL) á þskj. 381 kom til umræðu á nefndarfundi, og gat nefndin ekki fallist á hana.

Mitt erindi nú, er jeg kvaddi mjer hljóðs, verður því ekki annað en að gera nokkra grein fyrir brtt. þeim, sem jeg hefi borið fram á þskj. 475. Jeg þykist hafa samið þessar brtt. í samræmi við afstöðu hæstv. forsrh. til landskjörsins og með tilliti til þess, er hann hjelt hjer fram við 2. umr.

Fyrsta brtt. mín, við 27. gr. stjórnarskrárinnar, fer í líka átt og 4. gr. stjfrv. var orðuð upphaflega. Legg jeg til með henni, að kjörtímabilið skuli vera 4 ár. Þetta er í samræmi við anda stjfrv., að ákveða sama kjörtímabil fyrir landskjörna þm. og hina, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum, og að allir landskjörnir þm. sjeu kosnir í senn. Með þessu móti getur landskjörið orðið uppbót, ekki þó sjerstaklega fyrir þau kjördæmi, sem nú þykjast fara varhluta um þingmannatölu, heldur getur það þá orðið uppbót fyrir stjórnmálaflokkana og þá stefnu, sem ofan á er í landinu í það sinn, sem kosið er.

Önnur brtt. mín fer í þá átt, að kosningarrjettaraldur til landskjörs sje hinn sami og nú gildir við almennar kosningar, en það er 25 ár. Jeg held, að allir viðurkenni nú, að landskjörið fullnægi ekki þeim kröfum, sem ætlast var til í öndverðu, því að tilgangurinn var upphaflega sá, að landskjörið kæmi í staðinn fyrir konungkjörið gamla og yrði þar af leiðandi einskonar kjalfesta þingsins. En þetta hefir farið á annan veg. Þess vegna er rjettara að líta á landskjörið sem einskonar leiðrjetting eða uppbót á rangri og ósanngjarnri kjördæmaskiftingu. Þá liggur í augum uppi, að um fullkomna uppbót getur ekki verið að ræða í þessu efni, fyr en kosningarrjettur er hinn sami.

Annars vona jeg, að það verði ekki talin nein stjórnmálakænska af mjer að bera fram þessa brtt. Hitt finn jeg ekki ástæðu til að fara í launkofa með, að ef kosningarrjetturinn miðast við 35 ára aldur, þá er það fyrst og fremst til uppbótar fyrir Íhalds-

flokkinn, og það af þeirri einföldu ástæðu, sem vitanleg er, að í hinum flokkunum eiga hinir yngri menn fremur heima. Hjer er því farið fram á að skapa meira rjettlæti fyrir alla, með því að kosningarrjetturinn sje hinn sami, eða miðist við sama aldurstakmark. Þó að það sje nú svo, að Íhaldsflokknum sje það mestur ávinningur, að kosningarrjettur til landskjörs miðist við 35 ára aldur, þá er fjarri mjer að ætla, að slíkt hafi vakað fyrir hæstv. stjórn, er hún var að semja brtt. sínar við stjórnarskrána.

Þá er önnur brtt. undir þessum sama tölulið frá mjer, um að fella niður úr frv. það skilyrði fyrir kosningarrjetti, að menn sjeu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Um þetta atriði get jeg vísað til umr. þeirra, sem hjer fóru fram þegar frv. um breytingar á fátækralögunum var hjer á ferðinni. Þá hreyfðu margir því, að ekki yrði ráðin bót á þessum ágalla, af því að þetta væri fyrirskipað í stjórnarskránni. Hinsvegar benti jeg á þá, að af því að kringum þetta ákvæði væri reynt að komast með fátækralögunum, þá væri rjettara að breyta því í stjórnarskránni.

Þriðja og síðasta brtt. mín fer í þá átt að samræma kjörgengi við kosningarrjett manna samkvæmt þeim till., sem á undan eru fluttar.

Mjer finst, að hv. þdm. geti fallist á þessar brtt. mínar. Þær eru engar byltingatill., og heldur ekki fæ jeg sjeð, að neinn geti með sanngirni skoðað þær sem fleyg, er spilla eigi framgangi málsins. Þær eru allar í þeim anda, sem stjfrv. var upphaflega flutt. Finst mjer því, að þeir, sem á annað borð gátu gengið inn á það, geti þá með góðri samvisku greitt mínum brtt. atkvæði.

Annars hafa hjer komið fram fleiri brtt., sem fara í líka átt og mínar till. Að þeim standa hv. 1. þm. Árn. (MT), hv. þm. Dal. (JG) og hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Geri jeg ráð fyrir, að brtt. hv. 4. þm. Reykv., sem lengst fara í þessu efni, verði bornar fyrst upp, og falli þær, verða þá mínar næst, og fari eins um þær, koma brtt. hv. 1. þm. Árn. til atkv., en síðast brtt. hv. þm. Dal., en þær fara skemst. Annars sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja frekar um brtt. þessar, og um málið sjálft mun ekki hafa mikla þýðingu að ræða. Enda býst jeg við, að hv. þdm. sjeu flestir þeirrar skoðunar, að það verði ekki til mikils sparnaðar, þó að nú verði samþ. sú breyting, að Alþingi skuli háð annaðhvert ár, því að bráðlega muni að því ráði horfið aftur, að fjárlagaþing verði háð á hverju ári.

Þó verð jeg að segja það, að um meiri sparnaðarvilja er að ræða í brtt. meiri hl. stjórnarskrárnefndar en í stjfrv., þó að hæstv. forsrh. vilji ekki viðurkenna það. Hann vildi halda því fram, að með till. okkar um að færa tölu þm. úr 42 niður í 36 væri ekki um neinn sparnað að ræða, af því að þingmannatalan væri ekki fastákveðin og ekki loku fyrir skotið, að þeim mætti ekki fjölga. En það er alveg sama og nú á sjer stað; þingmannatalan er ekki fastákveðin. Þetta er því á misskilningi bygt hjá hæstv. ráðherra. Þó að svo sje fyrirskipað nú, að þm. eigi að vera 42, þá liggur beint við, að þeim geti fjölgað úr því.

Fækkun þm. um 6 þýðir því allmikinn sparnað á kostnaðinum við þinghald. Og sá sparnaður er ekki aðeins fólginn í því, sem sparast við þingfarar- og dagkaup þessara 6 þm., heldur styttir það líka þingstörfin, því að eftir því sem fleiri tala á fundum, tekur afgreiðsla málanna lengri tíma, auk þess sem umræðupartur Alþt. verður lengri og prentkostnaður allur hærri.

Þess vegna get jeg ekki tekið alvarlega þær umkvartanir yfir því, að þingin sjeu óhæfilega löng og því æskilegt að stytta þau, ef þeir, sem um það tala hæst, geta ekki fallist á þessa brtt. um fækkun þm. Að halda þing annaðhvert ár mundi ekki hafa annað í för með sjer en að þingið yrði lengra í hvert sinn, eða, sem mjer finst þó trúlegra, að haldið yrði áfram að kalla það saman á hverju ári. Hvernig sem á þetta er litið, mundi ekki um neinn sparnað að ræða, þó að inn í stjórnarskrána kæmist nú, að þing skuli háð annaðhvert ár.

Annars þætti mjer gaman í þessu sambandi að fá svar hæstv. stjórnar við spurningu, sem jeg ætla að bera upp. Að vísu skal jeg taka það fram, að sú spurning byggist ekki á öruggum upplýsingum, heldur á orðasveimi, sem borist hefir til eyrna minna utan þingsins. Jeg hefi sem sje heyrt því fleygt, að það muni vera ásetningur hæstv. stjórnar að leysa upp þingið og efna til nýrra kosninga, ef fjárlögin fyrir 1928 verða afgreidd frá þinginu með álíka tekjuhalla og þau fóru hjeðan út úr hv. deild og ef engar stjórnarskrárbreytingar verða samþyktar.

Vitanlega er þetta orðasveimur, enda dettur mjer ekki í hug að leggja trúnað á það, að hæstv. stjórn ætli sjer að efna til nýrra kosninga í þeim eina tilgangi að spara eitthvað af þessum 300 þús. kr. tekjuhalla, sem nú er á fjárlögunum.

Annars vænti jeg eftir svari hæstv. stjórnar og læt svo lokið máli mínu að sinni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt., sem er að finna á þskj. 471.

Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer að þeirri brtt., sem aðalbreytingin er fólgin í, sem sje þeirri, að kosningarrjettur til Alþingis, sem nú er bundinn við 25 ára aldur við kjördæmakosningar og 35 ár við landskjör, skuli færast niður í 21 ár. Jeg hefi áður skýrt frá því hjer í hv. deild, hvernig þessi 21 árs kosningarrjettur hefir rutt sjer víða til rúms erlendis og þótt gefast þar vel, svo að jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það nú. En á hitt mætti benda, að þar sem svo er fyrir mælt í lögum, að menn skuli myndugir 21 árs og þá fjár síns ráðandi, þá virðist einmitt samræmi í, að kosningarrjetturinn miðist við sama aldurstakmark. Það mun líka vera skoðun margra, að eftir því sem aldur færist yfir menn, því seinna gangi löggjafarstarfið, svo að þar er enn ein ástæða fyrir því að færa kosningarrjettinn niður.

Um búsetuskilyrðið er það að segja, að í staðinn fyrir 5 ár, eins og nú er, þá held jeg, að nægi, að komi 1 ár. Þetta mun upphaflega vera sett vegna Dana, til þess að fyrirbyggja, að þeir gætu haft áhrif á löggjöf okkar. En það virðist ástæðulaust að óttast, að

innflutningur þeirra verði svo mikill, að þeir reynist okkur ofjarlar. En 5 ára búsetuskilyrðið er órjettlátt gagnvart þeim Íslendingum, sem dvalið hafa erlendis, en tækju sjer hjer bólfestu aftur.

Eftir því, sem flokkum er skipað í þinginu, hefi jeg litla trú á, að þessar rjettmætu brtt. mínar verði samþ. T. d. veit jeg með vissu, að Íhaldsflokkurinn er á móti því að færa kosningarrjettinn niður. Hann veit sem er, að eftir því sem fleiri ungir menn kjósa, eftir því eykst andstæðingunum fylgi. Það er reynsla um allan heim, að ungir og áhugasamir menn eiga ekki samleið með neinum íhaldsflokki eða afturhaldi. En þó að jeg þykist vita fyrirfram, að till. mínar hafi lítinn eða engan byr, hefi jeg þó ekki hikað við að bera þær fram.

3. brtt. mín er bein afleiðing af 2. brtt., um kosningarrjettinn, eða m. ö. o., að kjörgengur við alþingiskosningar skuli hver sá ríkisborgari vera, sem kosningarrjett hefir. Í raun og veru mætti segja, að ekki sje ástæða til að takmarka með lögum aldur til kjörgengis, heldur láta kjósendur eina um það, eins og víða tíðkast erlendis. En þó fanst mjer rjettara að miða kjörgengið við 21 árs aldur.

Þá er það 4. brtt., sem fer í þá átt að færa út þjóðaratkvæði. Í stjórnarskránni er ákvæði um, að þjóðaratkvæðis skuli leita um breytingar á stjórnarskránni og sambandslögunum, og er þessu þannig fyrir komið, t. d. um stjórnarskrá okkar, að breytingar á henni öðlast ekki gildi nema þingið sje leyst upp og efnt til nýrra kosninga og að hinir nýkjörnu þm. fallist á breytingarnar. Með brtt. minni er ætlast til, að þjóðaratkvæðis megi leita um hvaða þingmál sem er, ef ákveðin tala kjósenda í landinu óskar þess skriflega. Þetta verður vitanlega ekki gert, nema líkindi sjeu til, að annar þjóðarvilji ríki í landinu en sá, er stjórnin reiknar með, að því leyti, er til stuðningsmanna hennar kemur í sjálfu þinginu. Samskonar ákvæði er að finna í stjórnarskrám sumra erlendra ríkja, t. d. Sviss, og hefir þótt gefast vel. Þetta er sjálfsagður hemill á því, hvernig þm. hagi sjer yfir höfuð og aðhald fyrir þá að fylgja vilja kjósendanna.

Jeg hefi með vilja hlaupið yfir 1. brtt. mína, en ætla nú að víkja nokkrum orðum að henni.

Í 26. gr. stjórnarskrárinnar er svo fyrir mælt, að með einföldum lögum megi skipa svo fyrir, að hlutbundnar kosningar til Alþingis fari fram í Reykjavík. Þetta hefir nú verið gert, og eru þannig 10 þm. af 42, sem sæti eiga á Alþingi, kosnir hlutbundnum kosningum, 4 úr Reykjavík og 6 landskjörnir. Þetta er gert til þess, að flokkarnir njóti meira jafnrjettis. En ef þetta er rjett ályktað og hefir þótt nauðsynlegt, þá ætti sama að gilda annarsstaðar, að minsta kosti í flestum þeim kjördæmum, sem kjósa eiga tvo þingmenn. Það hefir komið fram í einu blaði Íhaldsins, að ákveða, að fjórðungskosning væri hlutbundin. Jeg vænti þess, að þessi till. verði prófsteinn á það, hvort hv. þm. Nd. líta svo á, að hlutbundin kosning sje rjettmæt eða ekki, og hvort þeir yfirleitt vilji breyta í það horf, að hlutbundnar kosningar komist á eða ekki.

Jeg ætla svo ekki að tala meira um mínar brtt., en minnast á 3—4 aðrar.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 461, frá hv. 1. þm. N.-M. Er það sjerstaklega liðurinn 2.b., sem jeg get ekki fallist á. Mjer finst það mjög undarlegt, að samþykkja þurfi persónulegar styrkveitingar með $^3/_5$ hlutum atkvæða, en meiri hluti atkvæða ráði um annað. Segjum sem svo, að till. komi um að veita hlutafjelagi fjárstyrk; þá þarf ekki nema einfaldan meiri hluta til þess að samþykkja það, en $^3/_5$ hluta atkvæða til þess að samþykkja styrkveitingu til efnilegs námsmanns. Jeg get ekki skilið, að þess muni þurfa.

Þá er brtt. á þskj. 468, frá hv. 1. þm. Árn. Jeg get alls ekki fallist á 3. lið þeirrar brtt., þótt jeg hinsvegar geti fallist á aðra liði hennar, um að þing komi saman 20. september, í stað 15. febr. Þetta er alls ekki hægt, ef halda á þeim kjördegi, sem verið hefir og þingið virðist vilja halda, því að þá koma þingkosningar á miðjum þingtíma.

Þá hefir hv. 1. þm. S.-M. komið með brtt. þess efnis, að breyta 33. gr. stjórnarskrárinnar, og á þar líklega við, að halda megi Alþingi á Þingvöllum. En verði þessu breytt, má líka heyja þing annarsstaðar en á Íslandi, því það er skilyrði í stjórnarskránni, að Alþingi sje háð hjer á landi. Jeg legg því eindregið á móti þessari brtt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi því miður ekki haft tækifæri til þess að fylgjast alveg með þessum umræðum. En jeg sje, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem var, og er ef til vill enn, frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar, hefir talað, og býst jeg því við, að hann hafi skýrt frá því, að aðstaða meiri hlutans hefir breyst frá því, sem hún var við 2. umr. málsins. Það voru tvö meginatriði, sem sköpuðu meiri hlutann. Í fyrsta lagi fækkun þinga og í öðru lagi fækkun þingmanna. Þegar svo þessi tvö atriði voru aðskilin, breytingartillagan um þingmannafækkunina var feld, voru þær meginstoðir, sem sköpuðu meiri hlutann, fallnar, og því alt samkomulag í nefndinni um þessa hluti komið út um þúfur, sem og meðal annars má sjá á því, að fjöldi brtt. er fram kominn, og eru flestir nefndarmanna riðnir við einhverja þeirra. Hvað mig snertir, þá get jeg lýst ánægju minni yfir því, hvernig máli þessu er komið nú, því að nú má segja, að það sje í sama formi og jeg bar það fram, þar sem búið er að fella burtu úr því lengingu kjörtímabilsins og breytinguna á landskjörinu. En engu að síður hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 476, og jeg hefi hagað henni svo, að hún kemur síðast til atkvæða; hefi jeg gert það til þess að geta tekið hana aftur, ef allar aðrar tillögur verða feldar, til þess að tefja sem minst framgang málsins.

Svo jeg geri grein fyrir þessari brtt., þá tel jeg það mjög þýðingarmikið, að slíkt ákvæði sem þetta standi í stjórnarskránni, og yfir höfuð lít jeg svo á, að í stjórnarskrá landsins eigi þeir hlutir að vera, sem varða þjóðfjelagið mikils.

Þetta atriði, sem brtt. mín fjallar um, að ekki megi veita sjerleyfi til fossavirkjunar í stórum stíl nema með samþykki tveggja Alþinga í röð, tel jeg tvímælalaust svo stórt atriði, að

það eigi að standa í stjórnarskránni, svo ekki sje hægt að veita slíkt leyfi með einföldum lögum. Um þetta þarf jeg svo ekki að fjölyrða, því að í sambandi við þá stórfeldu fossavirkjun, sem var hjer til umræðu fyrir skömmu, ljet jeg í ljós þá skoðun mína, að jeg tel, að slík stórvirki geti haft í för með sjer mikla og hættulega röskun fyrir þjóðfjelagið. Og út frá öðru sjónarmiði tel jeg líka sjálfsagt. að ákvæði um þetta standi í stjórnarskránni. Það er alkunna, að á undanförnum þingum hafa ýmiskonar sjerrjettindi verið veitt til handa útlendum mönnum, en svo hefir ekkert verið aðhafst. Þessar sjerrjettindaveitingar tel jeg smán fyrir Alþingi. Leyfishafar flagga með rjettindin úti um allan heim, segjandi, að þetta hafi Alþingi Íslendinga veitt þeim. Í fyrra voru ekki færri en þrjú slík mál á ferðinni, og jeg greiddi atkvæði á móti þeim öllum. Og nú er búið að afgreiða eitt frá þessu þingi, og það er ekki hvað síst vegna þess, að jeg kem með þessa brtt.

Jeg er að vona, að jafnvel þeir þingmenn, sem annars eru því hlyntir að veita sjerleyfi, telji þó nóg komið í bili og geti því verið með að þrengja vald Alþingis á þessu sviði. Til þess að þrengja þetta vald þingsins hefði mátt fara ýmsar leiðir, t. d. hefði mátt setja þingrof að skilyrði, en svo langt vildi jeg þó ekki ganga, enda þótt jeg hefði helst viljað hafa slíkt ákvæði. Mun jeg því fús að fylgja hverri þeirri breytingu, sem gengur í þá átt að herða á þessu, ef einhver skyldi koma fram með hana. Í annan stað hefði mátt skapa þetta aðhald með því að láta fara fram þjóðaratkvæði áður en slíkt leyfi væri veitt.

Annars virðist mjer, að eitt hið stærsta skilyrði til þess að tryggja farsæla þróun í landinu sje að fyrirbyggja það, að útlendingar nái alt of miklum yfirráðum yfir mikilsverðum auðsuppsprettum landsins.

Um brtt. þær, sem komið hafa frá einstökum þingmönnum, ætla jeg ekki að fjölyrða. Þó hefi jeg tilhneigingu til að greiða mörgum þeirra atkvæði, því að jeg tel þær til bóta. Má þar til nefna tillöguna frá hv. þm. Dal. (JG) um að færa kosningarrjett við landskjör niður. Sömuleiðis tel jeg til stórra bóta tillöguna um að fella burt úr stjórnarskránni ákvæðið um, að skuld fyrir þeginn sveitarstyrk skuli svifta menn kosningarrjetti til Alþingis. En sem sagt, þá legg jeg aðaláhersluna á þingafækkunina og mun fylgja frv. með þeirri aðalbreytingu, hvað sem öðru líður.

Sveinn Ólafsson: Jeg get byrjað á líkri játningu og fram kom hjá hv. 1. þm. Árn. (MT), að jeg greiddi atkvæði á móti þessu frv., þegar það fór hjer frá 2. umr., og ástæðan til þess, að jeg gerði það, var auðvitað svipuð og fyrir hv. 1. þm. Árn., sem sje sú, að jeg taldi og tel ekki í frv. felast þá rjettarbót, sem ástæða sje til að halda fram til sigurs.

Jeg get látið þess getið strax, að jeg er í rauninni mótfallinn í þessu máli bæði flytjanda frv., hæstv. stjórn, og mínum eigin flokksbræðrum, sem styðja þetta mál og leggja áherslu á það atriði, að fækka þingum. Það er ekki aðeins, að það sje engin rjettar-

bót; jeg tel þvert á móti, að það sjeu hrein rjettarspjöll, spilli að miklu leyti því stjórnarfari, sem nú er. Það dregur bersýnilega, eins og fleiri að vísu hafa fundið, þó að óbeint sje, vald og áhrif á þau opinberu mál úr höndum þjóðarinnar og flytur það vald að sama skapi yfir í hendur stjórnarinnar, dregur þannig valdið úr höndum þingsins og felur það stjórninni. Hún verður miklu einráðari en áður og aðhaldsminni, og það, sem sjerstaklega er ætlast til, að verði að ávinningi — þingafækkunin — verður beinlínis til tjóns. Jeg legg alls engan trúnað á það, að í reyndinni verði nokkur þingafækkun. Ef til vill kynni svo að verða einu sinni eða tvisvar, meðan nýjabrumið væri mest, en heldur ekki oftar. Úr því yrðu aukaþing annaðhvert ár og hin árin fjárlagaþing, sem vegna erfiðleikanna við að búa til fjárlög fyrir tvö ár í senn myndu verða snögt um lengri en nú gerist, auk allra þeirra missmíða, sem giska má á við tveggja ára fjárlög. Jeg held í raun og veru, að aukafjárlögin fyrir 1921 geti gefið dálitla bendingu um það, hvernig fara mundi, þegar Alþingi ætti að fara að geta í eyðurnar og búa til fjárlög fyrir löngu ókominn tíma, tíma, sem lægi nærri heilt kjörtímabil framundan.

Hjer var í raun og veru boðið miklu álitlegra boð en nú liggur fyrir við 2. umr. málsins; það boð bauð hv. meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar, og það boð mátti segja, að væri þó raunverulegt sparnaðartilboð, þar sem þingmannafækkunin var, eða niðurfelling landskjörs. En þessu boði var reyndar hafnað, og jeg tel rjett að hafna því, þótt það væri raunverulegur sparnaður að því, af því að það leiddi jafnframt til rjettindaskerðingar fyrir mikinn hluta þjóðarinnar.

Samkvæmt þessu, sem jeg hefi sagt, hlýt jeg nú þannig að greiða atkvæði á móti frv. út úr þessari hv. deild. Jeg geri það hiklaust, af því að jeg lít á flutning málsins eins og loddarahátt. En með því að jeg get ekki vitað, hvort frv. muni ganga fram eða ekki, þá leiðir það af sjálfu sjer, að jeg styð þær till., sem mjer þykja til bóta vera, ef svo ólíklega færi, að frv. yrði að lögum; en þar sem jeg vil ekki styðja frv. sjálft, þá mun jeg að lokum greiða atkvæði á móti því.

Jeg flyt hjer eina ógnar lítilvæga brtt., á þskj. 482, og er hún um það að bæta aftan við 33. gr. stjórnarskrárinnar því ákvæði, að þeirri grein megi breyta með lögum, en sú grein ákveður, að þingið skuli koma saman í Reykjavík, nema konungur, þegar sjerstaklega stendur á, ákveði einhvern annan samkomustað. Aðalástæðan til þess, að jeg ber fram þessa brtt., er sú, að jeg tel rjett, að þjóðin með einföldum lögum geti tekið ákvörðun um þetta efni, alveg eins og hitt, hvenær á árinu þingið eigi að koma saman. Ef þjóðin nú t. d. árið 1930 vildi eða yrði sammála um að flytja þingið úr stað, sem vissulega margir óska eftir og álíta rjett, að gert verði, þá finst mjer rjett, að hún geti það án þess að kostað verði til stjórnarskrárbreytingar til þess að lögfesta þá skipun.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) lagði á móti þessari brtt., eins og reyndar fleirum, og fann það til meðal annars, að þessi brtt., ef samþykt yrði, gæti leitt til þess, að ekki aðeins þingið yrði

flutt frá Reykjavík, heldur jafnvel til þess, að það yrði flutt úr landi. Jeg þarf nú ekki að skera þessum hv. þm. roð, eins og kallað er, um skilningsleysi, enda veit hann vel, hvað þarna er í efni. Háttv. þm. er vel kunnugt um það, að löggjafarsvið Alþingis nær ekki út fyrir landhelgistakmörkin, og það myndi þegar af þeirri ástæðu ekki geta flutt Alþingi til annara landa. En hinsvegar mætti vissulega ætla, að Alþingi, þó að þetta ákvæði væri rýmkað, færi ekki að setja þingið niður á eitthvert eyðisker, eða þar, sem sjerstaklega óhaldkvæmt væri að hafa það, og vitanlega myndi það verða innan endimarka löggjafarsvæðisins.

Nú er svo ákveðið víðar í stjórnarskránni, eins og líka í þessu frv., sem fyrir liggur, að einstökum ákvæðum hennar megi breyta með einföldum lögum; en það mætti auðvitað, ef maður vildi hártoganir við hafa, geta sjer þess til, að Alþingi notaði einhverntíma þessa heimild til óforsvaranlegra hluta, en slíkt eru alt of langt sóttar samlíkingar og tekur ekki að tala um það.

Samkvæmt því, sem jeg nú hefi sagt, vil jeg láta þess getið, að jeg mun styðja tillöguna á þskj. 489, því að í henni felst vissulega rjettarbót. Á það hafa líka fleiri minst, sem talað hafa, enda tel jeg hana sjálfsagða. Hún færir sem sje aldurstakmarkið niður úr 35 í 30 ár fyrir þá, sem kosningarrjett hafa við landskjör. Einnig skal jeg geta þess, að jeg styð brtt. hv. þm. Str., á þskj. 476, og álít hana sjálfsagða rjettarbót. Fleiri tillögur má nefna; t. d. get jeg vel nefnt 1. lið í brtt. hv. 1. þm. Reykv. (JakM); en jeg vil hinsvegar taka það fram, að jeg álít brtt. þá, sem fram er komin frá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Ak. (BL), töluvert athugaverða, jafnvel hættulega. Jeg er sem sje fulltrúa um það, að ef þessi stjórnarskrárbreyting verður lögfest á þessu þingi, þá líður ekki langur tími áður en þjóðin finnur til þarfarinnar að breyta til árlegra þinga aftur, og þá er það alveg óviðurkvæmilegur þröskuldur í vegi fyrir breytingunni, að þingrof þurfi. Þess vegna vil jeg leggja til, að heimildin til að breyta þessu aftur með einföldum lögum verði látin haldast.

Jeg hirði svo ekki að minnast á fleiri brtt.; jeg lít reyndar misjafnlega á þær, sem hjer liggja fyrir, en jeg skal geta þess út af brtt. frá hv. 1. þm. Árn., sem vill færa þinghaldið til haustsins, að jeg álít það með öllu ósamrýmanlegt við landshætti hjer á landi.

Hv. þm. Ak. hefir lagt til, að þingið byrjaði 1. febrúar, en það er tillaga, sem mjer fellur ekki, því að jeg lít svo á, að því nær sem þingið er flutt vetrarsólhvörfum og myrkri, því ver sje það sett, en því nær ljósi og löngum dögum sem það flyst, því betra, og þá best á miðju sumri eins og var til forna. En báðar þessar brtt. um færslu þingtímans verð jeg að líta á eins og þær sjeu fremur til skaða en bóta.

Björn Líndal: Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) gerði svo glögga og góða grein fyrir brtt. á þskj. 474, að jeg hefi ekki ástæðu til að bæta þar við neinu öðru en því, að mjer finst það vera ótvíræður vottur um, hve litla trú hv. þingmenn hafa á fækkun þinga, ef

þeir ætla að greiða atkvæði á móti þessari brtt. okkar. Jeg get vel skilið það, að þeir hv. þingmenn, sem ekki álíta, að þetta megi að nokkru gagni koma, vilji ekki fella heimild til þess niður, að þessu megi breyta aftur með einföldum lögum. En hinir, sem þykjast trúa því, að fækkun þinga sje breyting til varanlegra bóta, sýna sannarlega ekki trú sína af verkum sínum með því að greiða atkvæði á móti því, að þessu megi ekki aftur breyta með einföldum lögum, eða vilja með öðrum orðum, að hægt sje með einföldum lögum að hringla með fjölgun og fækkun þinga eftir því sem hinn pólitíski vindur blæs í þann og þann svipinn. Eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, tel jeg það mjög hættulegt, að unt sje að hringla með mikilsverð ákvæði stjórnarskrárinnar frá ári til árs með einföldum lögum, og hvað þetta atriði snertir, þá tel jeg, að hjer sje um svo mikla breytingu að ræða, að þetta verði að telja eitt af höfuðatriðunum.

Þá vil jeg minnast á brtt. mína á þskj. 481. Hún byggist fyrst og fremst á því, þó að það sje ekki berlega sagt í tillögunni, að jeg vil nema úr stjórnarskránni aðra heimild til að breyta því, sem miklu máli skiftir, með einföldum lögum, og það er samkomudagur þingsins. Jeg gerði grein fyrir því líka við 2. umr., að svona ákvæði í stjórnarskrá má misbrúka ákaflega mikið, ef harðvítugur og illvígur stjórnmálaflokkur fær að hringla með samkomudag þingsins eins og honum sýnist, þá getur hann jafnvel algerlega útilokað suma andstæðinga sína frá að sitja á þingi, því að atvinnuvegum margra er svo háttað, að þeir geta ekki með nokkru móti setið á þingi nema að vetri til. Jeg tel það þess vegna mikilsvert, að heimildin til að breyta þingsetningartímanum með einföldum lögum verði feld niður. Hitt játa jeg, að jeg tel það skifta minna máli, hvort þingið byrjar 1. eða 15. febrúar, því að vitanlega verður að vera heimild eins og áður til þess að kalla þingið saman nokkru fyr á árinu, ef þurfa þykir. Þessari heimild hefir líka verið beitt mikið síðustu árin, jeg held undantekningarlaust altaf síðan jeg eignaðist hjer sæti. Tel jeg það mjög til bóta, að þingið geti byrjað fyr en verið hefir, og þá helst ekki seinna en 1. febrúar, því að það hygg jeg öllum ljóst, sem hugsa um málið af skynsamlegu viti, að fækkun þinga hlýtur að leiða til þess í framtíðinni, að þau verði lengri, með því skipulagi, sem nú er, og það jafnvel mun lengri.

Þeir, sem hafa mörgum störfum að gegna, vita vel, hve erfitt það er að þurfa að vera jafnvel fjóra mánuði ársins að heiman, og þó sjerstaklega á vorin, þegar vorannir eru að byrja. Jeg verð að telja, að þessi brtt. miði til þess að draga úr því tjóni, sem af því geti stafað, að þingmenn komist ekki heim til sín fyr en jafnvel í miðjum júní.

Það hafa lengi verið skiftar skoðanir um það, hvenær þing ætti að halda, og það sýnir sig berlegast á einni þeirri tillögu, sem hjer liggur fyrir. Það er brtt. frá hv. 1. þm. Árn. (MT), á þskj. 468; en því verð jeg nú samt að halda fram, að þessi hv. þm. geti naumast hugsað sjer það í alvöru

að flytja samkomu þingsins til 20. sept., því að það er öllum vitanlegt, að það er hinn allra óheppilegasti tími, sem hægt er að finna, jeg held undantekningarlaust fyrir alla atvinnurekendur, en þó sjerstaklega fyrir bændur landsins, því að það er algerlega útilokað, að þeir geti farið frá heimilum sínum um sláttarlokin og verið í burtu um sláturtíðina og allan haustannatímann. Jeg held, að háttv. þm. hafi hlotið að segja þetta í spaugi, og þótt jeg geti illa fyrirgefið spaug í jafnalvarlegu máli og stjórnarskráin er, þá get jeg þó betur fyrirgefið það en alvarlega tilraun til þess að gerspilla stjórnarskránni.

Þá skildi jeg ekki vel, hvað vakti fyrir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þegar hann vildi flytja þingið sem næst sumri eða fram á sumar. Var helst að skilja hann þannig, að hann teldi þingstörfin mundu verða betur unnin, þegar sól væri og sumar, en í skammdegismyrkrinu. Mjer þykir það undarlegt, að hv. þm. skuli þá helst vilja loka sig inni í húsum við heldur andlítil og þreytandi þingstörf, þegar sól er hæst á lofti og hásumarblíða, í stað þess að geta notið þess stutta sumars, sem við fáum hjer, til þess að starfa að útiverkum og verið sem mest undir beru lofti, því að skammdegið okkar er sannarlega nógu langt. Jeg get að minsta kosti sagt það fullum fetum hvað sjálfan mig snertir, að minn hugur dregst mjög frá þessum verkum, þegar sumarið gengur í garð, og hygg jeg, að svo sje um fleiri, að þeir sjeu svo mikil sólskinsbörn, að þeir vilji heldur sinna þingstörfum að vetri til en um hábjargræðistímann.

Magnús Jónsson: Jeg gat um það hjer, þegar Landsbankafrv. var til 1. umr., að jeg myndi bera fram brtt. við stjórnarskrána í sambandi við bankamálið, og hefir henni verið útbýtt hjer á þskj. 480.

Í nál. meiri hluta bankanefndarinnar var þess getið, að þeir nefndarmenn vildu leggja það til, að tekin yrðu upp í stjórnarskrána ákvæði um nokkur grundvallaratriði viðvíkjandi seðlabanka ríkisins, og þá sjerstaklega um það, að seðlaútgáfurjetturinn skyldi bundinn við þann banka, svo að honum yrði ekki ráðstafað á annan hátt, t. d. til einkafjelaga, og að ekki væri hægt með lögum að skuldbinda bankann annaðhvort til að veita lán eða gefa upp skuldir, með öðrum orðum að koma í veg fyrir þá hættu, sem getur verið í því, að löggjafarvaldið hafi alt of bein umráð yfir bankanum og geti notað það vald sitt á krepputímum, eða þá eftir því, sem pólitískum flokkum býður við að horfa. Það hefir verið reynt að koma í veg fyrir þetta með því að selja þessi rjettindi í hendur vissum hluthöfum, og er þá málið komið undir ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrjettinn, og er þá bankinn trygður gegn þeirri hættu.

Nú sje jeg það, að hjer getur verið um tvær leiðir að ræða í þessu efni. Önnur er sú, að fylgja nokkuð mikið orðanna hljóðan, eins og hjá hv. meiri hl. milliþinganefndarinnar, að ekki megi skuldbinda bankann gegn vilja bankastjórnar; en þó hvarf jeg frá því og vildi heldur bera málið fram í því formi, sem fram kemur í bankalagafrv., hafa ákveðnar upphæðir og tímalengd, sem veita má lán til ríkis-

ins úr seðlabankanum. Það er mitaskuld, að þetta getur ekki átt við annað en seðlabankann sjálfan, og það er þar svo ríkt ákveðið, að ekki megi lána ríkissjóði í neinni annari mynd en hjer er ákveðið, og ekki heldur fara í kringum lögin með því að láta bankann veita lánið óbeinlínis, t. d. með kaupum á verðbrjefum, og með þessu er ætlast til, að kveðið sje ríkara að heldur en hægt er að gera í bankalögunum sjálfum, til þess að hindra, að hann verði misnotaður í þessu skyni.

En jeg ætla ekki að eyða löngum tíma í það að mæla fyrir þessari brtt., af því að jeg hefi ráðið það við mig að taka hana aftur, en mjer hótti rjett, úr því að henni var útbýtt, að gera þessa stuttu grein fyrir henni. En ástæðan til þess, að jeg tek hana aftur, er sú, að hv. Ed. þóknaðist að meta stjórnarskrárbreytinguna meira heldur en bankamálið, og hefir þess vegna tafið það svo lengi, að það er hjer til 1. umr. á sama tíma og stjórnarskrárbreytingin er að fara hjeðan úr deildinni; en jeg hafði samt hugsað, af því að því máli gekk svo greiðlega í fyrra, að það myndi nú sigla beggja skauta byr í gegnum deildina. En nú er svo komið, að hjer eru komnir einhverjir kastvindar, og þá úr annari átt en jeg hafði búist við. Það er eins og sumir háttv. þm. hafi verið að leita með logandi ljósi í þessu máli, til þess að finna eitthvað, er þeir gætu hengt hatt sinn á og snúist gegn málinu. Jeg verð nú að segja það, að jeg kann ekki við að vera að halda fram breytingu á stjórnarskránni, er á að snerta þessa stofnun, sem ef til vill kemst ekki á nú í bráð. Ef frv. það verður samþ., þá er saltað í dágóðan tíma að koma inn í stjórnarskrána ákvæði um seðlabankann á hvorn hátt. En fari nú svo, að það verði ekki afgreitt, eða kannske felt, þá stendur þetta ákvæði í stjórnarskránni sem illa gerður hlutur. Er því rjettast að taka till. aftur. Jeg býst líka við, að það sje óhætt að sleppa henni nú, því að það verður nú víst varla liðið meira en eitt ár frá því stjórnarskrárbreytingin er gerð og þangað til menn vilja fara að breyta aftur. Það má alt eins vel búast við því, að hægt verði að koma þessu ákvæði inn í stjórnarskrána fyrir 1930.

Jeg ætla ekki að tefja umr. með því að fara að tala um hinar aðfarar brtt. Og um frv. almennt ætla jeg heldur ekki að segja mikið. Annars finst mjer nú engin þörf á því að breyta stjórnarskránni. Jeg er það íhaldssamur, að jeg vil halda í hana eins og hún er, svo lengi sem ekki kemur í henni ákvæði, sem standa beint í vegi fyrir auknum framförum. En nú er svo komið, að það er orðinn nokkuð almennur vilji að prófa þinghald annaðhvert ár. Mjer virðist því sjálfsagt að lofa mönnum að prófa það. Því að það er sýnilegt, að meðan þetta ekki er gert, þá verður altaf verið að klifa á þessu og þingin tafin með gagngerðum breytingum, er ganga í þessa átt. Því er rjett, að menn fái að reyna það og hlaupa af sjer hornin með það. En það er alveg sjálfsagt, að það standi opin leið til þess að breyta þessu aftur með almennum lögum. En verði sú brtt. samþ., sem nemur þetta ákvæði burtu, þá er jeg alveg óviss um, hvort jeg fylgi frumvarpinu áfram.

Jón Guðnason: Jeg ætla ekki að tefja mikið um með að tala um málið almennt, þó að full ástæða væri að vísu til þess, því að breyting á stjórnarskránni er svo mikilvægt mál, að það er eðlilegt, að um það fari fram ítarlegar umr. Það má auðvitað segja, að það sje fullsnemt að fara að gera þessar breytingar, sem hjer liggja fyrir, þar sem ekki eru nema fá ár liðin síðan stjórnarskráin var í lög leidd, enda mun sú skoðun vera almennust, að ekki sje rjett að gera breytingar á stjórnarskránni eins ört og á öðrum lögum. Eins og frv. liggur nú fyrir eftir 2. umr. hjer í deildinni, þá er þar ekki annað eftir, sem máli skiftir, en þetta margumtalaða ákvæði um þinghald annaðhvert ár. Þetta atriði hefir nú verið mikið rætt undanfarin ár og sterkar raddir um það heyrst, að hverfa ætti að þessu fyrirkomulagi aftur. Jeg geri ráð fyrir, að það, sem fyrir þjóðinni vaki með að knýja þessa breytingu fram, sje sú ástæða, sem hjer hefir helst verið minst á, sem sje sparnaðurinn, sem af þessu leiðir. Það er hinsvegar eðlilegt, að þjóðinni sje ekki eins ljóst, þó að agnúar kunni að vera á þessu í framkvæmdinni, vegna þess hve tímarnir hafa breyst síðan það fyrirkomulag gilti. En jeg verð þó að líta svo á, að það sje vel þess vert að gera þessa tilraun, þó að menn sjeu misjafnlega trúaðir á, að hún verði framkvæmanleg til lengdar. Jafnvel hæstv. stjórn, sem borið hefir þetta frv. fram, lítur á þetta aðeins sem tilraun, því að hún hefir sett í frv. ákvæði, sem líta verður á sem algert merki vantrúar á því, að þetta fyrirkomulag dugi til lengdar. Það er ákveðið um það, að þessu megi breyta aftur með einföldum lögum. Mjer fyrir mitt leyti finst sjálfsagt að reyna þetta, þó að jeg sje ekki trúaður á það en svo, að jeg er á móti þeirri brtt., að fella niður ákvæðið, sem jeg nefndi. Jeg hygg, að ef þetta reynist vel, en úr því verður reynslan að skera, þá sje engin hætta á því, að rasað verði um ráð fram og farið að fjölga þingunum aftur.

Jeg ætla þá lítillega að minnast á brtt. þær, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram á þskj. 489. Í þessum brtt. er farið fram á, að 2 breytingar verði gerðar á 29. gr. stjórnarskrárinnar. Önnur miðar að því að lækka aldurstakmarkið fyrir kosningarrjettinum til hlutbundinna kosninga um alt land úr 35 árum niður í 30 ár. Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að eyða mörgum orðum að þessari brtt. Það mun vera almenn skoðun, að aldurstakmarkið til hlutbundinna kosninga, um land alt sje óþarflega og jafnvel óhæfilega hátt. Og þó að ætlast sje til, að landskjörið skuli vera festan í þinginu og eldri kjósendur velji þangað þm., þá eru þó flestir búnir að ná öllum þeim þroska og þekkingu, er þeir eru orðnir 30 ára, sem þeir annars ná á æfinni. Mun því ekki kjósendahópurinn til landskjörs versna, heldur þvert á móti batna, ef breyting þessi nær fram að ganga.

Hin brtt. er um það, að ákvæðinu í stjórnarskránni um það, að menn, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, skuli ekki hafa kosningarrjett, megi breyta með einföldum lögum. Þrír háttv. þingmenn vilja fella burtu ákvæðið um þennan rjettindamissi. En

jeg vil í till. minni ganga skemmra. Bæði till. þessara þriggja hv. þm. og till. mín byggjast á þeirri skoðun, sem nú er almenn orðin, að rangt og ómannúðlegt sje að svifta þá menn kosningarrjetti, sem lenda í þeirri ógæfu að verða mannaþurfar, eins og kallað er. Að þessi skoðun sje almenn, og það einnig meðal þeirra, sem fara með löggjafarmálin, má sjá með því að athuga fátækralagafrv. það, er legið hefir nú fyrir þinginu. Þar kemur hæstv. stjórn með breytingu, sem fer í þá átt að gera mögulegt að láta að minsta kosti suma, sem þiggja af sveit, halda kosningarrjetti sínum. Okkur, sem vorum í nefnd þeirri, er um þetta mál fjallaði, fanst óþægilegt að vera að eiga við þessa breytingu á þessu frv., sem að rjettu lagi er lögfest í stjórnarskránni. Þess vegna virðist mjer nú, þegar breyting á stjórnarskránni liggur fyrir Alþingi, að rjett sje að nota tækifærið og rýmka um þetta ákvæði í stjórnarskránni. En jeg get aftur á móti ekki felt mig við till. um að fella þetta ákvæði alveg burt, vegna þess að jeg hygg, að því verði ekki neitað, að með því væri of langt gengið, ef veita ætti öllum, sem þegið hafa af sveit, kosningarrjett. Í hópi þeirra eru ýmsir, sem auðvelt er að sýna, að ekki hafa jafnvel hin einföldustu skilyrði, sem gera þarf til alþingiskjósenda. (**MJ**: En er þá ekki sama um þá að segja, sem eru yfir 25 ára?). Það kann vel að vera, enda verður varla siglt fyrir öll sker í þeim efnum. En það, sem fyrir mjer vakir hjer, er það, að Alþingi geti átt kost á að setja sjerstaka löggjöf um þetta áður en ákvæði eru sett um það, hvort öllum, sem þegið hafa af sveit, skuli veittur kosningarrjettur, eða aðeins nokkrum hluta þeirra. Jeg held, að þessi till. mín sje eins og varfærnari en till. hinna þm., sem jeg nefndi áðan, og því rjettara að samþ. hana en þær. Álít jeg svo ekki þörf að taka neitt frekar fram um till. þessar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vildi aðeins segja örfá orð, til þess að lýsa afstöðu minni til brtt. þeirra, er fyrir liggja, og tek jeg þær í röð eftir þskj.

Jeg er mótfallinn brtt. á þskj. 461, frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), og er um það, að fjárlögin verði rædd í Sþ. einungis og tekin til meðferðar við 3 umr. Það er ljóst, að fjárlögin eru eitt af mikilsverðustu málum hvers þings, og má því alls ekki ætla þeim óvandaðri meðferð en öðrum málum. Og þegar ofan á þetta bætist svo ef til vill, að farið verður að halda reglulegt þing aðeins annaðhvert ár, þá verður enn minni trygging fyrir góðri afgreiðslu fjárlaganna.

Jeg er mótfallinn brtt. á þskj. 468, frá hv. 1. þm. Árn. (MT). Þar er farið fram á að fella burt það skilyrði fyrir kosningarrjettinum, að menn sjeu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og einnig er aldurstakmarkið fært niður í 21 ár. Mjer sýnist ekki rjett að fara að breyta þessu. Það er alment álitið, að kosningarrjetturinn, að því er þetta atriði snertir, sje við okkar hæfi, og það er engin röksemd, þó að menn sjeu fullveðja um sín eigin fjármál, að rjett sje líka að gefa þeim umráð yfir málum þjóðarinnar. Og ekki sýnist mjer heldur ástæða til þess að lækka aldurs-

takmark landskjörskjósenda úr 35 árum niður í 30 ár, eins og annar hv. þm. (JG) fer fram á. Um 3. brtt. hv. 1. þm. Árn., sem er um það að láta þingið hefjast 20. sept., get jeg sagt það, að það er óhentugasti tími, sem hægt er að velja fyrir marga, sjerstaklega fyrir bændur, til þess að sitja á þingi. Þeir verða þá að fara að heiman fyrir rjettirnar og eru svo burtu frá öllum haustönnunum. Auk þess fellur líka kjördagurinn þá á miðjan þingtímann.

Um brtt. á þskj. 471, frá háttv. 4. þm. Reykv. (HjV), hefi jeg hið sama að segja. Jeg er þeim mótfallinn, og einnig 1. brtt., þó að hún í sjálfu sjer sje meinlítil. Jeg tel rjett að halda svo lengi sem unt er í aðalatriðunum þeirri kjördæmaskipun, sem nú er í landinu.

Um brtt. á þskj. 474, frá hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og tveim öðrum hv. þm. (PO, BL), og er um það að fella burt ákvæðið um það, að með lögum megi ákveða, að þing skuli haldið á hverju ári, þarf jeg ekki að segja annað en það, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls. Mjer fyrir mitt leyti er sama, þó að hún verði samþ. En jeg er á móti henni fyrir þá sök, að hún kann að draga atkv. frá frv. í heild sinni. Að efni til er jeg ekki á móti henni.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 475, frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Þar er farið fram á, að kjörtími allra þm. jafnt skuli vera 4 ár. En eins og hv. flm. tók fram, er þetta í samræmi við sama ákvæði, sem var í stjfrv., nema bara að hjer er kjörtíminn 4 ár, í stað 6 ár í stjfrv. Jeg heyri, að úr ýmsum áttum er lögð mikil áhersla á það, að kjörtíminn verði ekki lengri en 4 ár. Jeg get því lýst því yfir, að til samkomulags við þá þm., sem leggja áherslu á þetta, skal jeg fallast á þessa brtt. háttv. 1. þm. Reykv. eins og hún er fram borin. Jeg sje aftur á móti ekki ástæðu til þess að mæla með hinum tveim brtt. Jeg er alveg *mótfallinn* 2. brtt., þar sem kippa á burt því skilyrði fyrir kosningarrjettinum, að menn standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. (**JakM:** Það er borið fram sjerstaklega). Nei, ekki eins og það er hjer. Það er heldur engin ástæða til þess að breyta þeim takmörkunum, sem stjórnarskráin setur fyrir kosningarrjetti til landskjörs. Með því að halda þessu, er haldið þeim verulegasta þætti í ætlunarverki landskjörsins, sem er það að skapa gætni og festu í Ed. þingsins.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 476, frá hv. þm. Str. (TrÞ), og er um það að taka sjerstök ákvæði um vatnsorkusjerleyfi upp í stjórnarskrána. Mjer finst það satt að segja ekkert varhugavert, þó að virkjuð verði hjer yfir 25000 hestöfl, og jeg sje ekki, að sá atvinnurekstur þurfi að vera landinu neitt hættulegri en margt annað. Hvaða atvinna, sem rekin er hjer á landi, er til gagns, en ekki ógagns fyrir okkur. Jeg er einnig á móti till. vegna þess, að þegar um sjerleyfi er að ræða, þá eru þau venjulega bundin við hagsmuni vissra landshluta, og því á þetta ekki heima í stjórnarskránni. Þar eiga ekki að standa önnur ákvæði en þau, sem varða alla landsmenn jafnt eða einhverja alþjóðarstofnun. Jeg álít því ekki rjett að samþ. þessa brtt.

Brtt. á þskj. 480 hefir verið tekin

aftur, og þarf þá ekki um það að segja. Þá kem jeg að brtt. á þskj. 481, frá hv. þm. Ak. (BL). Er hún á þá leið, að þingið skuli hefjast 1. febr. Mjer þykir sú till. einskorða um of tíma þann, sem ákveður, hvenær þingið eigi að byrja störf sín. Það er alveg nógu þröngt eins og það er nú, sem ákveðið er, að þingið megi ekki byrja seinna en 15. febr., en svo er það lagt á hendur stjórnarinnar að taka tillit til óska þm. um það, að þinghaldið byrji fyr, ef því verður við komið. Jeg er mótfallinn brtt. á þskj. 482, frá hv. þm. S.-M. (SvÓ). Mjer sýnist ákvæðið um það, hvenær Alþingi skuli halda, svo rúmt á 33. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki sje ástæða til að bæta við því ákvæði, að breyta megi þessu með lögum. Þá kem jeg loks að brtt. á þskj. 489, frá hv. þm. Dal. (JG). Jeg er einnig mótfallinn þeim. Það virðist ekki rjett að setja inn það ákvæði, að breyta megi því skilyrði fyrir kosningarrjetti, að menn hafi ekki þegið af sveit, með eingildum lögum. Þá er ekki heldur ástæða til þess að færa aldurstakmarkið til landskjörs úr 35 árum niður í 30 ára. En jeg verð nú að segja það, að ef fara ætti að breyta þessu á annað borð, þá væri miklu betra að stíga sporið heilt út, eins og gert er ráð fyrir í till. hv. 1. þm. Reykv. og hafa aldurstakmarkið sama og við kjördæmakosningar. En eins og jeg hefi lýst yfir, er jeg ekki beinlínis skoðunar, að ástæða sje til að stíga þetta spor.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg kann ekki við það, að láta þessum ræðum falla niður um svona merkilegt mál svona seinna kvölds, og það því fremur, þar sem lítið hefir verið um þetta mál rætt frá almennu sjónarmiði, sem þó er hlutverk þingsins. Jeg vil því leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál frá almennu sjónarmiði og minna hv. þingdeildarmenn á, hvað hjer er verið að gera. Það er talið, að þetta frv. sjeu hjer fram sparnaðarskyni. En jeg þykist sjá fram á það, að það muni leiða til hins mesta ósparnaðar. Jeg byggi, að þingið geti ekki fundið upp neinn nokkra ráðstöfun á stjórnarfyrirkomulaginu, sem yrði líkleg til jafn mikils sparnaðar og sú, að taka upp þinghald annaðhvert ár. Það er enginn vafi á því, að þó fjárlagaþing verði ekki haldið annaðhvert ár, þá verður haldið aukaþing hitt árið, og fjárlagaþingið mun auk þess verða miklu lengra en fjárlagaþingin eru nú. Þau standa nú yfir á 4. mánuð, en jeg tel fyrirsjáanlegt, að fjárlagaþing annaðhvert ár muni ekki standa skemur en 5 mánuði. En aukaþingin hin árin munu ekki standa skemur en 1½ mánuð, og sjest þá, að sparnaðurinn verður ekki mikill. Mjer virðist því fremur sýnt, að þetta muni auka útgjöld ríkissjóðsins, og auk þess verða fjárlögin sett í meiri blindni eftir en áður. Þá er mjer annað atriði, að valdið færist meira úr höndum þingsins og yfir til stjórnarinnar. Einn hv. þm. gat þess við 2. umr., að þetta væri gott. En jeg er á gagnstæðri skoðun um það. Meðan við höfum þingræði, þá er það auðvitað þingið, sem á að ráða mestu um úrslit landsmálanna. Jeg vil beina athygli þessa hv. þm. að því, hvort hann muni ekki hafa einhvern á það,

að hann er ánægður með þá stjórn, sem nú situr við völd. Því telji hann það vel farið, að sú stjórn, sem hann treystir, hafi sem mest völd. En vill hann með jafnglöðu geði afsala völdunum í hendur þeirrar stjórnar, sem hann ekki treystir? Jeg efast um það.

Jeg verð að líta á þetta spor, sem hjer er stigið, sem stórt skref aftur á bak. Jeg get ekki varist því að láta undrun mína í ljós yfir því, að slík upphlaupsmál sem þessi skuli geta komið fram. Að þessu standa bæði Framsóknarflokkurinn og Íhaldsflokkurinn. En þetta er ekki framsókn, það sjá allir. Þetta er ekki íhald, það sjá allir. *Þetta er hreint afturhald.* Jeg er hræddur um, ef þetta verður samþykt, að þá verði hætt að tala um bæði íhöldin hjer á þingi; það verður talað um bæði afturhöldin.

Um frestað.

Á 66. fundi í Nd., hinn 8. þ. m., var frestað umræðu um frv.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hlýddi á ræðu hæstv. forsrh. um þetta mál í gær og afstöðu hans til brtt. minnar á þskj. 476. Hann er sjerstaklega mótfallinn því, að það ákvæði verði sett í stjórnarskrána, að ekki megi samþykki eins þings til þess að veita vatnsorkusjerleyfi. Mjer skildist á hæstv. ráðh., að hann álíti það yfirleitt til bóta að veita slík sjerleyfi, en þar er mikill skoðanamunur hjá hæstv. ráðh. og mjer. Nú eru allmörg sjerleyfi á döfinni, og verði þeim sint, getur af því stafað mikil hætta fyrir þjóðfjelagið í heild sinni. Við erum þá komnir út á svo hálan ís, að erfitt mun að stöðva sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væru hagsmunir heildarinnar, sem sjerstaklega væru teknir til greina, þegar teknar væru ákvarðanir um jafnmikilsverð mál. En það eru dæmi til þess, bæði frá þessu þingi og því síðasta, að hagsmunir einstaklinga hafa ráðið meiru, þegar sótt hefir verið um slík sjerleyfi. Frá sjónarmiði þeirra, sem líta á þetta eins og jeg, skiftir það miklu máli að fara gætilega þjóðernisins vegna að veita slík vatnsorkusjerleyfi, og því fyllilega ástæða til þess að athuga, hvaða afstöðu nú eigi að taka til málsins. Jeg vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að atkvæðagreiðsla fari ekki fram fyr en eftir kaffihlje, svo að hv. þm. gefist tækifæri til þess að athuga þetta.

Jeg gat þess, að ef ekki fengist samkomulag um málið svona eins og það liggur fyrir, þá hefði jeg tilhneigingu til þess að greiða atkvæði með einstökum brtt., og eftir að þetta er fram komið hjá hæstv. ráðh., mun jeg hniga að því ráði.

Mun jeg þá víkja að mótbárum hæstv. forsrh. gegn till. minni á þskj. 476. Hann er sjerstaklega mótfallinn því, að það ákvæði verði sett í stjórnarskrána, að ekki megi samþykki eins þings til þess að veita vatnsorkusjerleyfi. Mjer skildist á hæstv. ráðh., að hann álíti það yfirleitt til bóta að veita slík sjerleyfi, en þar er mikill skoðanamunur hjá hæstv. ráðh. og mjer. Nú eru allmörg sjerleyfi á döfinni, og verði þeim sint, getur af því stafað mikil hætta fyrir þjóðfjelagið í heild sinni. Við erum þá komnir út á svo hálan ís, að erfitt mun að stöðva sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væru hagsmunir heildarinnar, sem sjerstaklega væru teknir til greina, þegar teknar væru ákvarðanir um jafnmikilsverð mál. En það eru dæmi til þess, bæði frá þessu þingi og því síðasta, að hagsmunir einstaklinga hafa ráðið meiru, þegar sótt hefir verið um slík sjerleyfi. Frá sjónarmiði þeirra, sem líta á þetta eins og jeg, skiftir það miklu máli að fara gætilega þjóðernisins vegna að veita slík vatnsorkusjerleyfi, og því fyllilega ástæða til

þess að tryggja með stjórnarskrárákvæði, að svo verði gert, einkum þegar þess er gætt, hve fast málið er sótt hjer af fulltrúum fjelaganna.

Síðast gat hæstv. forsrh. þess, að ekki ætti að taka önnur ákvæði í stjórnarskrána en þau, sem snertu heildina. Þar er jeg honum sammála, en það er einmitt hægt að heimfæra til þessa atriðis. Að hleypa útlendu fjelagi inn í landið með 100 milj. kr. stofnfje, eða miklu meira en þjóðarbúskapurinn gefur af sjer árlega, og veita því undanþágu frá sköttum og annari löggjöf landsins, það er sannarlega atriði, sem snertir heildina. Og þjóðerni okkar, sem er það dýrmætasta, sem við eigum, stendur ekki jafnmikil hætta af neinu og einmitt þessu atriði, og það er því ekkert, sem snertir heildina meira en það. Jeg legg því mjög mikla áherslu á, að þessi brtt. verði samþykt.

Björn Líndal:* Við 2. umr. ljet jeg þau orð falla, að jeg teldi fækkun þinga kost, vegna þess að stjórnin yrði þá minna háð þinginu um dagleg störf. Háttv. 1. þm. Reykv. mintist á þetta í gær, og þar sem hann beindi orðum sínum aðallega til mín, get jeg ekki látið þeim ósvarað. Hann sagði, að sjer þætti það mjög undarlegt, ef um andstæðingastjórn væri að ræða, að jeg gæti þá haldið fram þessari skoðun minni. En jeg get sagt hv. þm. það, að þótt jafnvel væri um andstæðingastjórn að ræða, þá býst jeg ekki við, að svo slysalega tækist til um val hennar, að jeg gæti ekki treyst henni betur til þess að fara með völdin en flokknum, sem að henni stæði.

Þess ber að geta, að ráðherra er ábyrgur gerða sinna og finnur yfirleitt til þeirrar ábyrgðar. Aftur á móti er þing ábyrgðarlítið og nær ábyrgðarlaust, eða að minsta kosti er ábyrgðartilfinning þess ekki á óþarflega háu stigi. Jeg álít, að landinu sje yfirleitt betur stjórnað, ef flokkurinn, sem styður stjórnina, ræður minna en ráðh. Fyrst og fremst felst það í þingræði, að þingið geti rekið stjórnina, ef því býður svo við að horfa, og álít jeg, að það sje fremur til tjóns en gagns, ef þingið getur blandað sjer í stjórnarfar landsins. Verst er það þó, þegar stjórnin styðst við tvo sundurleita flokka, sem eiga ekkert annað sameiginlegt en að vera á móti fyrverandi stjórn, því að þessir flokkar togast þá á um stjórnina og ginna hana út á þá glapstigu, sem hún hefði eigi hætt sjer út á ella.

Það bætir hvern góðan mann að hafa ábyrgð á orðum sínum og gerðum, eins og það gerir hvern mann verri að geta unnið verk sín ábyrgðarlaust. Þetta er það, sem skilur milli þings og stjórnar að mínu áliti. Vona jeg nú, að hv. þm. skilji, hvað fyrir mjer vakir.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja, að jeg sakna hjer vinar í stað. Þegar mál þetta var rætt hjer í gær, sást hæstv. forsrh. varla, heldur dvaldi hann í Ed. og hlustaði á lítilsverðar umræður um bitlinga til einstakra manna og fyrirtækja, þótt hann vissi, að ekki gat öðruvísi farið en flokkur hans og fjvn. þar vildi vera láta.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Þetta er líka komið á daginn. Hann hafði því enga afsökun til þess að vera þar og svívirða stjórnarskrá landsins með því að vera ekki viðstaddur, þegar rætt var um breytingar á henni. Þarna birtist þá hæstv. forsrh., það er óneitanlega skemtilegt að fá að horfa á hann litla stund. (**PO**: Þá dró niður í þingmanninum). Framkoma hans er fyllilega samboðin frv. því, sem fram var borið. Eins og það var í upphafi, var það ekkert annað en afturhalds- og skemdafrv., ætlað til þess að afla flokki hans fríðinda, ef hægt væri. Hæstv. ráðh. hefir ekki álitið þetta merkilegra mál en svo, að því þyrfti ekki að sinna.

Þá mun jeg víkja að brtt. minum á þskj. 468. Jeg sje mjer til mikillar gleði, að aðrir þm. hafa síðar komið fram með allar þær till., sem jeg flutti í einu lagi, og með því, að jeg þykist vita, að muni nær að fá þær samþ. hverja fyrir sig en í einu lagi, tek jeg fúslega mínar brtt. aftur.

Jeg gleymdi við 2. umr. að minnast á brtt. um að fella niður það stjórnarskrárákvæði, að þurfalingar missi kosningarrjett, ef þeir hafa þegið af sveit, hvernig sem ástæður þeirra eru. Jeg skal lýsa yfir því, að þessi till. er borin fram sem afleiðing þess, er gerst hefir á þingi í meðferð fátækralaganna. Var þá ekki hægt að koma því atriði að, að mönnum væri veittur styrkur án þess þeir mistu kosningarrjett, nema á talsvert ambögulegan hátt. Þess vegna lít jeg svo á, að sjálfsagt sje að breyta þessu á einhvern veg. Að öðru leyti eru þessar till. fram bornar til þess að sýna mína stefnu í málum þessum, nefnilega þá, að breytingar á stjórnarskránni eigi ekki að gera nema því aðeins, að þjóðin fái einhverjar rjettarbætur samfara þeim; en ekkert slíkt get jeg fundið í þessu frv. stjórnarinnar. Þá skal jeg ennfremur taka það fram, að við nánari og ítarlegri athugun get jeg ekki sjeð, að þessi sparnaðartill. um þinghald annaðhvert ár hafi við nein rök að styðjast. Jeg er þess alveg fullviss, að af því mundi alls engan sparnað leiða, eins og bæði jeg og hv. 1. þm. Reykv. (JakM) færðum rök fyrir í gær. Auk þess, sem tveggja ára fjárlög mundu óhjákvæmilega leiða af sjer mikil fjáraukalög, er enn eitt fyrirbrigði, sem mjög tíðkaðist í gamla daga, og það var það, að hægt var að bera sömu till. upp tvisvar í sömu þingdeild við fjárlögin, og varð það til að auka mjög útgjöldin. Ef það gekk ekki að fá hana samþ. við fyrra árið, þá var hún borin upp við seinna árið, o. s. frv. En það, sem eitt fyrir sig gerir frv. alveg ótækt í mínum augum, er það, að þinginu er ætlað að sjá 32 mánuði fram í tímann frá því að frv. kemur fyrir þingið, en stjórninni er ætlað að sjá ennþá lengra, eða full 3 ár fram í tímann, og það þegar okkar gjaldeyrir reikar á reiðiskjálfi — jeg hika ekki við að nota það orð — og ómögulegt er að sjá, hvernig fer í þeim efnum. Það er á einskis manns færi að sjá það. Jeg verð að segja það, að jeg get ekki trúað þeirri stjórn, sem nú situr, sem er og var svo óskaplega skammsýn í gengismálum okkar, til þess að sjá svo langt fram í tímann. Það stendur líka svo á, að það má búast við meiri breytingum á þjóðarhögum okkar á

hverjum 3 árum nú en áttu sjer stað á 10 árum fyrir stríðið mikla, og þessi breyting mundi þá jafngilda því, að fjárlög hefðu verið sett til 10 ára í gamla daga.

Að því er snertir 2. brtt. mína, um að í staðinn fyrir 35 í 30. gr. komi 30, þá hefi jeg ekki búist við, að hún verði samþ., en þó skal jeg taka það fram, að ef till. á þskj. 489, við 29. gr., um að færa kosningaraldurinn niður í 30 ár, verður samþ., þá er brtt. mína á þskj. 468 að skoða sem viðbót við hana að því leyti, að hver, sem er 30 ára og hefir kosningarrjett, hafi líka kjörgengi. Sú till. er þannig aðeins viðbót.

Hvað 3. till. mína á þskj. 468 snertir, þá er hún sett fram sem bending, án þess að mjer hafi dottið í hug, að hún verði samþ., en hún er aðeins rökrjett afleiðing af því, sem samþ. hefir verið, að hafa fjárlögin til tveggja ára, nauðsynleg til þess að stytta þann tíma, sem þingið og stjórnin þarf að spá fram í tímann. Hitt er annað mál, að jeg geng þess ekki dulinn, að þeir, sem vilja hafa kjördaginn fyrsta vetrardag, verða á móti þessari færslu þingtímans, en þetta á að vera til þess að ráða bót á hinu langa fjárhagsári, og hefi jeg ekki heyrt, að hæstv. ráðh. hafi gert ráð fyrir neinu í þá átt. Einn hv. þm. sagði um þessa till., að hún hlyti annaðhvort að vera fram borin af heimsku eða í spaugi. En það er hvorugt. Till. er fram borin í fullri alvöru, sem ábending til hæstv. stjórnar, en hvað hans till. snertir, hv. þm. Ak. (BL.), um að flytja þingið fram til 1. febrúar, sýnir hún ótakanlega það þm. býst við því, að þingið verði lengra með þessu fyrirkomulagi en hingað til, og það hendir ljóslega til, að mikils sparnaðar er ekki að vænta. Það er til gamalt máltæki, sem aldrei verður of oft endurtekið, sem segir: Það skal vel vanda, sem lengi á að standa. Jeg verð að segja það, að þetta á við um undirbúning þessa máls frá hendi hæstv. stjórnar.

Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að síðan ófriðnum mikla lauk hafa komið fram mýmörg stórnarskipunarlög um allan heim, svo tugum skiftir, og mjer finst, að áður en við förum að gera breytingar á okkar stjórnarskrá, þá ætti stjórnin að fela góðum mönnum að athuga þær að allir lögur til breytinga, sem fram hafa komið og uppi hafa verið með öðrum þjóðum, og gefa út rit um þær. Það finst mjer, að hefði verið það minsta, sem stjórnin gat gert til að kynna þjóðinni þær hugmyndir, sem helst eru taldar til bóta með öðrum þjóðum. Fyrst þegar þetta hefir verið gert, þá er ástæða til að bera fram frv. til breytinga á stjórnarskránni. Það á alls ekki að káka við slíkar breytingar að nauðsynjalausu, en frv. stjórnarinnar sýnir greinilega, að engin nauðsyn var að bera það fram og einnig mjög óvandaðan undirbúning frá hendi hæstv. stjórnar. Jeg verð líka að kvarta undan því, að önnur eins lög eins og þessi skuli fyrst vera borin fram í Ed. Það er ábyggilegt, að ef slík lög eiga að ganga í gegn, þá eiga þau fyrst að koma til umræðu hjer í Nd., svo að hún hafi tíma til að athuga þau áður en annirnar eru orðnar alt of miklar undir þinglokin. Það er mikið hægra fyrir hv. Ed. að komast af með lítilli tíma. Annars get jeg vel hugsað mjer, að hæstv. stjórn hafi haft sjerstaka

ástæðu til að hera frv. fyrst fram í Ed. Ef til vill hefir ráðið sama ástæðan eins og árið 1885, þegar flengingarfrv. sæla var borið fram í Ed., en ekki í Nd. Það var vegna hinna kunnugkjörnu hm., þá og eins er nú ástatt í hv. Ed. að hæstv. stjórn þykist ráða bar lofum og lögum. — Eins og jeg gat um áðan, sást hæstv. forsrh. aðeins snöggvast í gær hjer í deildinni, og sýnir það virðingarleysi hans fyrir þessu máli. Og það, sem hæstv. ráðh. gerði, þegar hann loks kom, var ekki annað en það, að hann gat um þær brtt., sem fram hefðu komið, en rökræddi ekkert mótbárur sínar. Hann ljet sjer nægja að segja um brtt. eins og Oddur sterki af Skaganum: „Jeg er á móti honum“. En þessar till. eru um rjettarbætur til handa þjóðinni, og ef þær verða samþ., þá getur þingið komist skammlaust frá þessu máli en ekki ella, því að það segi jeg síðast orða, að frv. eins og það kom frá hendi hæstv. stjórnar er ærulaust, eins og ærulausu kýrnar hans Sigurðar á Selalæk.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir fundið ástæðu til að sýna þessu máli þann heiður að nota tækifærið til þess að ausa út nokkru af þeim aur, sem niðri fyrir er hjá honum, og nokkrum hluta þess straums beindi hm. að mjer en hinu að frv. sjálfu. Nú ætla jeg ekki að hafa mikið fyrir því að þvo þennan óþverra af mjer, því að jeg hefi þekkingu og reynslu fyrir mjer í því, að hann hrín ekki svo mjög við.

Hv. hm. sagði, að jeg hefði svívirt stjórnarskrána með því að vera ekki viðstaddur umr. hjer í gær. En hv. hm. veit vel, að 3. umr. fjárlaganna stóð yfir í gær í hv. Ed. Þeirri þingdeild, er jeg á þingmannssæti í og fjárlögin eru mitt mál ekki síður en stjórnarskráin, og jeg átti að greiða um þau atkv. og gat því ekki verið hjer altaf. Þetta ætti í raun og veru að vera nóg skýring á því, að jeg gat ekki altaf verið hjer viðstaddur, en þó að jeg væri það ekki þá heyrði jeg þó mikið af þeim umr., sem hjer fóru fram, og að minsta kosti alt, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um sínar till. Hv. þm. beindi því að mjer, að jeg hefði haft lítið við sínar brtt. og að eins lýst afstöðu minni til þeirra. En það stóð nú svo á, að þegar allir tilögumenn höfðu gert grein fyrir sínum till., gat jeg búist við að ekki væru nema 10 mínútur þangað til atkvgr. um fjárlögin í Ed. mundi hefjast, og það reyndist líka svo. Þessi tími var mjer því afskamtaður og jeg notaði hann til þess að lýsa afstöðu minni til þeirra till., sem fyrir lágu. Jeg leit líka svo á, að það hefði ekki mikla þýðingu að fara fram mikil rök með því að allar till. eru um efni, sem allir hv. þdm. eru kunnugir, og þeir sjá því rökin fyrir þess að jeg bendi á þau.

Ef svo hefði nú verið, að till. hv. 1. þm. Árn. hefði verið eitthvað sjerstaklega merkileg, þá skal jeg viðurkenna, að það hefði verið sjerstök ástæða til þess fyrir hann að fara fram. En till. á þskj. 468 munu nú ekki þykja merkilegri en svo, að jeg má miklu fremur sjá eftir því að hafa minst á hana heldur en hitt, að ástæða væri til að eyða að henni mörgum orðum.

Hv. þm. hefir nú tekið 1. og aðalbrtt. aftur og 3. brtt. hans hefir orðið til athlægis meðal allra hv. þdm., enda hefir nú þm. gefið þá skýringu, að hún væri flutt fremur til ábendingar en með þeirri tilætlun, að hún yrði samþ. Hv. þm. getur því tæplega með neinum rjetti legið mjer á hálsi fyrir það, að jeg ekki ræði sjerstaklega till., sem fær slíkan dóm í sínum föðurhúsum. Þá er eftir 2. brtt. hv. þm., sem hann sagðist ekki taka aftur að svo stöddu, en gerði þó ráð fyrir, að svo gæti farið, ef önnur brtt., sem hjer liggur fyrir, yrði samþ. — Að þessu athuguðu get jeg ekki sjeð, að hv. þm. hafi neina ástæðu til að kvarta yfir því, að jeg hafi ekki sýnt því fóstri, sem eftir hann liggur hjer á þskj., nóga sæmd.

Þá beindi hv. þm. því, sem eftir var af sálarforða sínum, að frv. sjálfu, og fórust honum svo orð um það, að það væri afturhaldsfrv., skemdafrv. o. s. frv., að það ætti að afla hlunninda handa flokksmönnum stjórnarinnar, og í niðurlagi ræðu sinnar kom hann með þá smekklegu samlíkingu, að frv. væri ærulaust eins og kýr Sigurðar á Selalæk. Það verð jeg að segja, að þó að jeg hefði ekki vitað, hver talaði, en aðeins heyrt þessi orð þm., þá hefði jeg strax verið þess fullviss, að hjer gat ekki annar verið á ferðinni en hv. 1. þm. Árn.; þar kom hans innri maður svo ljóslega fram.

Hv. þm. er nú mótfallinn höfuðbreytingu frumvarpsins, sem sje því að ákveða fjárlagaþing aðeins annaðhvert ár, í staðinn fyrir á hverju ári. — Jeg skil það vel og það er ekkert undarlegt, að hv. þm. langar til að fá að sitja hjer á hverju ári, ef hann kynni að ná endurkosningu, en þó að sjálfsögðu megi finna einhverjar skynsamlegar ástæður gegn því að breyta þessu, eða fyrir því að það væri varhugavert, þá tókst hv. þm. það ekki. Hv. þm. talaði um, að stjórnin þyrfti að sjá 3 ár fram í tímann, og hann kvaðst ekki treysta núverandi stjórn til þess, vegna þess að hún hefir verið svo lánsöm, að gengi íslenskra peninga hefir hækkað í hennar stjórnartíð. En hv. þm. gaf í skyn, að hann mundi geta treyst annari stjórn, sem bæri giftu til að sjá upp á það, að gildi peninganna hreyfðist niður á við. — Ef þetta væri nú svo, sem hv. þm. segir, þá þyrfti stjórnin á sama hátt að sjá 2 ár fram í tímann við samningu fjárlaganna eftir núgildandi tilhögun. En eins og jeg hefi lýst yfir, þá sjer stjórnin alls ekki 2 ár fram í tímann, heldur er samning fjárlaganna bygð á ágiskunum, sem aðeins styðjast við reynslu undanfarinna ára um afkomuna og útlitið yfirleitt, en geta ekki bygst á neinni spádómsgáfu stjórnarinnar. Á þessu verður engin breyting, þó tíminn lengist um eitt ár, þó fjárlögin eigi að semja til tveggja ára, í stað eins árs. Það verður jafnerfitt að byggja á útliti og horfum afkomuna á sjálfu fjárhagstímabilinu. En það eru þó líkur fyrir því, að það geti tekist betur, þegar samið er til tveggja ára heldur en eins, vegna þess að það eru altaf líkur til þess, að 2 ár bæti hvort annað upp. — Þetta vita allir, sem vanir eru að fást við að gera áætlanir, að þegar áætlunin má ná yfir mörg samskonar atriði, verður skekkjan minni í heild-

inni en ef áætlunin er gerð um hvert einstakt atriði út af fyrir sig. Það er því ómögulegt að færa þessar ástæður fram gegn því að halda fjárlagaþing aðeins annaðhvert ár. Ástæður þær, sem mæla með slíkri breytingu, hafa oft verið teknar fram áður. Þær eru í fyrsta lagi sparnaður á þinghaldskostnaði, sem jeg er sannfærður um, að mundi verða allverulegur. Í öðru lagi ætti stjórninni að gefast betri tími til að undirbúa löggjöfina undir þingið.

Þriðja atriðið og það stærsta er það, að því sjaldnar sem þingið hefir fjárlög til meðferðar, því minna er eytt í miður nauðsynlega hluti.

Hv. 1. þm. Árn. kallar þetta engar rjettarbætur. Jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja, meðan hann hrekur ekki ástæður mínar.

Þá kem jeg að hinu höfuðatriðinu í stjfrv., viðvíkjandi landskjörinu. Nú er það svo, að stofna þarf til almennra kosninga að meðaltali annaðhvert ár. Önnur þessara kosninga er sjálfsögð, en hitt er alveg óviðunandi, að setja alla kjósendur landsins á hreyfingu til að kjósa 3 menn af 42. Allir sjá, að þetta er missmíði. Það er sjálfsagt, að landskjör sje framkvæmt um leið og kjördæmakosningar. Það kalla jeg hiklaust rjettarbót. Hjer við má bæta, að ef svo illa tekst til, að landsk. þm. og varamaður hans falla báðir frá, þarf að stofna til kosninga á ný um land alt eftir núverandi tilhögun, og er þetta einnig lagfært með frv.

Hv. þm. sagði, að það hefði átt að byrja með því að fá mann til þess að kynna þjóðinni allar þær stjórnmálastefnur, sem uppi væru í öðrum löndum. Jeg skil vel, að sá segi þetta, sem engu vill breyta, en er ekki nógu hreinskilinn til að játa, að svo sje. Því að það starf tæki engan enda, og auk þess eru stefnurnar altaf að taka breytingum, svo að það væri ærið nóg fyrir einn mann að kynna sjer allar þær breytingar. — Einnig kvartaði hv. þm. undan því, að þetta frv. hefði verið borið fyrst fram í Ed., en ekki í Nd., og var að reyna að koma orðum að því, að það hefði verið haganlegra að því er snerti þingstörfin að bera það fram í Nd. Þarna skjátlast hv. þm. mikið. Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að fjárlög skuli bera fram fyrst í Nd. Af þessu leiðir, að Nd., en þó einkum fjvn. þeirrar deildar, er svo störfum hlaðin fyrstu vikur þingtímans, að hún má ekki við neinni töf. Aftur á móti hefir Ed. fyrri hluta þingtímans ekkert hliðstætt starf með höndum, og var því alveg eðlileg hagsýni að fara þá leið, sem farin var, með þetta frv. Enda sje jeg ekki annað en að það hafi farið mjög vel. Það fjekk afgreiðslu í Ed. meðan á fjárlagaumræðunum stóð hjer, og nú er það til umræðu hjer, meðan Ed. hefir fjárlögin til meðferðar. Jeg skil ekki þá hagsýni, að rjettara hefði verið að láta stjórnarskrármálið verða samferða fjárlögunum hjer, og svo aftur í Ed.

Hv. þm. mintist á eitthvert flengingarfrv., sem verið hefði til umr. í Ed. Það er alveg jafneðlilegt, að honum dytti í hug flengingarfrv. eins og þegar óþekkum strák dettur í hug vöndurinn.

Jón Guðnason: Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð út af aths. hæstv. forsrh. í gærkvöldi við brtt. mína á þskj. 489. Hæstv. ráðherra hafði á

móti báðum þeim breytingum, sem jeg ber fram, og jeg verð að segja, að mjer kom það mjög á óvart. Fyrri breytingunni, að færa kosningarfyrirkomulagið til landskjörs, mður í 30 ár, hjelt jeg satt að segja, að yrði ekki mótmælt af nokkrum fjelli haft á móti. Þegar menn eru orðnir 30 ára, eru þeir búnir að fá þann þroska, sem þeir yfirleitt fá, og eru eins staðfastir og góðir kjósendur og þeir yfirleitt verða. Jeg ætla, að sá hópur, sem við bættist, ef mín tillaga yrði að lögum, yrði síst lakari en sá, sem fyrir er, enda er það að vonum, þar sem sú kynslóð, sem nú vex upp, hefir haft miklu betri aðstöðu til menntunar og þekkingar á landsmálum en undanfarandi kynslóðir. Í kringum 30 ára aldurinn eru líka flestir búnir að velja sjer fasta stöðu og komnir í þá aðstöðu í þjóðfjelaginu, að geta fundið til þeirrar ábyrgðar, sem kosningarrjettinum fylgir.

Þó furðaði mig enn þá meira á því að heyra hæstv. ráðh. leggja á móti hinu atriðinu í brtt. minni, ákvæðinu um skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Það, sem hvað mest hvatti mig til að bera fram þessa tillögu, var einmitt fátækralagafrv. hæstv. stjórnar, sem nú liggur fyrir Alþingi, þar sem jeg hygg, að segja megi, að verið sje að fara í kringum, eða að minsta kosti eins nærri stjórnarskránni og framast má gera. Þar sem hæstv. atvrh. (MG) hefir lagt fátækralagafrv. fyrir þingið, bjóst jeg ekki við, að ágreiningur væri innan stjórnarinnar um þetta efni. Ef brtt. mín verður samþ., verður hægara að setja löggjöf um þetta efni, án þess að fara í kringum stjórnarskrána, sem ekki getur talist vel viðeigandi. Þar sem einmitt þetta ákvæði í fátækralögunum hefir fengið svo góðar undirtektir hjer í háttv. deild, vænti jeg þess, að brtt. mín verði samþykt.

Úr því að jeg stóð upp, vildi jeg í sambandi við frv. vekja athygli á einu atriði, sem snertir það, en að vísu óbeint. Ef stjórnarskrárfrv. verður samþykt á þessu þingi, ber samkvæmt stjórnarskránni að rjúfa þing og stofna til nýrra kosninga áður en tvær mánuðir eru liðnir frá þingrofi. Jeg veit, að stjórnin getur ráðið, hvenær á þessum tíma kosningar fara fram, en jeg tel víst, að þm. þyki skifta ekki litlu máli að fá að vita nákvæmlega um tímann. Vitneskja um það efni gæti haft nokkra þýðingu fyrir afgreiðslu málsins í þinginu, og vil jeg því beina því til hæstv. stjórnar, að hún skýri frá, hvenær kosningar færu fram, ef frv. yrði samþ. Jeg tel víst, að hún sje þegar búin að hugsa sjer, hvað gera skuli, og þar sem bráðum er lokið þingtímanum, er hjer gott tækifæri fyrir hæstv. stjórn að geta þess, hvenær hún ætli að láta kosningar fara fram.

Magnús Torfason: Það stóð svo á, að hæstv. forsrh. var ekki við, þegar jeg hjelt fyrri ræðu mína, svo að jeg verð að svara honum, þegar jeg er dauður, og vænti jeg þess, að hæstv. forseti taki það til greina og verði ekki mjög níðskur á tímann.

Hæstv. forsrh. byrjaði á því að segja, að jeg hefði ausið hann aurí. Það gerði jeg ekki og það geri jeg aldrei, jafnvel ekki ráðherra. Jeg hefi

aðeins talað um hans stjórnmálsku, sem er alt annað mál, og lýst skoðun minni á henni og frv. því, sem hjer liggur fyrir.

Hæstv. ráðh. vildi láta vera sem jeg hefði hálftekið aftur 2. till. mína á þskj. 468. Það er þvert á móti. Jeg vildi einmitt benda á, að sú tillaga væri í samræmi við brtt. á þskj. 489 og henni til uppbótar.

Hæstv. ráðh. var að tala um sparnað. Já, hann lítur auðvitað svo á, að þetta frv. sje sparnaðarfrv., en jeg tel sparnaðinn út af fyrir sig enga rjettarbót. Það mætti þá eins segja, að það væri rjettarbót fyrir kjósendurna, að kosningarrjetturinn væri tekinn af þeim, því að óneitanlega væri það sparnaður að þurfa ekki að ómaka sig á kjörfund. Jeg viðurkenni heldur ekki, að hjer sje um neinn sparnað að ræða. Jeg hafði vitaskuld háttv. Ed. heyrt hæstv. ráðh. segja, að fjárlögin mundu betri, ef þau væru gerð fyrir 2 ár í einu, en jeg er alveg hissa á því, að hæstv. ráðh. skuli láta sjer detta í hug að koma með slíka firru. Það er svo sem álíka eins og ef hæstv. ráðh. teldi sig nú á fimtudegi geta betur spáð um veðrið á sunnudaginn kemur en á morgun. En til þess að taka dæmi úr reynslunni sjálfri, skal jeg vitna í það, að ef við í fyrra hefðum átt að búa til fjárlög fyrir árið 1928, hefðu þau áreiðanlega orðið miklu hærri en nú. Sparnaðarhugur þingsins hefir mikið aukist síðan í fyrra, sem von er, þar sem allir landsmálagir eru á hraðri leið niður á við. Þessu þýðir ekkert að mótmæla. Jeg er líka sannfærður um, að sparnaðartillögur stjórnarskrárinnar verða aldrei framkvæmdar, að minsta kosti ekki fyr en gengið er í „parí“ eða búið er að stýfa.

Hæstv. ráðh. þóttist hafa góðar og gildar ástæður til að vera ekki við, þar sem hann hefði endilega þurft að vera viðstaddur í Ed. En jeg hlýt að líta svo á, að í Ed. hafi verið miklu ómerkilegra mál á dagskrá en þetta er, og ef hæstv. ráðh. getur ekki verið við, er ekki annað fyrir hann að gera en að láta taka málið af dagskrá, þangað til hann getur sint því.

Hæstv. ráðh. er að bera á mig, að mig langi til að sitja á hverju þingi. Þessu þarf jeg ekki að svara. Það er altaf hægt að koma með slíkar getsakir, og jeg er hissa á, að hæstv. ráðh. skuli leggjast svo lágt. Hann má vita það, að bæði jeg og aðrir þingmenn viljum gjarnan hafa þingin styttri en þau eru nú. Hæstv. ráðh. getur ekki brugðið mjer um, að jeg hafi á nokkurn hátt reynt að tefja þingið með mælgi eða öðru slíku, enda hefi jeg embætti að gegna, sem bíður tilkomu minnar.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að það væru góð vinnubrögð að láta stjórnarskrármálið ekki koma hjer til meðferðar fyr en þetta. Þessu verð jeg að mótmæla. Hjer í hv. deild var mjög lítið að gera framan af þingtímanum. Ef slík stórmál eiga að athugast vel, þá er altaf siður að bera þau fyrst fram í stærri deildinni, ef þau hafa ekki legið fyrir henni áður, eins og var t. d. um bankafrv.

Tillaga mín var ekki í líkingu í jafnlangri en svo, að komið hafa síðar fram samskonar tillögur frá öðrum þm. Hæstv. ráðh. gat sparað sjer alt umtal um landskjörið í minn garð. Jeg hefi ekki nefnt það einu orði. Það er

ekki stjórnarbót, miklu fremur fyrirkomulagsatriði, og mætti kalla það lögrjetting, en frekar ekki. — Hæstv. ráðh. endaði með því að líkja mjer við óþekkan strák, sem er hræddur við vöndinn. Það hlýtur að standa í sambandi við það, að hæstv. ráðh. hefir þóst hirta mig. Jeg á vitanlega ekki að dæma um, hvort það hefir tekist eða ekki, en jeg verð að segja, að úr því að honum þykir svona vænt um vöndinn, hlýtur honum að þykja vænt um embættið, sem fylgir honum, en ekki hygg jeg, að honum takist þó nokkurntíma að verða minn böðull.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki annað en verið ánægður með árangurinn af ádrepu minni í garð hv. 1. þm. Árn. Núna kvað við alt annan tón hjá þeim hv. þm. en áður. Hann gaf þá yfirlýsingu, hv. þm., að hann ysi aldrei neinn mann auri. Jeg skil það sem loforð um að strika út þau orð í Alþt., sem annars mundu gera hann ómerkan orða sinna.

Hv. þm. hjelt því fram, að sparnaður væri ekki rjettarbót. En jeg held, að fyrir fátæka gjaldendur, sem miklar kröfur eru gerðar til, sem von er í landi, þar sem svo margt er ógert, sje besta rjettarbótin sú, að ljetta þeirra byrðar, án þess þó að draga úr því, sem raunveruleg nytsemd er í fyrir landsmenn. Um umræður okkar hjer á þingi má því miður segja, að þær sjeu að miklu leyti ekki raunveruleg rjettarbót fyrir landsmenn. Hitt, að fara að taka af mönnum kosningarrjett, það nær engri átt að tala um það í sambandi við þetta frv. eins og stjórnin lagði það fyrir þingið, því að sú eina breyting, sem nokkuð snerti kosningarrjett landsmanna í frv., hún var þó heldur í þá átt að gefa þeim frjálsari hendur um að nota hann heldur en þeir hafa nú; er þar átt við ákvæðið um, að þingrof er einnig látið ná til landskjörinna þingmanna. Og auðveldara er þeim gert að nota kosningarrjett sinn með því að þeir megi kjósa landskjörna þingmenn um leið og þeir koma á kjörstað til þess að kjósa kjördæmakosna þingmenn, svo að þessi orð hv. þm. (MT) eru gagnstæð sannleikanum.

Út í veðurspárnar ætla jeg ekki að fara við hv. þm. og jeg er heldur ekki viss um, að hv. þm. hafi skilyrði til að geta skilið það, að það eru meiri líkur fyrir því, að það megi gera rjettari áætlanir, þegar áætlað er um fleiri hliðstæð atriði samtímis. En út af því, sem hv. þm. sagði, að ef við hefðum átt að setja fjárlög í fyrra fyrir árið 1928, þá hefðu útgjöldin orðið meiri, þá vil jeg undanþiggja stjórnina því, sem hv. þm. nefndi „við“, og vísa þar í stjfrv. til fjárlaga fyrir 1927 og fyrir 1928, útgjöldin eru í báðum áætluð tæplega 10400000 kr., og svo nálægt því bæði árin, að það munar ekki nema um 6000 krónum á árunum. Þetta stafar af því, að stjórninni var það ljóst í fyrra, að ástæðurnar myndu ekki verða neitt betri árið 1927 heldur en það, sem nú lítur út fyrir árið 1928, en það eru nokkrar vonir til þess nú, líklega af því að kosningar standa fyrir dyrum, að Alþingi muni ekki leyfa sjer það, sem það gerði við seinustu fjárlög, að hlaða um 700 þús. kr. útgjöldum ofan á þau útgjöld, sem stjórnin stakk upp á.

Þá vildi hv. þm. láta mig ganga í það að fá forseta deildanna til þess að taka málin á víxl út af dagskrá, til þess að jeg gæti verið viðstaddur í deildunum, þegar þau væru til umr.; en jeg vil ekki gera það, þegar ýms stórmál eiga svo langt til úrslita sem nú er, og auk þess er það þýðingarlaust, því að það hefði ekki getað skift neinu fyrir framgang málsins, hvort jeg hefði getað verið svolítið meira við en jeg var í gær, og jeg er um þetta algerlega á annari skoðun en hv. 1. þm. Árn.

Hv. þm. áleit, að það hefði verið lítið að gera í þessari hv. deild fyrstu vikur þingsins, af því að það hefðu ekki verið langir deildarfundir. En hv. þm. má vita það, að allir þdm. eiga sæti í einni eða fleirum fastanefndum, og að þessar nefndir hafa nóg að vinna fyrri hluta þingtímans, svo að hjer var nóg að gera, og miklu meira en í hv. Ed., þótt ekki væri það starf á deildarfundum.

Jeg get látið mjer það vel lynda, að hv. þm. gerði þá yfirbót fyrir þau ummæli sín, sem hann hafði áður, um að engin rjettarbót væri í þessu frv., að hv. þm. hnýtti því við ræðu sína, að það væri lögrjetting innifalin í frv. Það eru lofleg ummæli, sem jeg get látið mjer vel líka, þegar þau koma frá þeim háttv. þm., sem helst virðist vilja leggjast á móti málinu. (**MT:** Jeg er svo sanngjarn). Ó, já, meðan áminningarnar eru í fersku minni. En svo mintist hv. þm. á það embætti, sem fylgdi vendinum; jeg hygg, að við þekkjum það flestir og er engin óvirðing í því, þar sem það er engin óvirðulegri en móðirin sjálf, sem venjulega hefir það starf hjer á landi að halda á vendinum, þó að það komi stundum fyrir, þegar móðurhandarinnar nýtur ekki við, að aðrir verða að hlaupa þar í skarðið.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst, að ef hæstv. fjrh. hefði meint eins mikið með þeim sparnaðarbrtt., sem hann hefir komið með, og ætlast mætti til, þá hefði hæstv. ráðh. átt að spara þann hluta ræðu sinnar, sem átti við brtt. mínar, því að það er ekki hægt að sjá, að nein raunveruleg nytsemd væri í þeirri ræðu, og eftir kenningu hæstv. ráðh. eiga þm. ekki að tala nema raunveruleg nytsemd geti stafað af því.

Hæstv. ráðh. hafði ekki annað að bera á móti brtt. mínum en að það ætti ekki að samþykkja þær, en hvaða rök væru fyrir því, gat hæstv. ráðh. ekki um.

Hæstv. ráðh. gat þess um menn, sem hefðu náð 21 árs aldri, að þótt þeir væru fjárráða, þá hefðu þeir ekkert um þjóðmál að segja, en hæstv. ráðh. gat þess ekki, hvaða ástæða væri til, að þeir frekar hefðu þessi rjettindi, ef þeir væru orðnir 25 ára, eða tvöfalt meiri rjett til að ráða um þau mál, þegar þeir væru orðnir 35 ára. Þarna vantaði líka þá raunverulegu nytsemd hjá hæstv. ráðh. til að gera þessa ræðu skiljanlega, svo að hún gæti komið að gagni fyrir þá kjósendur þessa lands, sem fylgjast með ræðum á Alþingi. Jeg hygg, að það muni vera í fáum löndum nú orðið, sem kosningarrjettur er eins bundinn og hjer, svo að menn þurfi að vera 35 ára að aldri til þess að fá

að kjósa töluverðan hluta af þingmönnum landsins.

Þá mintist hæstv. ráðh. á kjördæmaskipunina og taldi rjett að halda þeirri kjördæmaskipun, sem nú er, þó að jeg segði, að hún væri mjög ranglát, eins og allir vita, að rjett er. En hvers vegna komu þá engin andmæli gegn því fram í ræðu hæstv. ráðh.? Þarna vantaði líka þær röksemdir, sem koma áttu á móti brtt. minni, og ef hæstv. ráðh. hefði viljað koma með röksemdir á móti ræðu minni, þá hefðu þær átt að vera á þá leið, hvers vegna það væri haldkvæmt að hafa kjördæmaskipunina eins og hún er nú, og hvort það væri rjettlátt, og ef það væri ekki, hvers vegna þá ætti að breyta á móti því rjettlæti. Annars mun hæstv. fjrh. og forsrh. til bráðabirgða vera orðinn nokkuð annarar skoðunar um skipun kosninga heldur en áður, þar sem hann hefir verið með því, að hlutfallskosningar væru notaðar miklu meira, svo að þessi skoðun eða skoðanabreyting virðist hafa komið eftir að hæstv. ráðh. hefir fengið þann háa sess, sem hann nú er kominn í.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri engin ástæða til, að menn hefðu kosningarrjett eftir að þeir hefðu þegið af sveit, en kom heldur ekki með ástæður fyrir því, að ekki væri jöfn ástæða til, að þeir menn hefðu kosningarrjett eins og aðrir. Það mun þó vera öllum kunnugt, að fáa menn varðar það meiru, hvernig opinberum málum er stjórnað heldur en þá menn, sem hafa orðið svo ógæfusamir að þurfa að leita hjálpar til sveitarsjóða, og það er alls ekki svo lítill hluti af tekjum landsins, sem kemur frá þeim mönnum, eftir þeim tolllögum, sem hæstv. ráðh. hefir látið samþykkja.

Þegar fátækralögin voru hjer til umr. í þessari hv. deild fyrir skömmu, gat hæstv. atvrh. (MG) þess, að hann myndi sjá til þess, að fátækralagafrv. færi ekki fyr frá hv. Ed. en útsjeð væri um það, að menn mistu ekki kosningarrjett sinn, ef þeir hefðu þegið af sveit, og mátti ráða það af orðum hæstv. ráðh. (MG), að hann væri því fylgjandi, eins og fleiri af flokksmönnum hans. Nú sýnist vera orðinn klofningur innan flokksins um þetta, ef hæstv. forsrh. berst á móti þessu, en hæstv. atvrh. og fleiri flokksmenn þeirra með því; eða það er þá svo, að þeir menn, sem hafa talað svo vel um þetta mál, hafa ekki meint það, sem þeir sögðu, en það mun þá koma fram við atkvgr. og mun verða minnisstætt íslenskri alþýðu.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki rjett til þess að fara að rökræða stjórnarskrármálið hjer eftir við hæstv. forsrh., en hvað hnúturnar snertir, þá lít jeg svo á, að hæstv. ráðh. „sitji með það síðasta“, svo að jeg get látið mjer það vel lynda. En út af því, að jeg hefi orðið var við það, að hæstv. forsrh. og aðrir hjer í þessari hv. deild hafa hneykslast á því, að jeg talaði hjer um ærulausu kýrnar hans Sigurðar á Selalæk, vil jeg skýra frá því, að þær voru kallaðar ærulausar af því að þær mjólkuðu svo illa; þær mjólkuðu ekki nema 1600 potta á ári og borguðu því ekki fóðrið sitt. Sá, sem sagði þetta, var Indriði Einarsson skrifstofustjóri, hið stakasta prúðmenni. Með þeim skilningi var það, að jeg taldi stjórnarskrárfrv., sem hæstv. forsrh.

þar upphaflega fram í hv. Ed., ærulaust. Það er engin nyt í því.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það hafa verið bornar hjer fram tvær fyrirspurnir, sem jeg hefi ekki svarað ennþá.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) spurði um það í gær, hvort einhver saga væri sönn, sem hann hefði heyrt um það, að stjórnin ætlaði að rjúfa þing út af þeim tekjuhalla, sem væri á fjárlögunum, og kalla saman aukaþing til þess að setja ný fjárlög. Mjer heyrðist hv. þm. spyrja þannig. **(JakM:** Jeg spurði um þetta).

Eins og fjárlagafrv. er nú, eftir 2. umr. í hv. Ed., er það tekjuhallalaust, og getur því ekki legið fyrir nokkur átylla til að tala um þingrof í sambandi við það frv. eins og nú stendur. En náttúrlega gæti það komið fyrir, ef stjórninni sýndist þingið fara óhæfilega með fjárlögin, að hún ryfi þingið og óskaði að skjóta því til úrskurðar þjóðarinnar, hvort það væri hennar vilji að hafa fjárlögin svo úr garði gerð. En jeg held, að það sje augljóst eftir okkar stjórnarskrá, að það geti þó ekki haft nein áhrif á þau fjárlög, sem búið er að afgreiða, og jeg hygg, að aldrei muni vera lögð fjárlög til breytingar fyrir aukaþing.

En þó að jeg hafi bent á þetta sem almennan möguleika um afstöðu milli stjórnar og þings, þá vil jeg ekki láta felast í því neina ábendingu um það, að núverandi stjórn hugsi sjer að gera þetta, eftir þeirri afgreiðslu, sem nú liggur fyrir á fjárlögunum.

Þá spurði hv. þm. Dal. (JG), hvenær kosið yrði, ef stjórnarskrárbreyting yrði samþykt.

Það verður farið eftir gildandi ákvæðum og stofnað til kosninga innan tveggja mánaða eftir að það þingrof hefir farið fram, sem fram á að fara eftir að stjórnarskrárbreyting hefir verið samþykt. Það verður gert svo fljótt, sem hægt er að koma því í kring, og geri jeg ráð fyrir, að það verði reynt til hins ítrasta að láta kosningar fara fram fyrir slátt, þó að það geti ef til vill haft það í för með sjer, að stytta þyrfti eitthvað lögmæltan framboðsfrest, því að jeg tel ekki heimilt að láta kosningar bíða svo lengi, að þær verði látnar fara fram eftir slátt.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hæstv. forsrh. sagðist ætla að svara þeim fyrirspurnum, sem hjer voru bornar fram, og þá fyrst og fremst þeirri, sem jeg bar fram í gær. En mjer finst hæstv. ráðh. ekki hafa svarað henni. Jeg spurði, hvort stjórnin ætlaði að rjúfa þingið, ef fjárlögin yrðu afgreidd með viðlíka tekjuhalla og þau fóru með til hv. Ed. Jeg spurði um þetta vegna þess, að jeg gat ekki sjeð, að það væri nokkur meining í þessu tiltæki, annað en það, að hæstv. stjórn hefði ætlað sjer að neita að taka við fjárlögunum þannig afgreiddum; þá gat hún gert það og rofið þing til þess að bera það undir þjóðina, hvort hún óskaði, að afgreiðsla fjárlaganna væri þannig af hendi leyst. Annars var þetta meiningarlaust, þegar nýjar kosningar áttu hvort sem er að fara fram fyrir næsta þing, og þá hlaut

það að vera meiningin að kalla saman aukaþing í haust, til þess að rjetta fjárlögin, því að annars hefði þetta verið alveg gersamlega meiningarlaust tiltæki.

Nú sagði jeg það fyrir mitt leyti, að jeg tryði því ekki, að hæstv. stjórn hefði nokkurntíma dottið þetta í hug, vegna þess að ef nokkur meining ætti að vera í því, þá yrði það að vera svona, og þá yrði svo mikill kostnaðarauki að því. Í stuttu máli var fyrirspurnin þessi:

Hafði það komið til orða, að stjórnin hefði í hyggju að rjúfa þing, ef það yrði viðlíka tekjuhalli á fjárlögunum að lokum eins og þegar þau voru afgreidd hjeðan til hv. Ed., og var það þá í þeim tilgangi að fá rjetting á fjárlögunum, eða var það aðeins út í loftið, úr því að það átti að kjósa nýtt þing fyrsta vetrardag?

Jeg sje nefnilega ekki, hvaða rjettarbót það hefði verið, svo að maður haldi sjer við það, sem slegið var á hjer við umr., að láta kosningar til nýs þings fara fram tveim mánuðum áður en reglulegar kosningar áttu að fara fram.

Jeg veit ekki, hvort á að skilja hæstv. ráðh. svo, að þetta hafi í raun og veru komið til mála, en ef það er, þá er það sú furðulegasta fluga, sem jeg get hugsað mjer.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg var eiginlega alveg búinn að svara fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv., en jeg get bætt því við, að úr því að hv. þm. hefir heyrt, að þetta stæði til, þá hefir það komið til mála hjá þeim, sem hafa talað um það, og þá meðal annars við hv. 1. þm. Reykv. En stjórnin hefir ekkert talað um þetta, og það er af þeirri ástæðu, að hún hafði alt aðrar fyrirætlanir að því er snerti fjárlagafrv. en þær, að láta það fara út úr þinginu með þeim tekjuhalla, sem það fór með úr hv. Nd., og þeim fyrirætlunum hefir stjórnin nokkurnveginn komið fram með þeirri rjettingu, sem fjárlögin hafa fengið við 2. umr. í hv. Ed., hvað sem síðar verður; en stjórnin mun leggja fram þá krafta, sem hún getur, til þess að koma í veg fyrir, að það verði hlaðið útgjöldum á fjárlagafrv. og þar með skapaður tekjuhalli. Hins getur hv. þm. ómögulega vænst, að það sje farið að svara spurningum um það, hvað mundi koma, ef hitt og þetta kæmi fyrir. Náttúrlega getur meðferð þings á fjárlögum orðið til þess, að þing verði rofið, eins og hvert annað sundurþykki á milli þings og stjórnar. —

Mjer skildist hv. þm. gera ráð fyrir því, að stjórnin segði af sjer og ryfi þing. Það getur naumast farið saman; ef slíkt sundurþykki kemur fyrir, þá gæti stjórnin valið um, hvort hún vildi gera, en hún getur ekki hvorttveggja í senn; og hitt hefi jeg aldrei heyrt, að slíkt aukaþing yrði kallað saman til þess að breyta þeim fjárlögum, sem reglulegt þing hefir gert. En jeg vil geta þess, að jeg gef þetta svar að órannsökuðu máli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get ekki látið hjá líða að blanda mjer ofurlítið í þau orðaskifti, sem fram hafa farið á milli hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Reykv.

Það er enginn líklegri en hæstv. forsrh. til þess að telja það stórt atriði, að fjárlögin, sem betur fer, hafa feng-

ið leiðrjettingu í hv. Ed., enda stóð það líka til að lagfæra frv. hjer, þegar það kæmi hingað aftur.

Það er eins og hæstv. forsrh. vilji segja, að það hefði staðið mikið til, ef fjárlagafrv. fengi ekki þessa leiðrjettingu. **(Forsrh. JÞ:** Það sagði hv. 1. þm. Reykv.). En það, sem hlýtur að vera efst í huga allra landsmanna, er það, hvernig fjárlög hæstv. stjórn hefir leyft sjer að bera fram ár eftir ár, og þrjú síðustu árin með 2½ milj. króna hærri útgjöldum en áður voru, og að hún hefir lagt á landsmenn 4 milj. kr. hærri skatta en vant var áður. Að þessi sama stjórn hefir svo látið sjer detta það í hug út af örfáum tugum eða hundruðum þúsunda að rjúfa þing vegna afgreiðslu fjárlaganna, er blátt áfram hlægilegt, þegar um þá stjórn er að ræða, sem hefir slíkan syndabagga á bakinu.

Magnús Torfason: Út af svari hæstv. forsrh. viðvíkjandi þingrofi, þar sem hæstv. ráðh. sagði, að hann yrði að líta svo á, ef stjórnarskrárbreyting yrði samþykt, að þá mætti ekki fresta kosningum til haustsins, vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann lítur svo á, að þegar þing er rofið samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar, eftir að stjórnarskrárbreyting hefir náð samþykki beggja þingdeilda, og þegar á að rjúfa Alþingi, að þá eigi að fara eftir 20. gr. stjórnarskrárinnar, þegar konungur rýfur Alþingi. **(Atvrh. MG:** Konungurinn gerir það altaf). Vitaskuld. En það er sjálft þingið, sem skipar fyrir um það, hvenær Alþingi skuli rofið, er það samþykkir stjórnarbót, og framkvæmdarvald konungs þá aðeins formlegt. En er konungur tekur það upp hjá sjálfum sjer að rjúfa þing, móti vilja þingsins, þá á hann að láta kosningar fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir. Þetta skiftir alt öðru máli. Jeg segi þetta af því, að í Danmörku og víðar var t. d. mikið deilt um það einu sinni, hvort takmarka ætti rjett konungs til þess að rjúfa þing og tryggja, að þingið kæmi sem fyrst saman aftur. En þessi ástæða kemur ekki til greina, ef þingið er rofið eftir 76. gr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Út af spurningu hv. 1. þm. Árn. get jeg aðeins gefið það svar, að jeg hefi ekki fyr heyrt, að mismunur væri á skýringunum um ákvæðið viðvíkjandi þingrofi, eftir því hvort það fer fram að tilefni 76. gr. stjórnarskrárinnar eða að öðru tilefni.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í fjárhagsumr. þær, sem hv. þm. Str. gaf tilefni til. Jeg býst við, að það verði hægt, er fjárlagafrv. kemur hingað aftur frá hv. Ed. En jeg held, að þó að fjárlagafrv. núv. stjórnar hafi farið nær hinum raunverulegu útgjöldum, sem ber að áætla í fjárlögum, en þau frv., sem lögð hafa verið fyrir næstu þing þar á undan, þá verði ekki hægt að ámæla stjórninni fyrir það. Og jeg hygg, að rjettari mynd af útgjöldum ríkisins ætti ekki á nokkurn hátt að ýta undir þingin með að bæta við meiri fúlgu en hóflegt er. Það væri afsakanlegt, þó að þingin freistuðust til þess, ef frv. stjórnarinnar sýndu lægri útgjöld en þau raunverulega eru, eins og stundum hefir komið á daginn.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Eins og jeg sagði áðan, hafði jeg ekki trúað á þennan söguburð, en vildi þó fá umsögn hæstv. stjórnar um þetta, og meðfram af því, að mjer skildist, að þessi söguburður væri til kominn í þeim miður heppilega tilgangi að gera stjórnina mikla. Mjer finst nú söguburðurinn verka alveg öfugt, en það er nú kannske álitamál og fer eftir því, hvaðan hann hefir borist. Jeg tek svör hæstv. forsrh. svo, að stjórninni hafi ekki dottið þetta í hug og ekki viðhaft nein slík ummæli, sem hefðu getað gefið tilefni til þessa söguburðar. En hitt getur auðvitað komið til mála, að ágreiningur verði milli þings og stjórnar út af ýmsu. En að ætla að fara að grípa til þess að rjúfa þing rjett áður en kosningar eiga að fara fram, það finst mjer alveg tilgangslaust, nema þá að stjórnin neiti að taka við fjárlögunum, verði ekki breyting á þeim gerð. Jeg hefi bent á það, að það væri skoplegur sparnaður að ætla að stofna til aukaþings út af 300 þús. kr. tekjuhalla.

ATKVGR.

Brtt. 474 feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, PO, SigurjJ, ÞórJ, BL.

nei: HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv.

Tveir þm. (ÓTh, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 471,1 feld með 20:3 atkv.

— 475,I samþ. með 19:5 atkv.

— 471,2 feld með 18:3 atkv.

— 468,1 tekin aftur.

— 475,II samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HjV, IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, BSv.

nei: ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 489 tekin aftur.

— 475,III samþ. með 14:12 atkv.

— 468,2 tekin aftur.

— 468,3 tekin aftur.

— 481 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, JakM, JAJ, JS, MJ, ÓTh, SigurjJ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HK, HjV, IngB, JG, JK, JÓl, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 482,1 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, HStef, JG, JörB, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÞórJ, ÁJ, BL, HK, HjV, IngB, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 482,2 þar með fallin.

— 461,1 feld með 17:4 atkv.

— 461,2.a tekin aftur.

— 461,2.b feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, JK, JS, KlJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

nei: ÁJ, ÁÁ, HjV, IngB, JakM, JAJ, JG, JÓl, JörB, MG, MJ, ÓTh, ÞorlJ, ÞórJ, BSv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 493 feld með 19:3 atkv.

— 480 tekin aftur.

— 476 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JörB, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HK, HjV, IngB, JakM, BSv.

nei: JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JAJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 471,4 feld með 20:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, HK, IngB, JAJ, JG, JK, JS.

nei: SvÓ, BL, HStef, HjV, JakM, JÓl, BSv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., fimtudaginn 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 500).

Á 74. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var frv. aftur tekið til e i n n a r u m r. (A. 500, 569, 578, 597).

Jóhannes Jóhannesson: Það hefir nú farið sem áður, að stjórnarskrárnefndin hefir ekki getað fylgst að í málinu og komið fram með samhljóða tillögur í því. Jafnvel meiri hluti nefndarinnar hefir ekki að öllu leyti getað staðið saman, því hv. 2. landsk. þm. (IHB) ber fram brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir, sem hv. þm. Vestm. (JJós) og jeg getum ekki fylgt.

Í hv. Nd. hafa orðið þrjár breytingar á frv., er máli skifta, frá því er það fór hjeðan úr deildinni.

Sú breytingin, sem mjer finst skifta mestu, er, að kjörtímabil bæði landskjörinna og kjördæmakjörinna þingmanna er stytt úr 6 árum niður í 4 ár, og geri jeg ráð fyrir, að hv. Nd. leggi langmesta áhersluna á þessa breytingu. Hjer í þessari hv. deild mætti og sú breyting stjfrv. á núgildandi stjórnarskrá, að kjörtímabil kjördæmakjörinna þingmanna var fært upp í 6 ár úr 4, megnri mótstöðu og var talin skerða þjóðræðið að miklum mun. Til samkomulags við hv. Nd. og til þess að stofna ekki stjórnarskrármálinu í voða, höfum við hv. þm. Vestm. og jeg eftir atvikum getað fallist á þessa breytingu á frv. og því ekki komið fram með neina brtt. við 4. gr. þess.

Önnur breytingin, sem orðin er á frv., er sú, að aldur sá, sem kosningarrjettur og kjörgengi til landskjörs er bundinn við, er færður úr 35 árum niður í 25 ár, og er því, eins og frv. liggur nú fyrir, hinn sami við landskjör og kjördæmakjör.

Hjer finst okkur of langt farið, er mismunurinn á landskjöri og kjördæmakjöri í þessu efni er með öllu feldur niður, og getum ekki sætt okkur við það. Við hefðum helst óskað, að landskjörsaldurinn hefði haldist óbreyttur, en til samkomulags við hv. Nd. viljum við þó slaka til og fallast á, að aldurinn verði færður niður í 30 ár, og að því lúta brtt. okkar við 6. og 7. gr. frv.

Þriðja breytingin er í því fólgin, að numið er burt úr stjórnarskránni það skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, að hlutaðeigandi standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Nú er búið að breyta fátækralögunum á þann veg, að eftirleiðis verður

allur eðlilegur sveitarstyrkur, sem stafar af elli, sjúkdómum, ómegð, slysum, atvinnuleysi o. s. frv., veittur sem óendurkræfur sveitarstyrkur, og standa þeir, er slíkan styrk fá, ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og halda því kosningarrjetti sínum og kjörgengi óskertu. Endurkræfan sveitarstyrk fá þeir einir, sem sakir óreglu eða leti hafa orðið styrks þurfandi, og finst mjer satt að segja ekki nema sjálfsagt, að slíkir menn missi kosningarrjett og kjörgengi. Það er mjer mjög ógeðfeld tilhugsun, að menn, sem ekki geta sjeð sjer og sínum farborða sakir óreglu, leti eða annarar ómensku, eigi að fara að sjá fyrir og stjórna okkur hinum. Þegar frv. þetta var til meðferðar í Nd., var ekki útsjeð um það, hvernig fara myndi um fátækralagafrv. stjórnarinnar á þessu þingi, og eins og fátækralögin eru nú, var nokkur ástæða til að fella hið umrædda ákvæði úr stjórnarskránni. Nú er það hinsvegar orðið bert, að fátækralagafrv. verður að lögum á þessu þingi, og er því ekki einasta óþarft, heldur óviðfeldið og skaðlegt að fella ákvæðið niður, því ef veittur, endurkræfur sveitarstyrkur hefir ekki rjettindamissi í för með sjer, mun það verða rothögg á sjálfsbjargarviðleitni margra og auka sveitarþyngslin að miklum mun, og á það að vera trygt með stjórnarskránni, að slíkt komi ekki fyrir, alveg eins og það er trygt með henni, að þjófar og bófar hafi ekki kosningarrjett og kjörgengi til Alþingis.

Tillaga til þess að laga þessa misfellu felst í 1. brtt. á þskj. 569.

Mjer dettur ekki í hug að væna hv. Nd. um það, að þessi breyting verði frv. þar að falli, þar sem nú er sýnt, að fátækralagafrv. verður að lögum á þessu þingi.

Eins og stjórnarskrárfrv. liggur nú fyrir eru í því engin ákvæði um það, hvenær lögin eiga að ganga í gildi, og ef við svo búið væri látið standa, mundu lögin sennilega ekki öðlast gildi fyrri en einhverntíma á árinu 1928, eftir hinum almennu reglum um gildistöku laga. Afleiðingin af því yrði aftur sú, að á þinginu 1928 yrði aðeins hægt að semja fjárlög fyrir eitt ár, nefnilega árið 1929, eftir núgildandi stjórnarskrá, og yrði þá ekki hjá því komist að halda fjárlagaþing árið 1929 til þess að samþykkja fjárlög fyrir árin 1930 og 1931, og leiddi af þessu, að fjárlagaþingin yrðu í framtíðinni árin með stöku tölunni, eins og kosningarnar, en þingin haldin á undan kosningunum, og leiddi aftur af því, að eftir nýjar kosningar kæmi þingið ekki saman fyrri en meira en ári eftir, að kosningarnar væru um garð gengnar, nema aukaþing væru kölluð saman, og hljóta allir að sjá, hve óhentugt og óviðkunnanlegt það væri.

Verði hinsvegar sett inn í frv. ákvæði um það, að lögin öðlist gildi þegar er konungur hefir staðfest þau, má, ef svo sýnist, kalla saman aukaþing í haust — og getur það einnig af öðrum ástæðum verið rjett og hagkvæmt, þar sem almennar kosningar standa nú fyrir dyrum — og samþykkja stjórnarskipunarlögin til fullnustu á því, og geta þau þá verið komin í gildi fyrir Alþingi 1928, og má þá á því þingi samþykkja fjárlög

fyrir árin 1929 og 1930, en fjárlagaþing árið 1929 getur fallið niður. Auk þessa vinst það, að fjárlagaþingin lenda á árunum með jöfnu tölunum, en af því leiðir aftur, að aldrei líður langt frá því, að kosningar hafa farið fram og þangað til reglulegt Alþingi á að koma saman.

Vænti jeg þess, að allir sjái, hve mikið vinst við þessa breytingu, en hún felst í 3. brtt. á þskj. 569 og getur með engu móti orðið misklíðarefni við hv. Nd.

En nú gæti svo farið, að af einhverjum ástæðum yrði ekki hægt að halda aukaþing í haust, til þess að samþykkja frv. til fullnustu, eða að mönnum þætti það óhentugt eða vildu spara kostnaðinn við aukaþingið, og má þá samt búa svo um hnútana, að hægt verði á þinginu 1928 að samþykkja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, spara fjárlagaþing 1929 og ná því, að fjárlagaþingin falli á árin með jöfnu tölunum. Ráðið til þess er að samþ. og setja í frv. nýtt ákvæði um stundarsakir eins og það, er 4. brtt. á þskj. 569 hljóðar um, og í því skyni er hún borin fram, og má segja um hana eins og 3. brtt. á því þskj., að óhugsandi er, að allir sjái ekki gagnsemi hennar og að hún geti ekki orðið misklíðarefni við hv. Nd.

Jeg hefi nú gert nokkra grein fyrir brtt. á þskj. 569 og þeirri skoðun minni, að þær sjeu eðlilegar og nauðsynlegar og geti ekki orðið málinu að falli, þótt samþyktar verði. Jeg leyfi mjer því að mæla sem best með því, að þær verði samþyktar í þessari hv. deild, og tel vafalaust, að frv. verði þá samþ. óbreytt í hv. Nd. Jeg fæ ekki sjeð, að tillögurnar sjeu þess eðlis, að nokkur maður, sem greitt hefir frv. atkvæði eins og það liggur fyrir nú, geti hafnað því og snúist á móti því, þótt þessar breytingar verði á því gerðar. Þær væru þá aðeins notaðar sem fyrirsláttur af hálfu manns, sem í raun og veru hefði verið móti frv., þótt hann hafi greitt því atkvæði. Hinsvegar verð jeg að ráða eindregið frá því, að gerðar verði aðrar verulegar eða frekari breytingar á frv., þar eð mjög er hætt við því, að það gæti orðið frv. til falls.

Það eru til menn í þinginu, eins og allir vita, sem telja engra stjórnarskrárbreytinga þörf nú sem stendur, og mjer er ekki ugglaust um það, að ýmsir, sem fylgt hafa málinu, hafi gert það með hangandi hendi og að mikið þurfi ekki út af að bera til þess að þeir snúist á móti því.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get fyrir mitt leyti lýst því yfir, að jeg get fallist á allar brtt. meiri hl. stjórnarskrárnefndar á þskj. 569, og hv. form. nefndarinnar (JóhJóh) hefir gert svo skýra grein fyrir, hvað í þeim felst, að ekki þarf neinu við það að bæta.

Út af því, sem hv. form. nefndarinnar sagði um mögulegleikana á því, að aukaþing væri haldið í haust til þess að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna til fullnustu, þá vil jeg fyrst minna á, að meiri hluti stjórnarskrárnefndar hefir með síðustu brtt. sinni á þskj. 569 bent á aðra leið til þess að ná sama takmarki, sem hann talaði um að ná með þinghaldi í haust, sem sje þá, að heimila með bráðabirgða-

ákvæði að setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930 á þinginu 1928, enda þótt frumvarp til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir í þingbyrjun. Með þessu næst hið sama og ætlast er til að ná með aukaþinghaldi. Jeg get því lýst því yfir, að verði brtt. þessi samþykt, þá mun stjórnin ekki kveðja saman aukaþing í haust vegna stjórnarskrárbreytingarinnar. Hvað fyrir kann að koma af öðrum ástæðum, er ómögulegt að segja fyrirfram frekar nú en endranær.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 597, við 10. gr. frv. Það er breyting á öðru ákvæði um stundarsakir eins og það var orðað í neðri deild. Þetta ákvæði frá Nd. hljóðar þannig: „Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna fellur niður við næstu almennar þingkosningar eftir að þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi". Þetta ákvæði felur það í sjer, ef ekkert óvænt kemur fyrir, að umboð hinna landskjörnu falli niður 1931. En eins og það er orðað nú frá neðri deild, þá myndi svo fara, ef til þingrofs kæmi á tímabilinu frá 1928—1930, að umboð þeirra myndi falla niður við kosningarnar eftir það þingrof. Nú er að vísu ekki hægt að sjá, að slíkt þingrof komi fyrir, en þó má vera, að það geti komið fyrir eigi að síður. En það myndi hafa í för með sjer, að kjörtímabil þeirra, sem kosnir voru í sumar, myndi styttast um meira en helming, og hinna nokkuð. Mjer finst nú ekki ástæða til að hafa orðalag þessa ákvæðis þannig, að það geti leitt til svona mikillar styttingar á kjörtímabili þessara manna; þess vegna hefi jeg komið fram með brtt. þessa, sem fer fram á, að umboð þeirra falli ekki niður fyr en við fyrstu almennar kosningar eftir 9. júlí 1930. Þetta er miðað við, að kosningarnar 1922 fóru fram þann 9. júlí. Er því ætlast til með brtt., að kjörtímabil þeirra, sem kosnir voru þá, lengist um eitt ár, eins og ætlast var til í stjfrv. Jeg vil því leyfa mjer að vænta þess, að háttv. þdm. geti fallist á þessa brtt., sem ekki er nema orðabreyting, ef ekki kemur til þingrofs frá 1928—1930.

Þá skal jeg leyfa mjer að gera grein fyrir efni brtt. á þskj. 578, en til þess að háttv. þm. geti fylgst sem best með, væri æskilegt, að þeir hefðu stjórnarskrána við hendina, til þess að sjá, hvar brtt. þessar eiga við hana.

Fyrsta brtt. er, að 4. gr. frv. falli niður. Það þýðir, að 27. grein stjórnarskrárinnar haldist óbreytt áfram. Hún hljóðar svo: „Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt". — Það er með öðrum orðum, að láta landskjörið haldast í sama horfi sem það er nú í. Með þessari brtt. næst því ekki það, sem til er ætlast með stjfrv., að hægt verði að framkvæma landskjör og kjördæmakosningar í einu.

Þá er önnur brtt. á þskj. 578. Hún er við 5. gr. frv., sem er aftur breyting á 28. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir 5. gr. frv. á að kjósa varamenn bæði til landskjörs og við hlutbundnar kosningar hjer í Reykjavík. En brtt.

felur í sjer, að varamenn skuli aðeins kjósa við landskjör, en ekki við hlutbundnar kosningar í Reykjavík.

Þá er 3. brtt. á þskj. 578, sem er við 6. gr. frv. og snertir að efni til 29. gr. stjórnarskrárinnar. Hún fer fram á, að 6. gr. frv. falli burt. Þetta þýðir aftur, að 29. gr. stjórnarskrárinnar heldur áfram að vera óbreytt eins og hún er nú.

Hjer liggur aftur fyrir við þessa grein víðtækari breyting frá meiri hl. nefndarinnar. Hún fer aðeins fram á breytingu á einu atriði. Eins og kosningarrjettur til landskjörs er nú, er hann miðaður við 35 ára aldurstakmark, og verði 3. brtt. á þskj. 578 samþykt, þá heldur hann áfram að vera bundinn við það aldurstakmark. En 1. brtt. meiri hl. felur aftur í sjer, að greinin skuli vera óbreytt að öðru leyti en því, að kosningarrjettur til landskjörs færist úr 35 árum niður í 30 ár.

Fjórða brtt. á þskj. 578 er við 7. gr. frv., sem snertir 30. gr. stjórnarskrárinnar. Brtt. þessi fer fram á, að 7. gr. frv. falli burtu, sem þýðir aftur, að 30. gr. stjórnarskrárinnar haldist óbreytt. Hún fjallar um kjörgengi, og helst það óbreytt eins og það er nú, ef brtt. þessi verður samþykt.

Hjer liggur líka fyrir brtt. frá meiri hl.; hún fer fram á, að kjörgengi til landskjörs verði bundið við 30 ár, í stað 35 ára, sem nú er, og er það í samræmi við það, sem meiri hl. leggur til um kosningarrjettinn.

Mjer finst ekki nema eðlilegt, að brtt. þessar komi fram og til atkvæða, ef brtt. meiri hl. verða feldar, til þess að mönnum gefist kostur á að greiða atkvæði um það, hvort þeir vilji heldur fylgja því, að kosningarrjettur og kjörgengi til landskjörs verði bundinn við 35 ára aldurstakmark, eins og nú er, eða við 25 ár, eins og er samkvæmt frv. eins og það kom frá Nd.

Þá er 5. brtt. á þskj. 578; hún er í tveimur liðum, a. og b., og felur í sjer í raun og veru sama og brtt. mín á þskj. 597. Þó fer það nokkuð eftir því, hvað áður verður búið að samþykkja í frv. Ef brtt. um það, að landskjörið haldist óbreytt eins og það er nú, verða samþyktar, þá felur brtt. þessi það í sjer, eftir því sem mjer skilst, að umboð þeirra landskjörnu, sem kosnir voru 1922, falli ekki niður fyr en eftir kosningar þær, sem væntanlega verða 1931. Brtt. þessi er því nær sama efnis og mín og afpössuð eftir till. meiri hlutans, ef þær verða ekki samþyktar.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg hefi aðeins viljað gera grein fyrir því, hvernig brtt. þessar standa af sjer gagnvart neðrideildarfrumvarpinu og stjórnarskránni, til glöggvunar við atkvgr.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og kunnugt er, á jeg hjer brtt. við stjórnarskrárfrumvarpið, og hefir hæstv. forsrh. (JÞ) skýrt frá efni þeirra, svo um það þarf jeg ekki að fjölyrða, og læt mjer því nægja að skýra afstöðu mína til þeirra.

Mjer er það ekkert launungarmál, að jeg vil ekki missa landskjörið eins og það er nú. Það er óbundið allri kjördæmapólitík og til þess nær ekki þingrof. Það getur verið og hefir verið kjölfesta í þinginu. Jeg tel lands-

kjörið líka hafa gefist sæmilega þessi rúmlega 10 ár, sem það hefir staðið, að það gefi ekki ástæðu til breytinga. Því þetta tímabil, sem það hefir staðið, hafa ekki færri en 5 af 12 landsk. þm. verið ráðherrar, og þar af þrír forsætisráðherrar. Þetta bendir til þess, að í landskjörið hafi ekki verið seilst eftir lökustu mönnunum.

Verði frv. hv. Nd. samþykt, verður hinsvegar lítið eða ekkert eftir af landskjörinu nema „kjörsvæðið". Jeg bið hv. þm. að taka eftir því, að jeg segi „kjörsvæðið". Því get jeg ekki unað, og hefi því borið fram brtt. við þau ákvæði, sem jeg með engu móti get aðhylst, en það er stytting kjörtímabils hinna landskjörnu og þingrofsákvæðið. 4. gr. frv. gerir hvorttveggja, að stytta kjörtímabil landskjörinna og láta þingrof ónýta umboð þeirra.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 578 miðar að því að fella 4. gr. frv., svo að 27. gr. stjórnarskrárinnar standi óbreytt. Þá sje jeg ekki, að ástæða sje til að gera Reykjavíkurþingmönnum hærra undir höfði en öðrum hjeraðskjörnum. Það er síst ástæða til að kjósa varamenn í Reykjavík, þar sem hægt er að kjósa þingmenn með stuttum fyrirvara. Þess vegna hefi jeg með orðunum „um alt land" í 2. brtt. lagt til, að 28. gr. stjórnarskrárinnar fái að þessu leyti að standa óbreytt. Það væri þá nær að taka upp þá gömlu tilhögun, sem gilti frá 1848 til 1874, að hafa varamenn í öllum kjördæmum. Jeg álít óþarfa að gefa Reykjavíkurkjördæmi þessa sjerstöðu og legg því til með 2. brtt. minni, að 28. gr. stjórnarskrárinnar standi óhreyfð.

Þriðja og fjórða brtt. mín er nauðsynleg afleiðing af 1. og 2. brtt. minni. Sama máli er að gegna um 5.—6. brtt., við 10. gr. Þær helgast af því, að jeg vil ekki, að nokkur vafi geti verið á því, að þingrof sje með öllu áhrifalaust á landskjörið.

Það hefir flogið fyrir, að aukaþing ætti að halda í ár til þess að samþ. stjórnarskrána í annað sinn. Ekki talið hægt að setja fjárlög á febrúarþinginu næsta ár fyrir 1929—'30, nema svo væri gert. En þetta er ekki rjett; fyrst og fremst er mjer nær að halda, að þessi „sæla" stjórnarskrárbót yrði ekki samþ. á næsta þingi, hvor flokkurinn sem ofan á yrði, og þá væri 100—150 þús. kr. þinghaldskostnaði kastað í sjóinn. Að hjer er ekki of hátt ályktað, má sjá af því, að 1925 mun þingkostnaðurinn hafa verið um 270 þús. kr. En slík „flotheit" sætu illa á þinginu nú og ekki ólíklegt, að þau kynnu að orka tvímælis hjá hv. kjósendum. En þó að stjórnarskrárfrumvarpið yrði samþ. í annað sinn og til kæmi að setja fjárlög á næsta reglulegu Alþingi fyrir 1929—1930, þá þyrfti ekkert aukaþing að halda til þess, hvorki í ár nje næsta ár. Það mætti samþ. stjórnarskrárbreytinguna í byrjun febrúarþingsins með afbrigðum frá þingsköpunum og fá staðfestingu konungs með símanum og síðan samþykkja fjárlög á sama þingi. Að þessu lýtur 6. brtt. mín, enda sje jeg á þskj. 569, sem mjer barst eftir að brtt. mínar fóru í prent, að annaðhvort hefir aukaþingsfrjettin ekki verið áreiðanleg eða horfið hefir verið frá henni aftur, — eða er ekki svo? Sje þessi skilningur minn rjettur, stendur í rauninni á sama, hvort brtt. mín eða 3. og 4. liður á þskj. 569 verður samþykt, og

er þó síðari leiðin líklega fult svo heppileg vegna upphafs 38. gr. stjórnarskrárinnar, enda mun jeg samþykkja hana. Jeg get því tekið 6. brtt. mína aftur. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að jeg tel eðlilegast, að kosningar fari ekki fram fyr en í haust, þó að stjórnarskrárfrv. yrði samþ. á þessu þingi. Kæmi það best heim við neitun Alþingis á að flytja kjördaginn. Væri og í því falin sanngirni bæði við kjósendur og þá þm., sem ætla að gefa kost á sjer til þingsetu aftur. Kjósendur gætu annars ekki haft nokkra þekkingu á gerðum fulltrúa sinna á þessu þingi og þm. ekki varið gerðir sínar, ef kosningar ættu að fara fram í júlí, og væri það því að því leyti bein fjarstæða að færa kjördaginn. Þá má líka benda á, að 1908 liðu 4 mánuðir milli þingrofs og kosninga og 1913 5½ mánuður.

Jeg kem þá að aðalatriðinu, sem vakti fyrir meiri hluta nefndarinnar. (**JJ:** Hv. þm. (IHB) er ekki meiri hluti). Á brtt. mínum stendur ekki, að þær sjeu frá meiri hl., heldur frá Ingibjörgu H. Bjarnason. Fyrir meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar hjer í hv. deild vakti aðallega eða jafnvel eingöngu þrent, sem sje 1. fækkun þinghalda, 2. vörn gegn því, að kjósa þyrfti nýjan varamann, ef svo slysalega færi aftur, að aðalmaður og upprunalegur varamaður fjellu frá, og 3. viðnám við því, að landskjör kæmi í bága við þjóðhátíðina 1930. Öllum þessum þrem atriðum fylgi jeg *enn*. Jeg samþykki 1. gr. Nd.-frv., sbr. 8. og 9. gr. frv., þó mjer líki ekki viðbótin, um að ákveða megi árlegt þinghald með einföldum lögum. Með því er þó fjárlagaþing annaðhvert ár komið — á pappírinn. — Jeg er einnig samþ. úrfellingu 5. gr. á orðum 28. gr. stjórnarskrárinnar: „en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt". Með þeirri úrfellingu og síðari breytingu á 73. gr. kosningalaganna er 2. atriði borgið, og er þá eftir 3. atriðið, vörn gegn því, að þingkosningar trufli alþingishátíðina 1930. Ráðið til þess liggur í brtt. mínum við 10. gr. frv. Og meira að segja er með því jafnframt opnuð leið til þess, að sameina mætti landskjör og hjeraðskjör, sem sumir leggja nokkuð upp úr.

Gangi þessar tillögur mínar fram, þá yrði kosið í stað eldri helmings landskjörinna árið 1931, um leið og hjeraðskjörið færi fram, og árið 1934 í stað yngri helmingsins, o. s. frv. Það þarf varla að gera ráð fyrir þingrofi án stjórnarskrárbreytingar, enda þótt það hafi komið einu sinni fyrir, árið 1908.

Jeg hefi nú skýrt brtt. mínar svo, að jeg mun láta þar við sitja. Þykist jeg hafa fært rök að því, að þær eru ekki lakari en aðrar brtt. og jafngóðar þar, sem þær falla saman við aðrar brtt.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason):* Þess hefir verið getið af háttv. frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndar, að nefndarmenn hafi ekki getað orðið sammála. Við erum tveir nefndarmenn, sem ekki höfum sjeð ástæðu til að koma fram með brtt., og má því segja með sanni, að það sjeu aðeins ⅔

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

hlutar nefndarinnar, sem telja sig meiri hluta. Jeg vildi geta þessa þegar og benda á það, sem öllum má vera ljóst, er athuga brtt. á þskj. 569 og 578, að þar er ekki samfeldur meiri hl. Hefði því verið rjettast að segja, að brtt. á þskj. 569 væru frá öðrum minni hl.

Jeg skal geta um ástæðuna til þess, að við tveir komum ekki fram með brtt., og byrja þá á því að lýsa yfir, að jeg tel stjórnarskrárbreytingu svo alvarlegt mál, að ekki megi hafa það að leikfangi. En það sýnir meðferð málsins í þinginu, að hjer ræður ekki nein ein stefna. Það er öllum kunnugt, að stjfrv. fór aðallega fram á þær þrjár aðalbreytingar á stjórnarskránni, sem hv. 2. landsk. (IHB) tók fram áðan, sem sje, að þing skyldi haldið aðeins annaðhvert ár, að lengt væri kjörtímabil kjördæmakosinna þingmanna, en stytt kjörtímabil landskjörinna og landskjörnir háðir þingrofi. Og í þriðja lagi, að varamenn tækju við af landskjörnum meðan entist.

Jeg lýsti afstöðu minni hjer við 2. umr. og tók þar skýrt fram, að jeg væri á móti því að lengja kjörtímabil kjördæmakosinna þm., en stytta kjörtímabil landskjörinna, og algerlega á móti því, að þingrof næði til landskjörs. Jeg bar svo fram brtt. um að samræma kosningar beggja, færa þær saman án þess hróflað væri við kjörtímabili. Sú brtt. mætti hjer mótspyrnu, sjerstaklega af hálfu hæstv. forsrh., og jeg tók hana þá aftur, vegna þess að jeg bjóst við, að hægt mundi að koma henni síðar að, ef þörf yrði á. Eftir ítarlega íhugun hefi jeg þó afráðið að koma ekki fram með hana, vegna þess að meðferð frv. hefir sýnt, að hjer er ekki um neina fasta stefnu að ræða. Jeg skal þessu til sönnunar benda á, að eins og frv. var fyrst, var lagt til, að kjörtími landskjörinna væri styttur í 6 ár, en hinna lengdur í 6 ár. Nú hefir hv. Nd. haft hausavíxl á hlutunum og stytt kjörtímabilið í 4 ár. Fæ jeg ekki betur sjeð en að stjórnin sje ánægð með það, og það sýnir, að þetta hefir ekki verið stefnuatriði hjá henni. Það, sem þótti ótækt hjá mjer í vetur, þykir nú ágætt. Virðist þetta benda til svo mikils alvöruleysis, að jeg þvæ hendur mínar af því að koma nærri þessum breytingum stjórnarskrárinnar.

Við 2. umr. í hv. Nd. var klipt stórum aftan af frv., en við 3. umr. er bætt við það síðari hluta þess, sem nú er, um kosningarrjett o. fl. Hver kom þessum breytingum fram? Þær eru bornar fram af manni, sem ekki vill gera neina breytingu á stjórnarskránni!

Eina bótin, sem er í frumvarpinu, er sú, að hafa þing annaðhvert ár. Að því getur orðið sparnaður. En þann tvísýna sparnað vil jeg ekki kaupa fyrir þá grautargerð, sem frv. er nú. Eins og málið horfir nú við, verð jeg að gefast upp við að bæta frv. Jeg mun að vísu ljá þeim brtt. atkvæði, er nálgast það, sem jeg vil, en jeg sje mjer ekki fært að greiða frv. atkvæði út úr deildinni.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala um einstakar brtt., en aðeins geta þess, að 1. brtt. meiri hlutans er þetta sama, sem verið hefir, að koma fram breytingum í einhverri mynd. Hjer er engin föst stefna. Hv. meiri hl. hefir ekkert við 4. gr. að athuga, sem kollvarpar því, er stóð upphaflega í stjfrv. Jeg

mun greiða atkv. 1. brtt. hv. 2. landsk. (IHB) og einnig 2. brtt., sem er í samræmi við það, sem jeg hjelt fram hjer við 2. umr. Um hinar brtt. á þskj. 578 skiftir litlu máli og er óþarfi að fjölyrða um þær. Það er rjett hjá hv. flm. (IHB), að 5. og 6. brtt. á þskj. 578 fjalla um svipað efni og 4. brtt. á þskj. 569, en jeg geri ekki mikinn mun þeirra og greiði víst engri þeirra atkvæði.

Þegar nú ekki hefir verið hægt að sýna fram á það, að þessi stjórnarskrárbreyting feli í sjer betra fyrirkomulag en verið hefir, heldur ýmsa galla, þá er viðurhlutamikið af Alþingi að samþykkja hana. Jeg er alveg viss um það, að þjóðin er svo þroskuð, að ef hún hefði haft tíma og tækifæri til þess að átta sig á málinu, þá vildi hún ekki þessa stjórnarskrárbreytingu. Jeg veit ekki, hvaða atriði það getur verið nú í þessu frv., sem nokkrum er alvara með, að þurfi fram að ganga, nema ef vera skyldi fækkun þinga. En frv. hefir verið teygt hjer í þinginu eins og hrátt skinn, þangað til hver þykist geta hangið á sínum skækli.

Afstaða mín til málsins er skýr og hún er í samræmi við framkomu mína á fyrri þingum. Það gleður mig að vissu leyti, að hv. 2. landsk. hefir sýnt þá röggsemi af sjer að vera í andstöðu við sinn flokk, því að það sýnir mikinn stjórnmálaþroska.

Jónas Jónsson: Jeg ætla aðeins að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. stjórnar.

Fyrst og fremst vil jeg spyrja, hvers vegna hæstv. stjórn hefir lagt svo mikla áherslu á það að koma aukaatriðum inn í frv., sem hafa orðið til þess að draga úr ánægjunni með þau aðalatriði, sem hún vill koma fram. Það lítur út fyrir, að hæstv. stjórn leggi meiri áherslu á kosningalagabreytingar en þá höfuðbreytingu, sem flestir eru sammála um, nefnilega þinghald annaðhvert ár. Ef jeg man rjett, hjelt hæstv. forsrh. því fram, að þing yrði að halda á hverju ári til 1931. En nú hefir verið sýnt fram á möguleika á því að spara eitt af þessum þingum, en mjer finst það lýsa sjer í framkomu meiri hl. stjórnarskrárnefndar, að hann telji þetta aukaatriði, að breyta þinghaldinu.

Jeg held jeg megi til að grípa hjer inn í og spyrja hæstv. ráðh. nokkrum spurningum áður en hann fer úr deildinni.

Í fyrsta lagi vil jeg spyrja hann, hvers vegna hann leggur áherslu á þessi aukaatriði, að fá kosningaaldrinum breytt í sambandi við landskjörið. Í öðru lagi við jeg spyrja hæstv. ráðh., hvers vegna hann gekk inn á brtt. hv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem eru allmikið annars eðlis en till. stjórnarinnar og settu málið í nýjan farveg.

Eftir 2. umr. var frv. orðið eins og meiri hl. hv. Nd. vildi hafa það. Breytingin aðeins þinghald annaðhvert ár, og þó að óvíst sje um framtíðargengi þeirrar breytingar, þá vil jeg þó freista þess, hvernig hún reynist. En við 3. umr. í Nd. var með stuðningi stjórnarinnar samþ. ein till. frá hv. 1. þm. Reykv. og með andstöðu stjórnarinnar aðrar brtt.

Jeg vil út af þessu undirstrika það, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði, að það er ekkert fast „plan“ í þessu. Þessi grautargerð í hv. Nd. er til mikils

spillis fyrir málið. Hæstv. forsrh. ber ábyrgð á þessu. Hann lagði sína blessun yfir fyrstu brtt. og tók á móti þeim, sem síðar fylgdu á eftir, sem mótvægi. Á þennan hátt hefir hæstv. ráðh. sett stjórnarskrána í hættu.

Jeg er hræddur um, eins og hv. 2. þm. S.-M., að þetta verði ekki samþ. og þessi breyting fullnægi ekki nema um stundarsakir. Menn verða óánægðir með þessar óhreinu línur og fara að fitja upp á nýjum breytingum. Menn munu segja sem svo, að úr því að landskjörið er ekki orðið annað en viðbót við kjördæmakjörið, hvers vegna á þá ekki að gilda hið sama um kosningaaldur og kjöraldur við þessar kosningar? Jeg vil ekki trúa því, að hæstv. ráðh. vilji umsnúa málinu sjer í hag til þess eins að geta látið kosningar fara fram áður en þjóðin veit um fjármálahrunið. Ef hann ætlar að láta kosningar fara fram um sláttinn, þá get jeg sagt það fyrir hönd mikils meiri hl. minna kjósenda, að það er þeim mjög óhagstæður tími, bæði dýrt og erfitt að hafa kosningar á þeim tíma.

Mjer finst hæstv. ráðh. ætti að geta sagt nokkurnveginn ákveðið um það, hvenær hann hugsar sjer að láta kosningar fara fram, ef til kemur. Það skiftir miklu, hvort það verður t. d. 1., 14., eða 20. júlí eða 20. september eða 1. vetrardag, eins og venja er til.

Það, hvenær kosið verður, er auðvitað ekki stórt mál í sambandi við stjórnarskrána sjálfa, og það svar, sem hæstv. ráðherra gaf um aukaþing, líkaði mjer mjög vel.

Jeg ætla svo ekki að tala mikið nú að þessu sinni, en bíð eftir svari hæstv. ráðh. við þessum spurningum, sem jeg hefi beint til hans. Jeg álít, að hæstv. stjórn hafi gert rangt með þessari grautargerð, einkum til frambúðar. Þessar brtt. voru líka bornar fram af þm. í Nd., sem svo greiddi atkv. á móti frv. í heild.

Jeg endurtek það hjer, að jeg gerði bæði 1924 og nú mitt ítrasta til þess að ná samkomulagi um þetta mál, en það kom fyrir ekki. En í því sambandi vil jeg ekki vera að vekja upp gömul deiluatriði.

En með þessu hefir verið opnuð leið fyrir nýjar breytingar á þessu hálfverki.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætla að byrja með því að svara hv. 1. landsk. (JJ) nokkrum orðum.

Mjer skildist á honum, að það væri ekki alveg vonlaust að ná samkomulagi við hann um afgreiðslu málsins, en aftur á móti virðist einskis slíks að vænta af hv. 2. þm. S.-M. (IP), eftir hans ræðu að dæma. Háttv. 1. landsk. spurði, hvers vegna stjórnin hefði lagt áherslu á kosningalagabreytingu, og kallaði það aukaatriði.

Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Stjórnin taldi það alveg sjálfsagt, hvenær sem gerð væri breyting á stjórnarskránni, að gera um leið leiðrjettingu á landskjörinu.

Hún áleit enga meiningu í því að kveðja alla þjóðina að kjörborðinu í einu til þess að kjósa 3 þm., eða jafnvel ekki nema einn, eins og átti sjer stað síðastliðið haust. Hún áleit þetta sjálfsagða lagfæringu á stjórnarskránni og var jafnsannfærð um það

þegar í byrjun eins og nú, að þetta á að gerast, hvort sem menn nú vilja kalla þetta aukaatriði eða aðalatriði.

Þá spurði háttv. 1. landsk. að því, hvers vegna stjórnin hefði gengið inn á brtt. hv. 1. þm. Reykv. (JakM) um það, að allir þm. skuli kosnir til 4 ára. Í sambandi við þetta vil jeg minna hv. 1. landsk. á það, sem áður hefir farið okkar á milli hjer í deildinni út af lengingu kjörtímabilsins.

Stjórnin hafði stungið upp á öðru, en orðað greinina alveg eins og gert var í brtt. hv. 1. þm. Reykv., að undanskildu því, að uppástunga stjórnarinnar var um 6 ára kjörtímabil, en till., sem samþ. var í Nd., 4 ára. Þetta hafði áður verið rætt hjer, og bæði hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. S.-M. voru óánægðir með 6 ára kjörtímabilið. Nú hefi jeg gengið inn á þessa tilslökun til samkomulags, að ákveða kjörtímabilið 4 ár í stað 6. Þessi brtt. kom aldrei fram hjer í því formi, sem hún þurfti að vera til þess að stjórnin gæti gengið inn á hana. En þegar hún kom fram í hv. Nd., var þannig frá henni gengið, sem vera þurfti, og þá lýsti jeg því yfir, að jeg mundi ganga inn á hana til samkomulags.

Aftur á móti voru hinar till., sem samþ. voru í hv. Nd., samþ. gegn vilja stjórnarinnar og án minna meðmæla.

Hv. 1. landsk. sagðist ekki sjá neitt fast „plan" í þessu. En jeg verð nú að segja það, að þegar verið er að bjarga gegnum þingið stjórnarskrárbreytingu, sem verður fyrir andstöðu vegna skiftra skoðana þeirra manna, sem vilja að hún gangi fram í aðalatriðum, þá er það ekki minn háttur að vilja ekkert gera til samkomulags.

Mjer er sama, þó hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. landsk. finni ekki neitt „plan" í því. Þetta verða menn oft að gera, að sveigja til frá báðum hliðum, til að ná samkomulagi um ýms mál á þingi.

Nú höfum við sveigt til um lengd kjörtímabilsins, svo að hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. landsk. hafa fengið það, sem þeir vildu, og jeg vænti því, að þeir sjái sjer fært að fylgja frv. fram við atkvgr.

Þá spurði hv. 1. landsk., hvort þetta frv. ætti aðeins að skoða sem tilraun stjórnarinnar til að fá kosningar á slætti í sumar, og spurði, hvaða dag jeg hefði hugsað mjer að láta kosningar fara fram. Hann bætti því við, að ef kjördagurinn væri hagstæður, þá væri síður ástæða til að ætla, að hjer væri um kosningabrellu að ræða.

Þessi ummæli gefa mjer tilefni til þess að svara spurningunni ekki að svo stöddu. Mjer er svo ant um, að þetta mál gangi fram, að jeg vil gjarnan reyna að ná samkomulagi við hv. 1. landsk. og flokk hans um kjördaginn. Jeg er einnig fús til að sveigja til í því efni, ef það mætti verða til þess að bjarga málinu gegnum þingið.

Háttv. 2. landsk. (IHB) vill hafa landskjörið eins og það er, og skal jeg ekki deila um það, en er, eins og jeg hefi áður lýst, alveg á gagnstæðri skoðun um þetta. Mjer finst það alveg misráðið að kalla alla kjósendur saman um alt land til að kjósa 3 þm. á miðju kjörtímabili. Það er einmitt að mínu áliti annað aðalatriði frv. að fá þessa lagfæringu á landskjörinu.

Því, sem háttv. 2. landsk. sagði um aukaþing í haust, hefi jeg svarað. Það er nefnilega hægt, með því að setja inn ákvæði um það, að stjórnarskráin öðlist gildi jafnskjótt og konungur hefir undirskrifað hana, að setja þegar á næsta þingi, 1928, fjárlög fyrir tvö ár. (**IHB:** Er þá aukaþing í haust útilokað?). Það er útilokað, að halda þurfi aukaþing í haust vegna stjórnarskrárinnar. En það getur altaf komið fyrir eitthvað það, sem geri það nauðsynlegt að kalla þingið saman, en eins og stendur er ekki neitt, sem bendir á það, að þess muni þurfa í haust.

Að öðru leyti vil jeg taka það fram út af orðum hv. 2. þm. S.-M. um meiri hluta nefndarinnar, að það er ekkert í brtt. hv. 2. landsk. á þskj. 578, sem fer í bága við brtt. á þskj. 569, svo að hv. 2. landsk. (IHB) getur vel fallist á till. meiri hl., þó að hún hafi borið sínar brtt. fram út af fyrir sig. (**IP:** Gerir hún það?). Um það skal jeg ekkert segja, þó að jeg telji hana vel geta það. Hv. þm. (IHB) sagði, að ekki mætti hafa stjórnarskrárbreytingu að leikfangi, og jeg er henni alveg sammála um það. En jeg tel ekki, að málið sje haft að leikfangi, þó að stjórnin vilji koma nokkuð til móts við óskir annara til þess að koma aðalatriðum málsins fram. En til þess þarf það meiri hl. í hvorri þingdeild í einhverri mynd. Mjer er full alvara að gera alt, sem í stjórnarinnar valdi stendur, til þess að málið gangi fram. Í frv. eins og það er nú eru öll þau höfuðatriði, sem stjórnin taldi vera í stjfrv. og hún lagði mesta áherslu á þegar í upphafi. Jeg hefi aldrei talið ákvæðið um lengd kjörtímabilsins neitt höfuðatriði, en hitt legg jeg áherslu á, að landskjörinu verði breytt svo, að kosningar til þess geti farið fram samtímis og kjördæmakosningarnar.

Jeg vil ekki gera hv. 2. þm. S.-M. sömu skil og bregða honum um alvöruleysi í þessu máli. En það virðist þó liggja nærri, þar sem hann var málinu fylgjandi við fyrri umr. hjer í deildinni, en nú snýst hann á móti því, einmitt þegar það er komið í það horf, að það er nær hans óskum, eins og þær hafa komið fram hjer áður, en þá var.

Hv. þm. hjelt því fram, að öll gildandi ákvæði um stundarsakir ættu að falla niður.

Fyrsta ákvæðið snertir kosningarrjett þeirra manna, sem ekki hafa fengið hjer ríkisborgararjett, og það verður að standa meðan þeir eru á lífi.

Hv. þm. endaði ræðu sína með því að láta í ljós þá von, að frv. yrði ekki samþykt á næsta þingi, þótt það næði nú fram að ganga. Þetta segir hann auðvitað sem andstæðingur málsins. Annars gæti hann ekki alið slíkar vonir í brjósti. Jeg fyrir mitt leyti efast ekki um, að frv. verður samþykt á næsta þingi, ef nú næst samkomulag um það.

Jón Baldvinsson: Allar þessar breytingar, sem nú á að fara að gera á stjórnarskránni, eru sameiginlegt áhugamál „Íhalds“ og „Framsóknar“. Margir þm. úr báðum flokkum hafa á undanförnum þingum tjáð sig því fylgjandi að hafa þing aðeins annaðhvert ár og hafa kepst um að flytja frv. í þá átt. Öll þessi frv. hafa orðið fyrir dularfullum dauðdaga, þangað

til nú, að nærri sýnist búið að kara drauginn. Áður fyr var það álitið talsvert þrekvirki að kara drauga, þótt það þætti ekki þrifalegt verk eða mikilmannlegt. En það ætlar að sýna sig nú, að „stóru“ flokkarnir ætla að koma þessu fram í sameiningu. Mjer þykir ákaflega vænt um að sjá, að tilfinningar eina kvenþingmannsins (IHB) banna henni að leggja sína tungu á þennan ófögnuð.

Í blaði því, sem ekki má nefna hjer í þingsalnum nema komast í þingvíti, er auglýsing nú nýlega frá sjerstöku fjelagi, sem á undanförnum árum hefir skift eins oft um nöfn eins og kvikindi það, er kameleon heitir, skiftir um lit. Þetta fjelag, sem nú er kallað „Vörður“, auglýsir sem sagt, að búast megi við því, að kosningar fari fram í júlí næstk. vegna stjórnarskrárbreytingarinnar, og því hefir fjelagið opnað „kosningaskrifstofu“. Íhaldið er þar með búið að setja kosningamaskínu sína í gang, leigja agitatora o. s. frv. Af þessu er auðsjeð, að sá flokkur ætlast til, að frv. nái fram að ganga, og meira að segja hefði hann varla farið að kynda undir kosningavjelinni, nema hann hefði nokkurnveginn vissu fyrir framgangi frv. — Annars var það dálítið einkennilegt, að hæstv. forsrh. vildi ekki svara fyrirspurn hv. 1. landsk. um það, hvenær kosningar ættu fram að fara. Hann talaði um, að það væri samkomulagsatriði. En jeg er sannfærður um, að það er þegar ákveðið og full vissa um það á kosningaskrifstofu Íhaldsins. Hæstv. landsstjórn veitir þeirri stofnun fyr upplýsingar en sjálfu Alþingi. Það er óneitanlega undarlegt, þegar kosningasmalar fá á undan Alþingi vitneskju um það, að kosningar eigi að fara fram á mesta annatíma ársins, gegn yfirlýstum vilja Nd., eða á þeim degi, sem lögboðinn er, 1. vetrardegi. — Það er alveg rjett, sem hv. 2. landsk. segir, að hæstv. stjórn hefir verið bannað að færa kjördaginn, með því að hv. Nd. feldi frv. um það. Nú krefst jeg þess, að hæstv. stjórn gefi í heyranda hljóði skýr svör við því, hvenær á að kjósa, áður en greidd eru atkv. um frv. Jeg vil engan undandrátt um þetta, sakir þess að jeg tel, að Alþingi eigi eins fulla heimting á að vita það eins og kosningaskrifstofa Íhaldsflokksins. Mjer er sagt, að hæstvirt stjórn hafi í hyggju að láta kosningar fara fram, þegar verkalýður kaupstaðanna er farinn að heiman, í kaupavinnu, síldarvinnu o. s. frv. Þetta á vitanlega að gera til þess, að sem allra fæstir verkamenn fái notið kosningarrjettar síns. Jeg verð að segja, að þetta nálgast að vera glæpsamlegt athæfi, einkum þegar það er gert á móti skýlausum vilja Alþingis.

Hv. meiri hl. stjórnarskrárnefndar, sem þó sýnist ekki vera neinn meiri hl., ber fram nokkrar brtt. um að færa í afturhaldshorfið sumar þær breytingar til bóta, er hv. Nd. hafði samþykt, svo sem rýmkun kosningarrjettar til landskjörs og ákvæði 29. gr. stjórnarskrárinnar um, að sveitarskuld svifti menn kosningarrjetti. Hv. Nd. vildi fella úr stjórnarskránni þetta rangláta ákvæði, en hjer sýnist alt Íhaldið, nema hv. 2. landsk., vilja halda í gömlu vitleysuna. — Það var ekki rjett hjá hv. form. (JóhJóh), að

allur eðlilegur sveitarstyrkur verði ekki til að svifta menn kosningarrjetti, vegna breytingar þeirrar, sem nú er verið að gera á fátækralögunum. Þar er aðeins hreppsnefndum gefin heimild til að telja sveitarstyrk óafturkræfan. (**JóhJóh:** Jeg gerði ráð fyrir, að því yrði beitt þannig, að allur eðlilegur sveitarstyrkur yrði óafturkræfur). En jeg geri ráð fyrir því, að orðið „afturkræfur" verði nóg til þess, að flestar sveitarstjórnir gæti þess að vera ekki *of* mannúðlegar. Hv. form. taldi upp ýmsar ástæður til sveitarstyrks, er hann taldi óviðfeldið að sviftu menn ekki kosningarrjetti. Honum þótti það hart, að þeir, sem hefðu þegið sveitarstyrk vegna leti og ómensku, ættu að „ráða okkur hinum", eins og hann orðaði það. Fór hann um þetta stórum orðum, kallaði það rothögg á sjálfsbjargarviðleitnina o. s. frv. En hv. þm. gerði að mínum dómi of mikið úr þessu. Það eru ekki nema örfáir menn, sem fá styrk af þessum ástæðum, og þá er hægurinn hjá að svifta þá fjárforræði, og þar með kosningarrjetti. (**JóhJóh:** En það er bara svo sjaldan gert!). Víst er það sjaldan gert, en það stafar af því, að tilfellin eru svo fá.

Núna er altaf verið að tala um 1930. Mig langar því til að spyrja hæstv. stjórn og hv. þd., hvernig þau treysti sjer til að bjóða hingað á því ári gestum frá merkustu þingræðislöndum, ef þau koma fram þessari breytingu. Hvernig treysta þau sjer til að líta á nokkurn þann erlendan stjórnmálamann, sem halda vill uppi þingræði í landi sínu, þegar þau halda 1000 ára afmæli Alþingis, elsta löggjafarþings í heimi, „hátíðlegt" með því að fækka þingum um helming? Það er eina bótin, að búast má við, að þessi stjórnarskrárbreyting verði til að stráfella þá þm., sem greiða atkv. með henni. Jeg veit vel, að aðaltilgangurinn með þessari breytingu er að æsa upp lægri hvatir kjósenda, smásálarlega sparnaðarlöngun og annað þess háttar. Sumum kjósendum getur þótt þetta nógu gott, þegar þeir heyra því ekki andmælt, einkum hinum einfaldari og lítilsigldari. En væri einhver til að tala á móti þessu á hverjum þingmálafundi, hygg jeg, að varla fyndist á eftir svo auðvirðileg sál, að hún vildi fækka þingum, og gera þar með einhverju elsta þingræðislandi heimsins óbætanlega smán á 1000 ára afmælishátíð þingsins. — Þetta er svo stórt afturhaldsspor, að menn mundu varla trúa, að það gæti átt sjer stað annarsstaðar en á Spáni eða Ítalíu.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að til neins sje að hafa um þetta lengri umræður. Flokkarnir eru eflaust búnir að koma sjer niður á það, hverjir eigi að greiða atkv. með frv., svo að það skríði í gegn. Þeir láta það eflaust fara til þjóðarinnar, en þeir ættu að fá fyrir það makleg málagjöld. Jeg ann þeim þess, sem aðalhlutverkin leika í þessum skrípaleik, að þeir fái ekki að sitja hjer sjálfum sjer og þjóðinni til skammar á mesta hátíðisdegi hennar.

Magnús Kristjánsson: Jeg var svo framsýnn, að jeg gat þess þegar við 1. umr. þessa máls hjer í hv. deild, að þessi stjórnarskrárbreyting yrði aldrei annað en skrípaleikur. Það er nú kom-

ið á daginn, og við hverja umræðu og nýja athugun málsins fjölgar þeim, sem taka sjer þessi orð mín í munn. Betur, að menn hefðu verið ögn fljótari að átta sig, því að þá hefði óskapnaðurinn að líkindum ekki lifað fram á þennan dag. Hv. 2. landsk. (IHB) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) hafa nú með hinni mestu snild haldið fram flestu hinu sama, er jeg mundi sagt hafa, og get jeg fyrir þá sök orðið stuttorðari. Þótt mönnum kunni nú að virðast, að jeg endurtaki einhver atriði, sem aðrir hafa sagt, þá vil jeg biðja þá að minnast þess, að við 1. umr. hóf jeg andstöðuna gegn frv., og að þessir hv. þm. hafa talað algerlega í sama anda. Er mjer mikið ánægjuefni, að þeir hafa nú látið uppi þessa skoðun sína.

Það eru einkum 3 atriði af þeim, sem nú standa í frv., sem e. t. v. gætu átt einhvern rjett á sjer, og þó varla nema tvö þeirra. Ákvæðið um þingafækkun, sem flestir leggja mest upp úr, er svo átakanleg rjettarskerðing fyrir kjósendur landsins, að miklu meira nemur en sá sparnaður, sem af þingafækkun leiðir, — ef hann þá verður nokkur, sem jeg efast stórlega um.

Annað atriðið var að færa til sama tíma landskjör og almennar kosningar. Það mátti vel gera án svo verulegra breytinga, sem frv. gerir ráð fyrir. — Hitt atriðið er það, að láta ekki lengur orka tvímælis, hvernig varamenn taki sæti á þingi, ef aðalmenn forfallast. Jeg hefi altaf haldið því fram sem minni skoðun á því máli, að deilan um það sje aðeins ómerkilegt skæklatog um orðalag. Það sýnist nokkurnveginn sjálfsagt, að varamenn taki sæti á þingi í forföllum aðalmanna, meðan nokkur þeirra er uppistandandi. Alt annað er á móti heilbrigðri skynsemi, og jeg hefi ávalt álitið hana meira virði en tvírætt eða margrætt orðalag á einhverri lagagrein.

Jeg hefi nú sýnt þá sanngirni að skýra frá þeim breytingum frv., sem jeg álít vera heldur til bóta. En þær eru ekki svo mikilsverðar, að þær fái mig til að hverfa frá minni fyrri „villu", — sem jeg býst við, að sumir kalli.

Jeg hygg nú, að ýmislegt hafi komið fram, sem heldur sje til bóta, að fram hefir komið, ef svo illa skyldi til takast, að frv. slampaðist gegnum þingið. Það álit hefir skýrt komið fram hjá hæstv. forsrh., að hann álítur ekki þörf á aukaþingi vegna stjórnarskrárbreytingarinnar. Þetta álít jeg þýðingarmikið, því að altalað er, að hæstv. stjórn ætli að rjúfa þing og láta kosningar fara fram snemma sumars, sjer til hagnaðar eða sínum flokki. En nú er kjörtímabil á enda, og sýnist það vera fullkominn barnaskapur að rjúfa þing í lok kjörtímabils. Sumir kunna að segja það á móti, að lög sjeu lög og þeirra bókstaf verði að fylgja. En það fer betur, svo sem jeg sagði áðan, að oftast er reynt að fylgja heilbrigðri skynsemi. — Hv. 2. landsk. skýrði það í ræðu sinni, að næg fordæmi eru fyrir því að fresta kosningum, þegar svona stendur á. Frá mínu sjónarmiði er það nær eini ljósi punkturinn hjá hæstv. stjórn, að hún sýnist nú hafa öðlast rjettan skilning um þetta atriði.

Það er auðvitað tilgangslaust að hafa um þetta mál frekari umræður,

en þó verð jeg að víkja lítillega að brtt. hins ímyndaða „meiri hluta", því að það hefir nú sannast, að í nefndinni fyrirfinst enginn meiri hluti.

Mjer skilst, að 1. brtt. á þskj. 569, sem jeg tel í sjálfu sjer lítils virði, eigi að vera einskonar uppbót á kosningarrjetti til landskjörs, þar sem orðið hefir að samkomulagi að færa aldurstakmarkið upp úr 25 árum í 30 ár. Um það ætla jeg ekkert sjerstakt að segja. En seinni liður þessarar sömu brtt. virðist mjer með öllu óþarfur, þegar athugað er ákvæði 5. gr. Um þessar brtt. ætla jeg ekki að fjölyrða frekar, enda er jeg staðráðinn í því að greiða atkv. á móti öllum brtt. á þessu þskj. og tel það í fullu samræmi við það, sem jeg hefi áður sagt.

Um brtt. á þskj. 578 er mjer næst skapi að greiða ekki atkv., en tel þó 1. og 2. brtt. vafasama, en leiði hjá mjer að ræða frekar um þær.

Þá er það brtt. á þskj. 597, og um hana verð jeg að segja það, að úr því að málið er komið í það óefni, sem er, þá verður því ekki bjargað nema að litlu leyti. Jeg mun þó greiða atkvæði með þessari brtt., þótt jeg hinsvegar skilji ekki, hvaða þýðingu það hefir að tiltaka sjerstakan mánaðardag, og finst það jafnvel óviðkunnanlegt.

Þessar athugasemdir læt jeg mjer nægja. Málið er þrautrætt, og það er meira en það á skilið. Mitt hugboð er, að þó að þessar breytingar á stjórnarskránni slampist í gegnum þingið, þá muni, við nánari athugun, engin sjerstök hrifni grípa hugi manna, hvorki fyrir hæstv. stjórn eða þeim, sem ljeð hafa því fylgi sitt.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason):* Jeg hefi ekki miklu að svara hæstv. forsrh.; honum hefir oft tekist betur að halda á sínum málstað en í þetta sinn. Hann vildi ekki beinlínis bera mjer á brýn alvöruleysi í þessu máli, en þó kvað hann liggja nærri að álykta svo samt sem áður, vegna þess að málið lægi nú nær því, sem áður var talið, að það ætti að afgreiðast. — En það er nú bara þetta, að jeg get ekki sjeð, að málið hafi nálægst það horf, sem jeg mundi hafa getað felt mig við að fylgja því í. Jeg tók það fram, hver breyting hefði orðið á málinu í hv. Nd., og jeg geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. minnist þess, að í vetur við 2. umr. þessa máls kom það skýrt í ljós, hvað jeg hefði sjerstaklega að athuga við frv., og það var einmitt breyting landskjörsins. Þetta sannar till. mín, sem jeg þá bar fram um þessa leiðrjettingu, sem stjórnin telur nú og taldi þá, að væri mjög nauðsynleg á stjórnarskránni. Jeg á við þá leiðrjettingu, að kjördæmakjör og landskjör fari saman. Jeg játaði það þá — og játa enn —, að með því má fá dálítinn sparnað, án þess að gildi landskjörsins sje á nokkurn hátt raskað. Till. mín í vetur gekk í þá átt að sameina kosningar án þess að kjörtímabil landskjörinna væri stytt og án þess að þingrof næði til þeirra. Þetta er hæstv. ráðh. vel kunnugt, og því er ástæðulaust að sveigja að því, að hjá mjer sje að finna sama alvöruleysið í þessu máli eins og jeg hefi gefið í skyn og hefi þóst sjá skína út

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

úr meðferð málsins í þinginu. Jeg er algerlega samkvæmur því, sem fram kom í hv. deild, þegar málið var til 1. umr. Það er einmitt þetta, sem jeg lagði áherslu á í mínum dómi, að landskjörið sje þýðingarlaust, nema sem einskonar uppbót á kjördæmaskipuninni fyrir þau hjeruð, sem verða hart úti með núverandi kjördæmaskipun. Þetta er öllum ljóst, og þess vegna er ekki minsti fótur fyrir því að gefa í skyn, að jeg hafi á nokkurn hátt breytt um stefnu.

Hæstv. ráðh. sagði, að í frv., eins og það nú liggur fyrir, hafi jeg og hv. 1. landsk. (JJ) fengið í fullum mæli það, sem við óskuðum. **(Forsrh. JÞ:** Það sagði jeg ekki!). Jeg skrifaði orðin niður. Þetta er misskilningur. Við höfum ekkert fengið annað en það, að kjördæmakjörnir og landskjörnir skuli kosnir samtímis. Það er eitt af þeim atriðum, sem við lögðum áherslu á, en það var ekki það eina. Á hinn bóginn hefir kjörtímabil landskjörinna verið stytt, og þá á að kjósa alla í einu. En aðalgallinn, sem við höfum talið á frv., er það, að þingrof nær til landskjörinna þingmanna. Mál þetta hefir með öðrum orðum heldur spilst í meðferðinni heldur en batnað. Hæstv. ráðh. tjáði sig sammála, að stjórnarskrárbreytingu ætti ekki að hafa að leikfangi. Jeg er þakklátur honum fyrir þá viðurkenningu, en jeg hefði helst óskað, að sú viðurkenning hefði komið fram í einhverju fleiru en orðunum. Hann tók fram, að höfuðáherslan hefði verið lögð á, að landskjör og kjördæmakjör færu saman. Gallinn er, að það er engin áhersla lögð á það; það liggur nær að ætla, að lögð sje áhersla á að gera landskjörið þýðingarlaust. Það er það, sem mjer virðist maður fá út úr þessu öllu saman.

Út af þeim orðum, sem fjellu frá mjer um bráðabirgðaákvæði, þá má það vel vera rjett, að fyrsta bráðabirgðaákvæðið, sem nú er í stjórnarskránni, sje enn í gildi og hljóti að verða í gildi. Þó álít jeg, að það geti verið álitamál. En um hin ákvæðin er jeg í engum vafa, að þau eru búin að fullnægja sínu gildi.

Að endingu sagði hæstv. forsrh., að ef breytingin gengi fram nú, efaðist hann ekki um, að hún gengi fram á næsta þingi. Við getum náttúrlega látið uppi spádóma og gert okkur fræga fyrir, en jeg verð að segja, að mjer þykir líkara, að minn spádómur rætist. Það skyldi þá helst liggja í því, ef gagnstætt reyndist, að sú ráðstöfun, sem kann að verða gerð um kosningarnar, hvenær þær fari fram, geti valdið því, að kjósendur úti um landið hafi ekki átt kost á að átta sig á málinu. Það er varla hægt að vænta þess, að kjósendur sjeu búnir að því fyrir júlíbyrjun. Það skyldi þá verða þetta, sem gerði það að verkum, að fylgismenn þessa frv. yrðu í meiri hluta við kosningarnar.

Hvernig í ósköpunum eiga menn að fara til kosninga um annað eins mál og þetta? Jeg býst alls ekki við, að kjósendur kjósi með tilliti til stjórnarskrárinnar. Enda er það það sanngjarnasta, að þjóðin líti á þetta mál sem lítils virði og byggi kosningarnar á alt öðrum grundvelli. Og það eitt meðal annars sannar það, hve lítils virði og óþarft þetta mál er, að það er ómögulegt fyrir nokkurn flokk að ganga til kosninga með þetta mál sem grundvallaratriði.

Jón Baldvinsson: Það er náttúrlega sama, þótt maður eigi orðastað við hæstv. dómsmrh. (MG), og sennilega mun hann standa fyrir kosningunum.

Jeg vildi fá það skýrt og hreint, hvort það sje meining hæstv. stjórnar, ef frv. gengur fram, að láta kjósa fyrir slátt. Við skulum segja, að þingið yrði búið á miðvikudaginn; 4—5 dögum eftir þingslit getur stjórnin auglýst kosningarnar, og þá mundi framboðsfrestur vera samkv. kosningalögunum ekki nema hálfur mánuður, eða um það bil. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje heimilt við almennar kosningar að stytta frestinn, hvort sem þingrof er eða ekki. Jeg tel ekki rjett af Alþingi að láta ekki hæstv. stjórn svara til um það, hvernig hún ætlar að haga kosningunum; því að það skiftir afarmiklu máli, hvort hæstv. stjórn ætlar sjer að nota tækifærið og treysta á það, að þeir kjósendur, sem helst mega sjá af tíma um það leyti, beri sigur úr býtum.

Það skaut því einn hv. deildarmaður fram, að hæstv. forsrh. hefði gefið ótvíræða yfirlýsingu um það, að þetta mundi ekki koma til; en jeg hefi ekki heyrt þá yfirlýsingu. (**MK:** Jeg hefi heyrt hana). Að hann ljeti ekki kosningar fara fram? (**BK:** Hann sagði ekkert um það. — **IHB:** Það var um haustþingið). — Jeg vil, að þetta sje skýrt upplýst; því að ef það er meiningin að láta fara fram kosningu í byrjun júní, þá verður framboðsfresturinn 12 dagar frá því auglýsingin kemur út. Í 18. gr. kosningalaganna stendur nefnilega, að framboð verði að vera komin 4 vikum fyrir kjördag. Í 23. gr. er kjördagurinn ákveðinn 1. vetrardagur. Verður varla annað sjeð en að eins sje átt við kjördag, þótt þingrof hafi farið fram, og sjerstaklega þegar fellur saman stjórnarskrárbreyting og lok kjörtímabils. Tel jeg í slíkum kringumstæðum alveg óverjandi af hæstv. stjórn að fara að breyta til um kjördag. Jeg álít það algerlega ólöglegt að stytta venjulegan framboðsfrest við slíkar almennar kosningar sem þessar. Þótt hæstv. forsrh. hafi haldið því fram, að það mætti án þess að fremja lögleysu, þá er það útilokað samkvæmt 53.—54. gr. kosningalaganna. Ákvæðin þar eru svo skýr og greinileg, að ekki verður um vilst. Aðeins ef uppkosning verður nauðsynleg eða þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, þá má, ef þörf þykir, stytta hinn lögákveðna frest fyrir kosningar.

Þá væri líka fróðlegt að fá að vita, hvort hæstv. stjórn hugsar sjer að láta kosningar fara fram á slætti, t. d. um miðjan ágúst, og vega þannig aftan að kjósendum þessa lands, í því skyni að fá sína menn kosna, með því að andstæðingar hennar, alþýða manna og hinir fátækari bændur, eru þá síst viðlátnir og eiga erfitt og jafnvel ómögulegt með að sækja kjörfund. Þó er ekki víst, að það ranglæti hæstv. stjórnar veitti henni þau verðlaun, sem um er kept, að verða ofan á. Sem sagt, jeg vildi gjarnan fá að vita, hvað hæstv. stjórn hygst fyrir um væntanlegar kosningar, ef stjórnarskrárbreytingin verður samþykt, hvort hún ætlar að leyfa sjer að hafa framboðsfrest svo stuttan, að láta stofna til nýrra kosninga eftir liðugan mánuð.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hjelt, að háttv. 5.

landsk. (JBald) gæti ekki vænst þess, að stjórnin væri búin að ákveða kjördag, áður en stjórnarskrármálið er útkljáð í þinginu. Jeg get sagt hv. þm. (JBald) það, að stjórnin hefir ekki ákveðið neitt ennþá, hvenær kosningar skuli fara fram. En jafnframt verð jeg að segja honum það, að ótti hans við, að stjórnin muni brjóta lög, er með öllu óþarfur. Hún er eins fær um að athuga kosningalögin og sjá, hvað eru lög í þessu efni og hvað ekki eins og hv. 5. landsk. (**JBald:** Það er nú stórt spursmál). Það er mitt álit, að hún sje honum jafnsnjöll að minsta kosti.

Digurmæli og köguryrði háttv. 5. landsk. virði jeg að alls engu.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það dálítið undarlegt í slíku máli, þegar spurt er um það, hvort kosningar eigi að fara fram þegar í sumar eða þá ekki fyr en í haust, að þá þykist hæstv. stjórn enga hugmynd hafa um það ennþá, og eru þó ekki nema 1 eða 2 dagar eftir af þessu þingi. Það er og álit allra, að stjórnarskrárbreytingin verði samþykt, þrátt fyrir alt ósamkomulag, og því er furðulegt og næsta ósennilegt, að hæstv. stjórn hafi ekki gert sjer neina grein fyrir þessu. Hitt mun sanni nær, að hún þori ekki að láta neitt uppi um fyrirætlanir sínar, áður en hún lætur þingið fara heim. Hún heldur, að ráðstafanir sínar þoli ekki dagsljósið. Auðvitað er hæstv. stjórn þegar búin að gera sjer einhverja hugmynd um þetta. Jafnvel þótt út kæmi í dag auglýsing um kosningar 1. júlí, þá er tíminn samt of stuttur. Hæstv. stjórn getur gefið yfirlýsingu um það, hvað hún hafi hugsað sjer að gera í þessu máli, fyrir því, að hún hlýtur að hafa tekið ákvörðun nú þegar. En hún vill ekki svara. Hæstv. forsrh. (JÞ) hefir sagt, að hann vildi helst ekki hafa aukaþing í sumar. Það virðist benda á, að kosningar eigi að fara fram í sumar. En ef svo er, þá er verið að brjóta rjett á þjóðinni, með því að gera henni ómögulegt að fá að vita, hvað gerst hefir á þingi í vetur. Og það er kannske vegna þess, að hæstv. landsstjórn vill ekki láta afrek sín verða upplýst frammi fyrir alþjóð, að hún ætlar nú að flýta kosningum sem mest hún má.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skil það af orðum hv. 5. landsk., að hann er hræddur við, að kosningarnar komi fljótt, og telur hann það verra fyrir flokk sinn. Jeg hjelt satt að segja, að hann hefði haft nægan tíma til þess að koma með aðfinslur í garð stjórnarinnar og koma þeim út um landið nú í 3 ár. Það verður ekki öðruvísi tekið en sem hól um stjórnina, ef hann álítur, að kosningar muni ganga henni í vil, ef þær fara fram með stuttum fyrirvara, því að hvorki hefir hann nje aðrir andstæðingar sparað að naga um hryggjarliði stjórnarinnar. Það er þá eitthvað annað um þessa stjórn en aðrar, ef hún á hægt með að ganga til kosninga undirbúningslaust. En hún hefir líka setið lengur en nokkur önnur stjórn í Evrópu, og því býst hv. 5. landsk. við því, að hún verði lífseig áfram. Er gott að fá slíkan spádóm svona rjett undir þinglokin.

Frsm. meiri hl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg hefi áður gert grein fyrir afstöðu minni til frv. og mælt með og skýrt brtt. mínar betur en gert er á þskj., og sje jeg ekki ástæðu til að gera það aftur. Jeg hafði við orð, að jeg mundi ef til vildi taka aftur 6. brtt. og get gjarnan lýst því yfir, að jeg tek hana hjer með aftur, með því að jeg býst við, að jeg geti greitt atkvæði með 3. og 4. brtt. á þskj. 569. Að öðru leyti hefi jeg ekki neinu við að bæta það, er jeg hefi áður sagt, með því að ekkert af því hefir verið hrakið.

ATKVGR.

Brtt. 578,1 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, GÓ, IHB, IP, JBald.

nei: JKr, BK, EÁ, EJ, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

Brtt. 578,2 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, EÁ, GÓ, IHB, IP, JJ, HSteins.

nei: JKr, BK, EJ, JJós, JóhJóh, JBald, JÞ.

Brtt. 569,1 samþ. með 8:5 atkv.

— 578,3 sjálffallin.

— 569,2 samþ. með 8:4 atkv.

— 578,4 sjálffallin.

— 569,3 samþ. með 10:2 atkv.

— 578,5.a feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, IHB, IP, JBald, JJ, MK.

nei: EJ, JJós, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

Brtt. 578,5.b sjálffallin.

— 578,6 tekin aftur.

— 597 samþ. með 9:1 atkv.

— 569,4 samþ. með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, BK, EÁ, EJ, GÓ, JJós, JóhJóh, JÞ, HSteins.

nei: MK, IP, JBald.

IHB, JJ greiddu ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 622).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi geta þess, að stjórnarskrárnefndin hefir ekkert tækifæri haft til þess að athuga þetta mál nú. Jeg get mint á það, að hv. Ed. hafði þetta mál í sínum höndum 2 fyrstu mánuði þingsins. Síðan höfðum við það til meðferðar í 4 vikur, og var frv. þá endursent til hv. Ed. Nú að 13 dögum liðnum er því fyrst útbýtt hjer aftur. Og nú á að greiða atkv. um það eins og það kemur frá hv. Ed. án þess að athuga það nokkuð.

Síðan málið kom prentað, hafa verið sífeldir fundir, og jeg álít það alls ekki forsvaranlegt að ganga sem blindandi að þessari atkvgr. Sem formaður stjórnarskrárnefndar óska jeg þess, að nefndin fái tíma til þess og tækifæri að líta á málið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil taka það fram, að jeg óska eftir, að þetta mál komist að nú þegar og út um það verði gert, áður en þeir hv. þm. fara heim til sín, sem nú eru á förum. Þetta mál er þess eðlis, að

vel fer á því, að allir þm. eigi kost á að taka þátt í afgreiðslu þess.

Jeg leyfi mjer því að fara fram á, að hv. deild leyfi, að þetta mál verði nú þegar tekið fyrir, en ekki útkljáð fyr en eftir að gefið hefir verið fundarhlje, til þess að hv. nefnd geti áttað sig á málinu; það er ekki langrar stundar verk.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að gefið verði fundarhlje, áður en málið kemur til umr. Er viðfeldnara, að hv. nefnd fái tóm til að líta á það áður. En jeg sje ekki annað en það gildi einu fyrir hæstv. forsrh., hvort hlje er gefið strax á undan umr. eða á undan atkvgr. Nefndinni er það hinsvegar betra.

Forseti (SigurjJ): Með því að of stutt er liðið frá útbýtingu frv., þarf að leita afbrigða um það, hvort málið megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JK, JÓl, JS, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, H-Stef, HK, SigurjJ.

nei: SvÓ, TrÞ, HjV, JakM.

MT, PÞ greiddu ekki atkv.

Sex þm. (JG, JörB, ÞorlJ, BSv, B-St, IngB) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Síðar á fundinum, kl. 8 síðdegis, var umr. fram haldið.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Frv. það til laga um breyting á stjórnarskránni, er hjer liggur fyrir á þskj. 622 eftir eina umr. í hv. Ed., hefir tekið nokkrum breytingum frá því, sem það var þegar það fór hjer út úr þessari hv. deild. Þó er það svo, að 5 fyrstu greinarnar eru óbreyttar eins og þær fóru hjeðan, en á síðari greinunum eru gerðar nokkrar breytingar. Skal jeg gera stutta grein fyrir efnisbreytingunum, án þess þó að telja þær upp orð fyrir orð.

Fyrstu tvær breytingarnar snerta kosningarrjett til Alþingis. Hjer í hv. deild var sett inn í frv. ákvæði, er nemur á brott núgildandi ákvæði í stjórnarskránni um það, að skilyrði fyrir því, að menn hafi kosningarrjett til Alþingis, sje, að þeir standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þessi breyting hefir verið feld í burtu úr frv., og er því eftir frv., eins og það nú kemur frá hv. Ed., ennþá eins og áður það skilyrði fyrir kosningarrjetti manna, að þeir standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Fyrir breytingu hv. Ed. eru færðar þær ástæður, að fyrirsjáanleg þætti afgreiðsla frá þinginu á frv. til fátækralaga, þar sem gerð væri sú sanngjarna árjetting um þetta atriði, að því er snertir menn, sem án sjálfskaparvíta hafa orðið að leita styrks af hinu opinbera.

Hin breytingin, er snertir kosningarrjettinn, er sú, að hjer í hv. deild var sett inn í frv. ákvæði um það, að allir menn 25 ára og eldri skyldu hafa kosningarrjett til landskjörs, í stað 35 ára og eldri, eins og nú er í stjórnarskránni. Til miðlunar hefir hv. Ed. gert þá breytingu, að hún hefir ákveðið lágmark kosningarrjettaraldursins 30 ár.

Samsvarandi breyting var gerð á kjörgengisaldri til landskjörs hjer í hv. deild, er færði lágmarksaldurinn niður í 25 ár, í stað 35 núgildandi. Þessu hefir hv. Ed. einnig breytt, þannig að í frv. eins og það kemur frá henni er það ákveðið 30 ár.

Þá er í frv. frá hv. Ed. bætt við nýrri grein, 10. gr., um það, að stjórnskipunarlögin skuli öðlast gildi þegar konungur staðfestir þau. Stendur ákvæði þetta í sambandi við 12. gr. frumvarpsins, sem bætt var aftan við frv. til þess að gera það mögulegt að setja fjárlög til tveggja ára á þingi 1928, enda þótt stjórnarskráin fái ekki konungsstaðfestingu fyr en um þingtímann það ár. Er þetta gert með því að setja inn bráðabirgðaákvæði um fjárlög til tveggja ára, þó ekki sje slíkt frv. lagt fyrir þingið í þingbyrjun, eins og áskilið er í stjórnarskránni.

Þá er smábreyting við 11. gr. frv., áður 10. gr., um það, hvenær umboð landsk. þm. fellur niður. Í stað þess, að hjer í hv. Nd. var sett ákvæði í frv. um, að umboðið fjelli niður eftir næstu almennar kosningar, þá hefir háttv. Ed. gert þá breytingu, að það falli niður eftir fyrstu almennar kosningar eftir 9. júlí 1931, af því að svo er litið á, að þá sje á enda umboð þeirra, sem kosnir voru 1922. Er þetta gert til þess að tryggja það, að kjörtíminn verði ekki meira styttur en svo, að fyrri helmingur landsk. þm. haldi tíma sínum óskertum, en seinni helmingurinn, þeir, sem kosnir voru 1926, sitji hálft kjörtímabil sitt, til 1930, ef gert er ráð fyrir, að kosið verði 1931. Sama stóð upphaflega í stjfrv. Stjórnin hafði stungið upp á 6 ára kjörtímabili, en hjer í deildinni var sú breyting sett inn í frv., að kjörtímabilið skuli vera 4 ár. Hefir það orðið að samkomulagi í hv. Ed. meðal þeirra, sem annars eru frv. fylgjandi, að láta þetta haldast óbreytt í frv. til samkomulags við hv. Nd.

Eins og frv. er nú úr garði gert, þá felur það í sjer höfuðatriðin í stjfrv. um það, að fjárlagaþing skuli háð 2. hvert ár og að kjördæmakjör og landskjör fari fram samtímis, og þar af leiðandi að þingrof nái til beggja.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um, hvaða breytingum frv. hefir tekið í hv. Ed., en vil aðeins fyrir hönd stjórnarinnar mæla með því, að hv. deild samþykki frumvarpið óbreytt. Ef það verður gert, þá er fyrra sporið stigið til breytinga á stjórnarskránni, og þá liggur fyrir, að frv. komi fyrir næsta þing eftir þingrof og nýjar kosningar. Ef frv. verður breytt hjer, þá ber að líta svo á samkv. stjórnarskránni, að frv. sje fallið á þessu þingi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil bera fram þá ósk sem formaður stjórnarskrárnefndar, að nefndin mætti fá tækifæri til þess að athuga frv. og taka afstöðu til þess. Enda þótt fundarhlje hafi verið til kl. 8, þá var ekki hægt að kalla saman nefndarfund. En ef frestur fæst, þá hefir nefndin ákveðið að hafa með sjer fund í fyrramálið. Er engin hætta á því, að málið gangi ekki fram, þó að fresturinn verði veittur. — Jeg vildi í þessu sambandi leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvaða afleiðingar það hefði um kosningarnar nú,

ef frv. yrði samþ., — hvort hæstv. ráðh. vildi segja, hvenær hann hefði hugsað sjer að láta kosningar fara fram.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg er þess mjög fús að heyra óskir þingflokkanna um það, hvenær kosningar fari fram, ef þeir hafa einhverjar óskir fram að færa í því efni. Úr því að mjer gafst tilefni til, þá skal jeg geta þess, að það mun ekki verða tekin ákvörðun um það fyr en þingflokkarnir hafa látið stjórnina vita óskir sínar um það.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Björn Líndal: Jeg hefi ekki lagt það í vana minn að tefja umr. með því að gera grein fyrir atkvæði mínu, en nú er sjerstaklega ástatt, þar sem um stórmál er að ræða.

Eins og hv. deildarmenn sennilega muna, greiddi jeg atkvæði á móti þessari stjórnarskrárbreytingu út úr deildinni, en jeg ætla nú að breyta um og greiða atkvæði með henni að þessu sinni. Til þess er sú ástæða, að jeg vil ekki standa í vegi fyrir því, að þjóðin geti sagt um það við næstu kosningar, hvort hún vill þessar einar breytingar eða ekki. En jeg verð að endurtaka það, að jeg hefi veika trú á því, að þessar breytingar megi að nokkru haldi koma, og þótt jeg hafi litla trú á þessum breytingum sjálfur, þá virðist mjer þó, að flestir aðrir hv. deildarmenn hafi ennþá minni trú á þeim, og því til sönnunar vil jeg benda á, að það var feld hjer með miklum meiri hluta atkvæða brtt. frá okkur nokkrum þm. um það að fella niður það ákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins, að ákveða megi með einföldum lögum, hvort þing skuli haldið árlega eða annaðhvert ár, en það er í mínum augum óræk sönnun þess, að þeir hv. þm., sem greiddu atkvæði á móti þessari brtt., hafa enga trú á því, að þetta verði að nokkru gagni í framtíðinni.

Stjórnarskrárnefndin hefir lítils háttar athugað þetta mál í morgun, og þótt jeg sje ekki frsm. þeirrar nefndar, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að fjórir nefndarmenn voru sammála um að mæla með því, að frv. yrði afgreitt, en tveir voru því andvígir (einn fjarstaddur).

Jeg mun nú greiða atkv. með frv., til þess að þjóðinni gefist kostur á að dæma um það við næstu kosningar, en alls ekki af því, að jeg hafi neina verulega trú á því, að þetta verði að varanlegu gagni.

Magnús Torfason: Jeg verð því miður að tefja umr. að því er þetta frv. snertir, sem hjer liggur fyrir.

Jeg verð að telja þann sparnað, sem leiðir af því að hafa fjárlög fyrir tvö ár í senn, mjög vafasaman, og tel út af fyrir sig alls ekki vert að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna þess vegna. En því verður á hinn bóginn ekki neitað, að í þessu frv. er dálítil lagarjetting, og heldur ekki, að eftir að frv. hafði verið hjer til meðferðar í deildinni, voru komnar allgóðar rjettarbætur inn í það, en aftur hefir hv. Ed. talsvert skert þær, svo að nú er orðið það minsta af rjettarbótum í

frv., sem verða má. Út af fyrir sig get jeg samt sætt mig við þær, þar sem þær voru einmitt bornar fram af mjer fyrstum manna.

En það er eitt atriði, sem jeg sakna í stjórnarskránni, og það er það, að breytt sje núverandi ákvæðum um, að þurfalingar skuli missa af kosningarrjetti. Jeg hefði að minsta kosti talið það miklu hyggilegra af hv. Ed., úr því að hún ekki gat sætt sig við ákvæðið eins og það var sett inn í Nd., að hún hefði samþ. þá till., sem hv. þm. Dal. (JG) bar fram hjer í deildinni, þess efnis, að það mætti skipa þessu með lögum, og jeg verð að líta svo á, að það sje það skemsta, sem fara mætti, þar sem nú er tekið upp í fátækralögin ákvæði um það atriði, en það er vitanlegt, að það ákvæði þótti ekki fara eins vel úr hendi og vera mætti, einmitt vegna þessa stjórnarskrárákvæðis. Jeg sakna þess mjög, en hinsvegar þykist jeg vita það, að það yrði klifað á þessum sparnaði við fækkun þinga ár frá ári, og þess vegna verður ekki komist hjá því að revna þetta, og úr því að ákvæðið hjelst þó um, að þessu mætti breyta með einföldum lögum, þá sje jeg ekki, að stór skaði sje skeður, og vil jeg þess vegna ekki leggjast á móti frv. eins og það er.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer virðist þetta frv. hafa tekið allmiklum breytingum, og ekki til batnaðar, sjerstaklega vegna þess, að kosningarrjetturinn til landskjörs hefir verið færður upp í 30 ára aldur, og menn, sem hafa þegið sveitarstyrk, missa kosningarrjett af þeirri ástæðu.

En það virðist nokkurnveginn sjeð, að stjórnarskráin eigi fram að ganga á þessu þingi eins og hún liggur nú fyrir, og ráði því hv. efri deild endanlega efni hennar, eins og sú deild rjeði að lokum fjárlögunum. Hjer eru höfð hausavíxl á hlutunum, þannig, að það sje Ed., sem ráði gangi stórmálanna, en ekki Nd., sem þó er ætlast til í stjórnarskránni, að sje aðaldeildin, sem mestu ráði. Það er hæstv. landsstjórn, sem hefir ráðin í Ed., og er þetta því gert með hennar vitund og vilja og á hennar ábyrgð, enda kemur það heim við þröngsýnis- og lýðkúgunaranda hennar og Íhaldsflokksins.

Það er tilgangslaust að sinni að deila mikið um þetta mál, en jeg vil þó drepa á, hvernig gengið hefir með stjórnarskrármálið hjer á þingi milli tveggja stærstu flokkanna, Íhaldsflokksins og Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn hefir nú svo lengi, í blöðum og ræðum, útbásúnað nauðsyn þings annaðhvert ár, og að til þess þurfi stjórnarskrárbreytingu, og loks að kjördagur eigi að vera að sumrinu, að hann er búinn að sannfæra kjósendur sína um, að þetta sje hið eina rjetta, þótt hinsvegar þm. flokksins sjálfir sjeu hvergi nærri sannfærðir. Þess vegna er það, þegar slík brtt. við stjórnarskrána kemur fram, að Framsóknarmenn geta ekki snúist í gegn henni, þora það ekki fyrir kjósendum, sem þeir hafa sjálfir afvegaleitt í málinu, þó að þm. flokksins sjái nú, að það er Íhaldið eitt, sem græðir á þessari stjórnarskrárbreytingu.

Um Íhaldsflokkinn er það að segja, að það, sem fyrir honum vakir, er í rauninni ekki að fá þing aðeins annað-

hvert ár, þótt hæstv. forsrh. sje að vísu ant um að hafa tveggja ára fjárlög, til þess að geta ráðið sem lengst í einu án aðhalds þingsins. En það, sem er mest áhugamál Íhaldsins, er að geta komið fram kosningum á þeim tíma, sem flokknum er hentugastur og andstæðingunum erfiðastur, og þess vegna er stjórnarskrárbreytingin hömruð í gegn, til þess að reyna að koma á sumarkosningu, í stað vetrarkosningar. Við sumarkosningu eru verkamenn dreifðir út um alt land, langt frá heimilum sínum, og eiga því erfitt um kjörsókn og jafnvel ómögulegt. Enda þótt þetta virðist vera aðalástæðan, sem vakir fyrir hæstv. stjórn og Íhaldsflokknum, þá vil jeg þó beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvenær kosningar muni fara fram, ef stjórnarskrárbreyting verður samþykt, og gefa þannig hæstv. ráðh. tækifæri til að afsanna mál mitt, ef hann getur. Það er haft eftir kosningasmölum Íhaldsins hjer í bænum, að kosningar eigi að fara fram 1. júlí, og það er hart, að þess háttar menn skuli vera fróðari um slíka hluti og vita fyr um það en þm. andstæðinganna í sjálfu þinginu. Nú er það svo, að þótt þingrof eigi fram að fara þegar stjórnarskrárbreyting er samþykt, þá ber þó eftir kosningalögum og stjórnarskrá engin nauðsyn að láta kosningar fara fram þegar í sumar. Stjórnarskráin segir, að það skuli stofna til kosninga innan tveggja mánaða frá þingrofi, sem merkir, að nægilegt sje að auglýsa kosningu innan tveggja mánaða frá þingrofi, en kosningar þurfa ekki að fara fram þá þegar, og þess vegna væri hægt að hafa kosningar að haustinu til, fyrsta vetrardag, sem er hinn almenni kosningadagur, ekki síst þegar út er runnið kjörtímabilið, eins og nú; en sumarkosning virðist vera það eina, sem getur skapað hina bestu aðstöðu fyrir stjórnina. En alt útlit er fyrir, að hæstv. stjórn ætli að hverfa að því ráði, til þess að níðast á aðalandstæðingum sínum, Alþýðuflokknum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Út af ummælum hv. þm. Ak. (BL), sem ekki virðist hafa neina verulega trú á því, að það myndi verða svo í reyndinni, að fjárlög yrðu sett til tveggja ára eftir því frv., sem hjer liggur fyrir, vil jeg aðeins benda á það, að ákvæðið um, að með einföldum lögum megi kveða á um það, að reglulegt þing skuli haldið árlega, er að efninu til ekki nýmæli fyrir þetta frv., því að alveg tilsvarandi ákvæði hefir staðið í stjórnarskránni frá 1874, alla þá stund, sem hún var í gildi, þótt það hafi verið orðað nokkuð öðruvísi. Það var víðtækari heimild til að breyta ákvæðum þeirrar greinar, sem ákvað, að reglulegt þing skyldi koma saman annaðhvert ár; en samt sýndi reynslan, að sú heimild var aldrei notuð á því næstum 30 ára tímabili, sem stjórnarskráin var í gildi, og jeg fyrir mitt leyti er svo sannfærður um rjettmæti þess atriðis að setja fjárlög til tveggja ára og að halda reglulegt þing annaðhvert ár, að jeg er ekki hræddur við, að lagaheimild til að víkja frá þessu yrði notuð fyrst um sinn.

Háttv. 1. þm. Árn. (MT) þarf jeg engu að svara. Öll þau málsatriði, sem hann vjek að, hafa verið rædd hjer áður.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) deildi á hv. Ed. og stjórnina fyrir það, að hún rjeði of miklu um afgreiðslu stórmála, og nefndi hann þar fjárlögin og stjórnarskrárbreytinguna. Jeg get vel skilið, að háttv. þm. finnist hann og flokkur hans ráða helst til litlu um afgreiðslu þessara mála, því að eftir útliti þeirra skýtur niðurstaðan nokkuð skökku við það, sem háttv. þm. vildi vera láta. Hann sagði líka, að það væri á ábyrgð stjórnarinnar, hve Ed. rjeði miklu. En bæði þessi stórmál, sem hann nefndi áðan, bera nú þannig að, að það er þessi háttv. þingdeild, sem hefir um þau seinasta atkv. En ef það verður ofan á, að Nd. samþykkir þau óbreytt eins og Ed. gekk frá þeim, þá má telja stjórninni það frekar til sæmdar en vansæmdar, að meiri hl. Ed. hefir tekist að sníða þannig hvortveggja lögin, að þessi hv. deild, þar sem stjórnin er sögð vera í minni hl., treystir sjer til þess að ganga að þeim óbreyttum. Jeg hygg því, að stjórnin verði aldrei ámælisverð fyrir þetta.

Það er alveg röng ágiskun hjá hv. þm. (HjV), að það sje tilgangur stjórnarinnar og Íhaldsflokksins með samþykt stjórnarskrárbreytingarinnar að fá kosningatímann í þetta sinn fluttan fram í byrjun júlí. Jeg get sagt háttv. þm. það, að mjer eða stjórninni hefði ekki komið til hugar að eyða orðum að stjórnarskrárbreytingunni á þessu þingi, ef stjórnin hefði ekki sjeð annan merkilegri tilgang með henni en þann, að hafa áhrif á kjördaginn við eina einustu kosningu. Þetta er alveg gripið úr lausu lofti hjá hv. þm. og stafar af sjerstakri skoðun hans á hinu besta stjórnskipunarfyrirkomulagi og því, að hann getur ekki sett sig inn í það, að stjórnin og flokkur hennar álíta, að með stjórnarskrárbreytingunni fáist umbætur nokkrar á stjórnarfarinu. En það álítum við. Jeg er sannfærður um það, að reynsla undanfarinna ára með þingi á hverju ári hefir sýnt það, að meðan máttur þjóðarinnar er ekki meiri en hann nú er, þá er henni ofboðið með því að hafa þing á ári hverju, þing, sem telur sjer skylt að verða við óskum manna úr ýmsum áttum um útgjaldaaukandi löggjöf. Á hverju þingi koma fram nægar óskir, sem eðlilegt er í landi, þar sem svo mörgum þörfum er ekki fullnægt, svo sem óskir um skóla, spítala, vegi, brýr o. s. frv., alt, sem til framfara horfir og nöfnum tjáir að nefna. Það hefir verið reynt að halda í horfinu með því að hafa jöfnuð á tekjum og gjöldum. En það hefir aftur á móti ekki verið hægt að koma í veg fyrir, að sett væri löggjöf, sem hefði í för með sjer ný árleg útgjöld fyrir ríkissjóð. Hin útgjaldaaukandi löggjöf síðan 1918 er þegar orðin svo mikil, að jeg er sannfærður um, að afkomu þjóðarinnar er hætta búin, ef við höldum enn áfram með jafnmiklum hraða. Eina ráðið við þessu er að láta þingið aðeins koma saman annaðhvert ár. Jeg legg meira upp úr þeim óbeina sparnaði, sem af þessu leiðir, en hinum beina sparnaði, sem verður þingkostnaðurinn annaðhvert ár. Og tilhögun þessi á að verða notuð þangað til kjósendur finna nægan kraft hjá þjóðinni til þess að taka upp aftur þann hraða, sem verið hefir undanfarin ár. En jeg hygg þó, að það muni líða áratugir þangað til.

Jeg veit nú, að þessar ástæður hafa

ekkert gildi fyrir hv. 4. þm. Reykv. Um hann og hans flokk er það að segja, að þeir líta ekki á getu þjóðfjelagsins eða gjaldþol þegnanna, heldur á það, hvort æskilegt sje fyrir þá að uppfylla kröfur manna, og heimta svo, að það sje gert, hvort sem það er hægt eða ekki. Andstætt þessum skoðunum stendur stjórnin og Íhaldsflokkurinn, og jeg veit, að Framsóknarflokkurinn er skiftur, því að nokkur hluti hans mun andstæður vera hinum einhliða skoðunum Alþýðuflokksins og þm. hans. (**HjV**: Hvenær hefir það komið fram?). Við hvert tækifæri, sem hægt er að finna á öllu kjörtímabilinu. (**HjV**: Til dæmis?). Dæmin eru svo mörg, að það ætti að vera óþarfi að nefna þau. Það þarf ekki annað en minna á það, hvernig Framsóknarflokkurinn hefir snúist við þeim útgjaldatill. og till. um niðurfelling á tekjum ríkissjóðs, sem skifta mörg hundruð þúsundum króna og hv. þm. (HjV) getur fundið nóg af, ef hann athugar till. þær, er flokksbróðir hans og fyrirrennari hjer í deildinni hefir borið fram.

Loks spurði hv. þm., hvenær kosning ætti að fara fram. Jeg sagði í gær það, sem jeg hafði um það að segja, og sje ekki ástæðu til þess að taka það upp nú. En jeg mæltist þá til þess, að ef flokkarnir hefðu einhverjar óskir í því efni, þá kæmu þær fram. Jeg hygg, að jeg hafi nú fengið upplýsingar um óskir Framsóknarflokksins, og þar sem sá flokkur hefir stuðlað að því, að frv. þetta gæti orðið að lögum, þá tel jeg mjer skylt að taka tillit til óska hans, eftir því sem unt er. Hinsvegar telur stjórnin sjer ekki skylt að taka eins tillit til óska þeirra þm. og flokka, er hafa verið frv. andvígir.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg verð að segja það eins og það er, að jeg minnist þess ekki að hafa heyrt fyrri þá aðalástæðu stjórnarinnar fyrir þeirri breytingu á stjórnarskránni, er hjer liggur fyrir, sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í síðustu ræðu sinni. Það kann að vera, að hann hafi tekið hana fram áður, en það hefir þá alveg farið framhjá mjer, og þykir mjer það merkilegt. Ástæða hæstv. forsrh. er ekki sparnaðurinn við þinghald annaðhvert ár, heldur sparnaðurinn, sem leiðir af því, að minna verður sett af útgjaldaaukandi löggjöf, ef þing eru aðeins háð annaðhvert ár. Mjer er, sem sagt, ekki kunnugt um, að hæstv. ráðh. hafi áður haldið fram þessari aðalástæðu. En jeg verð nú að segja það, að hvort sem hann hefir haldið þessu fram áður eða ekki, þá er þetta ekkert annað en tylliástæða, sem jeg hygg, að honum hafi dottið skyndilega í hug sem ástæða fyrir þessari ómögulegu breytingu. Breyting sú, sem hjer er farið fram á, mælir aðeins svo fyrir, að fjárlagaþing skuli háð annaðhvert ár. Aukaþing má þá ávalt halda hitt árið og setja svo mörg útgjaldaaukandi lög sem vera skal. Til þess þarf ekki að halda fjárlagaþing. Reynslan sýnir hinsvegar, að jafnvel þó að fjárlagaþing sje háð á hverju ári, þá verður ekki komist hjá verulegum fjárgreiðslum umfram fjárlög milli þinga.

Jeg vil minna hæstv. forsrh. á það, að fjáraukalögin fyrir síðasta ár voru

hærri en þau hafa tíðkast um langan tíma, og er það þó ekki vegna útgjalda, sem þingið hefir samþ., heldur vegna framkvæmda, er stjórnin hefir látið gera, sama stjórnin og nú hefir verið að tala. Jeg er þó alls ekki að lasta hæstv. stjórn fyrir þessi útgjöld, því þau eru greidd til þarflegra framkvæmda. Jeg vil aðeins benda hæstv. stjórn og háttv. þm. á það, hvað af þessu megi ráða um framtíðina, þegar fjárlagaþingin eiga að vera aðeins annaðhvert ár. Auðvitað verður að gera ráð fyrir, að umframgreiðslurnar margfaldist og aukaframkvæmdir stjórnarinnar, sem þingið hefir ekki sjeð fyrir, að nauðsynlegar yrðu, sömuleiðis. En með þessu er stefnt að því að taka fjárveitingavaldið úr höndum þingsins og flytja það í hendur stjórnarinnar. Jeg get þó ekki sjeð, að þingið geti fallist á, að það sje rjettmæt ástæða fyrir þessari stjórnarskrárbreytingu. Er það tilgangurinn að taka löggjöfina úr höndum þingsins og fá hana í hendur stjórninni? Er það tilgangurinn að taka hana úr höndum þjóðarinnar og fá hana einstökum mönnum, sem hafa haft aðstöðu til þess að hrifsa til sín völdin? Það væri eftir öðru. Og þetta er einmitt hin rjetta íhaldshugsjón, hin rjetta *afturhaldshugsjón*, er kemur fram í þessari till. til breytingar á stjórnarskránni. Hæstv. forsrh. hefir upplýst, að það þurfi að leita hálfa öld aftur í tímann eða meira til þess að finna eins afturhaldssaman hugsunarhátt og kemur í ljós hjá hæstv. stjórn. Svo forn er hún í hugsunarhætti. — Um 1874 sáu menn, að það gat komið fyrir, að halda þyrfti reglulegt þing á hverju ári. En 50 árum síðar er hæstv. forsrh. sannfærður um, að okkur væri betra um næstu áratugi að hafa reglulegt þing aðeins annaðhvert ár. Hann er eldri í hugsunarhætti en menn, sem voru uppi fyrir hálfri öld. Hann er hálfri öld á eftir tímanum. Og þrátt fyrir allar þær íhaldsöldur, sem yfir löndin skella, þá veit jeg ekki til, að nokkursstaðar hafi risið upp svo rammur íhaldsandi.

Jeg þykist nú sjá fram á, hvernig máli þessu verður til lykta ráðið, og ætla því ekki að fjölyrða mikið um það. Einn ágalla enn skilst mjer nú, að frv. þetta hafi, er gerir það hæpið að afgreiða það frá þinginu. Það eru ákvæðin í 11. gr., þar sem sagt er, að umboð landskjörinna þm. og varamanna skuli falla niður við næstu almennar kosningar eftir 1930. Það væri ekkert athugavert við þetta, ef það hefði ekki verið augljóst af orðum hæstv. forsrh. í gær, að meiningin með þessu væri sú, að umboð þeirra landskjörinna þm., sem eftir núgildandi lögum eiga að fara frá 1930, ætti að gilda einu ári lengur, ef almennar kosningar fara ekki fram áður. Með öðrum orðum, með þessu ákvæði er framlengt kjörtímabil helmings hinna landskjörnu þm. Það er verið með þessu að taka kosningarrjettinn af þjóðinni. Þingið sjálft tekur í sínar hendur valdið til þess að gefa þm. umboð, ef þetta er rjett skilið. Og jeg gat ekki skilið hæstv. forsrh. öðruvísi. Helmingur hinna landskjörnu þm., eða þeir, sem kosnir voru 1922, eiga, eins og kunnugt er, að fara frá 1930, og þá eiga kosningar að fara fram. En með þessu ákvæði koma þeir til með að sitja á þinginu 1931, sem haldið verður að öllum líkindum í febrúar,

en kosningar fara ekki fram fyr en um sumarið. Jeg sagðist hafa skilið hæstv. forsrh. þannig, og jeg hefi talað við ýmsa háttv. þm., sem allir sögðust hafa skilið þetta á þann eina veg. En það er auðvitað mögulegt, að kosning fari fram eins og lög standa til, í júlí eða ágúst 1930, og yrðu þá kosnir 3 landsk. þm. til næsta þings, en legðu svo niður umboð sitt við almennar kosningar 1931. Þetta þykist jeg vita, að hæstv. forsrh. muni skýra, og kemur það þá til frekari athugunar.

Út af því, sem talað hefir verið um það, hvenær næstu kosningar eigi að fara fram, og af því að jeg hefi heyrt því fleygt, að kjósa eigi 2. júlí í sumar, þá vildi jeg gjarnan heyra, hvernig stjórnin getur varið það gagnvart landsmönnum og sjerstaklega þeim, sem í útkjálkasveitum búa, að hún lætur kosningar fara fram með svo stuttum fyrirvara. Framboðin eiga að vera komin 4 vikum fyrir kjördag, en ef hann er 2. júlí, þá verða framboðin að koma fyrst í júní. Nú er 18. maí, en þingi verður slitið á morgun. En um það leyti, sem frjettin um, að kjósa eigi 2. júlí, er komin út um alt land, þá er jeg hræddur um, að það verði orðinn nokkuð lítill fresturinn fyrir þá menn, sem ef til vill hafa í huga að leita eftir þingmensku. Jeg hygg, að almennar kosningar hafi aldrei farið fram með jafnlitlum fyrirvara og þetta.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. En jeg held fast við þá skoðun, að það sje svo fjarri því, að nokkuð sje unnið við þessa breytingu á stjórnarskránni, að þar viti alt aftur á bak. Jeg er líka sannfærður um það, að engan sparnað muni af þessu leiða. Jeg gerði grein fyrir því við 3. umr., að sparnaðurinn við þinghald annaðhvert ár mundi margfaldlega jetast upp í óhentugri fjárlögum og hærri fjáraukalögum. — Og þetta, sem hæstv. forsrh. tók fram um útgjaldaaukandi löggjöf, fer eftir því, hvort heppilegra er að láta valdið til að ákveða útgjöldin vera í höndum þingsins eða stjórnar þeirrar, er situr í það og það sinnið. En jeg fyrir mitt leyti mótmæli því, að þetta vald sje flutt frá þinginu til stjórnarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg gekk nú ekki að því gruflandi, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) er og hefir altaf verið þessu frv. mótfallinn. Jeg ætla aðeins að andmæla honum með örfáum orðum. Það þýðir ekki fyrir hann að vitna í fjáraukalögin fyrir 1926 til samanburðar því, sem jeg sagði um útgjaldaaukandi löggjöf Alþingis. Það er alt annars eðlis. Upp í þau eru aðeins tekin óhjákvæmileg útgjöld, sem ekki voru sjeð fyrir, er fjárlögin voru samin. En það þarf hvorki að búast við því, að fjáraukalögin verði meiri nje minni, þó að fjárlög sjeu sett til tveggja ára í einu.

Hv. þm. (JakM) var að tala um það, að með þessari breytingu á stjórnarskránni væri verið að hrifsa valdið frá þinginu og fá það í hendur einstökum mönnum. En þetta er ekkert annað en hugarburður. Hann gleymir því, háttv. þm., að við lifum við þingræðisfyrirkomulag, og það er á valdi þingsins að velja þá menn í stjórn landsins, sem það getur treyst. Þar að

auki er stjórninni skylt að kveðja saman þing, hvenær sem meiri hl. þm. óskar þess. Jeg held, að það sje trygt með þessari þingræðisvenju, að með þessari stjórnarskrárbreytingu sje í engu misboðið valdi þings eða þjóðar. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri hálfri öld á eftir tímanum að hafa fjárlagaþing ekki nema annaðhvert ár. En þessu hefir nú verið þannig fyrir komið í okkar stjórnarskrá fram til ársins 1920, svo það þarf ekki einu sinni að fara einn áratug aftur í tímann til þess að finna fordæmið. Þá taldi sami hv. þm. það galla á 11. gr. frv., að þar væri framlengt kjörtímabil 3 landskjörinna þingmanna og með því væri kosningarrjetturinn tekinn af kjósendum landsins. Jeg held, að þessi mótbára sje uppfundin á síðasta augnabliki. Þetta ákvæði stóð í stjfrv. Þar var gert ráð fyrir, að umboð þessara manna yrði framlengt til ársins 1931. Ákvæði þetta er, að jeg hygg, meira formsatriði en efnisatriði. Jeg býst við því, að reglulegt Alþingi verði háð fyrri hl. ársins 1930, og svo ekkert þing 1931. Mundi þá ekkert þing verða haldið frá því að umboðið er á enda eftir núgildandi lögum og þar til það fellur niður samkv. ákvæðum þessa frv. Jeg held því, að það sje misráðið að fara að eins og hv. 1. þm. Reykv. vill vera láta, að kjósa 3 landskjörna 1930 og láta kosningu þeirra gilda þangað til almennar kosningar fara fram 1931, án þess að nokkurt þing verði haldið á því tímabili. — Jeg skal játa það, að það er nokkuð stuttur fyrirvari að láta kosningar fara fram í byrjun júlímánaðar, ef þetta frv. verður samþykt, en ef það þykir ekki rjett að fresta þeim til hausts, þá verður að reyna að hafa þær fyrir slátt.

Tryggvi Þórhallsson: Það er ekki vegna frv. sjálfs, sem jeg stend upp, heldur vegna ummæla, sem fjellu frá hæstv. forsrh. (JÞ) og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM). Jeg er einn þeirra manna, sem ætla að greiða atkvæði með þessu frv. nú, þótt jeg sje að mörgu leyti óánægður með það, og ætla að leggja það á vald næsta þings, hvort það samþykkir það endanlega eða ekki.

Hv. 1. þm. Reykv. fordæmdi sterklega þinghald annaðhvert ár og sagði, að það þyrfti að leita 50 ár aftur í tímann til þess að finna slíkt íhald. En það eru ekki 50 ár, heldur 15—20 dagar síðan hv. 1. þm. Reykv. var sjálfur fylgjandi þessari breytingu. 26. f. m. kom nál. frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar þessarar deildar, þar sem hún tjáði sig fylgjandi þinghaldi annaðhvert ár. Hv. 1. þm. Reykv. var meira að segja framsögumaður nefndarinnar. Að vísu fylgdi meira með; það átti að leggja niður landskjörið. En sem sagt, þetta afarramma íhald fylgdi líka, og þó gat hv. 1. þm. Reykv. verið með þessu þá. Þó jeg sje vanur að kveinka mjer, þegar góðir menn, eins og hv. 1. þm. Reykv., bendla mig við íhald, þá get jeg þó ekki tekið þetta svo nærri mjer, þar sem hv. þm. er sjálfur svo mjög undir sömu sökina seldur.

Þá var hæstv. forsrh. að lýsa því, hvers vegna hann væri með þinghaldi annaðhvert ár, en þeim ástæðum hans má ekki vera ómótmælt. Hann sagði, hæstv. ráðherra, að fjárhagsástæðum

þjóðarinnar væri ofboðið með því, að á hverju ári sæti þing, sem stofnaði til nýrrar útgjaldaaukandi lagasetningar. Þetta þykir mjer koma úr hörðustu átt, að hæstv. ráðherra skuli beina því til þingsins, að það hafi ofboðið fjárhag þjóðarinnar. Það er fjármálastefna hæstv. stjórnar, sem hefir ofboðið fjárhag þjóðarinnar. Það var hæstv. stjórn, sem hækkaði verðgildi peninganna og knjesetti með því atvinnuvegi landsins á heljar þröm. Um það atriði hafði þingið þó látið í ljós vilja sinn, en hæstv. stjórn braut á móti því. Þá kom það einnig úr hörðustu átt, er hæstv. ráðh. sagði, að það væri erfitt að standa á móti löggjöf, sem hefði útgjöld í för með sjer. Á þessu þingi hefir hann sjálfur borið fram 2 frv., sem hafa stórkostlega útgjaldaaukningu í för með sjer, frv. um samskólana og heimavistir við hinn almenna mentaskóla. Þarna hafði landið efni á að reisa tvö stórhýsi í Reykjavík, um leið og klipt var af nálega hverri einustu fjárveitingu til vegagerða í landinu. Hæstv. ráðh. var og aðalforgöngumaður þess, eftir að búið var að sníða af öllum fjárveitingum til vegagerða, að berjast fyrir því, að haldið yrði áfram byggingu landsspítalans, en vel mátti fresta því um stund. Jeg vil því kröftuglega mótmæla þessum ástæðum hæstv. forsrh. sem forsendum fyrir þinghaldi annaðhvert ár. Jeg hefi áður tilgreint mínar ástæður og sje ekki þörf á því að endurtaka þær hjer.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hv. þm. Str. kannast sjálfsagt við máltækið: Heiðra skaltu skálkinn, svo hann skaði þig ekki. Jeg hafði þetta fyrir augum, er jeg skrifaði undir nál. stjórnarskrárnefndarinnar, og hv. þm. Str. veit ósköp vel, hvernig fylgi mínu við þetta ákvæði var varið. Það var berum orðum tekið fram, að niðurfelling landskjörsins væri beint skilyrði fyrir fylgi sumra okkar við frv. Þó að jeg ynni það til að vera með þinghaldi annaðhvert ár fyrir þá bót að fá landskjörið lagt niður, þá er ekki þar með sagt, að jeg hafi ætlast til, að þetta yrði samþykt. Jeg var alveg sannfærður um, að niðurfelling landskjörsins var sama sem að fella frv. Mín afstaða hefir því aldrei verið önnur en sú, að reyna með öllu mögulegu móti að koma frv. fyrir kattarnef. Hv. þm. Str. hefir nú fallið frá skilyrðum þeim, sem við settum í upphafi, en það hefi jeg ekki gert.

Hæstv. forsrh. sagði, að það þýddi ekki að vera að vitna í fjáraukalögin 1926. Jeg var bara að benda á, að það er hægt að eyða fje á margvíslegan hátt, án þess að þingið setji útgjaldaaukandi löggjöf. Jeg hygg, að stjórnunum takist prýðilega að eyða fje á milli þinga. Hæstv. ráðh. ætti líka að vita það, að það er hægt að setja útgjaldaaukandi löggjöf á aukaþingum. Það verður að banna þinghald nema annaðhvert ár, ef það á að ná þessu takmarki. Þá vildi hæstv. ráðh. ekki viðurkenna, að völdin færðust úr höndum þjóðarinnar yfir í hendur einstakra manna með þessu fyrirkomulagi. Vitanlega er valdið ekki endanlega tekið úr höndum þjóðarinnar, en þegar þjóðarfulltrúarnir koma ekki saman nema annaðhvert ár, þá eru völdin tekin af þeim hitt árið.

Þá játaði hæstv. forsrh. það hreinskilnislega, að það væri meining frv.

að framlengja kjörtímabil hinna landskjörnu. En með þessu er skýlaus rjettur tekinn af kjósendum landsins. Hæstv. ráðh. getur ekkert um það sagt, hvort þing verður haldið 1931 eða ekki. Það gæti ýmsra orsaka vegna orðið óumflýjanlegt að halda þing þá. En þá kæmu til með að sitja á því þingi 3 landskjörnir þm., umboðslausir af hálfu kjósenda landsins. En þetta eitt ætti að vera nægilegt til þess, að frv. þetta næði ekki fram að ganga.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg var ekki inni í deildinni og heyrði því ekki ræðu hv. þm. Str., en jeg sje af því, sem hefir verið skrifað niður fyrir mig, að hann hefir verið að endurtaka ýmislegt af því, sem hann hefir minst á áður, svo sem gengishækkun hinnar íslensku krónu. Það er hægt að finna svör gegn því tali hans á nægilega mörgum stöðum í Alþingistíðindunum, svo að það er óþarfi að bæta við það. Þá hafði hann það eftir mjer, að með þinghaldi annaðhvert ár ætti að vera hægt að koma í veg fyrir útgjaldaaukandi löggjöf. En jeg sagði það nú ekki, en hitt sagði jeg, að það mundi vera minni hraði á útgjaldaaukandi löggjöf með þinghaldi annaðhvert ár.

Þá hafði þessi hv. þm. gripið til þess, sem honum er tamast, að fara að gera upp á milli flokkanna um eyðslusemi á landsfje, og nefndi frv. stjórnarinnar um heimavistir við hinn almenna mentaskóla. Þar var nú ekki um aukningu árlegra útgjalda að ræða, heldur fjárframlag í eitt skifti fyrir öll. Jeg skal alls ekki mæla Íhaldsflokkinn undan því, að hann taki tillit til óska landsmanna um ýmsar endurbætur; jeg segi jafnt sannleikann, þótt Íhaldsflokkurinn eigi hlut að máli. Hv. þm. Str. má skemta sjer við það að telja upp hlutdeild Íhaldsflokksins í þessu efni; jeg mun ekki fara að gera hans flokki sömu skil, þó það væri vitanlega hægt. En þessar sjerstöku aðferðir hans vekja hjá mjer ugg um það, að hann mundi ekki vera jafnhreinskilinn og jeg, ef hann þyrfti að segja sannleika, sem sneri broddunum að hans flokki. Það er leiður ágalli, sem þessi hv. þm. hefir, að geta aldrei talað um nokkurt mál án þess að bera lof á sinn flokk, en ófrægja andstæðingaflokkinn..

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð til hæstv. forsrh., og þó aðallega í spaugi sögð. Hann sagðist ekki hafa heyrt það, sem jeg sagði, og var mjer kunnugt um það.

Hann sagðist snúa broddunum að sínum flokksmönnum, þegar þörf væri á, og gerði það í sambandi við þetta mál, en bætti þó við, að það væri meira en jeg gæti gert gagnvart mínum flokksbræðrum.

Jeg vildi nú minna hann á það til gamans, að það kom fyrir í vetur í hv. Ed., að einn hv. þm. var þar á öndverðum meiði við flokksbræður sína, og kom það hæstv. ráðherra til að rifja upp gamalt rímnaerindi, sem hljóðar svo:

Ekki sjer hann sína menn,
svo hann ber þá líka.

Þá dró hæstv. ráðh. dár að þessum flokksbróður mínum fyrir að hann sneri broddunum að sínum mönnum.

Úr því verður framtíðin að skera, hvort jeg hefi ástæðu til að snúa broddunum að mínum mönnum. En

mjer þykir ekki nema vænt um, að hæstv. forsrh. hefir nú sjeð og viðurkent, að hann þyrfti að snúa broddunum að sínum eigin flokki.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er langt frá, að jeg hafi játað, að jeg teldi þörf á að snúa broddunum að Íhaldsflokknum í því máli, sem jeg nefndi. Síður en svo.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JAJ, JK.

nei: SvÓ, HStef, HjV, JakM, JÓl, BSv.

MT greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BSt, IngB, JG) fjarstaddir.

Frv. afgr. frá Alþingi (A. 636).

Önnur mál.

I. Forsæti ráðuneytisins.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., og á 11. fundi í Nd., s. d., áður en gengið var til dagskrár, mælti

forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þegar Jón heitinn Magnússon forsætisráðherra andaðist, átti Alþingi ekki setu, svo sem kunnugt er, og varð því ekki leitað til Alþingis að svo stöddu um tillögur viðvíkjandi ráðstöfun forsætisráðuneytisins. — Samkvæmt tillögu þeirra tveggja ráðherra, sem eftir voru, fjelst hans hátign konungurinn þá á það, að Jóni Þorlákssyni fjrh. væri falið forsæti ráðuneytisins, þangað til öðruvísi yrði ákveðið eða meiri hl. Alþingis óskaði breytingar.

Eftir að Alþingi nú er komið saman, þykir ekki rjett, að slík bráðabirgðaskipun um forsæti ráðuneytisins haldi áfram, heldur þykir sjálfsagt, að nú verði einhver forsrh. skipaður á venjulegan hátt með útgáfu venjulegs skipunarbrjefs handa honum. Ráðuneytið hefir nú leitað álits Íhaldsflokksins, sem er fjölmennasti þingflokkurinn og stuðningsflokkur núverandi stjórnar, um þetta, og hefir sá flokkur fyrir sitt leyti látið í ljós þá ósk, að sá maður verði áfram forsrh., sem nú gegnir því starfi.

Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer að tilkynna hinu háa Alþingi, að svo framarlega sem ekki kemur fram innan hæfilegs tíma á þinglegan hátt ósk frá meiri hl. Alþingis um stjórnarskifti, þá mun verða lagt til við hans hátign konunginn, að út verði gefið á venjulegan hátt skipunarbrjef handa mjer, til þess að vera forsætisráðherra í núverandi ráðuneyti.

[Skipun forsætisráðherra fór fram 28. mars. Tilkynti hann það ekki sjerstaklega í þinginu, en skýrði frá því við umræðu í neðri deild 29. mars um till. til þál. um vantraust á núverandi ríkisstjórn, á þskj. 237. Sjá D. 126].

II. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 8. fundi í Sþ., þriðjudaginn 10. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B, með samtals nöfnum fimm manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti

þá rjett kjörna í þingfararkaupsnefnd, en þeir voru þessir:

Halldór Steinsson,
Þórarinn Jónsson, } Af A-lista.
Pjetur Ottesen,

Þorleifur Jónsson,
Guðmundur Ólafsson. } Af B-lista.

2. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 75. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var tekin til meðferðar

kosning eins manns í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins frá 1. jan. 1926 til 31. des. 1931.

Skrifleg kosning var viðhöfð, og fjellu atkvæði í fyrstu svo, að Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri fjekk 13 atkv., Jón Gauti Pjetursson 10 atkv., Jörundur Brynjólfsson 1 atkv., en 1 seðill var auður. Þar eð enginn hafði hlotið meiri hl. atkv. deildarmanna, ljet forseti endurtaka kosninguna, og fjellu þá atkvæði svo, að Þórarinn Kristjánsson fjekk 16 atkv., en Jón Gauti Pjetursson 10 atkv. Forseti lýsti yfir, að kosinn væri í stjórn sjóðsins

Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri.

3. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1928 til 31. des. 1931.

Tillaga frá 1. þm. Rang. (KlJ) um að endurkjósa Sigurð Gunnarsson samþykt í e. hlj.

Samkv. því lýsti forseti yfir, að

Sigurður Gunnarsson præp. hon. væri rjett kjörinn gæslustjóri sjóðsins.

4. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Á 11. fundi í Sþ., þriðjudaginn 17. maí, var tekin til meðferðar

kosning þriggja manna í verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Kosningu hlutu:

Sigurður Nordal próf., með 29 atkv., Ólafur Lárusson próf., með 28 atkv., dr. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður, með 19 atkv.

Páll Eggert Ólason prófessor fjekk 14 atkv., dr. Guðbrandur Jónsson 3 atkv., Jakob Jóhannesson Smári, sjera Ingimar Jónsson og Klemens Jónsson alþm. 2 atkv. hver, Páll Lárusson 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

5. Milliþinganefnd um landbúnaðarlöggjöf.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í milliþinganefnd til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, samkvæmt þingsályktun á þskj. 459, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista var JörB, en á B-lista ÞórJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir

Jörundur Brynjólfsson og
Þórarinn Jónsson.

6. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á 12. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1926, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar, er forseti

merkti A og B. Á A-lista voru ÁJ og ÞórJ, en á B-lista PÞ. og JörB. — A-listinn hlaut 21 atkv., B-listinn 18 atkv., en 1 seðill var auður. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru alþingismennirnir

Árni Jónsson,
Pjetur Þórðarson og
Þórarinn Jónsson.

7. Bankaráðsfulltrúi Íslandsbanka.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka til loka aðalfundar 1935.*

Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. hlutu Magnús Kristjánsson og Björn Kristjánsson 20 atkv. hvor. Í síðara sinn fjekk MK 21 atkv., en BK 19 atkv. Forseti lýsti yfir, að kosinn væri

Magnús Kristjánsson alþm.

8. Bankaráð Landsbankans.

Á sama fundi voru

kosnir hlutbundnum kosningum 4 menn í bankaráð Landsbankans og 4 varamenn, samkv. 34. og 55. gr. laga um Landsbanka Íslands, allir til 4 ára frá þeim degi að telja, er lögin öðlast staðfestingu.

Við kosningu aðalmannanna komu fram tveir listar, A og B, með samtals nöfnum fjögurra manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Jóhannes Jóhannesson alþm. } Af A-lista.
Magnús Jónsson alþm., }
Jónas Jónsson alþm., } Af B-lista.
Jón Árnason framkvæmdarstjóri. }

Við kosningu varamannanna komu sömuleiðis fram tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Árni Jónsson alþm., } Af A-lista.
Jón Kjartansson alþm., }
Metúsalem Stefánsson, búnaðarmálastjóri, } Af B-lista.
Bjarni Ásgeirsson bóndi á Reykjum. }

9. Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning í hina dansk-íslensku ráðgjafarnefnd, samkvæmt tilskipun 28. maí 1919, fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu frá 1. des. 1926 til 30. nóv. 1934.*

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Samkv. mjög eindregnum tilmælum stjórnar Danmerkur vil jeg leyfa mjer að leggja til, að kosnir verði að þessu sinni tveir menn af okkar hálfu í þessa nefnd, svo að þar eigi sæti 4 fulltrúar fyrir hvora þjóð, Dani og Íslendinga. Eftir gildandi ákvæðum er frjálst að hafa hvort heldur er 6 eða 8 menn í nefndinni. Mætti jafnvel líta svo á, að annað ríkið hefði leyfi til að kjósa 4 fulltrúa, og þá yrði hitt að gera það líka. Annars ber jeg nú fram þessa tillögu fyrir mjög vinsamleg, en eindregin tilmæli stjórnar Dana og sjálfrar ráðgjafarnefndarinnar.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að bera fram hin eindregnustu mótmæli gegn því, að farið verði að fjölga mönnum í þessari sambandsnefnd. Hún var kölluð „núll-nefnd“, þegar henni var þröngvað upp á Íslendinga 1918 af Dönum, sem vildu, að eitthvað kæmi í stað ríkisráðsins,

Tvisvar hefir síðan verið gerð tilraun til þess að fá fjölgað í nefndinni. 1919 vildi Jón heitinn Magnússon fremur hafa þar 8 menn en 6, en Alþingi neitaði. Aftur átti að knýja fram fjölgun í fyrra, þótt ekki tækist, á lokuðum fundi, sem haldinn var gegn mótmælum mínum og Jafnaðarmanna, er heimtuðum, að málið væri rætt í heyranda hljóði. Jeg geri nú þá kröfu til Alþingis, að það hviki í engu frá fyrri stefnu sinni um þetta mál. Annars veit jeg, að ekki þýðir að rökræða þetta mál nú, þar sem báðir hinir stærri flokkar hafa þegar snúið saman bökum um að koma því fram. Það sást á lokuðum fundi, er fyrir skemstu var haldinn, að Íslendingar eru að verða Dönum ærið bónþægir. En jeg vil nú endurtaka það, er jeg sagði á hinum lokaða fundi, að jeg ann hæstv. forsrh. (JÞ) fremur fylgis þeirra forvígismanna Framsóknarflokksins, er hann hefir betra mál að flytja en þetta. Ef þessi fjölgun nær nú fram að ganga, þá þykir mjer enn sannast hið fornkveðna:

Lítilla sanda,
lítilla sæva,
lítil eru geð guma.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að mæla með því, að farið verði eftir óskum Dana í þessu efni, því fremur sem jeg veit, að það er íslenskum málstað fyrir bestu að fallast á þessa breytingu. Jeg vil eigi fara út í rökræður um málið að þessu sinni, en jeg þykist vera svo kunnugur, að jeg megi fullyrða, að íslenskur málstaður stendur lakar að vígi, ef þessari ósk verði eigi gaumur gefinn.

Pjetur Ottesen: Jeg vil taka undir það með hv. þm. N.-Þ. (BSv), að með því að fjölga þeim Dönum, er mega láta í ljós vilja sinn um íslensk löggjafarmálefni, er verið að hvika frá þeirri stefnu, er mörkuð var á Alþingi 1918. — Eins og kunnugt er, var það látið undan Dönum að stofna þessa dansk-íslensku ráðgjafarnefnd. Það var seinasta tilraunin af þeirra hálfu til að koma fram dönskum áhrifum á íslenska löggjöf, seinasta hálmstráið, er þeir gripu til, þegar ekki varð lengur siglt á „ríkisráðinu". — Þetta var liðið af Íslendinga hálfu með þeim ásetningi að gera nefndina að engu í framkvæmdinni, stinga henni svefnþorn. Þessu var yfir lýst af þeim mönnum, sem greiddu atkvæði með sambandslagafrv. á Alþingi 1918, áður en það var borið undir þjóðina. Á þessu var atkvgr. þjóðarinnar bygð, er hún samþykti frv. Því eru það bein undanbrögð og óheilindi gagnvart Íslendingum, ef nú á að láta undan óskum Dana um að fjölga þeim dönsku mönnum, er hafa aðstöðu til að hafa áhrif á íslenska löggjöf. Mjer skilst, að í þessum óskum þeirra komi það fram, að „glögt er það enn, hvað þeir vilja".

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer var áður kunnugt um skoðun hv. þm. N.-Þ. (BSv), sem hann flutti nú á ný með fullri sæmd. En það verður varla sagt, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi gert. Ummæli þau, er hann viðhafði, álít jeg ekki sæmandi á löggjafarþingi sjálfstæðs ríkis.

En úr því að deilur eru risnar um þetta mál, er rjett að gera í heyranda

hljóði grein fyrir því, af hverju nú er farið fram á að fjölga nefndarmönnum. — Ávalt síðan þessi nefnd var stofnuð, hafa verið 4 flokkar á þingi Dana, allir töluvert stórir, stundum svipaðir að stærð. Í upphafi óskaði einn þessara flokka, íhaldsflokkurinn, ekki að eiga sæti í nefndinni, en nú hefir honum snúist hugur. Eftir þeim reglum, sem gilda um kosningar í danska þinginu, hefir íhaldsflokkurinn atkvæðamagn til að ná sæti í nefndinni, þótt þar sitji aðeins 3 fulltrúar frá hvorri þjóð. En það hefði aftur á móti í för með sjer, að minsti flokkurinn, „radikalir", yrði að láta af sínu sæti.

Jeg skal ekki segja mikið um þessa nefnd eða starfsemi hennar. Af Íslendinga hálfu hefir altaf verið gert lítið úr henni, en hún hefir þó a. m. k. áunnið eitt. Hún hefir getað afstýrt því, að mál, sem snerta bæði Danmörku og Ísland, hafi orðið að deiluefni milli flokka í danska þinginu. Um áhrif nefndarinnar á íslenska löggjöf er óþarft að tala. Þau hafa aldrei verið nein, og jeg býst við, að svo verði einnig framvegis. Verksvið nefndarinnar hefir orðið alt annað: að leiða til lykta ýms ágreiningsefni og gera samninga á ýmsum sviðum. Þar hefir hún unnið gott starf. — Jeg held, að frá okkar hálfu væri gert alt of mikið úr áhrifum hennar á íslenska löggjöf, ef það væri þess vegna gert að kappsatriði, hvort í henni sitja 3 menn eða 4 frá hvorum aðilja. Nefndin hefir ekkert skift sjer af íslenskri löggjöf, og á ekki að gera það.

Jeg lít því svo á, að hjer sje aðeins um að ræða vinsamlega tilhliðrunarsemi við óskir þess aðilja, sem við höfum hvort sem er mikið saman við að sælda. Þetta kostar okkur ekkert annað en þóknun til eins manns viðbót.

Magnús Torfason: Vegna þess að 1918 hafði jeg sjerstöðu að því leyti er þetta sambandsmál snertir, þykir mjer hlýða að gera lítilsháttar grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg get verið sammála hv. þm. N.-Þ. (BSv) um það, að ekki sje mikið leggjandi upp úr þessari ráðgjafarnefnd út af fyrir sig, eða að hún muni að nokkru leyti hafa áhrif á viðskifti þjóðanna að því er löggjöf beggja snertir. En þegar þetta var samþykt í upphafi, var það meira gert af eftirlátssemi við hinn samningsaðiljann, sem óskaði eftir því, heldur en að við gerðum ráð fyrir nokkrum árangri af störfum nefndarinnar.

Þegar um þetta var rætt 1918, var uppástungan um 4 menn í nefndina miðuð við það, að allir stjórnmálaflokkarnir dönsku ættu menn í nefndinni, og mun þá hafa verið gefið loforð um það af okkar hálfu að verða við óskum Dana, ef þeir færu síðar fram á að fjölga nefndarmönnum.

Nú eru þessar óskir komnar fram, og ef við verðum ekki við þeim, skoða jeg það sem brot á gefnu loforði.

Þess vegna mun jeg greiða atkvæði með því að fjölga nefndarmönnum, enda verð jeg að leggja áherslu á, að úr því sem komið er, hæfi okkur ekki annað en samþykkja þetta. Jeg tel Dani útlenda, og gagnvart þeim leyfi jeg mjer að minna á málsháttinn: Kveður við kalli.

Jónas Jónsson: Út af ræðum háttv. þm. N.-Þ. (BSv) og háttv. þm. Borgf. (PO) vildi jeg segja nokkur orð í gagnstæða átt.

Það er ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem altaf hafa verið á móti þessu máli, sjeu það enn. En jeg held, að þær ástæður, sem þeir færa gegn því, sjeu ekki á rökum bygðar. Hinir dönsku meðlimir sambandslaganefndarinnar hafa ekki blandað sjer í íslensk mál. Þetta má sjá á gerðabókum nefndarinnar. Sömuleiðis, að íslensku nefndarmennirnir hafa staðið örugglega á verði fyrir hagsmunum landsins. Auk þess hafa jafnast í nefndinni ýms deilumál, sem upp hafa risið.

Jeg tók þetta fram í fyrra, og vil nú bæta því við það, sem hæstv. forsrh. sagði, að jeg tel óhyggilegt fyrir okkur að slíta skoðanatengslum við frjálslynda flokkinn danska, sem óskar eftir þessu, en hann hefir verið helsti málsvari okkar þar í landi, þegar mest lá á. Hann er sem stendur minstur flokkanna í Danmörku og mundi missa sinn fulltrúa, ef þeir yrðu ekki nema þrír, en hægrimenn, sem kaldast hefir andað frá í okkar garð, koma í staðinn.

Út af kostnaðargrýlunni við nefndarstörfin vildi jeg skjóta því til háttv. þm. Borgf. (PO) og fleiri manna að láta ekki kostnaðinn við ferð þess manns, sem bætt er við, verða til hindrunar, því það er hægðarleikur að fella niður þá 500 kr. þóknun, sem nefndarmenn hafa nú, og yrði þá kostnaðurinn enginn. En jeg hefi þá trú, að okkar hagsmunum verði betur komið, ef við útilokum ekki úr nefndinni áhrif frjálslynda flokksins, sem með mestri sanngirni lítur á kröfur okkar Íslendinga.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg býst ekki við, að hjer stoði mótmæli mikið, þar sem kunnugt er, að báðir höfuðflokkar þingsins hafa tekið höndum saman um að samþ. atriði það, sem hjer er um að ræða.

Jeg get tekið undir það, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) og hv. þm. Borgf. (PO) hafa sagt, að það sje með öllu óþarft að fjölga mönnum í þessari nefnd. Að vísu er svo fyrirskipað, að nefndarmenn megi vera 4, en okkur ber engin skylda til þess að samþykkja það.

Því hefir verið haldið fram, að nefndin hafi verið hlutlaus í störfum sínum og ekki gengið inn á íslenska löggjöf. Þetta má ef til vill til sanns vegar færa, en þar með er ekkert sagt um það, að þetta geti ekki breyst í framtíðinni. Nú hefir einmitt sá flokkurinn, sem okkur hefir reynst þyngstur í skauti í baráttunni við Dani, óskað eftir, að fjölgað væri í nefndinni, og væri þá ekki loku skotið fyrir það, að hann á sínum tíma færi að hlutast til um okkar mál. Þess vegna vil jeg fyrir mitt leyti ekki eiga undir því, og mun því greiða atkv. móti fjölgun.

Það er rjett hjá hv. þm. Borgf., að í upphafi var lítið gert úr þessari nefndarskipun, eða væntanlegum störfum hennar. Að hún komst á, var af tilhliðrunarsemi við Dani, enda búist við, að hún yrði áhrifalaus. Nú virðist mjer alt benda til þess, að frá sjónarmiði Dana sjeð eigi nefndin ekki að vera áhrifalaus lengur, heldur ætli þeir sjer eftirleiðis að hlutast til um íslenska löggjöf. Þess vegna tel jeg

skyldu mína að standa á móti þessu, og það því fremur, sem með þessu er verið að læðast aftan að íslenskum kjósendum og svíkja að þeim forspurðum fjórða manninn inn í nefndina. Eftir því sem fleiri Danir skipa þessa nefnd, því meiri áhrifa má búast við frá þeim um íhlutun íslenskra mála. Þá stefnu vil jeg ekki styðja og mótmæli því eindregið, að fjölgað verði mönnum í nefndinni.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. forsrh. (JÞ) lýsti yfir því, að það væri eindregin *krafa frá Dönum* að fá nefndarmönnum fjölgað. — Rjett er það!

En hversu hefðum vjer Íslendingar komist langt í sjálfstæðisbaráttu vorri, ef vjer hefðum látið það ráða að fara eftir eindregnum kröfum og tilmælum Danastjórnar um sjálfstæðismál vor?

Það er krafa frá Dönum, segir hæstv. forsrh. — krafa um danska íhlutun um íslenska löggjöf.

Jeg mintist á það á lokaða fundinum á dögunum, sem jeg ætla annars að leiða hjá mjer, og drap á það aftur í fyrri ræðu minni, að Alþingi beri skylda til að standa á móti slíkum kröfum samkvæmt eindregnum skýringum formælenda sambandslaganna og fullyrðingum þeirra gagnvart íslenskri þjóð. Og jeg get látið hringja um alt Ísland til mótmæla gegn slíkri íhlutun danskra valdhafa um löggjöf Íslendinga.

Annars er það undarlegt, að jafnvitur maður og hæstv. forsrh. skuli tala um þetta eins og hjer sje um eitthvert hjegómamál að ræða. Því að varla mundi Danastjórn sækja þetta með svo miklu kappi, ef henni þætti það hjegómamál.

Hv. 1. landsk. (JJ) sagði, að dönsku nefndarmennirnir hefðu aldrei blandað sjer í íslensk mál. En hvað hafa þeir gert annað?

Nefndin er til þess eins stofnuð, að Danir geti haft hönd í bagga um íslensk mál, en vjer höfum aldrei haft nokkra minstu hvöt til þess að hlutast um löggjöf Dana. Íslendingar hafa verið andvígir þessari nefndarskipun, og einkum því, að fara að efla hana að starfskröftum; Alþingi hefir tvisvar kveðið niður till. um það, og svo ætti það enn að verða í þriðja sinn, þegar þessi draugur stingur upp höfðinu á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Þar sem hv. 1. þm. Árn. (MT) hjelt því fram, að lofað hefði verið af hálfu Íslendinga að hafa fjóra menn í nefndinni frá hvoru ríkinu, ef Danir kynnu að óska, þá hlýtur þetta að stafa af einberu misminni, því að slíkt loforð hefir aldrei átt sjer stað, enda hefði Alþingi þá eigi tvisvar felt till. um þetta, ef svo hefði verið.

Þess vegna leyfi jeg mjer að skora á hæstv. forseta að láta nafnakall fara fram um mál þetta, svo að skjalfest verði, hverjir þeir sjeu, er nú söðla um og láta vilja undan þessum kröfum Dana.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Út af ræðu hv. þm. N.-Þ. (BSv) vil jeg aðeins taka fram, að jeg hefi aldrei sagt, að það væri krafa frá Dönum um að fjölga mönnum í nefndinni. Heldur hefi jeg sagt, að það væru vinsamleg tilmæli þeirra.

Pjetur Ottesen: Hæstv. forsrh. (JÞ) sagði, að jeg hefði í ræðu minni áðan viðhaft orð, sem ekki mættu

heyrast á löggjafarþingi sjálfstæðs ríkis. Jeg mótmæli því algerlega, að jeg hafi viðhaft nokkur slík orð, og vil jeg í því sambandi minna hæstv. forsrh. á, að það er ekki hans, heldur hæstv. forseta, að grípa fram í, ef honum þykir eitthvað óþinglega mælt, og víta þá, sem það gera.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) var að tala um það, að það væri brot á loforðum okkar við Dani, ef þeir fengju ekki ávalt að hafa einn mann frá hverjum stjórnmálaflokki þar í landi í sambandslaganefndinni. Jeg mótmæli þessu algerlega; þessi ummæli eru gersamlega rakalaus; það hefir ekkert loforð verið gefið af okkar hálfu í þessu efni framar því, sem gert var með skipun nefndarinnar í öndverðu.

Annars er jeg hálfhissa á því, jafnskeleggur og hv. 1. þm. Árn. (MT) þóttist vera 1918, að hann skuli nú vera búinn að tína svona hrapallega niður fræðum sínum frá þeim tíma.

Hv. 1. landsk. (JJ) hjelt, að það væri af sparnaðarástæðum einum, að við hv. þm. N.-Þ. (BSv) leggjumst á móti því að fjölga mönnum í nefndinni. En það er fjarri því, heldur byggist andstaða okkar gegn því að fjölga í nefndinni fyrst og fremst á því, að með þessu er tvímælalaust gengið í berhögg við þá stefnu, sem lögð var til grundvallar fyrir samþykt sambandslaganna að þessu leyti á Alþingi 1918, og jafnframt brigðuð þau loforð, sem kjósendum landsins voru gefin áður en þeir greiddu atkv. um málið. Að því leyti sem starf þessarar nefndar er ekki orðið annað en algert „humbug" enn, þá skortir það, sem eftir er að svo verði, að efnd sjeu þau loforð, sem þjóðinni voru 1918 gefin um, að svo skyldi verða.

Það er líka fullkomlega rjettmætt að tala um kostnað í þessu sambandi; þegar um „humbug" er annarsvegar að ræða, þá er óþarft að kosta miklu til. Hv. 1. landsk. talaði um 500 kr. þóknun til hvers nefndarmanns og þótti það ekki mikið. En þessar tölur gefa algerlega villandi upplýsingar um kostnaðinn við nefndina. Það árið, sem nefndin heldur fundi sína í Kaupmannahöfn, kostar hún okkur miklu meira fje. Þannig komst kostnaðurinn við nefndina eitt árið upp undir 12 þús. kr., og er lítið efamál, að þeirri upphæð hefði verið betur varið til einhvers þarfara.

Þá vil jeg mótmæla því harðlega hjá sama hv. þm. (JJ), að okkar málum sje því betur komið, sem fleiri Dönum er greidd gata að því að gera till. um íslenska löggjöf.

Mitt álit er það, að þessum málum sje best komið í okkar höndum, og því betra, sem við erum lausari við íhlutun eða afskifti erlendra valdhafa um þau mál.

ATKVGR.

Í nefndina skyldi kjósa 1 mann, í stað Bjarna sál. Jónssonar frá Vogi. — Till. frá forsætisráðherra um að bæta við íslenska hluta nefndarinnar einum manni samþ. með 23:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JBald, JG, JS, JÞ, JJ, JKr, KlJ, MG, MK, ÓTh, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BK, BL, EÁ, GÓ, HjV, IngB, IP, MT.

nei: JakM, JJós, JAJ, JK, JÓl, JörB,

PO, ÞórJ, ÁÁ, BSv, EJ, HStef, HK.

ÁJ, HSteins greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (MJ, SigurjJ, BSt, IHB) fjarstaddir.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. forseta, hvort eigi verði að sjálfsögðu hlutfallskosning um val nefndarmanna. Sýnist mjer eftir því, sem hjer blæs nú, að ekki mundi vanþörf á öruggum sjálfstæðismanni í nefndina, og mun jeg því bera fram lista í því skyni. (**Forseti MT:** Það verður viðhöfð hlutfallskosning).

Forseta bárust 3 listar, A, B og C. Á A-lista var Jón Baldvinsson alþm., á B-lista Einar Arnórsson prófessor og á C-lista Jakob Möller alþm. — A-listi hlaut 17 atkv., B-listi 15 atkv., C-listi 2 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Kosnir voru því

Jón Baldvinsson alþm. og

Einar Arnórsson prófessor.

III. Símanot þingmanna.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 24. febr., og á 14. fundi í Nd., s. d., skýrðu deildaforsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna um þingtímann á kostnað Alþingis skyldu vera sömu takmörkunum bundin og á síðasta þingi. (Sjá Alþt. 1926, B. 2424).

IV. Heimfararleyfi þingmanns.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Jeg tilkynni hjer með hv. þingdeild, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) hefir fengið heimfararleyfi fyrir nauðsynja sakir og tekur því eigi framar þátt í þingstörfum að þessu sinni.

V. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 10. febr., og á 2. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Pjetur Lárusson, Torfi Hjartarson, Theodóra Thoroddsen.

Skjalavarsla og afgreiðsla:
Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæsla:
Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskrifarar:
Teknir strax: Gústaf A. Jónasson, Finnur Sigmundsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Pjetur Benediktsson.

Teknir síðar eftir þörfum: Einar Sæmundsen, Jóhann Hjörleifsson, Helgi Tryggvason, Vilhelm Jakobsson, Árni Óla, Sigurður Z. Gísla-

son*, Sigurður Haukdal, Þorgrímur Sigurðsson, Einvarður Hallvarðsson, Sigurður Grímsson.

Gústaf A. Jónasson skyldi hafa á hendi verkstjórn við innanþingsskriftir.

Dyra- og pallavarsla:

Árni S. Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Páll Lárusson, Halldór Þórðarson.

Símavarsla:

Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Þingsveinar:

Stefán Árnason, Þorsteinn Sveinsson, Ragnar Sigurðsson, Ragnar Valgeir Sigurðsson, Theodór Friðgeirsson.

VI. Undirbúningur alþingishátíðar 1930.

Á 13. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, tók forseti á dagskrá:

Skýrt frá störfum undirbúningsnefndar alþingishátíðar 1930.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal leyfa mjer að skýra í örstuttu máli frá störfum undirbúningsnefndar alþingishátíðar 1930, þeirrar, er kosin var á Alþingi 1926.

Sakir fjarvistar sumra nefndarmanna hófust fundir nefndarinnar ekki fyrri en komið var fram á haust.

Á 1. fundi nefndarinnar tilkynti einn nefndarmanna, Ólafur Thors, að hann myndi ekki taka þar sæti, og gekk hann þá þegar úr nefndinni. Hefir enginn komið í hans stað. En nú hefir nefndin gert þá tillögu til þingflokkanna, að bætt yrði tveimur mönnum í nefndina til bráðabirgða, þeim forsrh. og einum manni, er jafnaðarmenn tilnefni. Þótti það hlýða, að nefndina skipuðu menn úr öllum flokkum, þar sem hjer er um alþjóðarmál að ræða, sem síst af öllu má verða flokksmál. Í annan stað hlýtur nefndin að eiga svo náið samstarf við stjórnina, að æskilegt er, að hún eigi þar fast sæti. En um endanlega skipun nefndarinnar er ætlast til, að tekin verði ákvörðun á næsta þingi, eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. — Á þessa tillögu nefndarinnar hafa nú flokkarnir fallist, og taka þeir sæti í nefndinni forsrh. og Pjetur G. Guðmundsson, sem Alþýðuflokkurinn hefir tilnefnt.

Nefndin hefir haldið með sjer 16 fundi, og hefir aðalstarf hennar beinst að því að kynna sjer og ræða ýms atriði málsins, viða að sjer sem flestu því, er um það hefir verið skrifað, o. fl. En hitt hefir ekki þótt tímabært enn, að gera fullnaðarályktanir um einstök atriði.

Nefndin kaus sjer formann Jóhannes Jóhannesson og skrifara Ásgeir Ásgeirsson. — Ennfremur rjeð hún sjer til aðstoðar Jón Sigurðsson, skrifstofustjóra Alþingis.

Um fyrirkomulag á Þingvöllum hallaðist nefndin einum rómi að tillögu, sem fram hefir komið, um að hvert sýslu- og bæjarfjelag á landinu

* Hvarf frá starfinu 23. apríl, en í hans stað var ráðin 25. apríl Aðalheiður Sæmundsdóttir, er hæsta einkunn hafði hlotið við þingskrifarapróf 5. febr.

sæi sjálft um aðbúnað fyrir sína eigin íbúa, er hátíðina sækja, en fengi þar afmarkað svæði fyrir sig til þess að reisa á tjöld sín. Skrifaði nefndin hverri sýslunefnd og hverri bæjarstjórn brjef um þetta og æskti þess, að kosnar yrðu nefndir til að athuga málið og undirbúa tilhögun alla, í samráði við aðalnefndina. Til þessa hafa nefndinni borist svör úr 5 sýslum og 5 kaupstöðum, með tilkynningu um nefndarkosningu.

Ennfremur skrifaði nefndin Vestur-Íslendingum um þátttöku þeirra og samvinnu í hátíðahöldunum. Fjekk nefndin svör um hæl og góðar undirtektir. Hafa þeir kosið nefnd til þess að undirbúa Íslandsferð 1930, segja mikinn áhuga vaknaðan fyrir málinu þar vestra og óska samvinnu við aðalnefndina.

Þá hefir nefndin dregið saman flestar þær greinar og ritgerðir, er um málið hafa verið ritaðar í blöðum og tímaritum hjer heima, og ennfremur gert ráðstafanir til þess, að sjer verði sendar úrklippur úr erlendum blöðum af sem flestu því, er um hátíðahöldin verður skrifað.

Nefndin hefir kvatt ýmsa menn til viðtals um ýms mikilvæg atriði, er að hátíðahöldunum lúta, svo sem vegamálastjóra um ýmsar vegabætur, þá formann Íþróttasambands Íslands (Ben. G. Waage) og Sigurjón Pjetursson um íþróttir og íþróttasýningar, Pál Ísólfsson um söngvaflokka og lög við þá, borgarstjórann í Reykjavík um gistihús hjer og hýsingu hátíðargesta, þjóðminjavörð um mannvirki og aðgerðir á Þingvöllum, Sigurð prófessor Nordal um bækur og hátíðarit fyrir þjóðhátíðina, o. fl. Svör þessara manna og tillögur má sjá í plöggum nefndarinnar, og skal ekki farið út í þau hjer.

Ýms fleiri mál hafa borið á góma í nefndinni, svo sem hvernig háttað skuli boði til erlendra þinga um að taka þátt í hátíðinni, um að hjer verði haldið hátíðarárið norrænt þingaþing, um sláttu minnispenings, um ýmsar sýningar o. fl. En ekkert hefir enn verið fastráðið í þessum efnum.

VII. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 79. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSteins): Verkefni þessa fundar er þá lokið og má líta svo á, að þetta verði síðasti fundur deildarinnar. Jeg vil því, áður en jeg slít fundi, þakka öllum hv. þdm. fyrir samveruna á þessu þingi og óska þeim góðrar heimferðar og allra heilla og gengis.

Jóhannes Jóhannesson: Má jeg leyfa mjer að þakka hæstv. forseta fyrir góða og röggsama fundarstjórn á þessu þingi sem áður.

Jónas Jónsson: Nú þegar þessu kjörtímabili er lokið og við eigum að ganga til nýrra kosninga, höfum við þm. margs að minnast. Og þegar jeg nú lít um öxl yfir það kjörtímabil, sem liðið er, þá er jeg yfirleitt ánægður með þá þróun, sem átt hefir sjer stað. Í byrjun kjörtímabilsins reyndi

Íhaldsflokkurinn að koma fram kúgunarlöggjöf, sem ekki hafði þekst hjer áður og var kveðin niður með öllu. Jafnhliða tilraunum til innlendrar kúgunar, sem náði jafnvel til ofbeldisverka í stjórn þingfunda, gætti vaxandi áhrifa erlends fjármagns á þjóðmálin. Á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins hefir framferði stjórnarflokksins verið stórum sæmilegra en áður, og jeg vona, að það komi aldrei fyrir framar á Alþingi, að reynt verði að beita ofbeldi, og aldrei framar, jafnvel ekki á dulbúinn hátt, að dekra við erlent vald.

B. Í neðri deild.

Á 82. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Þá er lokið þeim störfum, er liggja fyrir þessari hv. deild, og er eigi annað eftir en að slíta þessum síðasta fundi. Áður vil jeg þó þakka öllum hv. þdm. langa og góða samvinnu, og minnist jeg þess ekki að hafa verið á öllu friðsamara þingi. Er það vonandi góðs viti. Óska jeg svo öllum þingheimi góðrar ferðar og farsællar heimkomu.

Þorleifur Jónsson: Jeg vil fyrir hönd allra deildarmanna þakka hæstv. forseta milda, en þó röggsama fundarstjórn og árna honum alls hins besta.

Forseti (BSv): Jeg þakka hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) þessi hlýju orð og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. deildarmanna. Segi jeg svo þessum þingfundi slitið.

VIII. Þinglausnir.

Á 13. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, skýrði forseti frá gerðum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:

í neðri deild	82
í efri deild	79
í sameinuðu þingi	13
Fundir alls	174

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1.	Stjórnarfrumvörp:		
	a. lögð fyrir neðri deild	14	
	b. lögð fyrir efri deild	11	
			25
2.	Þingmannafrumvörp:		
	a. borin fram í neðri deild	48	
	b. borin fram í efri deild	21	
			69
			94

Þar af

a.	Afgreidd sem lög		
	stjórnarfrumvörp	20	
	þingmannafrumvörp	29	
			49
b.	Afgreitt stjfrv. um breyting á stjórnarskránni		1
c.	Feld		
	stjórnarfrumvarp	1	
	þingmannafrumvörp	12	
			13
d.	Tekið aftur		
	þingmannafrumvarp		1
e.	Vísað frá með rökst. dagskrá		
	stjórnarfrumvarpi	1	
	þingmannafrumvörpum	4	
			5

f. Vísað til stjórnarinnar þingmannafrumvörpum .. 3
g. Ekki útrædd stjórnarfrumvörp 2
þingmannafrumvörp .. 20
——— 22
———
94

II. Þingsályktunartillögur:

a. bornar fram í neðri deild 18
b. bornar fram í efri deild . 12
c. bornar fram í sameinuðu þingi 8
——— 38

Þar af
a. Þál. afgr. til ríkisstjórnarinnar
1. ályktanir Alþingis . 5
2. ályktanir neðri deildar 10
3. ályktanir efri deildar 5
——— 20
b. Feldar 4
c. Vísað frá með rökst. dagskrá 3
d. Vísað til stjórnarinnar .. 3
e. Ekki útræddar 8
———
38

II. Fyrirspurnir:

Bornar fram í efri deild og báðum svarað 2

Mál til meðferðar í þinginu alls 134

Síðan mælti

forseti (MT): Nú er slítur 39. löggjafarþingi Íslendinga, síðasta þingi kjörtímabils, mætti mjer vera leyft að ávarpa hv. þingheim örfáum kveðjuorðum.

Ferþinganna mun fyrst og fremst minst sakir þess, að tekist hefir, með forgöngu fyrverandi og núverandi stjórna, að rjetta fjárhag ríkissjóðs, svo að ekki óveruleg fjárhæð hefir orðið aflögum til verklegra framkvæmda. Þá hefir þetta þing borið giftu til að koma endanlegri skipun á seðlaútgáfu ríkisins, en það er nauðsynleg undirstaða þess, að kleift verði að komast klakklaust frá þeirri fjárkreppu, er svo mjög hefir þrengt að atvinnuvegum landsmanna, — og þó að sumu fyrir ofrausnar sakir.

Þegar svo þess er minst, að þingið hefir staðið af sjer tillögur, er miðað gátu að sundrungu og misrjetti, en starfað saman að mörgum góðum málefnum, vænti jeg þess, að vjer ókvíðnir getum beðið dómsins.

Að svo mæltu árna jeg mínum kæru þingmönnum alls farnaðar og góðrar heimkomu.

Heilir hildar til!

Þá stóð upp forsætisráðherra **Jón Þorláksson** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að segja Alþingi slitið, þá er það hefði lokið störfum sínum.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu 39. löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Klemens Jónsson,** 1. þm. Rang., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.